Alþingi 1950.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1950, þriðjudaginn 10. október, var sjötugasta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það 53. aðalþing í röðinni, en 85. samkoma frá því, að Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 síðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Sveinbjörn Högnason prófastur steig í stólinn og lagði út af Matt. 6. kap. 33.—34.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V-Ísf.
3. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
4. Ásmundur Sigurðsson, 5. landsk. þm.
5. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
6. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
7. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
8. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
9. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
10. Eiríkur Einarson, 2. þm. Árn.
11. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
12. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
13. Finnbogi R. Valdimarsson, 7. landsk. þm.
14. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
15. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
16. Gísli Jónsson, þm. Barð.
17. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv.
18. Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm.
19. Haraldur Guðmundsson, 4. landsk. þm.
20. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
21. Hermann Jónasson, þm. Str.
22. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
23. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
24. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
25. Jón Gíslason, þm. V-Sk.
26. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
27. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
28. Jónas Árnason, 10. landsk. þm.
29. Jónas Rafnar, þm. Ak.
30. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
31. Kristín Sigurðardóttir, 10. landsk. þm.
32. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
33. Ólafur Thors, þm. G-K.
34. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
35. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
36. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
37. Rannveig Þorsteinsdóttir, 8. þm. Reykv.
38. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
39. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
40. Sigurður Guðnason, 6. þm. Reykv.
41. Stefán Jóh. Stefánsson, 8. landsk. þm.
42. Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.
43. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.
44. Þorsteinn Þorsteinsson, 11. landsk. þm.

Framantaldir þingmenn voru allir á fundi, nema Eiríkur Einarson, 2. þm. Árn., og Ólafur Thors, þm. G-K.

Enn fremur var á fundi Björn Stefánsson, 2. (vara)þm. S-M.

Ókomnir voru til þings:

1. Björn Ólafsson, 3. þm. Reykv.
2. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
3. Hannibal Valdimarsson, 6. landsk. þm.
4. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
5. Lúðvík Jósefsson, 2. landsk. þm.
6. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
7. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
8. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Sveinn Björnsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Sveinn Björnsson): Í ríkisráði, 25. f. m., var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráð-

herra, að reglulegt Alþingi 1950 skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma til Reykjavíkur nefndan dag, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gert í Reykjavík 25. september 1950.

Sveinn Björnsson.

Steingr. Steinþórsson.

Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1950 skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1950.“

Samkvæmt bréfi því, er ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Frá því er Alþingi var endureist og kom saman af nýju fyrir 105 árum, er þetta 85. samkoma þess, en frá því er það fékk aftur í hendur löggjafarvald fyrir 76 árum, er þetta þing hið 70. í röðinni, en 53. aðalþing.

Ég vil bjóða þingmenn velkomna til starfa og bið þá að minnast fósturjarðar vorrar með því að rísa úr sætum.

[Þingheimur stóð upp, og forsætisráðherra, Steingrímur Steinþórsson, mælti: „Lifi Ísland“. Var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi, þar til kosinn hefur verið forseti sameinaðs Alþingis.

Gekk forseti síðan út úr salnum, en aldursforseti, Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning Sigurjóns Friðjónssonar.

Aldursforseti (JörB): Áður en þingstörf hefjast að þessu sinni vil ég minnast nokkrum orðum þjóðkunns manns, er átti um skeið sæti á Alþingi, Sigurjóns Friðjónssonar skálds. Hann andaðist skömmu eftir að síðasta Alþingi sleit eða 26. maí, á 83. aldursári.

Sigurjón Friðjónsson fæddist á Sílalæk í Aðaldal 22. sept. 1869, sonur Friðjóns bónda þar og síðar á Sandi Jónssonar og konu hans Sigurbjargar Guðmundsdóttur bónda á Sílalæk Stefánssonar. Hann lauk námi í búnaðarskólanum á Eiðum 1887, vann síðan næstu 5 ár á búi föður síns, en reisti bú á Sandi í Aðaldal 1892. Þar bjó hann í 14 ár, til 1906, er hann fluttist að Einarsstöðum í Reykjadal, bjó þar í 7 ár, en fluttist síðan að Litlu-Laugum og bjó þar frá 1913. Í héraði voru honum snemma falin margvísleg trúnaðarstörf. Hann var um skeið sýslunefndarmaður Aðaldæla og síðar lengi hreppsnefndaroddviti í Reykdælahreppi. Kaupfélagsmál lét hann og mjög til sín taka, var deildarstjóri í Kaupfélagi Þingeyinga í nærfellt 40 ár og alllengi annar endurskoðandi félagsins. Auk þess má nefna, að hann var um nokkurt árabil formaður fjárræktarfélags Þingeyinga. Þegar landskjör fór hér fyrst fram, 1916, var Sigurjón Friðjónsson kosinn 1. varamaður á lista Heimastjórnarflokksins og tók sæti á Alþingi 1918 í veikindaforföllum Hannesar Hafsteins, sem ekki settist á þing upp frá því. Sat Sigurjón síðan á 6 þingum, til 1922.

Þótt Sigurjón Friðjónsson njóti góðs eftirmælis sem nýtur maður í héraði, búþegn góður og traustur og ráðhollur félagsmaður, mun þó skerfur sá, er hann hefur lagt til íslenzkra bókmennta, halda nafni hans lengst á lofti, einkum hin þýðu og ljóðrænu kvæði hans. Hann tók ungur að yrkja og birti mörg ljóð sín víðs vegar í blöðum og tímaritum. Fyrsta ljóðabók hans kom þó ekki út fyrr en árið 1928, en síðar var gefin út eftir hann önnur mikil ljóðabók í 2 bindum. Auk þess hefur hann ritað og gefið út smásagnasafn o. fl., og tímarit hafa birt eftir hann ritgerðir og hugleiðingar um margvísleg efni. Í skáldskap sínum dregur hann upp margar tærar myndir tilfinninga og vökudrauma, og kliðmýkt og hljómfegurð íslenzkrar tungu bregzt honum aldrei.

Með Sigurjóni Friðjónssyni er til moldar genginn eitt hinna liprustu og ljóðrænustu íslenzkra skálda úr alþýðustétt. Ég vil biðja hv. þingmenn að votta minningu hans virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Rannsókn kjörbréfs.

Aldursforseti (JörB): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 10. okt. 1950.

Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M., hefur tjáð mér, að hann geti eigi komið til þings að svo stöddu og fyrri varaþm., Stefán Björnsson bóndi á Berunesi, getur eigi heldur komið til þings. Leyfi ég mér því hér með að fara fram á, að 2. varaþm. kjördæmisins, Björn kaupfélagsstjóri Stefánsson í Stöðvarfirði, taki sæti á þingi.

Virðingarfyllst,

Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Reykjavík.“

Aldursforseti kvaddi nú sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., og Pál Þorsteinsson, þm. A-Sk.

Þessu næst skiptust þm. í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

ÁS, BÁ, BrB, FRV, GJ, GTh, GÞG, HG, JóhH, JR, KS, PO, SÁ, SB, StJSt.

2. kjördeild:

ÁÁ, EOl, GG, HelgJ, HermJ, IngJ, JJós, JG, JS, JÁ, PÞ, RÞ, SG, ÞÞ.

3. kjördeild:

ÁkJ, ÁB, BSt, BBen, EmJ, EystJ, FJ, JPálm, JörB, LJóh, PZ, StgrA, StgrSt, BjS.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf Björns Stefánssonar, 2. (vara)þm. S-M., og fékk 1. kjördeild bréfið til athugunar, svo sem þingsköp mæla fyrir.

Varð nú fundarhlé, er kjördeildin gekk út úr salnum til starfa sinna, en að rannsókn lokinni var fundinum fram haldið.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): 1. kjördeild hefur athugað kjörbréf Björns Stefánssonar, 2. (vara)þm. S-M., og hefur ekkert við það að athuga. Mælir hún eindregið með því, að kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjördeildarinnar samþ. með 35 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Aldursforseti (JörB): Þá lýsi ég yfir því, að Björn Stefánsson tekur sæti á Alþingi, og verður lagt fyrir hann að undirrita drengskaparyfirlýsingu, eins og venja er til um nýkjörna þingmenn.

Hinn nýi þingmaður, Björn Stefánsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Aldursforseti (JörB): Þá verður fundi frestað, en fram haldið á morgun kl. 1.30 e. h.

Miðvikudaginn 11. okt., kl. 1½ miðdegis, var fundinum fram haldið. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ., og Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf., voru nú til þings komnir og sátu fundinn.

Enn fremur voru á fundinum Guðmundur Í. Guðmundsson, 6. landsk. (vara)þm., og Ólafur Björnsson, 3. (vara)þm. Reykv.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sömu skrifara og í fundarbyrjun, þá Jón Sigurðsson og Pál Þorsteinsson.

Varamenn taka þingsæti.

Aldursforseti (JörB): Forseta sameinaðs þings hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Brekku í Mjóafirði, 27. sept. 1950.

Vegna mjög erfiðra kringumstæðna heima fyrir vil ég hér með leyfa mér að tilkynna yður, hæstvirti forseti, forföll mín frá þingsetu um sem næst þriggja vikna skeið frá setningu Alþingis þann 10. október n. k.

Jafnframt tilkynnist yður, að ég hef beðið 2. varaalþingismann Framsóknarflokksins í Suður-Múlasýslu, herra Björn Stefánsson kaupfélagsstjóra á Stöðvarfirði, að taka sæti mitt á meðan, þar sem fyrsti varamaður, herra Stefán Björnsson bóndi á Berunesi, hefur tjáð mér, að sér sé eigi mögulegt að gegna þingstörfum á umræddu tímabili.

Með fyllstu virðingu,
Vilhjálmur Hjálmarsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Reykjavík."

Þá hefur borizt hér annað bréf, svo hljóðandi:

„Reykjavík, 11. október 1950.

Lúðvík Jósefsson, 2. landsk. þm., hefur tjáð mér, að hann geti ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur vegna óvenjulegra anna heima fyrir, og leyfi ég mér því samkv. beiðni hans, með skírskotun til 144. gr. kosningalaganna, að fara fram á, að varamaður hans, Magnús Kjartansson ritstjóri, taki sæti hans á þingi í fjarveru hans.

Einar Olgeirsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Enn hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 11. okt. 1950.

Hannibal Valdimarsson, 6. landsk. þingmaður, hefur í dag tilkynnt mér símleiðis, að hann geti ekki komið til þings næstu vikurnar, vegna þess að honum hafi ekki enn þá tekizt að fá mann fyrir sig til þess að gegna skólastjórastörfum. Óskar hann því, að varamaður taki sæti hans á Alþingi.

Ég leyfi mér því að óska, sem formaður Alþýðuflokksins, að Guðm. Í. Guðmundsson bæjarfógeti, sem er fyrsti landskjörinn varamaður flokksins, taki nú sæti á Alþingi í stað Hannibals Valdimarssonar.

Virðingarfyllst,
Stefán Jóh. Stefánsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Loks hefur borizt eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 11. okt. 1950.

Vegna fjarveru viðskiptamálaráðherra, Björns Ólafsonar, 3. þm. Reykvíkinga, er þess hér með óskað, að 1. varaþm. Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, hr. Ólafur Björnsson prófessor, taki fyrst um sinn sæti á Alþingi í hans stað.

Virðingarfyllst,
Ólafur Thors.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf Björns Stefánssonar, 2. (vara)þm. S-M., var samþ. hér á fundi í gær, en kjörbréf hinna varamannanna þriggja hafa verið rannsökuð áður og samþ. Taka þessir varamenn nú sæti á þingi um stundarsakir, eins og óskað er í bréfum þeim, sem ég hef lesið.

Kosning forseta.

Þá lét aldursforseti fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Jón Pálmason, þm. A-Húnv.,

með 31 atkv. — Haraldur Guðmundsson fékk 7 atkv., en 11 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.,

með 34 atkv., en 16 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosin

Rannveig Þorsteinsdóttir, 8. þm. Reykv.,

með 33 atkv., en 17 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, og var á A-lista SkG, en á B-lista JR. — Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Jónas Rafnar, þm. Ak., og
Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.

Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu þrír listar. Á A-lista voru ÞÞ og LJóh, á B-lista RÞ og GG og á C-lista SG. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosningu hlytu án atkvgr.:

Þorsteinn Þorsteinsson,
Rannveig Þorsteinsdóttir,
Lárus Jóhannesson,
Sigurður Guðnason,
Gísli Guðmundsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Við kosningu hverrar nefndar komu fram þrír listar, A, B og C, með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd:
Gísli Jónsson (B),
Helgi Jónasson (B),
Pétur Ottesen (B),
Halldór Ásgrímsson (B),
Ásmundur Sigurðsson (C),
Ingólfur Jónsson (B),
Hannibal Valdimarsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Jónas Rafnar (B).

2. Utanríkismálanefnd:
Aðalmenn:
Hermann Jónasson (B),
Ólafur Thors (B),
Bjarni Ásgeirsson (B),
Bjarni Benediktsson (B),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Jóhann Jósefsson (B),
Stefán Jóh. Stefánsson (A).
Varamenn:
Eysteinn Jónsson (B),
Gunnar Thoroddsen (B),
Páll Zóphóníasson (B),
Jóhann Hafstein (B),
Einar Olgeirsson (C),
Björn Ólafsson (B),
Ásgeir Ásgeirsson (A).

3. Allsherjarnefnd:
Jóhann Jósefsson (B),
Jón Gíslason (B),
Jón Sigurðsson (B),
Jörundur Brynjólfsson (B),
Lúðvík Jósefsson (C),
Stefán Stefánsson (B),
Finnur Jónsson (A).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu tveir listar, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningu hlutu því án atkvgr.:
Rannveig Þorsteinsdóttir (A),
Þorsteinn Þorsteinsson (A),
Bjarni Ásgeirsson (A),
Jónas Rafnar (A),
Áki Jakobsson (B).

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
2. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
3. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
4. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
5. Finnbogi R. Valdimarsson, 7. landsk. þm.
6. Gísli Jónsson, þm. Barð.
7. Hannibal Valdimarsson, 6. landsk. þm.
8. Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv.
9. Hermann Jónasson, þm. Str.
10. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
11. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
12. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
13. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
14. Rannveig Þorsteinsdóttir, 8. þm. Reykv.
15. Steingrímur Aðalsteinsson, 4 landsk. þm.
16. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.
17. Þorsteinn Þorsteinsson, 11. landsk. þm.

Allir þdm. voru á fundi nema 6. landsk. þm. (HV) og 2. þm. S-M. (VH), sem ókomnir voru til þings og höfðu boðað forföll, en í þeirra stað tóku sæti í deildinni:

Björn Stefánsson, 2. (vara)þm. S-M., og
Guðm. Í. Guðmundsson, 6. landsk. (vara)þm.

Aldursforseti deildarinnar, Þorsteinn Þorsteinsson, setti fundinn og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Eirík Einarsson og Karl Kristjánsson.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.,

með 11 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Þorsteinn Þorsteinsson, 11. landsk. þm.,

með 12 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.,

með 12 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var KK, á B-lista EE. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn., og
Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.

Sætaskipun.

Eftir tillögu forseta voru leyfð og samþ. með 12: 2 atkv. þau afbrigði frá þingsköpum, að ekki skyldi hlutað um sæti, heldur skyldu þdm. sitja eins og þeir höfðu í upphafi fundar skipað sér í sæti.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu ýmist fram tveir eða þrír listar, en hverju sinni var stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Bernharð Stefánsson (A),
Þorsteinn Þorsteinsson (A),
Karl Kristjánsson (A),
Gísli Jónsson (A),
Brynjólfur Bjarnason (B).

2. Samgöngumálanefnd.
Þorsteinn Þorsteinsson (A),
Karl Kristjánsson (A),
Eiríkur Einarsson (A),
Vilhjálmur Hjálmarsson (A),
Steingrímur Aðalsteinsson (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Páll Zóphóníasson (A),
Þorsteinn Þorsteinsson (A),
Vilhjálmur Hjálmarsson (A),
Eiríkur Einarsson (A),
Finnbogi R. Valdimarsson (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Jóhann Jósefsson (B),
Bernharð Stefánsson (B),
Vilhjálmur Hjálmarsson (B),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Hannibal Valdimarsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Rannveig Þorsteinsdóttir (A),
Jóhann Jósefsson (A),
Páll Zóphóníasson (A),
Gísli Jónsson (A),
Steingrímur Aðalsteinsson (B).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Gísli Jónsson (B),
Rannveig Þorsteinsdóttir (B),
Lárus Jóhannesson (B),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Haraldur Guðmundsson (A).

Kosning fastanefnda.

7. Menntamálanefnd.
Rannveig Þorsteinsdóttir (B),
Eiríkur Einarsson (B),
Þorsteinn Þorsteinsson (B),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Hannibal Valdimarsson (A).

8. Allsherjarnefnd.
Lárus Jóhannesson (B),
Páll Zóphóníasson (B),
Rannveig Þorsteinsdóttir (B),
Brynjólfur Bjarnason (C),
Haraldur Guðmundsson (A).

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V-Ísf.
3. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
4. Ásmundur Sigurðsson, 5. landsk. þm.
5. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
6. Björn Ólafsson, 3. þm. Reykv.
7. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
8. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
9. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
10. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
11. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
12. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv.
13. Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm.
14. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
15. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
16. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
17. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
18. Jón Gíslason, þm. V-Sk.
19. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
20. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
21. Jónas Árnason, 10. landsk. þm.
22. Jónas Rafnar, þm. Ak.
23. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
24. Kristín L. Sigurðardóttir, 9. landsk. þm.
25. Lúðvík Jósefsson, 2. landsk. þm.
26. Ólafur Thors, þm. G-K.
27. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
28. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
29. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
30. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
31. Sigurður Guðnason, 6. þm. Reykv.
32. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
33. Stefán Jóh. Stefánsson, 8. landsk. þm.
34. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
35. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.

Voru framangreindir þingmenn allir á fundi, nema 2. þm. N-M. (HÁ), þm. V-Húnv. (SkG), 3. þm. Reykv. (BÓ) og 2. landsk. þm. (LJós), sem ókomnir voru til þings. Í stað tveggja hinna síðar nefndu voru á fundinum:

Ólafur Björnsson, 3. (vara)þm. Reykv., og
Magnús Kjartansson, 2. landsk. (vara)þm.

Aldursforseti, Jörundur Brynjólfsson, setti fundinn og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Jón Sigurðsson og Pál Þorsteinsson.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.,

með 22 atkv. — Emil Jónsson fékk 5 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Jón Gíslason, þm. V-Sk.,

með 22 atkv., en 10 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.,

með 21 atkv., en 11 seðlar voru auðir.

Þá voru kosnir skrifarar deildarinnar. Fram komu tveir listar. Á A-lista var JR, en á B-lista PÞ. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Jónas Rafnar, þm. Ak., og
Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

8. sæti hlaut Stefán Jóh. Stefánsson,
9. — — Sigurður Guðnason,
10. — — Lúðvík Jósefsson,
11. — — Jón Sigurðsson,
12. — — Stefán Stefánsson,
13. — — Áki Jakobsson,
14. — — Helgi Jónasson,
15. — — Finnur Jónsson,
16. — — Jónas Árnason,
17. — — Einar Olgeirsson,
18. — — Ásgeir Ásgeirsson,
19. — — Sigurður Ágústsson,
20. — — Ingólfur Jónsson,
21. — — Pétur Ottesen,
22. — — Gylfi Þ. Gíslason,
23. — — Ásmundur Sigurðsson,
24. — — Skúli Guðmundsson,
25. — — Jörundur Brynjólfsson,
26. — — Jóhann Hafstein,
27. — — Bjarni Ásgeirsson,
28. — — Jón Gíslason,
29. — — Emil Jónsson,
30. — — Kristín Sigurðardóttir,
31. — — Jón Pálmason,
32. — — Halldór Ásgrímsson,
33. — — Gísli Guðmundsson,
34. — — Gunnar Thoroddsen,
35. — — Ásgeir Bjarnason.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu ýmist fram tveir eða þrír listar, en hverju sinni var stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar

fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir þannig skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Skúli Guðmundsson (A),
Sigurður Ágústsson (A),
Jóhann Hafstein (A),
Einar Olgeirsson (B),
Ásgeir Ásgeirsson (C).

2. Samgöngumálanefnd.
Sigurður Bjarnason (A),
Jón Gíslason (A),
Stefán Stefánsson (A),
Ásgeir Bjarnason (A),
Lúðvík Jósefsson (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Bjarni Ásgeirsson (A),
Jón Sigurðsson (A),
Ásgeir Bjarnason (A),
Jón Pálmason (A),
Ásmundur Sigurðsson (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Pétur Ottesen (A),
Gísli Guðmundsson (A),
Sigurður Ágústsson (A),
Halldór Ásgrímsson (A),
Lúðvík Jósefsson (B).

5. Iðnaðarnefnd.
Gunnar Thoroddsen (A),
Bjarni Ásgeirsson (A),
Skúli Guðmundsson (A),
Sigurður Guðnason (B),
Emil Jónsson (C).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Páll Þorsteinsson (A),
Kristín Sigurðardóttir (A),
Helgi Jónasson (A),
Jónas Árnason (B),
Gylfi Þ. Gíslason (C).

7. Menntamálanefnd.
Gunnar Thoroddsen (A),
Páll Þorsteinsson (A),
Kristín Sigurðardóttir (A),
Gísli Guðmundsson (A),
Ásmundur Sigurðsson (B).

8. Allsherjarnefnd.
Jörundur Brynjólfsson (A),
Jóhann Hafstein (A),
Jónas Rafnar (A),
Áki Jakobsson (B),
Finnur Jónsson (C).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Togarakaup ríkisins (lántökuheimild).

Á 5. fundi í Ed., 19. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins [36. mál] (stjfrv., A. 51).

Á 6. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það barst í tal, þegar fjárl. voru til 1. umr., að nokkuð hefði verið leitazt fyrir um lán vegna togarabygginga til viðbótar því, sem áður var tekið, og boðað, að frv. um það yrði lagt fram. Nú er hér lagt fram frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka 16 millj. kr. lán til viðbótar því, sem áður var tekið. Það skal tekið fram, að ekki er séð fyrir endann á þessum umleitunum, en þetta stóð þannig, að hægt var að fá lán, 350 000 sterlingspund, en aðeins til eins árs, og var ekki hægt að koma því öðruvísi fyrir. Hins vegar mun ekki þurfa að veðsetja togarana fyrir því láni, en samt sem áður tel ég rétt, að það verði látið standa í frv., að veðsetja megi togarana með 2. veðrétti. Ef það skyldi takast síðar að útvega annað lán, sem væri lengra, þá væri gott að hafa þá heimild.
Eg vil leyfa mér að fara fram á, að þessu máli sé hraðað gegnum d., vegna þess að það þyrfti að ganga frá málinu í næstu viku, og ef þessu máli er komið til fjhn., þá vil ég beina því til hennar, hvort hún gæti ekki tekið málið fyrir fyrir helgi, þannig að það væri hægt að afgr. lánsheimildina frá deildinni. Leyfi ég mér að leggja til, að málinu verði vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 51, n. 59).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Fjhn. hefur rætt mál þetta á einum fundi. Ástæðan til þess, að beðið er um að hækka lánveitinguna í 16 millj. kr., er sú, að skipunum hefur ekki enn verið úthlutað, svo að væntanlegir kaupendur hafa ekki enn greitt neitt inn á þau. En byggingu þeirra er nú svo langt komið, að nauðsynlegt er fyrir ríkisstj. að hafa þetta fé handbært, og er því nauðsynlegt að fá þetta samþ., og það er eina leiðin fyrir ríkisstj. að taka lán í þessu skyni, þar til kaupendurnir hafa greitt eitthvað. Hæstv. fjmrh. hefur lýst þessu hér áður og eins í sambandi við fjárl., og sé ég því ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en n. leggur til, að þetta verði samþ. Einn hv. nm., hv. 1. landsk., var ekki á fundi þegar málið var afgreitt, og mun hann að sjálfsögðu gera grein fyrir afstöðu sinni, ef hún er önnur en annarra nm. Ég orðlengi þetta svo ekki meira, en endurtek, að n. mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:1 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 8. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BjS, ÞÞ, BBen, GJ, HG, HermJ, JJós, KK, RÞ, StgrA, BSt.
nei: PZ.
EE greiddi ekki atkv.
4 þm. (BrB, FRV, GÍG, LJóh) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Nd.

Á 7. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 8. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég greindi frá því, er ég flutti framsöguræðuna um fjárl., hve mikið væri búið að fá af lánsfé til togarakaupa, og benti á, hvað við værum búnir að leggja fram í bili til togarakaupanna, að viðbættum vöxtum, en að þá vantaði um 20 millj. kr., að viðbættum vöxtum. Ég boðaði þá, að ríkisstj. mundi leggja fyrir Alþ. frv. til l. um heimild til þess að taka viðbótarlán, til þess að greiða þessar

fúlgur, og er það frv. það, sem liggur nú hér fyrir hv. Nd. og hefur farið gegnum hv. Ed.

Sé ég ekki ástæðu til að fara um þetta mál fleiri orðum. En vegna þess, að það liggur nokkuð á afgreiðslu málsins, vil ég vonast til þess, að hv. þdm. greiði fyrir því og að hv. fjhn. gæti tekið málið til meðferðar í dag, þannig að það gæti orðið til endanlegrar afgreiðslu á morgun. Ég legg til, að málinu verði vísað til hv. fjhn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég býst við, að ekki standi á því, að allir verði sammála um þetta mál. Ætla ég ekki að orðlengja sérstaklega um þessa heimild, sem í frv. felst. En hitt þætti mér vænt um að fá að heyra frá hæstv. fjmrh., hvort ríkisstj. hefur þegar gert nokkrar ráðstafanir viðvíkjandi úthlutun á þessum togurum. Nú mun það vera svo, að útlit sé fyrir, að nokkurn veginn muni standa heima um, að þessir togarar verði til á þeim tíma til afhendingar, sem þeir áttu að vera. Þannig munu vera líkindi til þess, að jafnvel þrír af togurunum verði til um nýár. Og þá er vitanlegt, að þeir, sem ætluðu að reka þessa togara, mundu nú þegar verða að gera ýmsan undirbúning í því sambandi. Og það mundi vafalaust verða til tafar, ef ekki væri búið að úthluta þessum togurum þannig í tíma, að þeir, sem hafa sótt um að fá þá og geta fengið þá, gætu í tíma gert nauðsynlegar ráðstafanir til undirbúnings rekstri þeirra. — Við vitum, að nöfnin á togurunum hafa verið valin án þess að tilvonandi eigendur gætu ráðið þar um. Og væri gott að fá að vita, hvort nöfnin eiga að fylgja þeim, ef þeir t. d. verða seldir úr landi.

Síðast, þegar svipað frv. þessu var til umr. í þinginu, þá voru af hálfu Alþ. teknar nokkrar ákvarðanir um lánveitingar, sem miðuðu að því að reyna að létta tilvonandi eigendum að geta fengið umráð yfir togurunum. Og Alþ. hefur þannig sýnt áhuga fyrir því að reyna a. m. k. að stuðla að því, — þó að maður viti, að margir erfiðleikar séu í vegi, — að ekki sízt gætu t. d. eignazt þá bæjarfélög, sem hafa haft mikinn áhuga á og í raun og veru mikinn a. m. k. félagslegan hagnað af rekstri hinna nýju togara. Og þau mundu hafa ákaflega mikinn áhuga á að fá þessa nýju togara, þó að þau hins vegar hafi ekki eins mikla getu til þess. Og þessar breyt., sem gerðar voru á frv. til þeirra l., sem hér er frv. um viðauka við, miðuðu allar í þá átt að reyna að létta aðilum að kaupa togarana. — Hins vegar er líka hugsanlegt, að hæstv. ríkisstj. hugsaði sér, að ríkið ætti þessa togara og ræki þá. A. m. k. þætti mér viðkunnanlegt, að þingið fengi að heyra, hvað hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér um þessi mál, um þennan rekstur, og hvenær mætti búast við, að ákvarðanir yrðu teknar um það, sem ég hef spurt um.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er rétt að minna á það, sem ég upplýsti við 1. umr. fjárl., að ríkisstj. ætlast til þess, að togararnir verði seldir einhverjum aðilum innanlands, eins og ráðgert er í l. um togarakaup ríkisins og frá upphafi var gert ráð fyrir. Það hafa staðið yfir viðræður við nokkuð marga aðila, sem hafa pantað togara, um sölu á togurum til þeirra. En engir af þeim aðilum hafa enn þá verið reiðubúnir til þess að ganga endanlega frá samningum. Þeir samningar standa því yfir nú, og ríkisstj. gerir sér vonir um að geta áður en langt líður a. m. k. gefið Alþ. skýrslu um það, hvernig þau mál standa. En í dag er ekki hægt að segja annað um þetta en að umleitanir og samningar hafa staðið yfir, en enn þá hefur ekki endanlega verið gengið frá neinum framsölum í þessum efnum eða neinum samningum til hlítar. Mun hæstv. Alþ. verða látið fylgjast með því, þegar nokkuð er af þessum samningagerðum að frétta.

Og ríkisstj. hefur verið ljóst það, sem hv. 2. þm. Reykv. tók fram, að það þyrfti að ljúka einhverju af þessum samningum sem allra fyrst, svo að ekki yrðu tafir á því að afhenda togarana til tilvonandi eigenda og hefja rekstur þeirra, er þeir koma, þess vegna, að þessum samningum væri ekki lokið. Það er ráðgert, að í þessum yfirstandandi eða í næsta mánuði verði fyrsta skipið af þessum togurum tilbúið, þannig að ríkisstj. hefur hinn mesta áhuga fyrir að hraða þessu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 51, n. 76).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Eins og nál. fjhn. á þskj. 76 ber með sér, hefur n. orðið á eitt sátt um að mæla með því, að frv. verði samþ. — Eins og tekið er fram í aths. við lagafrv. þetta, er full nauðsyn á að veita ríkisstj. heimild til þessarar lántöku, og sé ég, að óþarft er að fara um það fleiri orðum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði, sem mig langar til að fá upplýsingar um hjá hæstv. ríkisstj. í viðbót við það, sem hæstv. fjmrh. gaf við 1. umr. málsins. Mig langar til að fá upplýst, hvort þetta lán, sem nú á að taka, muni verða til langs tíma, og ef svo væri, hvort væntanlegum kaupendum togaranna verði ekki gefinn kostur á að njóta þessa láns á svipaðan hátt og þeir eiga að fá að njóta hins lánsins, sem tekið var samkvæmt ákvörðunum í þeim l., sem hér er verið að gera viðauka við.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það hafa farið fram umleitanir um þetta efni, og hefur áranguriinn orðið sá, að hægt er að fá lán til stutts tíma, þannig að byrjað verður á að taka lánið til stutts tíma, en athugað áfram, hvort ekki sé hægt að koma þessu öðruvísi fyrir, sem mér þykir mjög líklegt. Ef það tekst að fá lán til langs tíma, sem mikill akkur væri í fyrir hina væntanlegu kaupendur að styðjast við, yrði það notað til að greiða fyrir þeim, en eins og stendur er aðeins um stutt lán að ræða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 80).

---

2. Vegalagabreyting (stjfrv.).

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Ed., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta frv. þarf lítilla skýringa við, en þó þykir mér rétt til frekari upplýsinga að láta fylgja því nokkrar skýringar. Eins og frv. ber með sér, er í l., að einstök sýslufélög geta keypt stórvirkar vélar og verkfæri, t. d. jarðýtur, og ef þær hafa þar til meðmæli vegamálastjóra, þá stofnast sjálfkrafa skuld á ríkissjóð fyrir hálfu andvirði verkfæranna. Þetta er eitt af þeim ákvæðum, sem eru lítt þolandi í lögum, því að samkvæmt því er hægt að stofna til skuldar á ríkissjóð án þess að Alþingi eða viðkomandi ráðherra geti við neitt ráðið. Það þarf aðeins að fá meðmæli vegamálastjóra. Eitt sýslufélag, Árnessýsla, hefur keypt verkfæri samkv. þessu, og í Barðastrandarsýslu stendur þræta um það, hvort samþykkja eigi slík kaup, og hefði einnig orðið í Vestur-Ísafjarðarsýslu, ef sú vél hefði ekki verið seld. Nú hafa upphæðirnar ekki verið greiddar til Árnessýslu og Barðastrandarsýslu, og verður það mál látið ganga til fjvn. til athugunar, en hart er eftir fénu gengið. Það má kannske finna þessu fyrirkomulagi eitthvað til málsbóta; en á móti því mælir ekki eingöngu það, að það vindur upp á sig skuldir á ríkissjóð, eins og ég gat um áðan, heldur er það einnig ósanngjarnt, því að þegar einstök sýslufélög fá stórvirk verkfæri, svo sem jarðýtur, samkv. þessum lögum, þá hafa þau þær til vinnu helmingi ódýrari en þær, sem ríkið hefur til vinnu á ýmsum stöðum. Þetta er hliðstætt því, að jarðræktarsamböndunum er veitt heimild til að kaupa skurðgröfur, þannig að ríkissjóður borgi helming verðsins, og mun verða lagt til síðar, að þetta verði einnig fellt niður. Þetta skapar ósamræmi, sem ekki á að vera til staðar, en fyrst og fremst er þetta frv. flutt til að fyrirbyggja það, að kröfur stofnist á ríkissjóð án þess að Alþingi eða ríkisstjórn fái við ráðið, eins og ég hef áður bent á. — Ég held svo, að ég þurfi ekki að gefa frekari skýringar, en óska, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 64).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur legið fyrir fjhn. d., og var hún sammála um að mæla með því, að það nái fram að ganga. Þetta frv. er breyting eða úrfelling á 14. gr. vegal. frá 1947, en hún hljóðar svo:
„Sýslunefnd getur ákveðið, að hluta af því fé, er sýslun. leggur fram til sýsluvega, verði varið til kaupa á stórvirkum, vélknúnum tækjum til vegagerðar í sýslunni, svo sem jarðýtu og skurðgröfu, enda hafi áður verið leitað um það álits og tillagna vegamálastjóra. Telji vegamálastjóri ráðlegt, að sýslun. kaupi slíkar vélar, greiðir ríkissjóður helming af verði vélanna, þar með talinn allur kostnaður við þær, komnar á ákvörðunarstað í sýslunni."
Þessi málsgr. er nú felld niður samkv. frv. þessu, og er það talið til raka, að það sé engin nauðsyn á því að leggja fram fé frá ríkissjóði til að kaupa vélar þessar, því að nú megi reka þær þannig, að þær geti borið sig. Mér er ekki kunnugt, að það hafi verið nema 4 vélar, þar sem sýslurnar hafa notað sér aðstöðuna til þess að fá þennan styrk, sem var veittur samkv. 14. gr. Það var keypt ýta í Vestur-Ísafjarðarsýslu, sem skilað var aftur, því að það var ekki um annað að ræða. Einnig var keypt ámokstursvél í Skagafjarðarsýslu, sem engin krafa er á hendur ríkissjóði út af, en hinar 2 ýturnar eru, önnur í Árnessýslu, sem keypt var eftir framlagi úr sýslusjóði Árnessýslu, en eftir er greiðsla ríkissjóðs, helmingur, sem mun vera 70.000 kr., en hin í Barðastrandarsýslu. Þar er eftir að greiða helming verðs vélarinnar, um 40.000 kr. Alls er eftir að greiða fyrir þessar vélar, það sem er ógreitt úr ríkissjóði nú, 112.000 kr., sem er lagt til í fjárlfrv. að verði greitt. Það verður því að telja, að það sé engin nauðsyn á því að halda þessum greiðslum áfram lengur. Það er búið að gera meginverkið af sýsluvegunum, sem ýtur þarf til, og svo að öðru leyti erfiðara að ná í vélar, enda mun vera svo komið, að hægt er að fullnægja að mestu leyti eftirspurninni eftir vélum til vega, eins og sakir standa. Þess vegna er n. sammála um að mæla með því, að frv. sé samþ. eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 12. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 14. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til samgmn. með 23 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 128).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Gíslason): Herra forseti. Samgmn. d. hefur haft þetta frv. til athugunar, sem er nú komið frá Ed. Hún hefur kynnt sér þau gögn, sem fjhn. Ed., sem hafði málið til meðferðar þar, hafði fengið um málið, og leggur til, eins og nál. ber með sér, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 146).

---

3. Gjald af innlendum tollvörutegundum.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 4. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. er til framlengingar á l. nr. 113 1949, og er farið fram á að framlengja næsta ár álagið, sem lagt hefur verið undanfarið á gjald af innlendum tollvörutegundum. — Legg ég til, að málinu verði vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 5. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 39).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þetta frv. er gamall kunningi að mestu. Það er um framlengingu á l. nr. 113/1949, en þau l. hafa að efni til verið framlengd ár eftir ár nú undanfarið og síðast með þeim l., sem ég nefndi áðan fyrir árið 1949. Eitt nýmæli er þó í þessu frv. Það er um það, að ákvæði er sett um, að 50% hækkun á kaffibæti, sem hefur verið lagt á undanfarin ár samkv. öðrum l., verði nú bætt inn í þessi l., sökum þess að í öðru frv., sem hér liggur fyrir hv. d., er lagt til, að l. nr. 98/1941 verði felld úr gildi, en í þeim l. er heimild til að hækka gjald af kaffibæti um 50%. Þetta er því aðeins tilflutningur, en ekki nýmæli í sjálfu sér, og eins og menn sjá, er þetta frv. framlenging á l., sem undanfarið hafa gilt um gjald af innlendum tollvörutegundum og eru að öðru leyti samhljóða lögum, sem gilda fyrir þetta ár og hafa gilt undanfarin ár.
Fjhn. hefur haft frv. til meðferðar og ekki orðið með öllu sammála um það. Einn nefndarmanna (hv. 11. landsk.) var fjarverandi, er málið var rætt í n.; en annar nm. (hv. 1. landsk.) kvaðst ekki geta fallizt á frv. án þess að gera nánari grein fyrir afstöðu sinni, en ekki boðaði hann þó, að hann mundi gefa út sérstakt nál. Við hinir litum hins vegar svo á, að ríkissjóður megi með engu móti missa þær tekjur, sem hér er um að ræða, og teljum sjálfsagt að framlengja lögin og leggjum til, eins og segir á þskj. 39, að svo verði gert.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 7. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 9. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef tekið eftir því, að það hefur orðið svo, sem mun líklega vera af vangá, að þetta frv. hefur ekki farið til n. til athugunar milli 1. og 2. umr., og finnst mér

því rétt — þó að það komi kannske ekki til með að skipta miklu máli um afgreiðslu þess — að það fái venjulega, þinglega meðferð. Geri ég að till. minni, að frv. verði vísað til hv. fjhn. milli 2. og 3. umr., úr því það var ekki gert eftir 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er af vangá minni, að þetta þingmál var ekki látið fara til n., þegar það var til 1. umr. Finnst mér því rétt, að það fari til n. á milli 2. og 3. umr. og því verði þá vísað nú til hv. fjhn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 4, n. 159).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 187).

---

4. Skólastjóralaun og kennara við barnaskóla.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um skyldu bæjar- og sveitarsjóða til að greiða uppbót á laun skólastjóra og kennara við barnaskóla [7. mál] (stjfrv., A. 7).

Á 4. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og kunnugt er, greiðir ríkissjóður uppbót á laun starfsmanna ríkis og bæja og hefur greitt árið 1949 og þetta ár, fyrst samkv. þál. og síðan samkv. ákvæði 19. gr. fjárl. fyrir árið 1950. Nú er svo með launagreiðslur til kennara, að þær fara fram að sumu leyti úr ríkissjóði og að sumu leyti úr bæjar- og sveitarsjóðum, en ekkert er tekið fram um það, hvernig með þann hluta skuli farið, sem greiddur er úr bæjar- og sveitarsjóðum. Nú sýndi sig, að sum bæjar- og sveitarfélög greiddu uppbætur, en sum ekki, og þótti því rétt að lögbjóða, að þessar uppbætur skyldu greiddar úr hlutaðeigandi bæjar- og sveitarsjóðum, enda gert ráð fyrir því, þegar þessi almennu ákvæði voru sett, að uppbætur kæmu einnig á laun þessara manna, þó að þeir raunar að nokkru leyti fengju laun sín annars staðar frá. Um þetta fjalla brbl. þau, sem sett voru, og óska ég, að þessu máli verði vísað til fjhn. að lokinni þessari umr., því að ég skoða þetta sem launamál.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 40 og 41).

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Frv. þessu, um skyldu bæjar- og sveitarsjóða til að greiða uppbót á laun skólastjóra og kennara við barnaskóla, var vísað til fjhn. til umsagnar. Frv. þetta er lagt fram til staðfestingar á brbl., sem ríkisstj. gaf út 16. júní s. l. og voru bein afleiðing af ályktun Alþ. frá fyrra ári um uppbætur á laun starfsmanna ríkisins, og fjárlagaatriði á þessu ári. Það hefði mátt ætla, að fjhn. hefði einróma lagt til, að frv. verði samþ., en svo varð ekki. N. klofnaði og meiri hl. skilar áliti á þskj. 40, en minni hl., hv. þm. Barð., á þskj. 41. Meiri hl. lítur svo á, að það sé eðlilegt og sanngjarnt að greiða barnakennurum og skólastjórum barnaskólanna uppbætur á þann hluta launa þeirra, sem greiddur er úr sveitar- og bæjarsjóðunum, alveg eins og greiddar eru uppbætur á hinn hluta launanna og alveg eins og aðrir kennarar fá uppbætur á öll sín laun. Ég var því mótfallinn að greiða uppbætur á laun starfsmanna ríkisins og taldi það óeðlilegt og óréttlátt miðað við almenna fjárhagsafkomu fólksins í landinu, en eigi að síður tel ég að barnakennarar eigi að njóta sama réttar og aðrir kennarar og aðrir starfsmenn ríkisins, þótt sá losaraháttur sé á því hvað snertir bæjar- og sveitarsjóðina, að þeim ber að greiða nokkurn hluta launanna. Sveitarsjóðir greiða kennurum hreppanna ¼ af gömlu grunnlaununum og bæjarsjóðir kennurum í bæjum ⅓ af þessum gömlu grunnlaunum. Ég sé ekkert réttlæti í því, að þessir lægst launuðu kennarar í landinu njóti ekki alveg sömu uppbóta á öll sín laun og aðrir kennarar. Hvers vegna ættu þeir, sem starfa við heimiliskennslu og í barnaskólum í bæjum og kauptúnum, síður að fá fullar uppbætur en hinir, þó að launanum sé öðruvísi hagað? Minni hl., hv. þm. Barð., hefur lagt til, að frv. sé vísað frá með rökstuddri dagskrá, og mér skilst af þeirri ástæðu, að hann sé á móti uppbótum til starfsmanna ríkisins, og telur ekki hægt að skylda sveitarsjóðina og bæjarsjóðina með l. til að greiða uppbætur á þau laun, sem hafa verið greidd áður en l. gengu í gildi, en vitanlega er ekki nema fyrir lögfræðinga að skera úr þessu. Ég hef spurt lögfræðing um þetta, og hann hefur ákveðið látið í ljós, að hann líti svo á, að þessi lagasetning, eins og hún hér er hugsuð í frv., geti staðizt, þar sem þetta er réttlætismál og þar sem sýnist vera auðvelt að skýra lagasetninguna á þann hátt, að þó að launauppbætur séu miðaðar við liðinn tíma, þá sé greiðsluskyldan aðeins fyrir líðandi stund, en uppbætur vegna vangreiðslu fyrr á tímum. Dagskráin felur það í sér, að skorað er á Alþ. að breyta launal. Það er annað mál og kemur ekki þessu atriði við, því að það mundi á engan hátt leiðrétta það ósamræmi, sem á að leiðrétta með frv. þessu og leiðrétt var með brbl., og það má benda á það, að til voru sveitarfélög, sem höfðu greitt þetta áður en brbl. voru sett, og það er vitað, að ýmis sveitarfélög hafa greitt þetta síðan brbl. voru sett, og ef þetta frv. er fellt og l. numin úr gildi, þá mundi skapast sú grautargerð að því er þetta snertir, að það væri Alþ. lítið til sóma. Þá mundi verða að athuga það sjónarmið, hvort ekki ætti að endurgreiða það, sem búið er að

greiða, og þá mundu sumir missa af þeirri réttarbót, sem brbl. sköpuðu þeim. Ég sé þess vegna ekki annað en það sé sjálfsögð skylda Alþ. að samþ. þessi l., og vil ég fyrir hönd meiri hl. fjhn. skora á hv. d. að samþ. frv.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Fjhn. hefur klofnað um þetta mál, eins og frsm. meiri hl. lýsti. Meiri hl. gefur út álit á þskj. 40, og þó að það sé ekki stórt atriði, þá vildi ég mega leiðrétta það, sem er í nál., að minni hl. lagði ekki til, að frv. sé fellt, eins og sagt er frá í álitinu og birt var m. a. í útvarpsfréttum. Eins og þetta er bókað í fundargerð og undirritað af form. og ritara, þá stendur það hér þannig: „3 nm. leggja til, að frv. sé samþ. óbreytt, en einn, Gísli Jónsson, getur ekki fallizt á það og gefur út sérstakt nál.“ Það er ekki mikið, sem munar, en ég vil leiðrétta þetta, það er ekki lagt til, að frv. sé fellt, heldur lagt til, að því verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Mér þótti rétt að láta þetta koma fram.

Þetta frv. er til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út af ríkisstj. 16. júní 1950, og þau eru gefin út vegna þess, að þá kemst ríkisstj. að þeirri niðurstöðu, sem m. a. ég lagði mikla áherzlu á við umr. um þetta mál í sameinuðu þingi, að það væri ekki lögum samkvæmt að fara þannig með ríkisins fé. Brbl. voru ekki gefin út til þess að tryggja rétt skattþegnanna í landinu. Það er einmitt það alvarlega í málinu, að ekkert er hugsað um þann stóra rétt, sem hver skattþegn á heimtingu á að gætt sé út í það ýtrasta, það er ekki vegna þess, að brbl. eru gefin út, heldur af því að ríkisstj., ekki einungis sú, sem nú situr, heldur hver og ein, telur sig hafa ótakmarkað vald til þess að misbeita þessu gegn þegnunum, sem er misskilningur. Sannleikurinn er sá, að ríkisstj. hefur ekki rétt til þess að greiða fé eftir þál., sem fer beinlínis gegn fyrirmælum laga, þó að það sé tekið af þegnunum til þess að beita slíku gagnvart öðrum sérstökum aðilum. Ég benti mjög ákveðið á þetta atriði við umr., sem urðu um málið í sameinuðu þingi, en það var ekki fallizt á mín rök. Nú hefur forseti Íslands fallizt á, að þetta væri rétt, því að hann hefur orðið að gefa út þessi brbl., og brbl. eru gefin út vegna þess, að ríkisstj. gat ekki með þál. kúgað sveitarfélögin til þess að greiða þessar uppbætur og getur það ekki enn nema fá lagafyrirmæli til þess. Því er ljóst, hvað sem líður yfirlýsingu þessa ágæta lögfræðings, sem hv. frsm. talar um, þar sem hann segir, að brbl. hljóti að standast, þótt þau feli í sér, að viðkomandi verði að greiða þetta áður en l. voru gefin út og staðfest, að það er rangt, því ef það er rétt, að hægt sé með þessum lagafyrirmælum að skylda sveitarsjóðina til þess að greiða þessa uppbót á árinu 1949 og til 16. júní 1950, þá er verið að viðurkenna með þessu, að þál. felur í sér fullkominn rétt til þess að krefjast þessara útgjalda af sveitarsjóðunum. En það er viðurkennt með útgáfu brbl., að þessi réttur er ekki fyrir hendi, og kemur því ekki til mála, að þessi löggjöf, þó að hún sé samþ., geti á nokkurn hátt knúið viðkomandi sveitar- og bæjarfélög til þess að greiða þessa uppbót gegn vilja sínum fram að þeim tíma, sem l. voru gefin út, og það er m. a. þess vegna, að ég gat ekki fallizt á undir neinum kringumstæðum að leggja til, að frv. sé samþ. óbreytt. Það er allt, sem þarf að gera, að breyta því þannig, að ekki sé lengur skylda að greiða þessa uppbót heldur en fram að þeim tíma, sem l. eru gefin út á, því að allt annað er út í bláinn.

Það var sagt af hv. frsm., að ég hafi lagt til, að frv. sé fellt, vegna þess að ég hef verið á móti hækkun á launum embættismanna. Það út af fyrir sig er rétt, að ég er á móti hækkun á launum embættismanna, og ég tel, að það spor, sem þá var stigið, hafi þegar valdið og komi til með að valda miklu meiri erfiðleikum í baráttunni gegn dýrtíðinni en þá var ljóst. Þetta sýnir m. a. afgreiðsla fjárl., þar sem hver liður í embættismannalaunum er hækkaður um 33% frá því, sem var á s. l. ári, og meginástæðan fyrir því er einmitt þessi stefna, sem tekin var með þál. í desember s. l. Hér veltur á millj. fyrir ríkissjóðinn, auk þess sem það er vitanlegt nú, að þessar aðgerðir Alþ. í launamálunum hafa framkallað stórkostlegar kröfur frá öðrum aðilum í landinu. Í því sambandi má m. a. benda á það, að ekki er fyrr búið að samþ. þessa ákvörðun Alþ. en að verzlunarstéttin um allt land krafðist og fékk framgengt 15—17% launahækkun hjá öllu sínu starfsfólki, einmitt byggt á því, að laun embættismanna hækkuðu að sama skapi. Krafan frá embættismönnunum var sú, að þetta væri gert vegna þess, að aðrar stéttir væru komnar fram úr þeim, en undireins og búið var að hækka embættismennina, kom krafa frá hinum stéttunum um að byrja nýtt kapphlaup, og þess vegna voru samþ. þær kröfur, sem settar voru fram af öðrum stéttum í landinu. Það er einnig vitað, að ástæðan til þess, að ekki er hægt að leysa togaradeiluna, er einmitt þetta, að Alþingi á sínum tíma samþ. að hækka gegn ákvæðum launalaga laun embættismanna um 10—15%, og með fjárl. í ár eru þau hækkuð yfir 30%. Móti þessari stefnu hef ég verið og enn meira á móti henni í dag en nokkru sinni fyrr. Það, sem alvarlegast er í þessu máli, er það, að öll fríðindi, sem embættismönnum hafa verið veitt til að bæta laun þeirra, eru hækkuð í hlutfalli við aðallaun, en þeir, sem voru svo hyggnir að hleypa skriðunni af stað, eiga nú að stöðva hana, áður en meira tjón verður að.

En það er ekki eingöngu vegna þessa, að ég er á móti því, að þetta sé samþ., heldur sérstaklega vegna þess, að ég tel, að þessi háttur á afgreiðslu málsins sé gersamlega óviðeigandi og ósamboðinn Alþingi. Ég tel ósamboðið þinginu að láta ganga út lagafyrirmæli, sem fyrir fram er vitað að standast ekki dóm, og það er vitað af dómi, sem hefur fallið, að það hefur ekki verið viðurkennt, að þingsályktunarákvæði væru tekin fram yfir ákvæði gildandi laga, en það er það, sem ætlazt er til að hér sé gert.

Ef það er ætlun hv. þm. að hækka laun þessara manna til samræmis við aðra launþega, þá á að gera þetta með breyt. á sjálfum launalögunum, og gilda þau þá að sjálfsögðu frá þeim tíma, er sú breyt. hefur verið lögfest. Þá er einnig sjálfsagt að endurskoða launalögin almennt til þess að samræma kjör fyrst og fremst launþega innbyrðis og auk þess að samræma þau við laun annarra manna í landinu. Þess vegna hef ég lagt til, að frv. verði afgr. með rökstuddri dagskrá, eins og segir á þskj. 41. Ég er þess alveg fullviss, að ef nú væri gengið

í að athuga launalögin, þá mundu augu þessara manna opnast miklu frekar en hægt var að fá þá til á síðasta þingi við umr. um þetta mál, því að það liggja nú fyrir gögn um það, hvernig nú er komið þessum málum vegna hinnar vanhugsuðu till., sem samþ. var í fyrra. Ég sé því enga hættu á því fyrir ríkissjóð, að launamálin séu tekin nú til afgreiðslu og endurskoðunar, nema síður sé. Við sjáum það bezt, sem fáum í hendur gögn frá þessum mönnum til athugunar, hvað óskaplega þessi póstur hefur þotið upp síðan í fyrra. Okkur er ljóst, að það er engin leið að halda áfram á þessari braut, nema klippa niður krónuna í enn smærri parta, til þess að láta þessa menn fá þann krónufjölda, sem samþ. er hér á þingi. Það eru engir möguleikar á að halda áfram þessu kapphlaupi lengur, nema klippa krónuna í sundur, þegar á að fara að greiða þessi laun. Það kemur því úr hörðustu átt, þegar þeir menn, sem hafa viljað hafa þetta kapphlaup sem mest, hafa kvartað undan því, að krónan væri lækkuð.

Ég vænti þess, að þótt fjhn. vildi ekki fallast á þetta sjónarmið, þá vilji meiri hluti n. fallast á röksemdir dagskrárinnar, því að þar er haldið fram, að fara beri þá leið að athuga launalögin hér á þingi, svo að hægt sé að athuga, hvernig greiða skuli bæði þessum mönnum og öðrum starfsmönnum ríkisins.

Forseti (BSt): Út af ummælum hv. þm. Barð. um það, að þetta frv., ef að l. yrði, mundi ekki geta staðizt fyrir dómi, þá vil ég gjarnan að það kæmi skýrt fram hjá honum, hvort hann telur þetta frv. ganga í bága við stjórnarskrána. Vitanlega getur öll löggjöf, sem þingið setur og forseti staðfestir, staðizt fyrir dómstólum, ef hún brýtur ekki í bága við stjórnarskrána.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Hv. þm. Barð. segir, að meiri hl. fjhn. hafi í áliti sínu farið rangt með afstöðu hans, þar sem sagt er, að hann leggi til, að frv. verði fellt. Þegar fjhn. hélt fundi um þetta mál og ræddi það, kom ekki annað í ljós en að hv. þm. vildi fella frv., enda munar ákaflega litlu, þar sem hann leggur aðeins til, að það verði fellt á þann hátt, að því sé vísað frá með rökstuddri dagskrá. Ég vil því halda fram, að ekkert sé við það að athuga, þó að fjhn. hafi komizt svo að orði, að hv. þm. hafi viljað láta fella frv., miðað við umr. hér og nál. það, sem hann hefur skilað.

Þá hélt hann því fram, að þessi l. fengju ekki staðizt, þar sem þau ættu að verka aftur fyrir sig. Hæstv. forseti hefur nú gert fyrirspurn út af þessu atriði, svo að það er ekki ástæða til, að ég fari út í það. En hins vegar er það svo, að oft hafa verið sett l., sem hafa verkað aftur fyrir dagsetningu sína, og máltækið segir, að öll lög hafi tog. Bráðabirgðalögin hafa þau tog, að þau eru leiðrétting á ranglæti, sem var að myndast vegna ályktunar Alþingis.

Hv. þm. sagði, að þál. gæti ekki staðizt sem lög. Þess vegna er þessi lagasetning á ferðinni. Það er til þess, að þau ákvæði, sem framkvæma á, hafi vafalaust lagagildi.

Þá vildi hann mjög setja frv. í samband við endurskoðun launalaganna. Endurskoðun launalaganna mundi ekki bæta úr því, sem þetta frv. á að bæta. Ég er sammála honum um afstöðuna til launalaganna. En ég er ósammála honum um, að hinir lægst launuðu kennarar eigi að gjalda þess, þó að menn séu á móti uppbótum í heild. Ég lít svo á, að vafasamt sé að taka launalögin til endurskoðunar nú, sérstaklega frá því sjónarmiði, sem við hv. þm. Barð. höfum, því að ég álít, að skilningur fólksins sé ekki svo langt kominn enn, jafnvel ekki skilningur hv. þm., að líkur séu til, að heilbrigð launalög verði sett. Þess vegna virðist mér, að það sé betra að draga það, þangað til reynslan verður runnin mönnum betur í merg og blóð.

Ég álít því, að rétt sé að samþ. frv. eins og það liggur fyrir.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef tvisvar sinnum áður í sambandi við mál, sem svipað hefur staðið á um, beint þeirri spurningu til lögfræðinga d., hvort það sé hægt að leggja gjöld á menn eftir á fyrir liðna tímann. Ég hef spurt að þessu oftar en einu sinni, þegar samþ. voru bráðabirgðal. um skatt á benzín, sem átti að gilda frá ársbyrjun, en þó voru l. sett, er komið var langt fram á árið. Ég fékk ekkert svar. Ég spurði aftur í fyrra, en fékk þá ekki heldur neitt svar. Nú kemur í þriðja sinn frv., sem leggur gjöld, ekki á einstaklinga, heldur sveitarfélög, gagnvart launuðum mönnum, sem þau eru búin að hafa í sinni þjónustu, eru kannske farnir þaðan og komnir eitthvað allt annað. Nú á að skylda sveitarfélögin til að greiða þeim launauppbót fyrir löngu liðinn tíma. Er þetta hægt? Hvað er hægt að ganga langt í því fyrir þingið að samþ., að þessi eða hinn skuli nú fá uppbætur á laun sín fyrir svo og svo mörgum árum, kannske frá 1940 eða 1942? Ég vil enn spyrja lögfræðingana. Hér situr nú hæstv. dómsmrh., sem er talinn einn lærðasti lögfræðingur landsins. Hér situr annar lögfræðingur skammt frá mér. Er hægt að leggja svona gjöld á menn, hvort sem það eru einstaklingar eða bæjar- og sveitarfélög eins og hér? Ég hef aldrei getað skilið, að það væri hægt. Ég hef greitt atkv. á móti þessum l. Ég álít, að þetta sé ekki hægt og það sé ekki rétt að koma svona aftan að mönnum með gjöld eftir á.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér inn í þetta mál. En út af því, sem beint var til mín, vil ég svara á þann veg, að það hefur verið tíðkað stundum áður að leggja skatta á menn fyrir liðinn tíma, og ég held, að hv. 1. þm. N-M. hafi ekki aðeins verið stuðningsmaður þess, heldur jafnvel hvatamaður og yfirleitt ekki talið, að of langt væri gengið við álagningu skatta yfirleitt. Ef ég hef hann hér fyrir rangri sök, þá bið ég hann afsökunar. Sama er að segja um eignaraukaskattinn, sem miðaður er við eignir, sem safnazt hafa á tilteknu árabili. Þar er verið að leggja skatt á tekjur, sem menn höfðu á þessu árabili og höfðu ráðstafað með þáverandi skattalög fyrir augum, en löggjafinn hefur síðar talið sér heimilt að breyta þessu. Það er skiljanlegt, að mönnum líki þetta ekki vel, en þetta hefur þó verið samþ. á Alþingi og talið leyfilegt. En ef menn telja sig órétti beitta, geta þeir alltaf leitað til dómstólanna, og þeir skera þá úr, hvort þessi löggjöf stenzt eða ekki. Ég tel víst, ef ein-

staklingar hefðu verið sammála hv. 1. þm. N-M. út af þessu, sem hann talaði um benzinskattinn, hefðu þeir borið sig upp við dómstólana og fengið þar endanlegt svar, hvað gæti staðizt í þessu efni. Það er hægt að nefna ýmis fleiri dæmi þess, að l. hafa verið látin verka aftur fyrir sig. Í sumum stjórnarskrám er bannað að láta löggjöf verka aftur fyrir sig, og ef það liggur fyrir í stjórnarskránni, þá er það augljóst. Í okkar stjórnarskrá er ekkert slíkt bann, svo að það verður að benda á einhver önnur ákvæði stjórnarskrárinnar, sem þetta bryti á móti. Einnig má deila um það í ýmsum tilfellum, hvort l. verki aftur fyrir sig eða ekki. En það er ekki hægt að gefa neitt almennt svar við þessari spurningu, eins og hún er borin fram, en þetta hefur verið gert, og í flestum tilfellum hefur það staðizt, og það hefur ekki verið vefengt af þeim, sem hlut eiga að máli. Það getur staðið svo á, að önnur atvik geri þessar *ráðstafanir* óheimilar, og þá getur það orðið til þess, að slík lagaákvæði yrðu talin ógild.

Ég vil svo taka fram út af því, sem hv. þm. Barð. sagði, að eftir að þessi l. eru sett, þá getur ekki verið deila um það, hvort lagaheimild sé fyrir þessum ráðstöfunum eða ekki. L. eru til þess að hafa það löglegt, sem hér stendur til, og það skiptir ekki máli, hvort þál. liggur þar til grundvallar. Sumt af þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið, hafa verið gerðar samkvæmt þál., en það er tvímælalaust, að þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða, eru löglegar, ef frv. nær samþykki, svo að af þeim sökum fær það ekki staðizt, að þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða, yrðu dæmdar ógildar. Hitt er *annað mál*, hvort slíkt er sanngjarnt eða ekki, ég skal ekki fara mörgum orðum um það. Ég var því meðmæltur, að bráðabirgðal. væru gefin út, þegar af þeim sökum, að ýmis sveitarfélög höfðu þá innt þessa greiðslu af höndum, og það hefur verið gert ráð fyrir, að öll sveitarfélög mundu inna hana af hendi, þannig að menn urðu fyrir fullkomnu misrétti, þegar sum sveitarfélög inntu þessa greiðslu af hendi, en önnur ekki. Af þeim sökum virtist mér það alveg sanngirnismál að koma í veg fyrir óþolandi misrétti og glundroða. Mér fannst þetta rétt gagnvart einstaklingum, sem höfðu tekið að sér stöður á tilteknum tímum, gerandi ráð fyrir, að sams konar löggjöf væri fyrir sams konar störf um land allt, eins og gildandi launalög gáfu þeim fullkomið tilefni til að ætla að verða mundi.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Út af þeirri fyrirspurn, hvort ég áliti, að þetta frv. stríddi móti stjórnarskránni, þá bar ekki að skoða ummæli mín svo, að frv. stríddi á móti sérstökum ákvæðum stjórnarskrárinnar. Mín skoðun er sú, að 1. gr. l., eins og hún er, geti ekki staðizt, miðað við ýmsa dóma, sem fram hafa farið undanfarin ár í sambandi við slík mál. Ég get vel skilið, að það stæðist fyrir dómi, að greidd yrðu laun eftir þessum l., eftir að þau eru gefin út, en þau ákvæði geta á engan hátt gilt fyrir þann tíma, að þessi l. eru sett. Vitanlega hljóta launal. að hafa þar meira gildi en þál. Ég skal í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að 1942 er samþ. á Alþingi með miklum meiri hluta þál. um að taka af þáverandi fjmrh. valdið til að úthluta bílum. Það er skipuð n. manna á Alþingi til að fara með þetta vald. En þegar þessir aðilar ætla að fara að starfa, lýsti ráðherrann yfir, að hann beygði sig ekki undir þetta, hann hefði stoð í gildandi l. og sér væri heimilt að beita þessu valdi og hann mundi gera það. Hér er líka þál., sem ákveður, að þriðji aðilinn, sveitarsjóður, skuli greiða hærri laun en launalög segja, og er það því alveg hliðstætt hinu dæminu. Ég skil það vel, sem hæstv. ráðh. sagði, að menn geta leitað til dómstólanna og fengið þannig úrskurð, en er það sæmandi fyrir Alþingi að haga lagasetningu þannig, að það verði að benda mönnum á hæstarétt til að fá þar vernd gegn órétti, sem fram kemur í lagasetningunni?

Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að nýlega ræddi hæstv. landbrh. í Sþ. um reglugerð, sem átti ekki stoð í l., um friðun rjúpu, og lýsti yfir, að þýðingarlaust væri að gefa út slíka *reglugerð, af því að enginn mundi hlýða henni*, þar sem hún ætti ekki stoð í lögum.

Hvernig getur svo ríkisstj. látið lagafyrirmæli verka aftur fyrir sig, lagafrumvörp, sem gefa mönnum rétt til þess að krefjast peninga, byggð á þingsályktunum, sem brjóta í bága við gildandi lög?

Eitt dæmi ætla ég að ræða við frsm. meiri hl. í fullri vinsemd. Búið er að leggja á útsvör fyrir árið 1949 og einnig 1950. Hvað segja sveitarstj., þar sem ekki er gert ráð fyrir þessu? Eða telja þær sig hafa heimild til að taka lán til þess að greiða þetta? Ég tel, að sú heimild sé afar vafasöm. Ég mundi leita til dómstóla um þetta sem oddviti, hvort ég væri skyldugur til að leggja á þegnana, hvort sem þeir væru hátt eða lágt launaðir, fjárhæð til að greiða þetta með. Dómsmrh. minntist á margvíslega löggjöf frá síðastliðnu ári, en hún er ekki til fyrirmyndar; t. d. þegar búið er að leggja skatt á tekjur manna, og koma svo sí og æ aftan að þeim, er ekki til eftirbreytni.

Ég man eftir, að ég átti í hörðum deilum við dómsmrh. hérna í deildinni, og hann sagði: „Ég ætla ekki að *láta þingmann Barðstrendinga kenna* mér lögfræði né ég honum vélfræði.“ En ég hafði rétt fyrir mér um, að það mátti ekki taka skattfrelsið af áhættuþóknun sjómanna, og ríkissjóður varð að skila fénu aftur. Lögin gátu ekki náð aftur fyrir sig. Eðlilegt var, að deildin féllist á rök dómsmrh., sem var kennari í lögum við háskólann og hafði allt fram yfir lítilfjörlega persónu þingmanns Barðstrendinga. En hann hafði ekki beitt almennri skynsemi né safnað nægilegum gögnum og hafði ekki skoðað málið frá eðlilegum hliðum. Ég er sannfærður um, að margir dómar mundu falla á sömu lund, ef menn nenntu að standa í stímabraki við dómstólana.

Ég vara enn við að samþykkja þetta frv., og þó sérstaklega að ganga lengra, því að þetta yrði þá breyting á launalögunum sjálfum, og hefði ég gjarnan viljað, að formaður nefndarinnar vildi ræða við fjmrh. og dómsmrh. um þetta, hvort ekki væri rétt að breyta 1. gr., svo að þetta gengi ekki til þess tíma, sem liðinn er, hvort þetta sé rétt gagnvart kennurunum, því að leiðinlegt er að láta þetta ganga út yfir sérstaka menn. Miklu réttara er, að *ríkissjóður greiddi þetta sjálfur*. Alþingi hefur gert þessa vitleysu og verður að taka afleiðingunum, en ekki láta fátæk sveitarfélög borga.

Og vil ég svo ekki láta núa mér því lengur um nasir, að ég sé á móti fátækum barnakennurum; það er ekki ástæðan fyrir því, að ég er á móti þessu máli.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil þakka dómsmrh. fyrir upplýsingar, er hann kom með, en voru alls ónógar. Hann vildi vitna í lög um tekju- og eignarskatt, sem Magnús heitinn Guðmundsson barðist fyrir á sínum tíma og þar sem tekjuskatturinn er allur lagður á tekjur næsta árs á undan. Alþingi hefur sett við þau viðauka, sem alltaf eru látnir ná yfir tekjur fyrra árs, eins og tekjuskatturinn er ævinlega reiknaður, og því verkar hann að nokkru leyti aftur fyrir sig. Eða það, sem gert var í fyrra, er þm. Barð. vildi láta hækka toll á vörum, sem búið var að selja. Þessi skattur er lagður á eignir og riftar ekki neinum samningum. Annað mál er að hækka benzín eftir á, eins og gert var í hittiðfyrra. Þá reiknuðu allir með, að þeir þyrftu ekki að borga meira. Eins er um þetta. Ef þetta er hægt, þá er hægt að segja Pétri og Páli að gera hitt og þetta, eftir að hann er búinn að verzla hingað og þangað. Þetta finnst mér siðferðislega rangt, en aldrei hafa neinir tekið undir þetta með mér hér í þinginu áður, nema þm. Barð. nú.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Mér þótti vænt um að heyra, að þm. Barð. sagði, að hann væri ekki á móti því að hjálpa þeim lægst launuðu. Þetta er ágætt. Við erum sammála um, að uppbætur á laun starfsmanna ríkisins væru ofraun fjárhagsgetu ríkissjóðs. Hann spurði mig, hvernig sveitarfélög færu að, sem búin eru að jafna útvörum fyrir 1949 og 1950. Í fyrsta lagi hafa flest ætlað fyrir óvissum útgjöldum; í öðru lagi leiðrétta þau fyrir liðinn tíma og eru því bundin fortíðinni. Í þessum efnum hafa þau venjulegar aðferðir. Þingið ber ábyrgð á, að byrðar ríkisins komi réttlátlega niður. Þetta á frv. að tryggja. Hvernig yrði framkoma löggjafans gegn sveitarfélögunum, ef þetta frv. yrði ekki samþ.? Þá flækti það bæði sveitarfélögin og kennarana í ósamkomulag og misrétti innbyrðis. — Þm. Barð. sagðist geta gengið inn á, að ríkissjóður borgaði uppbæturnar. Ég gæti gengið inn á það líka, því að þá nær tillagan þeim tilgangi, sem fyrir mér vakir. En ríkið hefur tekið að sér að greiða kennurum, og lítill er sá hluti, sem sveitarfélög greiða, eða ¼ af gamla grunnkaupinu, og bæir ⅓. Yrði það niðurstaðan, að meiri hlutinn ætlaði ríkinu að borga, mundi ég ekki taka mig út úr, því að rétt er, að Alþingi setti sveitarfélögunum þessar byrðar. Dagskrána á ekki að samþykkja, því að hún er óréttlát.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Þetta er misskilningur. Það er jafnt tilefni til að samþykkja dagskrána, því að hún kveður á um það, að ríkissjóður jafni skaðann, sem kennarar hafa orðið fyrir. Því er næg ástæða til að samþykkja hana. Hún miðar að því að breyta því, að greitt sé úr ríkissjóði utan launalaganna. Dagskráin miðar að því, að þessu sé kippt í lag, og því ber að samþykkja hana.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Þetta er ekki rétt skilið hjá þm. Barð. Hugmyndin að láta ríkið borga er aðeins lítil breyting á afgreiðslu málsins, ef dagskráin yrði samþykkt. Endurskoðun launalaganna þarfnast breytinga, en ekki ætla ég að stofna til slíkra breytinga. Hugarfarsbreytingu þarf m. a. til þess.

ATKVGR.
Rökst. dagskráin á þskj. 41 felld með 8:3 atkv., að viðhöfðu nefnakalli, og sögðu
já: ÞÞ, GJ, JJós.
nei: KK, RÞ, StgrA, BjS, BrB, HV, HG, BSt.
PZ, FRV greiddu ekki atkv.
4 þm. (LJóh, BBen, EE, HermJ) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 8:3 atkv.
2. gr. samþ. með 8:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Að gefnu tilefni, sem fram kom við 2. umr. þessa máls, tók fjhn. málið á ný til athugunar og umræðu. Niðurstaðan af þeim umr. er þó hin sama og áður, að nm. hafa óbreytta afstöðu til *málsins. Meiri hl. leggur til, að frv. sé samþ.* óbreytt, og sé ég enga ástæðu til að endurtaka rök meiri hl. nú, og skírskota til þess, sem ég sagði við 2. umr. málsins.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka hv. form. n. fyrir að gefa þinginu tækifæri til að ræða málið á ný. Eins og hv. frsm. meiri hl. sagði, varð ekki samkomulag, og hef ég ekki hugsað mér að gera brtt. og mun heldur ekki nota þennan tíma til að tefja málið. Ég er óánægður með frv. og mun því greiða atkv. á móti því.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, KK, RÞ, StgrA, BjS, BBen, BSt.
nei: GJ, PZ, ÞÞ.
LJóh greiddi ekki atkv.
6 þm. (GÍG, HermJ, JJós, BrB, EE, FRV) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Nd.

Á 8. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 13. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 160).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er samhljóða brbl., sem út voru gefin 16. júní s. l., og hefur fengið afgreiðslu í hv. Ed. — Eins og fram kemur á þskj. 160, er fjhn. sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 192).

---

5. Siglingalög.

Á 3. fundi í Nd., 16. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 1. febr. 1936, um breyt. á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914 [27. mál] (stjfrv., A. 28).

Á 5. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Hæstv. atvmrh. er hér ekki viðstaddur, og vil ég því fyrir hönd ríkisstj. leyfa mér að óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 113).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af ríkisstj. til staðfestingar bráðabirgðalögum, sem gefin voru út s. l. sumar til þess að greiða fyrir því, að síldarútgerðarmenn eða skipstjórar gætu fengið úttekt á vistum til skipa sinna, vegna þess, hve illa gekk síldveiðin. N. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 16. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 204).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er staðfesting á breytingum, sem gerðar voru 12. ágúst s. l. Sjútvn. hefur athugað það og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Tveir þm., þeir 1. þm. Eyf. og 6. landsk., voru ekki viðstaddir, er n. afgreiddi málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já: KK, PZ, RÞ, StgrA, IF, BBen, KA, GJ, LJóh.
nei: HV, SI.
6 þm. (JJós, VH, BSt, EE, FRV, HermJ) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 233).

---

6. Stýrimannsskírteini.

Á 14. fundi í Nd., 2. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild handa atvmrh. til að veita Gunnari Bergsteinssyni sjóliðsforingja stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum [68. mál] (stjfrv., A. 110).

Á 15. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 110, n. 143).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Ottesen): Það varð að samkomulagi í sjútvn. að mæla með því að samþ. þetta frv., sem felur í sér að veita herra Gunnari Bergsteinssyni sjóliðsforingja undanþágu frá að ganga undir próf við stýrimannaskólann, þ. e. farmanna- og varðskipapróf. Þessi maður er nú starfandi við landhelgisgæzluna, hefur tekið sjóliðsforingjapróf í Osló, sem fullkomlega stendur á sporði þeim prófum, sem menn taka í stýrimannaskólanum til þess að verða skipstjórnarmenn á varðskipum ríkisins. Það hefur í tveim slíkum tilfellum áður verið veitt sams konar undanþága skipstjórnarmönnum, sem tekið hafa hliðstæð próf í Danmörku.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 21. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 110, n. 203).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það hefur upplýstst með bréfi frá dómsmrn., dags. 14. okt. s. l., sem er prentað sem fylgiskjal með þessu frv., að Gunnar Bergsteinsson hefur fengið styrk frá ríkisstj. til að nema við sjóliðsforingjaskólann norska, til þess að gerast síðar starfsmaður við íslenzku landhelgisgæzluna. Nám þetta er jafnmikið og meira en nám það, sem krafizt er til skipstjórnar á íslenzkum skipum, og felur það ekki í sér neitt öryggisleysi að veita honum þessi réttindi. Leggur n. því til, að frv. verði samþ. óbreytt. Tveir nefndarmanna, þeir 1. þm. Eyf. og 6. landsk., voru ekki við, er n. afgreiddi málið, en hún leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 234).

---

7. Stýrimannaskólinn.

Á 3. fundi í Nd., 16. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík [28. mál] (stjfrv., A. 29).

Á 5. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 29, n. 144).

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þar sem hv. frsm. sjútvn. er fjarverandi, vil ég skýra frá, að sjútvn. hefur haft frv. þetta til athugunar og hefur orðið sammála um að samþ. það með einni breytingu, þess efnis, að 5. gr. frv. falli niður, en hún var þess efnis, að bætt skyldi við einum föstum kennara við stýrimannaskólann. Eftir að hafa athugað þetta og rætt við skólastjórann, leit nefndin svo á, að ekki bæri nauðsyn til að festa embætti þetta í lögum, þar sem þegar er séð fyrir þessari kennslu. Annars er meginefni frv. að breyta kennslu stýrimannaskólans samkv. tillögum þeirra manna, er þar starfa, og leggur nefndin til, að það verði samþ. með þeirri breytingu, er áður getur.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég þakka hv. sjútvn. fyrir afgreiðslu þessa máls, svo og fyrsta máls, sem tekið var fyrir á þessum fundi.

Ég sé, að nefndin hefur ekki getað fallizt á tillögur ráðuneytisins að öllu leyti og þykir ekki ástæða til að festa þetta embætti í lögum, og telur, að þegar sé séð fyrir þessari kennslu á annan hátt. Mér er ekki kunnugt um ástæðu nefndarinnar fyrir þessu, úr því að hún vill, að skólanum sé séð fyrir nægilegri kennslu, og þá ekki ástæða til að vefengja skoðun skólastjóra. Meginefni frv. er, að skólanum sé séð fyrir nægilegri kennslu, og ef þetta fyrirkomulag reynist ónógt, þá er hægt að breyta því, og ef skólastjóri telur síðar, að nauðsynlegt sé að festa þetta embætti í lögum, þá má fara eftir þeim ráðum síðar. Ég fellst því á þessa breytingu nefndarinnar.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að formaður sjútvn. átti tal við skólastjóra stýrimannaskólans, og fullyrti hann, að kennsla í skólanum biði ekkert tjón við það, þó að þetta embætti væri ekki lögfest, og eftir þetta samtal ákvað nefndin þá breytingu, að þetta embætti skyldi ekki lögfest að sinni, en n. er þeirrar skoðunar, að ef þörf krefur, þá beri að festa þetta embætti.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það gleður mig að heyra þetta, og er mér því ljúfara að fylgja till. nefndarinnar eins og hún liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 144 (5. gr. falli burt) samþ. með 18 shlj. atkv.
6. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 23. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 177, n. 209).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Nefndin hefur athugað frv. og rætt um það við skólastjóra stýrimannaskólans. Í hv. Nd. var frv. nokkuð breytt, og mun það hafa verið af nokkrum misskilningi, vegna þess að hv. d. leit svo á, að með því að lögbinda það, sem í frv. stendur um kennaralið skólans, væri verið að stofna til aukins kostnaðar við skólann, en það er ekki svo. Þær kennarastöður, sem um ræðir í frv., hafa verið við skólann 2 s. l. ár, og hafa kennararnir verið á föstum launum, svo að það breytir engu um kostnaðinn, þó að þessar stöður verði ákveðnar með lögum, og auk þess hefur verið allmikið um aukakennslu við skólann, svo að fremur virðist þörf á að auka þar fasta kennslukrafta en skerða. Það er því skoðun n., að færa beri frv. í sitt upphaflega horf. Um þetta var enginn ágreiningur í n. og ekki heldur milli n. og skólastjórans. En n. leggur til, að önnur breyt. verði gerð á frv., þess efnis, að 3. málsgr. 3. gr., eins og hún er í frv. á þskj. 177, falli niður. Það hefur verið gert ráð fyrir því, þegar frv. var samið, að kennslu í þýzku skyldi hætt, en eins og er, eru 4 tungumál, íslenzka, danska, enska og þýzka, kennd við skólann, og hefur svo verið lengi. Leit skólastjórinn svo á, að þýzkukennslunnar væri ekki þörf og væri rétt að fella hana niður, og því hafði 3. málsgr. 3. gr. verið sett í frv. Á þetta getur n. ekki fallizt. Nú er það svo, að þýzka er aðeins kennd í farmannadeild, en ekki í fiskimannadeild, en það ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að bæta þar við þýzkukennslu, og mætti setja um það sérstaka reglugerð, en ef frv. er samþ. óbreytt, þá er útilokað, að þýzkukennsla geti fram farið, en það telur n. mjög óheppilegt. Það er svo á valdi skólastjórans, hve mikla áherzlu hann leggur á þýzkukennsluna. Hann getur ákveðið um það, en n. sér ekki ástæðu til að fyrirmuna skólanum að kenna þetta tungumál, vegna þess að farþega- og flutningaskip okkar hafa mikil viðskipti við Þýzkaland og hafa raunar alltaf haft síðan 1925, og sum árin hefur jafnvel verið siglt á þýzkumælandi lönd eins mikið og á enskumælandi lönd, og það er vægast sagt mjög óþægilegt fyrir yfirmenn skipanna að vera mállausir í miklum viðskiptalöndum. N. þykir því ekki tilhlýðilegt að fella niður þýzkukennsluna. Fiskiskipin sigla einnig á Þýzkaland, og þurfa því yfirmenn þeirra að kunna þýzku líka, ekki síður en ensku. Það væri því eðlilegra að taka upp þýzkukennslu í fiskimannadeild en fella hana með öllu niður við skólann. Það væri kannske eðlilegast að fella niður dönsku, ef eitthvað á að skerða málakennsluna, því að siglingar til Danmerkur eru minni en til Þýzkalands og Englands, en það þykir þó ekki heldur gerlegt, þar eð mikið af kennslubókunum við skólann er á dönsku, þótt undarlegt megi virðast. Það hefur ekki tekizt að útvega kennslubækur á íslenzku, og er það raunar til lítils sóma fyrir þjóðina, en meðan svo er, er ekki tiltækilegt að gera till. um að fella dönskukennsluna niður. Brtt. n. fara því fram á það, að kennslunni verði hagað sem áður og að þeir, sem nú eru kennarar þar, verði skipaðir fastakennarar, en þeir eru 3 í siglingafræði og einn í tungumálum. N. leggur því til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem um getur á þskj. 209. Einn nm., hv. 6. landsk., var ekki á fundi, þegar málið var afgr., og veit ég ekki um afstöðu hans. Leyfi ég mér að lokum að leggja til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem ég nú hef lýst.

ATKVGR.
Brtt. 209,1 (1. gr. falli niður) samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 209,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 209,3 (ný 4. gr., verður 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 31. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 32. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Pétur Ottesen): Ed. hefur gert lítils háttar breytingar á þessu frv. frá afgreiðslu þess hér síðast. Þessar breyt. eru m. a. fólgnar í því, að hv. Ed. hefur ekki getað fallizt á þá till. skólastjóra stýrimannaskólans að fella niður viss ákvæði um inntökuskilyrði í farmannadeildina. Enn fremur vill sjútvn. deildarinnar láta standa, að haldið verði áfram kennslu í þýzku, sem raunar stóð opið að gert yrði, þótt frv. hefði verið samþ. óbreytt. — Hin breyt. er í því fólgin, að sjútvn. þessarar deildar hafði lagt til, að ekki yrði lögfest að þessu sinni að fjölga kennurum í farmannadeildinni. Það hafði ekki í greinargerð fyrir þessu frv. verið gerð nein grein fyrir þessari fjölgun, og þótt sjútvn. Nd. væri kunnugt um, að þetta væri ekki raunveruleg breyting frá núverandi kennslufyrirkomulagi skólans, þá leit hún svo á, að það væri ekki ástæða til að lögfesta fjölgunina. En nú hefur Ed. lagt til, að þetta verði lögfest. Sjútvn. Nd. þykir ekki ástæða til að fara nú að gera breytingu á frv. og hrekja málið með því á milli deilda og vill leggja frv. á vald þessarar hv. deildar eins og það kom frá Ed.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það er rétt hjá hv. formanni sjútvn., að við leggjum ekki til, að gerðar verði breytingar á þessu frv. En ég vil láta í ljós þá persónulegu skoðun mína, að það var ástæðulaust af Ed. að fella niður þá gr. frv., sem leyfði, að þýzkukennsla yrði felld niður. Um hitt atriðið, að lögfesta 4 fastakennara við skólann, má segja, að Ed. hafi litið öðrum augum á það atriði en við, því að í rauninni hefur þetta verið framkvæmt á þennan hátt, sem frvgr. segir, og lög í þá átt því ekki annað en staðfesting á framkvæmdinni. En mér finnst, að Ed. hefði þá átt að hafa sama hátt á hinu, að fella niður úr l., að skylt sé að kenna þýzku, því að það er ekki annað en viðurkenning á staðreynd, og þá staðreynd óskar skólastjóri að fá staðfesta. Það þarf ekki kennara til að sjá og skilja það, að í 18 mánaða skóla er ekki hægt að kenna 3 tungumál, svo að gagni megi verða. Nú er það svo í l., að það á að kenna 3 tungumál við skólann, en raunin hefur orðið sú, að þýzka hefur fallið niður, en aðeins kenndar enska og danska. Sá, sem hefur lært nokkuð í málum, veit, að í 18 mánaða skóla, þar sem kenndar eru svo tímafrekar greinar sem siglingafræði, þá er mjög erfitt að bæta þýzkunámi ofan á. Nú er meira en 7 tíma kennsla á hverjum degi, og þar af fara 2 tímar í ensku og dönsku, og má því nærri geta, að erfitt er að bæta þýzkunni við, og hæpið, að enska sé kennd nægilega.
Ég ætlast ekki til, að þessi hv. deild fari að hrekja málið á milli deilda, en ég vildi aðeins vekja athygli á þeirri skoðun minni, að Ed. hafi ekki haft ástæðu til að gera þá breytingu á frv., sem hún gerði.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 263).

---

8. Meðferð einkamála í héraði.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði [21. mál] (stjfrv., A. 21).

Á 3. fundi í Ed., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það hefur þótt rétt, að ritari forseta Íslands hefði sama rétt til embættisgengis og aðrir starfsmenn, sem taldir eru í l. um meðferð einkamála í héraði frá 23. júní 1936. Svo hefði eflaust verið gert, ef embætti ritarans hefði verið til 1936, er l. voru sett, og er hér því nánast um eðlilega leiðréttingu að ræða. Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv., en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 149).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. þetta er um það að láta þriggja ára starfstíma ritara forseta Íslands veita sama rétt til embættisgengis og sama starfstíma við ýmis önnur störf, og er þetta frv. um breyt. á 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.
Allshn. hefur athugað þetta frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Það hefur komið fram við nánari athugun á frv., að það fellur ekki inn í lögin rétt, eins og það er orðað, og vil ég því leggja fram örlitla breytingu. Er hún um það, að þar sem stendur í frv. nú: „Hafi enn fremur 3 ár samtals verið alþingismaður, skrifstofustjóri Alþingis eða fulltrúi í skrifstofu þess, skrifstofustjóri eða fulltrúi í stjórnarráðinu, fulltrúi héraðsdómara, þar á meðal borgardómara, borgarfógeta og sakadómara í Reykjavík, eða fulltrúi lögreglustjórans þar, lögreglustjóri eða bæjarstjóri, ritari forseta Íslands", bætist nú við: bankastjóri — o. s. frv.
Leyfi ég mér að leggja fram þessa brtt. til forseta.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 175) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 175 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 23. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 176).
Á 24. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 176 er upphaflega flutt að tilstuðlan dómsmrn. Miðar það að því, að ritari forseta Íslands geti, auk þeirra manna, sem á undan eru taldir, skipað dómarasæti. Í raun og veru er hér aðeins um leiðréttingu að ræða, og vonast ég til, að því verði að lokinni umr. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 176, n. 256).

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það er lítið um þetta mál að segja. Nefndin var sammála um að mæla með því; einn nefndarmanna var reyndar ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt. Ég hygg, að þessar breytingar geti ekki valdið ágreiningi, og vænti ég þess, að deildin geti fallizt á frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 328).

---

9. Hegningarlög.

Á 17. fundi í Sþ., 22. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 1940 [106. mál] (stjfrv., A. 193).

Á 24. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í 2. mgr. 256. gr. hegningarlaganna, í 26. kafla, sem fjallar um auðgunarbrot, segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ef tjón af brotinu nemur ekki yfir 50 krónur, og engin sérstök atvik auka saknæmi þess og sökunautur hefur ekki áður reynzt sekur um auðgunarbrot, skal því aðeins opinbert mál höfðað, að sá krefjist þess, sem misgert var við." En annars er reglan sú, að ákæruvaldinu ber að höfða mál, þó að engin krafa hafi komið fram. Frá því að hegningarlögin voru sett, 1940, hefur átt sér stað mikil breyting á verðgildi peninga, en þetta ákvæði hefur haldizt óbreytt. Þetta hefur orðið til þess, að skylt hefur verið að höfða mál út af smávægilegum sökum. Það þykir því full ástæða til að breyta þessu ákvæði og setja nýtt takmark, og má deila um, hve hátt það eigi að vera, en okkur þótti réttast að miða við 500 kr., þó að verðgildi peninga hafi að sjálfsögðu ekki rýrnað svo mikið, en það er auðvitað alltaf álitamál, hvar setja skuli takmarkið, en það þótti eðlilegast að miða við þetta. Hér er því einungis um að ræða samræmingu við megintilgang hinna upphaflegu laga. Ég vil svo óska, að frv. þessu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 193, n. 218).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Allshn. hefur haft mál þetta til meðferðar og leggur til, að frv., eins og það er á þskj. 193, verði

samþ. með þeirri breyt., að í staðinn fyrir upphæðina, sem í frv. er tilgreind, 500 kr., komi 1000 kr. Þetta leggur nefndin til sökum þess, að það er nú orðið svo með hlutina í okkar landi, að það getur verið um smávægilega yfirsjón að ræða, þó verðgildi þess munar, sem um er að ræða, geti komizt upp í 1000 kr., og einnig vegna þess, að kostnaður við málarekstur er svo mikill, að hvert opinbert mál kostar þetta og meira, og enn fremur með tilliti til þess, að það eru settir aðrir varnaglar í 256. gr. l., eins og hún er og verður, þar sem gert er ráð fyrir, að þetta sé því aðeins, að engin sérstök atvik auki saknæmi brots og að sökunautur hafi ekki áður reynzt sekur um auðgunarbrot. — Sem sagt, n. leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem n. ber fram á þskj. 218.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka hv. allshn. fyrir greiða afgreiðslu þessa máls og vil fyrir mitt leyti mæla með þeirri breyt., sem n. gerir till. um.

ATKVGR.
Brtt. 218 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 228).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 31. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 32. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 228, n. 273).

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Frsm. allshn. hefur ekki getað komið á þennan fund vegna lasleika, og vil ég því segja hér nokkur orð.
Eins og frv. ber með sér, eru breytingar laganna í því fólgnar, að viðurlög við afbrotum eru nokkuð hækkuð. Gildi peninga hefur raskazt mjög mikið, og því eru sektarákvæði hækkuð nokkuð í krónutali. Önnur breyting er ekki, og ég vænti þess, að hv. deild geti fallizt á þetta. Nefndin leggur einróma til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 329).

---

10. Aðstoð til bænda á óþurrkasvæðunum.

Á 3. fundi í Ed., 16. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um aðstoð til bænda á óþurrkasvæðunum á Austur- og Norðurlandi [24. mál] (stjfrv., A. 24).

Á 5. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Mér þykir sanngjarnt, að fram komi ýtarlegri grg. fyrir þessu máli en ég mun flytja við þessa umr. Ég geri ráð fyrir því, að þær upplýsingar komi fram í n. þeirri, sem fjallar um þetta mál, en það verður sennilega fjhn. Mun hún þá kalla fyrir sig þá menn, sem af hálfu ríkisstj. rannsökuðu þetta mál og gerðu um það ýtarlega skýrslu, sem er það umfangsmikil, að ekki þótti eðlilegt að prenta hana með þessu frv.
Það var á s. l. sumri, að auðsætt þótti, að óvenjulegir óþurrkar herjuðu Austurland og reyndar einnig sum önnur svæði landsins. Það er talið, að slíkir óþurrkar muni ekki hafa komið nema e. t. v. einu sinni á þessari öld. Víða á þessum svæðum voru óþurrkarnir með þeim fádæmum, að ótrúlegt má telja, svo að sums staðar hafði ekki tekizt að afla svo að segja neinna heyja nú, þegar átti að taka gripi á fóður.
Ég og búnaðarmálastjóri ræddum um þetta mál. Niðurstaðan af þeim umr. varð sú, að ákveðið var að ræða þetta mál í ríkisstj., og var það gert. Þar stakk ég upp á því, að samstarfsflokkarnir í ríkisstj. tilnefndu sinn manninn hvor til að rannsaka þetta mál, og varð það niðurstaðan. Raunverulega var sá maður, sem ég átti þátt í að tilnefna, sjálfkjörinn, vegna þess að það var búnaðarmálastjórinn, sem af eðlilegum ástæðum er svo að segja sjálfkjörinn til þess að athuga þessi mál. Sjálfstfl. nefndi til af sinni hálfu Árna G. Eylands stjórnarráðsfulltrúa. Þessir menn tóku sér ferð á hendur og ræddu við bændur á óþurrkasvæðunum og öfluðu sér mjög ýtarlegra upplýsinga, að því er þeir telja, og hef ég ekki ástæðu til að draga það í efa. Þessir niðurstöður lögðu þeir síðan fyrir ríkisstj.
Það var þegar auðsætt, eftir að þessi skýrsla lá fyrir, að um tvennt var að velja: Annaðhvort varð ríkisstj. að hlaupa undir bagga eða stórkostlegur niðurskurður hlaut að verða á búpeningi, ekki aðeins í sveitunum, heldur einnig í þeim mörgu tugum sjávarþorpa á þessu svæði, þar sem sjómenn og verkamenn lifa jöfnum höndum á landbúnaði og sjávarútvegi, því að það skal tekið fram í þessu sambandi, eins og skýrslurnar líka bera með sér,

að ekki lítill hluti af þessari hjálp fer einmitt til þess að styrkja fólk í sjávarþorpunum, sem eru mjög mörg einmitt á þessu svæði. Það er bersýnilegt, að eftir stórfelldan niðurskurð hefði talsverður hluti af þeim, sem þar búa, flosnað upp, því að bú manna á þessu svæði eru svo lítil, einhver þau minnstu á Íslandi, að bændur þar þola ekki neina minnkun á bústofni sínum, einkanlega þó vegna þess, að einmitt á þessu svæði voru harðindin 1949 einna mest og svo geigvænleg, að fátítt er.

Eftir að þessi rannsókn lá fyrir, var ríkisstj. á einu máli um að velja þá leið, sem ég er ekki í vafa um, að hyggilegust er, að hjálpa þessum mönnum til sjálfsbjargar og reyna að koma í veg fyrir verulega fækkun á bústofninum, og það er gert m. a. með þeim hætti, sem fram kemur í frv. Niðurstaðan varð því sú að hjálpa þeim, sem höfðu 20% rýrnun eða meira frá meðalheyskap, og er þá ekki tekið tillit til þess, að sá heyfengur, sem menn hafa getað aflað, er stórkostlega skemmdur, svo að hann er alls ekki 80% af venjulegum heyfeng, en þeir, sem hafa orðið fyrir minna tjóni en ⅕ reiknað eftir þessum reglum, fá enga hjálp.

Ég tel rétt að taka fram þegar við 1. umr. þessa máls, að ég hygg, að fáir muni bera á móti því, að eðlilegt hafi verið að veita þessa hjálp, en ummæli hafa komið fram um það, að óeðlilegt hafi verið að skipa þá menn, sem til þess voru kvaddir að rannsaka þessi mál, þar sem annar þeirra er fulltrúi fyrir það hérað, sem mestrar aðstoðar þarf við í þessu sambandi, en hinn var frambjóðandi í sama kjördæmi. Eins og ég sagði áðan, var það sjálfsagt, að búnaðarmálastjóri starfaði að þessum málum, og útilokað að láta hann víkja frá því starfi fyrir það, að hann er þm. fyrir eitt af þeim kjördæmum, sem hér eiga hlut að máli, og ég fullyrði, að sá maður, sem Sjálfstfl. kvaddi til þessarar rannsóknar, er vel valinn til þessa starfs, og það er einu sinni svo, sem betur fer, að margir menn eru svo gerðir, að þótt þeir eigi að rannsaka mál, sem snertir hag m. a. þeirra, sem þeir eru að einhverju leyti umbjóðendur fyrir, þá rannsaka þeir málin ekki síður gaumgæfilega fyrir það og kannske aldrei með meiri samvizkusemi en þegar svona stendur á, og mín athugun á þeirri vinnu, sem þar hefur verið gerð, hefur sannfært mig um það, að með þeim hætti hefur verið að þessum málum unnið. Því miður er það líka þannig, að þessi hjálp, sem hér er veitt, er ekki svo mikil sem vera þyrfti vegna þess, að vetur lagðist óvenjulega fljótt að, svo að bersýnilegt er, að bændur geta ekki treyst á það, að þessi hjálp komi að öllu leyti að því liði, sem þeir töldu ástæðu til að treysta fyrir nokkru síðan, því að vetur hefur lagzt svo snemma að, að þeir hafa orðið að taka upp slátrun á ný víða og voru þó áður búnir að fækka meira en venjulegt er, áður en hin endurtekna fækkun átti sér stað nú.

Liðsemd sú, sem veitt er, er á þann hátt, að ⅔ af hjálpinni er veitt sem lán, en ⅓ óafturkræf aðstoð, eða þar um bil. Þessi lán og aðstoð er veitt í samræmi við þá skýrslu, sem þessir tveir nm. hafa gert og byggð er á rannsókn þeirra. Er tilhögunin þannig, að þessi lán og óafturkræfa aðstoð verður veitt í samræmi við þessa skýrslu til hreppanna, en síðan á hver hreppsnefnd að sjá um skiptinguna í sinni sveit, en það er gert ráð fyrir, að Búnaðarbankinn hlaupi undir bagga og veiti þessi lán, og er raunar frá því gengið, ef ekki koma einhver óvenjuleg atvik fyrir, sem kæmu í veg fyrir það.

Ég ætla svo ekki að orðlengja meir um þetta mál. Það verður að sjálfsögðu athugað í n., og verða þeir menn, sem rannsóknina hafa framkvæmt, kallaðir fyrir nefndina til að gefa ýtarlegri skýrslu um allar aðstæður.

Ég óska svo, að málinu verði vísað til 2. umr., og tel eðlilegast, að það fari til fjhn.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil leyfa mér að taka fram í sambandi við þetta frv. nú þegar við þessa umr., að ég tel, að það hafi verið rétt af hæstv. ríkisstj. að láta þá rannsókn fram fara, sem gerð hefur verið á afleiðingum óþurrkanna á þeim svæðum, sem þar urðu fyrir þyngstum búsifjum. Ég álít, að það hafi verið sjálfsagt að vinda bráðan bug að því að athuga, hvernig ástandið væri. Ég skal enn fremur játa það, að þótt nokkuð óvenjulegt sé að gefa út bráðabirgðalög svo skömmum tíma áður en þing kemur saman, þá virðist mér þær ástæður hafa verið fyrir hendi, sem réttlættu það, vegna þess hvað sláturtíð var nærri, þegar bráðabirgðalögin voru gefin út, og hlaut að vera að mestu afstaðin, þegar þing kæmi saman.

Hæstv. ráðh. gat þess, að ríkisstj. hefði hlotið nokkurt ámæli fyrir að velja þm. þess kjördæmis, sem harðast mun hafa orðið úti, og enn fremur frambjóðanda úr þessu kjördæmi til að athuga heyfeng manna á óþurrkasvæðinu. Ég veit ekki, hversu mikið ámæli hæstv. stj. kann að hafa hlotið af vali þessara manna, en báðir eru þeir ágætis- og sómamenn. En ég held þó, að vel hefði mátt takast að finna vel hæfa menn til þessarar athugunar, sem minna voru tengdir t. d. íbúum Norður-Múlasýslu en þessir tveir hv. nefndarmenn. Ég hefði talið það áferðarfallegra, að hvorugum þessara manna hefði verið falin þessi athugun, sérstaklega með tilliti til Norður-Múlasýslu, sem harðast varð úti. Þetta er engan veginn persónulegt ámæli í þeirra garð. Ég veit, að þeir eru valinkunnir sómamenn, eins og allir vita. En þeim er nauðsynlegt að halda vinfengi við kjósendur sína, og einhvern tíma kemur að kosningum, og þá er þeim nauðsynlegt að hafa ekki spillt vinfengi þeirra. Þetta er sagt í fullri vinsemd, en engan veginn til að draga samvizkusemi þeirra í efa.

Hæstv. ráðh. gat þess í ræðu sinni áðan, að ætlunin væri, að af þessari upphæð, 4½ milljón, sem á að veita samkv. 1. gr. frv., ætti að veita ⅔ að láni, en ⅓ styrk. Ég vil spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvers vegna þetta er ekki tekið inn í 1. gr. beinlínis, hvað skuli vera lán og hvað óafturkræft framlag, en eins og gr. er, þá á að veita lán og framlag samkvæmt reglum, sem rn. setur. Einnig leyfi ég mér í sambandi við 2. gr. að spyrja ráðh., með hverjum hætti úthlutunin er hugsuð, hvort hún er eingöngu miðuð við það, sem á skortir venjulegan heyafla, við fóðurbrestinn eða við efnahag bænda.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er nú ánægjulegt að heyra, að gert er ráð fyrir, að flestir séu sammála um, að þessi rann-

sókn væri gerð og gefin út bráðabirgðalög. En það hefur ekki við rök að styðjast, og andmæli ég því að gefnu tilefni, sem sagt hefur verið um ríkisstj. í einu dagblaðanna hér í bæ í þessu sambandi.

Þeir, sem finna að því, að þessir menn hafi rannsakað þetta, hefðu gott af að hugleiða það, hvort þeir menn, sem rannsökuðu kreppulánin til sjávarútvegsins, hafi ekki verið úr sjávarútvegskjördæmum. (**HG:** Ég fullyrði, að aldrei hafi verið skipuð slík nefnd, og bið ég ráðh. að nefna dæmi.) Ég er fullviss um, að þessir menn hafa unnið samvizkusamlega, og eðlilegast er, að þeir, sem málunum eru kunnugastir, vinni að þeim. Viðvíkjandi skiptingu í styrki og lán, þá hef ég ekkert á móti því, að það sé tekið til athugunar í þeirri nefnd, sem um það fjallar, en viðvíkjandi hinu aftur, hvort taka á tillit til efnahags, er því þannig varið, að þessum lánum er skipt á hreppana, og hreppsn. skipta þeim svo aftur á einstaklingana. Finnst ríkisstj. þetta vera eðlilegasta lausnin.

Það er möguleiki á því að taka tillit til efnahagsins, þótt þetta sé fyrst og fremst hjálp til allra vegna óvenjulegra óþurrka. Og tjónið er þannig, að við, sem búum í þessum landshlutum, Vestur- og Suðurlandi, gerum okkur ekki í hugarlund, fyrr en við höfum lesið það, hvernig veðráttan hefur verið, og hver ósköp fólkið hefur átt við að búa.

Finnst mér svo ekki ástæða til að fjölyrða um *málið að sinni.*

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hæstv. ráðherra gerir tillögu um, að þetta mál fari í fjhn., sem ég á sæti í. Finnst mér því rétt að minnast á eitt atriði, áður en málið fer í nefnd.

Ráðh. sagði, að það hefði ekki verið hægt annað en gefa út bráðabirgðalög þau, sem prentuð eru á þskj. 24. Ég vil benda á, að á síðasta þingi voru samþ. lög um bjargráðasjóð, og í 5. gr. þeirra laga stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Bjargráðastj. skal gæta vel að öllu, er bendir til þess, að yfirvofandi hallærishætta sé fram undan, og skal hún vera ríkisstj. til ráðuneytis um ráðstafanir, sem miða að því að afstýra hallæri.“ Verkefni bjargráðastj. er því að sjá um þetta; í 1. gr. er ákveðið verkefni sjóðsins, í 9. gr. er ákveðið, hvernig tekjum sjóðsins skuli skipt, og í 11. gr. er ákvæði um að veita styrk úr sjóðnum.

Ég sé ekki annað en þessi lög heimili ríkisstj. sömu aðstoð og brbl. gera, því að í 14. gr. segir, að heimilt sé að veita bjargráðasjóði lán, ef hann er í fjárþröng. Mér hefði fundizt eðlilegast, að þetta væri notað og bjargráðasjóður sé notaður, því að honum er ætlað þetta hlutverk. En eðlilegt er, að frv. verði breytt þannig, að 4½ millj. yrðu látnar renna til bjargráðasjóðs, og hann úthlutaði þeim á þann hátt, sem honum er ætlað.

Bjargráðasjóður er ekki nægilega sterkur til þess að mæta áföllum þessum, en í 14. gr. er sagt, að heimilt sé að styrkja sjóðinn, og eðlilegt er, að þetta fé renni til sjóðsins og stjórn sjóðsins fari svo með málið. Ef bjargráðasjóður hefði fé, þyrfti ríkisstj. ekki að skipta sér af málinu. Hér voru settar ákveðnar reglur á síðasta þingi, og eðlilegt væri, að farið yrði með féð samkv. þeim.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er ekkert óeðlilegt, að þingmönnum komi þetta úrræði í hug, því að ríkisstj. var með það á prjónunum lengi framan af. Ekki vegna þess, að bjargráðasjóður hafi svipað fjármagn til umráða og til þarf. Þess vegna hefði orðið að láta féð í bjargráðasjóð og lána það út f. h. ríkissjóðs. En það er ekki auðvelt að hafa þetta fyrirkomulag og raunar útilokað, vegna þess að lagðar eru fram skýrslur um fóðurbirgðavöntunina í hverjum hrepp, og þessir menn gera svo till. um, hvað hver hreppur eigi að fá í óafturkræfu framlagi. Ef átti að koma í veg fyrir niðurskurð, þurftu bændur að vita um það. Ríkisstj. hafði aðeins 2—3 daga til að ákveða, hve mikið skyldi veitt, og bar það svo bráðan að, að hún sendi símskeyti til allra oddvita um það að hafa tilbúinn fund í hreppunum næsta dag og segja til um, hverju skyldi slátrað. Þessi lánaákvörðun, sem varð að taka innan þriggja daga, gerði það ókleift að veita lánin svona, því að þá þyrfti að kalla á stjórn bjargráðasjóðs og segja henni að veita lánin eftir þessari reglugerð. Við ætluðum að gera þetta fram á síðustu stund, en sáum, að það var ekki hægt.

En viðvíkjandi því, að ráðh. hafi með þetta að gera, þá er það ekki rétt. Í fyrsta lagi er hið óafturkræfa framlag veitt til hvers hrepps eftir tillögum nefndarinnar. Síðan er það hreppsn., sem ákveður, hvernig lánunum er skipt. Er enginn efi á því, að hver hreppsn. geri það eins samvizkusamlega og henni er unnt. Viðkvæmni manna fyrir slíkum málum má sjá af því, að tveir sjálfstæðisþingmenn sögðu, er ég bað þá um hey í harðindunum 1949: „Við seljum ekki heyið nema fyrir það, sem það var í haust.“

Tel ég, að ómögulegt sé að hafa réttlátari hátt á úthlutuninni. En til þess að bændur fengju að vita um þessa hjálp, svo að þeir gætu hagað slátrun sinni eftir henni, varð ég að framkvæma þetta samstundis.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Er ég sá síðari hluta ágústmánaðar, að engin taða og ekkert úthey var komið inn á einum einasta bæ frá miðri N.-Þingeyjarsýslu og að Vík í Mýrdal, hafði ég áhyggjur af, að bændum yrði ókleift að halda stofni sínum. Þess vegna skrifaði ég ríkisstj. um málið 25. ágúst. Að fara þá að skrifa bjargráðastjórn og spyrja hana, var þýðingarlaust. Ég benti á, að hætta væri á, að illa yrði sett á, ef ekkert yrði gert til að tryggja góðan ásetning; fóðurbætir yrði því að verða til nægur, og jafnframt mundi þó verða að fækka, en það þyrfti að verða sem minnst, þar sem búin væru víða svo lítil, að mönnum veitti fullerfitt að lifa af þeim nú, eins og búskaparhættir væru.

Frá 25. ágúst breyttist ástandið verulega. Ekkert úthey var þá komið inn, en taðan í S.-Þingeyjarsýslu og parti af N.-Þingeyjarsýslu og S.-Múlasýslu. En úr því að kom fram undir mánaðamótin ágúst—september kom þurrkur í V.- og A.-Skaftafellssýslum og heyið náðist, og sveði, sem ég hélt að yrði verst, varð sæmilegt, en þá var mikið úti af heyi í S.- og N.-Þingeyjarsýslum og S.- og N.-Múlasýslum. Ég held, að hv. 4. þm. Reykv. (HG) þurfi ekki að hafa áhyggjur af því, að við öflum okkur vinsælda af þessu máli, því að til þess að bæta upp fóðurvöntunina þarf 18—19 millj., svo að ég er alveg viss um, að við fáum frekar van-

þakklæti en þakklæti, og hv. 4. þm. Reykv. fengi áreiðanlega að heyra það, ef hann kemur á fundi með okkur í sumar. Eins og hæstv. landbrh. hefur tekið fram, á að skipta þessu fé milli sveitarfélaganna, og á þeim svæðum, þar sem bændur fá ekki að slátra nema einn dag á hausti, var þeim sérstaklega nauðsynlegt að fá að vita í tíma, hverrar aðstoðar þeir máttu vænta, áður en þeir fóru að slátra. Ég veit, að þessi aðstoð verður til þess, að talsvert meira verður sett á og að búpeningnum fækkar ekki eins og annars hefði orðið; enn fremur að fólkið í þorpum og kaupstöðum á þessu svæði lendir ekki í algerum mjólkurskorti, sem ella hefði orðið, ef ekki hefði verið horfið að þessu ráði. Hins vegar veit ég það líka, að þrátt fyrir þessa aðstoð munu talsvert margir bændur neyðast til þess að fækka bústofninum og koma til með að þurfa að berjast mjög í bökkum til þess að hafa nóg handa sér og sínum af þeim skepnum, sem þeir halda eftir. Þá vil ég taka það fram, að hér er ekki um það að ræða út af fyrir sig, að vinna bænda á þessum svæðum hefur í sumar gefið þeim lítið í aðra hönd og að lítið hefur heyjazt, heldur hitt, að afleiðingin hefði orðið, ef engin aðstoð hefði komið til, að stofninn, sem þeir eiga að lifa af — ekki aðeins í ár, heldur í framtíðinni, — hefði horfið og orðið að engu. Þetta er ekkert sambærilegt við það, þótt maður hafi lítið upp úr sér á sjónum á vertíð. Í því tilfelli gengur það út yfir líðandi ár og sjómaðurinn getur bætt sér tjónið upp á næstu vertíð. Hér er hins vegar um það að ræða að afla fóðurs handa skepnum, sem bóndinn á lífsafkomu sína undir á næstu árum, og þetta gerir það að verkum, að þessi aðstoð er að mínum dómi miklu réttlátari en annars konar aðstoð, sem ríkið hefur áður veitt og ég hef oft getað deilt um. Ég geri ráð fyrir því, að n. ræði þetta mál nánar, en vil taka fram, að hrepparnir hafa enn ekki fengið neitt af þessu fé, en búið er að tilkynna þeim, á hverju þeir eiga von, og þeir hafa gert sínar ráðstafanir innbyrðis um skiptingu á fénu milli hinna einstöku bænda, og eftir því hafa þeir svo getað gert sínar áætlanir um fóðurbæti eða hey handa því búfé, sem þeir setja á í vetur, og þar sem ég hef á hendi eftirlit með fóðurbirgðum og ásetningu í landinu, hef ég tvívegis lagt mjög ríka áherzlu á það við bændur að gæta þess vel að setja ekki óvarlega á og fækka heldur búfénu, ef hætta er á, að aðstoðin hrökkvi ekki.

Í sambandi við það, sem hv. 4. þm. Reykv. var að tala um, get ég upplýst, að nokkrir hreppar, sem búnir eru að taka sínar ákvarðanir um skiptingu á fénu, hafa tekið aðstæður manna mjög til greina. Mér er kunnugt um, að bændur, sem hafa heyjað mjög lítið og þess vegna þurfa að fækka búfé verulega, hafa enga aðstoð fengið, af því að hreppsn. vissu, að fjárhagur þeirra var þannig, að þeir gátu sjálfir keypt fóðurbæti eða hey. Ég veit, að hreppsn. hafa sums staðar gætt þessa sjónarmiðs, og geri ráð fyrir, að svo sé alls staðar. Við Árni Eylands höfum reynt að skipta þessu fé milli hreppanna, eftir því sem okkur þótti réttlátast, þannig að við veitum þeim sveitarfélögum aðeins lán, þar sem við vissum að bændur eru sæmilega vel stæðir, en létum þau sveitarfélög fá tiltölulega meiri fjárframlög og minni lán, þar sem menn eru illa stæðir og berjast í bökkum. Við höfum hins vegar ekki getað komið inn á hvert heimili á þessum svæðum, en höfum talað við hvern einasta oddvita í Austur-Skaftafells-, Múla- og Þingeyjarsýslum nema tvo, sem gátu ekki komið á fund, en við þá töluðum við í síma. Enn fremur áttum við tal við sýslumenn, kaupmenn, kaupfélagsstjóra og aðra oddamenn, sem ráð hafa í bæjarstjórnum, og loks höfum við haft samráð við búnaðarsamböndin á þessum svæðum. Við höfum því reynt að fá eins glöggar upplýsingar um þessi mál og kostur var á og höfum keppt að því að leysa þetta starf af hendi eins samvizkusamlega og við gátum, og ég er viss um það, að það, sem ég fæ fyrir þetta hjá mínum kjósendum og Árni hjá sínum, verða ekki þakkir, heldur vanþakklæti fyrir að vera ekki nógu aðgangsfrekir við ríkisstj. um ríflegri aðstoð þeim til handa, enda er þeim bændum vissulega vorkunn, sem eru búnir að stríða við að heyja handa skepnunum, en standa svo uppi nær fóðurlausir og fá svo ekki aðstoð frá því opinbera nema kannske handa helmingnum.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir þau svör, sem hann gaf við fsp. minni um það, eftir hvaða reglum þessari aðstoð væri úthlutað. Var svar hans á þá leið, að fénu væri úthlutað til hreppsn. á hverjum stað og að þær úthlutuðu því til íbúanna. En mér skildist, að hreppsn. hefðu engar reglur verið settar um það, hvernig þær skyldu haga sér eða að þeim bæri að taka tillit til efnahags manna. Nú hefur hv. 1. þm. N-M. upplýst, að honum sé kunnugt um, að hreppsn. hafi sums staðar úthlutað þessari aðstoð með tilliti til efnahags og ástæðna. En þar sem þetta er lagt á vald hlutaðeigandi hreppsn. án fyrirmæla frá ríkisstj., er það augljóst mál, að við úthlutun í hinum einstöku hreppsn. geta mjög mismunandi sjónarmið verið lögð til grundvallar, og tel ég þetta mjög óheppilegt. Ég álít, að betur færi á því, að hreppsn. væru gefin ákveðin fyrirmæli og reglur um úthlutunina.

Það eru hörmulegar upplýsingar, sem hv. 1. þm. N-M. gefur hér í hv. d. Mér skilst, ef öllu rósamáli er sleppt, að hann sé að segja okkur, að hann hafi raunverulega lagt kjördæmi sitt í stórkostlega hættu með þessum störfum sínum fyrir norðan, og ég verð að segja það, að mér finnst það mistök hjá hæstv. landbrh. að hafa hagað þessu þannig, ef upplýsingar hv. 1. þm. N-M. eru réttar og ágizkanir hans á fullum rökum reistar, en það verð ég að draga í efa. Ég hygg, að það sé svo með Norðmýlinga eins og aðra, að þeir kjósi heldur að skerða bústofn sinn nokkuð og fá fjárstyrk fyrir heldur en að skera hann niður með öllu. Betri er hálfur skaði en allur, og vissulega er betra fyrir bændur á þessum svæðum að fá 4½ millj. kr. styrk heldur en ef þeir hefðu alveg verið látnir afskiptalausir. Mér er því nær að halda, að hv. 1. þm. N-M. hafi frekar unnið sér fylgi í kjördæmi sínu með þessum störfum heldur en óvinsældir, en í hvoru tilfellinu sem er væri æskilegast, að þetta mál hefði engin áhrif, hvorki til að veikja né styrkja aðstöðu hans í kjördæminu.

Þá fór hv. þm. út í samanburð á því, hver munur það væri fyrir bóndann að verða fyrir því að missa hey sín og sjómanninn og útgerðarmanninn hins vegar að verða fyrir aflabresti eitt sumar.

(**PZ:** Ég minntist ekki á útgerðarmenn.) Hann sagði, að fyrir bóndann þýddi þetta ekki aðeins tap á einu sumri, heldur líka tekjutap og útrýmingu á bústofni næstu ár. Það er nokkuð til í þessu, en þó ekki nema hálfur sannleikur. Hv. þm. gengur út frá því, sem ekki er rétt, að sá búpeningur, sem skorinn er niður, sé verðlaus, en okkur, sem kaupum afurðir bóndans, finnst annað. Ef bóndinn fækkar bústofni sínum um helming, fær hann fyrir það peninga, sem hann getur notað til þess að endurnýja bústofn sinn á næsta ári, en hvað hinn manninn snertir, sem verður fyrir aflabresti, þá er ekki víst, að hann eigi neitt til þess að leggja til hliðar í bili til þess að búa sig undir næsta ár. Svipað má segja um síldveiðimanninn, að hann notar tekjur sínar til þess að búa í haginn fyrir sig í framtíðinni. Það, sem ég á fyrst og fremst við, er það, að þótt bóndinn fækki bústofni sínum, er ekki beinlínis um fjárhagslegt tap að ræða, heldur er honum breytt í önnur verðmæti, sem síðar eru handbær til þess að afla framleiðsluverðmæta. Hins vegar er það rétt, að slíkt getur dregið úr tekjumöguleikum næsta sumar. En þessi hugleiðing hv. þm. leiðir til þess, að enn meiri ástæða er til að undirstrika, að um leið og ég lýsi ánægju minni yfir því, hversu hæstv. ríkisstj. var viðbragðsfljót til rannsóknar á ástandinu í þessum héruðum, að ég verð að harma, að hún hefur ekki verið jafnathugul á ástandið í öðrum héruðum landsins, sem hafa a. m. k. fengið jafnmikið áfall, t. d. Siglufjörður og fleiri staðir á Vestur- og Norðurlandi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 24, n. 97 og 98).

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., er lagt fram til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem sett voru snemma í s. l. mánuði, áður en þing kom saman, og í raun og veru er að miklu leyti búið að framkvæma l. eða ákveðið að framkvæma þau í aðalatriðunum.

Við 1. umr. þessa máls gáfu hæstv. landbrh. og búnaðarmálastjóri, hv. 1. þm. N-M., skýrslu um málið, og geta því sparazt talsverðar umr. nú.

Fjhn. ræddi málið allýtarlega og klofnaði um það, en klofnaði þó ekki illa, vegna þess að fjórir nm. fylgja frv., en hinn fimmti flaskaðist frá. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með þremur breyt., sem allar mega heita smávægilegar. Álit meiri hl. kemur fram á þskj. 98. Breyt., sem meiri hl. leggur til að gerðar verði, eru þessar: Í fyrsta lagi, og er sú mest, að Grunnavíkurhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu fái einnig slíka hjálp sem hér er um að ræða, vegna þess að í ljós hefur komið, að ótíð sú, sem gekk yfir ýmis héruð í sumar og náði m. a. til Árneshrepps á Vestfjörðum, náði einnig til Grunnavíkurhrepps og fyrirmunaði bændum þar heyöflun. Enginn ágreiningur er milli meiri og minni hl. um þetta atriði. Önnur brtt. er sú að fella niður tvö orð. Er það aðeins til að nema burt hortitt. Þriðja brtt. er við 2. gr. frv., að landbrn. setji ekki aðeins reglur um útbýtingu lána og styrkja, heldur einnig um innheimtu lánanna. Um þetta er í sjálfu sér enginn ágreiningur.

Minni hl. leggur til, að allmiklar breyt. verði gerðar á frv. Hann leggur til, að í stað þess að ríkinu sé heimilt að veita lán, sé ríkisstj. heimilað að ábyrgjast lán til handa bjargráðasjóði og honum síðan falið að ráðstafa þessu fé eftir sínum reglum, þó með þeirri undantekningu, að þær ráðstafanir, sem búið er að gera, fái að standa, nema að því leyti sem ráðherra getur fallizt á, að þær breytist.

Nú má í sjálfu sér um það deila eins og margt annað, hvort réttara hefði verið að fara þá leið, sem farin var, eða fela bjargráðasjóði framkvæmdina, en meiri hl. n. sá enga ástæðu til að gera till. um að breyta því fyrirkomulagi, sem er haft í bráðabirgðalögunum. En svo kom líka annað til greina, að það er þegar búið að framkvæma l. að miklu leyti, svo að breytingar komast þar ekki að. Meiri hl. leit líka svo á, að ekki hefði verið óeðlilegt, þó að hæstv. ríkisstj. veldi þá aðferð til að hjálpa bændum á óþurrkasvæðinu, sem hún valdi, en legði málið ekki inn hjá bjargráðasjóði. Þá er einnig á það að líta, að sjóðurinn hefur ekki fjárráð til að taka þetta hlutverk að sér. Að vísu hefði mátt taka lán handa honum, eins og minni hl. bendir á. En þá var líka það að athuga, hvort reglur sjóðsins eru ekki svo þröngar, að þær hefðu orðið til fyrirstöðu þeirri skjótu framkvæmd, sem hér átti að gera, ef aðstoð hefði átt að veita. Mér skilst, að reglur bjargráðasjóðs séu ekki þægilegar við þær aðstæður, sem hér voru. Til þess að fyrirbyggja hallæri eða koma í veg fyrir hallæri má ekki veita lán úr sjóðnum nema til eins árs. Það gat ekki komið hér að notum, því að bændum var allsendis ónóg að fá lán aðeins til eins árs. Enn fremur er það svo samkvæmt reglum sjóðsins, að skýrslusöfnun á að fara fram, en það hlaut hér að taka langan tíma, en undir þessum kringumstæðum mátti engum tíma eyða, heldur varð að hafa hraðar hendur. Hið rétta augnablik var aðeins fáir dagar í september. Það augnablik var, þegar taflslok voru, svo að útséð var um heyöflun hjá bændum, en bændur höfðu þó ekki gripið til þess að fella bústofn sinn. Það voru ekki nema fáir dagar, sem unnt var að nota, og það hefði tæplega getað orðið samkvæmt reglum bjargráðasjóðs. Til þess að nota þetta augnablik svo, að til gagns væri, þurfti sérstaka löggjöf. Sú löggjöf kom með bráðabirgðalögunum.

Þetta er raunar atriði, sem þarf ekki að deila um. Þetta er atriði, sem er búið að framkvæma, svo að það er ekki til neins að flytja till. um að ábyrgjast lán fyrir bjargráðasjóð í þessu skyni. Ríkisstj. er samkvæmt bráðabirgðalögunum búin að taka lán. Það er því ekki heldur til neins að flytja nú till. um að fela bjargráðasjóði að úthluta lánunum, vegna þess að það hefur þegar verið gert og nokkrir hreppar eru þegar búnir að hefja sín lán. Það er þess vegna eftir dúk og disk, sem till. minni hl. kemur fram. Og hver sem afstaða manna væri til þess, hvort það væri rétt, að bjargráðasjóður væri þær dyr, sem farið væri í gegnum, þá er nú ekki hægt að breyta neinu í því efni,

heldur liggur aðeins fyrir, hvort á að samþ. frv., eins og það liggur fyrir, eða ekki, með þeim smávægilegu breyt., sem meiri hl. hefur lagt til að gerðar væru á því til lagfæringar. Ég fyrir mitt leyti er alveg hissa á hv. þm. Barð., sem er viðurkenndur verzlunarmaður, að hann skuli bera fram þessar till. og eyða tíma sínum og annarra yfir þeim. Ég vænti þess því, að d. fallist á að samþ. frv. með þeim breyt., sem meiri hl. n. hefur borið fram.

Sé ég svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um það að sinni.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Mér þykir leitt að hryggja hv. frsm. meiri hl. með því, að ég skuli eyða tíma hans og d. í sambandi við þetta mál, en ég neyðist til að gera það samt, ekki sízt vegna þess, að til mín hafa komið hringingar, bréf og skeyti með þakklæti fyrir afstöðu mína, vegna þess að þeir, sem eru fyrir utan þingið, telja þá stefnu rétta. Ég tel mig því ekki þurfa að biðja afsökunar, þó að ég eyði tíma hv. frsm. og d. til að rannsaka málið.

Ég skil ekki, hvað hv. frsm. **átti við, þegar hann** var að tala um, að n. hefði ekki klofnað illa, en það hefði flaskazt úr henni. Ég veit ekki, hvað hann á þar við, og vil gjarnan fá skýringu á því. Ég veit ekki, hvort hann á við, að sá hlutinn, sem klofnaði úr, sé svo lítilfjörlegur, að ekki sé takandi mark á honum. Ég tel ekki, að það hafi flaskazt úr n. Það er ágreiningur um stórt prinsipmál, sem er rétt að ræða í alvöru, en ekki með útúrsnúningi, eins og hv. frsm. meiri hl gerði.

Ég ætla þá að snúa mér beint að málinu.

Á síðasta þingi var samþ. löggjöf um Bjargráðasjóð Íslands. Þar voru samþ. **ný l. fyrir aðgerðir** landbúnaðarráðherra, hv. þm. Mýr. Þar er bjargráðasjóði aflað tekna, svo að ég hygg, að tekjur hans séu nú áttfaldar á við það, sem áður var. Samkv. 1. gr. skal þessi sjóður vera fyrir allt landið í hallærum eða til þess að afstýra þeim. Ég held, að það sé ekki ástæða fyrir ráðherra að láta ekki formann sjóðsins koma nálægt þessu, og tel ég vítavert að sýna honum slíka lítilsvirðingu. Samkv. 5. gr. skal sjóðurinn gæta vel að öllu, er bendir til þess, að yfirvofandi hallæri sé fram undan, til þess að fyrirbyggja það, og einnig er þar sagt, að sjóðsstj. skuli vera ríkisstj. til samráðs til þess að afstýra því. Samkv. 9. gr. er sjóðnum skipt í sérsjóði héraða og fyrir allt landið. Samkv. 11. gr. ber að veita styrk til að draga úr hallærum, og samkv. 12. gr. hafa sýslufélög heimild til að gera þá kröfu, að þeim sé afhent séreign þeirra í sjóðnum, og auk þess má enn samkv. 12. gr. lána úr sameiginlegum sjóði landsmanna. Samkv. 13. gr. er ákveðið, að þá má láta beina styrki úr bjargráðasjóði, ef ekki er hægt að bjarga með 11. og 12. gr., með lánveitingu til einstaklinga, sýslna og sveitarfélaga, og þar er enn fremur sagt, að hver sem fær styrk verður að senda skýrslu um það, og í 14. gr. er sagt, að ef óáran gengur yfir, má veita lán úr ríkissjóði, ef sjóðurinn hefur ekki nægilegt fé, og það á að endurgreiðast af tekjum bjargráðasjóðs. Allt var þetta fyrir hendi, er bráðabirgðalögin voru gefin út, og engin ástæða til að gefa þau út. Ríkisstj. verður því að sniðganga þessi lög, sem hún var með í að setja. Ríkisstj. hefur því valið að sniðganga þessi lög frá síðasta þingi, og er ástæðan fyrir því gefin sú, að ekki hafi verið tími til þess að afla upplýsinga á þann hátt, sem ráð er fyrir gert í lögunum. Sjóðsstj. á að vera ríkisstj. til aðstoðar og safna skýrslum, og ríkisstj. er einnig gert að aðstoða sjóðsstj. samkv. 14. gr. Engin goðgá er það af hálfu ríkisstj. að afla skýrslna, og enginn hefði haft á móti því að báðir þm. N-M. hefðu aflað gagna, en þessir menn áttu ekki að veita fé. Samkv. 4. gr. áttu skrifstofustjórinn í félmrn., forseti Fiskifélags Íslands og form. Búnaðarfélags Íslands að hafa með úthlutunina að gera. Rök þau, sem hafa verið borin fram, þess efnis, að þessir tveir menn ættu að úthluta styrknum, eru falsrök. Ég sé ekki, að það hafi verið til að hraða hjálpinni, þótt farin hafi verið þessi leið. Það kom fram hjá hæstv. ráðh., að ekki hefði annars verið hægt að ákveða, hvað bændur ættu að fá, fyrir sláturtíð. Ég held ekki, að það hafi verið nein hömlun á því að setja á, þótt ekki væri annað eða meira fyrir hendi en loforð sjóðsstj. um styrk. Ég tel, að ekki hafi verið snefill af ástæðu til að hafa þennan hátt á. Það er rétt hjá frsm., að búið er að gera þessar ráðstafanir, en féð látið út eftir þeim reglum, sem þessir menn höfðu, í stað þeirra, sem áttu að hafa með þetta að gera. Ég skil ekki ástæðu meiri hl. nm., að vilja ekki fallast á þá tillögu að veita málinu í þann farveg, sem upphaflega var til ætlazt. Með því að flaska úr bjargráðasjóði og kljúfa verkefni hans er verið að laða bændur til þess að leita til ríkisstj. frekar en til bjargráðasjóðs. Ef frv. verður samþ., er það bending um að snúa sér ekki til bjargráðasjóðs, heldur fara til pólitískra samstarfsmanna upp í stjórnarráð, og er sú ráðstöfun mjög vítaverð. Mjög illa er farið, að lama á álit á bjargráðasjóði og verksviði hans, og þar eru önnur öfl að verki en samvizka hv. nm., ef frv. verður samþ. Tel ég og allan undirbúning hafa verið ávítunarverðan. Óþarfi er að fara þannig með málið, og veikir það aðstöðu sjóðsins, ef þetta verður samþ., og er eins gott að afneita lögunum um bjargráðasjóð og opna allar dyr upp á gátt og snúa sér til sinna pólitísku samstarfsmanna um styrk.

Hv. þm. N-M. lýsti yfir við 1. umr., að hann yrði að mæta ásökunum frá sínum kjósendum um það, að þeir skildu ekki, að hann gæti ekki ráðið eins miklu um úthlutunina og honum sýndist. Ég er undrandi á ríkisstj. að láta sér detta í hug að fara inn á þessar brautir.

Hv. frsm. sagði, að bjargráðasjóður hefði ekki haft nægilegt fé, en hann hafði fyrirmæli í lögunum um að eiga kröfu á ríkissjóð. Ég sé ekki, hvers vegna Búnaðarbankinn hefði ekki alveg eins getað lánað fé bjargráðasjóði og ríkisstjórninni. Hann segir, að reglur sjóðsins hefðu getað torveldað framkvæmdir. Þetta er rangt; lög sjóðsins torvelda þær engan veginn, sbr. 15. gr. Ef þau hefðu torveldað þær, var það í hendi ráðh. að breyta því.

Ríkisstj. hefur nú reyndar látið þetta lán af hendi, en upplýst er, að mikið af þessu hefur ekki verið greitt enn; hefur það ef til vill ekki mikla þýðingu. En það hefur hins vegar miklu þýðingu, að þær framkvæmdir, sem eftir eru, verði afhentar bjargráðasjóði. Ég sé ekki, að það sé ástæða til annars en að gera það, sem till. á þskj. 97 fer inn á, að sjóðurinn yfirtaki lánið og ríkissjóður ábyrg-

ist það. Ætlazt er til, að því sé varið til þessara framkvæmda. Úthlutun fjárins fari eftir fyrirmælum laganna, en þó gengið til móts við ráðh. þannig, að engu sé breytt nema með hans samþykki. Fengist t. d. samkomulag við ráðh. til að breyta til batnaðar, ef sjóðsstjórnin fyndi eitthvað, sem breyta þarf; en ég skil ekki andstöðu ráðh. og vænti, að bæði hann og hv. nefnd endurskoði afstöðu sína. Ég vænti þess, að brtt. á þskj. 97 verði samþykkt.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Ég tel ekki, að ástæða sé að eyða löngum tíma í þetta mál, þar sem allir eru sammála, bæði í nefndinni og í deildinni, að þörf hafi verið á þeirri hjálp, sem veitt var. Þetta er höfuðatriði málsins. Ekki er það dregið í efa, að þessari hjálp sé sanngjarnlega niður skipt. Bezti mælikvarðinn á ástandið á þessum stöðum er, að nú eru bændur hér sunnanlands og á öðrum stöðum, þar sem sæmilegt fékkst af heyi, að bæta við þessa hjálp ríkisstj. Þessir stéttarbræður fylgjast fullkomlega með þessum málum, og þetta kom ljóslega fram á fundi bændasamtakanna að Kirkjubæjarklaustri, að veita bæri þessa hjálp. Þetta finnst mér aðalatriði málsins, að ekki varð komizt hjá að hlaupa undir bagga, og að þessari hjálp er réttlátlega úthlutað.

Já, ágreiningurinn er um leiðir, ég vil segja form. Því er haldið fram af hv. þm. Barð., að þetta ætti að gerast gegnum bjargráðasjóð, og þeirri stefnu hélt hann fram við 1. umr. og setur það nú fram í sérstakri till., en það breytir engum niðurstöðum né því, sem gert hefur verið. Að þessu leyti skal það þegar sagt og það þakkað, að það er hvorki ráðizt af meiri né minni hlutanum að úthlutuninni. En aðalatriði í till. hv. þm. er, að bjargráðasjóður inni verkið af hendi, sem ríkisstj. og tveir menn, sem hún hefur tilnefnt, hafa gert. Ég færði rök að því, að ómögulegt var að koma þessu þannig fyrir, og vil ég benda á það, að 2 kr. í stað 25 aura er ekki eins stórkostlegt og sagt hefur verið. Það eru ekki miklar tekjur, þó að lagðar séu fram 2 kr. á mann og ríkissjóður leggi annað eins á móti.

Undanfarið hafa verið gerðar ráðstafanir með, ég hygg 5 síldarkreppulán, og samkv. lögum hefur bjargráðasjóður átt að hlaupa undir bagga. Og eins og lögin hafa verið, hefur þessu verið þannig varið, því að í 11. gr. stendur, að bjargráðasjóður skuli bæta að einhverju leyti tjón af langvarandi aflaleysi. Hann ætti að hlaupa undir bagga á Siglufirði og Ísafirði og fleiri stöðum í hallærum. En peningarnir eru ekki fyrir hendi. — Það getur vel verið, að það skipti einhverju máli, að þetta form sé haft, en ég get ekki séð, að það skipti neinu máli. Það skal játað, að í sumar, þegar fyrirsjáanlegt var, að bændur á óþurrkasvæðunum mundu lenda í heyþröng, hefði mátt kalla á skrifstofustjóra félmrn., sem er form. bjargráðasjóðs, og biðja sjóðsstj. að annast athugun á ástandinu í þessum héruðum. En það stendur í l. um bjargráðasjóð, að stjórn hans skuli fylgjast með, ef hallærishætta sé yfirvofandi og fram undan. Sjóðsstj. lét ríkisstj. ekkert heyra frá sér um málið, enda hefur hún sjálfsagt séð, að sjóðurinn mundi ekki hafa neina fjármuni til að inna af hendi greiðslur í þessu skyni. Gangur málsins var því sá, að búnaðarmálastjóri ritaði ríkisstj. um það, og hún tekur málið upp og sendir þessa tvo trúnaðarmenn sína til þess að rannsaka það, án þess að hugsa nákvæmlega fyrir því, hvernig næstu skref yrðu tekin. Þessir menn skila skýrslum um niðurstöður sínar, og stjórn búnaðarsambandanna er beðin að athuga þær og fellst á, að ekki geti verið um minni aðstoð að ræða. Þegar ríkisstj. fær svo skýrslurnar frá þessum aðilum, mátti hún ekki draga lengur en í 3 eða 4 daga að taka sínar ákvarðanir, þar sem bændum á þessum svæðum var nauðsynlegt að fá vitneskju um í tæka tíð, hverrar aðstoðar þeir mættu vænta frá því opinbera. En þá kemur spurningin um það, hvort ríkisstj. hefði átt að láta stjórn bjargráðasjóðs annast framkvæmd aðstoðarinnar og úthlutun á þessu fé, sem ríkissjóður hefði tekið að láni eða ábyrgzt. Ég sé ekki ástæðu til að hafa langar umræður á Alþ. um þessi tvö form, því að fyrirsjáanlegt var, að þótt sú leið hefði verið farin, sem ég var að benda á að hefði mátt fara, þá er bjargráðasjóður ekkert annað en formlegur aðili í þessu máli, þar sem hann hefur enga getu til að inna þessar greiðslur af hendi. Þegar talað er um, að þetta veiki bjargráðasjóð, vil ég aftur minnast á, hvernig tekna til hans skuli aflað. Í 3. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Bjargráðasjóðinn skal styrkja á hverju ári með tillagi úr ríkissjóði, er nemi 2 krónum fyrir hvern mann.“ Og í 2. gr. stendur: „Hvert sveitarfélag á landi hér skal á ári hverju greiða iðgjald í bjargráðasjóð, 2 krónur fyrir hvern mann.“ Síðan ákveður 14. gr., að taki sjóðurinn lán, skuli það greiðast af tekjum sjóðsins, svo sem segir í gr., með leyfi hæstv. forseta: „... og er þá ríkisstj. heimilt að ábyrgjast nauðsynleg lán fyrir bjargráðasjóðinn eða veita honum lán úr ríkissjóði, ef fé er þar fyrir hendi, en slík bráðabirgðalán ber bjargráðasjóði að endurgreiða af tekjum sínum, enda séu eignir sjóðsins og tekjur að veði fyrir bráðabirgðalánum þessum.“ Það er því bersýnilegt, að ef bjargráðasjóði hefði nú verið veitt þetta lán og þar sem kunnugt er, að hann lánaði fé vegna vorharðindanna 1949, hefði sjóðurinn orðið óstarfhæfur a. m. k. næstu 10 ár, meðan hann væri að vinna upp þessi skakkaföll. Ég veit því ekki, hversu mikill greiði það væri við bjargráðasjóð, ef við færum nú að lögvernda að afhenda honum þetta fé, um leið og við legðum á hann þær kvaðir, að tekjum hans skuli varið til að endurgreiða þessa peninga, sem tæki hann a. m. k. 10 ár að vinna upp. — Ég vil taka það fram, að bæði hv. meiri og minni hl. fjhn. hafa tekið þannig á þessu máli, að það raskar raunverulega engu í því, sem gert hefur verið, enda álít ég að það hafi verið gert af þeirri sanngirni, sem nauðsynleg er, þegar slík hjálp er veitt.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. landbrh. sagði, að það er enginn ágreiningur um meginatriði málsins, sem sé nauðsyn þess að veita þeim bændum aðstoð, sem urðu fyrir óáran síðasta sumar. Það er miklu fremur ágreiningur um það, sem jafnvel mætti kalla formið eitt, og þegar ég hef talað um það, að fjhn. hafi ekki klofnað illa í málinu, átti ég við, að hún hefði ekki klofnað um það, sem mikilsverðast er.

Ég stóð hér upp til þess að leiðrétta atriði, sem

fram komu í ræðu hv. þm. Barð. (GJ). Hann sagði, að hægt hefði verið að veita málinu í þann farveg að láta bjargráðasjóð fara með málið. Þetta er ekki rétt. Hann heldur því fram, að hann hafi ekki orðið þess var í l., sem ég sagði, að lánin mætti ekki veita nema til eins árs í senn undir slíkum kringumstæðum, sem hér um ræðir. Nú vill svo til, að ég hef verið að hugsa dálítið um mína heimabyggð, Húsavík. Húsavík var ekki dæmd svo illa stödd í heyskaparmálum, að rétt þætti að veita henni styrk eða lán, og ætla ég ekki að setja út á það. Að vísu var erfitt um hirðingu heyja á Húsavík, en ekki svo, að hallærisástand hlytist af, einkum þegar litið er á, að það eru aðeins nokkrir menn, sem þar stunda landbúnað. Þar varð þó að gera innkaup á heyjum til þess að tryggja afkomu fólks í vetur. Þá var það, að ég sótti um lán til bjargráðasjóðs, og við athugun kom í ljós, að Húsavík gat ekki fengið lán nema til eins árs, og það er samkv. 12. gr. l. um bjargráðasjóð. Þar er fyrirstaða þess, að hægt hefði verið að veita málinu í þann farveg, sem hv. þm. Barð. heldur fram. Í 12. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju héraði, að hætt er við bjargarskorti fyrir menn og skepnur, ef illa vetrar, þá má sýslunefnd eða bæjarstjórn með samþykki bjargráðastjórnar nota séreign sína í sjóðnum til að kaupa eða tryggja varaforða, en það fé, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í bjargráðasjóð á ársfresti, nema því verði ráðstafað samkv. 1. mgr. þessarar gr.“ Þarna er fyrirstaðan, og ég er alveg hissa á því, að hv. þm. Barð. skuli ekki hafa fundið þetta. Mér virðist þetta sönnun fyrir því, að hann hefur ekki athugað, hversu farvegurinn er þrotinn. Hv. þm. Barð. sagði, að hann ætlaðist ekki til annars en að þær framkvæmdir, sem nú væru eftir, yrði bjargráðasjóður látinn annast. En ég spyr: Hvað er eftir? Það er búið að taka lán, skipta því og tilkynna þeim, sem við eiga að taka, og jafnvel sumir búnir að hefja sinn hlut. Mér skilst, að Búnaðarbankinn eigi að hafa innheimtu lánanna með höndum. Finnst mér það eiga vel við, af því að hann er sú bankastofnun, sem mest á viðskipti við bændur, og hygg ég, að meiri trygging sé fyrir því, að lánin innheimtist þannig, heldur en ef bjargráðasjóður hefði innheimtuna með höndum, því að hætt væri við, að hjá stjórn hans ríkti sá hugsunarháttur, að síður væri gengið eftir endurgreiðslum, af því að hann er hjálparstofnun. — Þá talaði hv. þm. Barð. um það, að við í meiri hl. mundum ekki hafa unnið fullkomlega samkvæmt samvizku okkar í málinu, en ég verð að segja það, að sú samvizkusemi er heldur léleg, sem aðeins kemur fram í því að leggja það til málanna, sem ekki er unnt að framkvæma, en það virðist mér koma fram hjá hv. minni hl.

Hér er ekki um annað að ræða en að deila um orðinn hlut, ef menn vilja eyða tíma sínum í það, en ég álít, að ekkert sé um að sakast í þessum efnum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að gera upp á milli þess, sem hér er rætt um í málinu, þ. e. afstöðu hv. þm. Barð. og hv. meiri hl. fjhn., en vil aðeins segja það um afgreiðslu málsins í heild, að ég viðurkenni, að það hafi borið brýna nauðsyn til að rétta þeim bændum hjálparhönd, sem urðu fyrir því óláni í sumar að ná varla inn nokkurri heytuggu. Það er enn fremur augljóst, að þá hjálp varð að veita fljótlega, þannig að bændur vissu í tíma, hvort þeir neyddust til að skera niður bústofninn eða hvort þeim bærist hjálp til að afstýra því. Ef það er rétt hjá hv. meiri hl., að ekki hefði verið unnt að fá ákvarðanir um hjálp gegnum bjargráðasjóð eins fljótt og nauðsyn bar til, þá var réttara að fara aðra leið en að heykjast á málinu. Mér skilst, að hæstv. ríkisstj. hafi brugðið fljótt við, þegar ráða þurfti úr vandanum, og þannig finnst mér að hver ríkisstj. eigi að gera, að leysa úr hverjum vanda fljótt og vel. Ég tel, að málið hafi í aðalatriðunum verið leyst vel með því, að ríkissjóður veitir þessum bændum styrk og lán, því að auðséð er, að bjargráðasjóður hefði ekki verið fær um að annast þessa aðstoð, þótt ríkissjóður hefði útvegað honum lán til þess. Ég álít, að úr því að þessi leið var farin, þá beri að fagna því, að bjargráðasjóður ætti að vera betur fær um að veita aðstoð, þar sem neyðarástand steðjar að, og það er því miður svo, að það eru ærin viðfangsefni, sem við ættum að snúast við með jafnmiklum skjótleik og hér er gert.

Þá vil ég í sambandi við þessa aðstoð, sem veitt var vegna óþurrkanna í sumar, lýsa ánægju minni yfir því, að báðir hl. fjhn. eru sammála um, að rétt sé, að Grunnavíkurhreppur sé tekinn í tölu þeirra byggða, sem þessarar aðstoðar eiga að njóta, þó að það séu sem betur fer ekki nema 2 eða 3 bændur í hreppnum, sem þurfa á henni að halda eða gera kröfu til hjálpar. En það, sem ég á við, að sé jafnaðkallandi verkefni og jafnbrýn þörf á að leysa og hér er verið að gera, það er ástandið hjá verkafólki og sjómönnum á Vestfjörðum. Eða hvað finnst mönnum? Halda menn, að það sé ekki mikið áfall fyrir verkamenn og sjómenn, þegar aflinn bregzt ár eftir ár — ekki aðeins síldaraflinn, heldur líka þorskvertíðin í nokkur ár samfleytt, og þegar ástandið er þannig eftir þetta síldarleysissumar, að enginn útvegsmaður hefur getað hafið útgerð á þessari haustvertíð, sem átti að byrja fyrir meira en mánuði síðan? Hraðfrystihúsin á Patreksfirði, Tálknafirði, Bíldudal, Þingeyri, Flateyri, Súgandafirði, Bolungavík, Ísafirði og bæði hraðfrystihúsin við Álftafjörð eru lokuð og allir bátar í naustum, og allir vita, að þarna lifa íbúarnir á sjávarútvegi. Ég er viss um, að hv. þm. hljóta að sjá það í hendi sér, að þetta fólk á jafnerfitt með að draga fram lífið eins og bændur, sem verða fyrir því áfalli að geta ekki aflað heyja fyrir búpening sinn. Hjá þessu fólki á Vestfjörðum er um það að ræða að geta ekki aflað matbjargar ofan í sig og sína. Menn kunna nú kannske að segja: Geta þessir útvegsmenn ekki fengið lán og komið hraðfrystihúsunum í gang? Sannleikurinn er sá, að þeir eru svo sokknir í skuldir, að dyr bankanna eru þeim lokaðar, og þar með leggst allt atvinnulíf í dá. Verklýðsfélögin komu saman í september til að ræða ástandið og gerðu grein fyrir atvinnuástandinu í ályktun til hæstv. ríkisstj., þar sem þau báðu hana um aðstoð til að ráða bót á atvinnuleysinu og að hún tæki á sig að halda niðri verðlagi á nauðsynjum, sem stöðugt hefur farið hækkandi undanfarið, þótt kaupgjald hafi verið bundið um 6 mánaða skeið. Enn fremur buðust þau til að

sætta sig við óbreytt kjör, ef atvinnulífið kæmist í gang, en að öðrum kosti kváðust þau neydd til að breyta kaupgjaldinu til þess að fá hærra verð handa hinu vinnandi fólki fyrir hverja vinnueiningu þær fáu stundir, sem til féllu. Þá er því ekki til að dreifa, að sveitarfélögin geti rétt þessu fólki hjálparhönd, því að þau eru sjálf aðþrengd. Nýlega gerði bæjarráð Ísafjarðarkaupstaðar samþykkt um að leggja fyrir bæjarstjóra að láta greiðslur til verkamanna, sem vinna hjá bænum, sitja fyrir öðrum greiðslum, þó að því sé ekki slegið föstu, hvort hægt sé að sinna þessu. En ekkert svar hefur enn borizt við þessu bréfi, hvort hægt sé að veita aðstoð eða í hvaða formi. Hér kemur ekki fram hin sama röggsemi hjá hæstv. ríkisstj. eins og kom fram hjá henni góðu heilli, þegar um var að ræða aðstoð til bænda á óþurrkasvæðinu austanlands og norðan. Það kom fram hjá hæstv. ráðh., að aðstoð bæri að veita úr bjargráðasjóði hvar sem væri á landinu og í hvers konar vandræðum, sem að höndum bæri. Það mundi gleðja mig mjög mikið, ef hæstv. ríkisstj. sæi fært að veita aðstoð til Vestfjarða úr bjargráðasjóði, eins slæmt og ástandið er þar nú, í einhverju formi, hvort heldur sem væri í styrkjaformi eða sem lán, en það er ekki forsvaranlegt að draga aðgerðir í þessum efnum þangað til haustvertíð er úti og þangað til komið er að vetrarvertíð hér við Faxaflóa, því að þá rekumst við á það sama sem skeður hér alltaf árlega, að öll athygli virðist beinast að þeirri vertíð og aðrir landshlutar eru látnir sitja á hakanum þess vegna. En það er til haustvertíð á Vestfjörðum, og það er nauðsynlegt að gera eitthvað til að tryggja, að hún verði nú stunduð eins og venjulega, en það eru litlar líkur til, að það verði hægt, ef ekkert er að gert. Ef hæstv. ríkisstj. vefengir, að ástandið sé eins svart þar fyrir vestan og ég hef sagt, þá getur hún látið fara fram rannsókn á því. Hún getur annaðhvort falið slíka rannsókn stjórn bjargráðasjóðs eða öðrum trúverðugum mönnum. Ég geri mér von um, ef vel tekst með þessa aðstoð, að ekki þurfi að veita milljónir króna til að skapa sómasamlegan atvinnugrundvöll á þeim stöðum, sem verst eru settir, til þess að bátarnir geti komizt út og hraðfrystihúsin geti unnið úr afla þeirra. Það væri hægt að laga mikið ástandið á Vestfjörðum með því að gera út nokkra báta í hverri verstöð og koma hraðfrystihúsunum af stað, og mundi slíkt aðeins krefjast nokkurra hundraða þúsunda króna. Ég vildi vita frá hæstv. ríkisstj., hvort hún hefði gert sér ljóst, hvað er að gerast á Vestfjörðum. Það er ekki þörf milljóna til að bæta úr þessu vandræðaástandi, heldur aðeins nokkurra hundraða þúsunda króna. Ég vildi fá að vita, hvort bjargráðasjóður, sem nú er undanþeginn að veita bændum á óþurrkasvæðinu hjálp, gæti ekki hlaupið hér undir bagga, þar sem ástandið er eins slæmt og raun ber vitni.

Forseti (BSt): Ég vil minna hv. þm. á, að hér er til umr. aðstoð til bænda á óþurrkasvæðinu norðanlands og austan, en ekki atvinnumál á Vestfjörðum.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef ekki tekið mikinn þátt í þessum umr. og varð að hverfa af fundi samkvæmt ósk hæstv. sjútvmrh. til að vinna að máli, sem er ef til vill ekki minna um vert en þetta mál. Það var rétt hjá hæstv. landbrh., að enginn ágreiningur hefur orðið um það í n. að veita þessa hjálp og heldur ekki um fjárupphæðina. Það hefur ekki legið nein skýrsla fyrir fjhn. um það, hve þörfin sé mikil. Hæstv. ráðh. sagði líka, að enginn ágreiningur hefði orðið um úthlutun fjárins, en það er mér ekki kunnugt um, enda liggur slíkt ekki innan valdsviðs nefndarinnar. Ég hef áður bent á, að meðferð hæstv. ríkisstj. á þessu máli er ekki venjuleg meðferð, og var það fullkominn óþarfi af henni að sveigja málið inn á þá leiðu braut, sem hún gerði í sumar. Það er rangt, að ekki sé takmark fyrir útlánum úr bjargráðasjóði, og eru slík ákvæði í 12. gr. laganna, en þau eru aðeins um séreignir sýslu- og bæjarfélaga. Ég vil í þessu sambandi benda á það, að á síðasta þingi kom fram krafa í þál.-formi frá bændum, sem orðið höfðu hart úti vegna óþurrka sumarið áður, um aðstoð. Málinu var vísað til stjórnar bjargráðasjóðs, og mun mönnum þessum hafa verið lánað fé til að mæta þeim kröfum, sem heilbrigðar og sanngjarnar máttu teljast. Þessi lausn mun hafa verið sú heppilegasta fyrir alla aðila, og þar var málinu beint inn á rétta braut. Ég sá kröfurnar úr einu byggðarlaginu og sá, hve eðlilegt var að mæta ekki kröfunum eins og þær voru þar settar fram, en þeim var mætt með meira réttlæti en ef um málið hefði verið fjallað hér á Alþ. Þetta er ein af ástæðunum til að ég vil halda málinu innan takmarka bjargráðasjóðs, og því gerði ég ágreining í n. Hv. þm. sagði, að ég væri að gera gaman að þessu máli og að hæstv. ráðh. vildi láta samþ. mál þetta óbreytt, því að hér væri aðeins um staðfestingu á bráðabirgðalögum að ræða, en ég tel stefnu hans í þessu máli ekki heppilega, og ég er hissa á honum að vilja ekki beina málinu í þann farveg, sem ég vil beina því í, og það er af þeim ástæðum, að ég hef hreyft andmælum gegn frv., en ekki af illvilja við málið. Ég vil láta taka fullt tillit til þess, sem hæstv. ráðh. hefur gert í þessu máli, en aðeins beina því í réttan farveg. Hv. frsm. sagðist hafa beint ósk um fjárframlag vegna óþurrkanna til bjargráðasjóðs fyrir hönd Þingeyinga og fengið það svar, að ekki væri til nægilegt fjármagn. Ég hef heldur aldrei gert ágreining út af því, að fengið væri 4½ millj. kr. lán í þessu skyni.

Ég vil svo í sambandi við annað sem hefur komið fram í umr. hv. þm., benda á það, að ekki er hægt að blanda atvinnuleysinu á Vestfjörðum saman við óþurrka þá, sem hér um ræðir. Það eru önnur öfl, sem orsaka ástandið á Vestfjörðum, og skal ég ræða það nánar síðar, en þar á hv. 6. landsk. og flokkur hans og stefna sök á. Og atvinnumál Ísafjarðar væru önnur, ef þeirrar stefnu hefði minna gætt.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég skal vera stuttorður um þetta mál. Vil ég fyrst taka það fram, að ákvæði um hjálp úr bjargráðasjóði gildir jafnt um sveitir og kaupstaði samkvæmt 11. gr. En þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Nú verður hallæri í sveitarfélagi af óvenjulegum harðindum eða langvarandi aflaleysi, eða tjón verður þar af náttúruvöldum á mannvirkjum eða búfé, enda hafi það, sem skemmdist eða ónýtt-

ist, verið óvátryggt fyrir tjóni þessu, og getur þá stjórn bjargráðasjóðs veitt styrk eða lán úr bjargráðasjóði samkvæmt lögum þessum, til að draga úr áhrifum hallærisins eða bæta tjónið að einhverju leyti.“ Enda er stjórn sjóðsins skipuð formanni Fiskifélags Íslands, formanni Búnaðarfélags Íslands og skrifstofustjóranum í félmrn., sem er formaður stjórnarinnar. En geta sjóðsins er svo lítil, að alltaf þegar mest hefur við þurft, eins og þegar um hjálp vegna aflabrests á síldveiðum er að ræða, þá hefur verið gengið fram hjá honum, og ríkissjóður hefur sjálfur hlaupið undir bagga, og í þeim tilfellum hefur jafnan verið um svo háar upphæðir að ræða, að þetta er ekki nefnandi í sama vetfangi, en sú hjálp mun þegar nema á þriðja tug millj. kr. Það var augljóst, að ef bjargráðasjóður, sem þegar er tómur, hefði verið látinn annazt þetta, þá hefði hann þurft að taka lán, og hefðu þá tekjur hans verið settar að veði fyrir því, og hefði þetta þá étið upp tekjur hans næstu 10 árin. — Ég sagði í upphafi, að ríkisstj. hefði viljað greiða þetta þannig, að það gengi í gegnum sjóðinn, en slíkt var ekki hægt sökum þess, að í 12. gr. segir, að verja megi séreign sýslu- og bæjarfélaga og skipta því eftir reglum, sem sýslunefnd eða bæjarstjórn hafa samþ., en þá aðeins er hallæri beri að höndum. Ég endurtek, að það skal aðeins gert, ef hallæri ber að höndum. En samkvæmt 2. lið sömu greinar má nota séreignina til kaupa á vetrarforða, ef haustbirgðir eru svo litlar, að hætt er við bjargarskorti fyrir menn eða skepnur, en fé það skal greitt að fullu, en vaxtalaust, á ársfresti. Það má því ekki verja þessu fé til útbýtingar, nema um hallæri sé að ræða, og aðeins til eins árs, ef um forðakaup er að ræða. Þá er rétt að athuga það, að sumir þessir aðilar eiga nú enga séreign í sjóðnum, því að Árneshreppur tók sína í fyrra, og þannig hefur því sennilega einnig verið háttað með a. m. k. sum sveitarfélögin á Austurlandi, svo að séreign þessi er nú ekki til lengur. Ríkisstj. hefði því orðið að breyta þessum lögum og leggja síðan þessa upphæð inn í sjóðinn, ef þessa leið hefði átt að fara. En vegna þess, hvernig lögin nú eru, hefði þetta stangazt á við framkvæmdirnar. Það var því ekki hægt að koma ½ millj. kr. í óafturkræfum framlögum undir sjóðinn, nema breyta fyrst l. um hann. Síðan hefði þurft að gera þessa ½ millj. kr. að séreign þeirra sveitarfélaga, sem áttu að njóta hennar, og afhenda hana síðan sem óafturkræft framlag frá bjargráðasjóði. Ég held því, að hv. þm. Barð. ætti að athuga, að mjög vafasamt er, að hægt sé að framkvæma till. hans, nema breyta um leið l. um bjargráðasjóð. Og ég held, að hv. þm. sjái, ef hann athugar málið, að ekki er hægt að fara þá leið, sem hann vill fara. Ég held, að hv. þm. sé að hugsa um sjávarútveginn, en það mikla framlag, sem til hans hefur farið á undanförnum árum og átt hefði að fara í gegnum sjóðinn, hefur allt farið utan við hann. Ég held því, að ekki hafi verið hægt að afgreiða málið á heppilegri hátt en gert var.

Hér er því aðeins um formsatriði að ræða, en aðalatriðið er, að hjálpin komi að fullu gagni og sé sanngjarnlega af hendi innt. Rétt áður höfðu verið gerðar sams konar ráðstafanir gagnvart síldveiðunum án aðstoðar bjargráðasjóðs, og þetta hefur ekki aðeins verið framkvæmt á sama hátt við síldveiðarnar, heldur einnig bátaútveginn. Þó að hægt væri að ræða fleiri hliðar þessa máls, þá skal ég ekki eyða tímanum í það. Að lokum er eitt atriði, sem ef til vill er aukaatriði, en það er, að í þessum héruðum, sem hér eiga hlut að máli, eru mjög góð skilyrði til kjötframleiðslu, en nú fer að skorta kjöt í landinu, og þá er ekki ólíklegt, að þessi hjálp eigi eftir að borga sig fyrir þjóðarheildina.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég var annar sendimaður ríkisstj. á s. l. sumri til að athuga ástandið á óþurrkasvæðinu. Við reyndum að gera okkur ljóst, hve fóðurbætisþörfin mundi vera mikil. Við tókum mismuninn á heyfeng í sumar og heyfeng undanfarinna ára, og einnig varð að taka með í reikninginn, að fóðurgildi heysins var ekki það sama og venjulega, þannig að 2 kg af töðu jafngiltu nú ekki 1 kg af fóðurbæti, heldur töldum við nú þurfa 2½ kg af töðu á móti 1 kg af fóðurbæti, eða 100 kg af töðu á móti 40 kg af fóðurbæti. Það var mjög erfitt að gera sér ljóst, hve fóðurgildið hefði minnkað, og þó að við teldum, að það hefði rýrnað um ⅙, var það vitanlega allt of lítið. Síðan var reynt að gera sér ljósa fóðurbætisþörfina. Þá kom í ljós, að þurfa mundi 20 millj. kr. til að fullnægja henni, en bændur fá ekki sem lán og styrk nema 4½ millj. kr.; finnst mörgum það lítið og finnst, að lítið hafi verið fyrir þá gert. Menn hafa ekki áttað sig á því, hve hér er um lítinn hluta af heildarþörfinni að ræða. Ég vil minna á, að fyrir síðasta þingi lá þáltill. um hjálp vegna flóðanna í Neskaupstað um miðjan apríl s. l. Hvað gerði Alþ. þá? Það heimilaði lán, sem kaupstaðurinn tæki, en ekki bjargráðasjóður. Svo að ég sé ekki, að hér sé verið að gera annað en það, sem áður hefur verið gert á ýmsum sviðum, og skipti ekki svo miklu máli. Og það eru komnir 4 þús. hestar af heyi, sem þarf að senda til þeirra. Það var ekki mikið, því að það þurfti 9—10 þús. hesta.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég get ekki látið ómótmælt þeirri staðhæfingu, að það hefði ekki verið hægt að gera þetta samkv. gildandi lögum, því að í 13. gr. laganna segir:

„Nú hrökkva ekki til þess að afstýra hallæri þær ráðstafanir, sem 11. og 12. gr. gera ráð fyrir, og er þá bjargráðastj. heimilt að veita aðstoð úr sameignarsjóði með þeim hætti, er hér segir:

1. beinum styrk úr bjargráðasjóði,
2. lánveitingum til sýslu- eða sveitarfélaga,
3. lánveitingum til einstaklinga, sem fyrir tjóni hafa orðið, gegn veði í fasteign eða ábyrgð sýslu- eða sveitarfélags.“

Svo að ráðh. hefði ekki þurft að láta breyta lögunum, heldur bara lesa þau og fara eftir þeim.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Út af þessu atriði vil ég upplýsa það, að sjóðsstj. hafa borizt beiðnir um lán, og það er engum blöðum um það að fletta, að hún skilur lögin þannig, að ef hún veitir lán, þá verði það að endurgreiðast, og svo mikið er víst, að þeir, sem leituðu til sjóðsstj., fengu þau svör. En sjóðurinn er alveg tómur.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég er ákveðinn í því, ásamt 4. þm. Reykv., að bera fram

brtt. við frv. og vil mælast til við hæstv. forseta að fresta umræðunni, áður en málið fer til 3. umr. Þá væri hægt að hugsa sér, að nefndin tæki hana til athugunar milli umræðna. Tillagan er á þá leið, að aftan við 1. gr. komi: „jafnframt að verja ½ millj. kr. til bátaútvegsins á Vestfjörðum.“

Forseti (BSt): Ég álít, að ómögulegt sé að fresta umræðunni, vegna þess að þeir þingmenn, sem eru mest við málið riðnir, eru búnir að tala sem þingsköp leyfa, og yrði þá að takmarka ræðutíma þeirra, og auk þess eru hafðar þrjár umr. til þess, að brtt. geti komið við 3. umr. Getur ekki hv. þm. tekið tillit til þessa?

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég legg brtt. þá ekki fram að svo stöddu, heldur fresta ég því.

ATKVGR.
Brtt. 97,1 felld með 11:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ.
nei: KK, LJóh, PZ, RÞ, BjS, ÞÞ, BBen, BrB, FRV, HermJ, BSt.
HV, HG greiddu ekki atkv.
3 þm. (JJós, StgrA, EE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Haraldur Guðmundsson: Enda þótt ég hefði talið rétt, að sú leið, sem á er minnzt í brtt., hefði verið athuguð í upphafi, en vegna þess að ekki verður snúið á þá braut, úr því sem komið er, greiði ég ekki atkvæði.

Brtt. 98,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 97,2 felld með 11:1 atkv.
— 98,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 117, 118).

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Eins og gert var ráð fyrir við 2. umr., tók fjhn. fram komnar brtt. til athugunar á fundi sínum fyrir þessa umr. Meiri hl. n. sér sér ekki fært að mæla með þessum brtt., en einn nm., hv. 1. landsk., hefur nokkra sérstöðu, og mun hann væntanlega gera grein fyrir afstöðu sinni. Eins og frv. er eftir 2. umr., þá er það nokkuð sérstaks efnis, heildarlegt og tæmandi, því að það nær yfir alla aðstoð, sem bændur eiga að verða aðnjótandi eftir þetta hrakfallasumar. En brtt. ná hins vegar aðeins til lítils svæðis, þar sem að vísu hefur gengið mjög erfiðlega, en þær eru ekki tæmandi að því er snertir þá menn, sem slíka atvinnu stunda og orðið hafa fyrir skakkaföllum. Það er því dálítið athugavert að samþ. aðstoð til þessara manna, þar sem annars staðar víða hefur orðið atvinnuþrenging hjá stéttarbræðrum þeirra, t. d. mun Siglufjörður jafnan vera talinn í fremstu röð, þegar rætt er um þrengingar fólks við sjávarsíðuna s. l. sumar. Við í meiri hl. teljum ekki viðeigandi að tengja við þetta frv., sem er tæmandi á því sviði, sem því er ætlað að ná til, till. um úrbætur á takmörkuðu svæði, miðað við það, sem maður veit, að erfiðlega hefur gengið með sumaratvinnu. Þá er þess og að gæta, að fyrir sameinuðu þingi liggur till. á þskj. 15 um rannsókn á atvinnuástandinu í kaupstöðum og kauptúnum með tilliti til þess, að þar verði gerðar nokkrar úrbætur, þar sem þeirra kynni að vera þörf. Það virðist eðlilegt, að sú till. verði lögð til grundvallar aðalafgreiðslu þingsins á því máli, og inn undir þá till. geta sem bezt fallið þær till., sem hér í Ed. hafa verið fluttar á þskj. 118. Málinu er því ekki vísað frá Alþingi, þótt till. á þskj. 118 verði ekki samþ. hér í hv. d. — Í fám orðum sagt: Meiri hl. fjhn. getur ekki lagt til að samþ. þær till., af því að þær eru takmarkaðar og engin rannsókn liggur fyrir, sem sýnir, að þessi landshluti sé verr staddur en sumir aðrir, og aðaltill. um málið, sem er víðtæk og tæmandi, bíður afgreiðslu í sameinuðu þingi. Þar getur komið fram vilji þingsins á eðlilegan hátt.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég efast ekki um, að það er mjög mikil nauðsyn á aðstoð á þeim stöðum, sem nefndir eru í brtt. á þskj. 118, og kannske ekki minni en á þeim stöðum, sem frv. gerir ráð fyrir að verði hjálpar aðnjótandi. Hins vegar býst ég við, að það kunni að vera fleiri staðir, sem ekki þurfi síður á aðstoð að halda, og er það vafalaust rétt hjá hv. frsm. En þrátt fyrir það tel ég ekki rétt að vísa málinu frá, því að hér er um brýna nauðsyn að ræða, og mun ég því greiða atkv. með till. í trausti þess, að málið verði síðar athugað betur, svo að það komi fram, hvaða aðrir staðir komi til greina með sams konar aðstoð og gert er ráð fyrir í till. á þskj. 118.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Mér þykir eiginlega furðu sæta, að hv. fjhn. skuli hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að vísa beri frá þessari till., þar sem fyrst og fremst er beðið um að láta sem skjótast fara fram rannsókn af ríkisvaldsins hálfu á því, hvort þarna sé um neyðarástand að ræða, og ekki eru gerðar frekari kröfur en að biðja um $^1/_6$ hluta þeirrar upphæðar, sem veitt er til Austfjarðasvæðisins út af misserishallæri í aðalatvinnuveginum þar. En þessu hvoru tveggja er neitað af hv. n. Mér skilst þó á hv. frsm., að þessu sé neitað af því, að þessi till. fjalli um úrbótaaðgerðir á svo litlu svæði. En þetta litla svæði er nú allur Vestfjarðakjálkinn, og er ekki allur munur á honum og því svæði, sem aðstoð á að fá skv. frv. Svæðið er áreiðanlega nógu stórt, mannfjöldinn nógu mikill og þörfin nógu brýn til þess, að hv. fjhn. ætti að geta lagt sig niður við að sinna málinu. Þá er það, að hjálpin sé ekki tæmandi, hv. frsm. notaði það orðalag. Það er út af fyrir sig rétt. En það var aðeins beðið um, að hið opinbera rétti hjálparhönd, svo að fólkið gæti hjálpað sér sjálft. Það var ekki beðið um, að því væru réttar fjárfúlgur, án þess að þyrfti að hreyfa legg eða lið, og hélt ég, að aðgengilegra væri að samþ. till., þar sem ekki er freklega í fjárbeiðnir farið, en aðeins gerðar þær hógværustu kröfur, sem hægt er, til að leysa úr hinni brýnustu þörf. En á hv. frsm.

var helzt að skilja, að till. þyrfti að vera almennara eðlis og stærri og heimtufrekari, ef hv. n. ætti að sinna henni. En ég verð að segja, að ég skil þetta ekki, en eftir orðum hv. frsm. virtist málið of smátt fyrir n.

Þá er það tilvísunin til þess, að þetta eigi að afgreiða í sambandi við annað mál. Ég taldi málið svo aðkallandi, að bregða yrði við hart og títt og vildi því tengja það við mál, sem er raunverulega sama eðlis, þ. e. að ríkisstj. bæti úr neyðarástandi fólksins á Vestfjörðum engu síður en á Austfjörðum. Formlega séð er náttúrlega hægt að tengja till. okkar við frv. um aðstoð til handa þeim, er síldveiðar stunduðu s. l. sumar, en það frv. er raunar ekkert skyldara till. okkar en frv. það, sem hér er til umr. Og ef til vill má ég skilja hv. frsm. fjhn. svo, að það sé fyrirheit af hálfu n. um að sinna málinu á jákvæðan hátt, ef það verði tengt við það frv., en um það hafa ekki fallið orð frá hv. frsm., svo að á því megi byggja, en ef ekkert fyrirheit er um það gefið, þá er beinlínis verið að hunza þessa till., og vildi ég gjarnan fá að heyra frá hv. frsm., ef n. vill frekar sinna till. okkar í sambandi við eitthvert annað mál, og ef svo er ekki, þá er verið að fara hér undan í flæmingi, og er þá á ólíkan hátt snúizt við óskum þessa fólks og óskum austfirzkra bænda. Hér er þá verið að vísa frá þessu tvennu: Í fyrsta lagi að láta rannsaka ástandið í atvinnumálum Vestfjarða og í öðru lagi að verja allt að 500 þús. kr. til úrbótar þar, ef þess þætti þörf. Ég þarf ekki frekar en ég hef þegar gert að lýsa því ástandi, sem nú er á Vestfjörðum, sem eitt dagblaðið taldi mig hafa verið stórvíttan fyrir, en það er staðreynd, að margar fjölskyldur á Vestfjörðum hafa ekki til hnífs og skeiðar frá degi til dags. Sumir hv. þm. hafa fleiprað um það, að vísu ekki í þingræðum, að Ísfirðingum væri ekki vorkennandi, þar sem þeir létu togarann liggja við bryggju, þegar þá skorti björg, en það er ekki hið sveltandi fólk, sem sker úr því eða ræður því með atkvæði sínu, hvort togarinn Ísborg fer á veiðar eða önnur atvinnufyrirtæki starfi, svo að hér er verið að hengja bakara fyrir smið, og undirtektir margra hv. þm. undir till. til bjargar þessu fólki eru hvorki ljúflegar né höfðinglegar.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Mér þykir ekki óeðlilegt, að ég geri nokkra grein fyrir afstöðu minni, þar sem ég er umboðsmaður nokkurs hluta þess fólks, sem hér er lagt til að veita aðstoð. Ég vil þá fyrst benda á það, að ég gerði brtt. við frv., en þær voru allar felldar, og báðir flm. till. á þskj. 118 voru á móti þeim, og geri ég ráð fyrir, að afstaða þeirra hafi markazt af því, að hér var um að ræða staðfestingu á brbl. Ég vildi færa málið á réttan vettvang, þannig að aðstoðin væri veitt samkv. l. um Bjargráðasjóð Íslands, en í 1. gr. þeirra l. segir, að bjargráðasjóður skuli vera allsherjarsjóður til hjálpar í hallæri, „en það er hallæri“, segir í gr., „ef sveitarfélög, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfélög verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að þau megna ekki af eigin rammleik að forða mönnum og skepnum við harðrétti og felli“. Hér er því miðað við hallæri vegna náttúruafla, en það tel ég ekki vegna náttúruafla, þó að fiskigöngur bregðist, því að þær eru alltaf vafasamar. Það er því ekki hægt að færa þessa till. undir þessi l. Ég er því á móti þessari till., eins og ég er á móti frv. í heild, en ég er hér í minni hl. og verð að sætta mig við það, og mun láta afgreiðslu málsins afskiptalausa, og verður það hér að afgreiðast á ábyrgð þeirra manna, sem vilja afgreiða það þvert ofan í landslög. Þetta er sem sé ein af ástæðunum til þess, að ég er á móti till. á þskj. 118. Enn fremur er ég á móti þeim af því, að ég tel, að það mál eigi að leysa í sambandi við l. um aflatryggingasjóð, og má í því sambandi benda á, að í Bolungavík hefur í mörg ár starfað aflatryggingasjóður, og hefur verið veittur styrkur úr ríkissjóði til að hjálpa mönnum, sem þar hafa stundað útgerð. Tel ég heppilegra að taka slíkt mál upp sérstaklega en hnýta því aftan í frv. til bráðabirgðal. Og ég vil beina því til hv. þm., að hægt er að taka slíkt frv. upp sérstaklega. Þetta er ekki sagt af andúð gegn þessu frv., heldur meðfram af samúð með því. Þetta er önnur ástæðan til að ég gat ekki verið með brtt. — Hin er sú, að ríkisstj. tók lán að upphæð 2200000,00 kr. í sambandi við síldarútveginn á Siglufirði. Í sambandi við þessar ráðstafanir voru sett ákvæði um það, að ekki mætti hreyfa við þessu stofnfé. Nái þessi brtt. fram að ganga, er þetta þurrkað út. Nú er mér ekki kunnugt um, hvort komið hafa fram kröfur um aðstoð frá útgerðarmönnum á Vestfjörðum, en mér er ljóst, að ef þær kröfur koma fram, verður þeim sinnt ekki síður en kröfum Siglfirðinga, en ef þær hafa komið fram, væri æskilegt, að það yrði upplýst hér. Mér er ekki kunnugt um, hve mikið fé er til, það munu vera um 500 þús. kr. í síldveiðideild, en hve mikið er í þorskveiðideild, veit ég ekki. Um ástandið á Vestfjörðum skal ég ekki ræða að sinni. Afstaða manna er nokkuð skipt vegna þessa ástands, en ef það er úrbót, sem hv. þm. hélt fram, að hækka allt kaup, þá ætti að vera auðvelt fyrir Alþfl. að hækka kaupið úr 10 kr. í 110 kr., ef þetta er þá eina ráðið til bjargar á Vestfjörðum, og þá er óþarfi að eyða tíma Alþingis í umræður um þetta mál. Eftir að hv. þm. hafði gefið þessa yfirlýsingu, er síður ástæða til að taka orð hans alvarlega, þar sem hækkað kaup þýddi það, að útvegurinn gæti ekki borið það. Meðal annars á Arnarfirði var ekki hægt að borga sjómönnum kaup sitt, af því að það var svo hátt, að útgerðin bar það ekki, svo að að því kom í sumar, að grípa varð til annarra ráða, en nú hefur orðið að hætta, af því að fólkið vill hafa hærra kaup og minni vinnu, heldur en hafa lægra kaup og meiri vinnu. Ekkert samkomulag hefur orðið við fólkið um að lækka laun sín, og nú er að því komið, að atvinnan stöðvist, af því að fólkið vill hafa hærri laun á pappírnum en atvinnuvegirnir standa undir. Sama ástæðan er fyrir því, að togarinn á Ísafirði liggur bundinn. Ef hv. þm. vildi sýna vilja sinn í verkinu um að bæta lífskjör almennings á Vestfjörðum, ætti hann að stuðla að lausn togaradeilunnar. Hv. þm. sagðist taka frávísun nefndarinnar sem yfirlýsingu um, að hún vildi ekki láta rannsaka málið eða greiða það nokkuð. Ég verð að segja það, að þetta er einkennilegur málflutningur hjá hv. þm. Það er ekki farið fram á rannsókn, það er farið fram á styrk án rannsóknar, og þetta mál hefur ekki verið borið þannig fram, að það sé til þess að afla því vinsælda að viðhafa þennan mál-

flutning, og ég vísa því frá, að n. sé á móti þessu máli. Þegar það verður borið rétt að, þá verður það tekið rétt fyrir í n. — Og að síðustu: Hv. þm. sagði, að það væri fjöldi manna, sem ekki hefði til daglegs brauðs. Ég vil benda honum á, að það er meðal annars í hans valdi að koma því til leiðar, að vinnutíminn sé lengdur, svo að menn fái meiri heildartekjur.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Áður en ríkisstj. gaf út þær tillögur, sem hér um ræðir, var af hennar hálfu efnt til rannsóknar á þeim svæðum, þar sem mestrar hjálpar var talin þörf. Um þessi héruð ferðuðust reyndir menn og gáfu henni síðan skýrslu um ástandið. Ríkisstj. tók málið upp, nokkru áður en brbl. voru sett, eftir ábendingu frá fulltrúum þessara héraða og frá búnaðarmálastjóra, og á þeirri málaleitun var sú rannsókn byggð, sem getið er um hér að framan, þannig að nákvæm rannsókn var aðdragandi að setningu laga um íhlutun ríkisstj., og það voru fulltrúar fólksins, sem fóru fram á aðgerðir ríkisstj., og þær aðgerðir voru ekki látnar fara fram, fyrr en rannsókn hafði farið fram, en um hitt má deila, hversu góð þessi rannsókn hafi verið eða hvort hún hefði verið betur framkvæmd í öðru formi. Og þó að deila megi um einstök atriði, þá hefur ekki verið neinn ágreiningur um það, að þarna hafi verið raunhæfra aðgerða fullkomin þörf. Ég verð að játa það, að þegar ég heyrði ræðu hv. 6. landsk. þm. og lýsingu hans á ástandinu á Vestfjörðum, fannst mér hann benda á athyglisverðar staðreyndir í því sambandi, að athugunar væri þörf af þeim sökum. Hinu vil ég ekki neita, að mér finnst hann hafa ýkt lýsingu sína nokkuð, því að ég hef nýlega heyrt, — ég man ekki, hvort ég heyrði það í útvarpi eða las það í blaði, — að útgerð er frá ýmsum þeim stöðum, sem hann sagði að lægju í dái. Ég segi ekki með þessu, að hv. þm. hafi verið að villa um fyrir þm., og ástandið getur verið fullalvarlegt, þó að hann hafi málað það dekkra en það raunverulega er. Mér skildist á honum, að ekki þyrfti nema litla upphæð til að færa atvinnuvegina í lag á Vestfjörðum, og er vert að athuga það, áður en svo lítilli upphæð er neitað. En nú er það svo, að margt það, sem hv. þm. hefur sagt, getur ekki staðizt. Þegar hann segir, að ekki eigi að blanda saman vandræðunum á Vestfjörðum og togaraverkfallinu á Ísafirði, þá er það ekki rétt. Nú er það svo, að sáttatillagan var felld á Ísafirði með 27:22 atkv., svo að þar hafa milli 40 og 50 manns greitt atkv., en nú eru ekki nema um 30 manns á togaranum, svo að þar hafa nokkrir menn, sem voru ekki á skipinu, tekið sér vald til að kveða á um þetta. Og ég hef heyrt, að um 160 manns hafi haft atkvæðisrétt um þetta mál, og þar á meðal verulegur hluti þeirra manna, sem svo illa var komið fyrir. Til samanburðar við Ísafjörð má taka Akranes, þar sem togarinn var líka í verkfalli, en þegar það leystist, varð svo mikil eftirspurn eftir vinnu, að gefa varð unglingum frí úr skólum til að geta leyst verkefnin við hagnýtingu aflans. Því verður ekki neitað, að togaraverkfallið á Ísafirði hefur veruleg áhrif á atvinnulífið þar og í nágrenninu. Og ég held, að það væri bezta lausnin á atvinnuvandræðunum á Ísafirði, ef hv. þm. vildi beita sér fyrir lausn togaradeilunnar þar. Ef til vill þarf aðdraganda að því, að hægt sé að hagnýta aflann þar eins og gert er á Akranesi, en fyrsta skilyrðið er að koma togaranum af stað, og því verður ekki neitað, að þarna er galli á málflutningi hv. þm., sem gefur tilefni til að ætla, að hann vilji ekki viðurkenna rétt samhengi málanna.

Ég segi ekki með þessu, að málið sé leyst, þó að togarinn komist út. Atvinnuhorfur á Ísafirði eru án efa mjög slæmar. Menn eru ekki sammála um, hvort þar er um aflaleysi eitt að ræða eða önnur þau náttúruöfl, sem menn ekki ráða við. Hér hlýtur því að fara nokkuð á milli mála. Annars vegar er því haldið fram, að um aflaleysi eitt sé að ræða, og þá get ég ekki trúað, að hálf milljón geti mikið hjálpað svo stórum landshluta sem Vestfjörðum. En í umræðum á dögunum drap hv. þm. á tregðu bankanna til lána. Af þessu er ljóst, að málin liggja ekki svo ljóst fyrir sem skyldi, og engin lausn á þessum vanda að hnýta tillögum til úrbóta aftan í það frv., sem hér er til umræðu. Þessum málum má ekki blanda saman, ef það á annað borð vakir fyrir hv. þm. að finna lausn þessara mála, en ekki það að kasta þessu máli hér inn í þingið sem pólitískum bolta handa flokkunum að henda á milli sín. Rétta leiðin er að taka málið upp sjálfstætt og láta rannsókn fara fram, og þá á eftir að bera fram tillögur til úrbóta og taka þá málið upp í samráði við ríkisstj. eða Alþingi, en ekki að kasta því inn í þingið eins og hér er gert.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja umræðurnar mikið úr því sem komið er, en ræða hv. 6. landsk. gaf mér tilefni til að segja nokkur orð. Hv. þm. deildi á afstöðu n. til brtt. á þskj. 118. Hv. þm. gerði það þó ónotalega og með þeirri ástæðu, að Vestfirðingar skyldu minnast þess, ef málið fengi þá afgreiðslu, sem meiri hl. fjhn. leggur til. Fyrst og fremst er þetta óréttmætt eftir þeirri afstöðu, sem var hjá fjhn. Og að öðru leyti er þetta óréttmætt af því, að hv. 6. landsk. þm. hefur ekki undirbúið þetta mál á þann hátt, að hann hafi nokkra aðstöðu til að undirstrika þetta með þvílíkri áherzlu. Hann gerði lítils háttar tilraun til að snúa út úr orðum, sem ég flutti sem grein fyrir afstöðu n., sem var það, að málið yrði ekki tæmandi í afgreiðslu, ef brtt. yrði samþ., en hins vegar væri hún tengd við mál, sem stofnað væri til að samþykkja, eftir að tæmandi athugun hefði farið fram við undirbúning þess, sem sagt rannsókn á aðstöðu manna, sem gerð hefur verið ýtarleg á landssvæðum, þar sem bændur náðu ekki inn miklu af heyjum sínum vegna óþurrka. Að þessu leyti er þetta frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum tæmandi. Með því var ég ekki að segja, að sú hjálp, sem þar er veitt út af fyrir sig, væri mikil, eða að sú hjálp, sem hv. 6. landsk. þm. fer fram á, væri óríflég eða of laklega til tekin. En það liggur ljóst fyrir, að hv. 6. landsk. þm. hefur aðeins hugsað um Vestfirði, þó að hann viti, að örðugleikar við sjávarsíðuna voru á fleiri stöðum, og þó að augljóst sé, að ef við frv. um hjálp til bænda eru tengdar brtt. eins og hér er um að ræða, þá gæti margur komið með sín þorp og tengt sína pinkla við þetta. Og mál sjómanna og verkamanna í kaupstöðum yrðu þá afgreidd á miklu verri hátt en sæmilegt væri af þm.

að gera og ekki með svo miklum undirbúningi og rökstuðningi sem hjálpin til bænda er veitt, því að hún var veitt eftir ýtarlega rannsókn með rækilegum vinnubrögðum. Og úr því að hv. 6. landsk. þm. fór að minnast á, að ef till. sínum væri vísað frá og þær felldar, þá væru það óskyld vinnubrögð, sem hefðu átt sér stað, þegar aðstoðin við bændur, sem hér er um að ræða, var ákveðin, — þá vil ég segja, að hann fer með flutningi brtt. fram á, að óskyld og verri vinnubrögð þeim, sem hafa verið viðhöfð í sambandi við hjálpina til bænda, verði höfð vegna þeirra, sem við sjóinn búa. En svo að maður líti á eðli þeirrar hjálpar, sem veitt var bændum og hér er um að ræða, og hins vegar eðli þeirrar hjálpar, sem hv. 6. landsk. þm. óskar eftir handa mönnum á Vestfjörðum, þá er þetta tvennt töluvert óskylt. Hjálpin til bænda er ekki hjálp til þeirra vegna þess, að þá vanti brauð. En á það hefur verið lögð áherzla, að fólkið á Vestfjörðum vanti brauð. Bændur vantar ekki brauð, en það, sem í hættu var, var, að þeir felldu bústofn sinn og yrðu ekki búfærir eftirleiðis, sem yrði svo aftur til þess, að þeir leystu margir upp bú sín og bættust í hóp þeirra, sem vantar brauð. Nú er það svo, að sjómenn á Vestfjörðum eyðileggja ekki atvinnutæki sín eins og bændur mundu hafa fellt bústofn sinn, ef ekki hefði komið til hjálp þeim til handa. En ef þá vantar brauð á Vestfjörðum, þá verður úr því að bæta. En þá er eðlilegt, að það komi fram betur rökstutt en hefur komið fram til þessa. Og þá hefði verið eðlilegast, að sveitarstjórnirnar hefðu tekið málið til meðferðar og kallið kæmi frá þeim, því að vitanlega eiga brauðlausir menn að snúa sér til sveitarstjórna heima fyrir, ef um það er að ræða, að þá vanti brauð á líðandi stund.

Ég held því, að það sé enginn greiði og engin fyrirhyggja, sem kæmi fram í því, ef hv. þd. samþ. brtt. þá, sem hér liggur fyrir. Ég held, að málið, sem hún tekur til, verði að undirbúast og að það þurfi að vera ráðrúm til þess, að slíkur undirbúningur komi fram, ef hv. flm. brtt. vilja hann viðhafa. Og það er ekki verið að bera málið út á klakann, þó að brtt. sé felld, því að á bak við stendur till. til bál. á þskj. 15 í sameinuðu þingi, og hún hefur þann kost, að hún er víðtæk í þessu efni. Hún gerir öllum landshlutum jafnt undir höfði. Hún hugsar fyrir þeim, sem skortir aðstoð eftir þetta s. l. sumar. Og þó að ég sé ekki hér að lýsa fyrirheitum um afstöðu mína á þessu stigi til þeirrar till., þá finnst mér liggja ljóst fyrir, að það er allt annað að leggja henni lið annars vegar heldur en hitt að greiða því atkv., að þessi brtt. yrði samþ., sem miðar bara við nokkurn hluta af þeim, sem maður veit að komizt hafa í harðbakka á síðasta sumri.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Það eru ummæli hæstv. dómsmrh., sem gáfu mér tilefni til að biðja um orðið áðan. Ég vil víkja nokkrum orðum að ræðu hans. Hæstv. ráðh. taldi, að mjög væri ólíkur undirbúningur á þessu máli, sem hér liggur fyrir frv. um, og því, sem kemur fram í brtt. á þskj. 118, og það er rétt. Það hefur farið fram rannsókn, kannske mjög nákvæm og ýtarleg, á hag manna á Norðausturlandi í sambandi við óþurrkana í sumar og afleiðingar þeirra. Hins vegar hefur ekki farið fram tilsvarandi rannsókn á því, sem brtt. okkur hv. 6. landsk. þm. fjallar um. Þetta er rétt. En ástæðan liggur í augum uppi. Og eins og brtt. er samin, er beinlínis tekið tillit til þess, að þessi rannsókn hefur ekki farið fram. — Ég tók hér fram, að eins og mér hefði líkað vel, hvernig ríkisstj. brást við gagnvart ástandinu á Norðausturlandi, eins líkaði mér illa, hvernig hún snerist gagnvart Vestfjörðum og Siglufirði. Og mig furðar á því, að stjórn, sem er jafnglöggskyggn á erfiðleika og ástand atvinnuvegar bændastéttarinnar, skuli geta verið jafntómlát viðkomandi atvinnuástandi annarra í landinu og þeim, sem við aðra atvinnu fást en landbúnað. En mér finnst till. sjálf, eins og hún er orðuð, svo augljóslega bera með sér þann aðstöðumun eins og hægt er að setja slíkt fram í stuttu máli, og ummæli hæstv. ráðh. um undirbúningsskort eru því alveg út í hött. Í brtt. segir, að ríkisstj. sé heimilað að verja — ekki fyrirskipað — ekki 500 þús. kr., heldur allt að 500 þús. kr. í því skyni, sem í till. segir. Til hvers? Til þess, að aflokinni rannsókn, ef hún leiðir í ljós, að þörf er á því, að afstýra neyðarástandi á Vestfjörðum vegna langvarandi aflabrests þar á undanförnum árum og til aðstoðar við vélbátaútgerðina þar á yfirstandandi haustvertíð. Hér er svo augljóst ákveðið sem hægt er að ætlast til. Það fyrsta, sem á að gera, er að framkvæma skjóta rannsókn, af því að málið þolir ekki bið. Á grundvelli þeirrar rannsóknar yrði svo upphæðin og hjálpin, sem um yrði að ræða og heimiluð yrði, ákveðin. Við flm. brtt. höfum ekki tiltekið upphæðina hér, sem er af því, að rannsókn um málið er ekki fyrir hendi. En það er ríkisstj. sök, sem við viljum að bætt verði úr skjótlega. — Það er ekki til að tryggja hag útgerðarinnar á Vestfjörðum til frambúðar, sem þessi brtt. er flutt, heldur er ætlunin með flutningi hennar að tryggja haustvertíðina nú í haust og í öðru lagi að koma í veg fyrir skort, ef hætta á skorti á þessu svæði væri fyrir hendi. Fyrst viljum við láta rannsaka, síðan gera skýrslu og síðan veita fé í þessu tvennu skyni, ef rannsókn leiðir í ljós, að nauðsynlegt þyki. En hér er skorað á ríkisstj. að athuga þetta mál og ákveða síðan, hvað þarf að gera, og haga fjárveitingu eftir því. Mig furðar því mjög á því, að hæstv. ríkisstj. skuli segja, rétt eins og það væru rök móti brtt., að þetta sé illa undirbúið, þar sem hæstv. ríkisstj. hefur ekki viljað undirbúa þetta mál. Menn hafa líka talað um, að þessi upphæð, sem til er tekin hér í brtt., sé alveg ófullnægjandi og að það sé næstum broslegt að tala um slíka upphæð til viðreisnar bátaútveginum á Vestfjörðum. En að menn tala svo, er af því að menn hafa ekki lesið brtt. Það er aðeins vegna haustvertíðarinnar í haust, að því er til stuðnings við útgerðina beinlínis kemur, sem verið er í till. að tala um aðstoð. Mér virðist sú sorglega staðreynd liggja fyrir, að um næstu áramót, þegar vélbátaútgerð á að hefjast, verði að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir til þess að koma vélbátaflotanum af stað til fiskveiða. Mér virðist svo, eftir öllu, sem fyrir liggur um þetta mál. Og þessar aðgerðir hljóta að ná til bátanna á Vestfjörðum, ekki síður og alveg eins og til báta í öðrum landshlutum. Það er ekki um neinar allsherjarráðstafanir, sem hér er að ræða í brtt. vegna bátanna, heldur hitt, að brúa bilið og afstýra vandræðum og

neyð, sem farið er að gera vart við sig á þessum stöðum, og tryggja, að útgerð bátanna á Vestfjörðum geti hafizt og haldið áfram í haust. Og við flm. till. gerum ráð fyrir, að sú upphæð, sem í till. er nefnd, ætti að nægja til þessa. Getur líka verið, að ef lýsingar okkar á ástandinu eru orðum auknar, þá mætti svo fara, að ekki þyrfti að nota þessa upphæð alla. Við höfum líka gert ráð fyrir því í till., að allt að þessari upphæð, sem nefnd er þar, yrði varið í þessu skyni. — Mér þótti rétt að láta þetta koma fram, því að það er augljóst mál, að ef þessi brtt. verður samþ., þá þarf ríkisstj. ekki að ganga lengra í málinu af þeim ástæðum, sem í till. greinir, heldur en í ljós kemur, að bein og brýn þörf krefur á hverjum tíma, og aðeins á því sviði, sem þar fjallar um.

Engum dettur í hug að neita því, að stöðvun togarans á Ísafirði hafi heldur aukið á erfiðleika Ísafjarðarkaupstaðar. En þó að það hefði ekki til hennar komið, þá er ekki vafi á því, að það, að vertíðin brást sjálf, þó að togarinn hefði haldið áfram, hlaut að skapa mjög alvarlegt ástand.

Hæstv. ráðh. gat þess, að ýmsir ágallar hefðu verið á málflutningi hv. 1. flm. brtt. þessarar. Ég skal ekki deila við hæstv. ráðh. um það. Hv. 6. landsk. mun svara fyrir sig. En mér finnst mjög ómaklegt, ef hæstv. ráðh. telur, að það sé rétt að láta málefnið gjalda þess, þó að honum fyndist hv. 6. landsk. þm. hafa eitthvað öðruvísi og óheppilegri málflutning en hæstv. ráðh. hefði kosið um málið. Það, sem hér er um að ræða samkv. okkar brtt., er að veita ríkisstj. heimild til að nota allt að þeirri upphæð, sem hér er um að ræða, til þess að haustvertíð á Vestfjörðum geti átt sér stað og verið haldið áfram og til að afstýra neyðarástandi, sem virðist fyrir dyrum á Vestfjörðum og er þegar byrjað þar á vissum stöðum.

Hv. frsm. fjhn. sagði, að mjög væri ólíkt ástatt hjá bændum, sem 1. gr. frv. er ætlað að taka til, annars vegar og hins vegar því fólki, sem brtt. okkar hv. 6. landsk. þm. sérstaklega er ætlað að taka til. Bændur vantar ekki brauð, sagði hv. frsm., en ef menn vantaði brauð, þá gætu menn sagt sig til sveitar, og ef sveitin gæti ekki hjálpað, þá ætti að snúa sér til ríkisstj. (**KK**: Ég sagði, að bændur vantaði ekki brauð á líðandi stund.) En ef á öðrum staðnum er sultur, en á hinum staðnum alls nægtir, þá kallar meir að að hjálpa þeim, sem svelta, heldur en hinum, og þess vegna á að sinna þeirra málum fyrr, sem svelta, en hinum síðar. Sé það rétt, að hér sé um það að ræða beinlínis, að fólk vanti brauð og að sulturinn sé alveg við dyrnar á heimilum á Vestfjörðum, þá er því óskiljanlegra, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa látið rannsaka ástandið þar og gert ráðstafanir til úrbóta. Það er náttúrlega ákaflega góð leið að segja: Fólkið getur farið á sveitina, og síðan kallað til ríkisstj. — Hví mega þá ekki bændur fara á sveitina? — Nei, það er sorglegur sannleikur, að hæstv. ríkisstj. hefur haft opnari augu fyrir nauðsyn og þörf manna, sem eru á vissum stöðum á landinu og stunda vissa atvinnu, heldur en óskum manna og þörf á öðrum stöðum á landinu, sem stunda aðra atvinnu.

Hæstv. dómsmrh. talaði yfirleitt af skilningi um þetta mál og sagði, að enginn mætti taka orð sín svo, að hann væri því ekki fylgjandi, ef nauður ræki til, að bæta úr ástandinu á Vestfjörðum, sem brtt. fjallar um, en hann taldi heppilegra að taka málið upp sem sérstakt mál. Ég tel, að fljótlegast og heppilegast sé að taka málið upp eins og lagt hefur verið til í till. En ég spyr hæstv. dómsmrh., hvort — ef þessi brtt. verður felld — við megum vænta þess, að ríkisstj. taki málið upp á einn eða annan hátt. Það er augljóst mál, að eina leiðin til þess að málið gangi fljótt, er sú, að ríkisstj. og flokkar hennar taki málið upp í því formi, sem hún telur heppilegast. Og ég spyr hv. frsm. fjhn., hvort hv. fjhn. mundi taka till. okkar að efni til upp á sína arma og bera hana eða efni hennar fram til sigurs, ef brtt. þessi væri að formi til úr sögunni, því að það er augljóst mál, að hvorki bráðabirgðavandræðin á Vestfjörðum né vandræði vélbátaútgerðarinnar í bráð eða lengd verða leyst með þeim kínalífselixír, sem einn hv. þm. hampaði hér í umr., sem sé því, sem hann virtist telja eina ráðið til að bæta úr vandræðunum, bara að lækka kaupið og helzt lengja vinnutímann um leið. Ég vildi skjóta því til hv. þm., að ég hef séð einhvers staðar áætlun um afkomu vélbáts hér við Faxaflóa á næstu vetrarvertíð, miðað við gengislækkunina og verð á fiskinum. Og rekstrarkostnaður hans er áætlaður alls 90 þús. kr. Vinnutíminn er þar ótakmarkaður, svo að það þarf ekki lengingu á honum. Og ég held, að þessi 90 þús. séu 60—70% af áætluðum hlut skipsins. Heldur hv. þm., að viðreisnin fyrir sjávarútveginn liggi í þessu tilfelli í því að lækka bara aflahlutinn, sem er kaup sjómanna á bátunum? Það heyrðist mér helzt á hans ummælum. Ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að sú skipshöfn, sem ætlar sér að lifa með sínar fjölskyldur á 40% af brúttótekjunum, sem við Faxaflóa hafa verið hjá bátunum, kæmist að raun um, að þessar tekjur yrðu orðnar lítils virði eftir skamman tíma, því að það er fullvíst, að það er ómögulegt fyrir fólk að lifa á upphæðum, sem eru nokkuð nálægt því svo litlar, hvað þá ef þessi inntaka af kínalífselixír hv. þm. væri tekin inn. Og hv. þm. veit, að það er ekki nema í rétt einstaka tilfellum, sem hægt er að ráða bót á vandræðum bátaútgerðar með kauplækkun einni saman, ef fólkið á að lifa, sem atvinnuna stundar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að víkja nokkrum orðum að hv. frsm. fjhn. Hann var undrandi á því, að ég hefði dregið velvilja hv. n. til málsins í efa. En velvilji hennar kom sem sé fram í því, að hún lagði til frávísun á málinu. Og ég bið afsökunar á því, ef það er ekki í samræmi við eðli málsins, að ég hef ekki fundið velvilja hv. n. í frávísunartill. hennar. — Þá gerði hv. frsm. grein fyrir, hvað hann hefði átt við með því, er hann taldi, að till. þessi væri of takmörkuð. Og það er, að hún næði ekki til allra staða á landinu, sem væru nú í nauðum staddir og þyrftu aðstoðar við í sambandi við vélbátaútgerð. (**KK**: Já, eða hefðu sambærilega aðstöðu.) Hvar eru þeir staðir á landinu, sem eru sambærilega staddir og Vestfirðir nú? Eru það útgerðarstaðirnir við Faxaflóa, sem höfðu góða vertíð á síðasta ári og líka er þannig ástatt um, að það hefur hlaupið stórkostlega á snærið hjá þeim á síðustu síldarvertíð? Er það Þorlákshöfn? Eru það Vestmannaeyjar? Er það Norðfjörður? Hvar eru þessir staðir? Hvar eru þeir

staðir, þar sem nú lítur út fyrir að haustvertíð geti ekki hafizt og það ofan á það, að vertíð eftir vertíð hefur brugðizt? Er það kannske Siglufjörður, sem hefur verið nefndur hér í umr.? Byggir hann aðallega afkomu sína, eins og útgerðarstaðirnir á Vestfjörðum, á haustvertíð? Hann byggir afkomu sína á síldveiðiflota landsmanna og síldarverksmiðjunum, sem þar eru á staðnum, og Siglufjörður hefur auk þess að öðru leyti hagræði vegna síldveiðanna. Þó að engin síld komi á land á einni vertíð, hefur Siglufjörður samt hundruð þúsunda kr., kannske milljónir, sem eru ágóði af hverri síldarvertíð, af fastakaupi manna, sem ráðnir eru í síldarverksmiðjum ríkisins þar á hverju sumri, og sömuleiðis hagnað af stórfelldum viðskiptum við síldveiðiflotann og þann mikla fólksfjölda, sem er á Siglufirði um síldveiðitímann, og það jafnvel þótt ekkert veiðist. Þetta fellur ekki nokkurn tíma Vestfjörðum í skaut. Og þó að það ætti að gera samanburð á vertíð vestanlands og á Siglufirði, þá eru af náttúrunnar völdum byggðirnar á Vestfjörðum mun verr staddar nú en á Siglufirði er nú vegna þess að síldveiðin hefur brugðizt. — Nei, ég held, að hv. fjhn. ætti að vera þeim mönnum skipuð, sem geta dregið upp mynd af landinu og gert sér ljóst, hvaða staðir það eru á landinu meðfram ströndum þess, sem byggja á haustvertíð, því að það var í till. um það að ræða fyrir Vestfirði að geta komið atvinnutækjunum í gang nú á haustvertíðinni. Ég held því, að hv. fjhn. hafi sýnt lítinn vilja á að koma þarna til móts við þá þörf, sem ég þóttist hafa gert grein fyrir að væri mjög til staðar á Vestfjörðum samkv. till. okkar og till. okkar hv. 4. þm. Reykv. var ætlað að bæta úr. Og ég dreg enn þá velvilja hv. n. í efa.

Þá var það hæstv. ráðh., sem hér talaði áðan og sýndi að nokkru leyti meiri velvilja en hv. frsm., og miklu meiri velvilja en einn hv. þm. af Vestfjörðum, hv. þm. Barð. Hæstv. ráðh. vildi láta í það skína, að ég hefði farið með ýkjur í lýsingu minni á ástandinu á Vestfjörðum. Ég held, að það sé rangt hjá hæstv. ráðh., heldur hafi ég stuðzt við staðreyndir og lýst ástandinu eins og það raunverulega var fram að þeim tíma, er við fluttum brtt. Ég hef líka fylgzt með því síðan, og ég veit, að það hefur tekizt að koma 2—3 bátum á öllu þessu svæði til róðra eftir það að við fluttum till. Og ég veit líka, að því er aflabrögð snertir, þá hefur nú í gær og fyrradag verið nokkru betri afli hjá þeim fáu fleytum, sem farið hafa úr vör, heldur en áður.

Það var víst hv. þm. Barð. (GJ), sem talaði um, að e. t. v. væri um sofandaháttað ræða af hendi Vestfirðinga að hafa ekki borið fyrr fram kröfu um aðstoð, en ég vil segja, að Vestfirðingar gerðu það ekki með glöðu geði að biðja hið opinbera um hjálp. Þeir sáu ekki ástæðu til þess á miðju sumri, þegar ekki var útséð um, að síldarvertíðin brygðist; menn vildu láta síldarvertíðina sýna sig að fullu, en hún brást. Menn vildu þá sjá, hvort ekki opnuðust aðrar leiðir til þess að koma skipunum út til fiskveiða, en það brást. Það hefur verið knúið á dyr bankanna, en neitun fengizt og ekkert annað, og það hefur verið leitað aðstoðar út af síldveiðunum, og sú hjálp kemur kannske seinna, en ekki til þess að koma bátum Vestfirðinga út á fiskvertíðina, og þegar allar leiðir voru lokaðar, taldi ég rétt að koma þessu máli í samfylgd með máli, sem átti að afgreiða skjótlega og var þessu máli að vissu leyti skylt og bæði málin nauðsynleg. Hér hefur verið talað um, að heppilegra hefði verið að bera málið fram sem sérstakt mál. Þetta hefði þýtt, að þetta sérstaka mál hefði orðið að fara gegnum þrjár umr., og þegar svo búið hefði verið að samþ. það frv., hefði það þá náð samþykki, ætti að fara fram rannsókn og þá fyrst ætti svo að fara að leita eftir úrræðum. Ætli á því hefði ekki orðið einhver seinagangur, eins og það gengur með málin hér á þingi? Þetta er sú heppilegasta leið, sem okkur hefur verið bent á úr ýmsum áttum. Það er þess vegna um það eitt að ræða að koma þessu máli áfram jafnhliða þessum kindaráðstöfunum, af því að ekki er minna aðkallandi að bjarga fólki en kúm og kindum, en það hefur komið skýrt fram hjá frsm., að hann leggur meira upp úr því að bjarga sauðkindum og kúm en að bjarga fólki.

Eitt vildi ég spyrja hæstv. ráðh. um: Var honum og ríkisstj. alveg ókunnugt um, hvernig ástandið var á Vestfjörðum? Er honum ekki kunnugt um, að ríkisstj. var sent erindi um þetta neyðarástand fyrir meira en mánuði síðan, og hefði hún þegar átt að hefja rannsókn á því, hvernig ástandið væri? Þetta erindi var sent ríkisstj., og það hefur ekkert svar borizt til alþýðusamtaka Vestfjarða. Og svo er talað um, að þetta hafi borið að alveg fyrirvaralaust, þegar borin er fram till. um að bæta úr, en þetta er sem sagt gersamlega rangt, þar sem ríkisstj. var sent erindi um þetta fyrir meira en mánuði. Hins vegar er stungið upp á að bera þetta fram á þann hátt, sem mundi gera framkvæmdina alveg óframkvæmanlega, því að með því móti gæti þetta sannarlega ekki orðið afgreitt fyrr en haustvertíðinni væri lokið.

Hv. þm. Barð. sagði, að þetta ætti einmitt að leysa í sambandi við hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, en hv. þm. veit, að slíkt yrði ekki til annars en að stuðla að því að eyðileggja stofnfé sjóðsins, eins og menn hafa dæmin fyrir sér í sambandi við ýmis önnur mál. Ég tel, því miður, að sú leið sé ekki fær og ekki æskilegt, að hún væri farin. Nóg er nú orðið að gert.

Já, hv. þm. Barð. lagði þessu máli sitt lið á sinn hátt, þ. e. mælti gegn samþykkt till. og með því, að verkafólk á Vestfjörðum gerði tvennt, fyrir utan það, sem frsm. minntist á, að það segði sig til sveitar: að það byðist til að vinna fyrir lægra kaup og byðist til að lengja sinn vinnutíma. Segjum, að alþýðusamtök Vestfjarða sendu tilboð um að taka upp 12 tíma vinnudag. Verkafólk hefur nú gengið atvinnulaust þá 8 tíma, sem nú er talinn normal vinnudagur. 8 tíma vinnudagur hefur ekki verið notaður, því að fólk hefur ekki átt þess kost að nota hann. Hvað þýddi þá að biðja um dagvinnukaup í 12 tíma? Ég skil það ekki. — Á einum 20—30 framleiðslusvæðum hér syðra er grunnkaup kr. 9,24, á Vestfjörðum er það 9 kr., eða með öðrum orðum lægra en víða annars staðar. Samt er neyðarástand alþýðunnar hvergi eins og á Vestfjörðum. Þetta ætti heldur að benda til þess, að atvinnulífið sé svona bágborið á Vestfjörðum vegna þess, hvað kaupið er lágt. Nei, það er gefið, að það kæmi ekki að gagni, þó að kaupið yrði lækkað.

Ég skil það ekki, að hæstv. ríkisstj. geti til lengdar stjórnað þessu landi upp á þau býti að láta

sér fátt um finnast, hvort atvinnan stöðvast eða ekki. Ég hélt, að það væri verjandi til þess allt að ½ millj. kr. að koma sjávarútvegi Vestfjarða í gang, og ég held, að hæstv. ríkisstj. veitti ekkert af því gjaldeyrislega séð, að vélbátaflotinn væri í gangi um haustmánuðina. En það er svo að sjá, að ekki sé mikið upp úr því lagt. Ef það væri eitthvað í mínum málflutningi, sem væri ofsagt, þá biðst ég ekki undan því, að það komi í ljós, en við höfum fyrst og fremst beðið um, að ríkisstj. hlutaðist til um, að einhverjir trúnaðarmenn, sem hún til þess veldi, létu fara fram skjóta rannsókn á ástandinu í þessum landshluta. Það er annað atriðið, en hitt er fjárframlagið, sem um er beðið.

Ég hefði mjög viljað fara fram á það, að fjhn. vildi taka þetta mál aftur til yfirvegunar og fengist til þess að athuga, hvort hún vildi ekki fallast á að bæta við þetta frv., sem hér liggur fyrir, ákvæði um allsherjar rannsókn á ástandinu, þó að hún vilji ekki jafnframt taka upp beina till. um fjárframlag. Það er fyrst og fremst athugun á atvinnuástandinu, sem ég tel vera brýna nauðsyn, og að því athuguðu trúi ég ekki að skellt yrði skolleyrum við till. til úrbótar, þegar sést, hvernig þetta blasir við.

Það, sem ég get sagt um ástandið, er þetta: Atvinnuleysisskráning hefur farið fram á Ísafirði undir umsjón bæjarstjórnarmeirihlutans þar. Að tilhlutun atvinnumálanefndar, sem þar hefur verið kosin, fór fram rannsókn á meðaltekjum þeirra, sem skráðir voru atvinnulausir, og kom þá í ljós, að þær voru 8 þús. kr. á 10 mánuðum þessa árs. Af þeim tölum geta allir dregið þá ályktun, hvort fjölskylda geti aflað sér daglegs brauðs fyrir slíkar atvinnutekjur. Mér finnst augljóst mál, að slíkt sé ekki hægt, enda veit ég, að þau eru ekki fá þau alþýðuheimilin á Vestfjörðum, þar sem bókstaflega er sultur frá degi til dags.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta mál. Það er eingöngu vegna þess, að hv. 4. þm. Reykv. (HG) bar fram til mín þá fsp., hvort ríkisstj. mundi efna til sjálfstæðrar rannsóknar út af þessu máli, ef till. væri felld eða henni vísað frá, að ég vil taka fram enn á ný, að ég álít, að þann hátt hefði átt að hafa á þessu máli, að þm., sem hlut eiga að máli, beittu sér fyrir því, að slík rannsókn væri hafin, sem öllum ber saman um að nauðsynleg sé. Ef málið er svo alvarlegt sem hér er haldið fram, þá hlýtur að vera vilji hjá öllum fulltrúum þessa landshluta, að málið verði tekið upp. Það er alger misskilningur hjá hv. 6. landsk., ef hann heldur, að fyrst þurfi að samþ. lagafrv. um, að slík rannsókn sé hafin. Það voru ekki nein brbl. gefin út um það, að rannsókn skyldi eiga sér stað út af harðindunum eða erfiðleikunum á Austurlandi. Þegar færð voru fyrir því nægileg rök við ríkisstj., að þar væri slíkt ástand, að rannsókn væri nauðsynleg, þá var efnt til þeirrar rannsóknar. Á sama veg skilst mér að ef fulltrúar þessa landshluta færa að því rök, að ástæða sé til rannsóknar, þá sé eðlilegt, að rannsókn verði látin fara fram. Um það get ég auðvitað ekki talað í nafni ríkisstj., heldur sjálfs mín. — Mér skilst, að það sé í raun og veru ósannað, að aflabrestur sé valdur að þeim örðugleikum, sem steðja nú að Vestfjörðum. Það getur verið, að þar sé of hátt kaup, að þar sé of lágt verð; það getur líka verið, eftir því sem hv. þm. sagði, að það sé tregða bankanna til þess að veita eðlileg lán, að þessi fyrirtæki, sem nú eiga bátana, séu orðin svo skuldug, að þau geti ekki haldið áfram sínum rekstri. Allt þetta getur komið til greina, ásamt ef til vill aflabresti nú fyrir Vestfjörðum. Hér er því um að ræða mál, sem er ákaflega margþætt og miklu flóknara en hv. 6. landsk. vill vera láta. Það er allt annars eðlis en votviðrin á Austurlandi og í nokkrum öðrum landshlutum í sumar, og það er auðséð, að hér þarf aðra meðferð, og ég hef bent á, hvaða meðferð á þessu máli sé eðlilegust, þ. e. að þm. þessa landshluta taki sig saman og snúi sér annaðhvort til ríkisstj. beint eða til Alþingis um það, að slík rannsókn sé hafin. Fyrr en rannsakað hefur verið, hverjar orsakirnar eru, þá er ljóst, að það er þýðingarlaust að vera að samþykkja fjárveitingu, vegna þess að enginn veit, til hvers fénu á að verja né heldur til hvers á að snúa sér, vegna þess að ef málið er svo einfalt, að það nægi einföld milliganga við banka eða lánsstofnanir, kann að vera, að það sé alveg óþarft að veita nokkurt fé. Ég vil ítreka það, að málið er a. m. k. ekki eins alvarlegt og hv. 6. landsk. lét í veðri vaka hérna um daginn, því að þá fullyrti hann, að það væri útilokað, að útgerð gæti átt sér stað að svo stöddu á Vestfjörðum, en nú játaði hann sjálfur, að útgerðin væri komin á stað frá nokkrum stöðum, án nokkurra sérstakra aðgerða, og mundu þessir bátar hafa aflað skaplega. Er þá ekki hugsanlegt, að úr þessu kunni að greiðast, ef togarinn fer á stað og lánsstofnanir sjá, að hér sé um sæmilegan afla að ræða, án þess að til sérstakra aðgerða þurfi að koma? Ég fullyrði hér ekki neitt, en tel það vera hugsanlegt.

Hv. 6. landsk. varpaði þeirri spurningu til mín, hvort ríkisstj. hefði ekki verið kunnugt um þetta allt fyrir mánuði síðan vegna bréfs, sem henni hefði borizt. Nú er það vitað, að um aflabrest á haustvertíðinni fyrir Vestfjörðum gat ekki neitt bréf skrifað í september sagt neitt. Þá var óreynt á allt þetta, enda var bréfið um allt annað, þess efnis, að ef ekki yrðu gerðar sérstakar ráðstafanir í dýrtíðarmálunum, þá mundu verkalýðsfélögin þar vestra beita sér fyrir kauphækkunum. Þetta var aðalefni bréfsins. Og ég tek nú undir það með hv. þm. Barð. og tel, að hann hafi rétt fyrir sér í því, að ef vandinn er ekki annar en sá að leysa þetta með því, að verkalýðsfélögin hækki kaupið, þá geta þau gert það. Hv. þm. veit sannarlega, að það væri það heimskulegasta, sem þau gætu gert, því að sé erfitt fyrir, þá mundi slíkt magnast að mun, enda er það álit sérfræðinga Alþýðusambands Íslands, að einhliða kauphækkun sé engin lausn á málunum, því miður. Ég undirstrika því, að bréfið var fyrst og fremst um þetta efni, sem verkalýðsfélögin hafa algerlega í sinni hendi samkvæmt landslögum, en þau gera ekki slíkt, því að það yrði þeim sjálfum til skaða, en ekki til gagns.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það hefur verið sagt, að misskilningur væri versti skilningurinn. Allir gera sig seka um slíkt að einhverju leyti, en ég hafði haldið, að hv. 4. þm. Reykv. væri venjulegast saklaus af því, en hann hefur nú gert sig sekan í því og það svo

mjög, að óafsakanlegt má telja, en það má vera, að lífsskoðanamunur valdi þessum misskilningi. Ég lít svo á, að það, sem nú bagi þjóðina mest, sé, að hún komst á að lifa á annarlegu fé, en ekki af kostum landsins sjálfs. Slíkt hefur skapað ranga verkaskiptingu og hinn óeðlilega fólksflutning, sem hér hefur átt sér stað. Of margt fólk vill lifa af launum, en of fáir við framleiðsluna, og þó er það spursmál, hvort of fáir eru við útgerðina, því að sjávarútvegurinn er of ótryggur til að skapa farsælt og stöðugt fjárhagslíf. En það eru allt of fáir við landbúnaðinn, og þjóðin þarf að leggja allt kapp á að nema landið, og aðalatriðið er, að fólkið flýi ekki frá landbúnaðinum. Og þeir, sem fjármálunum stjórna, verða að gera sér ljóst, að í því er fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar fólgið.

Ég sagði hér áður, að till. um hjálp til bænda væri ekki borin fram vegna þess, að bændur vantaði nú á líðandi stund brauð, en hún er samt sem áður réttmæt, því að það má ekki koma fyrir, að landbúnaðinn skorti brauð. Ef bændur þurfa að skera niður bústofn sinn og fara frá jörðum sínum, ef þá skortir brauð, þá hefur gerzt það hættulegasta, sem fyrir atvinnulíf okkar getur komið. Þarna þyrfti forsjón ríkisstj. að koma til, og hún gerði það. Mér skildist á hv. 6. landsk., að á Vestfjörðum skorti brauð, og hann sagði, að skjótra aðgerða væri þörf, ef ekki ætti illa að fara. En nú eru menn tryggðir gegn því að skorta brauð með því að snúa sér til framfærsluhéraðs síns, og ef það þrýtur, þá til ríkisstj. Í þessu fólst ekkert kuldalegt eða ljótt, þó að hv. þm. reyndi að túlka það svo. Það er ekki lengur litið á það sem neina hneisu, sem valdi álitsmissi, þó að menn þurfi að leita til sveitar.

Hv. 6. landsk. sagði, að ég hugsaði meira um að bjarga sauðfé og kúm heldur en fólki, en þetta sýnir, að hv. þm. skyggnist ekki nógu djúpt í málið, þar eð hann sér ekki, hvar atvinnulíf okkar er öruggast. Auðvitað verður að bjarga fólki fyrst, en það verður að gera allt, sem hægt er, til að bjarga einnig sauðfé og kúm og þar með öruggasta atvinnuveginum. Slíkt er ekkert annað en sjálfsögð ráðdeild.

Hv. 6. landsk. sagði að lokum, að aðalatriði till. sinnar væri, að rannsókn á atvinnuástandinu á Vestfjörðum færi fram, en það mætti fella niður fjárhæðina; aðalatriðið væri, að rannsókn færi fram, og þá væri sér fullnægt. En er honum þá ekki fullnægt með till. á þskj. 15 í Sþ.? Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa 5 manna nefnd til þess að kynna sér atvinnuástand og atvinnuhorfur í kaupstöðum og kauptúnum og gera svo fljótt sem unnt er rökstuddar tillögur um ráðstafanir til atvinnuaukningar, þar sem þess er talin þörf.“ Gera svo fljótt sem unnt er. Hv. flm. er sem sé búinn að ganga inn á þá leið, sem meiri hluti n. benti á, því að hann taldi, að aðalatriðið væri, að rannsókn færi fram, og það er einmitt slíkt, sem felst í till. á þskj. 15.

Hv. 4. þm. Reykv. spurði, hvort fjhn. hefði hugsað sér að taka upp till. um rannsókn á atvinnuástandi. En ég vil spyrja: Telur hann ekki till. sína fullnægjandi í þeim efnum? Og því er verið að hnýta aftan við þetta frv. efni úr annarri till., sem annar flutningsmannanna stendur að og hinn væntanlega fylgir?

Umr. frestað.

Á 16. fundi í Ed., 7. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hafði í gær gert grein fyrir afstöðu minni til þeirrar brtt., sem fram er komin við þetta mál á þskj. 118, og bent á, að meginorsökin fyrir því, að ég vildi ekki fallast á till., væri sú, að verið væri að hnýta henni þarna aftan í þessi bráðabirgðalög. Það féll nú samt margt óþvegið orð um afstöðu mína eftir á frá hv. flm. þessarar till., og sannaðist þannig sú skoðun, að tilgangur þeirra með henni er allur annar en þar kemur fram. Tilgangur þeirra er fyrst og fremst sá að stofna hér til eins konar framboðsfundarumræðna, enda var málflutningur þeirra eftir því. Ég skal m. a. leyfa mér að benda á, að hv. 4. þm. Reykv. hélt því fram, að ég hefði engar tillögur fram að færa í atvinnumálum, nema þann kínalífselixír að lækka launin í landinu. Ég vísa nú svona staðlausum orðum algerlega á bug og staðhæfi það, að svona málflutningur þokar ekki þessu máli feti nær þeim tilgangi, sem vakir fyrir hv. flm. En ég vil leyfa mér að benda hv. þm. á það, að hann var því t. d. hins vegar mjög fylgjandi, að laun til opinberra starfmanna ríkisins væru hækkuð stórkostlega á síðasta Alþingi, og það kostar nú ríkissjóðinn um 25 millj. kr. á fjárlögunum í ár. Þetta hefur þannig orðið til að torvelda það mjög, að hægt væri að halda atvinnuvegunum gangandi, þar sem taka verður þetta fé af þeim. Hv. þm. lagði því með þessu stein í götu þeirra fátæku og hungruðu manna, sem hann ræddi mest um í gær. Ég bendi aðeins á þetta að gefnu tilefni frá hv. 6. landsk., sem sagði, að ef það væri eina leiðin til að bæta kjör manna að hækka launin, þá væri bezt að halda því áfram. En það mál er nú ekki svo einfalt. Og það vita hv. þm., og það veit hv. 6. landsk., og það sýnir sá samningur, sem hann las og atvinnurekendur og verkamenn á Vestfjörðum gerðu sín á milli til þess að atvinnuvegirnir gætu haldið áfram að starfa. Og heldur en að gera slíkar ráðstafanir, teldi ég heppilegra, að fundinn væri grundvöllur, sem öruggur mætti teljast, fyrir því, hvað hægt væri að hafa tímalaunin há fyrir þetta fólk. Þetta hlýtur hv. þm. að sjá; en hann snerist að mér með dólgslegum orðum í stað þess að viðurkenna það. Hv. þm. sagði, að ég hefði lagt til að lækka aflahlut sjómanna um 60—70%. Hvenær hef ég lagt slíkt til? Sannleikurinn er sá, að erfiðleikarnir á Vestfjörðum stafa í ár af tvennum ástæðum, og veit ég ekki, hvor ástæðan hefur verið afdrifaríkari fyrir fólkið.

Ég er ekki kunnugur, hvernig þetta er á Ísafirði, en ég er vel kunnugur þessu í þeim hluta Vesturlands, sem ég er umboðsmaður fyrir, Barðastrandarsýslu, og það er ekkert óeðlilegt, þó að ég miði að nokkru við það. Þar hefur það ekki eingöngu verið aflaleysi, sem skapaði þetta ástand, sem nú er, það hefur miklu frekar verið þröngur efnahagur frystihúsanna. Ég vil í sambandi við það benda á, að frystihúsinu á Bíldudal, sem er

eign fólksins, var lokað í sumar um tíma, vegna þess að það gat ekki greitt sjómönnum innlagðan aflahlut, og sjómenn fóru með þennan aflahlut til annarra staða á Vestfjörðum, til Önundarfjarðar og Súgandafjarðar. Hér er því ekki um aflaleysi að ræða á þeim stað, heldur annan þátt, fjárskort frystihúsanna. Nú er fjarstæða að ætla sér að hnýta aftan í brbl. úrbótum vegna fjárskorts frystihúsanna í landinu. Það sýnir sig, að þessi tvö mál eiga ekki saman, og það er m. a. þess vegna sem ég gat ekki fallizt á að samþ. þessa till. Ég vísa þeim orðum hv. 6. landsk. á bug, að það sé um nokkurn fjandskap við Vestfirði að ræða frá minni hálfu; hér er ekki um annað að ræða en skilningsleysi frá hv. þm., ef hann ekki skilur það, að þessi mál hanga ekki saman og eiga ekki saman hér á Alþ. Ég hef haft þó nokkur afskipti af því að greiða úr þessum þætti og afla frystihúsinu fjármagns til að geta haldið áfram, og auk þess er það ljóst, að síðasta Alþ. lagði nokkurn skerf til þess að hægt væri að leysa þau mál með heimild á 22. gr. fjárl., þar sem ríkisstj. er heimilað að ábyrgjast 3½ millj. kr. til þess að bjarga því, sem er mest aðkallandi í sambandi við fjárskort frystihúsanna. Ríkisstj. og Alþ. höfðu þarna opin augun fyrir afkomu manna í því héraði eins og öðrum héruðum, sem áttu í erfiðleikum út af þeim málum, þannig að orð hv. flm. um það, að ríkisstj. hafi opin augun fyrir afkomu manna í sumum héruðum, en ekki í öðrum, fá heldur ekki staðizt, og það er ekkert tilefni fyrir hv. flm. að láta slík orð falla í sambandi við þetta mál, og ég efa það, að slíkar umr. sem fóru hér fram í gær verði til þess að skapa samúð með málinu, sem annars ætti skilið að verða athugað og rætt hér af einlægni af báðum aðilum.

Hinn þátturinn er aflaleysið. Það er alveg rétt, að hann skapar nokkra erfiðleika. Þó er því ekki að neita, að nokkur hluti af bátaflota Vestfjarða hefur verið á síld fyrir Norðurlandi og fengið aðstoð eins og aðrir, sem á síld hafa verið, og sá hlutur hefur fallið þeim í skaut eins og öðrum. Þess utan hafa þeir haft möguleika til þess að færa sig til, hinir stærri bátar, á aðrar verstöðvar, t. d. við Faxaflóa og Vestmannaeyjar, og þá verða þeir undir sömu sökina seldir eins og sá bátafloti, sem hv. 6. landsk. lýsir að hafi prýðilega afkomu. En skilningur hv. þm. á ummælum mínum og aðstöðunni til aflatryggingasjóðs er svo fjarri því, sem ég sagði, sem frekast má vera. Hvenær hefur mér dottið í hug að segja, að ég vildi að sjóðurinn væri eyðilagður? Ég benti á, að eðlilegt væri, að aflatryggingasjóður, sem nú tekur til starfa í ár, sinnti fyrst af öllu þeim þörfum, sem honum er ætlað að sinna, þ. e. að bæta úr aflaleysinu, og það bar fyrst og fremst að snúa sér til hans í sambandi við það mál, og það var ekki neinn fjandskapur við Vestfirði að benda á það. Það var það sama að benda á þetta eins og að benda á það í sambandi við afgreiðslu frv., að það ætti að snúa sér til Bjargráðasjóðs Íslands í sambandi við bændahjálpina og þeim sjóði gert kleift að sinna því verkefni.

Ég held það sé rétt fyrir hv. þm. að bíða með ásakanir á mig fyrir fjandskap gegn fólkinu og sjóðnum, þar til hann heyrir, hvaða afstöðu ég tek í því máli. Ég tel því rangt að hnýta þessari till. hér aftan við, vegna þess að ég álít, að það séu til aðrir staðir, sem benda megi á í sambandi við aflaskort. Þá heldur hv. þm. því fram, að það sé rangt hjá mér að láta í það skína, að aflaskorturinn sé ekki af völdum náttúrunnar. Það getur vel verið, að þeir, sem hafa lesið lögspeki eins og hæstv. dómsmrh. og þekkja ekki til sjávarins, skilji þetta ekki, en mér er kunnugt um, að orsakirnar til aflatregðunnar eru af manna völdum, en ekki náttúruvöldum. Það er af þeirra völdum, að hópur skipa, togarar og togbátar, hafa skrapað upp veiðisvæðin og eyðilagt veiðarfæri manna og eyðilagt veiðina og stofninn og lokað fyrir göngur fisksins inn til fjarðanna. Ég hefði búizt við því, að hv. 6. landsk., sem hefur lifað með þessu fólki, vissi þetta eins vel og ég og þyrfti því ekki að fárast út af því, þó að bent sé á það, að fyrir slíkt er ekki hægt að girða með Bjargráðasjóði Íslands; það eru aðrir aðilar, sem þar eiga hlut að máli. Ég hefði talið eðlilegt vegna málsins, að hv. flm. vildu taka þessa till. aftur. *Ég er fullkomlega fús til þess að vera fylgjandi þeim málum hér í d., til þess að leysa þessi vandræði eftir þeim leiðum, sem taldar eru eðlilegastar og heppilegastar, þó að ég sé hins vegar ekki fús til þess að fylgja því, að þessari till. sé hnýtt aftan í frv.*

Ég hefði því talið heppilegt fyrir málið, að menn hættu að vera með pólitíska framboðsfundi til þess að hella sér hver yfir annan og til að fá tækifæri til þess að snúa út úr hver annars orðum, en sneru sér beint að málinu sjálfu. Ef aftur á móti hv. flm. fást ekki til þess að taka þessa till. aftur, þá staðfestir það enn betur grun minn um, að þeir hafi ekkert meint með henni, og verði till. felld, verður að sjálfsögðu miklu torveldara að fá sömu menn til þess að sinna málinu síðar, þó að það væri í öðru formi, og eins þó að till. væri felld á þeim forsendum, að hún eigi ekki við þetta mál. Því teldi ég heppilegast, að hv. flm. vildu taka till. aftur nú við þessa umr., en fyndu svo aðra leið heppilegri og eðlilegri til þess að koma þessu máli fram. Eftir yfirlýsingu hæstv. dómsmrh. skilst mér að það séu ekki eins mörg ljón á veginum og virtist koma fram í sambandi við þetta mál.

Ég hirði svo ekki að deila frekar við hv. flm. um þá sök, sem hann bar á mig í sambandi við þetta mál, en ég vil heyra, hvort flm. geta ekki fallizt á að hafa þessa meðferð á málinu. Mun ég, eins og ég sagði í upphafi, greiða atkv. á móti till. Hins vegar mun ég ekki greiða atkv. með frv.; þar hefur ekki verið farið að mínum ráðum. Þó mun ég ekki greiða atkv. á móti frv.

Haraldur Guðmundsson: Hv. þm. Barð. sagði, að ég hefði í ræðu minni hér í gær talað dólgslega til hans og borið hann sökum. Mér heyrðist hv. þm. S-Þ. viðhafa þau ummæli í gær í öðru sambandi, að misskilningur væri versti skilningur. Ég vildi minna hv. þm. Barð. á þessi ummæli. Ég neita því að hafa á nokkurn hátt viðhaft dólgsleg eða óviðurkvæmileg orð í ræðu minni í gær eða borið hv. þm. sökum. Það kann að vera, að ég hafi brýnt röddina á köflum, en það ætla ég að fari ekki í bága við það, sem eðlilegt og sjálfsagt er talið í þessari hv. d., og ég treysti hæstv. forseta til að hafa áminnt mig, hafi ég brúkað dólgsleg orð. Hafi ég hins vegar með raddbreytingum meitt eitt-

hvað aðrar taugar en heyrnartaugar hv. þm. í gær, þá bið ég hann afsökunar; það var ekki minn tilgangur. En þau ummæli, sem hv. þm. viðhafði, gáfu tilefni til þess að álykta, að hann teldi í rauninni vandræði fólksins á Vestfjörðum sjálfskaparvíti fólksins þar, sem með kröfum um of hátt kaup hefði skapað sjálfu sér atvinnuleysi. Það voru þessi ummæli hv. þm., sem voru tilefni til þeirra ummæla, sem ég viðhafði í ræðu minni í gær, og í því sambandi spurði ég. Þessi ummæli eru þar að auki tilefnislaus vegna þess, að það er upplýst í d., að kaup er lægra á Vestfjörðum en t. d. hér við Faxaflóa, þannig að benda á þá leið að lækka kaupgjaldið sem leið út úr ógöngunum, er óviðeigandi. Hitt er svo öllum kunnugt, að þessi hv. þm. telur, ekki einasta í þessu máli, heldur yfirleitt, eins og kom fram í ræðu hans síðast, að kauphækkunaraldan, sem hann nefnir, sé í rauninni að stefna öllu í óefni, eins og t. d. kaup opinberra starfsmanna, sem hann gerði að umræðuefni. En ég vil minna hv. þm. á, að sú kauphækkun, sem nú er gerð, sem er 15—17%, — að till. um það efni var borin fram af ríkisstj., sem þessi hv. þm. er forsvarsmaður fyrir, og sett inn í það lagafrv., sem hann fer hörðustum orðum um hér, því að bindingin var ákveðin í fjárl. ársins 1950. Eigi ég sök á þessu máli, sem ég vil ekki játa, þá er ríkisstj. meira sek, og ég hygg, að hann sjálfur hafi ekki greitt atkv. á móti þessu; hvort hann hefur greitt atkv. með þessari gr. fjárl., veit ég ekki, en með l. í heild greiddi hann atkv. Sannleikurinn er sá í þessu efni, að allir sanngjarnir menn sáu og viðurkenndu, að með þeirri breyt. á kostnaði við að lifa, sem orðin var, og á launakjörum annarra stétta, var óhjákvæmilegt að ganga þannig til móts við þennan starfsmannahóp í landinu. Það er fjarri því, að mér detti í hug, að það sé hægt að leysa vanda launastéttanna með því að hækka kaupið og samtímis gera þá kauphækkun að engu; mér er það ljóst og öllum þorra verkamanna, en mér er jafnljóst, að það er önnur fjarstæða, að það sé hægt að leysa vandann með því stöðugt að lækka kaupið. Þó kaupið sé sett niður, þá er afkoman ekki tryggð með því, eins og dæmið, sem ég tók í gær um rekstrarafkomu Faxaflóabáta á næstu vertíð, sannaði.

Að því er snertir tilmæli hv. þm. um það, að þessu máli verði betur tekið aftur, og tilboð hans um að miðla þá málum, vil ég segja þetta: Ég vildi í fyrsta lagi fá að heyra frá hv. þm., hvar hann hugsar sér að málið sé tekið upp, svo að haldi megi koma. Í öðru lagi vildi ég heyra frá hæstv. ríkisstj., hvernig hún snýst við því, að málið sé tekið upp sem sérstakt mál. Ég hefði talið, að það mætti vænta þess, eftir því sem kom fram hjá hv. þm. Barð. og hv. frsm. n., að það kæmi fram í fjhn. till. um þetta efni, og þar sem það er höfuðröksemdin, að þetta sé óskylt mál, þá væri hugsanlegt í því sambandi, að hv. fjhn. athugaði málið og atriði þess og benti á aðrar leiðir. Ef þess er kostur, þá er ég fús til þess fyrir mitt leyti að ræða við meðflutningsmann minn um þetta efni, því að mér er engin þægð í, að till. sé drepin, ef það verður til þess að torvelda lausn málsins á annan hátt.

Ég vildi svo víkja örfáum orðum að hv. þm. S-Þ. Mér fannst á honum í gær að ég hefði komið við hans taugar líka, því að hann sagði, að það væri vondur misskilningur, sem ég legði í hans orð. Það var ekki ætlun mín, og bið ég hann því sams konar afsökunar. En ég er hræddur um, að misskilningurinn hafi ekki verið á mína hlið, og það, sem hv. þm. sagði hér í gær, staðfesti það að minni hyggju, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, sem var það, að ég harmaði, að ríkisstj. hefði ekki verið jafnglöggskyggn á þarfir vélbátaflotans, þegar um væri að ræða þarfir þess fólks á Vestfjörðum, sem stundar sjávarútveg, eins og hún var á nauðsyn aðgerða til stuðnings bændum á óþurrkasvæðinu norðan- og austanlands, og ég vil bæta því við, að ég harma það mjög, að ríkisstj. eru svo mislagðar hendur í þessum efnum. Ég get ekki séð, að þessi ummæli séu á nokkurn hátt á misskilningi byggð, og ég fékk staðfestingu á því í orðum hv. þm. S-Þ., því að hann byrjaði ræðu sína á því að gefa þá yfirlýsingu, að hann teldi það fyrstu skyldu hverrar ríkisstj. að styðja landbúnaðinn, og leiddi að því rök, sem vel má ræða. Ég álít, að þessi ummæli staðfesti það, sem ég áður sagði, að hvað sem öðru líður, hvernig sem ástandið er annars staðar, hvað sem að kallar á öðrum sviðum, þá sé það fyrsta skylda ríkisstj. að styðja landbúnaðinn. Þetta er ákaflega þröngt sjónarmið og meiri einsýni en ég hefði vænzt hjá þessum hv. þm. og en ég ætla nokkurri ríkisstj., nema hún sanni það með gerðum sínum, eins og þessi ríkisstj. hefur gert. Hv. þm. færði þau rök fyrir máli sínu, að reynslan hefði sýnt, að okkar sjávarútvegur sé ótryggur, en landbúnaðurinn tryggur. Þetta eru allt rök, sem ég hef heyrt og gætu vel verið efni í umr. Ég mun samt spara mér að fara langt í þessum efnum, en vil spyrja hv. þm. um eitt: Í hverju er trygging landbúnaðarins fólgin? Hvers vegna er landbúnaðurinn svo tryggur nú þrátt fyrir pestir, óþurrka o. fl., af hverju stafar það? Það stafar af því, að hann hefur örugga markaði fyrir sínar afurðir innanlands, sem þar að auki eru tryggðir á þann hátt, að framleiðendur ráða að mestu verðinu á sinni framleiðsluvöru. Áhætta sjávarútvegsins liggur að vísu nokkuð í því, að aflinn er ótryggur, en áhættan liggur að langmestu leyti í því, að hann á annað að leita um sölu á sinni vöru en þangað, sem hægt er að tryggja verð og afsetningu með sérstökum aðgerðum; hann verður að selja sína vöru á erlendum markaði fyrir það verð, sem þar gildir á hverjum tíma. Þetta er sá meginmunur, sem á þessu tvennu er. Af þessu mætti kannske draga þá ályktun, sem hv. þm. gerði, að það þyrfti að draga úr sjávarútveginum, en styðja landbúnaðinn. En þrátt fyrir það er þetta að minni hyggju hæpin ályktun, því að öryggi landbúnaðarins er því aðeins tryggt, að sá markaður, sem hann hefur notið á undanförnum árum, bregðist ekki, og kaupgetan innanlands á afurðum landbúnaðarins er undir því komin, hver afkoma þess fólks er, sem lifir af sjávarútvegi eða öðrum slíkum atvinnugreinum að langmestu leyti. Ef litið er nægilega langt fjarri sér, þá er trygging landbúnaðarins mest í því fólgin, að hlutur þeirra, sem aðrar atvinnugreinar stunda, og þá fyrst og fremst sjávarútveginn, sé sem beztur og þeirra hagur sem bezt tryggður. Það hygg ég að þessum hv. þm. sé ljóst, ef hann leiðir hugann að því. Ég verð því að segja, að sú kenning er að

minni hyggju fjarri sanni, að fyrsta skylda hverrar ríkisstj. sé að styðja landbúnaðinn. Fyrsta skylda hverrar ríkisstj. er að vera jafnglöggskyggn á hag og þörf allra hluta þjóðarinnar, ef svo mætti segja, og gera þar engan mun á. Ég harma þær viðtökur, sem þessi till. hefur fengið, og meðferð þessa máls af hálfu ríkisstj.

Ég skal svo láta máli mínu lokið. Mér þætti vænt um að heyra frá hv. þm. Barð. og hæstv. ríkisstj., á hvern hátt hún telur að málið mætti upp takast, áður en við ákveðum, hvort við tökum till. aftur. Ef það er til góðs fyrir málið, þá er það sjálfsagt.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég gat ekki verið við umr. í gær; til þess lágu óviðráðanlegar ástæður, og ég veit ekki, hvort þessar umr. í dag gefa ástæðu til þess að ég fari að lengja umr. um þetta mál. Raunverulega finnst mér það liggja ljóst fyrir, að þegar hnýta á svona till. aftan í brbl., þá er ekki meiningin, að málið gangi fram, það dettur engum í hug, það veit hver einasti maður, og það vita hv. flm. líka. Að hnýta þessari till. aftan í brbl. er ekki gert nema í auglýsingarskyni og til þess að fá um hana umr. Þess vegna eru óþarfar umr. um þetta. Þetta er gert til þess að slá upp umræðum um þetta í blöðum um meðferð á þessu á Alþ., og er gert í auglýsingarskyni. Þetta er orðið ákaflega óviðkunnanlegt. Það er aldrei hægt að bera fram nokkurt mál viðkomandi landbúnaðinum, án þess að það sé verið með sífelldar eftirtölur og samanburð, né án þess að verið sé að reyna að hnýta einhverju aftan í þau mál hér á þingi. Og það er að heyra eins og ekkert hafi verið gert fyrir sjávarútveginn, sem sambærilegt sé við það, sem hér er gert fyrir landbúnaðinn. En það er áreiðanlegt, að það hefur verið mikið gert fyrir sjávarútveginn, sem sambærilegt er við þetta. Og síðast, þegar þetta mál var rætt, benti ég á, að ríkisstj. er að ganga frá frv. um kreppuhjálp til handa bátaútveginum. Ég þekkti skjölin, sem nýlega lágu á borðinu fyrir framan hv. þm. Barð., það var frv., sem ríkisstj. er að ganga frá um kreppuhjálp, sem verið er að búa út handa bátaútveginum — og þar með á Vestfjörðum — um lán og beina styrki þeim til handa, sem stundað hafa bátaútveg. Og upp á hvað er þetta? Það er upp á 20—30 millj. kr. Hv. þm. Barð. sagði, að það væri upp á nærri 30 millj. kr. En það er talað hér í hv. þd. eins og menn muni ekkert eftir þessu. Það er að vísu svo, að það er búið að gera þetta oft. Og við, sem erum hlynntir landbúnaðinum, höfum aldrei talið þetta eftir, heldur höfum við beitt okkur fyrir því. Og síðast í sumar, þegar kreppuhjálp var veitt vegna síldarútgerðarinnar, beittum við okkur fyrir því. En svo, þegar verið er að tala um eina og hálfa millj. kr. fyrir landbúnaðinn vegna hallæris, árferðis, sem ekki hefur þekkzt á þessari öld fyrr, og það þarf jafnvel að leita til ársins 1881 til þess að finna slíkt árferði, þá þarf í sambandi við þetta mál að hnýta brtt. og segja: Það getur ekki gengið, að ekkert sé gert fyrir sjávarútveginn, þegar allt er gert fyrir landbúnaðinn. — Þó að hæstv. ráðh., fjmrh. og atvmrh.., hafi setið á fundum nú með fulltrúum útvegsins, sem til þess eru kjörnir, og hafi verið að þessu í allt sumar, til þess að vinna fyrir sjávarútveginn og greiða hans vandamál. Og frv. það, sem ég gat um áðan, um kreppuhjálp til sjávarútvegsins, verður lagt fram eftir nokkra daga. — Mér persónulega er óskiljanlegur þessi hugsunarháttur, sem hér hefur komið fram og ég minntist á. Þó að ég reyni að setja mig í dómaraafstöðu og vera alveg hlutlaus í þessum málum, get ég ekki séð annað en að hér sé sú undarlegasta hlutdrægni og undarlegasta blinda á ferðinni.

Og hverjar eru meginástæðurnar fyrir því, að svona hefur farið sem raun ber vitni fyrir bændum á óþurrkasvæðunum nú í ár? Ég heyri hér haldið fram, að hv. þm. S-Þ. hafi sagt, að það væri fyrsta skyldan að styðja landbúnaðinn. Ég veit ekki, hvort hann hefur orðað það svona og býst varla við, að hann hafi látið setninguna frá sér fara þannig. En sá hv. þm., sem var út á þetta að setja, sagði, að það ætti að styðja þessar atvinnugreinar jafnt, sjávarútveginn og landbúnaðinn, og undir þetta tek ég að öllu leyti. En eftir að búið er að búa út, hvort sem það nú er fimm eða sjö sinnum, síldarkreppulán fyrir sjávarútveginn, og þannig ár eftir ár — og ég tek enn fram, án þess að það sé talið eftir af okkur, sem hlynntir erum landbúnaðinum, því að við framsóknarmenn höfum verið þessum ráðstöfunum fylgjandi — og þegar verið er að gera þetta upp nú fyrir sjávarútveginn, einmitt sömu dagana og kreppuhjálpin núna vegna sjávarútvegsins veltur á 20—30 millj. kr., og þegar hins vegar er talað um 1½ millj. kr. fyrir landbúnaðinn, þá standa menn hér upp og segja: Þetta á að ganga jafnt yfir báða atvinnuvegina. — Gengur þetta þá ekki jafnt yfir þá báða? Og þetta á að gera fyrir landbúnaðinn, eftir að búið er að gera slíkar ráðstafanir oft fyrir sjávarútveginn. En það er eins og þær ráðstafanir fyrir sjávarútveginn séu gleymdar, þegar búið er að gera þær. — Og hverjar eru þá ástæðurnar fyrir því, að svona hefur farið í þessum héruðum, þar sem óþurrkarnir hafa verið mestir í sumar? Ég vil benda þeim, sem hér tala um, að það eigi að gera jafnt fyrir landbúnaðinn og sjávarútveginn og vilja sérstaklega undirstrika þá reglu, á þetta: Hvernig hefur þessa verið gætt á undanförnum árum, þegar verið var að byggja upp þessar tvær atvinnugreinar? Hafa þeir, sem mest hafa talað um, að þetta jafnrétti ætti að vera, athugað framkvæmdirnar um það tímabil og það, hvaða hættu er verið að setja íslenzka þjóðfélagið í? Því að það mun sannast, og menn eru farnir að grilla nokkuð í það nú, að velmegun íslenzks þjóðfélags fer eftir því, hvernig landbúnaðurinn stendur og hvernig honum er sinnt, og að svik við landbúnaðinn hafa verið svik við þjóðina. Þetta hefur alltaf farið saman. Hefur sjávarútvegurinn ekki fengið nógu mikið af bátum og togurum, eða hefur hann fengið svo mikið af bátum og togurum, að ekki sé hægt að selja þá? Hefur hann ekki fengið nógu mikið af frystihúsum, eða hefur hann fengið svo mikið af þeim, að það sé meira en fyrir þau skip, sem hægt er að selja hér og reka? Hefur hann ekki fengið nóg af síldarverksmiðjum og frystihúsum, norðanlands eða sunnanlands? Hvað er það, sem ógert er fyrir sjávarútveginn, annað en það, að hann þarf að vera fjölbreyttari og hafa vandaðri framleiðslu, sem er hans verk að koma í kring? Hvað hefur ríkisstj. látið ógert til þess að kaupa öll þau tæki

handa sjávarútveginum, og að því er okkur er sagt mörg af þeim hin beztu, sem fáanleg eru í veröldinni? Og hver vill segja, að hér á landi sé of lítið til af bátum, fyrir það, að ríkisstj. hafi ekki keypt þá eða hlutazt til um það, að þeir yrðu keyptir? Og hver vill segja, að of lítið sé af togurum hér af sömu ástæðum? Eða frystihúsum? (**HV:** Það eru of fáir bátar í gangi.) Já, þeir liggja. En það eru öll tæki í gangi, sem landbúnaðurinn hefur fengið. Hver vél, sem landbúnaðurinn hefur fengið, og hvert annað tæki, sem hann hefur fengið, er í gangi. Nei, sannleikurinn er sá, að sjávarútvegurinn hefur fengið það mikið af tækjum, eins og einhver sjávarútvegsmaður hefur sagt, að hann er að gubba síðustu tíu togurunum. Hvað hefur verið gert fyrir landbúnaðinn á sama tíma? Af erlenda gjaldeyrinum, sem gerð var áætlun um hvernig varið yrði til nýsköpunar, voru ætlaðar 50 millj. kr. til landbúnaðarins, til þess að byggja upp þann atvinnuveg með því að kaupa tæki og annað slíkt. En hvað hefur verið keypt af þeim? Ekkert fyrr en nú á síðustu árunum. Og þegar bændur hafa viljað byggja frystihús, hvað hefur þá gerzt? Þeim hefur verið neitað um fjárfestingarleyfi og efni, og þeim er neitað um það enn. Það er einn hreppur í Suður-Þingeyjarsýslu, sem hefur byggt upp votheyshlöður, sem hefur fengið til þess fjárfestingarleyfi og efni. Og þessi hreppur er ekki á skránni yfir þá, sem aðstoðar þurfa nú vegna óþurrkanna. Að verulegu leyti stafar sú nauðsyn á hjálp, sem nú er verið að rétta fram, af vanrækslu þess opinbera gagnvart landbúnaðinum, af því að bændur hafa ekki fengið efni til þess að byggja votheyshlöður. Og þessi hjálp til bænda á Norður- og Austurlandi má því með réttu teljast gjald, og lítið gjald fyrir vanrækslusynd, sem framin hefur verið gegn landbúnaðinum á undanförnum árum, á sama tíma sem troðið hefur verið upp á sjávarútveginn meiru af tækjum en hann hefur getað tekið á móti. Ég held því, að út frá þessu, sem ég hef sagt, þurfi að fara að athuga það að vinna — eins og hv. þm. sagði hér áðan — fyrir þessar atvinnugreinar alveg jafnt. Og ég segi fyrir mig, að að svo miklu leyti sem ég hef farið með völd í þessu landi, þá hygg ég, að það sé erfitt að sýna fram á það, að ég hafi ekki reynt af fremsta megni að fylgja þeirri reglu. En þeirri reglu hefur verið fylgt á undanförnum árum, að það hefur verið sama, hvort maður hefur minnzt á tæki, lánsfé, sem farið hefur gegnum hendur ríkisstj. og ríkið hefur ráðið yfir, eða yfirleitt annað fé, að það hefur farið til þess að kaupa tæki til hagsbóta við sjávarsíðuna, og það svo, að allt er þar fullt af tækjum og yfirfullt. Og þó að verið sé að stofna til þess að gera upp skuldir sjávarútvegsins á hagkvæmasta hátt, skuldir upp á 20—30 millj. kr., þá er sömu dagana og þetta á sér stað verið að telja eftir þessar 1½ millj. kr., sem verja á hér til hjálpar landbúnaðinum í hinu einstæðasta árferði hvað óþurrka snertir. Slíkt finnst mér óverðskuldað.

Hv. 6. landsk. þm. segir hér, að of lítið af tækjum sjávarútvegsins sé í gangi. Það er allt annað mál. En það er kannske ýmislegt auðveldara en það, þegar búið er að verja hverjum einasta spariskildingi þjóðarinnar, hverri einustu mynt, hverju nafni sem nefnist, sem þjóðin á í erlendri mynt, öllu lánstrausti þjóðarinnar inn á við, því að það hefur verið gert, og öllu lánstrausti þjóðarinnar út á við til þess að kaupa tæki fyrir sjávarútveginn, þannig að allt hefur verið þurrausið og við förum nú bónleiðir til búðar til þess að fá lán til þess að kaupa síðustu togarana, og er vafasamt, hvort ríkisstj. tekst að komast út úr því, þar sem þar þarf 80 millj. kr. til, — þegar svona er, þá er kannske ýmislegt léttara en að koma með peninga og segja: Tækin eru þarna, en við þurfum að stofna til atvinnubótavinnu. (**HV:** Það er meiningin að komast hjá því.) Það skal ekki falla niður, að athugað verði, hvernig nú er farið með þessi tæki, því að eftir að þjóðin er búin að verja hverjum spariskildingi sínum í að kaupa þessi tæki og búin að nota allt sitt lánstraust einnig til þess, þá verður hún að reka þessi tæki, og ekki sízt þegar hún getur kannske varla fengið lánsfé til þess að kaupa þau síðustu. Það er full þörf á, að þetta verði athugað, og það skal ekki standa á því, að það verði gert, ef á að tefja þetta mál, sem hér liggur fyrir, með því að hnýta öðru máli aftan í það.

Það hafa fallið hér talsvert ómild orð, að mér finnst, í umr. um þetta mál. Og mér þykir leiðinlegt, að þau skuli hafa fallið, og sérstaklega leiðinlegt, að þau skuli hafa fallið fyrst og fremst frá þeim hv. þm., sem ég átti sízt von á að þau kæmu frá. Og það sýnir mér, að þetta mál, sem brtt. er um, eins og það er borið fram, er ekki flutt eins og raun er á vegna þess, að hv. þm. hafi ekki skilning á þessu, heldur er hv. þm. að koma þessu máli fram í auglýsingarskyni. Það er það, sem villir, og það er aldrei gott, því að sannleikurinn er sá, að fyrir utan alla þá vanrækslu, sem ég hef lauslega drepið á, gagnvart landbúnaðinum, þannig að hann hefur verið settur hjá, þegar sjávarútvegurinn hefur fengið sitt fjármagn, þá er það hlutur, sem menn hafa ekki nægilega athugað, en verða að fara að skilja, hvaða kapítal í raun og veru þarf til þess að reka íslenzka landbúnaðinn og hvað 1½ millj. kr. er lítil upphæð í því sambandi, þessi upphæð, sem við erum að tala um að verja til að bæta úr vandræðum, sem nú steðja að þessum atvinnuvegi. Það er mál út af fyrir sig, sem við verðum að ræða á Alþ., einmitt í framhaldi af því og með tilliti til þess, að það hefur sama sem ekkert verið gert fyrir landbúnaðinn eða sáralítið að tilstuðlan þess opinbera til að byggja hann upp, en mikið er búið að gera fyrir hina atvinnuvegina, — það er mál, sem þyrfti að ræða í sambandi við atvinnuvegina yfirleitt, hvernig við getum byggt upp landbúnaðinn á næstu árum. Embættismenn í Reykjavík, sem hafa há laun, eru að velta því fyrir sér mikinn hluta af sinni ævi, hvernig þeir eigi að koma upp yfir sig húsi. En menn hugsa ekki um það, að bóndi í sveit þarf ekki aðeins að byggja yfir sig hús, án þess að hafa önnur laun en framleiðslan leggur til, sem oft er ekki stór á hverju ári hjá þeim, a. m. k. meðan bændur eru að koma fyrir sig fótum. Bóndinn þarf líka að byggja útihús, kaupa vélar, koma upp bústofni og koma á hjá sér ræktun. Það væri miklu nær fyrir okkur að ræða um það í sambandi við atvinnuvegina, hvernig bændastéttin ætti að fá þær 40 millj. kr., sem þarf að veita í íslenzkan landbúnað, til þess að hægt sé að koma honum í það horf, að bændur geti komið helmingnum af fóðrinu, sem búpeningur þeirra þarf, í votheyshlöður. Og þegar menn

tala um, að landið okkar sé harðbýlt, — sem það er, — þá höfum við ekki athugað nógu vel, að bóndinn erlendis getur ekki ráðið við það, þó að hagl komi nóttina áður en hann ætlar að uppskera af akrinum, né heldur það, hvort vatnsflóð koma, sem hafa komið t. d. í sjö ár fyrir ekki löngu í Kanada, en hér á landi geta bændur hins vegar undir flestum kringumstæðum gert framleiðsluna örugga viðkomandi heyframleiðslu, nefnilega með votheyshlöðum. T. d. er það athyglisvert, að vorið 1949, sem er eitt harðasta vor, sem komið hefur hér á landi um langan tíma fyrir sveitabúskapinn á svipuðu svæði og óþurrkarnir s. l. sumar, þá sjáum við, að menn, sem hafa haft kapítal með einhverju móti til þess að byggja upp sinn landbúnað eins og þarf á Íslandi, höfðu alveg ágæta afkomu þrátt fyrir harðindin. Og við sjáum jafnframt, eins og ég tók fram áðan, að hreppar, sem hafa fengið fjármagn til þess að byggja votheyshlöður, en eru á mesta óþurrkasvæðinu, þeir eru ekki á skýrslunni yfir þá, sem aðstoðar þurfa vegna óþurrkanna s. l. sumar. Þeir eru búnir að gera það, sem þarf mikið fé til, að fyrirbyggja skakkaföllin, sem stafað geta af óþurrkum. Og það er það, sem við þurfum að hugsa um, ekki hitt, að metast um það, hvernig að sjávarútveginum annars vegar og landbúnaðinum hins vegar er búið, og ég geri það ekki ótilneyddur, — hvernig á að útvega þær minnst 40 millj. kr. fyrir landbúnaðinn á næstu árum, sem hann þarf til uppbyggingar, ef ekki á að koma fram kyrrstaða fyrir þjóðina í þessu efni.

Það er verið að tala hér um hallæri á Vestfjörðum, sem er sjálfsagt ekki að ástæðulausu. Það er mál, sem snertir okkur alla og sérstaklega þá, sem eru fulltrúar fyrir þessi svæði. Og það er alveg eins í mínu kjördæmi, Strandasýslu, að þar hefur verið aflaleysi. Ég hygg, að það sé nokkur afli fyrir Vestfjörðum nú, sem er ekki í Strandasýslu, því að Húnaflói er tómur. Vitanlega á að athuga þetta. En það á ekki að gerast í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir til meðferðar. Og sjómenn á Hólmavík og yfirleitt í Strandasýslu vita, að ég hef nákvæmlega sama áhuga fyrir þeirra hagsmunamálum eins og fyrir hagsmunamálum bændastéttarinnar í sýslunni. Verulegur hluti sýslubúa eru einmitt sjómenn, og meðal þeirra eru mínir beztu fylgismenn. En það er bara, sem þarf að athuga, að við leysum ekki bæði málin í einu, þetta, sem fyrir liggur, og vandamál sjómanna. — Þetta var innskot viðkomandi Vestfjörðum. En í sambandi við þetta vildi ég að hv. þm. beindu huga sínum að því, hvað gera þarf fyrir landbúnaðinn á næstu árum, til þess að ekki þurfi á svona ráðstöfunum að halda eins og hér er verið að gera. Og hvað hafa þeir gert sums staðar á Vestfjörðum, í Dýrafirði og á Ingjaldssandi sérstaklega? Þeir eru búnir að byggja votheyshlöður fyrir 50—70% af sínum heyfeng. Og þó að það kæmu svona óþurrkaár yfir þá eins og nú hefur s. l. sumar komið á Norður- og Austurlandi, þá þurfa þeir ekki á svona hjálp að halda, ekki frekar en þeir tveir hreppar, sem ég minntist á. En við skulum bara játa, að landbúnaðurinn hefur yfirleitt ekki fengið þessa aðstöðu, það hefur ekki verið búið að honum að öllu leyti eins og hefði átt að vera. Við höfum kannske allir verið meira eða minna blindaðir af þeim stórfeng, sem kom úr sjónum á stríðsárunum, og höfum kannske vanrækt landbúnaðinn eitthvað meir þess vegna. En við eigum ekki að vera að telja eftir þessa 1½ millj. kr., því þó að þessi upphæð sé greidd til hjálpar, eins og hér liggur fyrir frv. um, þá hallast ekki á milli sjávarútvegsins og landbúnaðarins, a. m. k. ekki sjávarútveginum í óhag, því að það er vitað, að hér á Alþ. eru menn, sem hafa jafnan áhuga fyrir landbúnaðinum og sjávarútveginum og hafa sýnt, að þeir hafa fullan áhuga á málum sjávarútvegsins, eins og það frv. ber vott um, sem bráðum kemur fram. Og við viljum gera rannsókn á þeim grundvelli, að þau tæki séu notuð, sem hver einasti spariskildingur þjóðarinnar hefur verið notaður til að kaupa og sömuleiðis allt lánstraust þjóðarinnar.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Ég hef aðeins tíma til stuttrar aths. og ætla að minnast á það, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði hér um, hvað ég hefði sagt í þessum umr. Ég sagði það, að landbúnaðurinn væri öruggasti atvinnuvegurinn og að það væri ótvírætt, að fólkinu við landbúnaðinn þyrfti að fjölga, ef þessi þjóð hugsaði um framtíð sína og farsæld sína í framtíðinni. Hitt veit ég, að það er um hana eins og um álfkonuna, að hún á sjö börn í sjó og sjö á landi, og um öll börn sín verður hún að hugsa. En hitt er það, að þau börnin, sem sjóinn stunda, reka atvinnuveg, sem er óöruggari en landbúnaðurinn, vegna þess að sjávarútvegurinn er rányrkja. Hann byggir ekki upp, en tekur af því, sem eyðist. En landbúnaðurinn er atvinnuvegur, sem, ef hann er vel rekinn, byggir upp fyrir framtíðina, og hver ný kynslóð, sem tekur við, er betur sett en hin fyrri. Bóndinn er sá þjóðfélagsþegn, sem kemst næst því að vera sjálfum sér nógur, en að því þarf þjóðin að stefna í heild. — Hafi ég sagt, að það væri fyrsta skylda ríkisstj. að hugsa um velferð landbúnaðarins, þá hef ég sagt það í því sambandi, að það væri ótvíræðasta skyldan. Og það er mín skoðun, sem ég tek ekki aftur.

Ég held, að það sé ekki rétt að samþ. þessa brtt. Ég held því fram, að hún sé of takmörkuð. Þrátt fyrir það, sem hv. 6. landsk. þm. sagði um t. d. betri aðstöðu Siglfirðinga en Vestfirðinga, tel ég ósannað og óvíst, að svo sé. Og í minni byggð, Húsavík, voru svo léleg aflabrögð s. l. sumar, að elztu menn segjast ekki muna því líkt. Þrátt fyrir það hef ég ekki séð ástæðu til að koma með till. um rannsókn á þessu. En ef farið verður út í þá hluti vegna aflaleysis bátaflotans s. l. sumar, þá krefst ég þess, að það verði gert viðkomandi Húsavík einnig. Þannig tel ég brtt. hv. 6. landsk. þm. of takmarkaða, þar sem hann hugsar bara um sinn landsfjórðung. Og einnig tel ég, að ekki eigi að samþ. till. um þetta efni sem brtt. við þetta frv., þó að þörf sé til rannsóknar á þessu, vegna þess að í sameinuðu þingi er till. um það efni, sem ekki er takmörkuð á þennan hátt. Og í sambandi við þá till. er eðlilegt að fram komi áhugi og vilji þingsins.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef talað tvisvar í þessu máli og á aðeins rétt á aths. Og þó er ýmislegt, sem vert væri að gera að umtalsefni, eftir að hæstv. landbrh. hefur hleypt hér

svo myndarlega úr hlaði og skellt á skeið í umr. um málið. Hann sagði margt, sem ástæða væri til að svara.

Hv. þm. Barð. vildi aðallega sýna fram á hér í ræðu sinni áðan, að ástæðan til hins bágborna atvinnuástands á Vestfjörðum væri ekki fyrst og fremst aflabrestur nú eða á undanförnum árum, skildist mér, heldur væri það af öðru en af náttúrunnar völdum, sem afli hefði ekki borizt þar á land. Það væri m. a. þjóðfélagsþegnunum að kenna og svo bjargráðasjóði og mér skildist líka ríkissjóði, sem bætt hefði mönnum tjón, sem þeir hefðu orðið fyrir af slíkum völdum. En ég held, að aflaleysið sé alveg jafntilfinnanlegt, hvort sem það stafar af náttúruvöldum eða af þeim ástæðum, sem hv. þm. Barð. heldur fram, og hér er það að minnsta kosti staðreynd, að hraðfrystihúsin eru órekin, að vélbátaflotinn liggur í höfn vegna þess, að fjárhagur þessara fyrirtækja er: rúst. Hraðfrystihúsin hafa ekki fengið nægilegt hráefni, einmitt vegna aflaleysis vélbátanna, og má í því sambandi vísa til aflaskýrslna Fiskifélags Íslands yfir Vestfirðingafjórðung, sem sýna, að undanfarin 3 ár hefur afli þar verið langt fyrir neðan meðallag. Bæjar- og sveitarfélög á Vestfjörðum reyndu í fyrra að tryggja sjómönnum lágmarkskaup og greiddu til þess háar upphæðir og hærri en þau þoldu, til þess að reyna að halda atvinnutækjunum, en þegar nú er knúið á þær dyr, þá treysta þessir aðilar sér ekki til að veita sams konar hjálp í ár. Og hvert á þá að leita? „Fólkið á að segja sig til sveitar," segir hv. þm. S-Þ. „Það á að lækka kaupið og lengja vinnutímann," segir hv. þm. Barð. Þetta eru svörin, sem fást hér á hinu háa Alþingi. Hv. þm. Barð. segir að vísu, að hann vilji veita málinu stuðning, ef till. okkar verði tekin aftur nú og málið flutt í öðru formi. Ég veit nú ekki, hvort hann hefur á bak við sig fyrirheit frá hæstv. ríkisstj. um góðar undirtektir við málið, ef það væri öðruvísi flutt, en ef svo væri, þá væri ég fús til að taka till. aftur nú og afsanna þar með þá staðhæfingu hv. þm. Barð., að málið sé eingöngu flutt í auglýsingarskyni, og hæstv. landbrh. leyfði sér einnig að fullyrða, að málið væri eingöngu flutt til að sýnast. En sannleikurinn er sá, að fyrir mér vakir það eitt að fá atvinnulíf Vestfjarða í gang til þess að bægja þar voða frá dyrum almennings.

Hæstv. landbrh. talaði um það, að á undanförnum árum hefði ekki verið misgert við sjávarútveginn og hefði meira komið í hans hlut en landbúnaðarins, og má lengi deila um þetta, en ég hef hér fyrir mér fjárlagafrv. fyrir árið 1951, og þar eru á 16. gr. ætlaðar 25,7 millj. kr. til landbúnaðar, og er það mjög svipuð upphæð og áður. Hins vegar er framlagið til sjávarútvegsins lækkað. Það er rétt hjá hæstv. landbrh., að við eigum ekki of lítið af vélbátum og ekki of lítið af togurum eða hraðfrystihúsum, en við eigum of lítið af öllum þessum tækjum í fullum rekstri, og ég hélt sannarlega, að þótt þessara tækja hafi verið aflað, þá sé ekki kominn tími til að halla sér út af og sofna með vélbátana í höfn, hraðfrystihúsin hráefnislaus, fólkið atvinnulaust og þjóðfélagið gjaldeyrissnautt.

Hæstv. landbrh. sagði, að það væri búið að moka svo miklu af tækjum í sjávarútveginn, að nú væri hann að gubba 10 nýjum togurum. Það er bágborið heilsufar í atvinnulífinu, en af hverju stafar þetta? Það stafar af því, að sjávarútveginum var af hæstv. ríkisstj. fært það læknislyf, sem gengislækkunin var, en hún veldur því, að togararnir nýju kosta 8 millj. kr. stykkið. Enginn treystir sér til að kaupa þá, og það er þess vegna, sem sjávarútvegurinn er að gubba 10 nýjum togurum. Það er vegna gengislækkunar hæstv. ríkisstj.

Hæstv. landbrh. sagði, að það skyldi ekki standa á sér að láta athuga, hvort hallærisástand væri í atvinnulífi Vestfjarða, og þá af hverju. Þetta er það, sem till. okkar fjallar um, og skoða ég þetta sem yfirlýsingu um, að þetta verði gert, og mun því fús til að taka till. aftur í trausti þess, að málið verði aftur tekið upp í því formi, að það geti fengið skjóta og fullnægjandi afgreiðslu.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Eins og ég sagði áðan, sé ég ekki ástæðu til að lengja mjög þessar umr. og skal ekki fara inn á þann meting milli sjávarútvegs og landbúnaðar, sem ég svaraði í minni síðustu ræðu, en mér þykir rétt að benda á það, að þegar talað er um fjárlög í þessu sambandi, þá gefa tölur þeirra falska mynd af ástandinu, því að þar kemur ekki fram allt það, sem verið er að gera fyrir sjávarútveginn, svo sem *eftirgjöf á vöxtum og fleira, en framlög til landbúnaðarins* eru þar hins vegar talin. Tölur fjárlaganna eru því blekkjandi hvað snertir skiptingu fjármagns milli þessara atvinnuvega, og þyrfti að lagfæra það.

Viðvíkjandi því, sem ég sagði, að sjávarútvegurinn væri að gubba 10 togurum, þá er það náttúrlega ekki gengislækkuninni að kenna, því að ekkert tæki væri hér í gangi, ef hún hefði ekki verið gerð, og ef genginu væri nú breytt þannig, að sterlingspundið væri sett á 26 krónur, þá flyti hér ekkert far. Þetta veit hv. 6. landsk. (**HV:** Nei, ég veit það ekki.) Hvers vegna flytur þá ekki hv. þm. frv. um að hækka gengið? Nei, sannleikurinn er sá, að örðugleikarnir stafa síður en svo af gengislækkuninni, heldur af markaðserfiðleikum. Nú getum við t. d. næstum engan fisk selt til Þýzkalands, þar sem við gátum áður mokað inn fiski fyrir 70 millj. kr. Við höfðum líka ágætan markað í Bretlandi fyrir ísfisk, sem menn héldu að mundi standa, en nú er sá markaður hruninn. Við gátum selt okkar freðfisk svo að segja í einu lagi fyrir allgott verð, en nú verðum við með mestu erfiðismunum að píra honum í marga staði. Sem sagt: Markaðirnir hafa fallið saman, svo að jafnvel gengislækkunin er ekki nóg til að vega upp á móti þeim skakkaföllum, sem af markaðshruninu leiðir, en ef gengið hefði ekki verið lækkað, þá held ég að enginn hefði þorað að horfast í augu við það ástand, sem skapazt hefði, ef þá hefðu ekki verið gerðar aðrar ráðstafanir betri, sem enn hefur ekki verið hægt að benda á.

Viðkomandi till. hv. 6. landsk. og yfirlýsingum af minni hendi, þá sagði ég það, að till. lægi fyrir þinginu um úrræði í atvinnulífinu, og ef ætti á þeim grundvelli að reka tækin, sem búið er að kaupa, og athuga, hvaða staði vantaði tæki, þá skyldi ekki standa á mér að styðja það, að málið yrði rannsakað á þeim grundvelli, og á þeim grundvelli sagði ég að ríkisstj. óskaði samstarfs við viðkomandi aðila.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Það var eitt atriði hjá hæstv. landbrh., sem ég vildi ekki láta ómótmælt, og væri raunar ástæða til að ræða fleira, ef farið væri inn á þann meting, sem hér er hafinn milli sjávarútvegs og landbúnaðar, en ég hef ekki tekið þátt í þeim leik og skal ekki gera. En hæstv. landbrh. minntist á skipakaup og kaup á landbúnaðarvélum í sömu andránni og taldi, að landbúnaðurinn hefði verið svikinn á þeim skiptum. Að því er snertir hið svonefnda nýsköpunartímabil, þykir mér því rétt að gefa þær upplýsingar, sem fyrir liggja, einkum þar sem því er oft á loft haldið, að landbúnaðurinn hafi verið afskiptur, sérstaklega heyrist þessi tónn þrásinnis í flokksblaði hæstv. landbrh.

Eins og kunnugt er, var það stefnuyfirlýsing nýsköpunarstjórnarinnar svonefndu, að af 300 millj. kr., sem nýbyggingarráð fékk til ráðstöfunar, ætti að verja 50 millj. kr. til kaupa á landbúnaðarvélum, vélum til að nýta landbúnaðarafurðir og vélum og efni til rafvirkjana, og eftir skýrslum nýbyggingarráðs, þá voru veitt gjaldeyrisleyfi út á þessa liði að upphæð 50 millj. kr., tæpar þó. En skýrslur nýbyggingarráðs eiga að vera og eru algerlega tæmandi, því að þar var aldrei veitt gjaldeyrisleyfi, sem ekki var þegar bókað og skrásett. Til kaupa á landbúnaðarvélum og vélum til að nýta landbúnaðarafurðir fóru um 21 millj. kr., fyrir vélar og efni til rafvirkjana röskar 18 millj. kr. og fyrir jeppabifreiðar, sem ætlaðar voru bændum, 8,5 millj. kr. Nokkuð af þessum jeppum fór þó til kaupstaða, en á móti kom talsvert af vörubílum til sveitanna, svo að ég ætla, að þar hafi ekki hallazt á landbúnaðinum í óhag. Niðurstaðan er því sú, að á því tímabili, sem flokkur og blað hæstv. landbrh. hefur fyrst og fremst skotið geiri sínum að, þá var ekki svikizt um að veita leyfi fyrir landbúnaðarvélum og öðrum vélum, er tilheyrðu þessum flokki, sem átti að fá 50 millj. kr. leyfi. Þetta álít ég rétt að taka fram, þegar verið er með þennan meting milli atvinnuveganna, en vísa að öðru leyti til plagga, sem hljóta að vera hjá fjárhagsráði, um leyfisveitingar nýbyggingarráðs. — Meira hef ég svo ekki að segja að óreyndu. Ég sé ekki ástæðu til að blanda mér hér inn í deilur manna, einkum af því, að flm. hinnar mjög umdeildu till. tekur hana aftur. (**HV:** Eftir útvötnun hæstv. landbrh. á yfirlýsingu sinni sé ég mér tæplega fært að taka till. mína aftur.) Jæja, ég segi þá eins og Einar Hjartarson í Vík: Mig varðar um hvorugt, — og læt ég þar við sitja, en ég álít heppilegt fyrir hv. flm. till. að fara þá leið, sem hann ætlaði.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður. Ég vildi aðeins mótmæla þeirri fullyrðingu hv. 4. þm. Reykv., að ég sem form. fjvn. og hæstv. ríkisstj. ættum sök á því, ef um sök væri að ræða, eins og hann orðaði það, að lögð var þung byrði á atvinnuvegina með samþykkt Alþingis á launauppbót til embættismanna á síðasta ári, og vísa ég í þessu sambandi til umr., sem fram fóru í fyrra, bæði um þáltill. um það efni og fjárl. Málið var fyrst flutt af tveimur þm. Alþfl. og tveimur þm. Sjálfstfl. og samþ. þá, en hvernig var afstaða þm.? Í fjvn. voru 6 af 9, þar á meðal ég, á móti, og í sameinuðu þingi var meiri hl. stjórnarstuðningsmanna á móti, en till. samþ. með stuðningi óábyrgrar stjórnarandstöðu. Till. var svo aftur flutt í desember af einum þm. Sjálfstfl. og tveimur þm. Alþfl., þar á meðal hv. 4. þm. Reykv., sem nú vill ekki kannast við sitt eigið afkvæmi. Þá gerðist sama sagan: 6 af 9 í fjvn., þar á meðal ég, voru á móti, og barðist ég hart gegn framgangi málsins. Í sameinuðu þingi var meiri hl. stjórnarstuðningsmanna áfram á móti, en till. var samþ. með hjálp hinnar óábyrgu stjórnarandstöðu. Svo leyfir hv. 4. þm. Reykv. sér að drótta því að mér og hæstv. ríkisstj., að við eigum alla sökina, ef um sök sé að ræða! En það er staðreynd, að það er hv. 4. þm. Reykv. ásamt öllum hans flokki, sem á sökina á því, að þessi byrði var lögð á atvinnuvegina, og hefur þannig stuðlað að því, að bátarnir eru í höfn og iðjuverin óhreyfð.

Út af fyrirspurnum hv. flm. um það, hvaða lið ég vildi ljá málinu, ef till. yrði nú tekin aftur, þá þykir mér rétt, ef hann hefur ekki manndóm í sér til að standa við það að taka hana aftur, að geta þess, að ég er reiðubúinn til að stuðla að því, að rannsókn fari fram í málinu, en það er vitanlega rétt hjá hv. frsm., að sú rannsókn yrði aldrei einskorðuð við Vestfirði, heldur yrði hún að ná yfir land allt. Enn fremur er ég fús til að athuga, hvaða aðstoð hraðfrystihúsin geta fengið samkv. 22. gr. fjárlaga, XII. lið, en þá verður líka að vera til starfsgrundvöllur fyrir þessi hraðfrystihús, en hann verður aðeins skapaður með heilbrigðum launakjörum, og ég er ekki með því að veita fé til þess að hækka laun, án þess að það komi fólkinu á viðkomandi stöðum til góða.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Úr því að hv. þm. Vestm. er kominn í deildina, vildi ég segja þetta: Ég byrjaði hér ekki á neinum metingi milli landbúnaðar og sjávarútvegs. Ég var aðeins að svara því, sem fram hafði komið. Ég mun heldur ekki fara inn á mál, sem ekki á hér heima, þ. e. a. s. að rekja tölulega, hvað landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn hafi fengið, en ég vil aðeins segja það, að þeir, sem vilja dæma í því máli, ættu að hugsa um öll þau tæki, sem sjávarútvegurinn hefur fengið, og sjá, hvað hann hefur, en líta líka á það, sem landbúnaðurinn hefur, og sjá, hvað vantar í byggingum, vélum, votheyshlöðum og mörgu fleira. Ég ætla ekki að rengja þær tölur, sem hv. þm. minntist hér á, en ef menn hafa heildartöluna, sjá þeir, hvernig þessu er varið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Af því að mér virðist, að það skipti nokkru máli, hvort því má treysta, að ríkisstj. sé velviljuð þessu máli, að koma bátaútveginum á Vestfjörðum af stað, þá vil ég spyrja hæstv. landbrh., hvort málið fái stuðning stj., ef till. er tekin aftur, og hvort hann vilji greiða fyrir því, að málið fái framgang í öðru formi, svo að fólkið á Vestfjörðum þurfi ekki að búa við sult. Ég er fús að taka till. aftur, ef ég fengi svolítið minna af útvötnuðum svörum hjá hæstv. landbrh.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég tel svör mín ekki á nokkurn hátt útvötnuð. Jafnvel þótt ég sé þingmaður fyrir vesturkjálka

landsins, benti ég á, að það liggur önnur till. fyrir þinginu um rannsókn á grundvelli atvinnuháttanna yfirleitt. Vænti ég þess, að hv. þm. geri sér ljóst, að til eru verri svæði en á Vestfjörðum. Ég fór ekki fram á, að till. væri tekin til baka, en sagði aðeins mína skoðun. Ég álít hins vegar heppilegustu vinnubrögðin að draga hana til baka.

ATKVGR.
Brtt. 118 tekin aftur.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 18. fundi í Nd., 9. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Ég held, að það væri rétt að fresta umr. um þetta mál, þar til hæstv. landbrh. verður við, en ef það gengur umræðulaust til nefndar, get ég leyft fyrir hönd ríkisstj., að það gangi til n. nú þegar.

Umr. frestað.
Á 19. fundi í Nd., 10. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Landbrh. (Hermann Jónasson): *Herra forseti.* Ég gat því miður ekki verið hér við í gær, er mál þetta var tekið fyrir, og var þannig nokkur ástæða til að óska, að málinu væri frestað. — Ég þarf nú naumast að hafa um þetta langa framsögu; málið hefur þegar verið mikið rætt í hv. Ed. og út frá þeim umræðum í dagblöðunum, svo að það er mjög kunnugt hv. þm. En það er upphaf þessa máls, að miklir óþurrkar gengu á stórum svæðum í landinu í sumar, eða á Austur- og Norðurlandi og á miklum hluta Vestfjarða. Á þessu svæði voru óþurrkarnir það miklir, að þeir ollu tjóni, sem sýnilegt var að ekki varð komizt hjá að hjálpa bændum að rísa undir, og gaf því ríkisstj. út, sem kunnugt er, bráðabirgðalög um það efni. Sú hjálp nær þó ekki aðeins til bænda, heldur engu síður til þess fjölda manna á þessu svæði, sem býr í þorpum og styðst að verulegu leyti við landbúnað sér til lífsbjargar ásamt daglaunavinnu og sjósókn.

Það var seinni part sumars, að búnaðarmálastjóri ritaði landbrn. bréf og benti þar á, hvernig ástatt væri, og ráðuneytið skipaði því næst þá Árna G. Eylands og hv. 1. þm. N-M. til að ferðast um þessar sveitir og safna skýrslum um ástandið. Þessar skýrslur hafa ekki verið prentaðar, en hv. landbn. hefur vitanlega aðgang að þeim eftir geðþótta. Á grundvelli þessara skýrslna lögðu þeir til, að reynt yrði að bæta tjónið með óafturkræfu framlagi, er næmi 1½ millj. kr., og 3 millj. kr. láni. Engir fá bætur, sem ekki hafa orðið fyrir tjóni, er nemur 20% eða meira, og ekkert tillit er tekið til þess, hvort heyfengurinn er skemmdur eða ekki, en það er vitað mál, að nýting verður víða mjög slæm, t. d. hjá þeim, sem brugðu við á síðustu stundu að koma sér upp votheyshlöðum til þess að heyið eyðilegðist ekki alveg. Eftir að þessir tveir menn höfðu rannsakað tjónið á hverjum stað, skiluðu þeir skýrslum sínum til landbrn., og það gerði sér eftir þeim grein fyrir, hvað eðlilegt væri að lána hverjum hreppi. En þegar heildarúthlutun til hvers hrepps hefur verið ákveðin, taka viðkomandi hreppsnefndir við og framkvæma skiptinguna á milli hreppsbúa með tilliti til tjónsins á hverju býli, efna og annarra ástæðna. Ég hef talið, að ekki væri hægt að finna öllu réttlátari úthlutunargrundvöll en þennan, þar sem byggt er á skýrslum þessara manna, sem ríkisstj. telur hafa unnið verk sitt af mikilli rögg og samvizkusemi, og hreppsnefndirnar síðan látnar annast úthlutunina til einstaklinga, en þær munu hvar í sveit sem er hafa fullan hug á að framkvæma hana réttlátlega, enda hafa þær um það sterkt aðhald af hreppsbúum á hverjum stað. Ég held því, að ekki þurfi að draga það í efa, að rétt hafi verið að veita þessa hjálp, þar sem það er upplýst, að aðrir eins óþurrkar hafa ekki komið hér á landi síðastliðna hálfa öld. Og í annan stað held ég þurfi ekki að efast um það, að skýrslurnar um ástandið hafi verið eins vel og samvizkusamlega unnar og framast mátti gera ráð fyrir á ekki lengri tíma en þeim, sem þarna var til stefnu. Og í þriðja lagi held ég að ekki verði deilt um, að sú úthlutunaraðferð, sem hér er viðhöfð, sé hin rétta. Enn fremur er þá augljós nauðsyn þess að gefa út um þetta bráðabirgðalög, þegar þess er gætt, að hér þurfti að bregða við í skyndi, þar sem hver einstakur hreppur varð að fá vitneskju um það, hvers hann mætti vænta um aðstoð, áður en slátrun hæfist, og hver einstakur bóndi að vita, hvað hann mætti setja á. Á meðan málið var hjá stjórn Búnaðarfélagsins, eða í 3 daga, var því öllum oddvitum símað og þeim sagt, hvenær svör bærust, svo að þeir gætu þá verið búnir að boða fundi, svo að hægt væri að gera hverjum bónda ljóst í tíma, hve mikillar aðstoðar hann mætti vænta.

Enda þótt mál þetta sé nú svona vaxið, hefur þó nokkuð verið deilt um það í hv. efri deild, og aðallega er það einn hv. þm., sem vítir meðferð málsins og telur, að bjargráðasjóður hefði átt að annast þetta. Vitanlega hefði verið hugsanlegt að fá stjórn bjargráðasjóðs til að fara í þessa ferð og afla þeirra gagna, sem hér um ræðir. En þó er það nú svo, að ég gerði mér ekki ljóst, er þessir tveir menn fóru í þetta ferðalag, hver næstu skrefin yrðu, og ekki fyrr en skýrslurnar voru komnar; þá varð fyrst ljóst, hvað gera þurfti. En þá hefði það ekki orðið annað en formið eitt að kveðja þá til stjórn bjargráðasjóðsins, og við töldum það ekki eðlilegt, er málið var komið á þetta stig. Í öðru lagi voru svo engir peningar til í bjargráðasjóði og sjóðurinn þess ekki megnugur að veita þá aðstoð, er hér var um að ræða, og stóð þannig svipað á og um hjálp við sjávarútveginn á undanförnum árum. Enda er vitað, að ef sjóðurinn hefði verið látinn taka milljónir að láni í þessu skyni, þá er sérstaklega tekið fram í lögum sjóðsins, að árstekjur hans skuli vera að veði til árlegrar endurgreiðslu slíkra lána, og þetta hefði verið sama og að koma því til vegar, að bjargráðasjóður hefði ekki gert annað næstu 10 árin en að endurgreiða þetta og ekki getað rétt hjálparhönd allan þann tíma.

Ég mun svo ekki ræða þetta meira að sinni, nema sérstakt tilefni gefist. Sé ég ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að orðlengja þetta frekar, en ég leyfi mér að óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það er vafalaust, að aðgerða hefur verið þörf vegna óþurrkanna á s. l. sumri, enda hefur hæstv. ríkisstj. brugðið skjótt og myndarlega við. Færi raunar betur, ef hæstv. ríkisstj. sýndi vandamálum annarra stétta hinn sama áhuga. Nokkuð verður þó að teljast óvenjulegt, að úthlutun eins og þessi fari fram með þeim hætti, sem hér er á hafður. Með því er ég ekki að lýsa neinu vantrausti á réttsýni hreppsnefndanna, en hvorki af frv. né ræðu hæstv. ráðh. verður vitað, hvaða reglur gilda við þessa úthlutun. Í frv. stendur, að aðstoðin skuli veitt sem lán eða óafturkræft framlag eða styrkur. Hæstv. ráðh. hefur ekki upplýst, hve mikið fé verði veitt sem lán og hve mikið sem óafturkræfur styrkur. — Ég ætlaði að gera fyrirspurn til hæstv. ráðh., og ég get beðið, ef hann hefur skroppið burt. — — — Já, ég sagði, að það sæist ekki af frv. og hefði ekki komið fram í ræðu hæstv. ráðh., hve mikið fé væri veitt sem lán og hve mikið sem óafturkræfur styrkur. Ekki sést heldur, hvort hæstv. ráðh. hefur komið því til leiðar eða ekki, að sams konar úthlutunarreglur gildi hjá öllum hreppsnefndum; þannig verður ekki vitað, hvort efnaðri bændur, sem ekki þurfa á styrk að halda, eiga að fá gjafir eða ekki. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvernig þessu hvoru tveggja er farið, og þetta á að upplýsa við þessa umræðu. Það má vera, að hv. landbn. fái þessar upplýsingar, en hv. deild á að fá þær engu síður.

Ég sagði áðan, að óvenjuleg aðferð væri höfð við þessa úthlutun, að fela hana hreppsnefndum, og ef hún ætti að vera til eftirbreytni framvegis, þá ætti úthlutun á aðstoð til sjávarútvegsins að verða falin sveitarstjórnum á þeim stöðum, þar sem skipin eiga heima, ef gæta ætti samræmis. Sú aðferð hefur ekki tíðkazt til þessa.

Þá gat ég þess áðan, að það færi betur, ef aðrar stéttir fengju eitthvað svipaða áheyrn hjá hæstv. ríkisstj. eins og sú, sem hér á einkum hlut að. En það er nú öðru nær. Þannig óskaði L. Í. Ú. eftir því fyrir þremur vikum, að ríkisstj. skipaði nefnd til þess að rannsaka í samráði við L. Í. Ú., hvaða ráðstafanir þyrfti að gera til þess að koma vélbátunum á flot. Þessari málaleitun var hæstv. ríkisstj. ekki enn þá farin að svara í gær einu orði. Þá er í annan stað vitað, að fjöldi manns við sjóinn á við bág kjör að búa af völdum atvinnuleysis, einkum á Vestur- og Norðurlandi. Þannig voru skráðir rúmlega 100 manns við atvinnuleysisskráningu á Ísafirði, og var þó vitað, að margir létu ekki skrá sig, sem bjuggu þó við atvinnuleysi. Meðaltekjur þessa fólks reyndust vera 875 kr. á mánuði í þá 10 mánuði ársins, sem skráningin náði yfir. Á líkum tíma fór skráning fram á Siglufirði, og voru þar skráðir 135 menn, og þó aðeins nokkur hluti þeirra — eins og á Ísafirði —, sem hefðu átt að koma til skráningar. Mánaðartekjur þeirra náðu heldur ekki 1000 kr. þá tíu mánuði, sem skráningin náði yfir. Við Alþýðuflokksmenn fluttum fyrir nokkru frv. þess efnis, að ríkisstj. setti 5 manna nefnd til að athuga og gera tillögur um aukna vinnu í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Þessi till. var send ríkisstj. til umsagnar, og þar liggur hún enn og er búin að liggja í 3 vikur. Hæstv. forsrh. hefur ekki haft tíma til að afgreiða tillöguna enn þá. Þegar tillagan var hér til umræðu, lét hæstv. forsrh. svo um mælt, að sér hefðu ekki borizt neinar kvartanir um atvinnuleysi. Nú hefur engin atvinnuleysisskráning farið fram, en þó er vitað, að fjöldi manna er atvinnulaus eða þá með svo rýrar tekjur, að þeir geta rétt dregið fram lífið. Þegar það er vitað, hve ríkisstj. getur brugðizt fljótt við, er bændur eiga í hlut, þá mætti ætla, að hún gerði eitthvað í málum verkamanna. En það er öðru nær. Ríkisstj. svarar hvorki málaleitan Landssambands íslenzkra útvegsmanna né tillögunni um að rannsaka atvinnuástand sjómanna, en lætur till. um það liggja hjá sér svo vikum skiptir. Ég læt þessa getið hér, því að ef ekkert bólar á svari til Landssambands ísl. útvegsmanna innan skamms um rekstur bátaflotans, þá munum við Alþýðuflokksmenn koma með brtt. varðandi þetta frv. til styrktar landbúnaðinum.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er nú raunar fátt, sem ég þarf að svara. Hv. þm. Ísaf. tók undir það, að það væri full þörf á að hlaupa þarna undir bagga, enda hefur hvergi komið fram mótbára gegn því, að þarna væri ástandið mjög alvarlegt. Og það er rétt, að menn geri sér þess grein, að þessi styrkur er engu síður til verkamanna og sjómanna. Skýrslurnar bera það með sér, að það eru eins sjómenn og verkamenn þorpanna, sem þurfa aðstoð. Eftir að þetta er viðurkennt, þá kemur til athugunar, hvort hjálpin sé réttlátlega veitt. Fyrsta atriðið í því sambandi er, hvort hlutaðeigandi ráðherra hefur tilhneigingu til að láta hjálpina fara þannig fram, að pólitík komi þar við. Það hefur þó ekki komið fram, að nokkur tilraun hafi verið gerð í þá átt, og af hálfu ríkisstj. hefur verið gengið svo frá, að slíkt er útilokað, því að það hefur verið farið eftir hlutlausum skýrslum. Hv. þm. Ísaf. spurði, hvernig skipt væri á milli framlags, sem ekki þyrfti að endurgreiðast, og lánsfjár. Ég hef getið þess áður, að ⅔ fjárins er lán og ⅓ beinn styrkur. Þegar við rannsökuðum leið til þess að skipta þessum peningum sem réttlátlegast, komumst við að þeirri niðurstöðu, að naumast væri hægt að tryggja réttláta skiptingu betur en að senda 2 menn á þau svæði, sem voru hjálþar þurfi, menn, sem við höfum ástæðu til að álíta gagnkunnuga þessum málum. Síðan er úthlutað til hreppanna, og það er álitamál, hvort hægt er að gera það öllu réttlátar. Þá kemur til greina úthlutunin í hreppunum, og þá úthlutunarleið virtist hv. þm. Ísaf. ekki vera ánægður með. Hann sagði, að það væru engar reglur til um það, hvernig ætti að úthluta í hreppunum, að hve miklu leyti ætti að taka tillit til efna einstakra manna í hreppnum o. s. frv. Í því sambandi er rétt að geta þess, að þegar úthlutað er til hreppanna, er tekið tillit til þess, ef svo og svo margir bænda hreppsins eru efnaðir, þannig að þá minnkar framlagið til hreppsins, og eru því hreppsnefndirnar óbeint skuldbundnar til að skipta eftir efnum. En eins og ég sagði áðan, getur þetta ekki orðið neitt fordæmi um úthlutun. En ég efast um, að þeir, sem búa í sveit, geti bent á betri úthlutunarleið. Ég minnist þess hér, að þegar óþurrkarnir gengu á Vestfjörðum, þá var heyið komið í tvöfalt verð, en bændur seldu það þó til óþurrkasvæðisins með því gangverði, sem hafði verið á því undanfarin ár. Ég hefði gaman af að heyra það frá fulltrúa

sveitanna, að hann efaðist um, að þessi úthlutunarleið fæli í sér mestu tryggingu, sem unnt er að fá. Ég er kunnugur í sveitunum, og þetta er mín skoðun í þessum efnum.

Viðkomandi því, sem kom fram hjá hv. þm. Ísaf. um það, að ríkisstj. hefði ekki brugðið eins fljótt við, er aðrir hefðu þurft á hjálp að halda, þá vil ég segja það, að þegar um þetta atriði er rætt, þá eru það aðrir ráðherrar, sem eiga að svara því í sambandi við sjávarútveginn, og ég ætla ekki að fara inn á umræður um það mál í verulegum atriðum, því að það snertir ekki þetta frv., sem hér er um rætt, en það er auðvitað stórmál út af fyrir sig. Ég lít þannig á sjávarútveginn og landbúnaðinn, að gera beri þessum atvinnugreinum jafnhátt undir höfði, og er orðinn leiður á þessum eilífa metingi þar á milli og geng ekki óneyddur inn á umræður um það. Kom þetta dálítið fram við umr. í hv. Ed., og er þessi metingur skaðlegur fyrir þjóðina. En ég vil segja í sambandi við þessa aðstoð til bændanna, sem er veitt vegna verra tíðarfars en þekkzt hefur í hálfa öld, að það hefur ekki farið fram hjá mönnum, að sjávarútveginum hefur verið veitt aðstoð undanfarin ár og til hans verið lagt fé til aðstoðar úr ríkissjóði, sem skiptir tugum millj. kr. Og ég get ekki séð annað en brugðizt hafi verið sæmilega fljótt við, þegar hjálpa hefur þurft sjávarútveginum undanfarin ár. Og ég þykist vita, að hlutaðeigandi ráðherrar muni taka þessi mál til athugunar og úrlausnar, en ég sé ekki ástæðu til að ræða það hér, því að það snertir ekki minn verkahring, og það atriði, að sjómenn þurfi á hjálp að halda, er alveg óskylt afgreiðslu þessa frv.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það kom fram í ræðu hæstv. ráðherra, að það hafa ekki verið settar neinar heildarreglur um úthlutunina, sem gilda fyrir alla hreppana, þannig að ekki er víst, að nokkurt samræmi sé í úthlutun einstakra hreppa. Þetta er einstök aðferð, enda sagði hæstv. ráðh., að þetta ætti ekki að vera neitt fordæmi, m. ö. o., að allt aðrar reglur skulu gilda í þessum efnum hjá sjómönnum en bændum. Það er þessi munur á Jóni og séra Jóni, sem ráðherrann vill láta lögleiða með þessu frv. Hæstv. ráðh. sagði, að sér leiddist metingurinn á milli sjávarútvegsins og landbúnaðarins, og tek ég undir það með honum. En þá ætti hann ekki að ýta undir hann með því að láta allt aðrar reglur gilda um úthlutun til bænda en annarra stétta þjóðfélagsins. Ráðherrann minntist á sjávarútveginn og gaf í skyn, að aðstoð til hans væri á leiðinni. Gott er að vita það, því að ekki mun af veita. En þegar sú aðstoð er borin saman við þá aðstoð, sem hér um ræðir og bændur eiga að fá, þá mun ætlunin að gera opinbera innköllun hjá útgerðarmönnum. Hér er ekki um þvílíka aðstoð að ræða. Hér bregður hæstv. ríkisstj. skjótt við og sendir dagfari og náttfari út um sveitir, meðan hún lætur líða svo 3 vikur að svara ekki ósk um, að bætt verði úr atvinnuástandi manna við sjávarsíðuna. Ég minnist í þessu sambandi þeirrar aðferðar, sem hæstv. Alþ. lét sér lynda í málum sjómanna, er þeir höfðu orðið að þola aflabrest sjötta sumarið í röð. Þeir eiga nú inni á annað hundrað þúsund króna, sem þeim er bannað að innheimta. Meðan bændur fá aðstoð, meinar ríkisstj. sjómönnum að innheimta sitt litla kaup eftir sumarið. Hæstv. landbrh. komst svo að orði, að það, sem syrfi mest að bændunum, væri skortur á fóðri handa skepnunum. Ég skil það ósköp vel. En mundi ekki líka sverfa að þeim mönnum, sem koma heim í atvinnuleysið og skortir mat og klæði handa sínu fólki? (**BÁ:** Því verður ekki slátrað.) Nei, það er ekki siður að slátra fólki, en skilur ekki hv. þm. Mýr. það, að menn þurfa mat á meðan þeir lifa? (**BÁ:** Jú, ég þekki það mætavel.) Þá ætti hv. þm. ekki að vera með neina kerskni, þegar verið er að ræða um alvarlegt mál. Ég hygg, að atvinnuleysisskýrslur á Ísafirði og Siglufirði sanni, að þar þurfi skjótrar aðstoðar við. Það eina, sem ríkisstj. hefst þó að í því máli, er að afnema söfnun atvinnuleysisskýrslna. Þetta eru svörin, sem kaupstaðarbúar fá frá hæstv. ríkisstj., og ég get ekki vegna minna kjósenda annað en tekið þetta mál upp hér.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég sagði áðan, að ég gengi ekki hér inn á almennar umræður í sambandi við þá hlið málsins, er snertir sjómenn og verkamenn, því að ég tel það annarra ráðherra að svara í því máli. En það kom í ljós hjá hæstv. sjútvmrh. hér áðan, að hann telur sig hafa öðru að sinna nú. Ég vildi annars setja hér fram nokkrar spurningar, sem ég lagði fyrir hv. Ed., því að ég álít, að það sé gagnlegt að íhuga þær. Mundu vera margir þingmenn í þessari hv. deild, sem álíta, að hið opinbera hafi látið landbúnaðinn sitja fyrir sjávarútveginum undanfarin ár? Mundi sjávarútvegurinn hafa of fáa báta? Vantar kannske togara? Hefur ríkisstj. gert of lítið í þeim málum? Ég veit ekki betur en að við séum úti þessa dagana til þess að reyna að skrapa saman 80 millj. kr. lán til kaupa á togurum, eftir að öllu sparifé þjóðarinnar hefur verið eytt. Mundi skorta frystihús fyrir sjávarútveginn? Mundi vera of lítið af síldarverksmiðjum? Og hefur ekkert verið gert í öðrum slíkum málum fyrir sjávarútveginn? Við horfumst í augu við þá staðreynd, að lánsfé hefur farið til þessa, en því miður sáralítið til landbúnaðarins. Ef maður athugaði t. d., hve mikið fé þyrfti til kaupa á efni í þær votheyshlöður, sem nú er brýn nauðsyn að koma upp í landinu, þá er það 32 millj. kr., aðeins efnið eitt fyrir utan vinnu- og flutningskostnað o. fl. í sambandi við byggingarnar. Og það er vitað mál, að það kapital, sem landbúnaðurinn hefur fengið, er fyrst og fremst í gegnum Búnaðarbankann. Ef landbúnaðurinn fær ekki 40 millj. kr. á næstunni, þá stöðvast öll framþróun hans. Það er ómögulegt að komast hjá að byggja votheyshlöður, peningshús og vélageymsluhús og að rækta, ræsa fram og hlaða flóðgarða. Og það alvarlegasta við þetta er, að valdhafarnir skuli ekki gera sér ljóst, hve geysilega kapítalfrekur landbúnaðurinn er, ef hann á að vera rekinn á sómasamlegan hátt. Menn verða að gera sér ljóst, að það er ekki auðvelt fyrir bónda með lágar tekjur að koma upp, ekki aðeins húsum, heldur líka að rækta stórkostlega, því að það þarf að gera, ef búin eiga að stækka, það þarf að kaupa vélar til ræktunar og til heyvinnslu, það þarf að byggja útihús og koma upp bústofni. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að okkur skortir lánsfé og að það er yfirvofandi stöðvun, vegna þess að við

erum búnir að setja okkar fé, sem við áttum í lok stríðsins, utan lands og innan, í ýmis tæki, sem eru við sjávarsíðuna, eins og ég taldi upp áðan. (**FJ**: Mundi ekki vera nauðsynlegt, að þessi tæki væru starfrækt?) Vitanlega þarf að starfrækja þau, því að það er illa komið, ef þjóðin setur fyrst allt sitt fé í tæki, en þau fara síðan ekki af stað. En ég minnist á þetta, ekki vegna þess að ég sé að fara í neinn meting, heldur til að benda mönnum á að hugleiða, hvort það sé staðreynd, að sjávarútvegurinn hafi beinlínis verið settur hjá. Ég hygg, að ef menn vilja hugleiða þetta rólega, þá muni þeir komast að þeirri niðurstöðu, að landbúnaðurinn hafi ekki verið sérstaklega tekinn fram yfir sjávarútveginn.

En það er eitt atriði að lokum, sem ég þarf að svara. Ég áttaði mig ekki á því áðan, að hv. þm. Ísaf. virtist ekki hafa gert sér það ljóst, hvað hér er um að ræða, og það var ástæðan til þess, að hv. þm. Mýr. kom þarna með háðslega aths. Það var nefnilega þannig, að þegar búið var að athuga ástandið almennt, þá voru úthlutunarreglurnar ekki nógu greinilegar, segir hann, ég skal játa, að það er rétt. En hvað átti ríkisstj. að gera? Hún hafði 3 daga til umhugsunar, eftir að skýrslurnar komu, eftir þessa 3 daga átti að reka féð og slátra því, og það eru ekki stuttar leiðir til þeirra staða, þar sem fé er slátrað á Austurlandi, og það mátti ekki tæpara standa vegna veðurfarsins, að bændur gætu komið því til slátrunar. Á þessum þremur dögum þurfti því að ákveða, hvað hver bóndi átti að fá, því að það var miðað við það, hvað miklu var slátrað. Átti ríkisstj. þá að senda nefnd í hvern hrepp til þess að athuga, hvað þetta var mikið í hverjum hrepp? Það var ekki nóg að senda 2—3 menn, því að það þurfti að ákveða þetta í hverjum hreppi og ákveða það á 3 dögum. Ég get ekki séð, hvaða leið var heppilegri heldur en að láta hreppsnefndirnar ákveða þetta, á þremur dögum, og ákveða þar með, í hvað mörgum skepnum hver bóndi gat haldið lífinu. Það var ekki um neitt að velja, því að það er eins og hv. þm. Mýr. sagði, þegar hann greip fram í, og vitanlega var það það, sem hann var að skopast að, að hv. þm. virðist ekki geta séð þetta atriði ljóst, að það er of seint að veita bændum aðstoð til að halda lífinu í skepnum, sem búið er að farga. Ég vil spyrja: Fyrst hv. þm. er með aðfinnslur og fyrst hann veit, að ekki var hægt annað en að deila þessu niður á 3 dögum, hvaða aðferð álítur hann þá heppilegri heldur en þetta? Það er allt annað, sem hér er um að ræða, heldur en þegar tjón hefur orðið af fiskveiðum og síðan er hlaupið undir bagga á eftir, þar er ekki um það að ræða, að það þurfi að veita aðstoð til þess að halda lífinu í búpeningi og taka ákvörðun um það, hvað eigi að lifa. Þar getur nefnd tekið málið til athugunar og haft til þess sæmilegan tíma.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka til máls, af því að þetta mál fer til n., sem ég á sæti í, og mun mín afstaða þá koma fram. Ég mun, eins og flestir hér í hv. d., vera sammála um nauðsyn þeirra ráðstafana, sem hér á að gera. Hins vegar gaf hæstv. landbrh. ástæðu til þess að hugleiða, eins og hann skoraði á okkur þm. að gera, þau orð, sem hann sagði hér áðan, og þess vegna vil ég bæta nokkrum hugleiðingum við þau. Ég verð að segja, að mér finnst einkennileg notkun á orðum og hugtökum, eins og það kom fram hjá honum áðan. Hann talaði um, að við hefðum eytt fé í togara, vélbáta og hraðfrystihús. Ég mundi heldur nota það orð að spara fé, þegar maður setur fé í togara, vélbáta eða hraðfrystihús, vegna þess að það fé, sem sett er í þau fyrirtæki, heldur áfram að gefa af sér fé. Hins vegar mundi ég kalla það eyðslu, þegar búið er af öðrum ríkisstj. að spara fé landsmanna með því að setja það í þessi tæki, togara, vélbáta og hraðfrystihús, að hindra landsmenn í því að fá að nota þessi tæki. Og af því að hæstv. ráðh. var að lýsa eftir því, að það vantaði m. a. nokkra tugi milljóna í landbúnaðinn, þá vil ég aðeins minna hæstv. ríkisstj. á, hvernig aðferð hennar hefur verið í ár. Ríkisstj. fékk upp í hendurnar, ekki aðeins mikið af hraðfrystihúsum, vélbátum og togurum, heldur líka möguleika til þess að selja þeirra framleiðslu og fá góð markaðssambönd. Hvernig er ástandið í ár, að því er snertir hraðfrystihúsin? Ríkisstj. er búin að skera niður úr 30 þús. tonnum það, sem útgerðarmenn fá að framleiða af hraðfrystum fiski, niður í 15 þús. tonn, þrátt fyrir það þó að útvegsmenn geti framleitt og selt 30 þús. tonn af hraðfrystum fiski, ef þeir fengju að gera það. Hvað þýðir þetta? Það þýðir það, að 15 þús. tonn af fiski bannar ríkisstj. þessum aðilum að framleiða, sem kostar 4—5 þús. kr. *tonnið*, það *þýðir 60—75 millj.* kr., sem hún knýr landsmenn til að eyða, því að sú eyðsla verður ekki afturkölluð eða leiðrétt í okkar þjóðfélagi, þegar verkamaður er atvinnulaus; sá vinnudagur, sem er tapaður, hann er ekki hægt að nota til vinnu; sá tími, sem var ónotaður, gat gengið til að afla fisks, sem ekki verður dreginn; sá tími, sem hraðfrystihúsin eru látin standa kyrr, þýðir, að þeirra afkastageta er ekki notuð. Það er þetta, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert, og hún hefur gert meira. Hún hefur, þegar sjávarútvegurinn fer fram á að fá sjálfur að sýna, hvort hann geti ekki selt þessar afurðir og sjálfur flutt til landsins vörur, þá hefur hæstv. ríkisstj. neitað. Hæstv. ráðh. talaði um, að sjávarútveginum hefði verið veitt aðstoð. Hver er ein aðalaðstoðin, sem sjávarútvegurinn hefur farið fram á? Hann hefur farið fram á að fá að vera laus við aðstoð ríkisins og fá sjálfur gjaldeyrinn og fá sjálfur að ráðstafa honum og gera innkaup til landsins. Þetta er frelsið, sem hann hefur farið fram á, og þetta er honum neitað um. Þetta er honum neitað um, þó að hann gangi inn á að útvega vörur með lægsta verði, af því að ríkisstj. vill taka gjaldeyri sjávarútvegsins til þess að úthluta honum til þeirra aðila hér í Reykjavík, sem standa á bak við ríkisstj., og þar með heildsalanna, sem hæstv. landbrh. ræddi sérstaklega um við síðustu kosningar. Sjávarútveginum er haldið í þessum klóm til þess að halda uppi verzlunarauðvaldinu í Reykjavík; og það, að sjávarútveginum er veitt aðstoð öðru hvoru, er gert vegna þess, að ríkisstj. kýs frekar að gera það en að láta verzlunarauðvaldið í Reykjavík sleppa af honum klónum. Það er þetta, sem ég held að hæstv. ríkisstj. mætti hugleiða, ef hún fengist til þess að ræða þessi mál við þingið.

Hæstv. landbrh. spurði, hvort okkur vantaði togara. Já, okkur vantar togara, og við erum búnir að

bíða fulllengi eftir þeim togurum, sem hæstv. ríkisstj. keypti of seint, af því að hún brá ekki við í tíma, og við höfum nóg við þá að gera, þegar við fáum þá, svo framarlega sem sjávarútvegurinn fær að selja frjálst út úr landinu og skaffa aftur afurðir til landsmanna og létt væri af honum oki verzlunarauðvaldsins í Reykjavík. Og af því að mér virtist hæstv. landbrh. telja eftir það fé, sem farið hefur til framleiðslutækja sjávarútvegsins, þá mætti ég máske biðja hann að hugleiða, hver hafi skapað þennan auð, sem Íslendingar áttu í stríðslokin. Ætli það hafi ekki verið sjávarútvegurinn og verkamenn, ekki sízt hér í Reykjavík og grennd, sem áttu höfuðþáttinn í því? Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. tók fram, að íslenzkur landbúnaður væri kapítalfrekur og þyrfti að fá miklu meira fé. Ég vil í því sambandi segja við hæstv. ráðh.: Lofið þið sjávarútveginum að skaffa þetta fé í landbúnaðinn, og lofið þið sjávarútveginum að ganga af fullum krafti, og þegar sjávarútvegurinn gengur af fullum krafti og er ekki hindraður af þeirri pólitík, sem rekin er á Íslandi, þá mun hann líka tryggja fé til landbúnaðarins. En verði sjávarútvegurinn drepinn, eins og nú er verið að gera, þá verður ekki mikið til handa landbúnaðinum til þess að yrkja okkar land og umbæta það.

Það er kvartað um, að það vanti vélar, járn, sement og annað til landbúnaðarins. Með þeim 75 millj., sem ríkisstj. hefur bannað hraðfrystihúsunum að framleiða fyrir í ár, hefði verið hægt að kosta meginið af því, sem landbúnaðurinn þarf í þessum efnum til þessara sérstöku framkvæmda, eftir því sem hæstv. landbrh. var að reikna út áðan. Það verður ekki skapað fé, sem landbúnaðurinn þarf og þjóðinni er nauðsynlegt, með því að banna fólkinu að framleiða og nota þau tæki, sem fólkið við sjávarsíðuna hefur. Það er fyrst hægt að skapa þetta fé, þegar sjávarútvegurinn fær að vinna af fullum krafti.

Ég vil taka undir það með hæstv. ráðh., að það er ekki aðeins landbúnaðurinn, sem þarf að fá þetta fé, það þarf fé til að skapa fleiri atvinnugreinar, það þarf fé til þess að hagnýta aflið í okkar fossum og hverum, það þarf kapítal til þess að skapa stóriðju á Íslandi og til þess, í samvinnu við hana, að gerbreyta okkar landbúnaði og stórauka hann; en lyftistöngin, sem þarf til þess að gera það, það er sjávarútvegurinn, að hann geti gengið af fullum krafti og hagnýtt sín tæki alla tíma ársins og alla þá markaði, sem við áður höfðum aðgang að.

Hæstv. landbrh. minntist á, að það væri skortur á lánsfé til landbúnaðarins. Hverjum er það að kenna? Það er engum öðrum að kenna en ríkisstj., sem hefði ósköp vel getað fengið stuðning Alþ., ef hún hefði viljað, til að skaffa landbúnaðinum fé. Seðlavelta okkar Íslendinga er 180 millj. kr. nú, og skuldlausar eignir Landsbankans 100 millj. kr. Hvað þýðir þetta? Það þýðir, að það eru ekki einu sinni notaðir til fulls þeir varasjóðir, svo að ég ekki tali um sparifé Landsbankans, til þess að lána út, það er verið að skapa lánsfjárkreppu í okkar landi til þess að skapa vandræði hjá svo og svo miklum hluta millistétta og bænda til þess að gera þeim, sem eiga peninga, auðveldara að lána þá út með okurrentum. Þetta er vísvitandi ránspólitík, sem rekin er af hendi æðstu fjármálastofnunar landsins með þeirri lánsfjárkreppu, sem nú er verið að taka upp. Ríkisstj. væri innan handar að gera á þessu breytingu, og slíkt verður ekki gert, nema Alþ. taki í taumana. Það hefði heldur ekki verið veitt fjármagn í sjávarútveginn, eins og gert var á árunum, hefði Alþ. ekki tekið í taumana með stofnlánadeild sjávarútvegsins. Það er einvörðungu vegna þess, að þeir, sem telja sig hafa forustuna fyrir bændum, hafa ekki þorað að segja peningavaldinu á Íslandi fyrir verkum af fullri einurð, að íslenzkan landbúnað skortir kapítal. Það eru þess vegna ekki að neinu leyti neinar náttúrlegar orsakir, sem valda því, að það skuli vera stöðvuð lán til landbúnaðarins. Það er ráðstöfun, sem sumpart ríkisstj. sjálf hefur gert með gengislækkun, sem allir vissu að mundi stöðva þróun landbúnaðarins, og þessir menn hafa hins vegar ekki þorað að taka þátt í því, sem þarf. Þetta vildi ég aðeins segja við hæstv. landbrh., til þess að hann geti hugleitt það, eins og hann var að gefa okkur tilefni til hugleiðinga, og gætum við þá athugað það betur við 2. umr. þessa máls, þegar ég vona að hann hafi komizt að nokkurri niðurstöðu í þessum hugleiðingum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 117, n. 183).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 183, hefur fjhn. d. athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. Eins og tekið er fram í nál., hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Málið var nokkuð rætt við 1. umr., og sé ég ekki ástæðu til að hafa um það fleiri orð af hálfu n.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Þegar mál þetta var til umr. í hv. Ed., kom fram till. frá tveim þm. um það, að jafnframt því, að veitt yrði sú aðstoð, sem lagt er til í núverandi mynd frv., verði hæstv. ríkisstj. heimilað að undangenginni rannsókn að verja allt að hálfri milljón króna til aðstoðar við vélbátaútgerðina á Vestfjörðum á yfirstandandi ári til þess að afstýra neyðarástandi í þessum landshluta vegna langvarandi aflabrests. Þessi till. fékk þær undirtektir, að látið var í ljós, m. a. af frsm. fjhn., sem hafði málið til afgreiðslu í d., að eðlilegast væri, að vatill. eða till. um það, sem farið væri fram á, yrði afgr. í sambandi við þáltill., sem lögð hefur verið fram í Sþ. af okkur Alþfl.-mönnum, um að láta rannsaka atvinnuástandið í bæjum og kaupstöðum. Till. þessi var lögð fram í byrjun þings, en hefur ekki fengið afgreiðslu í Sþ. Enn fremur var þess getið af frsm. n., að eðlilegast væri, að kröfur um þetta kæmu frá viðkomandi sveitar- og bæjarfélögum. Nú er liðið mjög á haust, og atvinnuástandið bæði á Vestur- og Norðurlandi fer sífellt versnandi. Af þeim undirtektum, sem málið fékk í hv. Ed., mátti álíta, að af hálfu stjórnarliðsins mundi verða tekið vel undir þáltill. þá, sem ég gat um áðan, og að sú

athugun, sem þar er farið fram á, yrði gerð. Nú hefur komið í ljós, að það er ekki ætlunin að sinna þessari till. að einu eða neinu leyti. Í áliti frá meiri hl. allshn. er skýrt frá því, að ríkisstj. hafi þetta mál til athugunar, en sú athugun hefur ekki enn farið fram og enn síður nokkur merki þess, að þaðan sé nokkurrar úrlausnar að vænta.

Þar sem svo er í pottinn búið, að hæstv. ríkisstj. hefur algerlega látið undir höfuð leggjast að sinna að einu eða neinu leyti þeim kvörtunum um mjög almennt atvinnuleysi í þessum landshlutum, sé ég ekki nein önnur ráð en að koma fram með nokkrar till. til úrbóta við þessa umr. málsins. Eftir að þetta mál kom til umr., hafa borizt hingað skýrslur um atvinnuleysisskráningar, m. a. frá Siglufirði, Ísafirði og Bíldudal, sem sýna, að geigvænlegt atvinnuleysi er á þessum stöðum, og enn fremur að þeir verkamenn, sem hafa látið skrá sig, sem þó er aðeins lítill hluti af þeim, sem eru atvinnulausir, hafa haft mjög rýra atvinnu í sumar, og þeim fer stöðugt fjölgandi, sem leita aðstoðar hjá sveitinni, þótt þeim sé það mjög óljúft.

Ég hef því freistað þess ásamt hv. 8. landsk. þm. (ErlÞ) að koma hér fram með brtt. við frv. það, sem hér liggur fyrir, ef vera mætti, að þær fengju þær undirtektir, sem ummæli ýmissa stjórnarliða í Ed. gáfu ástæðu til að ætla, og að þær verði því samþ.

Þær brtt., sem fluttar voru við frv. í Ed., voru bornar fram af hv. 6. landsk. (HV) og hv. 4. þm. Reykv. (HG) og beindust aðallega að því að heimila ríkisstj. að verja fé til aðstoðar vélbátaútgerðinni á Vestfjörðum og til atvinnuaukningar þar, en við munum flytja brtt. í nokkuð annarri mynd hér í d., og vil ég leyfa mér að lesa þær upp, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Við 1. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Jafnframt verði ríkisstjórninni, að undangenginni skjótri rannsókn, heimilað að verja allt að 1½ milljón króna til atvinnuaukningar og til aðstoðar við vélbátaútgerðina á Vesturlandi og Norðurlandi og til að afstýra neyðarástandi í þessum landshlutum vegna langvarandi aflabrests og atvinnuleysis.

2. Við fyrirsögn frv. bætist: og til atvinnuaukningar verkamanna og sjómanna á Vestur- og Norðurlandi."

Þar sem dagskrá þessa fundar var ekki útbýtt til þm. fyrr en í dag, höfum við ekki haft tækifæri til að láta þessar brtt. koma fram áður eða láta þær fara í prentun, en ég mun að lokinni ræðu minni leggja þær inn til hæstv. forseta.

Ég hef heyrt því haldið fram, að þessar umkvartanir um atvinnuleysi á Norður- og Vesturlandi væru eins konar tilbúin starfsemi Alþflmanna, og m. a. var það sagt hér í byrjun þings, þegar þessar atvinnutill. voru lagðar fram, að Alþfl. væri í eins konar kapphlaupi um að auglýsa vandræði, sem ekki væri neinn fótur fyrir. Atvinnuleysisskráningarnar sýna, að þessi ummæli eru ekki á rökum reist, og þær áskoranir, sem Alþ. hafa borizt um að samþ. þær till., sem bornar hafa verið fram í þessu skyni, benda einnig í sömu átt. Bæjarstjórnin á Siglufirði, sem hefur einn af flokksbræðrum hæstv. forsrh. fyrir bæjarstjóra og er að litlu leyti skipuð Alþflmönnum, hefur sent áskorun um að láta rannsaka atvinnuástandið. Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, en meiri hluta hennar skipa andstæðingar Alþfl., hefur samþ. sams konar áskorun og auk þess sérstaka áskorun um það, að Alþ. samþ. að leggja fram sérstakt fjármagn til atvinnuaukningar á Vestfjörðum. Alþýðusamband Íslands — og stjórn þess er skipuð fulltrúum þriggja lýðræðisflokkanna — hefur sent mjög eindregna áskorun til Alþ. um sama efni. Og ég skil ekki, hvaða sannanir ríkisstj. telur sig þurfa um, að atvinnuleysi sé í landinu, ef ekki nægja þær upplýsingar, sem þegar eru komnar og ég hef að nokkru getið, ásamt þeirri vitneskju, sem hver einasti hv. þm., sem vill sjá það, sem gerist í landinu, hlýtur að sjá, sem er vaxandi aflabrestur á Norður- og Vesturlandi, með því atvinnuleysi, sem slíkt ástand hlýtur að leiða yfir fólkið, sem á lífsafkomu sína undir því, að afli fáist úr sjó. — Ég gat þess áðan, að það hefði verið hægt að hafa nokkra von um, að till. í þessu efni fengju nokkra áheyrn hjá hæstv. ríkisstj., í sambandi við ummæli, sem menn úr stjórnarflokkunum hefðu látið falla. Og í sambandi við þetta mál m. a. sagði hæstv. landbrh. á þessa leið: Það er verið að tala hér um hallæri á Vestfjörðum, sem er sjálfsagt ekki að ástæðulausu. Það er mál, sem snertir okkur alla, og sérstaklega þá, sem eru fulltrúar fyrir þessi svæði. — Hæstv. landbrh. vildi láta athuga þetta mál, en vildi aðeins ekki láta fara neina athugun fram á því í sambandi við þetta frv. Hv. form. fjvn., þm. Barð., lýsti yfir, að hann væri reiðubúinn til að stuðla að því, að rannsókn færi fram á málinu. — Eins og ég sagði áðan, þá líður nú svo hver vikan af annarri, að ekkert er gert í því að hálfu hæstv. ríkisstj. að rannsaka málið. Mér er að vísu kunnugt um, að hæstv. ríkisstj. hefur svarað tilmælum Landssambands ísl. útvegsmanna um að skipa nefnd frá ríkisstj. og Alþ. til þess að athuga vandræði vélbátaútvegsins, þ. e. skipa til þess svo nefnda fiskábyrgðarnefnd, sem í sitja þrír ágætir sjálfstæðismenn. Þessi svo nefnda fiskábyrgðarnefnd mun hafa byrjað samtöl við L. Í. Ú. í vikunni sem leið, en þeim samtölum er mjög skammt á veg komið. Þau miða að því að leysa heildarvandræði vélbátaflotans. En bæði er, að seint er um þetta hafizt handa, og eins er það, að lítil von er um, að árangur náist skjótt. En sá munur er á atvinnuháttum á Vesturlandi og Norðurlandi, að haustvertíð stendur þar gjarnan yfir til áramóta. Á Norðurlandi munu mjög fáir bátar stunda sjó, og á Vesturlandi hafa örfáir bátar reynt að stunda sjóinn nú á haustvertíðinni, en margir þeirra orðið að hætta við það aftur vegna aflabrests. Þó að þess vegna einhvern tíma, seint og um síðir, verði fundin einhver leið til þess að koma bátaflotanum af stað hér við Faxaflóa, þá tapast nær algerlega haustvertíðin og þeir atvinnumöguleikar, sem sú vertíð annars hefur gefið á Norður- og Vesturlandi, við aðgerðaleysi hæstv. ríkisstj. í þessum málum. Ég lýsi hryggð minni yfir því, að þessum alvarlegu málum skuli hafa verið tekið af slíku tómlæti af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Fólkið í verstöðvunum vill gjarnan fá að vinna, en hefur ekkert að vinna. Það er ekki hægt að brigzla fólkinu um það, að það vilji ekki bjarga sér, fyrir leti og ómennsku eða eitthvað slíkt. Það er fyrir aðstæður, sem fólkinu er algerlega um megn að ráða við og ekki sjálfrátt, sem það þjáist

af því atvinnuleysi, sem nú herjar þorpin á Vestur- og Norðurlandi.

Eg hef látið í ljós við fyrri umr. þessa máls, að mér þætti þetta tómlæti hæstv. ríkisstj. í þessu máli því óskiljanlegra og því óafsakanlegra sem vel og drengilega var af ríkisstj. brugðizt við vegna vandræða bænda á Norður- og Austurlandi. Ég benti þá á það, að það mundi verða nokkuð erfitt fyrir verkamenn og sjómenn, sem koma allslausir úr atvinnuleysi heima fyrir og skortir fé bæði til þess að kaupa klæði og mat handa sínum fjölskyldum, að fá þessi svör. Ég veit ekki, hvað hæstv. ríkisstj. hugsar fyrir sér í þessu efni. En ég vara við því alvarlega og enn einu sinni, að hæstv. ríkisstj. haldi áfram að sýna slíkt tómlæti í þessum málum sem hún hefur sýnt. Og ég skora á hæstv. ríkisstj. að taka þetta mál upp til alvarlegrar athugunar og afgreiðslu í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir. Bak við þessa áskorun mína stendur fjöldi sjómanna og verkamanna á Norðurlandi og Vesturlandi, sem eiga varla málungi matar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 224) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Hæstv. landbrh. er nú ekki hér viðstaddur. En ég teldi nú rétt, að ef miklar umr. eiga að fara hér fram um þetta frv. nú við 2. umr. málsins, þá væri stillt svo til, að hæstv. landbrh. gæti verið hér viðstaddur umr. — En ég vil þó segja hér nokkur orð, og þá m. a. af því, að hv. þm. Ísaf. hefur dregið hér inn í umr. um þetta frv. þáltill, sem liggur fyrir í Sþ. og sjálfsagt kemur til umr. nú eftir einn dag, í sambandi við þá brtt., sem hv. þm. flytur hér. — En ég vildi óska þess við hæstv. forseta að öðru leyti, að umr. verði nú frestað, svo að hæstv. landbrh. gæti verið við umr.

Það er rétt, sem hv. þm. Ísaf. segir, að sú till. til þál., sem hann vitnaði í, er búin að liggja lengi fyrir þinginu, eða frá því snemma á þinginu. Ég vil minna á það, að þegar þessi þáltill. kom fyrst fyrir, þá stóð togaraverkfallið enn þá yfir. M. a. voru bundnir togarar þá á stöðum eins og Ísafirði, þar sem svona var ástatt um atvinnu eins og lýst hefur verið. Og ég skal segja það mjög ákveðið, að meðan slík vinnutæki voru bundin við hafnargarðinn, eins og þá var, sá ég ekki ástæðu til að hefjast sérstaklega handa um athugun á því, sem hv. þm. minntist á. Ég lít svo á, að meðan stórvirkustu og beztu atvinnutækin, sem þjóðin hefur yfir að ráða og sparifé þjóðarinnar hefur fyrst og fremst verið varið til að kaupa, liggja bundin og ónotuð af þeim ástæðum, sem hér er um að ræða, þá sé ekki hægt að búast við, að hafizt sé sérstaklega handa um athugun á atvinnuleysi. Ég tek þetta hér fram af því, að lausn togaraverkfallsins hefur áreiðanlega haft mikið að segja í sambandi við þetta mál. Ég hef nokkuð látið athuga þessa hluti og fengið þær upplýsingar, að mjög mikið hafi breytzt atvinnuástandið á Ísafirði og í næstu þorpum, svo sem Bolungavík og Súðavík, vegna þess að þar hefur nú verið unnið að flökun í hraðfrystihúsunum, sem þarna eru. Þetta hef ég eftir ábyrgum aðilum á þessum stöðum. Ég hygg því, að það sé dálítið hæpið fyrir hv. þm. Ísaf. að halda því fram, að atvinnuástandið fari alltaf síversnandi. Mér dettur ekki í hug, að erfiðleika hafi ekki verið þarna um að ræða. En þetta hygg ég að sé rétt, sem ég tók fram um það, að úr hafi rætzt. Oddvitinn í Flateyrarhreppi hefur tjáð, að mikil breyting hafi orðið nú á atvinnulífinu þarna vestra vegna þess, að skip hafa lagt upp í hraðfrystihúsin í þorpum þarna, sem talin hafa verið, áður en togaraverkfallið leystist, mjög illa sett atvinnulega séð, og skal ég ekki mótmæla, að svo hafi verið. En mikil breyting til bóta hefur orðið á atvinnu á Vestfjörðum einmitt eftir að þáltill. var borin fram í vetur. Þetta hefur haft nokkur áhrif á afstöðu mína sem félmrh. í þessu máli og afstöðu ríkisstj. í heild.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Ísaf. nefndi, að hæstv. atvmrh. hefur falið fiskábyrgðarnefnd að athuga og gera till. um smábátaútveginn. Og það er greinilegt, að það mál fléttast inn í atvinnuástandið á þessum stöðum. Og ríkisstj. var sammála um það, að sameiginleg athugun færi fram á því máli í heild og hinu, sem sú till. tók til, sem hv. þm. Ísaf. nefndi áðan. Þetta vil ég líka leyfa mér að taka fram á þessu stigi málsins. Ég vil því vísa á bug þeim svigurmælum, sem hv. þm. Ísaf. hafði um óafsakanlegt tómlæti ríkisstj., og fleiri slíkum ummælum í þessu sambandi. Þessi mál er verið að athuga. Og a. m. k. viðkomandi ýmsum stöðum er það óhrekjanlegt, að atvinnuástandið hefur batnað á síðustu vikum, en ekki versnað, á þessum svæðum, sem hv. þm. Ísaf. gerði sérstaklega að umtalsefni, þó að ég viti vel, að það muni vera alvarlegt á ýmsum stöðum og svo alvarlegt, að það þurfi einhverjar sérstakar ráðstafanir að gera af þeim ástæðum. En ég held, að það bæti ekkert úr að uppmála ástandið svartara en það raunverulega er. — Hv. þm. Ísaf. vitnaði hér í atvinnuleysisskráningu frá nokkrum stöðum, en vildi vera láta, að sú atvinnuleysisskráning sýndi ekki atvinnuleysið eins og það væri, heldur væri það í raun og veru miklu meira. Ég veit ekki, hvað þessi hv. þm. hefur fyrir sér í þessu efni. Mér þykir mjög einkennilegt, ef ekki koma fram við atvinnuleysisskráningar þeir vinnufærir menn yfirleitt allir, sem eru atvinnulausir í raun og veru, þegar slík skráning fer fram.

Ég bjóst nú ekki við, þegar ég leit á dagskrána, að á þessum fundi mundi verða farið að ræða um þetta mál, en hafði hins vegar gert ráð fyrir, að þegar þáltill. sú, sem hv. þm. Ísaf. minntist á og sennilega verður til umr. á miðvikudaginn kemur, verður til meðferðar, þá mundi ég gefa upplýsingar um atvinnuástandið á þeim stöðum, þar sem það hefur verið talið allra verst nú og hv. þm. Ísaf. minntist sérstaklega á hér áðan, og get ég að svo stöddu ekki frekar komið inn á það en með þeim fáu orðum, sem ég sagði um það áðan.

Ég skal ekki hér verulega fara að ræða um, hvort heppilegra sé að tengja við frv., sem nú liggur hér fyrir, þá brtt., sem hv. þm. leggur til, og tel sjálfsagt, að hæstv. landbrh., sem að þessu, sem frv. þetta er um, stóð f. h. ríkisstj. á sínum tíma, hafi um það að segja. En ég tel alveg óeðlilegt, að þetta tvennt sé tengt saman í einu þingmáli. Mér finnst miklu eðlilegra, að hv. þm. Ísaf. og þeir, sem hafa svipað sjónarmið og hann í þessu efni, leggi fram sérstakt frv. með kröfum um það, sem

þeir telja nauðsynlegt í þessu efni, en það sé ekki verið að tengja það mál, sem hv. þm. Ísaf. gerði að umtalsefni, við annað og í raun og veru óskylt mál, eins og hér er lagt til, að gert verði. — Ég mun á þessu stigi málsins láta þessi fáu orð nægja, en endurtek, að þessi mál eru í athugun hjá ríkisstj. Og vitanlega verður hægt að segja eitthvað um þessi efni áður en langt líður hér frá.

Umr. frestað.

Á 29., 31. og 32. fundi í Nd., 28. og 30. nóv., 3. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 5. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 117, n. 183, 224).

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess, að ég tel, að komið hafi fram í þessum umr., að hæstv. ríkisstj. hafi ekki litið jafnvinsamlega til allra sinna þegna, þá er hún gerði ráðstafanir vegna óþurrkanna á síðastliðnu sumri. Það er að vísu alveg óvefengjanlegt, að það gengu yfir landið óþurrkar svo miklir, að á tímabili leit svo út sem öll hey á stórum svæðum eyðilegðust eða yrðu fyrir miklum skemmdum. Þetta var svo voveiflegt, að sjálfsagt var að taka tillit til þess og reyna að bæta úr. Á sama tíma herjaði aflabrestur Vestfirði og síldarleysi fyrir Norðurlandi, og var þarna ekki um einstakan atburð að ræða, heldur endurtekið óhapp, og því enn frekari ástæða til að taka tillit til þess. En viðbrögð hæstv. ríkisstj. urðu ólík, því að strax um mánaðamótin september—október gerði hæstv. ríkisstj. út menn til að kynna sér ástandið á óþurrkasvæðunum og gaf strax út bráðabirgðalög til að bæta úr erfiðleikunum. Þetta ber sízt að lasta, en viðbrögðin eru næsta ólík, því að nú, þegar hið erfiða ástand sjávarútvegsins hefur staðið í langan tíma, þá fæst hæstv. ríkisstj. ekki til að gera ráðstafanir til að bæta úr því erfiða ástandi, sem þar hefur skapazt. Nú virðist mér, að það sé komið eitt nýtt til í þessu máli, og langar mig að fá upplýsingar því viðvíkjandi. Í þeim fréttum, sem við fengum af óþurrkasvæðunum, var okkur sagt, að svæðin austan til í Þingeyjarsýslu og Múlasýslu norðanverðri hefðu orðið verst úti. En ótíðin varaði fram í október, eftir því sem mér hefur skilizt, en þá voru bráðabirgðalögin gefin út. En síðan bregður til betri tíðar, og menn ná nokkru af heyjum, sem ekki leit út fyrir að yrði hægt að ná, er lögin voru sett. Ég les því til staðfestingar úr Degi kafla úr viðtali við hollvin þess blaðs, bónda austan úr Þistilfirði. Hann er spurður almennra tíðinda, og síðan segir hann, með leyfi hæstv. forseta, — hann sagði: „að mikla veðurblíðu hefði gert þar eystra með vetrarkomunni, og stóð góðviðrið í hálfa aðra viku. Gerbreytti það ástandinu í fóðurbirgðamálunum. Menn náðu mestöllum heyjum sínum, og var það, sem slegið var í september, alls ekki illa farið. Áður en þetta góðviðri kom, var talið, að heyfengur manna væri ⅔ af meðalheyfeng, en nú mun láta nærri, að flestir hefðu meðalheyfeng, enda þótt sumt af heyjum mundi vafalaust reynast lélegt fóður.“ — Samkv. þessu hafa menn þá þar eystra hirt upp undir meðalheyfeng að vöxtum. Þetta eru út af fyrir sig ágætar fréttir. Nú eru þær spurningar, sem ég vildi leggja fyrir hæstv. ríkisstj., þessar: Í fyrsta lagi: Hefur hún aflað sér upplýsinga um það, hvað ástandið hefur breytzt mikið til batnaðar, og er nauðsynlegt að nota sömu upphæð í þessu skyni sem upphaflega var ætlað eftir fyrstu athugun í september? Liggja fyrir upplýsingar um það, hve ástandið hefur breytzt mikið til batnaðar? Í öðru lagi: Ef svo upplýsingar leiða í ljós, að þarna hafi rætzt úr betur en á horfðist um tíma, er þá ekki hægt að verja hluta þessa fjár, sem átti að fara á óþurrkasvæðin, til hjálpar hinum aðilunum, sem engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að hjálpa? Er ekki hægt að beina hluta þessa fjár til þeirra staða, þar sem sjávaraflinn hefur verið svo lítill, að til stórvandræða horfir? Um þetta vildi ég spyrja hæstv. ríkisstj., því að mér virðist, að þarna hafi orðið breyting á til batnaðar síðan ríkisstj. lét gera sínar athuganir í haust, sem ég efast ekki um að hafa verið réttar. Og ef til vill gæti þetta breytt miklu um þörf fyrir fjárhagslega aðstoð, svo að hægt yrði að nota þetta fé til hjálpar öðrum, sem þyrftu þess með.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Þegar mál þetta lá á sínum tíma fyrir fjhn., sem ég á sæti í, þá var það að sjálfsögðu athugað þar, og n. mælti með, að frv. verði samþ. Það stóð þannig á, að ég gat ekki mætt á þeim fundi, er þetta mál var afgreitt, en ég hafði þó hugsað mér að fá frekari upplýsingar um málið, en vildi ekki við umr. málsins tefja það. En ég vildi nú leita frekari upplýsinga hjá hæstv. ráðherra, og ástæðurnar fyrir því eru að nokkru leyti þær sömu og komu fram hjá hv. þm. Hafnf. Þetta mál hefur í aðalefnum víst áreiðanlega meiri hluta þings á bak við sig, en er þó viðkvæmt mál, og þegar aðstæður eru þannig, að málið er búið að vera lengi í meðferð þingsins, þá er það eðlilegt, að þingmenn óski eftir að fá frekari upplýsingar um framkvæmd þess og annað, og ég held, að það yrði mjög til skaða, ef það kæmist inn hjá þingmönnum, að sú hjálp, sem hér um ræðir, væri að einhverju leyti ástæðulaus vegna breytts ástands. Þessi efasemd kom fram hjá hv. þm. Hafnf., og maður verður var við hana víða utan þingsins. Ég vildi því mælast til þess, og það var aðalástæðan fyrir því, að ég stóð hér upp, að ráðherra gæfi upplýsingar um ýmislegt í sambandi við málið, t. d. fóðurbirgðakaup og fleira, og á annan veg gerði grein fyrir því, að menn væru nú í engu minni þörf fyrir hjálp en áður. Hv. þm. Hafnf. sagði, að bændur hefðu hirt mikið af heyjum eftir að bráðabirgðalögin voru gefin út. Ég hef rætt um þetta mál við bændur úr S-Þingeyjarsýslu, og það er álit þeirra, að þetta væri miklu meira til að sýnast, því að heyin væru mjög kraftlaus og skemmd. En það er engu að síður skaðlegt, ef það kemst inn hjá mönnum, að breytt ástand geri þörfina fyrir þessa hjálp mun minni, og ekki sízt vegna þess, að málið hefur dregið með sér fylgifiska um hjálp á aðra staði, og ég tel því á þessu stigi málsins, að rétt væri, að ráðherra gerði gleggri grein fyrir málinu.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Ég veit ekki, hvort það er almenn skoðun hjá mönnum, að það hefði ekki verið þörf á þessari hjálp til bænda á óþurrkasvæðinu. En ég vil segja það strax, að það er mjög miður farið, að þegar komið er fram með

till. um að rétta landbúnaðinum hjálparhönd, þá kemur það naumast fyrir öðruvísi en svo, að komið sé fram með aðrar till., sem eru bundnar við þær fyrri, og þær látnar falla í þá átt, að ekki er hægt að samþ. sjálfa aðaltill., nema hinar séu samþ. um leið. Ég hygg, að menn geri sér ekki nægilega ljóst, hvað hér er um að ræða. Í vorharðindunum 1949 var ástandið svo, að bóndinn þurfti að ganga með hníf um hagann til að skera lömbin, jafnóðum og þau fæddust. Í einum hrepp, þar sem ég þekki vel til, voru þannig 500 lömb skorin. Það hafa verið samþ. hér till. um það að bæta sjómönnum sinn skaða, og það hefur aldrei verið talið eftir, sem sjávarútveginum hefur verið veitt. En þannig er tekið í þetta mál, og ég fullyrði þó, að það eru margir áratugir síðan nokkur stétt hefur átt við aðra eins örðugleika að stríða og nú að undanförnu. Fé hefur verið eytt til að bæta upp halla á síldarvertíðinni, og það hefur verið gert í fimm sumur, því að í fimm sumur hefur sjómönnum verið greitt beint og óbeint til þess að þeir gætu haldið bátunum á floti, og við, sem að þessari till. stöndum, höfum aldrei komið fram með till. um hjálp handa landbúnaðinum í sambandi við það, þegar það hefur verið rætt. Og nú er eins og aldrei hafi verið brugðizt eins fljótt við og nú, er bændur eiga í hlut. Nei, það hefur ekki verið brugðizt fljótt við, þótt sjómönnum hafi verið veitt aðstoð í fimm sumur og fyrirmæli um slíkt gefin með dags fyrirvara. Það er líka vitað, að beint framlag vegna óþurrkanna er ekki nema 1,5 millj. kr., því að 3 millj. eru lán; og við erum hér í þinginu með mál, sem á að gera upp bátaflotann. Samanburður á því fé, sem varið hefur verið til bænda og sjómanna, sýnir, hve réttlátt þetta mál er, og okkur hefur aldrei dottið í hug að binda slík mál saman, enda sjálfsagt að afgreiða þau sitt í hvoru lagi.

Það er spurt um það af þm., hvort þessarar aðstoðar hafi verið þörf og hvort hennar sé nú þörf. Það eru nú líklega varla þeir menn til, sem ekki fylgjast með fréttum, og þegar það skeði, sem ekki hefur skeð síðan 1903, að ekki stytti upp mánuðum saman á stórum svæðum á landinu, þá ættu menn að sjá, hver þörfin er. Ég vil undirstrika það, sem ég hef sagt hér áður, að þetta er alls ekki eingöngu hjálp til bænda. Á þessu svæði eru fleiri smáþorp en á nokkrum öðrum stað á landinu, og þar lifa menn af landbúnaði með sjósókninni. Þegar byrjað var að hjálpa í haust, þá var þannig ástatt þar víða, að það var ekki til strá handa kúnum, og það varð að senda hey strax norður til að bjarga þeim. Það þurfti ekkert annað en kalla á þessa menn og láta þá gefa skrá um ástandið, og sýndi sig, að erfiðleikarnir eru stórkostlegir. Ef nefndin vill athuga þessa skrá, þá skal ég koma fram með skrá þessa. — En þá er það þetta atriði, hvort það er nauðsyn á svona mikilli hjálp. Farið hafa fram nákvæmar rannsóknir í hverjum hreppi. — Ekki er ætlunin að bæta nema lítinn hluta þess tjóns, sem orðið hefur, eða þar, sem heyfengur er 20% minni en venjulega. En þar, sem heyfengur er 20% minni, þarf að bæta tjónið. Athugið, að þessi svæði hafa oft verið mjög tæpt sett og búin eru lítil, það lítil, að ef nokkuð er dregið saman hjá bændunum þar, geta þeir ekki lifað. Nú eru þessi hey, sem náðst hafa, svo léleg, að tapið er meira en 20%. Ef það væri athugað, kæmi í ljós, að heyin eru svo miklu lélegri en fyrr, að þar kemur a. m. k. 20% tap í viðbót. Þeir, sem þekkja til heyja, vita, að þetta hey er ekki hægt að bera saman við venjuleg hey, og leikur enginn vafi á, að tapið er miklu meira, og yrði því ekki bættur upp nema hluti þess tjóns, sem orðið er. Halda menn í raun og veru, að íslenzkir bændur viti ekki, hvað hefur skeð á Norður- og Austurlandi, eða þeir færu að efna til almennra samskota, ef þess væri ekki þörf? Þeir vita vel, hvernig stéttarbræðrum þeirra líður. Þar, sem hey hafa náðst, þarf ekki að segja neinum bónda það, hvernig þau eru orðin um veturnætur, þegar snjóað hefur í langan tíma í sáturnar. Þið getið hugsað ykkur, að næring þess er ekki mikil, þó að hægt sé að nota það sem magafylli. Reiknað hefur verið með þessum heyfeng, en nú kemur í ljós, að mikill hluti hans er gersamlega ónýtur. Heyin eru svo léleg, að skepnur éta þau ekki. Við, sem eitthvað höfum verið við búskap, vitum, hvaða tjón bændur bíða við að gefa þennan rudda. Enn er ekki reiknað með því, hvaða afleiðingar það hefur að gefa slíkt hey heilan vetur. Áreiðanlega vitum við allir, að óþurrkar af þessari tegund hafa ekki komið í hálfa öld, og ekki undarlegt, að það hafi alvarlegar afleiðingar þar, sem votheyshlöður eru ekki til. Einn hreppur í Suður-Þingeyjarsýslu, sem hefur votheyshlöður fyrir verulegan hluta heysins, fær enga hjálp. En á óþurrkasvæðunum er lítið um votheyshlöður, og er ekki hægt að lá bændum það. Útreikningur hefur verið gerður um, að kostnaður við að gera votheyshlöður fyrir helming heyja landsmanna yrði um 32 millj. kr. í erlendum gjaldeyri.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér, og eftir því, sem ég bezt veit, er ég sannfærður um, að hjálpin er sanngjörn og má ekki minni vera. Því get ég greitt atkv. með þessu, og hjálpin er ekki meiri en sú, sem veitt hefur verið öðrum stéttum undir svipuðum kringumstæðum. Nákvæmlega eins er með sjómenn og verkamenn í þorpum, þeir geta ekki lifað án stuðnings frá landbúnaði um leið. En eiginlega er það leiðinlegt, að menn skuli nú vilja hnýta öðru við þessi bráðabirgðalög. Aldrei hefur verið hnýtt neinu nýju við, þegar um aðstoð við sjávarútveginn hefur verið að ræða.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég vil beina orðum mínum til hæstv. ríkisstj. í sambandi við brtt., sem ég og annar hv. þm. eigum. Í sambandi við þá brtt. eru bornar brigður á, að atvinnuástandið á Vestfjörðum sé eins slæmt og ég hef haldið fram. Ég vil því gefa upplýsingar um þetta mál. 1946—48 voru, auk margra smábáta, 20 skip yfir 40 tonn á Ísafirði. Þar af fóru 15 á fiskveiðar á haustvertíð. Í fyrra voru 10 bátar yfir 40 tonn með lóðir, auk dragnótabáta. Voru þá um 100 sjómenn á fastri tryggingu. Nú gengu 3 dragnótabátar, sem hættu í nóv. vegna aflaleysis. 2 mótorbátar fiska nú í sig og sigla með fisk til Englands. Af 10 lóðabátum í fyrra eru nú aðeins 2 með lóðir. Því má gera ráð fyrir, að af 100 sjómönnum, sem voru í fastri atvinnu í fyrra, séu ekki fleiri en 20—30 í atvinnu nú. Ég tel mig hafa ástæðu til að taka þetta fram, þar sem hv. þm. N-Ísf. sagði, að ég málaði ástandið of svart. Af 7 eru nú 3 drag-

nótabátar hættir veiðum, eftir að hafa aflað mjög lítið, eins og ég sagði áðan.

Ég fullyrði, að atvinnuástandið er mjög slæmt, og finnst hryggilegt, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki taka málið til rækilegrar athugunar. En henni er raunar vorkunn, þar sem mér og hv. þm. N-Ísf. ber ekki saman. Landbrh. lét fara fram nákvæma rannsókn á heybirgðum í hverjum hreppi á Norður- og Austurlandi. Væri þá nokkuð fjarri lagi, að einnig færi fram rannsókn á atvinnuástandinu fyrir vestan? Landbrh. gaf átakanlega lýsingu á ástandinu fyrir skepnur á óþurrkasvæðunum. Ég gæti einnig gefið lýsingu á atvinnuástandinu á Vesturlandi, og ekki síður átakanlega en lýsinguna af óþurrkasvæðunum, þótt ekki sé farið að slátra vegna atvinnuleysisins. En margur atvinnuleysinginn á erfitt með að leita til sveitar.

Ég vil beina sérstakri áskorun til hæstv. landbrh. og ríkisstj. um að láta fara fram sams konar athugun á atvinnuleysinu á Vesturlandi og fór fram á óþurrkasvæðunum. Nú væri ekki óeðlilegt, að valdir yrðu til þess tveir þingmenn. Okkur hv. þm. N-Ísf. hefur ekki borið saman. Leyfi ég mér því að koma með þá tillögu, að senda hv. þm. N-Ísf. og mig til að athuga atvinnuástandið fyrir vestan. Ég skal sjálfur kosta för mína, svo að hún þurfi ekki að kosta ríkissjóð neitt. Ég veit, að hv. þm. N-Ísf. mun ekki telja sig of góðan til að gera þetta fyrir kjósendur sína. Vænti ég þess, að uppástunga mín fái góðar undirtektir hjá ríkisstj., ekki sízt þar sem hæstv. landbrh. sagði í Ed., að talað væri um hallæri á Vesturlandi og sjálfsagt ekki að ástæðulausu. Vitanlega á að athuga þetta. — Ég skora því á hæstv. ríkisstj. að láta gera athuganir þessar og senda hv. þm. N-Ísf. og mig til þess. Síðan mun ég gefa rétta skýrslu um málið. Læt ég hér útrætt um þetta mál og treysti því, að hæstv. landbrh. flýti fyrir því, að þetta verði gert.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að vera langorður um málið, sem er til umræðu, en ég kvaddi mér hljóðs vegna þess, að hv. þm. Hafnf. var að skýra frá viðtali við bónda í Norður-Þingeyjarsýslu, en viðtalið birtist í Degi 15. nóv. s. l. Af því vildi hv. þm. draga vissar ályktanir varðandi ástandið í þessari sýslu, sem um er rætt. Ég vil benda á, að fréttir bóndans gefa ekki til kynna ástandið í þessari sýslu, heldur í einni sveit, sem var ekki með þeim verstu. Ég átti tal við þennan bónda hér í Reykjavík fyrir skömmu, og sagði hann, að í þessum ummælum, sem birzt höfðu, væri ekki komizt rétt að orði. Í fyrsta lagi hefði orðið tíðarbreyting um veturnætur, og í öðru lagi var ekki rætt um nema þann sveitarhluta, sem hann er búsettur í. Þarna hafa bændur komið sér upp votheysgryfjum, sem þeir hafa flestir. Auk þess hafa þeir súgþurrkun, en því miður eru þeir fáir. Þessir bændur fóru nokkru betur út úr óþurrkunum en bændur annars staðar. En af þessu ástandi eru engar ályktanir dregnar. Það er kunnugt, að ástandið í sýslunum var misjafnt. Í sumum sveitum var það svo, að það hirtist bókstaflega ekkert allt sumarið, ekki fyrr en eftir veturnætur. Þá komu þurrkar og menn náðu allverulegu af heyjum. En það er hægt að ímynda sér, hvernig hey er, sem slegið er í júlí eða ágúst og liggur fram til veturnótta, hvaða næringargildi það hefur. En það getur samt komið að gagni með fóðurbæti, þótt það sé einskis virði sem fóður. — Nú ætla ég ekki að hafa þessi orð fleiri, en nefni þetta vegna ummæla hv. þm. Hafnf.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég ætla ekki að bæta miklu við þetta mál. Það þarf ekki að endurtaka, að hér á þinginu hefur verið veitt fjárhagsaðstoð ár eftir ár vegna síldarleysis, og nú er hér á þinginu till. um aðstoð við vélbátaútveginn, sem telja má raunverulega hliðstæðu þessa, sem hér liggur fyrir. Viðkomandi ástandinu á Vestfjörðum, þrátt fyrir aðstoðina til sjávarsíðunnar, vil ég segja þetta: Sjálfsagt stafar þetta að verulegu leyti af aflabresti, a. m. k. er það svo norður við Húnaflóa, þar sem tæpast hefur fengizt bein úr sjó, t. d. er ástandið mjög slæmt af þessum sökum á Hólmavík. Það er ekki heldur þess að dyljast, að það hefur vitanlega einnig haft áhrif á atvinnuástandið á Ísafirði, að togarinn, sem þeir gera út, stöðvaðist um langan tíma. En þegar hv. þm. Ísaf. talar til ríkisstjórnarinnar viðvíkjandi þessu atriði, þá veit hann vel sjálfur, að jafnframt því, sem ég ber fram till. um hjálp til landbúnaðarins, sem er á fullum rökum byggð, þá er ekki eðlilegt að snúa sér til mín viðvíkjandi ástandinu á Vestfjörðum, nema sem þingmanns Strandamanna. Það er vitanlega sjútvmrh., sem ber að ræða það mál við. Það er ekkert því til fyrirstöðu, að það mál verði tekið fyrir sérstaklega, og það liggur hér fyrir till. um það. Það er hægt að taka afstöðu til þessa máls án þess að setja það í samband við hitt og hafa sömu vinnubrögð við bæði. Ég hef lýst því yfir, að ég er reiðubúinn að taka upp umræður um þetta í ríkisstj., að sjálfsögðu undir forsæti þess ráðherra, sem fer með þau mál. Mér er það alveg ljóst, að ef þessu fer fram við Húnaflóa, þar sem er sérstakt aflaleysi meira en menn þekkja um langan tíma, þá verður að taka það til athugunar, en það er ekki fyrst og fremst leiðin að hnýta því við þetta mál eða snúa sér til mín, það verður að ræða við sjútvmrh.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að segja nokkur orð um þetta vandamál. Mér virðist hæstv. landbrh. svara þessu nokkuð öðruvísi en ég hefði ætlazt til, þegar hann sagði, að sér þætti furðulegt, að þegar kæmi hér á Alþ. fram till. um aðstoð við landbúnaðinn, þyrfti alltaf að hnýta við till. um eitthvað annað. Ég held, að þetta sé ekki rétt. Ég held, að oft hafi verið bornar fram till. um aðstoð við bændur, án þess að nokkrum slíkum till. væri hnýtt aftan við, og ég hef sjálfur verið með að greiða þeim atkvæði. En þegar tvö tilfelli ber að á sama tíma undir líkum kringumstæðum, finnst mér, að báðir aðilar eigi að hafa jafngreiðan aðgang að ríkissjóði og ríkisstjórn, og það á ekki að mismuna landsfólkinu á þann hátt að veita einum, en synja öðrum. Framlög til landbúnaðar hefur oft verið hægt að veita án þess, að nokkuð hafi verið við þau bundið, og ég sé ekki eftir því.

Hæstv. ráðh. sagði, — og það fannst mér pósitívt í hans ræðu, — að það væri ekki ætlazt til, að þeim bændum væri veittur styrkur, sem hefðu 80% af meðalheyfeng eða þaðan af meira. Það gefur upplýsingar um, hverjum eigi að veita styrk-

inn. Ég spurði, hvort hæstv. ríkisstj. hefði gert sér grein fyrir, hvort nokkrar breytingar hefðu orðið frá því að skýrslan var gerð og þangað til nú.

Hv. þm. N-Þ. sagði, að það væri rétt, sem í blaðagreininni stæði, en hann gæti ekki dæmt um nema hluta af því svæði, sem tekið væri til meðferðar. Eins vildi hann segja, að ekki væri rétt með farið af blaðamönnum, og kann það að hafa við eitthvað að styðjast. En blaðamaðurinn segir fortakslaust, að þetta sé ástandið á þessu svæði, áður hafi þeir átt ⅔ heyfengs og verið styrkhæfir, en að þessu tímabili loknu hafi allir verið búnir að fá meðalheyfeng. Þetta virðist mér breyta nokkru. Hann segir líka, að ástand þessa heyfengs hafi ekki verið slæmt, það hafi alveg verið sæmilega gott.

Hæstv. ráðh. segir samt sem aðalsvar við minni spurningu, að eftir þeim upplýsingum, sem hann hafi getað fengið, þá væri hjálpin sanngjörn og mætti ekki vera minni. Það má vel vera, að þetta sé rétt, en ég verð að segja, að mér finnst þetta svar ekki nægilega ýtarlegt og gæti verið nákvæmara. Það gæti verið, að það langaði fleiri þingmenn en mig til að fá nákvæmari upplýsingar en þetta. Að vísu sagði hæstv. ráðh., að þarna væri ekki nema um 1½ millj. að ræða, sem skipt væri milli óteljandi manna. Ég held nú, að það mætti vel koma tölu á þá, sem þarna koma til greina, það kæmi lítið í hlut, ef þeir væru óteljandi. En hvað um það. 1½ millj. er þó nokkuð fé á okkar mælikvarða, sérstaklega þegar við bætast 3 millj. sem lán. — Það, sem ég fór fram á áðan, var aðeins að fá svar við þeirri spurningu, hvort hæstv. ríkisstj. hafi gert sér grein fyrir þeim mun, sem var á hjálparþörfinni í september og eins og hún var orðin í októbermánaðarlok, eftir að blíðviðriskaflinn kom. Ég hef það fyrir satt, að þetta hafi breytt mjög miklu víða á svæðinu.

Ég fór sjálfur um þetta svæði í september og veit vel, hvernig þetta leit út. Ég talaði við marga og sá líka sjálfur, að ástandið var ljótt, en ég hef líka heyrt, að úr þessu hafi rætzt mjög verulega, sem betur fer. Hefur hæstv. ríkisstj. gert sér grein fyrir þessum mun, og ef hún hefur gert sér grein fyrir honum, getur hún þá ekki stutt hina, sem hafa óneitanlega þörf á aðstoð?

Ég skal ekkert fara út í að ræða um fjárframlög til landbúnaðarins og annarra stétta, það er nóg verkefni út af fyrir sig. En væri það rétt, þá hefði ég ýmsar upplýsingar fram að færa um, hvað hefði farið til landbúnaðarins og hvað til annarra stétta. Því var tíðum haldið fram, og því er haldið fram, að fjárframlög til landbúnaðarins væru minni en til annarra atvinnugreina. Þetta er ekki rétt. Fjárframlög eru meiri til bændastéttarinnar en flestra annarra. Nú er hvorki staður né stund til að deila um þetta, en ég vil benda á, að það, sem veitt hefur verið af hálfu hins opinbera í sambandi við síldveiðarnar og aflabrest á fiskveiðum, hefur ekki komið verkamönnum í landi að gagni, þeir hafa jafnt gengið atvinnulausir fyrir því, og enginn hefur stutt þá, hvorki hið opinbera né aðrir, og það eru þeir, sem verst standa. Þeir, sem kauptryggingu hafa fengið með aðstoð ríkissjóðs, hafa fengið aðstoð, hinir hafa bókstaflega ekkert fengið, og þeirra hlutur er kannske verstur af öllum.

Ég get nú látið máli mínu um þetta lokið. Ég býst kannske við, að hæstv. ríkisstj. eigi erfitt með að svara spurningu minni, en það vitnast síðar, og ég haga þá afstöðu minni til málsins eftir því. En mér hefði þó fundizt eðlilegra, þegar um er að ræða mál, sem kostar ríkissjóð þetta mikið, að nánari skýrsla hefði fylgt en kom frá hæstv. ráðh.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það var aðeins út af tveimur atriðum, sem ég vildi segja nokkur orð. Hv. þm. Hafnf. taldi það ekki mikils virði, sem ég færði fram, að eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað fengið um þessi mál, væri þessi aðstoð þannig, að hún mætti sízt minni vera. Upplýsingarnar eru fengnar fyrir tilstilli tveggja manna, sem ferðuðust um allt svæðið. Þá var því haldið fram, að ástandið mundi geta breytzt. Því var gert ráð fyrir því í till. þessara manna, að þurrkar mundu e. t. v. koma í sept., og því voru till. gerðar með tilliti til þess, að eitthvað mundi nást inn í sept. Þá komu ekki þurrkar, heldur slagveður og snjóar. Ég er ekki í neinum vafa um, að hv. þm. Hafnf. veit, að hey, sem búið er að liggja allt sumarið í bleytu og síðan undir snjó, breytir engu um þetta. Heyið er næringarlítið eða næringarlaust, það er hægt að nota það sem magafylli með mat. Ég veit, að hv. þm. hefur það mikla þekkingu á málunum, að hann veit, að þetta breytir engu, og tel ég því atriði þar með svarað. Enn fremur er að koma í ljós, að þau hey, sem sett voru í votheysgryfjur og reiknað var með að bættu, eru miklu verri en búizt var við.

En eitt er alveg víst, og það vil ég benda hv. þm. á, að það, sem lagt er til landbúnaðarins — og það er kannske hin stóra yfirsjón okkar — er sett á fjárlög. Það, sem veitt er í Búnaðarbankann og hann þarf til að geta veitt ódýr lán, kemur fram á fjárlögum, en ekki kemur fram á fjárlögum það, sem lagt er til rekstrarlána við sjávarútveginn, sem er sams konar gjöf. Það kemur hvergi fram. Hvað margar milljónir eru það? Það kemur heldur ekki fram, hvað hefur tapazt á lánum til sjávarútvegsins, en hvar eru töpin á lánum til landbúnaðarins? Ég hygg, að það hafi aldrei tapazt eyrir af lánum til hans. Ég held, að við ættum að taka upp aðra reikningsfærslu um þetta. Það er allt fært á fjárlög, sem til landbúnaðar fer. En til aðstoðar bátaútveginum hafa farið óteljandi upphæðir, sem að vísu koma seint og síðar meir á fjárlög og skipt hafa á 3. tug millj. kr. Annars álít ég, að það eigi ekki að vera að metast um þessi atriði. En þjóðin skilur ekki, að hún lifir aldrei hamingjusömu lífi í landinu fyrr en hún skilur, hvers virði moldin er, en þau ósköp eru í þjóðinni núna, að þetta hefur gleymzt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Nd., 8. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 224,1 felld með 21:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, EOl, EmJ, FJ, GÞG.

nei: PO, SÁ, SkG, StSt, StgrA, ÁB, BÁ, EystJ, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JörB, KS, ÓTh, PÞ, SB.

5 þm. (BÓ, GG, JÁ, JR, LJós) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 224,2 kom ekki til atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 35. og 36. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 12. des., var frv. enn tekið til 3. umr.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Ég hafði upphaflega ekki hugsað mér að taka þátt í þessum umræðum, en ég er svo undrandi á þeim umræðum og á þeim rökum, ef rök skyldi kalla, sem fram hafa komið hjá nokkrum andstæðingum þessa máls hér á þinginu, sem hafa verið að þvælast fyrir afgreiðslu þess allan þingtímann, að ég get ekki látið hjá líða að segja nokkur orð.

Um undirbúning málsins undir þingmeðferð skal ég vera fáorður. Ég álít, að hæstv. ríkisstj. hafi gert sér óþarflega erfitt fyrir með afgreiðslu málsins. Ég held, að það hefði verið hægt að koma þessari aðstoð fram á miklu auðveldari hátt en hæstv. ríkisstj. valdi sér, en úr því að það var komið fram eins og það var, var ekkert annað fyrir en fylgja því þannig. Um það geta ekki verið skiptar skoðanir, að hjá því varð ekki komizt að hlaupa undir bagga hjá bændum á Austur- og Norðurlandi, ef ekki áttu af að hljótast stórslys. Ég verð líka að láta í ljós undrun mína yfir því skilningsleysi og andúð, svo að maður segi ekki fullum fjandskap gegn þessu máli og bændastéttinni, sem hefur komið fram hjá ýmsum andstæðingum málsins, sem mest hafa látið á sér bera hér á þinginu. Mér þykir það þeim mun raunalegra, sem hv. þm. mega vita og muna, að það hefur verið fastur liður á undanförnum þingum að veita aðstoð, samsvarandi þessari, til þeirrar atvinnugreinar, sem þeir telja sig málsvara fyrir. Það hefur m. ö. o. verið fastur liður að veita hér á þinginu aðstoð til vélbátaflotans, sem síldveiði hefur stundað, vegna áfalla, sem hann hefur orðið fyrir. Ég minnist þess ekki, að þeir þm., sem eru fulltrúar sveitakjördæmanna, hafi nokkru sinni reynt að leggja stein í götu þeirra mála. Ég man ekki betur en þeir hafi reynt að greiða fyrir þeim, svo að þau næðu fram að ganga eins og forsvarsmenn þeirra óskuðu eftir, og ekki reynt að hnýta aftan í þau öðrum till.

Þá vil ég minna á, að eftir sumarið 1947, þegar verið var með þessi mál hér á Alþ., þá höfðu gengið yfir Suður- og Suðvesturland svo magnaðir óþurrkar, að ég hygg, að það mætti líkja því við óþurrkana á Norður- og Austurlandi í sumar, en samt var ekki verið að binda aðstoðina við síldarútveginn því skilyrði, að líka væri hlaupið undir bagga með bændunum, þó að þeir gyldu mikið afhroð, svo að nam tugum milljóna. Þeir voru ekki styrktir, og þeir stóðu að ýmsu leyti betur að vígi en bændurnir á óþurrkasvæðunum gera núna, meðfram vegna þess, að af langvarandi þekkingu og kynnum af svona tíðarfari standa sunnlenzkir bændur betur af sér rosa en þeir, sem því eru óvanari, og hafa margir búið sig betur undir að taka á móti slíku veðurfari en norðlenzkir bændur, m. a. með því að byggja votheysgryfjur. Ég vildi minna á þetta hér til að sýna, að hér höfumst við ólíkt að. En óviðfelldnastur hefur verið málflutningur þessara manna, hvernig þeir hafa reynt að stilla málinu upp. Hv. þm. Ísaf. kom því t. d. þannig fyrir, að annars vegar væri verið að hugsa um tímanlega velferð ánna og kúnna á Austurlandi, en hins vegar tímanlega velferð fólksins á Vestfjörðum, og ríkisstj. mæti meira búfé fyrir austan en fólkið fyrir vestan. Ég skil ekki, hvers vegna jafngreindur maður og hv. þm. Ísaf. stillir málinu svona upp. Hann hlýtur að vera að reyna að koma ríg upp þarna á milli. Hann veit, að félagsmálalöggjöfin er orðin svo fullkomin, að hér deyr fólk ekki úr hungri, meðan eitthvað er til í landinu, annaðhvort verður almennt hungur eða ekkert. Hann veit líka, að ef ekki hefði verið ráðizt í þessi bjargráð, þá hefði ekkert annað en hnífurinn legið fyrir fjölda skepna, til skaða fyrir bændur og landið allt. Ég reyndi að koma hv. þm. í skilning um, hvað hann væri að fara, með innskoti, sem hann tók ekki til greina þá, en notaði svo til að lýsa, hvern mann ég hefði að geyma, mín mannúð næði ekki lengra en það, að þetta fólk mætti allt deyja drottni sínum. Og síðar meir skilst mér, að þetta hafi verið rauði þráðurinn í málflutningi hv. þm. Ísaf. og fylgismanna hans, og þetta var ekki eingöngu látið ná til mín, heldur einnig til míns flokks og mér skilst meiri hlutans hér á Alþingi. Ja, það er þokkalegur þingmeirihluti á því herrans ári 1950 samkvæmt þessari lýsingu. Ég veit ekki, hvort hér hefur vegið meira óþokkaskapurinn eða skilningsleysið, þegar slíkur málflutningur er viðhafður. En sannleikurinn er sá, að hér er ekki um almennt framfærslumál að ræða, hvorki fyrir fólk né fénað, og ég býst við því, að fólkið á Austurlandi hefði getað lifað góðu lífi fyrst um sinn, þótt bændurnir þar hefðu orðið að fella bústofn sinn, og það hefði líklega getað borðað kjötsúpu upp á hvern dag í vetur og jafnvel fram á sumar, og ef hv. þm. Ísaf. hefði viljað létta sér upp að vori og reyna á gestrisni íslenzkra bænda, þá hefði hann sjálfsagt getað fengið að borða þennan þjóðarrétt, ef hann á annað borð leggur hann sér til munns. En eftir eitt til tvö ár hefði svo getað farið, að Austfirðingar hefðu orðið að bíta í það súra epli að vera komnir á annarra framfæri og þá ef til vill Ísfirðinga, ef rætzt hefði úr aflabrögðum þar. En þessar ráðstafanir, sem hér á að gera, eru ekki framfærslumál, heldur tilraun til að undirbyggja og öryggja annan höfuðatvinnuveg landsmanna, en þetta virðist hv. þm. Ísaf. og hans félagar ekki hafa skilið. Það er vissulega nauðsynlegt að líta einnig á þarfir sjávarútvegsins, en það verður að koma honum til hjálpar á raunhæfan hátt, og það er ekki raunhæft að kasta fram vanhugsuðum till. um óarðbæra atvinnubótavinnu. Það hefur sýnt sig, að slíkt er skammgóður vermir, og ég álít, að út í slíkar aðgerðir eigi ekki að fara, fyrr en öll önnur ráð hafa brugðizt og algert öngþveiti blasir við. Og það er ekki hægt að saka Alþingi um það, að það hafi ekki bæði fyrr og nú reynt að undirbyggja sjávarútveginn, eins og nú er verið að reyna að gera varðandi landbúnað á Austfjörðum. Ég vil minna á málið, sem við vörðum mestum hluta gærdagsins í að ræða, málið um

aðstoð við vélbátaflotann, sem nú er hér næst á dagskránni. Ég vil minna á það, að þegar við vorum ríkir, þá voru keyptir 30 nýir togarar, sem dreift var út um kaupstaði landsins til að undirbyggja sjávarútveginn þar. Ég vil enn fremur minna á hinn mikla vélbátaflota, sem á sama tíma var keyptur fyrir sjávarútveginn, og ég held, að hv. þm. Ísaf. hafi stundum verið allrogginn af sinni þátttöku í því máli. Ég vil og minna á allar þær milljónir, sem varið hefur verið til að reisa síldarbræðslur og fiskimjölsverksmiðjur og hraðfrystihús, og ég leyfi mér að lokum að minna á, að þjóðin er nú af fátækt sinni að reyna að kaupa 10 nýja togara enn, og enn má geta þess, að hæstv. ríkisstj. hefur í sumar lagt í það mikla vinnu og erfiði að reyna að lempa fólkið, sem þessi tæki fékk, til að nota þau sér til framdráttar, en það gekk illa meðal annars að fá Ísfirðinga til að nota það skip, sem ríkið hafði lánað þeim meginhlutann af fénu til. Það gekk illa að fá Ísfirðinga til að nota þetta skip sér til bjargar, og létu þeir það ónotað mikinn hluta sumars. Þeir mátu meira að halda borgarafundi og senda ríkisstj. lýsingar á því, hve hörmulegt atvinnuástandið þar væri, heldur en halda út þessari dýru og góðu fleytu til þess að afla sér bjargar og bæta þannig sjálfir úr atvinnuástandinu. Það má því segja, að þeir hafi bætt gráu ofan á svart með eigin aðgerðum eða öllu heldur aðgerðaleysi, þegar þetta bætist við aflabrestinn, og það er hart, þegar þessir menn koma svo og ásaka Alþingi fyrir að reyna að bjarga því, sem bjargað varð, hjá austfirzkum bændum, sem myrkranna milli í sumar og haust reyndu allt, sem hægt var, í baráttunni við rigninguna og rosann, en gátu þó ekki aflað nægilegs fóðurs fyrir bústofninn, meðal annars af því, að þeir höfðu ekki aðstöðu til votheysverkunar, sem aftur stafaði meðal annars af því, að gjaldeyri landsmanna hafði verið varið í tæki eins og togara Ísfirðinga, sem þá þótti ekki ómaksins vert að nota til þess, að fólkið þar gæti bjargazt af sjálfu sér. Ég endurtek, að það er ekki hægt að ásaka Alþingi fyrir það, að það hafi ekki reynt að undirbyggja atvinnulífið við sjávarsíðuna, og þess vegna ætti þar að geta verið blómlegt atvinnulíf, og ég býst við, að þeirri viðleitni verði haldið áfram, til þess að þeir, sem þar búa, geti aflað sér eðlilegra lífsgæða, og það verður gert, enda þótt hv. þm. Ísaf. og blað hans leggi á það aðaláherzluna, að hér á Alþingi séu vondir menn, eins og þm. Mýr., sem vilji helzt, að atvinnulaust fólk á Vestfjörðum og víðar deyi drottni sínum.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég sé, að hér hefur verið tekin á dagskrá till. mín, sem felld var við 2. umr., og lítur út fyrir, að hv. þm. Mýr. hafi haldið, að hún væri enn til umr., þótt svo sé ekki. Ég ætla ekki að svara hv. þm. Mýr. nema að litlu leyti. Hann varð fyrir því óhappi að láta fjúka hér á Alþingi athugasemd, sem mér kom á óvart, því að hún lýsir ekki hans rétta innræti, því að hann er kunnur að mannkostum og öllu góðu. Ég virði ræðu hans til vorkunnar, en ég vil geta þess, að þegar mest er rætt um meting milli landbúnaðar og sjávarútvegs, þá mætti segja, að aðstoðin vegna aflabrests á síldveiðum og framlögin vegna sauðfjárveikivarna væru sambærileg. Raunar er aðstoðin við síldveiðiflotann aðeins lítill hluti af því fé, sem farið hefur til sauðfjárveikivarna, og tel ég það fé ekki eftir, þótt margt af því muni hafa farið forgörðum og margt í tilraunaskyni. Á síðastliðnum áramótum nam heildarframlag til sauðfjárveikivarna 34—36 millj. kr., og veit ég ekki, að þetta sé talið til skuldar hjá þeim, sem fengið hafa. Á sama tíma nam aðstoðin vegna aflabrests á síldveiðum 18 millj. kr., og það er enn talið til skuldar, og reynist erfitt að fá hæstv. ríkisstj. til að gefa það eftir. — Hv. þm. Mýr. talaði hér um andstæðinga þessa frv., og veit ég ekki, hverjir það eru, en hafi hann þar átt við mig, þá vil ég biðja hann að benda á eitthvert orð, sem ég hef látið falla í þá átt, að ég væri andvígur málinu. Ég hef einmitt haldið því fram, að þessi aðstoð væri bæði drengileg og nauðsynleg. Ég benti hins vegar á í þessu sambandi, að víða væri atvinnuleysi, sem úr þyrfti að bæta, og vissi ég ekki, að það ætti að vera þessu frv. til trafala, þótt reynt yrði að bæta úr neyð annarra manna samtímis.

Hv. þm. Mýr. talaði um það, að ef bændur hefðu þurft að skera niður, þá hefðu þeir getað borðað kjötsúpu upp á hvern dag í vetur og jafnvel fram á sumar. Ég ímynda mér, að margir atvinnuleysingjar, sem hvergi fá neitt að gera, þættust hafa góðan kost, ef þeir hefðu kjötsúpu á borðinu daglega, og segi ég þetta ekki af því, að ég álíti eitthvað æskilegt, að bændur séu neyddir til niðurskurðar, heldur styð ég það, að unnið sé að því að koma í veg fyrir slíka ógæfu. — Hv. þm. Mýr. sagði enn fremur, að ef þeir nú yrðu að skera niður, þá mundu þeir jafnvel á næsta ári komast á framfæri annarra. Ég er nú ekki viss um, að þeir gætu ekki unnið fyrir sér á annan hátt, en eigi að síður hef ég lýst fylgi mínu við þá viðleitni að koma í veg fyrir, að þeir flosni upp vegna óþurrkanna, en þegar talað er um, að það sé sárt að lenda á annarra framfæri, þá er það ekki síður sárt fyrir það fólk, sem nú er atvinnulaust, að lenda á framfæri annarra, en til þess að koma í veg fyrir það stefndi brtt. mín, sem felld var við 2. umr. Hún var ekki um óarðbæran atvinnurekstur, heldur til þess að koma útgerðinni af stað, sem er sem stendur stöðvuð vegna sjóveða. — Hv. þm. Mýr. seildist svo langt til að koma óorði á Ísfirðinga, að hann sagði, að þeir hefðu ekki notað togarann í allt sumar. (**BÁ:** Mikinn hluta sumars.) Hvað kallar hv. þm. sumar? Ég veit ekki betur en Ísborg hafi verið á síldveiðum í sumar allt fram í september, og svo leyfir hv. þm. sér að fullyrða, að togarinn hafi ekki verið notaður mikinn hluta sumars. Ég skal ekki deila frekar við hv. þm. Mýr. Ég virði honum til vorkunnar, að hann viðhafði ummæli, sem eru langt frá því að lýsa hans rétta innræti, og ætti hann að taka ummæli sín aftur. Og ekki þurfti hann mín vegna að hafa þau orð, sem hann gerði, því að ég hef aldrei ætlað honum svo illt, að hann vildi skera atvinnuleysingja á Íslandi.

Ég mun ekki flytja frekari brtt. við þetta frv., en vil nú freista þess að fara aðra leið, ef verða mætti til að bæta úr því hörmulega ástandi í atvinnumálum ýmissa staða, sem ég hef margoft bent á. En ég vil nú leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., hvort hann mundi ekki fáanlegur til þess,

í samráði við þm. þeirra kjördæma, þar sem atvinnuleysið er sýnilega mest, og í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir, að láta fara fram athugun þessara mála, og þá væntanlega að þeirri athugun lokinni að hafa viðræður við þm. kjördæmanna og viðkomandi sveitarstjórnir um það, hvernig úr hinu alvarlega ástandi megi bæta. Ef ég fengi jákvæð svör við þessari málaleitan, mundi ég ekki flytja frekari brtt. við frv., meðfram af því, að sýnt er, að þær muni ekki hafa meirihlutafylgi að fagna hér í hv. d., en í staðinn vil ég reyna þessa síðari leið, ef verða mætti til þess að fá fram jákvæðar aðgerðir af hálfu hæstv. ríkisstj.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls sagði ég nokkur orð og taldi þá óeðlilegt að hnýta við frv. till., sem þá var ljóst, að fram mundu koma, af því að ég taldi þær um óskylt mál. Ég skýrði þá frá því, að ríkisstj. hefði látið athuga atvinnuástandið á þeim stöðum, þar sem helzt var kvartað um atvinnuleysi, og vissum við vel, að ástandið var alvarlegt víða. Nú hefur hv. þm. Ísaf. beint til mín spurningum um það, hvort ríkisstj. muni láta fara fram frekari rannsókn þessara mála, og þá í samráði við þm. viðkomandi kjördæma og sveitarstjórnir, og hvort ríkisstj. vilji að þeirri athugun lokinni taka málið til meðferðar í samráði við þm. þessara héraða. Út af þessu vil ég segja það, að ég mun láta fara fram slíka athugun, sem hv. þm. Ísaf. talaði um, og skoða ég það sem beint framhald af þeim rannsóknum, sem ríkisstj. hefur þegar hafið. Mér þykir og eðlilegt, að niðurstöður þeirra rannsókna verði ræddar við þm. hlutaðeigandi kjördæma, áður en til aðgerða kemur. Ég tel eðlilegt, að athugun eins og þessi beinist ekki eingöngu að ástandinu eins og það er í dag, heldur og að því, hvernig það hefur verið undanfarin ár, svo að sjá megi, hve munurinn er mikill. — Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en vænti þess, að hv. þm. Ísaf. megi una við þessi svör.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Hv. þm. Ísaf. sagðist nú ætla að grípa til annarra ráða en áður til þess að fá réttingu mála sinna, og álít ég það alveg rétt af honum, og hefði hann átt að gera það þegar í upphafi, því að þá hefði hann ef til vill losnað við að setja þann blæ á málflutning sinn, sem verið hefur og gefið hefur til kynna öðrum þræði, að hann vildi setja fótinn fyrir þetta mál. Viðvíkjandi því, að Ísfirðingar hafi ekki viljað nota þá guðs og manna gjöf, sem togari þeirra er, þá veit hv. þm., að það var með miklum eftirgangsmunum, að ríkisstj. fékk Ísfirðinga til þess að nota skipið sér og sínum til framdráttar, á sama tíma og þeir kröfðust opinberra atvinnubóta á staðnum, og var þó öllum ljóst, einkum eftir að togari Akurnesinga hóf veiðar, hve geysimikil uppgrip það voru að nota slíkan togara.

Hv. þm. Ísaf. hélt því fram, að ég hefði kastað fram ógætilegum orðum, sem ég ætti helzt að taka aftur. En ég verð að segja, að hv. þm. Ísaf. setti málið svo upp, að ekki var hægt að svara því öðruvísi en ég gerði, og mundi ég alltaf svara því þannig, ef málið væri sett upp á þann veg, sem hv. þm. og blað hans, Alþbl., gerðu, en bæði hv. þm. og blaðið met ég mikils, og var ég satt að segja undrandi á málflutningi þeirra. Hins vegar undraðist ég síður, þótt Þjóðviljinn beitti slíkum málflutningi, því að því blaði þykir jafnan gómsætast það efni, sem sótt er lengst niður í sorpið.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Mig langar til að segja nokkur orð út af meginatriðum málsins og einnig út af því, sem fram hefur komið í umr. um það hér á Alþingi, eftir því sem mér hefur gefizt kostur á að fylgjast með þeim, en ég gat ekki verið viðstaddur 1. umr. málsins.

Í fyrsta lagi vil ég taka það fram, að ég tel það mjög hæpna aðferð hjá hæstv. ríkisstj. að gefa út brbl. 4—5 dögum áður en reglulegt Alþingi kemur saman og það til þess að leggja á ríkissjóð verulega fjárhagslega bagga. Með því segi ég ekki, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki átt að leggja fyrir Alþingi eitthvað líkt þessu frv., en það er vægast sagt óviðeigandi og allt að því misnotkun á heimild stjórnarskrárinnar til að gefa út brbl. að gera eins og hér hefur verið gert, því að við vitum, að ef hæstv. ríkisstj., sem hefur mikinn þingmeirihluta, hefði sagt þeim, sem frekast þurfa á aðstoð að halda, að hún mundi leggja fyrir Alþingi frv. til úrbóta, þá hefðu þeir látið sér það vel lynda og talið, að hæstv. ríkisstj. hefði orðið við óskum þeirra á eðlilegan hátt.

Í annan stað hefur það verið lítið rökstutt, hvernig svæðunum er skipt. Veit ég t. d. ekki til þess, að Vaðlaheiði hafi alveg skorið úr um afkomu bænda í Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslum. Ég held, að ýmis svæði í Eyjafjarðarsýslu, þar sem ekki eru votheysgeymslur, hafi ekki farið betur út úr sumrinu en verulegur hluti Þingeyjarsýslu. Þessi mörk eru því þannig sett, að tæpast er hægt að fóta sig á þeim.

Í þriðja lagi er fyrirkomulag allt um undirbúning aðstoðarinnar dálítið hæpið. Það hefur t. d. verið minnzt á það hér, að það sé miður smekklegt að senda tvo frambjóðendur stjórnarflokkanna til að athuga ástandið og láta þá lofa bændum stuðningi ríkisstj. og fulltingi. Það er dálítið vafasamt, svo að ekki sé meira sagt. Ég hefði talið eðlilegast að láta bjargráðasjóð hafa framkvæmd þessarar aðstoðar með hendi. Með þeim breyt., sem gerðar voru hér í fyrra á l. um sjóðinn, og að fenginni reynslu um aðstoð, sem hann framkvæmdi á næstsíðasta ári, þá var eðlilegast, að bjargráðasjóður framkvæmdi þá aðstoð, sem ríkisstj. og Alþingi ákvæðu. Er ég að þessu leyti sammála brtt., sem hv. þm. Barð. flutti í Ed.

Þetta eru nokkur atriði varðandi útgáfu brbl. og meðferð málsins, sem mér þótti rétt að láta koma fram, áður en málið færi út úr þinginu, og síðan vil ég að lokum minnast örfáum orðum á þær umr., sem hér hafa farið fram um þetta mál, og þó sérstaklega að gefnu tilefni út af orðum hv. þm. Mýr. Hann sagði, að af hálfu okkar Alþýðuflokksmanna við þessar umr. hefði gætt nokkurs fjandskapar í garð bænda. Að svo miklu leyti sem ég hef getað fylgzt með þessum umr., en ég var ekki í þessari hv. d. við 1. umr. þessa máls, þá hef ég hvergi orðið þess var, að nokkurs fjandskapar gætti frá okkur Alþýðuflokksmönnum né vanmats á þeim búsifjum, sem bændur urðu fyrir af völdum óþurrkanna á síðasta sumri. En hitt er annað mál með þá gagnrýni, sem komið hefur fram á ein-

stökum atriðum í framkvæmd þess, og ég vil undirstrika það, að misjafnlega fljótt hafi verið brugðið við eftir því, hvaða stétt átti í hlut, hvort tjónið var af völdum óþurrka eða sakir langvarandi aflabrests. Ég held, að enginn þm. Alþfl. hafi talið eftir nokkurn styrk til bænda vegna hinna óhemjulegu óþurrka, sem stefndu bústofni þeirra í bráðan voða. En hitt er annað mál, hvort ekki hefði verið rétt að fara fram með öðrum hætti og hvort ekki sé rétt, þegar rætt er um hjálp til þessara staða, að minnast þá á aðra staði, sem ekki þurfa síður einhverrar hjálpar við, og það er þetta atriði málsins, sem ég vil taka undir, en hinu vísa ég á bug, að af hálfu okkar Alþýðuflokksmanna hafi gætt andúðar á aðstoð til bænda. Menn eiga ekki að drýgja ranglæti, en það er ekki rétt að þola ranglæti. Og ef sýnt er fram á ranglæti, er ekki verið að fara fram á að skerða þá aðstoð, sem er veitt, heldur að auka hana við þá, sem njóta hennar ekki. Þetta er það atriði, sem við Alþýðuflokksmenn leggjum áherzlu á. Hitt er svo, hvort rétt hafi verið að gefa út brbl. 4 eða 5 dögum áður en Alþingi kom saman, en láta ekki málið ganga hér í gegnum þingið á réttan hátt. Þetta er það meginatriði, sem um er að ræða, og ég tel rétt, að það komi hér fram.

Að lokum vil ég taka undir þau orð hv. þm. Ísaf., að þó að fundið hafi verið að þessu frv., þá er það alveg að ófyrirsynju að halda því fram, að það hafi gætt fjandskapar af hálfu Alþfl. til þess. Og það er leiðinlegt, að hv. þm. Mýr. skuli hafa látið sér þau orð um munn fara, svo reyndur og gætinn maður sem hann er og ég hef reynt hann að að vera í löngu samstarfi.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Þetta hefur að vísu verið hrakið hér við umr. áður, en það er rétt, að enn einu sinni komi fram leiðrétting á þessum misskilningi, sem virtist gæta hjá honum. Það er þá fyrst, að línan sé dregin við Vaðlaheiði, — hún er hvorki dregin við Vaðlaheiði né nokkur önnur landfræðileg takmörk, hún er dregin við 20% tap á heyfeng og hvergi annars staðar. Þar að auki er, eins og ég hef þegar tekið fram, tapið miklu meira, af því að heyin eru víða svo léleg, að þau hafa sama og ekkert fóðurgildi. Og viðvíkjandi skiptingunni í smærri atriðum er rétt að taka það fram, að það eru ekki nærri allir hreppar innan þeirra sýslna, þar sem vandræðin eru mest, sem fá hjálp. Það er því ljóst, að takmarkalínan er ekki dregin við Vaðlaheiði, heldur einungis við það tjón, sem menn hafa orðið fyrir. — Annað atriðið í ræðu hv. þm. var, að bjargráðasjóður hefði átt að úthluta þessum styrk. Því er til að svara, að hann á ekkert fé til, og var hér fylgt sömu reglu og hvað eftir annað hefur verið gert, þegar um það hefur verið að ræða að veita þar styrk, en þá hefur verið gengið fram hjá honum, til þess að beinn styrkur til sjávarsíðunnar tefðist ekki af þeim sökum. Hefði honum hins vegar verið uppálagt að taka lán, hefði það orðið til þess, að hann hefði ekki verið starfhæfur í 9—10 ár. Þetta var því eina leiðin, sem fær var, eins og sakir stóðu. Því var fylgt þeirri sömu reglu og gert hefur verið ótalmörgum sinnum, þegar um það hefur verið að ræða að veita hjálp til sjávarsíðunnar. — Þá er það að gefa út brbl. rétt fyrir samkomudag Alþingis. Ef stj. hefði gefið loforð, þá verður að hafa það í huga, að loforðin ein dugðu ekki. Bændur urðu að fá ákveðin svör um örugg lán og öruggan styrk, til þess að þeir gætu ákveðið þá þegar, hvað þeir settu á. Hefði þetta ekki verið gert strax, þá hefði stj. verið að gefa loforð um lög um aðstoð til að forða þeim búpeningi, sem búið var að skera. Það mátti ekki muna nema nokkrum dögum, og því voru gerð orð oddvitum að tilkynna bændum þetta, svo að þeir gætu þá strax ákveðið, hvað þeir gætu sett á. Það var brugðizt við strax, og hefði það ekki verið gert, þá hefði þessi hjálp að engu haldi komið, því að rétt á eftir skall á með hríðar, svo að þetta mátti ekki seinna vera, ef hjálp átti að veita á annað borð. Svo er verið að tala um það, að fljótt hafi verið brugðizt við. Það mátti ekki seinna vera, ef að haldi átti að koma, hitt hefði verið það sama og láta bændur ekkert vita og láta þá slátra bústofninum. Þetta veit hver einasti maður, sem til þekkir, og ég sé, að bændurnir hér á þinginu sitja með ólundarsvip, þegar verið er að tala um það, að fljótt hafi verið brugðizt við. Það veit það hver maður, sem nokkuð þekkir til, að þetta mátti ekki seinna vera. Og ég fullyrði, að aldrei hefur verið meiri ástæða til þess að gefa út brbl. en einmitt nú, og það voru allar þær ástæður fyrir hendi, sem heimiluðu, að slíkt væri gert. Og ef ríkisstj. hefði ekki gert þetta, hefði hún sýnt af sér vítavert skeytingarleysi. — Ég hef nú sýnt fram á það, að engu mátti muna, að þessi hjálp kæmi að gagni. Þetta skilur hver maður, og það hefur verið margsýnt fram á það hér áður, en ég gat ekki setið þegjandi undir ásökunum um það, að fljótt hafi verið brugðizt við, þegar engu mátti muna, að hjálpin kæmi að haldi.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég get eftir atvikum sætt mig við yfirlýsingu hæstv. forsrh. í þessu máli og vænti þess, að athugun á ástandinu á Vestfjörðum verði hraðað svo sem frekast er kostur. — Hv. þm. Mýr. sé ég ekki ástæðu til að svara, hann hefur þegar tekið út sína hegningu fyrir þau ummæli, er hann hafði hér áður, en það er ástæða fyrir hann og hans flokk að láta sér afgreiðslu þessa máls að kenningu verða og bregðast nú fljótt og vel við, þegar um það verður að ræða að veita hjálp til annarra staða en hér er um að ræða.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við ræðu hæstv. landbrh. Hann sagði, að úthlutunin hefði ekki verið miðuð við vissar línur á landi, heldur miðuð við það tjón, sem viðkomandi aðilar hefðu orðið fyrir. Nú veit ég ekki, hvort rannsókn var látin fara fram vestan Vaðlaheiðar eða hvort tjón bænda í Eyjafirði nemur ekki 20% af heyfeng á vissum svæðum, en ég hef fullkomna ástæðu til að ætla, að svo sé. En aftur á móti er í brbl. dregin ákveðin lína á landi, og þar er Vaðlaheiði ómótmælanleg merkjalína milli Norður- og Austurlands, þar sem Árneshreppur í Strandasýslu og Grunnavíkurhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu eru einu hrepparnir vestan Vaðlaheiðar, sem aðstoð fá, öðrum er ekki heimilt skv. l. þessum að veita hjálp. — Út af framkvæmd aðstoðarinnar og varðandi bjargráða-

sjóð, þá held ég, að það hefði mátt láta hann úthluta þessum styrk, enda þótt hann ætti ekkert fé til, en láta ekki brbl. grípa hér inn á svið Alþingis. Hann hefði getað gert þetta þannig, að ríkissjóður stæði á bak við, og það hefði ég talið eðlilegt eftir gangi málsins.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég hef ekki tekið þátt í þessum umr., en ég vil aðeins staðfesta það, sem þeir forsrh. og landbrh. hafa sagt hér áður, og upplýsa það, að innan ríkisstj. var enginn ágreiningur um þessi mál. Með vaxandi óhug horfðu menn fram á komandi vetur, uggandi um það, að bændur yrðu til þess neyddir að skera bústofn sinn stórlega niður. Og ríkisstj. sendi menn til þess að rannsaka ástandið á þessum svæðum, og ég hygg, að niðurstöður þessara rannsókna verði ekki vefengdar. Það var sýnilegt, að það var bráð neyð fyrir dyrum, og það var ekki mikill tími til stefnu. Og það er misskilningur hjá hv. 8. landsk., að það hefði nægt að gefa bændum loforð um hjálp, — það voru seinustu forvöð til þess að þessi hjálp kæmi að notum. Bændur áttu ekki nema ⅔ af heyfeng sínum, og 1—2 dögum síðar urðu þeir að vita, hvað þeir gætu sett á af búpeningi sínum. Annars var hætta á, að þeir skæru niður eða settu svo og svo mikið af fénaði sínum á guð og gaddinn, sem hefði svo komið þeim í koll síðar. Eftir slíkan vetur var hætta á, að þeir yfirgæfu jarðir sínar og flyttust burt í von um einhver lífsskilyrði annars staðar, og það veit ég, að er á móti vilja alls Alþingis. Það er því sýnt, að þessi hjálp mátti ekki koma seinna, ef að gagni átti að koma, og það er því úr lausu lofti gripið að deila á ríkisstj. fyrir aðgerðir hennar í þessu máli, og ég vil taka það fram, að stj. stóð einhuga í þessu máli, og ef menn vilja ásaka einhverja aðila hennar, þá er þeim óhætt að ásaka hana alla. — Hvað því viðkemur, að þörf sé á hjálp til handa sjávarútveginum, þá er það mál þegar komið á nokkurn rekspöl og þegar fyrir hendi áætlanir um 20 millj. kr. aðstoð honum til handa, og ég vona, að sú hjálp geti orðið sem happadrýgst. — Ég hef nú nokkuð rakið sögu þessa máls. Það er öllum mönnum ljóst, að hér mátti engu muna, og ég vil taka það fram, að í þessu máli stóð ríkisstj. öll einhuga, og ég held, að það, sem við gerðum, hafi ekki verið annað en það, sem sannfæringin og skyldan bauð okkur.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 361).

11. Vísitala framfærslukostnaðar.

Á 5. fundi í Nd., 19. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um útreikning vísitölu framfærslukostnaðar [35. mál] (stjfrv., A. 49).

Á 7. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Bráðabirgðalög þessi námu úr gildi bráðabirgðalög frá 19. júlí 1950. Þessi lög ákveða, að húsaleiguliðir vísitölu framfærslukostnaðar skuli reiknast án tillits til 5. gr. laga nr. 56 1950, sem ákvað hámarksverð á húsnæði. Enn fremur, að húsaleiguliðurinn skuli miðaður við leigu í húsum, sem fullgerð voru eftir árslok 1945. Enn fremur var svo kauplagsnefnd gert að reikna aftur út vísitölu júlímánaðar, og skyldi sá útreikningur verða grundvöllur fyrir kaupuppbætur til loka þessa árs.
Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 49, n. 185).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv., sem er staðfesting á brbl., var athugað í nefnd, og meiri hl. leggur til, að það verði samþykkt. Þetta er ekki aðeins staðfesting á brbl., heldur á því ástandi líka, sem nú ríkir, og þeim framkvæmdum, sem urðu á útreikningi vísitölunnar. Um þetta var deilt hér í fyrra sumar, eins og þm. muna, og ástæðulaust að rekja það.
Nm. er ekki kunnugt um, að neinn ágreiningur sé um þetta nú, en einn nm. mun vera andvígur, og gerir hann þá grein fyrir afstöðu sinni.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta mál var umdeilt, er það var gefið út sem brbl., og héðan af hefur það ekki svo mikla þýðingu, og það þarf ekki að vera að ræða um það, en ég lýsi mig andvígan því og mun greiða atkv. á móti.
Mér þykir rétt að vekja athygli á, að vissa uppbót átti að greiða skv. brbl., en það mun ekki hafa komið að gagni, svo að margir verkamenn fengu enga uppbót.
Eina deilumálið í þessu sambandi er, hvernig greiða skuli samkv. vísitölu. Það, sem mér finnst alvarlegast í sambandi við brbl., er, að vísitalan er hætt að vera vísindalegur grundvöllur fyrir framfærslukostnaði og kaupgjaldi í landinu. Vissulega á hún að vera fyrirbæri, sem menn reikna út vísindalega, eins og t. d. veðurstofan, sem segir til um veðrið, en í stað þess er hún orðin að samkomulagsatriði. Það er orðið ófært ástand, sem skapazt hefur, af því að verðlagið í landinu hefur verið fært til og vísitölunni kippt niður til þess að rýra kjör verkalýðsins. Þessi lög eru gott dæmi um, hvernig komið er út í algert öryggisleysi fyrir verkalýðinn.
Ég ætla sem sé ekki að fara ýtarlega út í þetta mál og býst við, að það gangi sína leið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:5 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 31. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16: 3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 49, n. 304).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv., sem hér liggur fyrir. Það er staðfesting á bráðabirgðalögum, sem gefin voru út á yfirstandandi ári og samþ. í Nd. án breytinga.
Fjhn. þessarar deildar leggur til, að frv. verði samþ. án breytinga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 36. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 376).

---

12. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.

Á 32. fundi í Nd., 4. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins [123. mál] (stjfrv., A. 254).

Á 33. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þannig er ástatt um fjárhag þessarar stofnunar, að hún fær á hverju ári nokkurt fé, sem lagt er fyrir til þess að standa undir greiðslum lífeyris til viðkomandi manna. Þetta fé er lánað á vöxtu. Það hefur verið venja, að þeir, sem kaupa sér lífeyri í sjóðnum, fá lán úr honum til byggingarframkvæmda. Nokkuð af því fé, sem sjóðurinn ávaxtar, er ávaxtað þannig, en hinn hlutinn er yfirleitt lánaður einhverjum fyrirtækjum, sem hafa ríkisábyrgð til tryggingar greiðslu. — Nú er þannig ástatt um lög sjóðsins, að það er ekki heimilt að lána nema sem nemur 60% af fasteignamati þeirra fasteigna, sem lánin eru tryggð með, ef lánað er án ríkisábyrgðar. Þetta er gamalt ákvæði, frá því áður en verðlagsbreyt. byrjaði, og er þetta ákvæði því nú orðið úrelt. Þetta þýðir það, að ef einhver sjóðfélagi þarf á láni að halda, þó að það sé tiltölulega lágt lán, þá getur hann ekki fengið það lán úr sjóðnum nema með ríkisábyrgð. Ríkisábyrgð er hins vegar ekki hægt að veita mönnum, sem vilja fá lán til að afla sér húsnæðis, nema samkv. l. um byggingarsamvinnufélög, en þar eru ákvæði um það, að heimilt skuli að ábyrgjast lán fyrir þá, sem eru að koma sér upp húsnæði. Þetta er nánast að skilja þannig, að það sé átt við þá, sem eru að byggja sér hús, en ekki sé átt við þá, sem kaupa sér hús. Af þessu leiðir, að sjóðfélagi, sem ekki byggir sér hús, en vill afla sér húsnæðis, getur ekki komið til greina um að fá lán úr sjóðnum, sem neinu máli skiptir, og verður úr þessu vandamál, sem þarf endilega að leysa. Og liggur beinast við að leysa þetta eins og gert er ráð fyrir í frv., sem hér liggur fyrir, sem sé þannig, að það sé afnumið þetta ákvæði, að lánið sé ekki nema 60% af fasteignamati, og sé þá heldur sett ákvæði um þetta með reglugerð, þannig að það sé heimilt að lána með gætilegum ábyrgðum 1. veðréttar lán, með eða án ríkisábyrgðar. — Þetta ósamræmi, sem orðið hefur í þessu efni, er vegna þess, að fasteignamati hefur ekki verið breytt, þó að verðlagsbreyt. hafi orðið.
Þetta frv. er flutt að tilhlutun stjórnar þessa viðkomandi sjóðs, sem sér agnúana, sem þarna eru komnir fram af greindum ástæðum, og stjórn sjóðsins leggur til, að þetta misræmi verði leiðrétt.
Ég óska þess, að málinu verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 254, n. 294).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Í frv. þessu er lagt til að gera lítils háttar breyt. á einni grein í lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í þeirri grein eru ákvæði um ávöxtun á fé sjóðsins, og þar segir m. a., að það megi lána fé úr sjóðnum gegn veði í fasteignum, en þau fasteignalán, þótt tryggð séu með 1. veðrétti, megi ekki fara fram úr 60% af fasteignamati. Eins og nú er ástatt um verðmæti fasteigna, miðað við gangverð þeirra, þykir ástæða til að breyta þessu og fella burt þetta ákvæði um 60%, en setja í

staðinn, að um lánveitingu fari eftir því, sem nánar verði ákveðið í reglugerð.

Nefndin hefur athugað þetta, og eins og fram kemur á þskj. 294, er hún sammála um að mæla með, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 35. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Í sambandi við þetta mál vildi ég gjarnan fá upplýsingar, en ég hef áður talað um það hér í þinginu. Hvers vegna hefur sjóður sá, sem hér um ræðir, vaxið svona ört? Annaðhvort hlýtur það að vera af því, að iðgjöldin eru of há, eða þá að eftirlaun eru of lág. Þetta frv., sem gengur út á það að ráðstafa sjóðnum, gefur tilefni til þess að inna eftir þessu og það því fremur, sem sæti á hér í d. sá maður, sem þessum sjóði á að vera kunnugastur og er yfirmaður tryggínganna og hefur umsjón með þessum sjóði ásamt ríkisstj. Ég vildi ákveðið óska þess, þó það væri ekki nú, að athugað væri rækilega, hvort þörf er á því að hafa iðgjöld lífeyrissjóðs barnakennara, sem er næsta mál á dagskrá, og eins iðgjöld lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eins há og þau eru, og ef þau eru höfð þetta há, hvort ekki er þá ástæða til að hafa útborganir eftirlaunanna hærri en þær eru. Mér finnst óeðlilegt, hvað sjóðurinn vex ört, og það getur ekki stafað af öðru en því, að ekki sé rétt hlutfall þarna á milli. Ég vil því enn á ný biðja um, að þetta sé athugað, því að ég hef tvívegis gert það áður hér í þinginu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 254, n. 367).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég er frsm. þessa máls f. h. nefndar þeirrar, sem um það hefur fjallað. N. hefur orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt eins og það liggur hér fyrir. Við athugun á málinu sést, að það nær engri átt, að miðað sé við 60% af fasteignamati, ef hjálpa á, því það er vitað, að fasteignamat, a. m. k. hér í Reykjavík, nemur ekki nema $^1/_{10}$—$^1/_8$ hl. söluverðs húsa, svo framlagið verður *tæplega* $^1/_{10}$ hl. *kostnaðarverðs*. Þess vegna taldi n. ekki nema rétt og sjálfsagt að fá breyt. á l. En n. taldi, að við reglugerðarsetningu mundi gæta íhaldssemi, en mundi ekki verða úr hófi, ef sá háttur væri á hafður, sem í frv. segir.

Hv. 1. þm. N-M. minntist á það við 1. umr. þessa máls, að sjóðurinn væri orðinn ærið stór og *tími væri til kominn athugunar og endurskoðunar* á reglugerð sjóðsins og annaðhvort væri að lækka tillög eða hækka framlög sjóðsins. Þetta virtist okkur hafa við rök að styðjast, en til þessa þarf nákvæm athugun að fara fram, svo að á þessu stigi málsins taldi n. ekki fært að gera neinar till. í þessa átt, en taldi, að tímabært væri að gera hér einhverja breyt. á. Sem sagt, n. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 387).

---

13. Lífeyrissjóður barnakennara.

Á 32. fundi í Nd., 4. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra [124. mál] (stjfrv., A. 255).

Á 33. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í þessu frv. er lagt til að gera alveg hliðstæða breyt. um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra eins og í hinu frv., á þskj. 254, er gert ráð fyrir á því sviði, sem það tekur til og ég mælti fyrir áðan.

Ég óska, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 255, n. 295).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Í þessu frv. er lagt til, að gerðar verði sams konar breytingar á lögunum um lífeyrissjóð barnakennara eins og lagt var til að gerðar yrðu á l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins með frv. því, sem var hér síðast tekið til meðferðar, og mælir fjhn. einnig með, að þetta verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 35. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 255, n. 368).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það er alveg sama að segja um þetta frv. og frv. það, sem ég var að ræða hér um áðan. Ég get því alveg sleppt frekari málalengingum og lýst því yfir, eins og nál. ber með sér, að n. hefur komið sér saman um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Mér er sagt, að hv. frsm. hafi vikið að því í ræðu sinni, að full þörf væri á endurskoðun ákvæða þessara laga, bæði hvað iðgjaldagreiðslur sjóðsins og framlög úr ríkissjóði snertir. Svo er fyrir mælt í ákvæðum þessara laga, að 5. hvert ár skuli af sérfróðum mönnum reiknað út, hversu sjóðeignin samsvari þeim kröfum, sem til hennar eru gerðar. Þessi athugun á að fara fram á næsta ári, og liggur þá ljóst fyrir, hvort iðgjöld eru of há. Hygg ég rétt að láta allar fullyrðingar í þessu máli bíða, þar til þessi athugun liggur fyrir, en það verður væntanlega ekki síðar en næsta haust. Í sambandi við það, að sagt er, að iðgjöldin séu óþarflega há samanborið við greiðsluskuldbindingarnar, þá þykir mér rétt að minna á, að þegar l. um lífeyrissjóð embættismanna voru felld úr gildi 1944 og sett nýju l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þá fjölgaði meðlimum sjóðsins um 3—400%. Tekjur sjóðsins jukust þá stórkostlega, en flest af þessu nýja fólki hafði ekki verið lengi við störf, þ. e. a. s. var á ungum aldri, svo þyngsli á sjóðinn af þessu fólki eru nær enginn komin fram enn. En þær skuldbindingar, sem sjóðurinn hefur tekið á sig, eru að áliti fróðra manna a. m. k. jafnmiklar og iðgjöldin benda til, svo ekki sé meira sagt.

Árið 1944 fengu allir meðlimir eldri sjóðsins hin sömu réttindi og tilskilið er með hinum nýju l. og eru þau stórum meiri en áður var. Til þess að mæta þessu var ákveðið, að iðgjaldahlutur ríkissjóðs yrði 6%, en þeirra, sem framlaga sjóðsins áttu að njóta, 4%. Þessi mismunur var hugsaður þannig, að hann skyldi mæta skuldbindingum vegna þeirra, sem þegar voru í sjóðnum, er eldri lögin voru felld úr gildi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vildi óska þess, ef þessi athugun kemur til framkvæmda, að þá verði ekki eingöngu athugað, hvað sjóðurinn fær núna, heldur hvað hann fékk frá stofnun og fram til þess að l. var breytt 1944. Hann var búinn að starfa svo lengi þá, að það liggur örugglega fyrir meðaldánartala. Ef það kemur í ljós, að iðgjöldin séu allt of há, þá finnst mér langauðveldast að lækka framlag ríkissjóðs úr 6% í 4%.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel víst, að við þessari ósk hv. 1. þm. N-M. verði orðið, þegar athugunin fer fram. En í því sambandi vil ég benda á, að ekki er minnsti vafi á, að stórkostlegur halli hefur verið á lífeyrissjóði embættismanna. Á árunum 1920—1944 greiddu meðlimir sjóðsins 7% af tekjum sínum til hans, en aldrei var þó reiknað með hærri tekjum en 5 þús. kr. á ári. Nú eru þær greiðslur, sem sjóðurinn þarf að inna af hendi vegna þessara manna, 5—6-faldar miðað við þau iðgjöld, sem sjóðurinn hefur fengið. Til að mæta þessu eru þessi 2% ætluð, og er þó vafasamt, að þau nægi þegar stundir líða, og vil ég í því sambandi benda á, að síðan sjóðurinn tók til starfa 1944, hefur sagan endurtekið sig, iðgjöldin greiðzt af lægri launum en skuldbindingarnar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 388).

14. Sala Vatnsleysu í Viðvíkursveit.

Á 18. fundi í Ed., 13. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja prestssetursjörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit, er prestssetur verður flutt þaðan [90. mál] (stjfrv., A. 152).

Á 19. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJóh, RÞ, StgrA, VH, IF, BBen, EE, BSt.
PZ greiddi ekki atkv.
8 þm. (BrB, FRV, GJ, HV, HG, HermJ, JJós, KK) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér þykir það mjög óviðkunnanlegt að taka mál, sem ríkisstj. flytur, og hafa ekki um það framsögu, áður en það er sett í nefnd; og alveg sérstaklega um þetta mál, þar sem ríkið keypti þessa jörð mjög dýru verði. Ómögulegt er að sjá af lögunum, hvað fyrir ríkisstj. vakir, hvort hún ætlar að selja hana eftir lögum um erfðarétt og með þeim greiðsluskilmálum, sem þau gera ráð fyrir, eða með einhverjum öðrum greiðsluskilmálum, sem um semst. Ég óska eindregið að heyra framsögu um þetta mál og greiði því ekki atkv. fyrr en ég hef heyrt nánar um það.

Frv. vísað til landbn. með 6 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: RÞ, VH, IF, BBen, LJóh, BSt.
StgrA, EE, FRV, PZ greiddu ekki atkv.
7 þm. (BrB, GJ, HV, HG, HermJ, JJós, KK) fjarstaddir.

Á 27. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 152, n. 212).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég hef raunar ekki annað um þetta mál að segja hér en það, sem kemur fram í nál. Það var þegar nýr prestur kom þarna í sveitina og til að losna við að byggja upp á Viðvík, að ríkissjóður keypti jörðina Vatnsleysu af fyrrverandi eiganda hennar, Jósef J. Björnssyni. Jörðin var keypt fyrir 37500 kr. og síðan gert við nýlega byggt steinhús, sem var þá á henni, fyrir rúml. 6 þús. kr., svo að jörðin hefur kostað í allt um 44 þús. kr. Frá þessu er skýrt í nál., en upplýsingar hefur nefndin fengið frá skrifstofustjóra kirkjumrn., Gústaf Jónassyni. — Nú var sú ákvörðun tekin af ríkisstj. í sumar, er turninn var vígður á Hólum, að framtíðarprestur í þessu prestakalli skyldi verða búsettur á Hólum. Það, sem frv. fer fram á, er, að syni Jósefs, H. J. Hólmjárn, verði seld jörðin. Landbn. hefur orðið sammála um að mæla með, að þetta frv. verði samþ., enda þótt sumir nefndarmanna séu því mótfallnir, að opinberar jarðir séu seldar, en hún mælir þó með þessu frv., því að þarna á í hlut sonur fyrri eiganda jarðarinnar, og þar sem það er líka tekið fram í frv., að jörðin verði gerð að ættaróðali, og er með því fyrirbyggt, að hún lendi í braski — eins og maður getur sagt á góðri íslenzku — á milli manna. Því hefur nefndin lagt til, að frv. verði samþ., en þó með því skilyrði, að ríkissjóður skaðist ekki á sölunni og að hann fái sínar 44 þús. fyrir hana. Nefndin treystir því, að svo verði, en það kom ekki fram í frv., hvort ríkisstj. hygðist selja hana hærra verði vegna breytts gengis frá því er var, er jörðin var keypt. Það er sett í vald viðkomandi ráðherra að ákveða verð jarðarinnar, og ég tel rétt, að það komi strax fram, á hvað ríkisstj. ætlar að selja hana, en það kemur auðvitað ekki til mála að selja hana neðan við það verð, sem ríkissjóður hefur þegar lagt út fyrir hana.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að koma fram með brtt. við frv. á þskj. 152. Í mörg ár hefur hin forna prestssetursjörð Neðri-Gufudalur í Gufudalshreppi verið í ábúð, og bóndinn þar hefur gert ítrekaðar tilraunir til að fá leyfi til að kaupa jörðina, en það hefur ekki tekizt, vegna þess að kirkjan á jörðinni er ekki eign söknarinnar í sveitinni, heldur ríkisins. Það hafa því verið sett þau skilyrði fyrir kaupunum, að hann keypti kirkjuna með og sæi um að halda henni við, en það er skiljanlega ekki hægt eða mjög erfitt fyrir bóndann. Ég leyfi mér hér, eftir ósk bóndans, að fara þess á leit, að ríkisstj. verði heimilað að selja þessa jörð til Bergsveins Finnssonar. Brtt. er á þá leið, að bætt verði inn í 1. gr. frv., svo að hún hljóði þannig: „Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hólmjárni Jósefssyni Hólmjárn prestssetursjörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit, er prestssetur verður flutt þaðan, og Bergsveini Finnssyni, Neðri-Gufudal, jörðina Neðri-Gufudal í Gufudalshreppi fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, er um semur, enda verði jarðirnar gerðar að ættaróðali.“ Ég hefði óskað eftir því, að hæstv. ráðherra hefði verið viðstaddur, því að ef hann hefði viljað lýsa því yfir hér, að ríkisstj. væri fús til að selja jörðina eftir þeim lögum, sem nú gilda um slíkar sölur, þá hefði ég verið fús til að taka till. mína aftur. Og ég veit ekki nema það væri rétt að fresta umr. um málið, svo að n. gæfist tóm til að athuga brtt. í samráði við ráðherra. Ég legg þetta mál hér fram til athugunar.

Forseti (LJóh): Mér hefur borizt brtt. frá hv. þm. Barð. um, að 1. gr. frv. á þskj. 152 hljóði þannig: [Sjá þskj. 232].
Það þarf leyfi hv. þdm. til þess að þessi brtt. geti komið fram, og vil ég leyfa mér að leita afbrigða.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 232) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Ég verð að viðurkenna, að ég er ekki svo kunnugur þessum mál-

um, að ég geti sagt nokkuð ákveðið þar um. En ef það er rétt, sem hv. flm. segir, að þarna sé um að ræða söfnuð, sem safnist um kirkju, sem hann ekki á, þá ætti það að vera, að jörðinni og kirkjunni fylgdi einhver sjóður. Ekki veit ég, hvort svo er. Og þar sem svo er háttað, að kirkjan er ekki safnaðareign, heldur eign ákveðinnar jarðar, þá hvílir sú kvöð á jarðeiganda, að hann haldi kirkjunni við. Og ég er ekki viss um, hvort ríkisstj. getur tekið þá kvöð undan, nema þá söfnuðurinn fáist til að taka við kirkjunni og sjá um hana og gera hana að safnaðarkirkju. Ég hygg, að það þurfi að leysa þetta mál, hvort söfnuðurinn verði látinn taka við kirkjunni eða hvort sú kvöð hvílir á bóndanum, ef hann kaupir jörðina, en mér er ekki svo kunnugt um þessi mál, að ég þori að fullyrða neitt um það. En ef hv. flm. brtt. vill taka hana aftur til 3. umr., þá get ég lofað því, að nefndin skal taka málið til athugunar á milli umr. Það verður vitanlega gert af ráðuneytinu að rannsaka þetta mál, af biskup og kirkjumrn., en þeirrar umsagnar skal ég afla mér, og þá hvort hægt er að skilja þetta tvennt að, sölu jarðarinnar og kirkjunnar, sem ég raunar efast um, og hvort söfnuðurinn vill taka að sér kirkjuna. Ef flm. vill taka till. aftur, þá skal ég sjá um, að þetta verði athugað.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég var því miður forfallaður, er þessi brtt. kom fram, og ég er það raunar enn, því að ég var búinn að lofa manni samtali, sem er á förum til útlanda og bíður eftir mér. En um þessa brtt. vildi ég segja það, að ég er ekki svo kunnugur staðháttum, að ég geti sagt um það, hvort eðlilegt er að samþykkja þessa till., en það er sjálfsagt að líta á málið með sanngirni og taka það til athugunar. Og væri þá líklega hagkvæmast að fresta atkvgr. og umr. um brtt. til 3. umr. Eins og fram kom bæði í umr. og greinargerð, þá er frv. um að selja Vatnsleysu komið fram af eðlilegum ástæðum. Með því að selja Vatnsleysu er ríkisstj. gert auðveldara að byggja upp á Hólum, og í öðru lagi það, að jörðin var í eigu Jósefs J. Björnssonar, og hann hafði hugsað sér, að sín ætt tæki við henni, og nú hefur maður í ættinni gefið sig fram, sem vill búa á jörðinni, og er salan enn eðlilegri þar sem líka er verið að leggja starf þessa manns í þágu hins opinbera niður. Það fjórða er svo það, að öll hreppsnefnd Viðvíkursveitar mælir með þessum kaupum og vill ekki sitja fyrir jörðinni, en afsalar þessum manni forkaupsrétt sinn að henni. Það má annars vel vera, að þessi brtt. um sölu á annarri jörð sé eðlileg, og ég er reiðubúinn til að láta athuga hana á milli umr., ef flm. vildi fresta henni.

Gísli Jónsson: Ég vil taka það fram, að ég flutti mína brtt. ekki til að tefja þetta mál, sem hér er á ferð, og ég vil með ánægju taka till. til baka til 3. umr. Og ef það þætti heppilegra, að þetta kæmi fram í sambandi við 82. mál, sem liggur fyrir Nd., þá get ég fallizt á það. (**Landbrh.:** Það er ekkert því til fyrirstöðu, að þetta mál verði rannsakað á milli umr.) Þá vil ég taka till. mína aftur til 3. umr., og ég vil á engan hátt torvelda framgang þessa máls, sem hér liggur fyrir. En ég vænti þess þá, að fyrir liggi upplýsingar um málið, er það kemur til 3. umr., og ég er reiðubúinn að ræða við hv. nefnd og veita frekari upplýsingar.

ATKVGR.
Brtt. 232 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Ed., 5. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 152, 232, 260).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég lofaði við 2. umr. að athuga till. frá hv. þm. Barð., sem þá lá fyrir, sem er um það, að Neðri-Gufudalur í Barðastrandarsýslu verði tekinn upp líka. Ég benti þá á, að þar sem þetta væri kirkjujörð, þá mundi verða að athuga málið í sambandi við sóknina, sem þangað ætti að sækja prestsþjónustu, og skyldi ég leita upplýsinga um það milli umr. Í tilefni af því var stjórnarráðið beðið um upplýsingar, sem ég skal leyfa mér að lesa upp; þar segir:

„Neðri-Gufudalur er kirkjujörð. Samkv. Vilchinsmáldaga 1397 átti kirkjan allt heimaland, enda Gufudalur prestssetur og beneficium til skamms tíma. Kirkjan þar var og er lénskirkja og var áður í umsjón sóknarprestsins á staðnum. Samkvæmt reikningi Gufudalskirkju árið 1949 er sjóður hennar í árslok: Innstæða í Alm. kirkjusjóði kr. 948.87. Hjá gjaldkera kr. 51.92. Samtals kr. 1000.79. Kirkjan er timburkirkja, reist árið 1908, talin í biskupsvísitazíu 1939 vera í góðu ástandi, vel við haldið og vel um gengin. Þó er talið nauðsynlegt að mála kirkjuna að utan og steypa undir ofnrör á stafni kirkjunnar. Ekki er mögulegt að losa jarðareiganda við umsjón kirkju, nema samningur takist við söfnuðinn um að gera hana að safnaðarkirkju, og má hiklaust búast við, að söfnuðurinn krefjist álags með kirkjunni. Eðlilegast er, að ríkisstj. gangi frá því máli og greiði söfnuði álag á kirkjuna, áður en sala jarðarinnar fer fram, þannig að kaupandi hafi engan veg né vanda af kirkjunni umfram þær kvaðir, er að sjálfsögðu halda áfram að hvíla á jörðinni sem kirkjustað."

Eftir að hafa athugað þetta og með því að till. hv. þm. Barð. gerir ráð fyrir því, að jörðin sé gerð að ættaróðali um leið og hún er seld, þá gat meiri hl. landbn. fallizt á að leyfa sölu á þessari jörð, þó með því skilyrði, að áður en salan fer fram, taki söfnuðurinn við kirkjunni og sjái um hana framvegis, en vilji söfnuðurinn ekki taka við kirkjunni, þá yrði ekkert úr sölunni. Hins vegar er ég hræddur um, að kirkjan í Neðri-Gufudal hafi — kannske óviljandi — verið snuðuð, því að það var svo um flestar af þessum kirkjum, sem voru lénskirkjur, að þær áttu að fá afgjald af þeim jörðum, sem þær áttu. Í þessu tilfelli átti kirkjan jörðina í Neðri-Gufudal, en þar er sjóðurinn ekki meira en 1000 kr. frá 1908. Þó mætti segja mér, að afgjaldið af Gufudal hafi ekki runnið til kirkjunnar, heldur til almenna kirkjujarða-

sjóðsins, og þó að ríkið borgaði álagið, þá væri það ekki nema eðlileg skaðabót. En þetta fullyrði ég ekkert um. Hitt er aðalatriðið, að við í meiri hl. getum ekki mælt með sölunni, nema því aðeins að samkomulag sé um, að söfnuðurinn taki við kirkjunni. Það er rétt, að fyrirsögninni þarf að breyta og bæta inn í hana á eftir „Vatnsleysu í Viðvíkursveit": og Neðri-Gufudal. Það er óaðgæzla hjá mér að hafa ekki tekið eftir því og komið með brtt. í þá átt. En það er enga stund verið að semja þetta eða taka málið af dagskrá, svo að brtt. liggi fyrir prentuð næst.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er rétt að ég lýsi því yfir við hæstv. forseta, að ég er tilbúinn að taka till. aftur vegna óska hæstv. ráðh. um að tefja ekki þetta mál og blanda ekki í það öðru máli. Ég vil leyfa mér að þakka hv. landbn. fyrir þá brtt., sem hún ber fram, og fyrir þann skilning, sem hún hefur á þessu máli, því að mér er ljóst nú, að þessi till. mín verður ekki samþ. nema við hana bætist sú till., sem fram er komin frá landbn. og hér liggur fyrir, sem setur það að skilyrði fyrir sölunni, að söfnuðurinn taki að sér kirkjuna. En þegar svo er komið, er engin þörf á að samþ. þessa till., því að það hefur ekki verið deilt um neitt annað í sambandi við þetta mál en það, að ábúandinn krafðist að fá jörðina keypta samkvæmt gildandi l. um sölu jarða, og ríkisstj. svaraði því sama og hér er svarað til, að hún vilji ekki selja jörðina, nema söfnuðurinn taki að sér kirkjuna, og það var þess vegna, sem þetta mál var borið hér fram. Eftir þessa yfirlýsingu frá landbn. sé ég enga ástæðu til að láta málið ganga fram þannig, með því að lagafyrirmæli eru nú til um, að það sé leyfilegt og heimilt að selja þessa jörð, eins og seldar eru aðrar jarðir ríkisins til ábúðar. En þegar þetta er sett að skilyrði, þá sé ég enga ástæðu til, að málið gangi fram eins og ætlazt er til með till. hv. landbn. Ég tek því brtt. 232 aftur, og er þá að sjálfsögðu fallin viðaukatill. við hana á þskj. 260.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Ég skal með mikilli ánægju taka okkar till. aftur, en ég vil benda hv. þm. Barð. á það, að þar sem ekki er erfðaábúð á þessari jörð, þá hefur maðurinn ekki rétt til að kaupa hana.

Gísli Jónsson: Ég vil svara því til, að ég hygg, að sá réttur hafi ekki heldur verið fyrir hendi þegar viðkomandi keypti Kaldaðarnesið. En að ég tek till. aftur nú kemur til af því, að mér er ljóst, að söfnuðurinn vill ekki á þessu stigi taka að sér kirkjuna, ef þetta skilyrði er sett, að jörðin sé ekki seld nema söfnuðurinn tæki kirkjuna að sér. Kæmi þá til mála, að hreppurinn kaupi jörðina, en mér er ekki ljóst, hvort hann getur öðlazt þann rétt, nema ábúandi afsali sér réttinum. En meðan málið liggur þannig fyrir, þá sé ég ekki að neitt sé unnið við að láta samþ. till. eins og hún liggur fyrir. Hins vegar vil ég þakka hv. landbn. fyrir það starf, sem hún hefur lagt í þetta verk og afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
Brtt. 232 og 260 teknar aftur.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 33. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að ser hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 35. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 152, n. 345).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 152, um heimild fyrir ríkisstj. til að selja prestssetursjörðina Vatnsleysu í Skagafirði, hefur verið til athugunar hjá landbn., og mælir n. eindregið með því, að það verði samþ. Þannig stendur á þarna, að Jósef Björnsson fyrrverandi skólastjóri og kennari á Hólum í Hjaltadal bjó þarna langan aldur og gerði miklar umbætur á þessari jörð. Þegar hann fluttist burt, var ekkert af hans börnum, sem vildi halda þar áfram búskap. Niðurstaðan varð sú, að jörðin var seld ríkinu. Síðan varð jörðin prestssetur, því að presturinn vildi heldur sitja þar en á Viðvík, því að húsakostur var þar betri. Nú hefur verið ákveðið af kirkjumrh., að prestssetrið skuli verða flutt að Hólum, sem auðvitað er mjög æskilegt, og þá er ekki nein ástæða til, að ríkið eigi þessa jörð. Og þá vill svo vel til, að sonur Jósefs, Hólmjárn ráðunautur, óskar að kaupa jörðina og flytjast þangað og byrja þar búskap. Vænti ég, að hv. þdm. geti orðið n. sammála um að samþ. frv. þetta eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24:1 atkv.

Á 40. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 406).

---

15. Lögtak og fjárnám.

Á 18. fundi í Ed., 13. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar [87. mál] (stjfrv., A. 139).

Á 19. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í frv. þessu er gerð ýtarleg grein fyrir því, hvernig á því stendur, en upptök þess eru hjá fjmrn. eða innheimtumönnum þess. Þessir aðilar hafa talið óþarfa kostnað vera samfara innheimtu á almannagjöldum og að hægt sé að framkvæma hana á einfaldari hátt, en þó jafntryggan. Í þeim tilgangi að lækka kostnað við innheimtuna verulega hafa þessir aðilar komið hugmyndum sínum á framfæri til dómsmrn., og hefur málið síðan verið athugað þar, og eftir að nokkrar breyt. hafa verið gerðar frá minni hálfu til frekara réttaröryggis, var frv. lagt fram. Tel ég, að frv. eins og það er nú verði til verulegs sparnaðar, en um leið fullkomnari trygging fyrir viðkomandi aðila, þannig að ekki verði á þá hallað. Vegna þess að í grg. er ýtarlega skýrt frá þessum breyt. á l., sé ég ekki ástæðu til að rekja þær frekar.

Ég vil aðeins geta þess, að í 1. gr. er ætlazt til, að hreppstjórar megi gera lögtak fyrir allt að 10 þúsund króna skuld, en frá árinu 1928 var þetta miðað við 1000 kr. Með þeirri breyttu aðstöðu, sem orðin er, virðist ekki hættulegt að hækka þetta, einkum þar sem hægt er að leggja aðgerðir hreppstjóra undir fógeta, ef ástæða þykir til. — Þá er samkvæmt 2. gr. ætlazt til þess að hverfa frá þeirri meginreglu, sem nú er, að lögtak þurfi að byrja á heimili lögtaksþola, en í stað þess er ráðgert, að með hæfilegri aðvörun eða boðun megi lögtak hefjast á skrifstofu fógeta. — Síðan er ætlazt til þess, að einn lögtaksvottur nægi í stað tveggja, og loks er gerð rýmri heimild til þess að taka lögtak af inneignum manna í bönkum og sparisjóðum. — Ég hygg, að með þessu frv. verði verulega létt undir með eðlilegri innheimtu gjalda í landinu, en þó ekki hallað á gjaldþola, þannig að þeir hafi ekki yfir neinu að kvarta.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 139, n. 242).

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Samkv. 1. gr. þessa frv. er lagt til að hækka það takmark, sem miðað hefur verið við, er hreppstjórum hefur verið heimilað að gera lögtak í sveitum. Fyrst var þetta miðað við 50 króna skuld, en með l. nr. 34 frá 1928 var hámark þetta hækkað upp í kr. 1000,00, og í frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að það verði hækkað upp í 10 þús. krónur. Er þetta talið geta orðið til sparnaðar fyrir þá, sem lögtakið er gert hjá, og til hagræðis fyrir þá, sem lögtakið framkvæma. — Sama máli gegnir um 1. og 2. mgr. 2. gr., að það, sem þær fjalla um, er hugsað að miði til sparnaðar, og telur n., að það muni á engan hátt skerða rétt lögtaksþola.

Við 3. mgr. 2. gr. hefur n. hins vegar gert brtt., en samkv. henni er í frv. gert ráð fyrir því, að þegar gerðarþoli á inneignir í bönkum eða sparisjóðum, séu þær teknar upp í lögtak, áður en gengið er að nokkru öðru. N. þótti réttara að gera ráð fyrir því, að gerðarþoli gæti átt einhverja lágmarksinnstæðu með tilliti til þess, að það eru margir, sem eiga smáinnstæður í ákveðnum tilgangi, og hefur n. gert þá brtt., að ákvæði þetta taki ekki til innstæðu, sem nemi 5000 krónum eða minna, þannig að gerðarþoli má ráða, hvort innstæða hans sé tekin út úr banka til greiðslu skuldarinnar eða eitthvað annað, sem hann á. Ef hins vegar um hærri innstæðu en 5000 krónur er að ræða, má ganga að henni niður að 5000 krónum.

Ég sé, að hæstv. dómsmrh. er ekki hér í d. og enginn af hinum ráðh., en n. hafði hugsað sér að hreyfa því hér, samtímis því sem verið er að gera þessar breyt., að athuga í sambandi við 27. gr. aðfararl., þar sem gert er ráð fyrir lágmarksfjárhæð, sem gerðarþoli má eiga, hvort ekki væri eðlilegt að hækka þá upphæð með tilliti til lækkaðs verðgildis peninga. Mér þykir leiðinlegt, að hæstv. dómsmrh. er ekki viðstaddur, því að ég hefði viljað heyra álit hans á því atriði.

Allshn. mælir með því, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem hún leggur til á þskj. 242.

Forseti (BSt): Ég vil minna á það, sem ég tók fram í upphafi þessa fundar, að hæstv. dómsmrh. hefur boðað veikindaforföll, en ef ósk kemur fram um það að taka málið af dagskrá, mun ég verða við henni.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Ég tel, að ég geti eins hreyft því atriði, sem ég minntist á áðan, við 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 242 samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Ed., 8. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 257).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 34. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 35. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 257, n. 350).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Allshn. leggur til, að þetta frv. verði samþ. eins og það barst henni frá Ed. Var þar gerð lítils háttar breyt. á frv., og fellst n. á þá breyt. og frv., eins og það barst d. Efni þessa frv. er, eins og það ber með sér, að hækkuð er nokkuð sú upphæð, sem ríkisstj. er leyfilegt að taka lögtaki, ef svo ber undir, og breyta nokkuð ákvæðunum um fjárnám án undanfarandi dóms eða sáttar. Það er gert einfaldara og auðveldara, en þó þannig, að gerðarþoli sé jafntryggur og áður og geti gætt sinna réttinda. En við þessa breyt., ef samþ. verður, sparast mikil fyrirhöfn hjá ríkissjóði og talsverðir fjármunir við innheimtu, og ég ætla, að það sé vel séð fyrir því, að gerðarþoli geti fullkomlega gætt réttinda sinna, svo að þessu er að því leyti breytt til mikilla bóta frá því, sem áður var. — Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég er því miður ekki vel að mér í þessum l., sem snerta lögtök, en ég verð að segja, að mér finnst óviðfelldið, að við skulum sífellt vera að samþ. l., sem herða á þeim rétti, sem ríkið hefur til að innheimta sína skatta. Það er kannske ekki mikið við þessu að segja, meðan tiltölulega vel gengur hjá fólki, næg atvinna og afkoma sæmileg. Þá er ekki nema eðlilegt, að ríki og bær gangi ríkt eftir innheimtu og hafi allmikinn rétt til þess. Hins vegar hafa allar lagabreyt., sem orðið hafa nú upp á síðkastið viðvíkjandi l. um fjárnám og lögtök og rétt til töku skatta af kaupgjaldi, gengið út á að auka rétt ríkisins gagnvart einstaklingunum. Mér finnst þetta vera komið að þeim takmörkum, sem leyfileg séu, þegar ríkið lætur einstaklingana ekki njóta meiri réttar en það gerir nú. Ef ríkið sæi hverjum manni fyrir vinnu, hefði það miklu meiri siðferðislegan rétt til að vera strangt í kröfum og setja strangari l. um innheimtu skatta, en í þess stað næstum því meinar ríkið mönnum að vinna og setur alls konar hömlur gegn því, að menn geti skapað sér atvinnu, heldur gerir þeim á allan hátt sem erfiðast fyrir, og það ríki á ekki sömu siðferðislega kröfu til strangrar innheimtu. Nú er gengið út frá að gera þetta auðveldara fyrir þann, sem innheimtir. Það kann vel að vera, að þetta þýði á vissan hátt minni kostnað fyrir gerðarþola, en hitt er víst, að þetta er meira „summeriskt" fyrir hið opinbera. Nú á ekki að koma til einstaklingsins og gera honum ljóst, hvað um er að vera. Ég hefði mikla tilhneigingu til, ef á að herða á ákvæðunum um lögtök og fjárnám, að undanskilja meira en gert er frá lögtaki brýnustu nauðsynjar manna. Það liggur nú mjög mikið í valdi hins opinbera, hversu nærri er gengið, þannig að mér finnst, að ef verið er að breyta þessum l. frá sjónarmiði hins opinbera sem skattheimtanda, þá ætti um leið að gera nokkra breyt. á þessum l. um lögtök á þann hátt að tryggja betur en mér finnst nú gert, að ekki sé gengið að brýnustu nauðsynjum manna. Þær undanþágur, sem nú eru í l., eru miðaðar við lífskjör, sem til allrar hamingju eru yfirleitt breytt nú til hins betra. Það er eðlilegt, að nú sé meira undanskilið lögtaki en gert var með þeim l., miðað við þau bágu lífskjör, sem menn áttu áður við að búa. Eitt var það, að ekki mætti taka af handverksmanni hans brýnustu tæki. Mér finnst, að þar ætti að undanskilja stærri tæki en áður var gert.

Ég hefði mjög viljað mælast til þess, að sú n., sem þetta hefur til meðferðar, athugaði þetta nokkuð milli 2. og 3. umr. Þetta er stjfrv. og í síðari d., og er því engin hætta í sambandi við tafir. En mér finnst, þegar sífellt er verið að auka þær kröfur, sem gerðar eru til skattgreiðenda, um leið og sífelldlega er verið að gera ráðstafanir til að gera mönnum erfiðara fyrir um að greiða skattana, þá eigi líka að undanskilja frá lögtaki meira en nú er gert. Þyrfti þá að bæta einni gr. inn í og breyta þannig til. Enn fremur þyrfti í þessu sambandi að athuga, hvernig nú er innheimtur skattur með því að draga af kaupgjaldi. Það er gengið það langt hvað eftir annað um frádrátt af kaupi upp í skatta, að mönnum er ekki skilið eftir fyrir allra brýnustu nauðsynjum.

Fátt eitt er nýmæli í þessu nema síðasta málsgr. í 2. gr., að hið opinbera hafi rétt til að ganga að sparisjóðsinneignunum og ráðstafa þeim. Ég veit ekki, hvort þetta er sanngjarnt. Að vísu mætti segja, að í sumum tilfellum. t. d. með þá, sem efni hafa, væri eðlilegt, að ríkið vildi fá greidda peninga. En hvernig stendur á, að ríkið ætlar að ganga að sparisjóðsinnstæðum þeirra einstaklinga, sem lítið eiga, frekar en að taka af þeim ýmsa búshluti? Það er því í sumum tilfellum heppilegra að hafa sparisjóðinn en búshlutina. Þeir fara oft fyrir lítið og oft reynist erfitt að selja þá, en fyrir sparisjóðsinneignirnar geta menn t. d. keypt mat. Ég held, að þetta sé varhugavert ákvæði, — að vísu hefur því verið breytt frá hinu upprunalega stjórnarfrv. En ég held, að rétt væri að nefndin athugaði, hvort 5000 króna lágmarkið ætti ekki að vera hærra.

Það hefur verið brýnt fyrir fólki núna undanfarið, að það legði inn sparifé sitt. En ég efa, að heppilegt sé, að sú almenna hugsun kæmist inn hjá fólki, að þetta fé sé ekki öruggt og það opinbera geti hvenær sem er gengið að því, en það hefur nú stolið helming af sparisjóðsinnstæðum landsmanna með undanfarandi gengislækkun.— Ég held í fyrsta lagi, að það sé órétt gagnvart fátæklingum að gera þetta og ópraktiskt í öðru lagi.

Ég vil spyrja, hvort við þetta hafi ekki verið gerðar neinar aths. af hálfu þeirra stofnana, sem láta sig mál okkar hér miklu skipta, bankanna, eða hvort álits þeirra hafi ekki verið leitað. Við vitum, að bankarnir hafa viljað vera lausir við, að þeir þyrftu að gefa upp sparifjárinnstæðurnar, og þetta hafa þeir gert vegna þess, að þeir hafa verið hræddir um, að það mundi þýða flótta frá sparifjárinnlögum. Þetta er mjög slæmt, vegna þess að sparifé er ódýrasta veltufé. Og ég er hræddur við allar ákvarðanir, sem raska því öryggi, sem smærri sparifjáreigendur hafa haft.

Ég skal ekki neita þeim rökum, sem skattheimtendur færa fram, því að þau liggja í augum uppi. Og sumir þeir, sem eru efnaðir, trassa greiðslur. En þegar í hlut eiga hinir smærri, sem oft líta allt öðruvísi augum á þetta fé en hinir, en hafa samt hangið í að hafa fé sitt í sparisjóðum, þá held ég,

að það sé dálítið hæpið, að farið sé þannig að gagnvart þeim.

Ég hefði gjarnan viljað vera með í því að flytja brtt. við till. á þingskjali 257, en áður vildi ég heyra undirtektir nefndarinnar og hvort hún hefði rætt þetta og hefði þá rök, sem mér hefði yfirsézt í þessu sambandi.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um síðara atriðið, sem hv. 2. þm. Reykv. drap hér á í sinni ræðu, hvort gera skuli fjárnám í peningainneignir manna, þá verða menn að meta það hver um sig, — það er matsatriði, eins og margt í slíkum málum sem þessum. En vafalaust kemur þetta ekki vel við þá, sem eiga mikla fjármuni, né þá, sem eiga eitthvað af munum og verða að láta þá af hendi til lúkningar þessum kröfum. Það er erfitt að dæma um þetta fyrirfram, því að það getur staðið misjafnlega á í einstökum atriðum.

En viðvíkjandi öðru atriði hv. 2. þm. Reykv., þá er það annað en efni þessa frv., og vil ég ekki andmæla því, að það þurfi að taka það til athugunar. En efni þessa frv. snertir ekki þetta atriði. En hér er aðeins um að ræða breytingu á innheimtuframkvæmd. Og þetta ákvæði 2. gr., sem aðallega snertir Rvík, — en þetta horfir öðruvísi við úti á landi, — þá er um það að segja, að ég ætla ekki, að verr sé séð fyrir rétti þeirra, sem eiga að inna þessar greiðslur af hendi. Fógeti eða fulltrúi hans fara með tvo votta til gerðarþola og tilkynna lögtak. Sjaldan er farið öðruvísi að. En er kemur til gerðarinnar, fer fógeti heim til gerðarþola, og ef hann er ekki heima, þá verður fógeti að finna hann, og kostar það mikla fyrirhöfn. Það er ekkert varið í það fyrir fjölskyldu gerðarþola, að fógeti komi inn á heimili hans að honum fjarverandi, og að lokum fer svo, að er hann ætlar að framkvæma gerðina, þá leikur vafi á, hvað taka skuli, og ef um einhleypan mann er að ræða, þá getur íbúð hans verið lokuð, og þótt fógeti kæmist inn, veit hann ekki, hvað gera skuli, því að honum er ókunnugt um, hvernig háttað er um þá muni, sem inni kunna að vera. —

Eftir þessari breytingu á gerðin að fara fram í skrifstofu fógeta, en áður er haft upp á gerðarþola, honum tilkynnt um stað og stund og hann beðinn um að mæta, en ef hann mætir ekki, þá er hann sóttur og málið afgert í skrifstofu fógeta, og ég sé ekki annað en réttur gerðarþola væri alveg eins tryggður. En mikið fjármagn og fyrirhöfn mundi sparast við þessa breytingu, og ég get ekki séð, að það geti verið neinn ávinningur fyrir gerðarþola, að ríkið greiði meiri kostnað við þetta en nauðsynlegt er. Það, sem skiptir aðalmálinu fyrir hann, er, að hann eigi kost á að mæta og skýra mál sitt. Ég held því, hvað það atriði snertir, að hv. þm. þurfi ekki að kvíða neinu. Ég álít, að þetta sé æskilegra fyrir heimili gerðarþola en verið hefur.

En um hitt atriðið, sem hv. þm. talaði um og vissulega þarf að athuga, þá er það annað mál og annað atriði, og veit ég ekki, hvort nefndin vildi athuga það eins og þyrfti, en það þarf vissulega að hafa það í huga síðar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. frsm. upplýsingarnar og fellst á það, sem hann sagði viðvíkjandi 2. gr. Ég held nú samt, að rétt væri að athuga, hvort ekki ætti að hækka lágmarkið úr 5 í 10 þús. kr. Þegar um er að ræða efnuðu mennina, sem vegna einhverra orsaka tregðuðust við greiðslu, þá væri hærri upphæðin óþarfi. En gagnvart almenningi væri sanngjarnt að hækka lágmarkið. Ed. hefur sett þetta lágmark, en ég vildi freista þess að fá meiri hl. hér til að þetta yrði hækkað. Mér þætti vænt um, ef nefndin athugaði þetta síðar frá hinu sjónarmiðinu milli umræðna.

Ég vil svo leyfa mér að leggja fram brtt. um þetta og vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 375) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 375 felld með 18: 5 atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 407).

---

16. Gjaldaviðauki 1951.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1951 með viðauka [8. mál] (stjfrv., A. 8).

Á 3. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Gjöld þau, sem hér um ræðir, hafa nú um nokkurt skeið verið innheimt með viðauka, og er með þessu frv. lagt til, að þessi viðauki verði framlengdur. Ég vil því leyfa mér að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 5. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 36).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til að framlengja lög, sem

gilda í ár og hafa gilt undanfarin ár og verið framlengd frá ári til árs á hverju þingi. Fjhn. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. — Einn nm., hv. 2. þm. Reykv. (EOl), hefur ekki skrifað undir álitið, en mun samt ekki skila séráliti.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 6. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 9. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 365).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haldið fund um þetta mál og rætt það tvisvar, en frv. er að stofni til um það að framlengja fyrir 1951 þær tekjur, er greinir í frv., og er þess sízt vanþörf að gera það. En í nál. á þskj. 365 birtir n. brtt. í samráði við hæstv. fjmrh., og er þar um að ræða hækkun á 4 liðum, sem meiri hl. n. leit svo á, að ekki væri nema eðlileg hækkun sökum breytts verðlags, en þessir liðir eru afgreiðslugjöld, það, sem nefnt er aðrar aukatekjur, stimpilgjöld og af ýmsum innlendum tollvörutegundum. Áætlað er, að þessi hækkun frv. muni gefa um 2 millj. kr. auknar tekjur, og leit meiri hl. n. svo á, að ekki mundi af veita. Þegar n. afgreiddi þetta mál, var einn nm., 1. landsk., fjarverandi, og tók hann ekki þátt í afgreiðslu þess. Að öðru leyti vísa ég til hæstv. fjmrh.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þegar fjárlfrv. var til 2. umr., gat ég þess, að ekki væri hægt að telja ráðlegt að reikna með því, að ríkissjóður gæti staðið undir meiri útgjöldum en gert var ráð fyrir á frv. Þetta var þá dregið í efa, og fannst mér ég sýna fram á það, að slíkt væri ástæðulaust. Síðan hefur farið fram ný athugun á þessu, miðuð við 1. des., og sýnir sú athugun það sama og áður. Er ljóst af niðurstöðum þeirrar athugunar, að tolltekjurnar munu bregðast mjög. Ég get ekki séð, að verðtollurinn muni fara fram úr 60 millj., en hann var áætlaður 78 millj. og hér áætlaður 73 millj. Þegar þessar 70 millj. eru áætlaðar, er gert ráð fyrir 10 millj. kr. tekjum í des., og er það helmingi meira en í nokkrum öðrum mánuði, en hann hefur numið 5 millj. mánaðarlega síðan gengisbreytingin var gerð, en það gerir 60 millj. í 12 mánuði. Hann virðist því ekki ætla að standast, og hið sama er að segja um söluskattinn. Ef litið er á aðrar tekjuhorfur, þá eru einkasölurnar einu tekjustofnarnir, sem líklegir eru til þess að gefa umframtekjur, en þær munu þá líka ganga upp í þann greiðsluhalla, sem frv. gerir ráð fyrir að verði meiri. Horfurnar eru því iskyggilegar. Eins og ég benti á við 2. umr. fjárlfrv., þá er um fleiri en eina leið að velja við 3. umr. Önnur er sú, að hætta að greiða almennar launauppbætur og greiða áfram laun miðað við vísitöluna 115, og mín persónulega skoðun er, að það eigi að gera. En eins og nú er ástatt, er enginn grundvöllur fyrir launahækkanir, en þær gætu orðið að tjóni, því að þær hlytu að koma fram jafnharðan, eins og nú er ástatt, í auknu verðlagi, svo að þetta yrði allt ein hringrás, auk þess sem framleiðslan yrði lífminni en ella. Nú hefur sú leið ekki orðið ofan á, heldur hin, að lagt er til, að greidd verði uppbót um 7 vísitölustig, í 122 stig, en þá er um það tvennt að velja, að annaðhvort verða fjárl. afgr. með greiðsluhalla eða afla verður nýrra tekna. Til viðbótar þessum auknu launagreiðslum er óhjákvæmilegt að breyta framlaginu til tryggginganna og greiða sams konar uppbætur á lífeyrisstyrk og á laun, og þá verður að veita meira til tryggginganna en það fé, sem gert var á fjárlfrv. og miðaðist nánast við vísitöluna 115, og mér telst svo til, að það megi ekki vera minna en 1,5 millj. Þá yrði einnig um leið að auka framlag til sjúkratryggginganna, og mætti gera ráð fyrir í þann kostnað um 200 þús. Þá eru þarna 5 millj. í launauppbætur og 1,7 millj. til tryggginganna, eða um 7 millj. Enn fremur þarf að bæta öðru við. T. d. þarf að taka 1 millj. til áburðarverksmiðjunnar, sem taka á að byggja á næsta ári. Þarna eru þá 8 millj., og eitthvað fleira kemur til greiðslu á. Af þessu sjá menn, að þær brtt., sem hér liggja fyrir, og þau frv., sem liggja fyrir hv. Nd., miðast við það að vega upp á móti þessum gjöldum. Fyrir Nd. liggur nú frv. um að hækka söluskatt úr 6% í 7%, og reiknast mér svo til, að það muni gefa 5 millj. kr. í auknar tekjur. Fyrir sömu d. liggur frv. um að auka nokkuð viðauka á vörutolli, og ég reikna með, að það gefi 1,5 millj. kr. í auknar tekjur. Þetta er ekki há upphæð, því að margt af því, sem þarna kemur til greina, er undanþegið, svo sem þungagjald af benzíni og fleiri vörutegundum. Þessi viðauki er 17% á þær vörur, sem til greina koma. Þá er gjald af súkkulaði og sælgætisvörum og gosdrykkjum, 20% viðauki á núverandi toll, og er áætlað, að það gefi 1,3 millj. Þá er 20% viðauki á stimpilgjald, sem áætlað er, að gefi 900 þús., og 75% á afgreiðslugjöld skipa, sem gefa mun 800 þús. Er þetta gert til þess, að þau verði jafnhá og hjá erlendum aðilum. En þetta er áætlað samtals 9,5 millj. En frv. gerir ráð fyrir auknum útgjöldum, sem ég veit, að nema munu 10—11 millj. Þetta, sem ég hef sagt í

sem fæstum orðum, er ekki annað en það, sem ég áleit, að hv. þm. ættu kröfu á að vita, og segi því frá því öllu strax, þó að aðeins nokkur hluti þess sé til umr.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég var ekki við, þegar n. afgreiddi þetta mál, þannig að mér kom þetta nokkuð á óvart, eins og ég geri ráð fyrir, að fleiri þm. hafi farið. Hér er um að ræða gífurlega hækkun á þessum gjöldum. Hækkun á c-lið er úr 100% í 140%, hækkun á d-lið er úr 100% í 140%. Mest er þó hækkunin á efni innlendra tollvörutegunda, þar sem álagið hækkar úr 450% í 560%, á gosdrykki úr 550% í 680% og öl úr 600% í 740%. Hér er um stórfellda hækkun að ræða, og hæstv. fjmrh. gerir ráð fyrir, að það muni gefa um 2,5 millj. Sem sagt, mér kom þetta nokkuð á óvart, og satt að segja tel ég það nokkuð óvenjulegt og óviðfelldið að koma fram með svona stórfellda hækkun á gjöldum, ekki sízt þegar þessu er skellt fram án þess að þm. geti athugað sína afstöðu og nál. kemur svo seint fram sem hér. Þetta vil ég biðja hv. þm. að athuga, áður en þeir greiða atkv. um þetta mál. Það liggja fyrir litlar upplýsingar um, hve mikil þörf hafi verið á þessari hækkun, og ekki sízt, hvort ekki hafi verið önnur ráð til að afla fjárins. En ráðh. hefur nú tilkynnt, að þetta sé aðeins byrjunin. Ég vil þá leyfa mér að spyrja, hvort í væntdum séu aðrar og tilfinnanlegri hækkanir en þessar hækkanir á vöruskatti og söluskatti, sem eftir upplýsingum hæstv. fjmrh. eiga að færa tæpar 10 millj.

Hæstv. fjmrh. var að tala um aðrar leiðir og þá að hætta að greiða uppbætur á laun. Ég ætla ekki að ræða þá till., því að hún er svo mikil fásinna, þó að hún sé sú leið, sem hæstv. ráðh. vill oftast fara, þegar í óefni er komið. Ég veit varla, hvort hann gerir sér það ljóst, hvað það þýðir, ef allt verðlag er hækkað um 40—50%, og um leið og slíkar hækkanir fara fram, á að hætta að greiða uppbætur á laun. Hæstv. ráðh. hlýtur að geta gert sér það ljóst, hvaða afleiðingar slíkt mundi hafa fyrir þegnana og hvort það mundi vera ódýrast fyrir þjóðfélagið. Ég mun nú ekki ræða frekar um þetta mál nú, en e. t. v. gefst tækifæri til þess síðar, en mín persónulega skoðun er, að þetta frv. eigi að fella.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú gefið til kynna, að það sé ekkert smávægilegur jólabakstur, sem hæstv. ríkisstj. hefur stungið inn í ofninn og hyggst fá bakaðan fyrir jól. Það er sem sé boðað, að ríkisstj. telji sig þurfa að fá 9,5 millj. í hækkuðum sköttum. Þegar fjárlfrv. var til umr., var ekkert látið í ljós um þessa væntanlegu hækkun, en nú upplýsir ráðh., að ríkisstj. hafi ætlað sér að afla fjár til tveggja liða. Í fyrsta lagi vegna greiðslu á vísitöluuppbót um 7 stig þarf 5 millj., og til tryggínganna 1,5 millj.; það er að vísu liður, sem ríkisstj. virðist ekki hafa ætlað sér að verja fé til, þegar fjárlfrv. var til umr., en hafa tekið ákvörðun síðan. Eins og ég tók fram við 2. umr. fjárlfrv., taldi ég, að fjárl. þyldu vel gjaldahækkun um allt að 32—35 millj. Mér fannst við athugun á 2. og 3. gr., miðað við 1949 og þá 10 mánuði, sem liðnir eru 1950, allar líkur benda til að þeir tekjuliðir hlytu að gefa a. m. k. 30—35 millj. kr. meira en hæstv. fjmrh. hafði áætlað í fjárlfrv. Ég er því þeirrar skoðunar, að þrátt fyrir það, að tekin sé ákvörðun um að hækka greiðslur til tryggínganna og bæta laun um 7 vísitölustig, þá sé ástæðulaust að leggja nýja skatta á landslýðinn þess vegna. Hæstv. fjmrh. hefur t. d. látið þess getið um verðtollinn, sem gaf 57 millj. árið 1949, að hann muni með sama innflutningsmagni 1950 gefa um 90 millj. kr. tekjur. Það mætti því vera meira hrunið í innflutningi síðan 1949, ef þessi tollur gæfi ekki nema sömu upphæð nú og hann gerði þá. Nú má ekki miða við 1950, þegar áætlun er gerð fyrir 1951, því að hækkun gengisbreytingarinnar kemur aðeins að ¾ í ljós á þessu ári. Hækkunin á þessum lið kemur hins vegar öll í ljós árið 1951, og til þess verður að taka tillit við áætlun þeirra tekna. Við athugun á tekjum af verðtolli miðað við 1. nóv. get ég ekki séð, að þær muni verða minni en 78 millj., og þá fæ ég ekki séð, hvaða ástæða er til þess að tala um 73 millj. eða 60 millj., eins og hæstv. fjmrh. gerði, þegar talað er um að leggja á nýja skatta. Ég sýndi fram á það við 2. umr. fjárlfrv., að áætlaðar tekjur af tóbakseinkasölunni og áfengisverzluninni eru allt of lágt reiknaðar. Það sýnir sig, að tekjurnar af þessum liðum fara sífellt hækkandi, og árið 1949 gaf vínsalan þannig 53,2 millj. króna í nettótekjum í ríkissjóð. En nú vill hæstv. ráðh. ekki áætla þetta nema 46 milljónir, enda þótt nettóafgangur af tekjum áfengisverzlunarinnar væri orðinn 43 millj. þegar 1. nóv., eða á fyrstu 10 mánuðum s. l. árs 4,3 millj. kr. til jafnaðar. Við 43 millj. virðist því öruggt að megi bæta a. m. k. 8,6 millj., og er þannig auðséð, að tekjurnar af áfengissölunni muni fara upp í 52 milljónir króna, þar sem engin lækkun er fyrirsjáanleg á þessum tekjum, og ekki annað fyrir hendi en að horfast í augu við þann óhugnanlega sannleika, að fyrir þetta er drukkið í landinu, og það er engin hollusta við málstað bindindismanna að draga fjöður yfir það. Drykkjuskapur með þjóðinni fer nú einu sinni ekki eftir því, hvaða áætlanir eru gerðar um þessa blóðpeninga; hann minnkar ekkert, þó tekjurnar séu áætlaðar minni. Það er staðreynd, að ríkisstj. hefur á að byggja skýrslur, sem sýna 52 millj. kr. nettótekjur af áfengissölunni, og það er 6 millj. kr. hærri tala en áætlun hæstv. ráðh. á fjárlfrv.

Allt eins ljóst liggur það svo fyrir, að tekjur af tóbakseinkasölunni eru of lágt áætlaðar. Hagnaður af henni var 26,9 millj. kr. árið 1949. Og þegar hæstv. fjmrh. samdi fjárlfrv. í haust, þá taldi hann, að tekjur af tóbakseinkasölunni yrðu mun drýgri en árið áður, enda voru þær í byrjun nóvember orðnar 24 millj. kr. En í áætlun hæstv. ráðh. eru þær aðeins 22 millj. kr. fyrir allt næsta ár. Það er þó fyrirsjáanlegt, að þessar tekjur verða 29 millj. kr. á þessu ári, og er enginn flugufótur fyrir því að áætla þetta svo miklu lægra, eða 6—7 millj. lægra en tekjurnar verða á þessu ári.

Þessir póstar einir, rétt áætlaðir miðað við reynslu undanfarinna ára, — og það er það eina, sem vit er að miða við —, munu þannig fyllilega standa fyrir öllum þeim útgjaldapóstum, sem hæstv. ríkisstjórn ákveður að taka inn á fjárl. til viðbótar auk þeirra, sem samþ. hafa verið af hv. fjvn.

Nú árar síður en svo þannig í þessu landi, að rétt sé að leggja á almenning nýjar byrðar að tilefnislausu eða tilefnislitlu. Og með rétt áætluðum tekjum, þó ekki sé nema af þessum tveimur tekjugreinum, þá má fyllilega búast við, að þær nægi án þess lagðir séu á þessir nýju skattar. Ég leyfi mér því að lýsa því yfir, að ég mun greiða atkv. á móti þessu nýja skattafrv. hæstv. ríkisstj., sem ég tel að tilefnislausu fram komið.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram út af ræðu hv. 6. landsk., að ég er sammála honum um það, að ekki sé á öðru að byggja fremur en reynslunni um áætlanir fjárl. Og ef það er gert, þá sýnir það sig, að enda þótt tóbaks- og áfengissalan gæfi eitthvað hærri tekjur en áætlað er, þá verða á hinn bóginn tolltekjurnar undir áætlun, og ber þannig að sama brunni.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að biðja hæstv. ráðh. að upplýsa um útkomuna á verðtollinum og spyrja hann, hvernig útlitið sé með hagnað af tóbaks- og áfengissölunni núna 1. des., og hvort það sé í samræmi við þá áætlun, að brennivínið eigi að gefa 46 millj. kr. tekjur og tóbakið 22 millj. á næsta ári. Mætti ekki á grundvelli þess, sem vitað er um þessar tekjur, áætla þær allmörgum milljónum kr. hærri? Mætti þá e. t. v. lækka eitthvað skatta þessa frv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég held ég hafi tekið fram áðan, að mér sýnist það muni verða nærri lagi, að umframtekjur af tóbaki og áfengi standist á við það, sem tolltekjurnar yrðu undir áætlun. En þeim má alls ekki treysta frekar en gert er ráð fyrir. Það mætti e. t. v. hækka eitthvað áætlaðar tekjur af tóbaki og áfengi, en lækka tollana sem því svarar, en það kemur í einn stað niður.

ATKVGR.

Brtt. 365,I. (ný 1. gr.) samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RÞ, VH, ÞÞ, EE, GJ, JJós, KK, BSt.

nei: StgrA, BrB, FRV, HV, HG.

PZ greiddi ekki atkv.

3 þm. (LJóh, BBen, HermJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það hefur verið stefna hæstv. ríkisstj. að afgreiða tekjuhallalaus fjárl. Ég er þeirrar skoðunar, að tekjur samkv. þeim séu of lágt áætlaðar á sumum liðum, en útgjöld munu líka fara langt fram úr áætlun, t. d. einn póstur upp á 3 milljónir, sem tekinn hefur verið inn, og yrði þannig sýnilega um greiðsluhalla að ræða, ef ekkert kæmi á móti, og segi ég því já.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 365,II. (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:5 atkv.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 381).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og ég gat um áðan við atkvgr., þá tel ég það nauðsynlegt, að ríkisstj. fái heimild til að innheimta gjöld, ef afgreiðsla fjárlaga á að vera hallalaus. Ég tel ekki óeðlilegt að hækka tekjur á fjárlögum. Tel ég einnig eðlilegt að hækka einhver gjöld og er fylgjandi því, þótt ekki sé það skemmtilegt að leggja á nýja skatta. Ég vil benda á, að þeir, sem fylgja því að leggja á fleiri millj. til aukningar á tekjum á launum embættismanna, skapa þetta ástand, og menn geta séð, hvort þetta er ekki hreinasti sandmokstur.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi gjarnan segja fáein orð til þess að skýra afstöðu mína gagnvart þessu frv. Ég verð að segja, að þetta kom mér, eins og fleirum, — ég heyrði það á ræðum manna hér í hv. d. — að vissu leyti dálítið á óvart, að til þessa ráðs yrði nú að taka. En það verður að trúa þeim aðilum, sem með fjármálin fara í hvert sinn, til þess að leggja ekki til hærri gjöld en þeir álíta forsvaranleg. Það er vitað, að hér hefur oft á undanförnum þingum staðið styrr út af því, að þingið einatt verður í bobba með afgreiðslu fjárlaga, og þá ekki sízt vegna þess, að krafizt hefur verið fjárframlaga, sem eigi hefur verið hægt að ráða við, nema með auknum sköttum og auknum tollum af ýmsu tagi. Á þeim tíma, sem ég fór með fjármálin, olli þetta miklum drætti í afgreiðslu fjárlaga, og má þar nefna fiskábyrgðina og dýrtíðarútgjöldin í sambandi við hana. Það nýja viðhorf olli ríkisstj. miklum áhyggjum og orsakaði drátt á afgreiðslu fjárl. Vitaskuld sætti fjármálastj. fyrir það ámæli, sem hún kannske hefur að einhverju leyti átt skilið, en að miklu leyti var afleiðing þess ástands, sem ríkti og að sumu leyti hafði skapazt fyrir aðgerðir Alþ. sjálfs. Mér þótti þá sízt gaman að verða hvað eftir annað að leggja til hækkun á gjöldum, til þess að geta mætt þeim útgjöldum, sem sýnt var, að þurfti til þeirra hluta, sem þá varð að snúast við. Þegar svo gengisbreytingin var gerð, vonaði ég fyrir mitt leyti — og ég fylgdi henni með þá von í brjósti —, að þar með gæti þingið nú stöðvað sig á þeirri braut að þurfa árlega að bæta við skatta og gjöld. Nú virðist svo sem sú von hafi ekki rætzt enn þá a. m. k. að fullu. Og þess vegna er það, að þótt ekki sé til þess hugsað að gera ráð fyrir tekjum til þess að greiða með fiskinum, eins og við höfum áður gert, þá hefur hæstv. fjmrh. ekki séð sér annað fært en fara fram á við þingið nýjar hækkanir á ýmsum tollum og sköttum. Og ég býst við, að eins og okkur í þessari hv. d. eru þetta vonbrigði, muni hæstv. ráðh., sem hefur yfirstjórn fjármálanna með höndum, geta sagt það sama. Ég get sagt það hreinskilnislega, að mér hraus hugur við þau árin, sem ég stóð í hans sporum, að þurfa sífellt að leggja til hækkandi álögur í sambandi við lausn þeirra dýrtíðarmála, sem við blöstu þá á hverjum vetri.

Þetta frv. er nú búið að ræða og skýra það, hvað liggur til grundvallar. Skal ég ekki vefengja þá þörf. En því verra er að þurfa að taka í lög þessar

nýju hækkanir á tollum, að sagan er með því ekki fullsögð að því er bátaútveginn snertir. Hans vandamál, sem á undanförnum árum átti að leysa með þeim álögum, sem þingið í hvert sinn lögleiddi, og leystust, að svo miklu leyti sem þau voru leyst, eru ósnert af þessu frv. Það mátti heita, að engin stöðvun yrði á útveginum. Nú blasir við erfitt viðhorf fyrir bátaútveginn, og hef ég ekki heyrt eða séð hilla undir lausn þess með hinum nýju álögum. Að þessu leyti er sagan í þetta sinn ekki nema hálfsögð. Þingið getur að vísu afgr. fjárl. á lögboðinni tíð, fyrir nýár. En þau eru afgr. án þess að tekið sé tillit til þess afar alvarlega ástands, sem ríkir nú hvað bátaútveginn snertir á komandi vertíð. Ég drep á þetta af því, að það stendur í beinu sambandi við afgreiðslu þessa máls og við forsögu fjármálastj. hér á Alþ. undanfarin ár. Ég lái síður en svo fjmrh., þó að hann leitist við, eftir því sem hann hefur þingfylgi til, að sjá fjárhag ríkisins borgið. Þess er sízt minni þörf nú en áður, og raunar meiri, vegna þess að undanfarin ár hefur sá maður, sem með fjármálin hefur farið, hvergi nærri haft þann stuðning hjá hinu háa Alþ. sem skylt er, að sá embættismaður hafi í viðleitni sinni til að halda fjárhag ríkisins nokkurn veginn í horfi. Hæstv. ráðh. sagði réttilega, að hann teldi fulla þörf á því — og hann stefnir að því — að afgreiða fjárlögin greiðsluhallalaus. Og ég tel mér skylt, meðan ég styð ríkisstjórnina, að hlíta leiðsögn hæstv. ráðh. í þessu efni. Ekkert síður fyrir það, þó að ég ætti ekki því láni að fagna að hafa sama heilbrigða þingfylgið til heilbrigðra athafna í þessu efni, sem núv. fjmrh. hefur. Þvert á móti átti ég, sem hafði fjármálastjórnina á hendi á hinum erfiðu fiskábyrgðarárum, við það að búa, að jafnvel minn eigin flokkur lagði í bakið á mér eftir að fjárlög voru afgr., með því að samþ. margra milljóna króna útgjöld og leggja mér þá skyldu á herðar að greiða utan fjárlaga. Það var óforsvaranlegt tiltæki, og dreg ég minn flokk engan veginn undan fullri sök í því efni. Þykir mér rétt að taka fram við þetta tækifæri, hvað það er, sem fjmrh. hefur stundum átt við að búa. Þegar því þetta óvænta frv. kemur fram og ég heyri rökstuðninginn fyrir því, þ. e. vissir tekjuliðir hafa brugðizt, þykir mér of viðurhlutamikið, þó að mér falli það þungt, eins og þegar ég varð að gangast fyrir auknum álögum. — of viðurhlutamikið að leggja á móti fjármálastjórn ríkisins með því að torvelda framgang þessa máls. Því að ég er sannfærður um það, að þingið hefur langt um of lengi vegið í þann knérunn að afgr. ekki fjárl. á réttan hátt. Er full ástæða til að taka fyrir slíkt. Og sem flokksmaður Sjálfstfl. fagna ég því, ef þingið getur stutt núverandi fjmrh. í því að halda svo á málum, að honum endist betur liðveizla þeirra, sem styðja hann, heldur en mér gerði þann tíma, sem ég átti sæti í hans embætti.

Þetta vildi ég taka fram um leið og ég vildi segja það, að þegar við nú samþ. þessa nýju tekjuliði, tel ég mjög íhugunarvert, hvort ekki sé rétt við afgreiðslu fjárlfrv. út úr þinginu endanlega að líta eitthvað meira til þarfa bátaflotans heldur en gert hefur verið hingað til.

Ég skal, herra forseti, ekki tefja umr. um þetta úr hófi fram. En mér fannst rétt að láta þessar aths. fylgja frá mér, til þess að byggja fyrir það, að haldið yrði, að ég fylgdi ennþá hækkuðum útgjöldum svona í hugsunarleysi, eftir afnám fiskábyrgðarinnar og þrátt fyrir lögfesta gengislækkun. En ég hafði ekki búizt við að þurfa að fylgja slíkum ráðstöfunum á þessu þingi, eftir gengislækkunina. Sjálfstfl. hefur gengið í samvinnu við samstarfsflokk sinn með það fyrir augum að styðja að því, að fjármál ríkisins kæmust í sem bezt horf. En það verður því aðeins gert, að hver þm. geri skyldu sína í því að styðja fjármálastj. á hverjum tíma í hennar viðleitni við sitt starf. Og með þeim formála, sem ég nú hef haft, mun ég fylgja þessu máli út úr deildinni.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég heyrði það nú, að hv. þm. Vestm., fyrrv. fjmrh., var ekkert síður undrandi heldur en við, sem hér tókum til máls áðan úr stjórnarandstöðunni, á þessari verulegu hækkun á sköttum, sem hæstv. fjmrh. fer fram á að fá lögfesta. Hann benti réttilega á það, að ekki er búið í þessu fjárlfrv. að snúast við vandkvæðum sjávarútvegsins á neinn þann hátt, að líkur megi telja til, að hann verði starfræktur, þ. e. a. s. verulegur hluti hans, vélbátaflotinn. Fjárveiting til niðurgreiðslu á fiskverði er ekki með í frv. Upphæðin til dýrtíðarráðstafana er miklu lægri, líklega á annan tug milljóna. Það er rétt að geta þess, að breyt. er á orðin til hækkunar á fjölmörgum tekjuliðum ríkisins fyrir það, að gengislækkun hefur átt sér stað. Það er kannske hennar eina ljósa hlið, að hún átti að gefa og gefur tugi milljóna að krónutölu í ríkissjóð. Það veltur nú á fleiri krónum í innflutningi á öllum vörum til landsins. Og allir þeir tollar og skattar, sem við það eru miðaðir, þeir hækka gífurlega, í mörgum tilfellum milli 30 og 40%. Verðtollur á að hækka fast að því um einn þriðja. Innflutningsgjald á benzíni á að hækka og ýmsir aðrir liðir. Hinn almenni söluskattur hækkar svo að nemur tugum milljóna. Hæstv. fjmrh. hefur að vísu gert grein fyrir því, að sér lítist þannig á, að einn af tekjuliðum 2. gr. fjárlfrv. muni illa skila sér í samanburði við það, sem við var búizt. Er þó ekki séð, að þessi svartsýni hæstv. ráðh. sé á fullum rökum reist. En svo mikið er víst, að ýmsir aðrir liðir en þeir, sem ég minntist á áðan, hljóta að sýna gífurlega hækkun í reyndinni. Tekju- og eignarskatturinn t. d. gaf árið 1949 49½ millj. kr., en nú er hann ekki áætlaður nema 35 millj. kr. Það á að vera komið það óæri í þennan tekjuskatt, að hann verði 14½ millj. kr. lægri en árið 1949. Við athugun á útkomu þessa tekjustofns fram að 1. nóv. sé ég ekki nokkra ástæðu til að álíta, að hann lækki svona gífurlega. Eða innflutningsgjaldið af benzíni. Það er áætlað nú 29½ millj. kr., eða jafnhátt og fjárlagaárið 1950. Þá fékk brúasjóður líka sínar tekjur. Það er engin breyt. frá árinu 1950 til ársins 1951, en að vísu breyt. frá árinu 1949. Fyrsta nóv. þ. á. var innflutningsgjaldið búið að gefa 9 milljónir króna. Nú er það orðið a. m. k. 9,9 millj. (**Fjmrh.:** Það er eftir að draga frá það, sem brúasjóður fær.) Brúasjóður fékk líka af þessu sitt á árinu 1950, eins og hann fær 1951. Það verður ekki annað séð en að full ástæða sé til að ætla, að þessi tekjustofn gefi um 11 millj. kr. í staðinn fyrir 9½. Söluskatturinn er áætlaður 50 millj. króna, en hann var 44 millj. árið 1949 og hækkaði alveg gífurlega

sökum gengislækkunarinnar. Og ég hef talið það byggjast á fullum rökum, að hann væri nú áætlaður 60 millj. króna. En við 2. umr. fjárlfrv. fór ég þarna mitt á milli, til þess að sú áætlun væri mjög varleg, og áætlaði 55 millj. En ráðh. gerir ráð fyrir 50 millj. kr. og taldi ástæðu til að breyta áætluninni í þá upphæð, sem ég tel ekki rétt, ef það vakir fyrir mönnum að áætla nokkurn veginn rétt, eftir því sem útlit er fyrir á þessu stigi málsins. Og ef menn vildu forðast að leggja á nýja skatta, tel ég, að hefði verið svigrúm til að breyta tekjuliðum 2. og 3. gr., bara meir í námunda við rétta áætlun án þess að þurfa að taka inn nokkra nýja tekjustofna til að standast öll þau útgjöld, sem nefnd hafa verið fram að þessu. Og þó að atvinnulífinu væri rétt ríkleg hjálparhönd, er ekki ástæða til að kalla eftir þyngri skattaálögum á þjóðina þess vegna.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég er á móti þessu frv., en frá öðru sjónarmiði en sumir aðrir. Og ég kveð mér hljóðs af því, að ég vil ekki láta halda síðar meir, að ég sé þeim sammála. Ég er á móti því af því, að ég tel hægt að ná þeim jöfnuði í fjárl., sem þarf að nást og á að nást, á allt annan og miklu skynsamlegri hátt en hér er gert ráð fyrir. Það er með þeirri einföldu aðferð að hætta að greiða niður vörur innanlands. Það hefur verið gert illu heilli og til mikillar bölvunar fyrir alla, sem hlut áttu að máli. Líka fyrir þá, sem fengu vörurnar ódýrari. Það er fleygt í þetta 25 milljónum og á að heita til að halda við vísitölunni. Þessu á að hætta, og þá kemst jöfnuður á fjárl. En á þennan hátt næst hann ekki. Það eru til takmörk, og ég held, að við séum komnir að þeim, a. m. k. með þeim aðferðum, sem við höfum haft, og eigum að hætta að greiða niður. Þar á eftir á að lækka launin eða festa þau þar sem þau eru. Þá er kominn jöfnuður á fjárl. Þá þarf ekki að hugsa um viðbótartekjur.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, KK, RÞ, VH, ÞÞ, GJ, BSt.
nei: StgrA, BrB, FRV, HV, HG.
PZ greiddi ekki atkv.
4 þm. (LJóh, BBen, EE, HermJ) fjarstaddir.
Frv. endursent Nd.

Á 40. fundi í Nd., 14. des., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Á þessu frv. hafa verið gerðar breyt. í Ed., og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það hér.

Einar Olgeirsson: Þetta er áframhald af þeim skattaálögum, sem hæstv. fjmrh. skýrði frá í gær, að mundu verða lagðar fram, og í þessum brtt. felast álögur á aukatekjur ýmiss konar. Ég mun nú ekki hafa mörg orð um þetta. Hér gildir það sama og ég sagði í gær um þessar hækkanir: Það er vægast sagt óviðfelldið að koma fram með þessar hækkanir og brtt. á síðustu stundu, og þetta þarf svo að fara í gegnum Nd. til að fá það samþ. Ég vil taka það fram, að ég er andvígur þessum hækkunum og álít, að ríkisstj. eigi að fara aðrar leiðir til að afla sér tekna. Hér er alltaf vegið í sama knérunn — að hækka álögur alþýðunnar. Og nú er tilkynnt, að laun megi ekki hækka frekar, hvað sem dýrtíðin vex, og skuli kaupgreiðslur miðaðar við vísitölu 122. Hér verða útundan allir starfsmenn ríkisins og launþegar almennt. M. ö. o., öll sú hækkun, sem ríkisstj. veit að dynur yfir, á að koma algerlega bótalaust niður hjá launþegum og opinberum starfsmönnum. Hingað til hefur þó vísitalan verið nokkurt aðhald, þó að hún hafi verið reiknuð út eftir á. Nú er hæstv. ríkisstj. að búa sig undir að hindra, að kaupgjaldsvísitalan geti hækkað. Í stað þess þegar gengislögin voru sett, þá var sagt, að eftir svo sem 6 mánuði mundi allt vera búið að jafna sig og þyrfti þá ekki að gera ráðstafanir um kaupgjaldsvísitöluna. En nú á hins vegar að fara að þyngja þessar álögur enn meira. Eftir þær upplýsingar, sem hæstv. fjmrh. gaf við 3. umr. fjárl., þá eiga þessar álögur að koma harðast niður á alþýðu manna, og þess vegna greiði ég ákveðið atkv. á móti þessum till. sem sósíalisti.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16: 7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 408).

---

17. Tollskrá o. fl. (stjfrv.).

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl. [5. mál] (stjfrv., A. 5).

Á 4. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þessu frv. er ætlað að koma í staðinn fyrir lög nr. 2/1950, en gerir þó ráð fyrir tveimur breytingum frá þeim l. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að álag á verðtoll sé lækkað úr 65% í 45%, í samræmi við 10. gr. l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. — Hitt er það, að hér er lagt til, að felld verði niður lög nr. 98/1941, um heimild fyrir ríkisstj. til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, en þau lög hafa verið framlengd fram að þessu, en það, sem enn er notað af þeim heimildum, sem felast í þeim lögum varðandi aðflutningsgjöld, verði tekið inn í þetta frv., og eru það ákvæði 3. gr. þessa frv. — Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir frv., en legg til, að því verði vísað til fjhn. að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 69 og 72).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Fjárhagsnefnd hefur nú athugað þetta frv. og borið það saman við l., sem áður giltu um þetta efni frá fyrra ári og undanfarin ár, og virðist upptakan í þetta frv. rétt. Enn fremur hefur n. athugað l. nr. 98 frá 9. júlí 1941, en ákveðið er svo í síðustu gr. þessa frv., að þau l. falli úr gildi við gildistöku þessa frv. Athugun á þeim l. frá n. var einkum í því fólgin að ganga úr skugga um, hvort yfirleitt væri óhætt að fella þessi lög með öllu úr gildi, það hefur verið sett reglugerð samkvæmt þeim, og athugaði n., hvort hún þurfi að vera í gildi áfram. En það er skemmst frá að segja, að ákvæði þessara l. eru fallin úr gildi þegar eða komin inn í önnur lög, nema eitt atriði, sem komið er inn í frv., sem búast má við að verði samþ. hér á Alþ., og virðist þá óhætt að fella þau l. úr gildi.

N. er því öll sammála um það, að formsins vegna sé ekkert við það að athuga að samþ. þetta frv., en öðru máli er að gegna um efni þess, þar sem einn nm., hv. 1. landsk., vill fella frv. að mestu leyti niður, halda aðeins 3. gr., eftir því sem mér skilst á hans nál. M. ö. o., hann vill fella niður þann tekjuauka, sem í frv. felst og gilt hefur undanfarin ár. Það er sjónarmið út af fyrir sig, en við 4 nm. lítum svo á, að það sé á engan hátt fært að skerða svo tekjur ríkissjóðs, að þessi viðauki fái ekki að haldast, og því er það okkar till., meiri hl., að frv. verði samþ. óbreytt. Ég hygg, að það þurfi ekki fleiri orð um það. Fjárlagafrv. og allar ástæður ríkissjóðs sýna það, að ríkissjóður má ekki missa þær tekjur, sem hann hefur haft, nema því aðeins að aðrar tekjur jafnmiklar komi í staðinn, eða þá að stungið sé upp á það miklum sparnaði, sem nemi tekjurýrnuninni, og sýnt fram á, að hann sé framkvæmanlegur. En hvorugt liggur fyrir frá hv. 1. landsk., og fæ ég því ekki vel skilið, hvað hann hugsar sér. En væntanlega kemur það fram þegar hann gerir grein fyrir sínu nál.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, hefur n. ekki orðið sammála um þetta frv. Ég skila hér sérstöku nál., og mín afstaða kemur greinilega fram í nál. á þskj. 69. Ég legg til, að felld sé niður 1., 2. og 5. gr. frv., þ. e. a. s. þær gr., sem fela í sér ákvæðin um tollahækkanir þær, sem hér um ræðir og eru framlenging á tollahækkunum, sem lagðar voru á fyrir 2 árum; en hins vegar legg ég til, að 3. gr. verði samþ., sem aðeins er framlenging á ákvæði l. um dýrtíðarráðstafanir frá 1941, sem er heimild um niðurfelling eða lækkun á aðflutningsgjöldum á þeim vörum, sem þar greinir.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa afstöðu mína. Ég hygg, að hún sé af fyrri umr. öllum hv. dm. kunn. Ég var andvígur þessum tollahækkunum, sem hér um ræðir, þegar þær voru fyrst lagðar á. Þá urðu allmiklar umr. um málið, og ég hélt því fram, að þessar tollahækkanir væru ekki annað en afleiðing þeirrar heildarstefnu, sem fylgt hefur verið, það væri þess vegna ekki hægt að taka afstöðu til þessa máls án þess um leið að taka afstöðu til allrar stefnu ríkisstj., það væri ómögulegt að taka afstöðu til þessa máls út af fyrir sig. Ég er enn sömu skoðunar og tel aðeins, að það hnígi enn sterkari rök undir hana nú en þá, en ég sé ekki ástæðu til að fara að endurtaka þær umr., sem þá fóru fram hér í þessu sambandi. Þegar þessar tollahækkanir voru lagðar á fyrst, var það talin bráðabirgðaráðstöfun, eins og raunar hefur verið um öll tollalög, sem samþ. hafa verið um margra ára skeið, þau hafa verið talin neyðarúrræði, sem gripið væri til til bráðabirgða, af því fyrst og fremst að krónan væri skráð á röngu gengi. Ef menn líta á umr., sem þá fóru fram, þá geta menn séð, að þetta var höfuðröksemdin, að krónan væri skráð á röngu gengi. Síðan hefur krónan verið skorin niður rösklegar en nokkur impraði þá á. En bráðabirgðaráðstöfunin var ekki látin niður falla og tollar lækkuðu ekki, heldur hækkuðu. Loks vil ég taka fram, að enda þótt allt væri með felldu að því er snertir þá stefnu, sem fylgt hefur verið og leitt hefur til þess, að þessir tollar eru á lagðir, þá er ég þeirrar skoðunar, að til svo óhóflegra hátolla á almennar neyzluvörur sem hér um ræðir eigi seinast að grípa af öllu.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég býst við, að það þýði lítið, að við frsm. meiri og minni hl. þessa máls ræðumst við hér í d. um þetta mál. Það hefur hvor sína stefnu í þessu, og hvorugur sannfærir hinn. Ég ætla heldur ekki að fara út í ræðu hv. 1. landsk. að ráði. Ég lýsti eftir því í minni ræðu, að hann benti á önnur úrræði í þessum efnum, en þau heyrðust ekki koma fram hjá honum. Annars var það ein setning í ræðu hv. þm., sem vakti athygli mína og ég er sammála. Hann segir, að þetta frv. sé afleiðing af þeirri heildarstefnu, sem fylgt hafi verið. Ég er þessu sammála, en þetta tekur til miklu lengri tíma en síðan núverandi ríkisstj. tók við völdum. Það hefur nefnilega afar lengi verið fylgt þeirri stefnu, að miklar tekjur eru nauðsynlegar fyrir ríkissjóðinn, vegna þess að á hann hlaðast mikil útgjöld, og þetta átti sér stað ekki hvað sízt meðan hv. þm. sat í ríkisstj., og hans starfsgreinar urðu, ekki síður en aðrar, fjárfrekar til ríkissjóðs. Það er langt frá, að ég álíti þetta til lasts, sumt af því var mjög þarft, en það er þó þannig, að þegar þegnarnir krefjast mikils af ríkinu og ríkið fær á sig fleiri og fleiri byrðar, meira og minna þjóðinni til hagsbóta, þá verður ríkið að krefjast meiri gjalda af þegnunum. Ég hef ekki heyrt nokkurn mann skýra það, að peningar kæmu í ríkissjóðinn af sjálfu sér, sem væri hægt að verja til útgjalda ríkisins, — þeim t. d. rigndi og rigndi úr loftinu, þegar á þeim þyrfti að halda. Það getur verið rétt, að einhver hafi talað um ranga skráningu íslenzku krónunnar í sambandi við þessi lög, þegar þau fyrst voru sett, og getur það verið rétt út af fyrir sig á þeim tíma. En það er bara að stefnan er sú sama alltaf, að það bætast fleiri og fleiri gjöld á ríkissjóðinn. Fjárlagafrv. sýnir sig. Og ég tel, að það sé fyrir alla hv. þm., hvar í flokki sem þeir standa, með öllu óforsvaranlegt

að leggja til, að þeir tekjustofnar, sem hér um ræðir, falli niður, nema þá því aðeins, að fluttar séu till. um aðra tekjustofna eða þá tilsvarandi sparnað. Ef slíkar till. koma frá hv. þm., þá er hægt að ræða um það við hann. En hitt, að segja í hvert sinn sem rætt er um tekjuöflun fyrir ríkissjóð: Ég er á móti þessu, — og svo í hvert sinn sem rætt er um útgjöld úr ríkissjóði: Ég er með þessu, — það kann að vera vinsælt, — ég skal ekki segja um það —, en það er samt pólitík, sem er ekki hægt að reka á ábyrgan hátt. Það vita allir, og þessi hv. þm. mjög vel.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Ég ætla alls ekki að fara að hefja hér almennar umr. við hv. frsm., enda hefur hann ekki gefið neitt tilefni til þess. En ég vil aðeins, út af því, sem hann sagði, segja þetta: Það er ekki fyrst og fremst vegna þess, að hlaðizt hafi mikil útgjöld á ríkissjóðinn til nytjamála, að nauðsynlegt hafi verið að leggja þessar tollaálögur á. 1946, í lok þess tímabils, sem nýsköpunarstjórnin fór með völd, þá stóð ríkissjóður undir þeim útgjöldum, sem samþ. voru þá til nytjamála. Þá var engin nauðsyn til þess að leggja á þessa tolla, sem hér er um að ræða. En það er annað, sem orðið hefur síðan, ekki aðeins það að geysilega hafa aukizt ríkisútgjöldin, og það ekki til nytjamála, — kostnaður við ríkisbáknið hefur aukizt stórkostlega, um 20 millj. kr. eftir upplýsingum hv. form. fjvn. Hitt er aðalatriðið, að síðan 1948 hefur útflutningur landsmanna lækkað um 240 millj. kr., eða um meira en þriðjung, samkv. upplýsingum hæstv. viðskmrh. Reyndar er nú, rétt talið, lækkunin enn þá meiri. Og það er þetta, sem er afleiðing af þeirri stjórnarstefnu, sem rekin hefur verið á undanförnum árum hér hjá okkur. Og það er þetta, sem ég átti við, er ég sagði, að þetta mál væri ekki hægt að greina frá allri stefnu ríkisstj. undanfarið yfirleitt. En ég ætla ekki út í almennar umr. um þetta hér.

Hvað snertir umr. um nýja tekjustofna, þá mundi ég, ef nauðsynlegt væri þrátt fyrir allt að auka tekjustofna ríkisins, sízt af öllu leggja til, að þessi leið yrði farin. Það er náttúrlega fjöldamargt annað, sem til greina kemur í því efni, heldur en þetta, og ég mundi fyrr vera með. T. d. vorum við nýlega að samþ. framlengingu á gjaldi af innlendum tollvörutegundum. Það væri hægt fyrir ríkið að verzla með þessar tollvörur og nýta þann gróða, sem er mjög mikill. Sama er að segja um fjöldamargar svartamarkaðsvörur, sem gæti verið stórgróði fyrir ríkið að verzla með. Gæti ég nefnt fjölda af vörum, sem fyrr kæmi til greina í þessu sambandi að taka gróða af verzlun með til tekna fyrir ríkið, að mínu áliti, heldur en með þessu, sem hér er um að ræða. Er hér um að ræða gagngeran skoðanamun milli stuðningsmanna hæstv. ríkisstj. annars vegar og mín og minna flokksmanna hins vegar.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta, frekar en hv. 1. landsk. þm. gerði nú. En út af því, sem hann var að tala um, að núverandi örðugleikar stöfuðu af þeirri stjórnarstefnu, sem fylgt hafi verið síðan 1948, þá held ég, að það komi þar fleira til greina. Ég skil nú ekki í því, jafnvel þótt ríkisstjórn Íslands kunni að vera slæm, að þá sé hún svo slæm, að t. d. síldin fælist af þeim ástæðum að koma nálægt landinu. Síldin hefur þá eitthvað meira sálarlíf með einhverjum hætti heldur en álitið hefur verið til þessa, ef það er nú orsökin fyrir síldarleysinu. Og nú vita allir, að síldarleysi undanfarinna ára er ein aðalorsökin til þess, að heildarútflutningur landsmanna hefur minnkað á þessum síðustu árum.

Þar sem hv. þm. talar um, að í árslok 1946 hafi allt verið í himnalagi um fjárhag ríkisins, og þess vegna hefði það verið að kenna þeim, skilst mér, sem síðar hafa stjórnað, að ríkið þarfnast nú meira fjár en áður, þá mætti nú kannske aðeins minna hann á það, að töluverður hluti þeirra útgjalda, sem ríkið hefur síðan orðið að inna af hendi, er vegna löggjafar, sem þá var búið að setja, en ekki var komin fyllilega til framkvæmda í árslok 1946. Ég get minnt hann þar á lög, sem beinlínis heyrðu undir hans stjórnardeild, fræðslulögin nýju. Þau hafa kostað ekki svo lítið fé. En þau voru ekki farin að kosta mikið fé í árslok 1946. En ég tek fram, að ég segi þetta ekki í ádeiluskyni. Ég álít, að fræðslulögin nýju hafi verið á margan hátt til bóta, frá því sem áður var. En þetta sýnir það, að það er ekki stefna allra síðustu ára, sem orsakar, hvernig komið er um fjárhag ríkisins, heldur er það stefna margra ára.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta, en vil aðeins segja við hv. þm., að hefði hagur landsmanna verið jafngóður eins og 1946 áframhaldandi, þá hefði ekki þurft að leggja þessa tolla á til þess að framkvæma fræðslulögin. Það veit hv. þm. — Það, sem hann sagði um síldina, missir marks, því að það hafa verið síldarleysisár í sex ár, svo að það er þýðingarlaust að kenna síldinni um, hvernig nú er komið fjárhagnum.

ATKVGR.
Brtt. 69,1 felld með 9:3 atkv.
1. gr. samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 69,2 felld með 9:3 atkv.
2. gr. samþ. með 9:2 atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 69,3 tekin aftur.
4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 12. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 14. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hefði óskað eftir framsögu með þessu frv. af hálfu ríkisstj., en svo virðist ekki ætla að verða. Ég vildi aðeins geta þess nú, þótt ég ræði sennilega aðallega um málið við 2. umr., að sökum þess að lofað var að lækka tolla, þegar gengislækkunin var til umr., þá er óviðkunnanlegt að sjá alla gömlu tollana framlengda, en fyrst hæstv. ríkisstj. virðist ekki óska þess að ræða málið nú, skal ég geyma mér frekari umr. til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 5, n. 161 og 169).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Frumvarp þetta til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62 frá 1939, um tollskrá o. fl., 5. mál Ed., hefur verið tekið fyrir í fjhn., en hún hefur ekki orðið sammála um það. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt, en minni hlutinn, hv. 2. þm. Reykv., leggur til að fella 1., 2. og 4. gr., en samþykkja 3. gr.

Frv. þetta er til framlengingar á lögum nr. 2 1950. Hér er þó gert ráð fyrir tveimur breytingum frá þeim lögum:

1. Að álag á verðtoll samkv. B-lið 1. gr. sé lækkað úr 65% í 45%, en það er gert í samræmi við 10. gr. laga nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.,

2. Að felld verði niður lög nr. 98 1941, um heimild fyrir ríkisstj. til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, en það, sem enn er notað af þeim heimildum, sem felast í þeim lögum varðandi aðflutningsgjöld, verði tekið inn í þetta frv., en það eru ákvæðin í 1. og 2. lið 3. gr. laganna frá 1941, skv. auglýsingu nr. 2 1950, og eru þau ákvæði tekin upp í 3. gr. þessa frumvarps. Lög nr. 98 1941 voru sett á styrjaldarárunum, og voru þau fyrst og fremst miðuð við ástand, sem þá ríkti, og ráðstafanir, sem þá þótti rétt að gera. Er ekki ástæða til, að lagaákvæði þessi, að undanteknum ákvæðum 1. og 2. liðar 3. gr. varðandi aðflutningsgjöld og 3. liðar varðandi tollvörugjald af kaffibæti — en ákvæði 3. liðar varðandi kaffibæti eru tekin upp í frv. um breytingu á tollvörugjaldslögunum, sem lagt er fram með þessu frv. — verði látin gilda lengur, og er því lagt til, að þau verði felld niður.

Meiri hl. fjhn. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það er lagt fyrir.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þetta mál er öllum svo vel kunnugt, að ekki þarf að hafa mörg orð um það.

Það er aðalspursmálið, hvort framlengja skuli vörumagnstollinn og verðtollinn. Það blandast engum hugur um, að ríkið þurfi á þeirri upphæð að halda, sem fæst af þessum tollum. En nefndarmenn greinir á um, hvort ekki væri réttlátara að taka meira af tekjum ríkisins í sköttum af stóreignum eða gróða af innflutningsverzluninni, sem oft hefur verið deilt um og ég ætla ekki að ræða nú. Því er 1. gr. fyrst og fremst andstæð stefnu sósialista gagnvart tollum, og svo kemur hins vegar til greina, að þó að það verði að taka tekjur með tollum, hlýtur að vera meiningamunur um, hvort ekki sé unnt að ná sömu upphæð með lægri tollum, ef annarri verzlunarstefnu væri fylgt. Það er gefið, að um leið og ríkið verður að draga úr innflutningnum, gefa þessir tollar minna en ella. Ef lækka ætti tollana, yrði að gera breytingu á frjálsræðinu í innflutnings- og útflutningsverzluninni. Hef ég því tekið afstöðu gegn 1. gr. frv. og vil minna á, að er gengislækkunin var samþykkt, þá var því lofað, að tollarnir yrðu lækkaðir eins og aðrar álögur á almenningi. Því er það hart, að nú skuli ekki sjást, að reynt sé að lækka tollana. Þetta var jafnvel undirstrikað með fyrirsögninni, þar sem stendur „um bráðabirgðabreyting á l." o. s. frv.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta, enda var mjög mikið rætt um þetta, er það var sett á í fyrra. Tillaga mín er, að 3. gr. verði látin standa. Hins vegar verð ég með 2. og 4. gr., sem eru um undanþágu frá 1. gr., þótt ég vilji aðeins láta 3. gr. standa.

Ég ætla að reyna við 3. umr. að fá tollinn lægri, ef ég sé að það verður hægt, annars greiði ég atkv. á móti frv.

ATKVGR.

Brtt. 169,1 felld með 16:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FJ, GÞG, MK, LJós, ÁkJ, ÁS, EOl.

nei: HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KS, PÞ, PO, SÁ, SkG, StSt, ÁB, BÓ, SB.

ErlÞ greiddi ekki atkv.

11 þm. (EystJ, GG, GTh, HÁ, JG, ÓTh, SG, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 18:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, Ing, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, PÞ, PO, SÁ, SkG, StSt, ÁÁ, ÁB, BÓ, SB.

nei: FJ, GÞG, MK, LJós, ÁkJ, ÁS, EOl.

ErlÞ greiddi ekki atkv.

9 þm. (EystJ, GG, GTh, HÁ, ÓTh, SG, StgrSt, BÁ, EmJ) fjarstaddir.

Brtt. 169,2—3 teknar aftur.

2.—5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 13. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 5, 364).

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég gat þess við 2. umr. fjárlaganna, að það mundi ekki vera hægt að treysta þeim tekjustofnum, sem ríkisstjórnin hafði í lögum, til að standa undir útgjöldum. Síðan þetta var, hefur þetta verið athugað nánar, miðað við tekjur til 1. des. Þessi athugun var gerð til þess að vita, hvort auka þyrfti tekjurnar. Þessi athugun

sýndi, að útlitið í þessum efnum væri enn verra en búizt var við. Einkum eru iskyggilegar horfur um tekjur af verðtolli. Þær munu ekki verða nema 60 millj. kr. í stað 78 millj. kr., sem gert var ráð fyrir. Það getur skakkað einhverju litlu í þessum útreikningi, en ekki stórkostlegu. Aðrir tekjustofnar fara naumast fram úr áætlun, nema hagnaður af einkasölum, er vegur á móti einhverju af þessu. En þó er augljóst, að afkoma ríkissjóðs er lakari en ráð var fyrir gert, og ekki mun nást sá greiðslujöfnuður, sem ætlazt var til í vor. Þetta er ákaflega slæmt, og þessi rýrnun teknanna er meiri en nokkurn grunaði. Mér hefur þó verið ámælt fyrir það, að ég væri að fela væntanlegar ríkistekjur og þyrfti því ekki að hafa tollana eins háa. Það er nú augljóst, að þessar ásakanir hafa ekki haft við neitt að styðjast. Stjórnin verður að halda fast við þá ákvörðun að ná greiðslujöfnuði á fjárlögum. Nú verður að taka ákvörðun um það, hvað gera á við launauppbótina, og nú er launavísitalan 122 stig. Ég sé enga ástæðu til að fara dult með það, að ég álít skynsamlegast að hætta að greiða launauppbót. Ég álít, að það sé ekki neinn hagur fyrir launastéttirnar að fá greidda þessa launauppbót, því að það hefur sýnt sig, að hún étur sig upp jafnharðan sjálf. Nú hefur hins vegar niðurstaðan ekki orðið sú, og verður haldið áfram að greiða launauppbótina. Þess vegna flyt ég till. við 3. umr. fjárl. um að bæta við tekjuáætlunina 5 millj. kr. Það er ekki hægt að afgreiða tryggingalagafrv. eins og gert hafði verið ráð fyrir, og verður þá að hækka framlagið til almannatrygginganna. Þá koma þarna samtals 6½ millj. kr. Við endurskoðun tryggingalagafrv. á að hækka gjald frá ríkinu til sjúkrasamlaga um 200 þús. kr., og þarf þá samtals að bæta inn á fjárlagafrv. hátt á 7. millj. kr. Við þetta bætast enn nokkrar upphæðir, svo að reikna má með, að bæta þurfi við fjárlagafrv. a. m. k. 10 millj. kr. E. t. v. þyrfti það að vera ríflega það. Eins og nú lítur út fyrir með tekjurnar í ár, þá horfir þetta ekki vænlega, en við verðum að gera okkur ljóst, að ef við ætlum okkur að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, þá verðum við að afla nýrra tekna til viðbótar. Ég taldi rétt að stöðva greiðslu launauppbótanna og sjá síðan hvað yrði. En sú leið var ekki valin. Því hef ég lagt hér till. þessar fram fyrir hönd ríkisstj., og mér þykir rétt að geta þessara till. og gera þær ljósari fyrir hv. þingmönnum.

Brtt. á þskj. 364 er um það, að í stað „200%" komi: 250%. — Undir þetta kemur ekki nema lítill hluti af vörutollinum. Margt er hér undanskilið. Ég áætla, að þetta muni nema 1½ millj. kr. Þá er aðaltillagan á þskj. 370 um að hækka söluskattinn upp í 7% úr 6%. Ég hef áætlað, að þetta muni nema um 5 millj. kr. Loks eru smærri till. um að auka gjald á innlendum tollvörutegundum um 20%, og gerir þetta 1.3 millj. 900 þús. fást af stimpilgjöldum. Svo er 20% viðauki á afgreiðslugjöldum skipa. Mikið af skipagjöldunum hefur verið greitt í erlendri mynt og staðið í stað hingað til. — Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, en úr því að menn vilja ekki hætta við að greiða launauppbætur, þá er ekki önnur leið fyrir hendi til að ná greiðsluhallalausum fjárlögum. Og ég efast um, að nokkur geti mælt með að hafa greiðsluhalla á fjárlögum.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 364, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég finn að þessari aðferð hæstv. ríkisstj., að leggja þetta fram nú við 3. umr. Það er ekki mikil háttvísi í því og algerlega brugðið út af venjum. Þessar nýju tekjur eiga þá að fara í gegnum þingið í tveimur umræðum. Það verður að teljast ekki beint í samræmi við þingsköp. Satt að segja hefði maður getað vænzt þess, að þessar till. hefðu átt að fá athugun í nefnd. Þetta var nú viðvíkjandi meðferð málsins.

Hæstv. fjmrh. leggur til, að vörumagnstollurinn hækki úr 200% í 250%. Þegar gengislækkunarlögin voru samþykkt á síðasta þingi, þá var það tekið fram sem forsenda fyrir samþykkt þeirra, að lækkun tolla og skatta mundi koma á eftir, þess vegna þyrftu gengislækkunarlögin ekki að verða svo þungbær. Nú er það komið á daginn, að tollar og skattar eiga þvert á móti að hækka, og það er af því, að gengislækkunarlögin hafa ekki náð þeim árangri, sem til var ætlazt. Vöruverð átti ekki að hækka nema um 11—13%, en hefur hins vegar hækkað um 23%. Þannig hafa verið lögð tvöföld gjöld á almenning. Og nú ætlar ríkisstj. sér að hækka tollana enn. Það sýnir, að allur reikningur gengislækkunarforkólfanna hefur verið skakkur. Ég hef rætt þó nokkuð um það áður, hvort ekki sé til heppilegri leið til að afla þessara tekna. Ég hef bent á, að það er vel hægt að fá meiri tolltekjur án þess að hækka tollinn, með því að leyfa landsmönnum að flytja inn meira af vörum. Af sumum hefur þetta verið tekið sem öfugmæli. Ég vil leiða rök að því, að við getum framleitt meira innanlands og selt meira út en við gerum. Þá gætum við keypt meira inn af vörum, og ég held þetta sé sök hæstv. ríkisstj., að við fáum ekki meiri vörur. Hér liggja vörur í landi, sem við gætum selt fyrir milljónir króna og því flutt inn meiri vörur. Það er hægt að selja freðfiskinn o. fl. vörur. Ef ríkisstj. ætlar að hækka tollana og halda samt öllum einokunarböndum, þá verður þetta alltaf erfiðara, eftir því sem tíminn líður, og allt ein hringavitleysa. Hið eina, sem var réttlætanlegt í sambandi við gengislækkunina, var það, að hún átti að örva viðskiptin. En þetta hefur ekki orðið. Það hefur ekki fengizt að flytja meira út, framleiðslan er fjötruð í einokunarbönd. Útgerðarmenn hafa ekki getað náð hagnaðinum frá heildsölunum, og ríkisstj. kinokar sér við því að sleppa þeim einokunarböndum, sem heildsalarnir hafa. Meðan vöruinnflutningurinn er svona skorinn við nögl, þá er sagt, að það verði að hækka tollana, og hvað er þá langt þangað til farið verður að heimta nýja gengislækkun? Fáum við þá ekki aftur sömu hringrásina? Meinið er það, að hér er sérréttindastétt, eins konar léns- eða aðalsstétt, og hennar réttindi má ekki skerða. Ég kem inn á þetta atriði, af því að það er óhugsandi að ræða þetta mál, tollahækkanirnar, sem er afleiðing gengislækkunarinnar, án þess. Þetta vil ég segja viðvíkjandi vörumagnstollinum. Þetta, að ætla sér að hækka tollana jafnt og þétt, er að leggja þungar byrðar á almenning, en vilja aldrei taka af þeim, sem græða mest. Ég vil minnast þess, að við vorum að samþykkja frv.

um skattfrelsi Eimskipafélagsins, og síðan er haldið áfram að þyngja álögurnar á almenningi og hækka tollana á sjávarútveginum, sem gerir það að verkum, að við stöndum enn verr að vígi, hvað framleiðslu okkar snertir, eftir því sem lengra líður. Þess vegna hefði verið nær að taka eitthvað af þessum kostnaði með slíku móti, ef ómögulegt var að fá neinu þokað til viðvíkjandi einokunarböndunum. — Ég ætla ekki að fjölyrða að neinu leyti um þetta. Það er svo oft, sem við höfum minnzt á þessi mál hér. Og það er náttúrlega alltaf það sama, sem við komum að, sömu prinsipin, sem þar rekast á. Hins vegar hefði ég álitið, þegar hæstv. ríkisstj. kemur fram með svona till., að þá hefði átt að gera nokkra grein fyrir því, hvernig á því stendur, að hún sjálf fæst ekki til að slaka nokkurn skapaðan hlut til í sambandi við útflutningsverzlunina og hvort hún sjálf hefur enga trú á, að það mundi örva tekjur ríkisins. — Ég læt þess vegna þetta nægja að sinni og mun fyrir mitt leyti greiða atkv. á móti þessari till. hæstv. ráðh.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins, út af till. hæstv. fjmrh. um hækkun á vörumagnstollinum úr 200% í 250% og með hliðsjón af þeim upplýsingum og rökum, sem fram komu í ræðu hans, lýsa yfir andstöðu minni og Alþfl. gegn þeirri brtt., sem fyrir liggur nú, og gegn þeim boðuðu brtt., sem að nokkru leyti hafa verið lagðar fram í þessari hv. d. og einnig í hv. Ed. Ég skal um leið taka fram, að það gladdi mig að heyra yfirlýsingu hæstv. ráðh. um það, að ríkisstj. sæi sér ekki annað fært en að hlíta gildandi fyrirmælum gengisl. um greiðslu uppbóta vegna hækkaðrar dýrtíðar. En hæstv. fjmrh. lýsti yfir því, að sú hækkun á vísitölunni, sem þegar væri vituð, væri 7 stig hvað snertir kaupgreiðsluvísitölu og mundi kosta ríkissjóð fram yfir það, sem áætlað er í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj., um 5 millj. kr. Ég lýsi ánægju minni út af því, að ríkisstj. hefur hætt við þær meira eða minna fastar hugleiðingar um það að brjóta eða virða að vettugi þau loforð, sem voru gefin launamönnum öllum í löggjöfinni um gengislækkun með greiðslu á uppbótum eftir hækkandi dýrtíð. Ég lýsi einnig ánægju minni yfir því á vissan hátt, að hæstv. fjmrh. hefur látið undan síga af þeim þunga, sem hann vafalaust hefur orðið var við varðandi almannatryggingalöggjöfina, svo að það er þó gert ráð fyrir, að þar verði gerðar nokkrar endurbætur hvað snertir greiðslu bótanna til samræmis við vísitölu, meir en fyrirhugað var í fjárlagafrv. Og þær auknu bótagreiðslur mundu kosta ríkissjóð að sjálfsögðu eitthvert fé, og reiknaði hæstv. fjmrh. með því, að sú breyt., sem hann og hæstv. ríkisstj. vildi ganga inn á, bæði varðandi tryggingarnar sjálfar og sjúkrasamlögin, mundi nema 1,7 millj. kr. — Ég lýsi ánægju minni út af þessu út af fyrir sig, svo langt sem það nær, að þessi réttlætismál hafa verið viðurkennd, að greiða eigi bæturnar eftir gildandi kaupgjaldsvísitölu, þó að ég telji ekki varlega áætlað að telja það 122 stig, sem eigi að greiða uppbæturnar eftir, því að það uggir mig, að svo gæti farið, þegar búið væri að samþykkja hin stóru skattafrv. hæstv. ríkisstj., að vöruverð hækkaði verulega, þegar kæmi fram á árið 1951. Og eftir gildandi gengislækkunarlöggjöf á að reikna út þessa vísitölu árið 1951. Ég tel líka, að það þurfi að fara hærra í uppbótargreiðslum en að miða við 122 stig.

Ég verð líka að lýsa yfir, að skref hæstv. ríkisstj. er ekki nema hálft í áttina til sanngirni og réttlætis gagnvart tryggingamálunum, því að það hefði þurft að gera endurbætur á almannatryggingalöggjöfinni, sem nokkurn veginn einróma var komið gegnum hv. Ed. á síðasta þingi frv. um, og vitað er, að meginhluti þjóðarinnar mundi telja til stórbóta, ef gerðar væru þær endurbætur. Og vissulega er þörf á að gera þær. Ég vil því að þessu leyti gera þennan fyrirvara um viðurkenningu mína til hæstv. ríkisstj. og fjmrh. varðandi þessi tvö atriði, að í sambandi við tryggingalöggjöfina álít ég, að ekki sé gengið nærri eins langt og þyrfti að gera, og ég álít líka of lágt áætlaða launauppbótina til opinberra starfsmanna, að miða við 122 stig til greiðslu á árinu 1951. — Þetta tek ég fram, áður en ég vík að frv., sem fyrir liggur, eða brtt.

Ég vil þá víkja nokkuð að þeim þegar boðuðu og sýndu brtt. frá hálfu hæstv. ríkisstj. varðandi verulega hækkun á tollum og sköttum. Það er eitt í röksemdafærslu hæstv. fjmrh., sem ég fyrir mitt leyti get alls ekki fallizt á, enda kom það greinilega í ljós af hálfu Alþfl. við 2. umr. fjárl. Og það var það, að það væru ekki of lágt áætlaðir ýmsir tekjuliðir á fjárlagafrv. Ég hygg, að fulltrúi Alþfl. í fjvn. hafi sýnt fram á það með skýrum rökum, eftir þeirri reynslu, sem fyrir liggur frá árinu 1949 og fram til mánaðamóta október og nóvember þ.á. að ýmsir tekjuliðir á fjárlagafrv. væru áætlaðir allt of lágir. Nú segir að vísu hæstv. fjmrh., að við nýrri athugun, sem hann hafi látið fram fara sérstaklega á vissum tekjuliðum, þá sé útlitið jafnvel verra en hann hefði búizt við áður. Nú dettur mér ekki í hug að rengja þær upplýsingar, sem hæstv. fjmrh. flytur hér og áreiðanlega eru réttar, svo langt sem þær ná. En þær snertu aðeins ákveðna, takmarkaða tekjuliði á fjárlagafrv. Og má vera, að reynslan, sem var af þessum liðum fram til síðustu mánaðamóta, hafi verið verri en bæði ég og hæstv. fjmrh. höfðum búizt við. Þó tók hann fram, að það væri að vísu eftir sá mánuðurinn, sem hann lét í skína að mundi gefa töluvert auknar tekjur, þar sem búizt er við einhverjum innflutningi enn á þessu ári. (**Fjmrh.:** Það er búið að reikna með því.) En ég vil líka benda á, að það er vafalaust, að það hafa ekki brugðizt — ef nota mætti það orð í þessu sambandi — á sama hátt þær tekjuvonir, sem voru gerðar viðkomandi áfengis- og tóbakssölu. Nú var sýnt fram á það við 2. umr. fjárl., að það mætti áætla hagnað af áfengissölu 6 millj. kr. hærri en gert er á fjárlagafrv., og 7 millj. kr. hærri hagnaðinn af Tóbaksverzlun ríkisins heldur en á fjárlagafrv. er gert ráð fyrir. Og skynsamlegt hygg ég að áætla, að tekjur af þessum tveimur liðum muni verða um 13 millj. kr. meiri en gert er ráð fyrir á fjárlagafrv. — Nú reiknar hæstv. fjmrh. með því, að þau auknu útgjöld, sem hann gerir ráð fyrir að komi fram yfir það, sem gert er ráð fyrir á fjárlagafrv., þannig, — og þar eru stærstu liðirnir, annars vegar uppbætur á laun opinberra starfsmanna og hins vegar hækkun á útgjöldum almannatrygginganna, — að alla liðina áætlar

hann samtals um 10 millj. kr. Og þá er þetta samt ekki nema tíu þrettándu af þeim auknu tekjum, sem búast má við að falli í skaut ríkissjóði af þeim einkasölum, sem ég áðan nefndi. Ég hef líka ríka ástæðu til að ætla, að sumir tekjuliðir, sem hæstv. ráðh. nefndi ekki, svo sem innflutningsgjald af benzíni og gjald af innlendum tollvörutegundum, bifreiðaskattur o. fl., muni reynast hærri en gert er ráð fyrir á fjárlagafrv. — Allt ber þetta að sama brunni, nefnilega það sýnir, hve óþarft er að leggja á þjóðina nú nýja tolla og skatta til þess að fullnægja þeirri réttlætiskröfu, sem stjórnin hefur nú svignað undan að vissu leyti, um auknar uppbætur á laun opinberra starfsmanna og svolitla réttarbót í sambandi við almannatryggingarnar.

Af þessum ástæðum erum við Alþfl.-menn á móti þessum till. hæstv. ríkisstjórnar.

Ég þarf ekki að ítreka það, að það er svo víðs fjarri, að það, sem rétt er að þjóðinni sem jólagjöf, sé í samræmi við þau fyrirheit, sem ríkisstj. gaf henni í sambandi við setningu gengislækkunarlöggjafarinnar, — í sambandi við það mikla mál, sem það var kallað hér á hæstv. Alþ. á sínum tíma. En þó að því sé sleppt og haldið sé sér bara við staðreyndir fjárl. og skynsamlega áætlun á tekjuliðum fjárl. fyrir 1951, miðað við óbreytta löggjöf að öllu leyti, þá ætla ég, að það sé allsendis óþarfi að hækka það mikið skatta og tolla eins og hæstv. ríkisstj. leggur til. Þess vegna er Alþfl. andvígur þessu og telur, að með þessu móti sé hæstv. fjmrh. — sem er ágætur búmaður og er sýnt um fjármál — að safna í kornhlöðu. En því, sem þannig er safnað, með óþörfum en þungbærum tollum og sköttum, er safnað af heilu holdi þjóðarinnar. Og fjöldi manna má sízt við því, eins og nú standa sakir.

Ég reikna með því sem gefnu og þekki það frá fyrri og síðari tímum, að gagnslaust sé að eyða löngu máli í að andæfa þessum till. hæstv. ríkisstj., þar sem sjálfsagt eru stjórnarfl. búnir að koma sér saman um þetta, og þeir hafa mikinn meiri hl. Alþ. Ég vildi aðeins af hálfu Alþfl. láta falla þessi ummæli nú á þessu stigi. Og ég vil líka segja, að mér þykir leitt, að þessar stórfelldu nýju skattaálögur skuli koma svona rétt áður en til þingfrestunar kemur, og það virðist ekki tími né nægilegt tækifæri til að safna þeim gögnum, sem nægja til þess að rökstyðja afstöðu stjórnarandstöðunnar eða Alþfl. til þessa máls. — En þetta læt ég nægja á þessu stigi til andmæla þessari till. út af frv. á þskj. 5.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð út af því, sem komið hefur fram frá hv. form. flokkanna beggja. Fyrst, út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, vil ég taka fram, að það er rétt, að æskilegra væri, að það þyrfti ekki að leggja fram till. til breyt. á skattal. eins og hér er gert. En það eru þær ástæður, sem hv. þm. vita, að það hefur verið og er verið að íhuga allar leiðir til þess að komast hjá að þurfa að hækka skattana. Og ástæðan til þess, að þetta frv. kemur svo seint fram, er, að beðið hefur verið með að koma fram með það, til þess að sjá, hvort afkoma þessa árs yrði ekki þannig, að hægt væri að sleppa því. Menn voru þannig í lengstu lög að vona, að afkoman mundi verða sú, að það mundi ekki þurfa að leggja á meiri skatta. En svo fór ekki. — Það er líka rétt, að það þyrfti að komast hjá því að leggja fram brtt. um verulega efnisbreyt. á máli á síðasta stigi málsins. Samt sem áður hefur þetta verið hlutskipti mitt nú og annarra líka, sem í sömu sporum hafa staðið, sem neyðzt hafa til að bera fram brtt. á þennan hátt. En slíkt er alls ekki æskilegt. Það er neyðin, sem rekur menn til þess að vinna þannig.

Um það, sem hv. 2. þm. Reykv. tók fram, um það, sem hann taldi, að það kæmi fram af því, að stefnan væri skökk í fjármálapólitíkinni, að þörf væri fyrir þessa hækkun tolla, en ef hún væri rétt, þyrfti þess ekki, — þá get ég ekki nú rætt þetta í einstökum atriðum. Það er kjarninn í öllu málinu, hvort hægt hefði verið að hafa aðra stefnu í fjárhags- og viðskiptamálunum, svo að þjóðinni hefði vegnað betur en raun ber vitni nú. Er þetta mjög umdeilt mál. En ég tek fram, að ríkisstj. hefur gert það, sem ég tel að í hennar valdi hafi staðið til að greiða fyrir atvinnu- og viðskiptamálunum. Og það virðist ætla að verða árangurinn, að framleiðslutækin verði notuð þetta ár, þrátt fyrir ýmsa erfiðleika, og að framleiðslan seljist öll, þegar til kemur. Og þetta út af fyrir sig er nokkuð mikill árangur. Hvort hægt hefði verið að koma meiru fjöri í þetta, það mætti lengi um það ræða. Ríkisstj. hefur nú til alvarlegrar athugunar að gera verulegar breyt. frá því, sem verið hefur, einmitt viðkomandi verzlunar- og fjárhagsmálum. En ég get ekki gefið neinar yfirlýsingar um það í dag, hvað afgert verður í þeim efnum eða hver verður árangurinn. En þó að ríkisstj. hafi þetta til athugunar, þá þykir mér ekki annað hlýða en að afgr. þessi fjárl. eftir því, sem ástandið er í þessum efnum í dag. Og fram hjá því verður ekki hægt að komast. Og verða þessi fáu orð að nægja til þess að svara því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði.

Um það, sem hv. 8. landsk. þm. tók fram, þar sem hann lýsti afstöðu Alþfl. með tilliti til tekjuöflunar, um leið og hann lýsti ánægju flokksins yfir því, að ákvörðun hefði verið tekin um að greiða uppbót á laun og fé til tryggingganna, — um það, sem hv. þm. sagði, vil ég taka fram, að það er byggt á misskilningi hv. þm., að tekjustofnar ríkisins að óbreyttum l. séu þannig, að þeir geti staðið undir því, sem nú er ráðgert að verði bætt á fjárl. Það væri betur, að þetta væri búmennska af minni hendi og aðeins sérlega varlega farið. En ég verð að hryggja hv. þm. með því, að þær upplýsingar, sem ég gaf síðast, eru réttar, og þær áttu ekki aðeins við um verðtollinn. — Ég verð að bæta því við, að þegar litið er á tekjurnar í heild á þessu ári, sem af er og áætlaðar tekjur í des., þá get ég ekki séð, að tekjur ríkissjóðs á þessu ári í heild sinni muni fara fram úr áætlun. Og það þýðir verulegan greiðsluhalla, því að það vita allir, að það hljóta að verða einhverjar greiðslur umfram tekjur eftir fjárl. á þessu ári, hversu sem menn leggja sig fram. Það verður því miður greiðsluhalli í ár. Og ég get ekki séð, að af þessu sé hægt að draga aðra ályktun en þá, að það væri alveg óforsvaranleg bjartsýni að gera ráð fyrir, að á næsta ári gætu þessir tekjustofnar staðið undir meiru en gert er ráð fyrir á fjárlagafrv. —

Ég vil ekki deila um þetta, en bendi á, að hér er að endurtaka sig sama sagan eins og gerðist í vor. Þá var haldið fram, að óþarft væri að framlengja söluskattinn og að hægt hefði verið að hafa tekjuvonir ríkisins 30—40 millj. kr. meiri en gert var. En það hefði þýtt nú, ef svo hefði verið ráðið, að við hefðum staðið með um 40 millj. kr. greiðsluhalla í árslok. Það er algerlega óhrekjanlegt. Þess vegna vil ég alvarlega vara við þessari bjartsýni hv. þm. og benda á, að það á enga stoð í veruleikanum að treysta svo mjög á þessa tekjustofna sem hv. 8. landsk. þm. gerir. — Ég get vel trúað, að óþægilegt er fyrir flokkana, sem eru í stjórnarandstöðu, að vera með till. um tollahækkanir. Maður skilur það. Hins vegar er óhjákvæmilegt að leggja áherzlu á, að þetta, sem hér er lagt til að gera, er ekki gert af öðru en brýnni nauðsyn. — Ég skal þá líka taka fram viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um launabæturnar og áætlunina þeim viðkomandi, að ríkisstj. hefur ekki tekið ákvörðun um meiri launabætur en miðað við 122 stig. Og þess vegna er þessi áætlun miðuð við það, sem stjórnin hefur tekið ákvörðun um að greiða.

Ég skal svo ekki fara lengra út í þessi mál. Þau eru hv. þingmönnum kunn. En ég vil taka það fram, að það var ekki fyrir dónaskap, að ég verð nú að vera fjarverandi ofurlitla stund frá umr., heldur af því, að ég þurfti að koma á framfæri upplýsingum um frv. í hv. Ed. En einhverjir af ráðh. verða hér áfram til að hlýða á það, sem hv. þm. kunna að taka fram um þetta mál umfram það, sem þegar hefur verið gert. Og hér er á eftir annað mál, sem er þáttur í þessu sama.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég sé, að það eru nú víst einhverjir af hæstv. ráðh. viðstaddir. — Út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði um afstöðu ríkisstj. yfirleitt í fjárhagsmálum, vildi ég aðeins gera smá-aths. Hæstv. fjmrh. virtist hafa þá hugmynd, og sagði það beinlínis, að hæstv. ríkisstj. hefði gert allt, sem hún hefði getað, til þess að örva framleiðsluna. Ég er ekki á þessari skoðun. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. hefur bókstaflega dregið stórkostlega úr framleiðslunni í ár, þ. e. útflutningnum, og sumpart látið voldugustu ríkisfyrirtækjunum haldast uppi að skipuleggja slíka minnkun framleiðslunnar. Ég á þar við, að annars vegar hefur ríkisstj. sjálf, eða hennar fjárhagsráð, neitað um útflutning á íslenzkum afurðum gegn því að flytja inn fyrir þær vörur erlendar nauðsynjavörur, og hefur komið í veg fyrir, að vörur, sem enn liggja óseldar í landinu, verði fluttar út og inn verði fluttar nauðsynjar fyrir þær til landsins. Það liggja enn þá hér í landinu a. m. k. 2 þús. smál. af freðfiski óseldar, sem hefði verið hægt að vera búið að selja fyrir nokkrum mánuðum síðan í vöruskiptum á sambærilegu verði við enskt verð fyrir nauðsynjar. Og það hafa legið tilboð fyrir frá eigendum varanna um að selja þetta þannig. Það kann að vísu að vera, að ríkisstj. sjálf fylgist ekki vel með þessu og láti nægja, að hennar nefnd komi í veg fyrir þetta. Ég skal ekkert segja um það.

Í öðru lagi hefur hæstv. ríkisstj. látið Landsbankanum haldast uppi að minnka framleiðsluna með því að draga úr sínum lánveitingum til hraðfrystihúsa, og minnka þannig stórkostlega freðfiskframleiðsluna í landinu. Við komumst upp í 30 þús. tonn í freðfisksframleiðslunni eitt árið. Við förum líklega niður í 16—17 þús. tonn í þeirri framleiðslu í ár. Ég efast ekki um, að það hefði verið auðvelt að framleiða hér á Íslandi a. m. k. 25 þús. tonn af freðfiski í ár, þrátt fyrir það þó að við hefðum haldið saltfiskframleiðslunni eins og hún var, og enn fremur, að auðvelt hefði verið að selja allt þetta magn út úr landinu. Hins vegar hefur Landsbankinn, með því að draga úr sínum lánveitingum til hraðfrystihúsanna, knúið hraðfrystihúsin til að minnka framleiðslu á þessum fiski. Ég held þess vegna, að með þessari pólitík hafi hæstv. ríkisstj. dregið úr framleiðslunni; í fyrsta lagi dregið úr útflutningnum og þar með dregið úr innflutningnum líka. Hæstv. fjmrh. þótt ist vera mjög vel ánægður með útkomuna á þessu ári. Hann sagði, að framleiðslan hefði selzt öll, og það væri góður árangur Ég get ekki verið sammála því, að það sé góður árangur, að framleiðsla, sem nam um 30 þús. smálestum, hafi minnkað um helming. Slíkt verður varla talinn góður árangur. Ég held, að afleiðingarnar af pólitík hæstv. ríkisstj. séu ekki svo slæmar, ef ekki kæmi einnig til of mikil þröngsýni. Ég held, að það sé enginn vandi að hafa framleiðsluna meiri og selja hana alla, og þá væri hægt að flytja meiri vörur inn í landið. Framleiðslan á freðfiski hefur minnkað um 15 þús. tonn, og það væri ekki svo lítill vörumagns- og verðtollur, sem ríkið hefði fengið, ef 15 þús. tonnum meira hefði verið flutt út og síðan fluttar inn í landið vörur fyrir verð það, sem fengizt hefði fyrir þann fisk. Og þessu hefði verið hægt að koma til leiðar í haust. Ég heyrði, að hæstv. ráðh. var að segja, að ríkisstj. hefði í hyggju að koma fram með breytingar á verzlunar- og viðskiptapólitík sinni. Það er að vísu ekki nema gott eitt um slíkt að segja, en furðu seint finnst mér sú breyting koma. Ef ég hefði haft að gera með skipulagningu á framleiðslu og inn- og útflutningsverzlun á sjávarafurðum, þá hefði ég ekki haft á sama hátt og hæstv. ríkisstj. hefur gert. Ég hefði séð svo til, að aukning framleiðslunnar hefði getað farið fram og samningar um sölu afurðanna hefðu farið fram í nóvember og desember, svo að þegar vertíðin hæfist í miðjum janúar, þá vissu útgerðarmenn, hve mikið aflamagn væri hægt að selja. Þegar ákveðið er um verð á fiski, þá er mjög ólíkt, hvort hægt er að segja í des., að hægt verði að selja og þar með óhætt að framleiða 30 þús. smálestir, og það er allt öðruvísi en þegar aðeins er reiknað með 15 þús. smálesta framleiðslu og sú framleiðsla látin bera vaxtabyrðina og annað slíkt. Það er því algerlega rangt af hæstv. ríkisstj. að fresta svo ákvörðunum í þessu efni. Ég bar í haust fram í deildinni frv. um breyt. á l. um sölu og útflutning á vörum og hélt, að það mundi fá sæmilegar undirtektir í þinginu, ef dæma bæri eftir kosningaloforðum hv. þm. Frv. var vísað til fjhn., og þar var enginn af nm. á móti því og heldur enginn með því. Ég held, að það sé búið að tapa sölumöguleikum, sem nema 20—30 millj. kr., vegna tafa, sem orðið hafa á þessum málum. Ég segi ekki, að við höfum ekki enn möguleika til að selja vörur okkar, en hvern mánuð, sem það dregst, að hagnýta þessa markaði, þá er a. m. k. ekki hægt að selja þann fisk, sem

étinn hefði verið í þeim mánuði, svo að allur slíkur dráttur er þjóðhagslegt tap. Og sá aukni útflutningur og innflutningur, sem af þessu gæti leitt og er sennilega 20—30 millj. kr., það mundi svara því, sem ríkisstj. þyrfti í auknar tolltekjur.

Það er mjög leitt, að hæstv. ríkisstj. skuli vera svo sein á sér að boða, hvaða stefnu hún ætli að taka upp í fjármálapólitík sinni, og ég held satt að segja, að hún væri ekki svo sein á sér að birta, hvað hún hefur í pokahorninu, ef hún hefði eitthvað gott að boða, svo að ég er kvíðinn vegna leyndar hæstv. fjmrh. Það er hins vegar auðséð, að hér duga ekki langar umr., enda ekki meiningin að halda þeim uppi.

Ég vil segja það að lokum, að mér finnst það undarlegur reikningur að reikna með vísitölu 122 stigum, eða er það meining hæstv. ríkisstj. að binda kaupgjaldið við það, þó að vitað sé, að miklar hækkanir koma í byrjun næsta árs á mörgum sviðum, og auk þess eru öll áhrif gengislækkunarinnar ekki enn komin fram? Og sú gífurlega hækkun, sem kemur á skófatnað og vefnaðarvöru, á eftir að koma hér fram og kemur á fyrstu mánuðum næsta árs, svo að það er algerlega óraunhæft að reikna með 122 stiga vísitölu, nema gera eigi einhverjar ráðstafanir til að halda verðlagi niðri, eða þá að enn eigi að höggva í hinn sama knérunn og gert var með gengisbreytingarlögunum á síðasta þingi. — Ég læt svo útrætt um málið að sinni. En ég verð að segja, að það er slæmt að koma með svo umfangsmiklar breytingar, þegar málinu er jafnlangt komið og hér er.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja nokkur orð út af ræðu hæstv. fjmrh., en þau munu aðeins verða mjög fá, af því að hæstv. ráðh. er nú sem stendur í Ed., og auk þess gefur ræða hans um athugasemdir mínar ekki mikið tilefni til andsvara. Hæstv. ráðh. andmælti ekki með einu einasta orði, að það væri álíka mikil upphæð, sem aukinn ágóði af áfengis- og tóbakssölu næmi á þessu ári, eins og hæstv. ráðh. taldi að nú þyrfti að setja inn á fjárl., og þó að heildarniðurstaðan væri ekki glæsileg, þá væru tekjur af þessum sökum um 10—20 millj. kr. hærri 1951 en áætlað er. Og með tilvísun til fyrri orða minna tel ég, að allt, sem ég sagði, standi óbreytt.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Af því að hv. 2. þm. Reykv. er nú aftur kominn í d., vildi ég svara honum nokkrum orðum út af því, sem sí og æ klingir hjá honum bæði í tíma og ótíma, en það er það, hvað þjóðin tapi á því, að ekki er meira verzlað við vissar þjóðir. Hann sagði, að þjóðin tapaði á því ca. 20—30 millj. kr. árlega í útflutningi, og síðan væri hægt að flytja inn í landið vörur fyrir þessa upphæð, og af því mundu skapast miklar tolltekjur. En viðskipti þessi eru ekki eins hagstæð og hann vill vera láta, en það ræðir þessi hv. þm. aldrei um. Vöruskiptin við Austurríki má telja að séu að vissu leyti hreinasta neyð, en þau voru gerð til að selja vörur, sem við áttum óseldar í landinu, og það má segja, að verðið sé sæmilegt, en vörur þær, sem við fáum í staðinn, eru seldar miklu hærra verði en við eigum að venjast, og það kemur svo aftur niður á neytendum í landinu. Það má segja, að það sé hagstætt að framleiða vörur og geta selt þær, en slíkt fer að verða hæpinn gróði, ef við verðum að taka í staðinn vörur, sem eru 30—100% dýrari en á frjálsum markaði, og slíkt er enn vafasamara, ef um er að ræða helztu nauðsynjar almennings. Á þessu sést, að mál þetta hefur tvær hliðar, sem vandlega verður að skoða, þegar málið er athugað. Ég veit, að hv. 2. þm. Reykv., jafngreindur maður sem hann er, sér þetta vel, en hann kærir sig bara ekki um að láta það koma fram í umr. — Þá sagði hv. þm., að áhrif gengislækkunarinnar væru ekki öll komin fram enn þá. Það er að vísu erfitt að fullyrða nokkuð um slíkt, en ég held að segja megi, að þessar hækkanir séu nú að fullu komnar fram og hækkanir af völdum gengisbreytingarinnar verði mjög litlar hér eftir, en aftur á móti má búast við verðhækkunum á ýmsum nauðsynjum á erlendum mörkuðum, en við slíkt getum við ekki ráðið og ekki hægt að spá örugglega fyrir um, hve miklar þær verði, því að sú hækkun stafar af þeirri ófriðarhættu, sem nú er ríkjandi, en ef svo vel tekst, að þeirri hættu verði bægt frá, þá má gera ráð fyrir, að þessar hækkanir komi ekki fram. Það er því ekki rétt að ásaka ríkisstj. fyrir, að hún geri ekki ráð fyrir slíkri hækkun, sem ekki er komin fram og enginn veit, hvort nokkurn tíma kemur.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Út af því, sem hæstv. viðskmrh. sagði, vildi ég leiðrétta það hjá honum, sem hann sagði, að ég hefði oft haldið því fram, að ég vildi koma á ótakmarkaðri eða takmarkalausri vöruskiptaverzlun. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. hefur lesið frv. mitt á þskj. 23, en hafi hann gert það, þá er það vægast sagt ekki rétt hjá honum, að ég vilji koma á takmarkalausum vöruskiptum, því að um þetta eru ströng ákvæði í frv. mínu. Í fyrsta lagi, að ríkisstj. setur lágmarksverð á útfluttar vörur, og má enginn selja þær lægra verði en þar er ákveðið. Í öðru lagi er sett það ákvæði, að innflytjandi vara eftir þessu ákvæði er skyldaður til að hlíta lágmarksákvæðum þeim, sem sett verða samkv. frv., og segir í 4. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta: „Skulu vörur þessar verðlagðar samkvæmt venjulegum álagningarreglum, og einnig heimilt, ef þörf þykir, að setja á þær sama hámarksverð í smásölu og gildir um samsvarandi vörutegundir keyptar inn í landið fyrir frjálsan gjaldeyri.“ Með öðrum orðum, þá ætlast ég til, að þessar vörur verði seldar á sama verði og vörur þær, sem keyptar eru fyrir frjálsan gjaldeyri. Í þriðja lagi legg ég til í frv., að ríkisstj. sé heimilt að banna innflutning vissra vörutegunda, sem þjóðin er ekki talin hafa efni á að flytja inn. Ég ætlast sem sé til, að takmarkanir í sambandi við þessa verzlun séu svo miklar, að hún sé þjóðinni jafngagnleg og verzlun gegn frjálsum gjaldeyri, en sumar þjóðir, sem við getum átt verzlunarviðskipti við, geta ekki verzlað fyrir pund og dollara. Ég hef oft minnzt á þetta áður, en ég hef aldrei getað fengið hæstv. ríkisstj. til að ræða málið á raunhæfum grundvelli. Ég veit, að sumir munu segja út frá þeirri reynslu, sem skapazt hefur á sumum vöruskiptum, sem við höfum gert, að þetta sé ekki hægt, en ég held því fram, að það sé hægt, en þó því aðeins, að náin samvinna sé um inn- og

útflutningsverzlunina, því að þetta gengur oft hvort út yfir annað. Hæstv. ráðh. veit, að oft er hægt að fá gott verð fyrir freðfisk í vöruskiptalöndunum, en vara er þar dýrari en hægt er að fá með frjálsum dollaraviðskiptum. Með þessu fyrirkomulagi, að út- og innflutningsverzlun sé aðskilin, þá fá framleiðendur hátt verð fyrir sína vöru, en innflytjendur verða að setja hátt verð á sína vöru, og þegar ekki er jafnað þar á milli, bitnar allt á kaupendum hinna innfluttu vara. Þegar verzlað er við Bandaríkin, er 20% lægra verð fyrir fiskinn, en líka 20% lægra vöruverð. Það er því alrangt, að varan sé dýrari í vöruskiptalöndunum, heldur er hér aðeins um að ræða skipti milli inn- og útflutningsverzlunar. Ef kaupa á hveiti fyrir útfluttan fisk, hefur það ekkert að segja, hvort verðið er 20% hærra eða lægra á því, ef fiskurinn fylgir aðeins sömu hlutföllum, en það hefur mikið að segja fyrir inn- og útflytjendur, ef það er aðskilið. Innflytjendur græða á verzlun við Bandaríkin, en útflytjendur á verzlun við vöruskiptalöndin. Ég held því, að með þeim takmörkunum, sem felast í frv. mínu, þá sé engin röksemd til gegn því, að þetta sé algerlega raunhæft, og sé þetta raunhæft, þá sé ég enga röksemd gegn því að auka framleiðsluna og út- og innflutning með því að taka upp slík viðskipti. En til að koma í veg fyrir aukna verðbólgu í landinu, þá verður að jafna á milli útflutnings- og innflutningsverzlunarinnar. Hið háa verð á hveitinu frá Ungverjalandi stafar af því, að slíkur jöfnuður er ekki gerður. En hæstv. ríkisstj. mun hafa leyft framleiðendum að hagnýta sér hið háa vöruverð þar í landi til að bæta þeim það tap, sem þeir hafa orðið fyrir af Bandaríkja-viðskiptunum. Og af þessum ástæðum er hægt að koma fram með slíkar blekkingar gagnvart frv. mínu eins og gert hefur verið. En það er mjög óheppilegt fyrir þjóðina, að það hefur ekki þegar verið samþ. Ég hefði búizt við því, að hæstv. viðskmrh. væri mér sammála í því, að eina lausnin fyrir hæstv. ríkisstj. á þeim vandræðum, sem steðja að, sé sú, að efla útflutning og þá um leið innflutning til landsins. Ég held því, að hæstv. ríkisstj. ætti heldur að mæla með frv. mínu, sem þegar hefur legið í tvo mánuði fyrir þinginu, í stað þess að standa gegn því með hæpnum rökum, því að frv. er mjög vel athugað og hugsað.

Hæstv. ráðh. minntist á viðskiptin við Austurríki, en ég held því fram, að það hefði verið hægt að framkvæma þau betur, ef þeir, sem önnuðust þau viðskipti, hefðu haft frjálsari hendur. Sumar vörur er praktiskt að kaupa þar, og sumar vörur er ekki praktiskt að kaupa þar, en fjárhagsráð segir til um, hvað eigi að kaupa þar og hvað ekki, og þess vegna er með þessum skriffinnskuframkvæmdum verið að gera alla framkvæmd þessara mála hringavitlausa. Framleiðendur hefðu haft aðhald og hafa nóg vit á því, hvað kaupa átti og hvað hefði verið heppilegast að kaupa þar, en þeir eru skyldaðir til að gera hringavitlaus kaup, og þjóðin verður að bera afleiðingar þeirrar ráðsmennsku, en hæstv. ríkisstj. og fjárhagsráð bera ábyrgðina.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég mun ekki deila á hv. 2. þm. Reykv., því að ég veit, að hann hefur ekki leyfi til að svara fyrir sig aftur. Eg var ekki að ræða um frv. hans, heldur ræður, og frv. er engin sönnun fyrir því, hvað hann hefur sagt í sínum löngu ræðum.

Lúðvík Jósefsson: Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hæstv. viðskmrh. sagði hér um vöruskiptaverzlun, og vék í því sambandi að vöruskiptunum við Austurríki. Ég er að vísu ekki vel kunnugur, en þó nokkuð, þessum málum, en ég veit þó, að vöruskiptin hafa verið óhagstæð fyrir innflutninginn að sumu leyti, því að hveitiverðið hefur verið hátt. En fiskverðið er einnig hátt, og það ber að gæta að því og taka það með í reikninginn. Mér er líka kunnugt um það, að þeir, sem hafa annazt þessi vöruskipti, hafa kvartað undan því, að þeir fengju ekki að ráða því, hvaða vörur þeir keyptu inn með þessum vöruskiptum, og að þeir væru neyddir til að kaupa vörur á óhagstæðu verði af fjárhagsráði. Ráðherrann minntist á vöruskiptin við Ungverjaland, er 1000 tonn af fiski voru seld gegn greiðslu í hveiti, og hugðist sýna fram á það með dæmi sínu, að þessi viðskipti hefðu gefizt illa. Nú vildi ég spyrja hæstv. ráðherra: Er það ekki rétt, sem komið hefur fram bæði hér og í blöðum, að það hafi verið keypt hveiti fram að þessum tíma á sama verði og þetta hveiti er á, sem kemur sem greiðsla fyrir þennan fisk? Er það ekki rétt, að það hveiti, sem hægt hefur verið að fá í Bandaríkjunum, hafi verið á svipuðu verði og miög lítið lægra? Og er það líka rétt, að áður hefðum við getað fengið ódýrara hveiti í Kanada fyrir frjálsa dollara? Og stendur það til boða enn að fá hveiti með allmiklu lægra verði frá Kanada en er á ungverska hveitinu, eða hefur verðinu verið breytt þar líka? Og er þá nokkur kostur að kaupa þetta lægra hveiti fyrir frjálsa dollara á annan hátt en selja fisk til Bandaríkjanna með lægra verði en við fáum fyrir hann með vöruskiptunum? Er hægt að afla þessara dollara á annan hátt? Og hefur hæstv. ráðh. gert sér líóst, að þetta fiskverð, sem við fáum með vöruskiptunum, er svo hagstætt fyrir frystihúsin, að þau fá jafnvel uppbót á þann fisk, sem er seldur til Bandaríkjanna, svo að þau geti staðið undir framleiðslukostnaðinum? Ég held, að það sé nauðsynlegt að láta þetta koma fram, og þar sem ég veit, að hæstv. ráðh. er kunnugt um þessa hluti, þá legg ég þessar spurningar fram.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Ég ætla ekki að tefja umr. miklu lengur, en út af því, sem hv. 2. landsk. spurði um í sambandi við hveitiverðið, þá er það alveg rétt, að það hefur verið keypt hveiti frá Ameríku fyrir hærra verð en hveiti þar er nú, en það hveiti, sem við getum fengið núna í Ameríku, er 45% lægra en hveitið, sem við fáum frá Austur-Þýzkalandi. Það er sú staðreynd, sem við verðum að byggja á. Og nú er Ísland orðið aðili að samtökum um hveitisölu, sem tryggja það, að það geti fengið hveiti fyrir þetta verð bæði fyrir dollara og pund. Ísland var ekki aðili að þessum samtökum áður, en hjá þeim var hveitiverðið alltaf á lægra verði en það, sem fékkst fyrir Marshallfé. En við notuðum Marshallféð vegna þess, að við höfðum ekki annað fé til þess.

Lúðvík Jósefsson: Mér sýnist á þessum upplýsingum hæstv. ráðh., að það sé satt, sem mér hefur verið sagt, að það sé staðreynd, að hveitiverðið hafi verið svipað og það verð, sem hér um ræðir. En ég ítreka þá spurningu, hvort hægt sé að fá þetta hveiti fyrir frjálsa dollara í Kanada nú fyrir sama verð. (**Viðskmrh.:** Ég veit ekki annað en svo sé hægt.) Það kemur þá ekki skýrt fram, hvort það er hægt eða ekki. En miðað við það ástand, sem nú er, er hér um tvímælalausa bót að ræða, því vöruskiptin hækka fiskverðið svo mikið, og þótt það væri hægt að fá hveitið með lægra verði, þá verða þessi viðskipti máske svipuð, en lakari verða þau aldrei.

ATKVGR.
Brtt. 364 samþ. með 13:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, PO, SkG, ÁB, BÓ, EystJ, GG, HÁ, JG, JS, JörB, ÓTh, SB.
nei: SG, ÁkJ, ÁS, EOl, GÞG, LJós.
16 þm. (SÁ, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, FJ, GTh, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, JÁ, JR, KS) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 14:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HÁ, JG, JS, JörB, KS, ÓTh, PÞ, PO, SkG, ÁB, BÓ, EystJ, GG, SB.
nei: LJós, SG, ÁkJ, ÁS, EOl, GÞG.
15 þm. (HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, JÁ, JR, SÁ, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, FJ, GTh) fjarstaddir.
Frv. endursent Ed.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 384).
Á 39. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 409).

18. Friðun arnar og vals.

Á 22. fundi í Ed., 20. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 83/1940, um friðun arnar og vals [105. mál] (stjfrv., A. 191).

Á 23. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Samkvæmt l. nr. 83/1940 eru ernir og valir friðaðir til ársloka 1950. Hér er lagt til, að friðunin verði framlengd um 10 ár, þar sem sýnilegt er, að mjög lítið er nú orðið af þessum fuglum hér á landi og eina leiðin til að halda stofninum við er að friða fuglana. Því þykir sýnt, að rétt sé að halda áfram á þeirri braut, sem undanfarið hefur verið mörkuð í því efni.
Að umræðu lokinni legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 191, n. 244).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv., sem fer fram á, að framlengdur verði friðunartími arnar og vals, hefur verið athugað í n. Hún hefur rætt málið við Finn Guðmundsson náttúrufræðing og fengið hjá honum þær upplýsingar, að fátt sé orðið eftir af báðum þessum fuglategundum hér á landi, þó heldur meira en gizkað var á í grg. frv., og telur hann nokkuð hæpið, hvort það muni blessast, að þær geti haldizt hér við, þótt þær verði enn friðaðar.
Allshn. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ., enda þótt því sé ekki að neita, að þessir fuglar geri stundum usla, sérstaklega í æðarvarpi, en þá eru ákvæði um það í gildandi l., sem þetta frv., ef að l. verður, hefur engin áhrif á, að sá, sem fyrir því verður, getur snúið sér til viðkomandi yfirvalds og gert sérstakar ráðstafanir, og með tilliti til þess leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 32. fundi í Ed., 8. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 34. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 35. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 191, n. 351).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Friðunartímabil arnar og vals er útrunnið við lok þessa árs. Frv. þetta framlengir það um 10 ár, og leggur nefndin til, að það verði samþykkt óbreytt.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Það er líklega í samræmi við ófriðun rjúpunnar að friða valinn. En ég hef sannfrétt, að honum fjölgi ört og sé orðinn hinn mesti vágestur sums staðar. Ég veit ekki, hvort það á að sanna sveiflukenninguna með því að láta hann glíma við rjúpuna, en ég mun við 3. umr. bera fram brtt. við frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Bjarni Ásgeirsson: Ég minntist á það í gær, að ég mundi koma með brtt. við 3. umr. þessa máls, en ég bjóst ekki við, að málið yrði tekið fyrir í dag, og þess vegna hef ég brtt. skriflega. — Ég hef haft fregnir af því, að viðkoma valsins sé orðin mikil og engin hætta á því, að hann yrði aldauða, þótt hann væri ekki alfriðaður fyrst um sinn. En málið er þó fremur lítt athugað nú, og mun því rétt, að valurinn verði friðaður fyrst um sinn. Það er ekki nema rétt, að sérfróðir menn verði látnir kynna sér mál þetta til hlítar, og þess vegna ber ég fram þá brtt., að í stað þess að friða valinn til 1960, þá verði hann nú friðaður um 2 ára skeið. Á þessum 2 árum ætlast ég til að viðkoma fuglsins verði rannsökuð, og ef sú rannsókn gæfi til kynna, að ekki væri þörf að friða hann, a. m. k. ekki allt árið, þá væri hægt að leyfa að drepa hann að þessum 2 árum liðnum, og gæti það þá gefið öðrum fuglum, eins og rjúpunni, einhvern frið. — Og ætla ég nú að leyfa mér að afhenda hæstv. forseta brtt. mína.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 414) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég finn, að þær fregnir, sem borizt hafa hv. þm. Mýr. og mér um valinn og viðkomu hans, eru ekki samhljóða. Mér er sagt, að hans gæti mjög lítið og í mörgum héruðum landsins sé hann horfinn. Mér þykir vænt um, að hv. þm. Mýr. skuli ekki leggja svo mikið kapp á að ófriða valinn, að það þurfi að gerast um næstu áramót. Hann vill hafa valinn friðaðan um 2 ár í viðbót. Ef fregnir mínar eru réttar, þá þyrfti að gera breytingar á þessum lögum að 2 árum liðnum. Þess vegna virðist mér betra að friða valinn um næstu 10 ár, og ef það sýndi sig, að þess þyrfti ekki um svo langan tíma, þá væri ekki fyrirhafnarmeira að breyta lögunum þá. Og þetta finnst mér betra, því að allur er varinn góður. — Það má segja, að ekki er vansalaust, ef við reynum ekki að halda valnum við. Um aldaraðir var þessi íslenzki fugl heimskunnur, og enginn gjöf þótti erlendum þjóðhöfðingjum betri en íslenzki fálkinn, og til hans er oft vitnað í fræðibókum Þetta laut ekki aðeins að Evrópu, heldur löndum víða um heim. Til hans er vitnað í fræðibókum, hve hann sé einstæður í sinni röð, þannig að enginn fálki í heimi er talinn til jafns við hann, að því er harðfylgi, snilld og dirfsku í veiðiförum viðkemur. — Nú kann ég að meta tilhneigingu hv. þm. Mýr. til að sýna rjúpunni vægð. En stundum virðist mér eins og honum hafi hér á Alþ. ekki verið nógu ríkt í huga, að rjúpunni sé ekki banað um skör fram.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, en vona að hv. þdm. felli þessa brtt. frá hv. þm. Mýr.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Ekki skal ég efast um, að hv. 1. þm. Árn. muni hafa nokkuð fyrir sér í því, að fálkinn sé allfrægur fugl og ekki sízt hér á Íslandi, og er ekki farið fram á það hér að gera neinar ráðstafanir til þess að útrýma honum. Brtt. mín er því ekki flutt í þeim tilgangi, heldur til þess, að hægt væri að ganga úr skugga um, hvort þær fregnir væru réttar, sem ég fekk hér síðast í gær frá sjónarvottum. Og til þess að tími gefist til að rannsaka þetta, vil ég láta friða fálkann enn um skeið, en hætti við að bera fram till. um að ófriða valinn, til þess að þeir menn, sem til þess eru kjörnir að athuga það og önnur náttúrufyrirbrigði, gætu kynnt sér það á næstu tveimur árum, hvort þessi fuglategund er í hættu fyrir því að gereyðast; því að lengst af hefur valurinn ekki verið friðaður og hefur lifað af. — Hitt er rétt hjá hv. 1. þm. Árn., að valurinn er frægur fyrir harðfylgi, dirfsku — og ég man ekki, hvað hv. þm. tiltók það þriðja, ég held grimmd, og hafi hann sagt það, þá er það rétt, og ef mætti líkja nokkrum fugli við eitthvert dýr, sem heldur sig við jörðina, þá mætti líkja valnum við minkinn. Og þykir mér hv. 1. þm. Árn. gera nokkuð upp á milli þessara tveggja barna fósturjarðarinnar. En ég hefði haldið, að þær skráveifur, sem minkurinn gerði, bæði á fuglum og öðru, nægðu, þó að ekki væri verið að hyllast til þess að fá fleiri varga í þau vé og harðari með því að stuðla að óþarflegri offjölgun á valnum.

Hins vegar, viðkomandi því, að hv. 1. þm. Árn. minntist á, að ég vildi sýna rjúpunni litla linkind, þá ætla ég að trúa hv. 1. þm. Árn. fyrir því, þegar um minkinn er að ræða, að það er víst enginn maður meðal þjóðarinnar, sem hefur lagt meira fram til höfuðs minknum heldur en ég. Meðan ég var landbrh., gerði ég margvíslegar ráðstafanir til þess að eyða mink, bæði með því að veita verðlaun úr ríkissjóði fyrir að eyða mink o. fl., svo að ég held, að ég sé ámælislaus af því, að ég vilji miskunna mig yfir minkinn. Hins vegar hef ég ekki getað fallizt á þann skilning hjá þessum hv. þm. og öðrum, að halda, að með því yrði villiminkum útrýmt, að ráðizt væri á og banað þeim fáu minkum, sem eru hér í landinu undir lás og loku, rétt eins og það væri svo óslítanlegt taugasamband milli villiminkanna og þessara alidýra, að um leið og minkarnir í búrunum væru drepnir, þá dæju allir

þeir minkar, sem úti um byggðir og óbyggðir landsins hafast við og drepa rjúpu og annað sér til lífsframdráttar. En ég held, að hv. 1. þm. Árn. eigi að líta í miskunn til rjúpunnar, engu síður en til minkanna í búrunum.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég hefði fyrir mitt leyti gjarnan viljað ganga inn á, að í staðinn fyrir 1960 í þessu frv. komi 1955, þannig að lögin gildi ekki nema til fimm ára. Og ég hygg, að það væri ekki mikil hætta með valinn, þó að þannig væri ákveðið nú. En þar sem hv. þm. Mýr. hefur nú lagt fram brtt., gengur hún vitanlega sinn gang.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég þykist hafa kunnað að meta það, sem hv. þm. Mýr. hefur lagt gott til þess máls að útrýma minkum. En við erum hér að vísu að ræða annað mál. Ég hefði bara kosið, að hann hefði viljað með mér setja svo til höfuðs minknum, að við hefðum von um, að hann hyrfi héðan alveg af landinu. — Það er annars óviðunandi að tala um mink um leið og við tölum um íslenzka fálkann, jafnvel í því tilliti, hvernig hann veiðir. Fálkinn veiðir aðeins sér til lífsviðurhalds og notar sinn fræknleik í því að taka fugla í loftinu, en gerir ekki mikið að því að tylla sér niður og taka varnarlítil dýr og leggja sér til munns. En þetta verður nú ekki sagt um það aðskotadýr, sem illu heilli hefur verið flutt hingað til lands, minkinn. Það er nú jarðbundnara en svo. Og það mætti segja um skaðsemi minksins það, sem stendur í rímunni:

„Eins gat lifað sá í sjó
sem á þurru landi.
Grund og hletta gegnum smó
galdraslægur fjandi."

Þetta óféti, sem minkurinn er, skaðar bæði fugla himinsins, þegar þeir tylla sér til jarðar, og dýr merkurinnar og fiska í ám og vötnum. — Og að fara svo að tala um íslenzka fálkann, þann frækna fugl, í sambandi við þetta aðskotadýr, og ætla að setja þann fræga fugl á bekk með þessu jarðbundna *óféti, sem minkurinn er*, það *megum* við ekki *gera*, sakir þeirrar tignar, sem er yfir nafni þessa fugls, og þeirrar þekkingar, sem fræðimenn hafa haft víðs vegar um heim um fræknleik hans. Ég vildi því vænta þess, að hv. þdm. sýni með atkv. sínu, hversu þeir unna og meta göfgi þessa frægasta fugls, sem er hér í náttúru Íslands.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af þessu máli. Ég er eindregið fylgjandi því, að frv. þetta verði samþ. eins og það er, þannig að þessir fuglar, örn og valur, verði friðaðir nú um tíu árin næstu. Þegar þessi friðunarlöggjöf var sett, árið 1940, þá var talið, að þessar fuglategundir hvorar tveggja væru svo komnar, að mikil hætta væri á, að þessum fuglum yrði útrýmt úr íslenzkri náttúru. Og eins og tekið er fram í grg. þessa frv., er mjög óvíst, að hægt verði að komast hjá, að erninum verði útrýmt hér hjá okkur, en eitthvað mun vera um val hér og töluvert fleira um hann en örninn. En það er ekki sýnilegri fjölgun valsins en það, að menn geta ekki orðið sammála um, hvort valnum hefur fjölgað aftur, frá því sem var, en ýtarleg rannsókn hefur ekki farið fram á því. Og þegar svo er, að þetta er ekki víst, þá nær náttúrlega engri átt fyrir okkur að leyfa það, að farið sé að drepa valinn, því að það væri mjög leiðinlegt fyrir okkur, ef svo færi, að þessi fugl hyrfi úr íslenzku fuglalífi. Og mér finnst ákaflega óviðeigandi að bera þennan fugl saman við minkinn, af því að minkurinn er aðfluttur og því sérstaklega hættulegur fyrir íslenzkt dýralíf, eins og yfirleitt aðflutt dýr eru alltaf. Þar í löndum, sem minkurinn lifir eðlilegu lífi, þar sem hann er upprunninn, hefur hann sína *fjendur, sem halda viðkomu hans í skefjum* og þar með hindra þau skemmdarverk, sem þetta dýr getur unnið, ef því fjölgar ótakmarkað. Hér á Íslandi eru engin þau dýr, sem minkurinn þarf að óttast tortímingu fyrir. Hann hefur hér góð tímgunarskilyrði, og getur orðið hér mjög mikill fjöldi af honum. Og það eru ákaflega mörg dæmi þess, að illa hefur farið, þegar dýr hafa verið flutt inn í önnur lönd en þar sem þau hafa átt heima, en þar sem þau eru flutt inn, vantað eitthvað það, sem heldur viðkomu þeirra í skefjum. Og einna gleggsta dæmið höfum við um það frá kanínunum í Ástralíu, sem þangað voru fluttar og eru orðnar svo stórkostlegt vandamál, að það eru heil héruð þar í landinu í auðn af því að viðkoma þessara dýra er svo mikil. Þar eru þær í milljónatali um *hin grónu svæði og breyta þessum gresjum í eyðimerkur*. Og þetta er svo magnað, að það þarf að byggja háa garða meðfram vegum til þess að fyrirbyggja, að kanínurnar stöðvi umferð á vegunum. Þetta er aðeins dæmi um það, þegar dýr er flutt inn í eitthvert land og kemur í umhverfi, þar sem dýralífið sjálft skapar ekki innbyrðis jafnvægi. Og mesta hættan, sem stafar af minknum, er einmitt af því, að það er svo mikil hætta á því, að viðkoman verði svo mikil, vegna þess að hér vantar þau dýr, sem mundu halda viðkomu hans í skefjum, eins og á sér stað í Kanada, þar sem minkurinn er upprunninn. Þar eru stærri rándýr, sem berjast við þau smærri og halda viðkomu þeirra í skefjum. Ég álít þess vegna, að það sé alveg sérstakt vandamál að losna við minkinn. Og það er svo aðkallandi að gera þarna stórfelldar ráðstafanir til þess að losna við hann, að ýmsar af okkar varpstöðvum, sem eru einstakt fyrirbrigði í heiminum, eins og við Mývatn, munu bókstaflega eyðast, ef minkurinn kemst í þær. Hér verpa endur í varpstöðvum í þúsunda- og hundraðþúsundatali, og ef minkurinn kemst í þessi andavörp, þá hverfur þetta. Það hefur verið mikil búbót fyrir bændur að njóta þeirra hlunninda, sem vörpin eru. Og þó er þetta frekar öllu öðru athyglisvert fyrir það, hve það er einstakt fyrirbrigði í náttúrunni, að þannig sé hægt að gera villt *dýr bókstaflega* að húsdýrum. Og ég hygg, að íslenzka þjóðin sé einstæð í sögu sinni meðal annarra þjóða hvað snertir að geta komizt langt í því að hagnýta villt dýr til ábata fyrir sig, án þess þó að drepa. En æðarvarp okkar, andavarp og jafnvel fleiri varpstöðvar okkar eru beinlínis í bráðri hættu, ef minkurinn kemst um allar trissur, út í varpeyjar, varphólma, fuglabjörg og víðar, því að minkurinn á ákaflega létt með að klifra. Þessar varpstöðvar okkar eru dýrmæt þjóðareign, sem alls ekki má spilla. — Þess vegna finnst mér alveg óviðurkvæmilegt að bera þetta tvennt saman, mink annars vegar

og val og örn hins vegar. Valurinn og örninn hafa verið hér alla tíð síðan Ísland byggðist og vafalaust í margar aldir þar áður. Og þegar menn komu hér fyrst að landinu, var fuglalíf hér mjög fjölskrúðugt og hefur vafalaust verið miklu fjölskrúðugra þá heldur en nú er. Og tilvera arnarins og valsins hefur ekki hindrað viðgang og vöxt annarra fugla, sem hér hafa lifað þá, eða hindrað sem sagt vörpin. Og þess vegna þarf alls ekki að bera örninn og valinn að því leyti saman við minkinn.

Ég vil þess vegna mjög eindregið mæla með því, að sú brtt., sem hv. þm. Mýr. hefur borið fram, verði felld, en frv. verði samþ. óbreytt eins og það er á þskj. 191.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að tala um minkinn. En ekki vil ég samþykkja það, að það sé fyrst og fremst af því, að minkurinn sé aðfluttur, að hann er hættulegur, heldur af því, að hann er í eðli sínu hættulegur fuglalífi. Svartbakurinn er ekki aðfluttur. En undanfarna áratugi hefur þó verið leitazt við að eyða þeim fugli vegna þess, hve hann er hættulegur íslenzkum varplöndum. Og sama er að segja um refinn. Hann er ekki aðfluttur. En ef Íslendingar hefðu ekki barizt gegn honum með oddi og egg og eitri, hefði hann orðið enn skæðari en hann hefur verið.

Hv. 1. þm. Árn. sagði, að valurinn dræpi ekki fugla, nema á flugi. Öðruvísi hefur Jónas Hallgrímsson litið á, því að hann lýsir því í snilldarkvæði um rjúpuna, sem er saklaus að hirða mola í krafsi „kind hjá kærri", hvernig valurinn „hnitar hringa marga" yfir rjúpunni; og ef rjúpan hefði ekki séð hættu af því vofa yfir sér, hefði hún haldið áfram að tína. — Annars er rétt að athuga, hvort valnum stafar ekki hætta af friðun, því að það er talið, að ef rjúpan sé friðuð, komi upp í henni fár. En er þá ekki ástæða til að athuga, hvort friðun hefur ekki eyðandi áhrif á þennan fugl, valinn, líka, sem stundum hefur verið sagt, að væri hálfbróðir rjúpunnar?

ATKVGR.
Brtt. 414 felld með 18:4 atkv.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 415).

19. Tekjuskattsviðauki, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1951 [9. mál] (stjfrv. A. 9).

Á 3. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Nú um nokkur ár hefur þessi skattur verið innheimtur með viðauka, og er lagt til í frv., að lagasetning um það efni verði enn í gildi fyrir árið 1951. Ég leyfi mér því að óska þess, að málinu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 5. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 37).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til, að núgildandi ákvæði um tekjuskattsviðauka gildi næsta ár, en lög um þetta efni hafa verið í gildi allmörg undanfarin ár. Fjhn. er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 6. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 9. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Haraldur Guðmundsson: Ég sé, að hæstv. fjmrh. er ekki hér í d., en mig langar til að bera fram fyrirspurn í sambandi við þetta mál.

Eins og hv. dm. er kunnugt, er tekjuskattur á lagður með þrennu móti: Samkv. l. um tekju- og eignarskatt, samkv. l. um stríðsgróðaskatt og samkv. lögum, sem hér um ræðir. Ég ætla að það sé rétt, að fyrrv. stj. hafi á sínum tíma skipað mþn. til þess að endurskoða skattal. með tilliti til þess, að þessir skattar væru sameinaðir í eitt kerfi. Ég vil því leyfa mér að spyrjast fyrir um það, hvað ríkisstj. hyggst fyrir í þessu efni, hvort hún gerir ekki ráð fyrir að leggja fram frv. í samræmi við þessa endurskoðun, sem gerð hefur verið á tekju- og eignarskattsl. og öðrum l.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég er þessu máli ekki kunnugur, það heyrir ekki undir mitt ráðun. og get ég því ekki svarað því, hvað hæstv. fjmrh. hefur í huga varðandi þetta efni, en ég hef ekki orðið þess var, að til stæði að flytja það endurskoðaða frv., sem hv. 4. þm. Reykv. minntist á.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil leyfa mér að beina því til hv. fjhn., að hún leiti eftir upplýsingum hjá fjmrh., áður en hún afgr. málið, um það, hvað hann hefur í huga í þessu efni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 366).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Frv. þetta eins og það hefur verið lagt fyrir þingið er um framlengingu á tekjuskattsviðauka fyrir árið 1951, og býst ég við, að allir geti verið sammála um, að tekjuþörf ríkisins hafi á engan hátt minnkað. En fjhn., sem hefur haft þetta mál til meðferðar og mælir með því, að frv. verði samþ., hefur borið fram brtt. með nál. á þskj. 366 um, að þrjár nýjar gr. bætist við. En þar sem þessar brtt. eru fram komnar í samráði við hæstv. fjmrh., þá geri ég ráð fyrir, að hann geri grein fyrir þeim.
Hv. 1. landsk. þm. var ekki kominn á nefndarfund, er málið var afgr., eða ekki fyrr en um það leyti, sem verið var að ljúka afgreiðslu þess, og skrifaði hann því ekki undir nál.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þær brtt., sem hv. fjhn. ber fram við þetta frv. á þskj. 366 í samráði við mig, eru í fyrsta lagi um það að framlengja ákvæði l. nr. 60 25. maí 1950 til ársloka 1951. Er það lagt hér til þess vegna, að mér finnst heppilegra að koma þessum framlengingarákvæðum á einn stað, og bað ég því n. að bæta þessu við.
Þá er b-liður fyrri brtt. um umreikning á tekjuskatti og tekjuskattsviðauka. Hv. þm. muna vafalaust, að í skattalögunum er gert ráð fyrir, að tekjur undir vissu marki séu umreiknaðar, svo að hægt sé að halda tekjum á svipuðum grundvelli í skattstiganum eins og áður, þrátt fyrir vaxandi dýrtíð og launagreiðslur í krónutali. Á meðan þessi umreikningur er ekki numinn í burtu, þarf að endurskoða þetta árlega. Og nú sýnir það sig, að umreikningstalan þarf að verða 340 í stað 315 í gömlu dýrtíðarlöggjöfinni, ef menn eiga að vera í sama skattstiganum og áður, í stað þess að lenda í hærri skatti vegna hækkaðra uppbóta á laun.
Þriðja atriðið í þessum brtt. er máske vafasamara um, hvort það eigi hér heima. En það leikur nokkur vafi á því, hvort nógu tryggilega sé búið um ákvæðin varðandi dráttarvexti í gildandi l. Samkv. þessu verða þeir hinir sömu og áður, en ákvæðið aðeins tryggara; en þannig þurfti um að búa fyrir áramót, og varð því að ráði að tengja þetta hér við.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 366,I.a.—b. (nýjar greinar, verða 3.—4. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 366,I.c. (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 10:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VH, ÞÞ, EE, HV, HG, JJós, KK, PZ, RÞ, BSt.
nei: GJ.
BrB, FRV, StgrA greiddu ekki atkv.
3 þm. (BBen, HermJ, LJóh) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Ég tel óeðlilegt, að ríkissjóður reikni 1% dráttarvexti af þessum sköttum, þó ekki væri fyrir annað en það, að það kemur einkennilega fyrir að taka þessa vexti af fyrirtækjum, sem á öðru leitinu er verið að hjálpa með því að gefa þeim eftir stórar fjárfúlgur, og ég segi því nei.

3. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 366,II. (ný fyrirsögn) samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 382).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil ekki á þessu stigi málsins greiða atkv. á móti frv., þó að ég álíti, að það ætti fyrir löngu að vera búið að afnema þennan skatt. En til þess þarf meiri undirbúning en hægt er að koma við á þessu þingi.
Ég vil í sambandi við þetta mál benda á, hvað það getur kostað undir vissum kringumstæðum að hafa slík ákvæði í l. Í fyrsta lagi vil ég taka fram, að í tekju- og eignarskattsl., sem voru sett 1949, eru ekki nema ½% dráttarvextir fyrir hvern heilan mánuð. Hvers vegna á að ríkja þetta ósamræmi í sambandi við dráttarvexti? Ég vil enn fremur taka skýrt dæmi í sambandi við þetta mál. Ef aðili höfðar mál í sambandi við ranglega álagðan skatt, getur sá málarekstur komið til með að standa í 1—4 ár. Ég hef glöggt dæmi um það, að málarekstur stóð 4 ár, og var deilt um 650 þús. kr. Undir slíkum kringumstæðum hefði viðkomandi skattþegn þá átt að greiða 650 þús. kr. við málshöfðun til að forða sér frá dráttarvöxtum. Hvað hefði það verið stór fúlga, sem það hefði kostað að láta allt það fé liggja vaxtalaust í 4 ár? Nú fór svo, að það varð réttarsætt um 350 þús. kr. Ég skal ekki segja, hvernig dæmið hefði farið, ef viðkomandi aðili hefði orðið að greiða 650 þús. kr. Hefði verið uppfyllt sú krafa, sem nú er sett fram fyrir ríkissjóð, að greiða fulla dráttarvexti frá því að skuldin féll í gjalddaga, hefði það orðið ekki lítil fúlga. Þá hefði gjaldandinn orðið að greiða ½% á mánuði fyrir að reyna að ná rétti sínum í 4 ár. Það er framið slíkt siðleysi í sambandi við þessi mál, að það er óþolandi í þjóðfélagi, sem vill telja sig sæmilega réttlátt, að þegnarnir skuli verða að greiða 12% vexti á ári, eins og nú er farið *fram á, ef þeir vilja leita réttar síns, þegar þeir* eru beittir ranglæti í skattaálagningu, en ef borgað er of mikið, fást engir vextir. Ríkissjóður hefur

alla möguleika til að taka þessa skatta. Hann getur fyrst og fremst tekið þá hjá atvinnurekendum. Það eru forgangskröfur fyrir öllum öðrum kröfum. Ríkið getur tekið þá lögtaki. Það hefur fullt vald til að taka þessa skatta, þegar því sýnist. Og samt á að greiða 12% á ári í dráttarvexti. Það er óþolandi. Í skattalögunum sjálfum er það ekki nema ½%, en í útsvarsl. hefur það verið sett 1%. Ég mun því bera hér fram skrifl. brtt. um, að í staðinn fyrir 1% komi ½%, til samræmis við það, sem er í sjálfum skattalögunum.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Barð. við 5. gr., að í staðinn fyrir 1% komi ½%. — Þessi brtt. er of seint fram komin og þar að auki skrifl. Þarf tvöföld afbrigði, til þess að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 396) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég er á því, að það sé sæmilega fyrir þessu séð, þó að þessir dráttarvextir séu ekki hafðir hærri en hv. þm. Barð. leggur til. Það geta verið svo margar ástæður til þess, að menn ráði ekki við að borga skatta sína, og í þeim tilfellum, þar sem menn gera það út úr neyð, og ég tala nú ekki um í þeim tilfellum, sem hv. þm. Barð. nefndi, virðist mér ákaflega hart í sakirnar farið að krefjast 12% um árið. Ég greiddi frv. atkv. við 2. umr., en ég tel að athuguðu máli, að *sanngjarnt sé að færa þetta* niður í hóflega vexti, eins og mér finnst gert með brtt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég held, að þessi afstaða hv. þm. Barð. til dráttarvaxtanna hljóti að vera byggð á alvarlegum misskilningi.

Þegar þau ákvæði voru í l., að draga mætti tekjuskatt og útsvar frá, áður en skattur næsta árs væri á lagður, var það ákvæði í l. til að ýta undir innheimtu á tekju- og eignarskatti og útsvörum, að ef menn hefðu ekki greitt fyrir áramót, þá fengju þeir þessi gjöld ekki dregin frá. Þetta var mjög sterk hvöt til að greiða þessi gjöld, og það verkaði þannig, að gjöldin innheimtust betur en ella, og reyndist það miklu sterkara en það, sem nú er, að mega búast við dráttarvöxtum, ef ekki er greitt á réttum tíma. Svo þegar þessi opinberu gjöld voru ekki lengur frádráttarbær, var það sett í staðinn, að dráttarvextir á tekju- og eignarskatt skyldu vera 1% á mánuði, og þannig var það í mörg ár. Það þótti álitamál, hvort þetta ákvæði væri enn þá í gildi, og til þess að vera viss í sinni sök, þótti rétt, að þetta yrði sett í l. aftur, og er það nánast leiðrétting.

Ég vil taka fram í sambandi við þetta, að ef þessu ákvæði verður breytt, svo að dráttarvextir verði ½%, eins og hv. þm. Barð. leggur til, þá hafa menn enga hvöt til að borga tekjuskatt, fyrr en lögtak er yfirvofandi, því að ef menn eiga að borga 6% um árið í dráttarvexti, þá eru það ódýrustu lán, sem menn geta fengið, að láta bíða að borga. Það er ómögulegt að sætta sig við, að þessu verði breytt þannig, að innheimtan verði ómöguleg, en það hlýtur hún að verða með þessu móti. Ég skil vel, að hv. þm. Barð. skuli vilja afnema tekjuskatt, og hefur hann nú lagt fram till. um það fyrir þingið, og þá er skiljanlegt, að hann vilji byrja á að láta sjást, að þessi skattur sé óinnheimtanlegur, og svo verður næsta skrefið að afnema hann. En þeir, sem vilja afnema hann, geta tæplega verið með því, að þessu sé hagað þannig, að skatturinn sé svo gott sem óinnheimtanlegur, því að við vitum það vel, að það er ókleift að koma við lögtaki hjá meginþorra manna fyrir skatti. Það verður að hafa þannig viðurlög, að lögtök teljist til undantekninga, en séu ekki aðalreglan. Ég er sannfærður um, að ef þetta ákvæði verður leitt í l. og þá auðvitað eins um dráttarvexti af útsvörum, þá mundi það gera það að verkum, að hvert einasta bæjarfélag í landinu kæmist í greiðsluþrot á fyrsta ári. Þetta er það mikil hjálp við innheimtuna að hafa þessa dráttarvexti til að hvetja menn til að greiða gjöld sín. Við þekkjum allir, að menn keppast við að greiða fyrir áramót, fyrst og fremst til þess að fá ekki á sig dráttarvexti. Áður var það til þess, að gjöldin yrðu frádráttarbær. Nú er það til þess að komast hjá dráttarvöxtum. Ég hlýt því að mæla mjög eindregið gegn till. hv. þm. Barð., og ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta að láta ekki ganga atkv. um þetta mál nema sem flestir hv. þdm. geti verið viðstaddir til þess að taka afstöðu til þess, hvernig með þetta skuli fara, því að það getur orðið alvarlegt, ef það er meining þingsins að breyta þessu ákvæði og nema dráttarvextina brott, því að það er tæplega hægt að kalla það dráttarvexti, þó menn borgi 6% á ári, því að það eru lægri vextir en bankar taka af skuldum. Það er engin hvöt til að greiða, heldur þvert á móti til að draga að greiða gjöldin til þess að hafa afnot af þeim sem rekstrarfé, ef menn eru þess þurfandi. Ríkið þarf á því að halda, að þetta fé innheimtist fljótt og vel, og sama er að segja um bæjarfélögin.

Ég held, að hv. þm. Barð. hafi ekki athugað sögu þessa máls og hvernig dráttarvextirnir eru til komnir. Það voru miklu harðari viðurlög samkvæmt þeim l., sem fyrr giltu, við því að greiða ekki. Þetta ákvæði er aðeins til að taka af allan vafa, en er alls ekki nýtt. Auk þess sé ég ekki betur en hv. þm. hafi undirritað nál. Ef ég hef hann þar fyrir rangri sök, bið ég hann afsökunar, en ég man ekki eftir, að hann gerði fyrirvara.

Forseti (BSt): Út af tilmælum hæstv. fjmrh. að láta ekki fara fram atkvgr. um þetta mál, nema dm. væru almennt viðstaddir, þá gæti verið erfitt að fylgja því. Mér hefur ekki borizt tilkynning frá neinum, að hann sé veikur eða á annan hátt forfallaður. Ég skal þó taka þessi tilmæli til greina á þann veg, að nú í kvöld fari ekki fram atkvgr. nema sem allra flestir þdm. séu viðstaddir.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég ætlaði að vitna í þessu máli sem eini skattheimtumaðurinn í d., en þar sem hæstv. fjmrh. hefur nú talað í málinu og sagt ýmislegt, sem ég vildi segja, þá get ég orðið stuttorður í þessu máli. Ég hef rekið mig á það, sem flestir skattheimtumenn hafa rekið sig á, að til eru tvenns konar gjaldendur,, skilamenn og skuldseigir menn. Það fer ekki allt eftir efnum. Fátækir

menn eru eins skilasamir og ríkir. Sumir vilja draga á langinn að greiða, svo að þeir geti tekið vexti af peningum sínum. Þess vegna er oft mjög erfitt að fá menn til að greiða fyrr en kominn er nokkuð langur tími, og þá helzt með ógnunum um, að það séu teknir af þeim dráttarvextir, svo að þeir sjá, að það borgar sig ekki að bíða lengur með að greiða. Ég er því hræddur um, eins og hæstv. ráðh., að menn yrðu tregir til að greiða gjöld sín, ef ætti að veita mönnum tækifæri til að draga það á langinn, eins og hér er lagt til.

Nú er það þannig, að það er auðlærð ill danska. Og ef það kemur í ljós, að þessum mönnum á að haldast uppi að sleppa ódýrt frá þessu og fara frekar með gróða en tap, þá gæti það orðið þannig, að skilamennirnir færu að semja sig að siðum hinna að verða seinir til greiðslu. Nú eiga allir skattar að greiðast á manntalsþingi. En ég er hræddur um, að slíkt verði ekki talið til siðs, ef mjög eiga að tíðkast hin breiðu spjót, sem nú er farið fram á að fara að beita. Ég held, að það sé réttara að halda sig við það, sem þegar var gert á þessu kvöldi, en ekki verði farið að hlaupa frá því aftur og fara að samþ. ofan í sjálfan sig frá því, sem þá var gert.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hefði helzt óskað, að hæstv. forseti gerði ráðstafanir til, að hæstv. fjmrh. væri hér viðstaddur. Hann hélt fram, að ég hefði misskilið málið. Ég vildi þá kenna honum að lesa l. (**Forseti:** Ég veit ekki, hvernig ætti að fara að tryggja það.) Hæstv. forseti veit vel, hvernig á að ná mönnum hingað á fund. En ef ekki er unnt að fá hæstv. ráðh. hingað nú, vildi ég óska þess, að hæstv. forseti frestaði málinu, þar til hæstv. ráðh. hefur tíma til að ræða þetta mál við mig, og vil ég biðja hæstv. forseta um það. Þetta er ekki heldur neitt smámál, að því er mér skilst á hæstv. ráðh. Hér er ýmislegt annað að ræða, sem við getum skemmt okkur við, þangað til hæstv. fjmrh. hefur tíma til að ræða við okkur.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Ed., 14. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 382, 396).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Umr. um þetta mál var frestað í nótt, vegna þess að hæstv. fjmrh. gekk af fundi, eftir að hafa gefið þær upplýsingar, sem hann áleit rétt að gefa í málinu og voru byggðar á því, að ég misskildi málið frá grunni. Í sambandi við þetta vil ég benda honum á, að til eru l. frá 25. maí 1949, þar sem þetta stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti, ½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst."

Þetta gildir um tekjuskattsl. yfirleitt, þannig að ég álít, að það sé hæstv. ráðh., sem byggir sinn málflutning á misskilningi, en ekki ég, og ef það er álitið, að ½% dráttarvextir nægi til þess að innheimta tekju- og eignarskatt, hvers vegna er þá talið nauðsynlegt að hafa ákvæði um 1% dráttarvexti til þess að tryggja innheimtu á tekjuskattsviðauka? Mér eru óskiljanleg rök hæstv. ráðh., og ég efast um, að honum sé leyfilegt að bera slík rök á borð fyrir hv. Alþ. Hins vegar hefur hæstv. ráðh. ekki svarað meginrökunum, sem ég færði fyrir því, að dráttarvextir ættu að lækka, og kom hann þar ekki nálægt kjarna málsins. Hér er um það að ræða, að rísi ágreiningur um greiðslu á skatti, getur svo farið, að viðkomandi aðili verði að gera annaðhvort, að greiða alla upphæðina upp og láta hana liggja vaxtalausa, þar til dómur fellur, sem kann að taka langan tíma og stundum mörg ár, eða greiða 12% á ári af skattupphæðinni, sem hann á sínum tíma getur verið dæmdur til að greiða, og ef slíkur ágreiningur stæði í 4 ár, væri búið að greiða 48% af aðalskattupphæðinni, af því að viðkomandi aðili hefur orðið að leita úrskurðar dómstólanna um það, hvort skattaálag hans sé rétt eða rangt. Þetta er kjarni málsins, og undir slíkum kringumstæðum er engan veginn viðeigandi, að Alþ. gefi út slík l., nema á þessu verði gerð sú breyt., að þegar um ágreining sé að ræða, skuli ekki greiða dráttarvexti nema frá þeim degi, sem dómur féll. Ég vil þess vegna vænta þess, ekki aðeins að hv. d. sjái sér fært að fylgja þessari till., heldur að hæstv. fjmrh. óski eftir, að hún verði samþ., en allt, sem hann bar fram í þessu máli, var hrein rakaleysa. Ríkissjóður hefur rétt til að ná þessum gjöldum hvenær sem er, en það hefur verið gengið langtum lengra í þessum efnum. Skattinnheimtunni er nú þannig háttað, að atvinnurekendur verða að vera innheimtumenn fyrir ríkissjóð, án þess að fá nokkra þóknun fyrir, á sama tíma, sem hið opinbera telur sig þurfa að fá 2—11% fyrir að innheimta sín gjöld, og má í þessu sambandi benda á innheimtu útvarpsins. Ríkissjóður hefur allan rétt til þess að innheimta þessi gjöld, þar sem hann hefur forgangsrétt fyrir 1. veðréttarkröfu, og það er því hrein rangsleitni að ákveða 1% dráttarvexti á þessar skuldir.

Það var heldur ófögur lýsing, sem hv. 11. landsk. (ÞÞ) gaf á kjósendum sínum, því að hann gat ekki átt við neina aðra, þar sem hann hefur ekki afskipti af þessum málum nema í kjördæmi sínu, en þar er hann innheimtumaður þessara gjalda fyrir ríkissjóð, og furðar mig satt að segja ekki á því, að hann skyldi kolfalla við síðustu kosningar, ef það eru margir menn með slíkan hugsunarhátt í Dalasýslu, sem — eins og hann lýsti — höfðu í frammi alls konar svik og pretti til þess að koma sér undan skattinnheimtu hjá honum, og þess vegna taldi hann nauðsynlegt að hafa dráttarvextina nógu háa, til þess að menn þrjózkuðust síður við að greiða skatta sína.

Ég ætla ekki að lengja umr. frekar. Ég vil vona, að hæstv. ráðh. falli frá kröfum sínum um 1% dráttarvexti á mán. í frv. og hv. deild samþ. mína till. um ½%.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Með l. nr. 60 25. maí 1949 var 45. gr. tekju- og eignarskattsl. breytt, hún orðuð um og gefin út í heild. Þegar þetta var gert, hafði láðst að taka upp ákvæði 13. gr. l. nr. 20 1942, um breyt. á l. nr. 6 1935, um hækkun dráttarvaxta eftir áramót. Af þeirri ástæðu þótti tollstjóra vafi leika á, hvort hún væri enn í gildi. Ég endurtek ekki rök þau, sem ég dró fram í gærkvöld máli mínu til stuðnings, en höfuðatriðið er, að ekki er bolmagn til að beita lögtaki, ef prósentan er lægri. Ég verð því að vænta þess, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Brtt. 396 felld með 11:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrA, BrB, FRV, GJ.
nei: PZ, RÞ, VH, ÞÞ, EE, HV, HG, HermJ, KK, LJóh, BSt.
2 þm. (BBen, JJós) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Hannibal Valdimarsson: Þótt ég álíti, að hæstv. ríkisstjórn sé óþarflega frek til skattanna, þá vil ég samt, að hún hafi aðstöðu til að innheimta þá. Hér virðist mér farið fram á að hafa dráttarvexti lægri en menn þurfa að borga af bankalánum, og mundu því ekki skapa nægilegt aðhald um greiðslu, og segi því nei.

Haraldur Guðmundsson: Með tilvísun til greinargerðar hv. 6. landsk. segi ég nei.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 40. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 41. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 421).

---

20. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna [10. mál] (stjfrv., A. 10).

Á 3. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Á síðasta Alþingi var gengið þannig frá ákvæðunum um leyfisgjöld, að eftir voru skilin gjöld á gjaldeyri til utanferða og á innflutningsleyfi fyrir bifreiðum og á bifreiðar, sem ganga kaupum og sölum innan lands. Nú er gert ráð fyrir, að þetta verði leiðrétt og lögin framlengd; og leyfi ég mér að æskja þess, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 302, 324 og 327, 308).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem flutt er af hæstv. ríkisstj., hefur legið fyrir fjhn. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 324, þá leggur n. til, að frv. verði samþ., en mun leggja fram nokkrar brtt., sem ekki liggja enn fyrir, en meiri hl. telur ekkert athugavert við það, að frv. fari til 3. umr., og munu till. liggja fyrir við þá umr. Minni hl., hv. 2. þm. Reykv., skilar sérstöku áliti á þskj. 302, og hv. þm. V-Ísf. hefur lagt fram brtt. á þskj. 308. Meiri hl. getur ekki fallizt á þær brtt., en ég mun ekki gera þær að frekara umræðuefni hér að svo stöddu.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þetta mál er, eins og hv. þm. vita, framlenging á III. kafla dýrtíðarlaganna frá 1948, og var hann upphaflega settur til að standa straum af kostnaði af fiskábyrgðinni og öðrum kostnaði við að halda niðri dýrtíðinni í landinu. Á síðasta þingi voru svo tveir fyrstu kaflar laganna felldir niður, en það, sem eftir stóð, var III. kafli laganna, sem upphaflega skyldi standa undir kostnaði þeim, sem leiddi af hinum tveim. Aðferðin er því sú, að framlengja tekjuákvæði í lögum, en fella niður það, sem tekjurnar áttu að standa undir, og geta allir séð, hvílíkt hrákasmíði slíkt er. Frv. þetta hefur í för með sér gífurlegar álögur á almenning í landinu, og hinn mikli söluskattur eykur beinlínis dýrtíðina í landinu og þyngir í sífellu álögurnar á almenningi, sem á með hverjum deginum verra og verra með að standa undir hinum síauknu álögum. Og með því að leggja á söluskatt, sem er lagður jafnt á nauðsynjar og óþarfa, þá er notuð sú aðferð til fjáröflunar, sem kemur þyngst niður á fjölmennum fjölskyldum og þeim, sem verst eiga með að bera slíkt, og skiptir byrðunum óréttlátast milli þegnanna. Ég er því á móti framgangi þessara l. í heild, þó viðurkenni ég, að margt það, sem söluskatturinn leggst á, mætti tolla meira en gert er, en það er enginn kostur á að fá fram slíka greiningu, þó að reynt hafi verið. Ég vil því í fyrsta lagi vera á móti því, hvernig farið er að afla þessa fjár, sem hér er verið að gera, þar sem það kemur hvað harðast niður á þeim, sem sízt eru færir um að bera það, og verður að fara einhverja aðra leið í því efni. Það er hart að þurfa að ræða slíkar álögur á almenning á sama degi og samþ. er hér skattfrelsi handa einu auðugasta hlutafélagi landsins. Ég undirstrika það, sem ég sagði áðan, að slík ráðstöfun má teljast furðuleg, en því miður verður víst ekki reist hér rönd við slíku.

Þá er í öðru lagi það, sem finna má að söluskattinum, og raunar er tæknilegs eðlis, að hann er lagður á alla vöru, sem fer til framkvæmda ríkisins. Ég get um það í nál., að Sogsvirkjunin verði t. d. að greiða 5 millj. kr. í söluskatt af því efni, sem flytja verður inn til þeirra framkvæmda. Og um tíma voru miklir erfiðleikar á því að afla þess fjár, sem greiða þurfti í söluskatt um leið og varan var flutt inn. Hvað á slíkt að þýða, að ríkið skuli leggja slíkan skatt á fyrirtæki, sem það kemur sjálft á fót? Það hefur mikinn kostnað í för með sér fyrir fyrirtækin að fá lán til að greiða þennan skatt, svo gífurlegur sem hann er. Hvað þýðir

þetta svo, þegar fyrirtækið er komið upp? Það þýðir, að fyrirtækið hefur verið gert miklu dýrara, og það er svo reiknað með í því kapítali, sem í fyrirtækinu liggur, og það kapítal verður að renta, og það þýðir hér við Sogsvirkjunina, að rafmagn það, sem hún framleiðir, verður dýrara, þýðir verri kjör fyrir almenning í landinu. Og önnur fyrirtæki, eins og t. d. áburðarverksmiðjan, sem einnig mun lenda í hinu sama með að greiða söluskatt, verður að greiða hærra verð fyrir rafmagnið, sem er svo að segja eina orkan, sem notuð er við framkvæmdir. Það þýðir, að sú vara, sem við flytjum út, verður dýrari og á þar af leiðandi erfiðara í samkeppni á erlendum mörkuðum. Það þýðir einnig, að varan verður dýrari til bænda, sem hefur aftur í för með sér hærra verð á landbúnaðarafurðum. Þetta er því ópraktisk aðferð, þegar koma á upp fyrirtækjum, sem mikið byggist á og gera eiga þjóðina samkeppnisfæra á erlendum mörkuðum. Ég held, að það sé alveg ófært, að ríkið leggi svo gífurlegar álögur á fyrirtæki, sem það stofnar sjálft. Ég held því, að hæstv. ríkisstj. ætti að athuga þetta vel, því að það er ekkert vit í slíku frá almennu fjárhagslegu sjónarmiði. En ef ríkið getur ekki útvegað sér tekjur á annan hátt, þá ætti það heldur að taka lán fyrir sig í Landsbankanum en að leggja slíkan aukakostnað á fyrirtæki, sem það kemur sjálft upp og síðan kemur fram sem aukinn kostnaður af framleiðslu þeirra. Ég held því, að það verði að endurskoða þetta fyrirkomulag, svo að slíkar álögur leggist ekki á t. d. Laxárvirkjunina og önnur fyrirtæki úti á landi, sem ríkið og einstök bæjar- og sveitarfélög eru að leitast við að koma upp í fjárhagsvandræðum sínum.

Þá vil ég minnast á það, að til fjhn. komu fulltrúar frá bifreiðaeigendum, þ. e. bæði frá fólksflutnings- og vörubílaeigendum, og mæltust til, að 31. gr. l. væri felld niður. Það, sem þessir menn fluttu sem rök fyrir máli sínu, var einkum það, að vegna hins háa sölugjalds á bifreiðum freistuðust menn til að láta ekki skrá bifreiðar, sem seldar væru, á nafn hins nýja eiganda, en af þessu skapast hættulegt ástand og margvíslegar flækjur og vandræði, t. d. þegar bifreiðarnar lenda í slysum. Það upplýstist í n., að þó að mikil brögð séu að því, að menn láti ekki skrá seldar bifreiðar á rétt nöfn, þá hafi komið inn 1 millj. kr. á síðasta ári í þennan skatt, en það var samt sem áður álit okkar tveggja nm., hv. þm. V-Ísf. og mín, að fella bæri undan þennan skatt, þó að þessar tekjur væru af honum. Ekki sízt með tilliti til þeirra, sem hafa fyrir atvinnu að aka fólks- eða vöruflutningsbifreiðum, en það er svo um þessa menn, að atvinna þeirra hefur farið mjög versnandi hin síðari ár, og margir þeirra hafa af þeim sökum tilhneigingu til að selja sína bíla, þar sem atvinnan ber sig illa. Sumir menn, sem nú eru starfandi bílstjórar og eiga sína bíla, en hafa orðið að kaupa þá dýru verði, hafa nú jafnvel í hyggju að losna við þá og flytja upp í sveit til að stunda þar búrekstur. Yrði að teljast þjóðfélagslega rétt og heilbrigt að hjálpa þeim til að taka upp þau störf. Hins vegar er þetta gjald það mikill hluti af þeirra raunverulegu eigum, að þeir horfa í það að fórna þessu fé við sölu bílanna og missa þannig svo mikið af sínum eigum. Þeir hika því við að yfirgefa sína atvinnu og selja þessi tæki. Þjóðfélaginu væri að öllu leyti heppilegra að hliðra þarna til og gera þessum mönnum kleift að skipta um atvinnu. Það er því að mínu áliti rétt að afnema 31. gr. laganna.

Nú kunna ýmsir að segja, að þetta mætti afnema að því er tekur til atvinnubílstjóra einna. En þá kemur það til greina, að aðrir, sem bifreiðar eiga og vilja losa sig við þær, hafa að ýmsu leyti svipaða sanngirniskröfu að gera. T. d. er allmargt af mönnum í millistétt, sem hafa reynt að eignast bifreið og koma upp þaki yfir höfuð sér á undanförnum áratug. Þegar nú þrengir að, þá reyna sumir þeirra, sem verst eru staddir, að bjarga sinni íbúð með því að selja bifreiðina. Hvers vegna ætti nú ríkið að taka þennan stóra skatt af þessum mönnum? Sá eignarskattur, sem lagður er á í þessu þjóðfélagi, er ekkert viðlíka mikill og hér er um að ræða. Og þeir skattar, sem á undanförnum árum hafa verið lagðir á auðmenn þessa lands, hafa ýmist verið afturkallaðir eða miklu minna orðið úr þeim en ráð var fyrir gert. Þessir menn verða hins vegar mjög hart úti af þessum skatti, og það væri af þessum sökum réttlátt, að 31. gr. yrði felld niður.

Ég gerði grein fyrir því í nál., að ég mundi freista þess að fá fram þá breytingu á þessu frv. að fá sölugjaldið á bifreiðum niður fellt. Ég sé, að hv. meðnm. minn, hv. þm. V-Ísf., hefur þegar borið fram slíka brtt., og eftir því sem ég kemst næst, þá hefur meiri hl. n. e. t. v. tilhneigingu í þá átt að athuga þetta betur fyrir 3. umr. Og ef svo yrði, þá legg ég ekki áherzlu á að fá fram atkvgr. um þetta nú. En við þessa umr. vildi ég gera þessa grein fyrir afstöðu minni og láta koma í ljós, hvað ég legg höfuðáherzlu á. Þ. e. a. s. í fyrsta lagi að létta skatti af neyzluvörum, enn fremur um söluskattinn, sem ríkisstj. leggur á efni, sem notað er til fyrirtækja í ríkiseign, en það finnst mér alveg fráleitt. Viðvíkjandi 3. atriðinu, um 31. gr., þá mun ég ekki bera fram brtt. um það nú, þar sem mér hefur skilizt á meiri hl. n., að e. t. v. væri unnt að fá einhverja tilhliðrun í því efni fyrir 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Nd., 13. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 308,a felld með 18: 9 atkv.
1. gr. samþ. með 17: 9 atkv.
Brtt. 308,b felld með 18: 9 atkv.
2. gr. samþ. með 20: 2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:9 atkv.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 10, 369, 370).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 369 og 370. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Meiri hl. fjhn. flytur brtt. á þskj. 369, en í nál. — þskj. 324 — var boðað, að meiri hl. mundi leggja fram brtt. Fyrsta brtt. er ekki efnisbreyting, aðeins umorðun. Í annarri brtt. er lagt til, að bætt verði 3 gr. í frv. Er þar í fyrsta lagi lagt til, að 24. gr. í þeim kafla laganna frá 1948, sem er til

framlengingar, verði breytt, og er aðalbreytingin sú, að lagt er til, að söluskattur verði greiddur fjórum sinnum á ári, en hefur hingað til verið greiddur þrisvar á ári. Þessu hefur verið hagað þannig, að þeir, sem hafa átt að greiða þennan skatt, gefa upp söluskattsveltuna þrisvar á ári. Hér er lagt til, að skýrsla um sölu sé afhent eftir hvern ársfjórðung og skatturinn greiddur. Þetta er bæði hentugra fyrir ríkissjóð og fyrir þá, sem greiða skattinn, því að með því að safna skuldum hefur reynzt örðugra að greiða skattinn. Einnig er í þessari grein lagt til, að sett verði ný ákvæði um innheimtu skattsins, og eru þær till. bornar fram í samráði við tollstjóra, sem innheimtir þennan skatt. Þar er m. a. gert ráð fyrir, að hann geti gert ráðstafanir til að stöðva atvinnurekstur, ef dregizt hefur að greiða skattinn fram yfir ákveðinn tíma. B-liður þessarar till. er umorðun á 26. gr. laga frá 1948, en því bætt við, að söluskatti skuli bætt við álagningu á vörurnar. 30. gr. er efnislega óbreytt. 3. brtt. er umorðun á 2. gr., sem verður 5. gr., um gildistöku l., að ákvæði þeirra taki til alls þess söluskatts, sem gjaldkræfur verður eftir gildistöku l. Verði þessar breyt. samþ., breytist greinatala frv. samkv. því. — Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þær brtt., sem meiri hl. fjhn. flytur.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég flyt brtt. um að færa söluskattinn úr 6% upp í 7% og vísa til fyrri umræðna minna um brtt., sem ég átti við þetta mál og fjallar um framlengingu á viðauka.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi gera athugasemdir við ummæli nefndarform. út af brtt. n. Það hlyti að vera heppilegra að taka þær greinar upp úr 3. kafla, sem eiga að gilda áfram. Þetta er orðið svo ruglingslegt svona. Þannig verður það miklu aðgengilegra, með því að lögin eru nógu flókin, og þá sérstaklega tollaálögurnar. Hvað viðvíkur brtt. á þskj. 369 — annar liður um ákvæði viðvíkjandi innheimtu söluskatts — vil ég segja það, að skiljanlegt er, að ríkið gangi strangt eftir sínu, — en verður þetta ekki fullmikið? Við megum ekki líta eingöngu á þetta frá sjónarmiði ríkisins, sem á hér hagsmuna að gæta, en þegnarnir eru hér svo að segja réttlausir. Þeir, sem innheimta skattinn, eiga að standa skil á honum. Þarna er gengið svo langt, að ef einn maður hefur ekki greitt skatt sinn á tilsettum tíma, má setja atvinnurekstur hans undir innsigli. Það getur verið, að menn hafi þetta fé ekki handbært í bili, sérstaklega er þess er gætt, að margir þessara manna reka verkstæði sín með tapi, og svo ákveður ríkið álagninguna á vöruna, sem þeir selja. Þeir hafa enga möguleika á að afla sér annars hráefnis. Ef maður hefur verkstæði, hindrar ríkið, að hann fái hráefni til að halda rekstri sínum áfram. Ef skatturinn er ekki greiddur á tilteknum tíma, er hægt að loka öllum atvinnurekstri. Ég held, að þetta sé of strangt, og er ekki fylgjandi því. Tíminn er ekki eins áríðandi og það, að skatturinn verði greiddur. Viðkomandi maður getur átt í deilu við ríkisvaldið um það, hvort hann eigi að greiða slíkan skatt, og úrskurður enn ekki fenginn. Þá má með lögum, ef skatturinn hefur ekki verið greiddur, loka atvinnurekstri þess manns. Það hefði einhvern tíma verið sagt, að ríkinu væri gefið alvald, ef þessi till. væri komin frá öðrum. Eins og ég tók fram um breytingar á lögtökum, væri ekkert við þetta að athuga, ef breytingin væri þannig gagnvart þegnunum, að nóg væri flutt inn af þeim vörum, sem ríkið áliti, að þjóðin hefði efni á að flytja inn. Ríkið hefur tekið allan inn- og útflutning í sínar hendur, svíkur þegnana og leiðir yfir þá atvinnuleysi og hækkar alla skatta. Svo kemur sá, sem innheimtir skattinn, og segir: Ég loka, ef ekki er búið að greiða skattinn innan mánaðar. — Þetta er ofríki, sem ríkið hefur ekki rétt til. Ef þegnarnir væru frjálsir með inn- og útflutning, væri ekkert við þetta að athuga. Ég er á móti þessum kafla, 4. málsgr. síðasti liður, og kem með brtt. um að fella hann burt. Mér skilst, og ég spyr frsm. meiri hl. fjhn., hvort með þessari brtt. sé ekkert haggað við 31. gr., þótt ekkert sé tekið fram um 1. lið hennar. Nú var brtt. við 2. umr. um að fella hana niður, en hún var felld. Ég vildi leita upplýsinga, hvort mér hafi skjátlazt, að form. n. væri tilbúinn að gera undanþágu með atvinnubílstjóra. Ég bjóst við, að borin yrði fram brtt. um það, og vil reyna að bera fram brtt. núna um það, að þeir, sem eiga bíla, séu undanþegnir c-lið till. um innflutningsgjöld af fólksbifreiðum, sem nemur 39% af leyfisfjárhæð. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann gangi út frá miklum tekjum af þessum innflutningi. Ég hef skilið það þannig, að búið væri að banna innflutning á bifreiðum, þó sérstaklega fólksbifreiðum. Mig langar til að vita, hvort ríkisstj. hefur í hyggju að flytja inn fólksbifreiðar og geyma þetta 39% gjald. Þá vildi ég einnig fá upplýst, hvort það sé meiningin að flytja inn fólksbifreiðar og fá þá þetta gjald.

Þá ætla ég að víkja að því, sem er aðalatriðið, en það er brtt. hæstv. fjmrh. á þskj. 370 um hækkun söluskattsins úr 6% í 7%, og þær tekjur eiga að nema 5 millj. kr. eftir hans útreikningi. Ég hef farið nokkrum orðum um þá stefnu, sem kemur fram í þessu, í því, sem ég sagði um síðasta mál, sem við vorum að ræða, viðvíkjandi verðlagsdómi. Svo fráleitt sem það var, þá er þetta enn fráleitara. Það eru engar spurnir um það, og ég sé, að það er allt við það sama. Það er ekki aðeins ranglætið í álagningu söluskattsins, sem á að haldast, þ. e. hvernig hann er lagður á nauðsynjar almennings, heldur á vitleysan líka að haldast. Ríkið á að borga af þeim fyrirtækjum, sem það er að koma upp, söluskatt til sjálfs sín. Þessi fyrirtæki þurfa svo að eltast við lánsstofnanir til að útvega peninga til að borga söluskattinn, síðan þurfa þær að fara til ríkisstj. til þess að vita, hvort hún getur ekki haft áhrif á Landsbankann, svo að hann láni ríkinu peninga til að borga sjálfu sér þennan skatt! Dæmið, sem ég nefndi, var um Sogsvirkjunina, sem varð að greiða 5 millj. kr. söluskatt, og borga hann til ríkisins, og ekki við það komandi að fá það fé hjá ríkinu, þó að ríkið eigi helming fyrirtækisins.

Nei, þetta er orðin slík hringavitleysa, að ég er hissa á, að hæstv. ríkisstj. skuli hafa þessa undarlegu innheimtuaðferð, fyrir utan það, að það þýðir, að allt, sem ríkið ræðst í, verður mun dýrara. Það er beinlínis verið að gera okkur á öllum sviðum ósamkeppnisfæra í stað þess að hæstv. ríkisstj. heldur fram, að hún sé að koma því til leiðar, að

við verðum samkeppnisfærir. Ég sagði mitt álit á söluskattinum þegar þetta var til umræðu alveg nýlega, og ætla ég ekki að fara að endurtaka það. Ég er sem sé á móti þessari brtt. og mun nú semja þessar 2 litlu brtt., sem ég tilkynnti, og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þeim.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að svara því, sem beint var til hæstv. fjmrh. um það, hvað þessi skattur af bifreiðum væri mikill á ári, ég veit það heldur ekki. Hins vegar snertir það mig sem ráðh., sem rætt var um innflutning bifreiða. Það er alveg rétt, að innflutningur er sem stendur bannaður á fólksbifreiðum, og það er ekki líklegt, að mikill innflutningur á þeim verði á næstunni. En það er svona samt. Þetta getur alltaf breytzt, og þess vegna gæti verið óþægilegt, að ekkert stæði í lögunum um skattinn. Setjum nú svo, að Austur-Þýzkaland vildi eingöngu selja okkur bíla fyrir freðfisk. Þá gæti vel verið, að við yrðum að neyðast til að flytja inn bíla, til að geta selt freðfiskinn, jafnvel þó að þeir yrðu dýrir og verðmunur væri svipaður og á hveitinu. Þá er gott að hafa þetta ákvæði í lögum, svo að hægt sé að ná af þeim skattinum.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það er út af athugasemdum hv. 2. þm. Reykv., sem ég ætla að segja nokkur orð. — Hv. þm. telur, að í till. okkar sé gengið hart að þeim mönnum, sem eiga að innheimta þennan söluskatt fyrir ríkið og skila honum til ríkissjóðs, þar sem gert er ráð fyrir, að ef dregst fram yfir ákveðinn tíma frá gjalddaga að skila þessu fé, þá geti komið til mála að stöðva viðkomandi atvinnurekstur. Út af þessu vil ég benda á, að fé það, sem þarna er um að ræða, er ekki raunveruleg eign þessara manna. Söluskatturinn er því að verulegu leyti frábrugðinn öðrum sköttum og útsvörum, og það er skýrt fram tekið í lögunum, að þennan skatt megi viðkomandi aðilar leggja á og bæta við verð þeirrar vöru og þjónustu, sem þeir selja. Þeir taka með því að sér innheimtu á þessu fé fyrir ríkið. Þetta er ekki þeirra eign, og þeim ber því vitanlega að halda þessu aðskildu frá öðru fé, og þeir eiga að skila því af sér á réttum tíma. Sem betur fer mun það vera svo með marga einstaklinga og félög, sem innheimta þennan söluskatt fyrir ríkið, að þeir skila honum á réttum tíma til innheimtumanna ríkissjóðs. Hins vegar hefur orðið nokkur dráttur á því hjá öðrum, og er vitanlega sjálfsagt að gera ráðstafanir til, að skil á þessu fé verði betri en verið hefur að undanförnu. — Hv. þm. sagði, að ríkið gripi fram fyrir hendurnar á mönnum í viðleitni þeirra til að láta atvinnureksturinn bera sig, og nefndi þar til dæmis verzlanir og iðnað. Mér hefur oft skilizt á hv. þm., að hann teldi verzlun og iðnað ábatasaman atvinnurekstur, en ekki hið gagnstæða, eins og nú kom fram í ræðu hans. En hvað sem um það er, þá er með lögunum um söluskattinn aðeins verið að fela þeim, sem verzlun og iðnað hafa með höndum, innheimtu á fé fyrir ríkið. Í brtt. okkar er lagt til, að þessi skattur verði greinilega aðskilinn frá hinni venjulegu og löglegu álagningu verzlana og annarra fyrirtækja.

Þá vík ég að 31. gr. l. frá 1948, sem hv. 2. þm. Reykv. gerði að umtalsefni. Hún er um sölugjald af bifreiðum, sem seldar eru hér innanlands. Eins og þingmenn muna, kom fram till. við 2. umr. frv. frá hv. þm. V-Ísf. um að fella þessa grein niður, en sú till. var felld. Hv. þm. sagði, að sér hefði skilizt á meiri hl. fjhn., að þetta ákvæði 31. gr. yrði tekið til nánari athugunar. En hafi hann skilið það þannig, að við mundum leggja til, að skatturinn yrði felldur niður, þá hefur hann misskilið. Við vildum fá nánari vitneskju um þennan tekjustofn. Þær upplýsingar fengust, að fyrstu 10 mán. ársins hefur þetta sölugjald af bifreiðum, sem seldar hafa verið innanlands, numið 1278000 kr., það má því gera ráð fyrir, að þessi tekjustofn verði 1½ millj. kr. yfir árið, og við í meiri hl. fjhn. lítum svo á, að eins og nú er ástatt, megi ríkissjóður ekki missa af þessum tekjum, enda vil ég segja það, að ég tel vafasamt, þegar á það er litið, hvað bifreiðar hafa gengið kaupum og sölum fyrir hátt verð, að hægt væri að finna annan tekjustofn, sem sanngjarnari væri, til að ná þessari upphæð, og ríkissjóður þarf vafalaust á henni að halda á næsta ári ekki síður en á því, sem er að líða. — Fleira held ég að það sé ekki, sem ég sé ástæðu til að taka fram út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég er hér með 2 brtt., sem ég þarf að fá afbrigði fyrir. Í fyrsta lagi brtt. við brtt. á þskj. 369,2, um að síðasti málsl. 4. málsgr. falli niður.

Út af því, sem hv. þm. V-Húnv. sagði um þetta, vil ég segja, að ég var ekki að draga það neitt í efa, að það væri eign ríkissjóðs, sem þessir menn innheimta, en ríkið felur þessum mönnum innheimtuna án þess að greiða neitt fyrir hana. Að mestu leyti lendir þetta á þeim, sem selur vöruna síðast til neytandans, t. d. þegar um verzlun er að ræða, þá á smákaupmanninum. Og af því að hv. þm. V-Húnv. sagði, að ég væri stundum að tala um gróða hjá verzlunarmönnum, þá vil ég segja, að ég átti ekki við smákaupmenn og kaupfélög, heldur við hærri staðina. Háttvirtur þingmaður þekkir það vel til sjálfur viðvíkjandi kaupfélögunum, að hann veit, að ekki muni vera mikill gróði á þeirra rekstri. Ég var ekki að draga það undan, að það þyrfti að innheimta þennan skatt. En eitthvað má á milli vera, ef lögreglan á að hafa tafarlausa heimild til að stöðva atvinnurekstur, svo framarlega sem ekki er búið að greiða viðkomandi skatt 30 dögum eftir að hann hefur verið innheimtur. Og þó að deila kunni að standa um skattskylduna, þá getur það eitt hæglega sett mann á höfuðið að lenda í deilu við ríkið um, hvort hann sé skattskyldur eða ekki. Ég held þess vegna, að það sé alveg misskilningur að auka svona í sífellu rétt ríkisins sem innheimtuaðila.

Þá er það í öðru lagi brtt. við sjálft lagafrv. um, að á eftir 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

„31. gr. skal þó ekki ná til þeirra bifreiða, er atvinnubílstjórar selja, enda hafi þeir átt þær a. m. k. eitt ár.“

Ég hef ekki getað hugsað nákvæmlega, af því að ég bjóst við brtt. frá meiri hl. n., hvaða skilyrði það opinbera þyrfti að setja í þessu sambandi, til þess að ekki væri hægt að misnota þetta, þannig að menn færu að kaupa bifreiðar til að selja og yrðu

þannig aðeins milliliðir í viðskiptunum. Meiningin er sú, að þeir atvinnubílstjórar, sem vilja losa sig úr þessari stétt, vegna þess hve atvinnan er lítil, og eiga alla sína eign í einni fólksbifreið, verða að greiða 20% af eign sinni til ríkisins. Ég gat þess við 2. umr. þessa máls, að margir, sem stundað hafa þessa atvinnu, vilja gjarnan setjast að í sveit. Menn vita, hve mikið fé þarf til þess, og ef þeir nú vilja selja sinn bíl og leggja peningana í búrekstur, þá finnst mér, að ekki eigi að taka 20% af eign þeirra. Mér finnst ákaflega sanngjarnt, að þessum mönnum, sem vilja losna úr stéttinni, sé gert það þægilegt. Og með þessu, sem ég bætti við, „... enda hafi þeir átt þær a. m. k. eitt ár", ætti það að vera tryggt, a. m. k. næsta ár, að menn færu ekki að kaupa bifreiðar til að selja þær aftur, enda eru nægilegar heimildir í lögum til að koma í veg fyrir það.

Ég vil mælast til, að þingmenn og ríkisstjórn íhugi, hvort þeim finnst þetta ekki sanngjarnt. Ég skal ekki segja, hve mikið af þeim tekjum, sem ríkið hefur haft af söluskattinum, hefur verið frá atvinnubílstjórum; líklega hefur það verið mjög lítið, svo að ég gæti trúað, að tap ríkisins af þessu yrði ekki mikið, en þetta væri áreiðanlega réttlætismál.

Mér finnst nú, þegar hæstv. ríkisstj. kemur á þessu eina kvöldi með álögur, sem nema 8½ millj. kr., sé ekki of mikið, þó að hún létti þarna undir. Ég veit eiginlega ekki, hvers bifreiðastjórar í Hreyfli og Þrótti ættu sérstaklega að gjalda frá hálfu hæstv. ríkisstj. og hennar flokka, ef ekki er hægt að verða við svona litlum og sanngjörnum kröfum. Ég vil eindregið mælast til þess, að hv. þdm. geti samþ. þessar brtt.

Þá ætla ég að víkja að því, sem hæstv. viðskmrh. sagði viðvíkjandi innflutningi fólksbifreiða. Ég heyri á honum, að hann er farinn að hafa áhuga á viðskiptum við A.-Þýzkaland. Ég held nú, að jafnvel þó hægt væri að gera viðskiptasamning við A.-Þýzkaland upp á að flytja fólksbifreiðar hingað, þá ætti ekki að gera það. Ég held, að fólksbifreiðar séu eitt af því fyrsta, sem ætti að setja í þann flokk vörutegunda, sem ég lagði til í því frv. mínu, sem legið hefur í 2 mánuði fyrir Alþingi og ráðh. er ekki farinn að kynna sér ennþá. Það ætti að vera eitt af því fyrsta, sem bannað væri að flytja til landsins, og ekki gera neinn möguleika á, að það væri hægt. Ég tel hins vegar víst, að í einhverju landi mætti fá bifreiðar fyrir íslenzkar vörur, og selja svo bifreiðarnar til annars lands og fá fyrir þær vörur, sem við þurfum á að halda, og það veit hæstv. ráðh., að það eru víða miklir möguleikar á slíkri verzlun, og það er slíkur þrýkantur, sem er auðvelt að gegnfæra í viðskiptum, og gæti verið mjög heppilegur. En ég álít, að við eigum ekki að hafa neina smugu í lögunum, sem hægt væri að nota sem átyllu til að flytja inn bifreiðar. Það er einmitt þessi aðferð, sem ég kann ákaflega illa við, þ. e. að hafa alltaf möguleika til sífelldra undanþágna. Ef það er bannað með lögum að flytja inn bifreiðar, en í þeim lögum felst möguleiki til að veita undanþágur, þá mun sífellt verið að nöldra við ríkisstjórn og fjárhagsráð um að flytja þessa hluti inn. Og ef það eru réttir menn og rétt firmu, sem áhuga hafa á innflutningnum, þá væri kannske veitt undanþága, og þetta mundi beinlínis leiða til spillingar í þjóðfélaginu. Ef Íslendingar álíta, að þeir hafi ekki efni á að flytja inn bifreiðar, þá á engar að flytja inn. Ef við álítum samt, að einhver flokkur manna þurfi að fá fólksbifreiðar fluttar inn, t. d. læknar, þá ætti jafnvel að ákveða í lögum tölu þeirra bifreiða. En þetta, að láta þessar hliðardyr standa opnar og hafa þannig möguleika til sífellds áróðurs við þá, sem með þetta hafa að gera, þ. e. ríkisstjórn og fjárhagsráð, það er ópraktiskt fyrir þá sjálfa og leiðir til spillingar. Og hvað snertir þessi verzlunarviðskipti, sem hv. viðskmrh. var að minnast á, þá mundi það beinlínis gera enn þá verri aðstöðuna fyrir þeim mönnum, sem vöruskiptaverzlun ætla að gera erlendis, ef það land, sem þeir flytja vöruna til, vill selja þeim bíla í staðinn, og ef þeir vita, að það er ekki bannað, fara viðkomandi menn e. t. v. að flytja þá inn. Þess vegna er miklu betra að banna það, og þannig ætti að vera með fleiri vörutegundir, sem við höfum ekki efni á að flytja inn.

Þetta var viðvíkjandi þeim athugasemdum, sem fram komu. Ég vil aðeins geta þess viðvíkjandi því, er hæstv. viðskmrh. kom inn á, hvað ég hafði sagt, þá held ég, að hann hafi ekkert vitað um það, því að hann hafi ekki hlustað á það og geti því lítið vitað, hvað ég hef sagt. Ég hef sagt, í samræmi við það mál, sem ég hef lagt fyrir og hæstv. ráðh. hefur ekki haft tíma eða áhuga á að kynna sér, að vöruskipti við A.-Þýzkaland ættu ekki að fara fram í sambandi við bíla, en allar þær vörutegundir, sem ég veit, að hægt er að fá frá A.-Þýzkalandi, eru taldar upp í grg. fyrir frv. mínu.

Ég ætla svo ekki að orðlengja frekar um þennan stóra, nýja 5 millj. kr. skatt, sem hér liggur fyrir. Ég vil ekki tefja fyrir þessu máli, þó að það sé á allan hátt þannig inn komið á þingið, að segja megi, að það sé tæpast forsvaranlegt af ríkisstj. að láta afgreiða svona álögur við 3. umr. og á síðara degi hennar, að koma eiginlega við 6. umr. með þetta stórar breytingar og láta þær ganga í gegn á þennan hátt.

Ég vil svo biðja forseta að leita afbrigða fyrir þessum 2 skriflegu brtt.

Forseti (SB): Mér hefur borizt skrifl. brtt. við frv. frá hv. 2. þm. Reykv.— Þar sem brtt. er of seint fram komin og auk þess skrifl., þarf tvöfaldra afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 390) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 370,I samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 369,1, svo breytt, samþ. með 18:3 atkv.

Brtt. 370,II samþ. með 18:5 atkv.

Brtt. 390,1 felld með 19:5 atkv.

Brtt. 369,2 samþ. með 19:5 atkv.

Brtt. 390,2 felld með 20:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, ÁS, EOl, FJ, LJós.

nei: SkG, StgrSt, ÁB, BÁ, BÓ, EystJ, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PÞ, PO, SB.

10 þm. (StJSt, StSt, ÁÁ, EmJ, GG, GTh, GÞG, JÁ, SÁ, SG) fjarstaddir.

Brtt. 369,3 samþ. með 19:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 391).

Á 39. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Við þetta frv. var gerð breyt. varðandi söluskattinn í hv. Nd., og er ekki ástæða til að fjölyrða um þetta mál. — Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:5 atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 391, n. 419, 405).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og lagt fram skrifl. meirihlutanál. (sjá þskj. 425). — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hv. fjhn. hefur haft málið til meðferðar á fundi í dag, þess vegna hefur ekki gefizt tími til að gefa út prentað nál. Nefndin klofnaði um málið, og vildu fjórir nm. að frv. yrði samþ. óbreytt. Minni hl. (BrB) vildi fella frv. og gefur út sérstakt nál. um málið. Með leyfi hæstv. forseta les ég upp nál. meiri hl.:

„Frv. var tekið fyrir og rætt í n., en samkomulag fékkst ekki um afgreiðslu þess. Vildi minni hl. (BrB) láta fella frv. Gefur hann því út sérstakt nál. Meiri hl. gat ekki fallizt á þetta. Leggur hann til, að frv. verði samþ. óbreytt."

Ég get þess, að ég hefði viljað geta gert nánari grein fyrir þessu máli, en það er ekki hægt vegna aðkallandi afgreiðslu málsins. Þetta mál var borið fram á þskj. 10 og útbýtt í Nd. 11. okt. Við afgreiðslu þess þar voru gerðar nokkrar breyt. Fyrsta breyt. er sú, að sett var inn ný gr., sem skyldi vera 2. gr. í frv., um að í stað 6% söluskatts komi 7% sölusk. Hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir því í Sþ., hvers vegna þetta er ákveðið svo. Aðalástæðan til að taka þetta inn í frv. er til að vega upp á móti þeim útgjöldum, sem samþ. hafa verið. Aðalástæðan fyrir því, að ég er fylgjandi þessu, er, að sýnilegt er, að við afgreiðslu fjárlfrv. frá þinginu er ekki hægt að fá þau greiðsluhallalaus, nema tekjur komi á móti auknum útgjöldum. Bornar hafa verið fram till. við 3. umr. fjárlfrv., sem nema 20 millj. kr. Það er ekki hægt að fullyrða, hvaða till. verða samþ., en sýnilegt er, að gæta þarf fyllstu varúðar við samþykkt þess, ef ekki á að vera á því greiðsluhalli. Frá mínu sjónarmiði er þegar orðinn greiðsluhalli á fjárlfrv., þó að ekki hafi verið samþ. annað inn en lýst hefur verið. Náðst hefur samkomulag um 3 millj. kr. lán., en þetta lán verður ekki greitt af tekjum ríkissjóðs. Það hefur verið ákveðin stefna ríkisstj. að skila greiðsluhallalausum fjárlögum og helzt með greiðsluhagnaði. Ég viðurkenni, að frv. er varlega áætlað, þó að fjmrh. hafi lagt hækkun um 1 millj. kr. til að greiða að fullu gjöld á árinu, sem ekki hafa verið tekin með. Nú hefur m. a. verið gerð brtt. við 22. gr., sem kemur til með að kosta ríkið milljónir króna, ef hún verður samþ. Aðrar breyt. hafa verið gerðar í Nd., m. a. sett inn ný 3. gr., og er það nokkur breyt. á 24. gr. l. Hækkaðir hafa verið dráttarvextir úr ½% í 1%, og staðfestir það, að ég hef haft meira til míns máls heldur en hæstv. ráðh. Ég hef ekkert frekar um þetta að segja, en verið er að gera breyt., sem ekki var áður.

Í sambandi við 3. málsgr. þessarar gr. leyfi ég mér að benda á og beina til hæstv. ráðh., hvort ekki sé hægt að ákveða með reglugerð, þegar úrskurður er kveðinn upp af yfirvöldunum um skattamál, að gefa skattgreiðanda tækifæri til að gæta hagsmuna sinna í sambandi við afgreiðslu málsins. Allir úrskurðir í þessum málum eru felldir fyrir luktum dyrum og engin sönnun fyrir því, að þær athugasemdir, sem þeir gera við skattaálagninguna, séu nokkurn tíma lesnar. Ég vildi aðeins minnast á þetta við hæstv. ráðh. Ég vona, að hann beiti sér fyrir því, að hér sé ekki eitt sjónarmið látið ráða öllu, heldur sé tekið fullt tillit til beggja aðila.

Hvað viðvíkur síðari málsgr. vil ég segja, að þar þyrfti að gera breyt. á. Skattgreiðendum er skylt, þó ágreiningur sé um skattinn, að greiða hann að viðlögðum 1% dráttarvöxtum, hafi hann ekki verið greiddur fyrir eindaga. Þó er skylt að taka fram, að sé skatturinn lækkaður, ber að endurgreiða það, sem lækkuninni nemur. Mér finnst það ósamræmi í lögunum, að annar aðilinn skuli greiða 12% í vexti af því, sem hann hefur ekki greitt af skatti sínum á tilsettum tíma. Þá finnst mér, að ríkissjóður ætti að greiða 12% af því fé, sem hann hefur oft tekið og haldið fyrir skattgreiðendum. Ég get ekki komið með neina brtt. um þetta, því að nauðsynlegt er að hraða framgangi málsins.

Ég bendi á, að 25% leyfisgjald af ferðafé helzt áfram, og sama er að segja um söluskatt af bifreiðum, að hugsað er að hann haldist áfram. Ég álít, að báðir þessir skattar ættu að falla úr gildi. Þetta mæli ég ekki fyrir munn meiri hl., heldur er þetta mín skoðun á málinu.

Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, og er ég því fylgjandi með þeim forsendum, sem ég hef skýrt frá.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Eins og frsm. n. tók fram, hefur n. fjallað um málið. Meiri hl. hefur samþ. það, en ég var andvígur því. Það liggur ekki enn þá frammi nál. frá mér, en kemur vonandi bráðlega. Eins og frv. kemur frá Nd., telst framlagið vera hækkun á söluskattinum. Þessi hækkun er talin gefa ríkissjóði 5 millj. kr. tekjur. Þetta mun verða til hækkunar verðlags í landinu, enn meir en fram er komið. Ef till., sem liggur fyrir um breyt. á gengislækkunarlögunum um bindingu vísitölunnar, verður samþ., kemur þetta allt niður á launastéttum landsins, án þess að þær fái það að nokkru leyti bætt. Nú hefur verið upplýst, að það sé engin þörf þessarar hækkunar við greiðslujöfnuð fjárlag-

anna. Þar sem einn nm. úr fjvn. hefur upplýst, að óhætt væri að hækka tekjur fjárl., án þess að til nokkurs greiðsluhalla þurfi að koma, finnst mér óhætt að hækka útgjöldin um 30 millj. Mér finnst óþarft á tímum sem þessum að vera að hugsa um greiðsluhallalaus fjárlög, svo að ég tali nú ekki um hagnað af þeim. Tilgangurinn með þessari hækkun virðist eingöngu vera sá einn að rýra kaup manna, eins og sú hugsjón vaki alltaf fyrir þeim. Þessir hækkuðu tollar voru í raun og veru gengislækkun. Þegar krónan verður skráð á rétt gengi, verður þá hægt að afnema þessa tolla? Nú hefur reynslan svarað. Raunin hefur ekki orðið sú, að þessi álagning hafi verið afnumin, heldur hefur hún hækkað. Það er ekki hægt að hugsa sér augljósara gjaldþrot en þeir hafa komizt í með þessari gengislækkun og hve blekking þeirra er taumlaus. Af öllum tollum og sköttum er söluskatturinn heimskulegastur og ranglátastur. Hann leggst jafnt á allar vörur og íþyngir atvinnuvegunum og dregur úr framkvæmdum. Þannig leggjast margar millj. á efni til Sogsvirkjunarinnar með þeim árangri, að þessar framkvæmdir verða óheyrilega dýrar. — Að lokum endurtek ég, að ég legg til, að frv. þetta verði fellt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka n. fyrir skjóta afgreiðslu þessa máls. Ég ætla að segja fáein orð út af spurningu hv. frsm. meiri hl. n., hvort ég hefði í hyggju að breyta framkvæmd varðandi meðferð á kærum á söluskatti og beinum sköttum, að þeir, sem kæra, gætu gætt betur hagsmuna sinna en nú er. Ég hef athugað, hvort hægt sé að koma einhverjum breytingum við, en get ekki rætt þetta í einstökum atriðum, því að ég hef engar niðurstöður um málið. Ég vil taka fram út af innheimtu dráttarvaxta, að um dráttarvexti af skatti, sem er of á lagður, mælir engin sanngirni með að endurgreiða dráttarvexti, sem hafa verið innheimtir. Og hvernig er hægt að finna nokkrar aðrar reglur heldur en nú gilda í þeim efnum?

Ég vil benda á, að það er misskilningur, sem minni hl. byggir afstöðu sína á, í fyrsta lagi, að það sé óþarft að leggja skattinn á. Því miður er það misskilningur. Eins og margsinnis hefur verið tekið fram, virðast tekjur ríkissjóðs ekki ætla að gera betur en rétt að hanga í áætlun, og við annað er ekki hægt að miða, eins og hv. 6. landsk. þm. hefur margsinnis lagt áherzlu á. Við verðum að byggja á þeirri reynslu, sem fyrir er. Þetta sýnir, að við getum ekki áætlað þeim tekjustofnum að gera betur en að standa undir þeim útgjöldum, sem komin voru við 2. umr., þá er eftir fyrir því, sem bætt var við við 3. umr. Það er því miður þannig, að þessi skattur er ekki óþarfur. Ef ekki hefðu orðið sérstök áföll á árinu, sem er að líða, hefði ekki komið til mála að auka skatta og tolla, og mér er nær að halda, að ef við hefðum losnað við eitthvert eitt af þessum áföllum, þá hefði það ekki komið til. Við þekkjum allir, hver þessi áföll voru, það var síldveiðibrestur, langvarandi verkfall á togurunum og hrun á ísfisksmarkaðinum. Þetta er nóg til að benda á, að þó að við hefðum ekki losnað við nema eitt af þessum áföllum, þá hefði ekki komið til mála, að þurft hefði að auka skattana eða tollana. Hv. þm. hafa stundum minnzt á, að skattar og tollar hafi verið auknir í sambandi við gengislækkunina. Nú er það komið á daginn, að tekjur af tollum virðast ætla að verða nákvæmlega jafnháar fyrir árið 1950 eins og fyrir árið 1949, svo að þær álögur í heild hafa ekki aukizt. Þetta er tilsvarandi við, að eitthvert bæjarfélag hefði sömu útsvör árin 1949 og 1950. Þetta er mjög eftirtektarvert atriði, og þegar þessa er gætt, þá er það kannske ekki svo undarlegt, þó að við höfum neyðzt til að bæta um 3% við heildarfjárhæðina, eins og hún er. Það er kannske ekki heldur óeðlilegt með tilliti til þess, að laun opinberra starfsmanna hafa verið hækkuð um 40% nú um áramót frá því sem þau voru 1949, fyrst 15% og síðan 22% ofan á það, sem komið var. Það er ekki furða, þó að það þurfi nokkurt fé til að standa undir þessari gífurlegu hækkun, sem nemur 20 til 30 millj. frá því árið 1949. Þetta vildi ég aðeins taka fram út af þessu atriði.

Það er kannske með öllu óviðeigandi að fara að tala um brtt., sem flm. er ekki búinn að mæla fyrir, en ég held, að ég verði að gera það nú og biðja afsökunar, ef það er dónaskapur. Það er á þskj. 405. Síðast þegar þetta mál var hér á ferðinni, held ég, að það hafi verið flutt sams konar till. Ég get ekki mælt með, að þessi till. verði samþ. Ég ætla að segja það sama um þetta mál nú og ég sagði þá. Þessi till. hefur það til síns máls, að þetta innflutningsgjald bifreiða er of hátt fyrir atvinnubílstjóra, ef þeir hafa tök á að flytja inn bifreiðar. Hins vegar er það svo, að þessir menn hafa ekki fengið að flytja inn neinar bifreiðar. En ef það yrði ofan á, að það yrði hægt að veita þessum mönnum innflutningsleyfi fyrir bifreiðum, þá mundi ég beita mér fyrir því, að þeir þyrftu ekki að koma undir þessi ákvæði, en ég vil ekki breyta þessu ákvæði, ef bifreiðar yrðu fluttar inn til annarra en atvinnubifreiðarstjóra, svo að ekki verði farið í kringum þetta. Ef til þess kæmi, að hægt væri að leysa þörf atvinnubifreiðarstjóra, finnst mér rétt, að tiltekinn fjöldi bifreiða yrði þeim ætlaður, sem undanþeginn yrði þessu gjaldi, og ætti að athuga, hvort þetta getur ekki komið til greina.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Við vorum í dag, í sambandi við almannatryggingarnar, að tala um innheimtuákvæði, sem stóð til að sett væru í þau lög, til þess að tryggja rétt almannatrygginganna gegn þeim bæjarfélögum, sem standa í vanskilum. Hafi þar verið gengið langt til að tryggja innheimtuna, þá sýnist mér, að í 3. gr. þessa frv. sé ekki tekið mýkri silkihönzkum á innheimtunni, þar sem segir:

„Sá, er vöru selur eða lætur í té þjónustu, sem söluskatt ber að greiða af, ábyrgist skilvísa greiðslu skattsins til innheimtumanns ríkissjóðs. Hafi einhver eigi greitt skattinn innan mánaðar frá gjalddaga, skal hann greiða 1% í dráttarvexti fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá má og innheimtumaður láta lögregluna stöðva atvinnurekstur hans, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli."

Hvar er nú hv. þm. S-Þ.? Ég get varla ímyndað mér, að hann greiði þessu atkv. Annars er í skemmstu máli um þetta frv. að segja, að söluskatturinn var, eins og alkunnugt er, tekinn upp til að

gera ríkissjóði kleift að standa undir ábyrgð á fiskverðinu. Nú hefur sú ábyrgð verið felld niður, og ætti þá, ef allt væri eðlilegt, að fella tekjustofninn niður líka, og þetta frv. hefði átt að fjalla um það. Fyrst var hann 3%, nú er hann 6%, og nú leggur hæstv. fjmrh. til, að hann verði hækkaður um 1%, og áætlar hann, að sú hækkun gefi 5—6 millj. kr. tekjur. Hins vegar var því lofað með gengisfellingunni, að þegar hún færi að verka, þá yrði sköttum aflétt almennt, hvað þá sköttum, sem settir eru til að standa undir fiskábyrgð, sem búið er að fella úr gildi. Einnig er tekjuáætlun ríkissjóðs svo rúm, að nægar tekjur munu vera fyrir útgjöldum ríkissjóðs, ef þær væru áætlaðar í samræmi við raunveruleikann og óeðlileg svartsýni hæstv. fjmrh. væri ekki látin sitja í fyrirrúmi fyrir öllum staðreyndum. Ég legg því til, að þetta frv. verði fellt, og ég mun greiða atkv. á móti því.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 6. landsk. þm. sagði um innheimtuákvæðið í lögunum, vildi ég segja nokkur orð því til útskýringar. Þetta ákvæði er sett eftir tillögum tollstjórans í Reykjavík og þeirra manna, sem sérstaklega hafa athugað þetta mál fyrir ráðuneytið og hafa reynslu um slíkt. Innheimta þessa skatts er stórkostlegt alvörumál. Þetta er gjald, sem innheimt er af almenningi og á að skila til ríkisins. Þetta er eins konar geymslufé, sem þeir taka við, sem innheimta. Það hefur sýnt sig, að innheimta þessa gjalds er afar örðug, og þetta ástand er að verða svo alvarlegt, að ekki er sjáanlegt annað en þetta gjald ætli að daga uppi hjá þessum aðilum, sem innheimta eiga fyrir ríkið. Þetta er mjög alvarlegt og hættulegt fyrir atvinnurekendur sjálfa, því að ef þetta er ekki tekið jafnóðum, vilja þeir freistast til að nota það til einhvers annars og festa það í rekstri. Þetta hafa aðrar þjóðir séð, t. d. Danir, Norðmenn, Svíar og fleiri þjóðir, sem hafa svona gjöld. Þær láta borga mánaðarlega til að forðast þessa hættu og hafa allar þetta ákvæði, að ef gjaldinu er ekki skilað, þá er fyrirtækinu lokað. Það verður til þess, að þetta dagar ekki uppi, og fólki verður ljóst, að þetta er ekki skattur, heldur geymslufé, sem skila á áfram. Það er sannfæring mín, að öllum sé fyrir beztu, að þetta ákvæði sé sem skýlausast, svo að gjaldið komi jafnóðum. Þetta ástand er svo óskyggilegt, að við höfum ekki séð, að við gætum farið aðrar leiðir en nágrannaþjóðir okkar hafa farið.

Mér dettur ekki í hug að fara að svara þeim staðlausu fullyrðingum, sem hv. 6. landsk. þm. kom með um fjárhagsáætlun ríkisins, sjálfsagt í 20. eða 30. sinn, hann talar þar alltaf eins og hann hafi ekki heyrt, hvað sagt hefur verið um þessi mál.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Það þýðir víst ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. eða aðalefni þess, þ. e. framlengingu á söluskattinum og hækkun þá, sem lagt er til að gerð verði á honum. Við sósíalistar höfum verið þessu andvígir, og hv. 1. landsk. hefur lýst afstöðu okkar til þess, en um það verður sjálfsagt engu um þokað, þar sem ríkisstj. hefur tekið þessa stefnu og virðist staðráðin í að feta þá leið áfram og taka stærri og stærri skref og leggja slíkar álögur á neytendurna í landinu. Ég skal þess vegna ekki fjölyrða um það, en ég vil leyfa mér að bera fram 2 brtt. á þskj. 405 við 5. gr. frv., þ. e. varðandi gjaldeyrisskatt af innfluttum fólksbifreiðum og 20% söluskatt af bifreiðum, sem ganga kaupum og sölum innanlands. Það er nú kunnugt, að frá því að lög þessi voru sett 1948, hafa orðið mjög miklar breyt. á aðstöðu atvinnubifreiðastjóra.

Það var talið, og vafalaust að allmiklu leyti með réttu, að árið 1948 og fram á það ár, hafi þetta verið mjög arðvænlegur atvinnuvegur, og í sambandi við það hafði skapazt allmikið brask með bifreiðar, bæði þær, sem fluttar voru nýjar til landsins, og eins þær, sem fyrir voru í landinu, og það mun hafa átt sér þó nokkurn stað, að þeir, sem voru búnir að komast yfir bifreiðar, hafi getað selt þær með verulegum hagnaði. Þetta ástand var árið 1948 talið gefa ástæðu til að leggja þau gjöld, sem ákveðið var, á innflutning bifreiða og sölu, og þau er enn verið að framlengja m. a. með 5. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir. Þetta ástand er nú orðið gerbreytt. Atvinna atvinnubifreiðastjóra hefur minnkað alveg geysilega og er nú orðin það lítil, að ýmsir, sem stundað hafa þessa atvinnu árum saman, telja sér tæpast fært að halda því áfram, þeir fá ekki af því þær tekjur, sem nauðsynlegar eru til lífsframfæris, enda hafa bifreiðar, ekki síður en annað, stórhækkað og ekki hvað sízt fyrir það, að þessir skattar hafa verið á lagðir.

Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi veitt því athygli, að í framhaldi af nál., sem lagt hefur verið fram í Nd., er birtur eins konar reikningur yfir bifreið, innflutta árið 1948, og annar yfir sams konar bifreið, innflutta á yfirstandandi ári, og þessi innkaupareikningur ber með sér, að á þessu tímabili hefur rétt verð bifreiða, með aðeins 5% álagningu, hækkað hvorki meira né minna en úr 28409,00 upp í 85686,36 kr., eða um það bil þrefaldazt.

Þessi hækkun á að vísu rætur sínar að rekja til fleiri atriða, en einn mjög verulegur þáttur er einmitt þessi skattur, sem ríkissjóður hefur lagt á innflutning fólksbifreiða og leitt hefur til þess, að hlutur ríkissjóðs í innflutningsverði bifreiðarinnar hefur hækkað úr 9872,15 kr. í 39063,57 kr., eða um það bil fjórfaldazt. Þetta sýnir mjög ljóslega, hvaða áhrif þessi gjaldeyrisskattur hefur á innflutningsverð fólksbifreiða, og leiðir til þess, að jafnframt því, sem hagur bifreiðastjóra hefur gengið saman, verður þeim ákaflega torvelt, og mörgum algerlega ókleift, að geta keypt bifreiðar, þó að þeir ættu þess kost að fá þær innfluttar. Nú lýsti hæstv. ráðh. því yfir áðan, að hann teldi þetta sanngirnismál. Hann vill þó ekki, að þessu ákvæði laganna sé breytt, heldur gefur hann fyrirheit um, að ef atvinnubifreiðastjórar fái leyfi til að flytja inn bifreiðar, mundi hann beita sér fyrir því, að þeir yrðu undanþegnir gjaldeyrisskatti. Þetta er mér að vísu gleðiefni, og mér dettur ekki í hug að efa, að hann muni standa við það, ef slík tilfelli koma fyrir meðan hann gegnir því embætti, sem hann er nú í, og er það að vísu ágætt, að atvinnubifreiðastjórar mega eiga von á að þurfa ekki að greiða skattinn. En hins vegar sé ég ekki betur en til að framkvæma þetta fyrirheit þyrfti blátt áfram lagabreytingu, þegar til þess kæmi. Þá yrði að gera það með bráðabirgðalögum. Því getur

ráðh. komið til leiðar, en ég sé ekki, að þá væri ekki réttast að breyta þessu lagaákvæði nú, þegar tækifæri er til þess og málið er til meðferðar hér á þinginu. Ég tel það miklu eðlilegra.

Ég skal þá ekki fjölyrða frekar um þetta atriði, ég sé sem sagt ekki ástæðu til að taka till. aftur þrátt fyrir þessa yfirlýsingu hæstv. ráðh., vegna þess að ég tel, að þetta verði ekki framkvæmt nema með lagabreytingu, og þá sé eins gott að gera það nú þegar.

Síðari hluti till. fjallar um, að fella skuli niður 31. gr. þeirra laga, sem hér um ræðir, en sú grein fjallar um, að fella skuli niður 20% söluskatt af bifreiðum, sem ganga kaupum og sölum innanlands. Um þetta atriði gildir það sama og ég hef sagt um gjaldeyrisskattinn; skv. lögum á sá, sem selur bifreið, að greiða þetta gjald til ríkisins, hann leggur það náttúrlega á söluverð bifreiðarinnar, svo að í rauninni verður það kaupandinn, sem söluskattinn greiðir. Þetta torveldar atvinnubifreiðastjórum að endurnýja bifreiðar sínar, hve mikið sem þeim liggur á.

Það hefur því miður verið svo, eins og hæstv. ráðh. gat um áðan, að atvinnubifreiðastjórar hafa ekki fengið innflutningsleyfi fyrir bifreiðum, a. m. k. ekki svo að neinu nemi. Meira að segja þegar almennt voru fluttar inn bifreiðar, þá fengu atvinnubifreiðastjórar hverfandi lítið af þeim. Þetta hefur leitt til þess, að atvinnubifreiðastjórar, sem nauðsynlega verða að endurnýja bifreiðar sínar, því að mjög lélegar bifreiðar er ekki hægt að nota, verða að kaupa bifreiðar á innlendum markaði, þó að þær séu ekki nýjar, og greiða í verði þeirra þennan söluskatt, því að auðvitað hlýtur seljandinn að reyna að bjarga sér með því að leggja hann á bifreiðina. Vegna þess atvinnuástands, sem nú ríkir í þessari starfsgrein, finnst mér engin sanngirni að leggja þessa byrði á bifreiðastjórana, ef þeir þurfa að kaupa bifreið til að geta haldið starfinu áfram.

Ég veit ekki, hve miklar tekjur ríkissjóður hefur fengið af þessum 20% söluskatti. (**Fjmrh.:** Það er á 2. millj. kr. á þessu ári.) Þó að segja megi, að ríkissjóð muni um hverja milljónina, þá held ég, að á fjárlögum, sem eru um 300 millj. kr. há, sé það ekki það mikið atriði fyrir ríkissjóð, að ekki sé fært að ganga til móts við atvinnubifreiðastjóra og fella þetta gjald niður. Það mundi, eins og þegar hefur verið tekið fram, greiða ofurlítið fyrir því, að þeir gætu endurnýjað bifreiðar sínar, og er ekki það mikið fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð, að ekki ætti að vera hægt að gera það.

Ég vildi þess vegna vonast til þess, að hv. þdm. sjái sér fært að verða við þessari till. og eins um gjaldeyriskattinn, eins og ég teldi líka sanngjarnt, þó að það hafi kannske ekki mikla praktiska þýðingu, þar sem ekki er líklegt, að mikill innflutningur verði á bifreiðum á næstunni.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég er sammála hæstv. ráðh. um, að það sé alveg rétt að setja þetta ákvæði í sambandi við innheimtu skattsins, vegna þess að þetta eru ekki álögur á fyrirtækin, heldur er þetta innheimta. En ég vil benda hæstv. ráðh. á, að það er annar skattur í landinu, sem heitir veitingaskattur og er sama eðlis, því að þau fyrirtæki leggja skattinn á viðskiptavinina, en sum af þessum fyrirtækjum hafa ekki greitt skattinn í 4 ár. Það er ákaflega hart í þjóðfélaginu, ef stöðva á fyrirtæki fyrir vangreiðslur á skatti í einn mánuð, þegar fyrirtækjum, sem eru sams konar eðlis, helzt uppi að skjóta sér undan skatti árum saman. (**Fjmrh.:** Þetta er alveg rétt, og höfum við þetta til athugunar í ráðun.)

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:5 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10:5 atkv.
Brtt. 405,1 felld með 10:6 atkv.
Brtt. 405,2 felld með 10:6 atkv.
5. gr. samþ. með 9:5 atkv.
6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:4 atkv.

Á 41. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 431).

---

21. Fjárlög 1951.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1951 [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Sþ., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það hefur verið gerð grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1949 hér á Alþingi. Það var gert á síðasta þingi, en var, eins og vænta mátti, miðað við bráðabirgðauppgjör fyrir árið 1949. Nú hefur farið fram endanlegt uppgjör fyrir það ár og verið gengið frá öllum reikningum, og fá háttvirtir alþingismenn reikninginn í sínar hendur mjög fljótlega. Það er ekki ástæða til þess að lesa hér upp þennan reikning né ræða einstök atriði hans, en í þess stað mun ég gefa hér yfirlit yfir höfuðniðurstöður.

Útgjöld á rekstrarreikningi námu 295 740 000.00, en þessi gjöld voru áætluð 256 640 000.00, tekjur á rekstrarreikningi reyndust 294 631 000.00, en voru áætlaðar 284 714 000.00. Rekstrargjöldin hafa farið um 39 millj. fram úr áætlun, en rekstrartekjurnar hafa orðið um 10 millj. kr. meiri en áætlað var. Rekstrarhalli varð 809 000.00, en var áætlaður rekstrarhagnaður 28 071 000.00. Greiðslur utan rekstrarreiknings hafa farið mjög fram úr áætlun. Rek ég það hér ekki í einstökum atriðum, en mun reyna að gera grein fyrir greiðsluafkomu ríkissjóðs, þ. e. a. s. þeim mismun, sem kallaður er greiðsluhalli eða greiðsluafgangur á fjárlögunum. Það getur að vísu orkað nokkuð tvímælis, hvernig

samanburður getur orðið réttastur við fjárlögin í þessu sambandi, þar sem álitamál getur verið, hvernig skuli þá líta á ýmsa viðskiptareikninga, sem nú er orðið mjög mikið um hjá ríkissjóði. Mér sýnist gleggst að átta sig á greiðsluniðurstöðunni með því að setja dæmið upp á þennan hátt:

Tekin föst lán	26711873.93		
Auknar lausakuldir	65221528.29		
Innb. fé til geymslu	5981310.02		
		97914712.24	
Gr. af lausask. og geymdu fé	17855973.63		
Lán, sem voru til áður, en ekki færð	22935584.38		
		40791558.01	
			57123154.23
÷ afborgun af föstum lánum			15442777.73
			41680376.50
Frá dregst:			
Útlagt v. nýju togaranna		6075609.65	
Auknar innst. í bönkum o. fl.		8118377.83	
Veitt lán	9765240.30		
Áður veitt	4622965.33		
		5142274.97	
Hækkun skulda vegna alþj.b. og alþj.gj.sj. vegna gengisfalls		2650400.51	
Fyrirfram greitt vegna ársins 1950		1264124.56	
Sjóðshækkun		2167441.39	
			25418228.91
		Kr.	16262147.59

Sé tekin þannig skuldaaukningin á árinu og frá dregin sjóðshækkun, fyrirframgreiðslur upp í næsta árs útgjöld, gengismunur á skuld við alþjóðabankann og alþjóðagjaldeyrisvarasjóðinn, greidd lán, auknar innstæður í bönkum og víðar, veitt lán og það, sem útlagt hefur verið í reikning vegna nýju togaranna, þá verður mismunurinn kr. 16262000.00. Ef við athugum síðan, að til þess að ná því, sem hér á Alþingi er kallað greiðsluhallalaus búskapur, þá þarf að greiða afborganir af föstum lánum af rekstrartekjunum að viðbættum öðrum innborgunum (þó ekki lántökum) og lækka skuldirnar árlega sem því svarar, og að þær afborganir hafa numið 15442000.00, þá vantar kr. 31704000.00 til þess að tekjurnar hafi hrokkið fyrir öllum greiðslum, öðrum en þeim, sem að framan voru frá dregnar. Hér við þarf svo því að bæta, að af veittum lánum þyrfti að afskrifa eitthvað, segjum 2,5 millj. eða svo, og bæta við hallann. Skuldir ríkisins í árslok 1949 námu kr. 268612786.

Sé athugaður efnahagsreikningur ríkisins, þá stingur það í augun sérstaklega, hvað ríkissjóður á orðið útistandandi gífurlegar fjárhæðir vegna ýmiss konar viðskipta, sem hann hefur haft með höndum á undanförnum árum, og vegna ábyrgða, sem ríkissjóður hefur tekizt á hendur. Þetta er mjög athyglisvert, og nauðsynlegt að Alþingi geri sér grein fyrir þessu, því að litlar vonir eru um að rétta við fjárhag ríkisins, ef ekki verður tekin upp ný stefna að þessu leyti og meiri varasemi sýnd í því að láta ríkissjóð hafa ýmiss konar fyrirgreiðslur með höndum, án þess að greiðslur séu tryggðar fyrir fram, en verið hefur um skeið. Ég leyfi mér að gefa hér yfirlit yfir helztu liði, sem koma til greina í þessu sambandi úr efnahagsreikningnum:

Upphæðir, sem ríkissjóður hefur lánað og átti útistandandi pr. 31. des. 1949.

Greiðslur vegna smíði nokkurra „nýsköpunartogara	kr.	18312619.05
— — — tíu togara	—	6075609.65
— — — Sviþjóðarbáta	—	9807543.14
— — bátasmíði innanlands	—	4693274.36
Víxillán vegna sölu innl. fiskibáta	—	2569631.42
Lán til ýmissa	—	10039855.63
— — Reykjavíkurbæjar v. húsbygginga	—	4800000.00
— — síldarútvegsmanna v. veiðibrests 1945	—	3700000.00
— — síldarútvegsmanna v. veiðibrests 1947	—	5000000.00
— — bygginga dieselrafstöðva	—	650000.00
— — Jóns Kjartanssonar, Reykjavík	—	288000.00
— — Sviffluglélags Íslands	—	80000.00
— — byggingarfél. Félagsgarður	—	86921.44
— — Vestmannaeyjakaupstaðar v. rafveitu	—	350000.00
— — Ísafjarðarkaupstaðar v. vatnsveitu	—	200000.00
— — póst- og símamálastjórnarinnar	—	250000.00

Lán til tunnuverksmiðju ríkisins	kr.	300000.00
— — framkv. í Höfðakaupstað	—	509916.35
— — byggingarsamvinnufél. Reykjavíkur	—	10000.00
Útlagt vegna hrossasölu til Póllands	—	631433.10
— — clearingviðskipta	—	716656.32
— — tjóns af hernaðarvöldum	—	687071.71
Bráðabirgðalán erlendis	—	509355.27
Ýmis skyndilán og fyrirframgreiðslur	—	228556.64
	Kr.	70496444.08
Greiðslur vegna ábyrgðarlána	—	15113034.17
	Kr.	85609478.25

Þessar tölur tala sínu máli. Í þessu eru t. d. mjög háar fjárhæðir, sem feststa hafa hjá ríkissjóði vegna milligöngu um útvegun á skipum og bátum. Í árslok 1949 hafði ríkissjóður lagt úr samkv. efnahagsreikningi kr. 41458000.00 vegna þessara viðskipta. Höfðu margir fengið bráðabirgðalán úr ríkissjóði, bæði út á togara og báta, þegar stofnlánadeildin var þrotin. Var gert ráð fyrir stofnlánadeildarkjörum á þessum lánum, sem ríkið hafði lánað, en ríkissjóður skuldaði lausaskuldir á móti hjá Landsbankanum og varð að greiða af þeim 7% vexti. Nú hefur verið gengið frá samningum við Landsbankann um að lána ríkissjóði fé með stofnlánadeildarkjörum, sem nær því alveg svarar þessum lánum. Hefur ríkissjóður ekki af þeim lánum neinn beinan kostnað lengur, en stendur í ábyrgð. Nemur þetta samtals kr. 24565000.00. Þótt þetta hafi tekizt, þá á ríkissjóður samt mikið fé útistandandi beint vegna þessara viðskipta, eða samkvæmt framansögðu kr. 16893000.00 miðað við árslok 1949, og á þessu ári hafa bætzt við fram að þessu 4,5 millj. vegna nýju togaranna, sem menn verða að vona að komi til baka. Einnig voru ótilfærðar um áramótin um 1640000.00 kr. vegna togaranna fyrri, sem bætast við á þessu ári. Ef við tökum frá það, sem lagt er út vegna nýju togaranna 10, og það, sem orðið er að föstum stofnlánum án beins kostnaðar fyrir ríkissjóð, þá eru eftir 12,5 millj. kr., og það er sú fjárhæð, sem ríkissjóður hefur fest umfram framangreind stofnlán vegna báta- og skipakaupa og smíða, áður en síðustu togarakaupin komu til.

Samkvæmt framansögðu átti ríkissjóður útistandandi í árslok 1949 vegna greiðslna af ábyrgðarlánum kr. 15113000.00. Það er eftirtektarvert, að þessi fjárhæð hækkaði um 4,632 millj. á árinu 1949, og á þessu ári er nú búið að leggja út vegna ríkisábyrgða kr. 4170000.00, og er áreiðanlega eftir að greiða eitthvað enn þá.

Það horfir vægast sagt iskyggilega um afleiðingar allra ábyrgðanna, og fer nú fram af ráðuneytisins hendi sérstök athugun á efnahag og greiðslumöguleikum allra þeirra, sem ekki hafa staðið í skilum, og verður reynt að gera sérstaka gangskör að athugun á því, hvernig á vanskilunum stendur, athugun á efnahag þeirra, sem hlut eiga að máli, og hvernig þeir halda á málum, hvort allt er gert til þess að forðast vanskil og hvað hægt er að gera til þess að ráða bót á þessu.

Þess er enginn kostur að gefa við þetta tækifæri nokkurt ábyggilegt yfirlit um afkomu ríkissjóðs á þessu ári né afkomuhorfur, svo að því sé að fullu treystandi.

Við afgreiðslu síðustu fjárlaga þótti ýmsum háttvirtum þingmönnum ég vera nokkuð svartsýnn á tekjumöguleika ríkisins, og stjórnarandstæðingar kröfðust þess, að söluskatturinn væri afnuminn, og mundi, héldu þeir fram, ríkissjóður geta lokið öllum greiðslum sínum án hans, vegna þess, hve tekjur hlytu að hækka mikið af innflutningstollum vegna gengisbreytingarinnar. Ég sýndi fram á, að engin von væri til þess, að komizt yrði af án söluskattsins, og að ekki væri fært að slaka meira á sköttum en að lækka verðtollsviðaukann úr 65% í 45% og lækka nokkuð skatta á lágtekjum, eins og gert var. Ég áleit aftur á móti, að tekjuáætlunin, eins og hún var sett, væri ekki óvarleg. Jafnframt undirstrikaði ég þó sterklega, að ef verulega þyrfti að skerða innflutning að magni til frá 1949, væri afkomu ríkissjóðs hætt. Innflutningsáætlun fjárhagsráðs var á þeim tíma þannig, að reiknað var með nærfellt jafnmiklum innflutningi og varð á árinu 1949. Nú sýnir það sig, að innflutningurinn, það sem af er árinu, hefur verið miklum mun minni en síðastliðið ár, eins og ég mun koma nánar að síðar í sambandi við það, sem ég drep á viðskiptin við útlönd. Hefur þessi samdráttur orðið svo mikill, það sem af er árinu, að verðtollurinn til dæmis nemur nú í septemberlok aðeins 41 millj. á móti 39 millj. kr. á sama tíma í fyrra, en hefði allt verið með felldu með innflutninginn, þá hefði hann átt að vera mun hærri.

Nú er fengið yfirlit um álagðan tekju- og eignarskatt á þessu ári, og er hann um 6½ millj. kr. lægri en í fyrra. Getur þó verið, að hann hangi í áætlun. Ég reikna að vísu með því, að innflutningur síðari hluta þessa árs verði tiltölulega mun hærri en fyrri hluta ársins. Fjárhagsráð hefur nýlega gert áætlun um þessi efni, miðað við horfur næstu mánuði, sem sýnir, að svo hlýtur að verða. Mun þá þetta rétta sig eitthvað hvað snertir tekjur af innflutningnum og einstaka tekjuliðir fara sennilega fram úr áætlun, en ég þykist sjá fram á, að við hljótum að verða fyrir einhverjum vonbrigðum um tekjur ríkissjóðs þetta ár, þótt áætlunin þætti sízt óvarleg í vor.

Um gjaldahliðina er það að segja, að ég geri mér vonir um, að greiðslur utan fjárlaga verði ekki miklar á þessu ári. Þegar frá er talið það fé, sem ríkissjóður verður að leggja fram vegna kaupa á hinum 10 nýju togurum og nokkrum eftirstöðvum vegna útvegunar á hinum togurunum, sem út

hefur orðið að leggja á þessu ári, geri ég ráð fyrir, að það verði mjög lítið, sem ríkissjóður verður á þessu ári að leggja fram í hliðstæð viðskipti þeim, sem orðið hafa honum svo þung í skauti á undanförnum árum, eins og það yfirlit um útistandandi kröfur sýnir, sem ég gaf hér áðan.

Ríkisstjórnin hefur að vísu orðið að taka þá ákvörðun að leggja fram 4½ millj. til lána og óafturkræfra framlaga, vegna hins gífurlega tjóns, sem menn urðu fyrir á Austur- og Norðausturlandi vegna óþurrkanna í sumar. Var blátt áfram óhjákvæmilegt að gera þetta, til þess að koma í veg fyrir, að fjöldi bænda yrði að fækka svo bústofni sínum, að ekki væri viðreisnar von, og þeir yrðu að ganga frá búum sínum. Þessa upphæð getur ríkið greitt á þremur árum af fjárlagafé, þar sem það tókst að fá lán hjá Búnaðarbankanum til þriggja ára til þess að standa undir þessum greiðslum.

Þótt langt sé liðið á árið, er svo mikil óvissa ríkjandi um tekjur síðustu mánaðanna, að ég treysti mér ekki til þess að spá um niðurstöðuna, en þetta skýrist nú óðum, og mun ég gera fjvn. og Alþingi grein fyrir þessu, svo fljótt sem það verður séð með sæmilegum líkum, hver niðurstaðan verður.

Þá vil ég geta þess í sambandi við viðskipti þessa árs, að nettógengishagnaður bankanna reyndist við uppgjör rúmlega 20,7 millj. kr. Skiptist hann sem næst þannig lögum samkvæmt:

Ræktunarsjóður	6,9	millj.
Byggingarsjóður sveita	6,9	—
Byggingarsjóður verkam.	4,6	—
Íbúðabyggingar bæjarfélaga	2,3	—

Það, sem ógreitt er til sjóðanna af þessu fé, verður án efa greitt þangað alveg á næstunni.

Áður en kemur að fjárlagafrv. því, sem hér liggur fyrir, vil ég minnast á tvö mál enn þá, annars vegar kaup 10 nýrra togara, hins vegar Marshallsamstarfið og greiðslubandalag Evrópu, sem mjög blandast að sjálfsögðu inn í allar umræður um fjárhagsmál ríkisins og þjóðarinnar yfirleitt.

Á árinu 1948 réðst þáverandi stjórn í það að semja um smíði 10 nýrra togara í Bretlandi. Í þessi togarakaup var ráðizt fyrst og fremst fyrir áhrif frá togaraútgerðarbæjunum Reykjavík og Hafnarfirði. Þessi ráðstöfun var byggð á því, að sýnilegt þótti, að hinir eldri togarar yrðu svo dýrir í rekstri, að ekki mundi verða mögulegt að gera þá út, enda þá þegar komið á daginn, að svo mundi fara. Sáu menn því fram á, að fækka mundi þeim togurum, sem frá landinu yrði haldið úti á næstu missirum, ef ekki væru gerðar ráðstafanir til þess að fá togara í stað þeirra eldri, sem voru að hverfa úr sögunni. Hefur verið unnið að smíði þessara togara í Bretlandi síðan. Í dag eru horfurnar þannig, að þessir togarar verði tilbúnir á tímabilinu október 1950 til ágúst 1951. Kostnaðarverð þessara togara, fullbúinna með öllum tækjum, þ. á m. fiskimjölsvélum, er, miðað við ástandið eins og það er í dag, £ 1724000, að viðbættum vöxtum. Í samráði við síðasta Alþingi var samið um lántöku í Bretlandi vegna togarabygginganna, og nemur það lán samtals £ 1250000. Var það útborgað fyrir fram, en notað jafnóðum og til þarf að taka vegna smíði skipanna. Mismuninn, £ 474-000 eða 21,617 millj., að viðbættum vöxtum, þarf að greiða öðruvísi. Hefur ríkissjóður orðið að leggja fram fé jafnharðan til þeirra greiðslna, sem ekki hefur verið hægt að taka af láninu í Bretlandi, og hefur ríkissjóður nú orðið að leggja út í þessu skyni kr. 7500000. Er enn eftir að inna af höndum stórar fúlgur vegna togarakaupanna, eins og þessar tölur, sem ég hef nefnt, bera með sér. Togarakaupin hafa hins vegar frá upphafi verið byggð á því, að kaupendur skipanna innanlands tækju að sér greiðslur þeirra vegna ríkissjóði að kostnaðarlausu, þótt ríkið legði fram fé í bili. Hins vegar hefur ríkissjóður ekki neitt fé aflögu, eins og sést á því, hvernig horfir um hans hag og skuldamál öll, og er ríkisstj. því að láta athuga möguleika á viðbótarláni erlendis í þessar greiðslur, og mun stjórnin leggja fyrir hv. Alþingi frv. um heimild til þessarar lántöku; verður það þó aðeins stutt lán.

Eins og ég gat um áðan, var ráðizt í þessi togarakaup fyrst og fremst fyrir áhrif úr stærri togaraútgerðarbæjunum og til þess að koma í veg fyrir minnkandi togaraútgerð í þessum bæjum, og er á því byggt, að þessir bæir taki við togurum upp í pantanir sínar jafnóðum og þeir verða tilbúnir.

Marshalláætlunin og framkvæmd hennar er einn hinn allramerkasti heimsviðburður eftir síðustu styrjöld, og það verður aldrei of sterklega undirstrikað, að ef ekki hefði verið ráðizt í framkvæmd Marshalláætlunarinnar af Bandaríkjamönnum, þá hefði viðreisnin eftir styrjöldina ekki verið komin langt á veg.

Framkvæmd Marshalláætlunarinnar er fólgin í því, að stjórnarvöld Bandaríkjanna verja of fjár á hverju ári til þess að styrkja aðrar þjóðir, aðallega með beinum gjafaframlögum og að nokkru leyti með sérlega hagstæðum lánum, til þess að kosta viðreisnina í þessum löndum. Skattþegnar í Bandaríkjunum, Bandaríkjaþjóðin, leggur til þetta fé, leggur á sig af frjálsum vilja aukna skatta og gjöld til þess að kosta þessa starfsemi.

Það þarf mikla víðsýni til þess að reka slíka pólitík, og það hefði þótt saga til næsta bæjar eftir fyrri heimsstyrjöldina t. d., ef eitthvert land hefði tekið upp slíka stefnu.

Það er orðið mikið fé, sem Íslendingar hafa fengið gegnum Marshallsamstarfið, og leikur mönnum eflaust forvitni á að fylgjast með því. Eru upplýsingar að vísu gefnar af og til annars staðar um þetta, en mér finnst viðeigandi að geta þess einnig við þetta tækifæri, enda ómögulegt að gefa hugmynd um fjárhagsmálin án þess að taka þessi mál með.

Fyrsta Marshalltímabilið fram að 1. júlí 1949 voru veittar 3,5 millj. dollara sem „conditional grant", þ. e. a. s. veitt sem framlag gegn því, að við afhentum vörur til annars lands. Þetta kom því fram sem mjög hagkvæm vörusala frá Íslandi. Á sama Marshalltímabili voru veittar 2,5 millj. dollara sem „grant", eða óafturkræft framlag, og 2,3 millj. dollara að láni til 35 ára, og eru vextirnir 2½%, en lánið er vaxtalaust til ársins 1952.

Á Marshallárinu frá 1. júlí 1949 til 1. júlí 1950 hafa verið veittar 5 millj. dollara í „grant", eða óafturkræft framlag, og 2 millj. dollara að láni. Þetta síðara lán á að greiðast upp á sama tíma og

hið fyrra, og verður lánstíminn þess vegna 33½ ár, vextir eru 2½%, og hefjast vaxtagreiðslur á árinu 1952.

Ekki er enn fullráðið, hversu mikið fé Íslendingar fá á yfirstandandi Marshallári, sem hófst 1. júlí s. l., og er enn þá verið að nota það, sem eftir var af framlagi fyrra Marshallárs. Hafa verið veittar 900 þús. upp í Marshallframlag þessa tímabils.

Fram að fyrsta júlí 1950 höfðu Íslendingar því fengið veitt af Marshallfé 3,5 millj. dollara í „conditional grant", það er andvirði útfluttra vara, 7,5 millj. dollara af „grant", þ. e. gjafafé, og 4,3 millj. dollara í Marshalllán. Hér við bætist svo 4 millj. dollara óafturkræft Marshallfé í gegnum greiðslubandalag Evrópu, sem ég kem að síðar nánar.

Ég get ekki farið út í það hér að gefa yfirlit um, hvernig Marshallgjaldeyrinum hefur verið varið, enda er það gert af og til í öðru sambandi, en ég vil rifja það upp, að samkvæmt ákvörðun þings og stjórnar hefur Marshalllánsfénu verið varið þannig:

Til síldarnótakaupa $ 531693.—, til Hærings $ 625000.—, til Faxaflóaverksmiðjanna $ 142090.—, til Faxaverksmiðjunnar $ 703786. —, til Síldarverksmiðja ríkisins $ 190703.—, til fiskimjölsverksmiðja $ 105610.—. Seinna láninu, sem verið er að taka á móti um þessar mundir, verður varið til Sogsvirkjunar og Laxárvirkjunar samkv. því, sem síðasta Alþingi ákvað.

Eins og menn kannast vafalaust við, þá er sú aðferð viðhöfð, að þótt vara sé keypt fyrir gjafafé, þá er hún greidd að fullu innanlands af þeim, sem hana flytur inn. Andvirðinu er safnað inn á reikning í Landsbankanum, sem kallaður er mótvirðissjóður. Mótvirðissjóður er nú 60,8 millj. kr. Áætlað er, að um áramótin muni mótvirðissjóður nema um 84 millj.

Samþykki Marshallstofnunarinnar þarf til þess að ráðstafa þessu fé, en mótvirðissjóður er eign Íslendinga, að frádregnum 5%.

Fátt er mönnum meira áhyggjuefni en það, hversu einhæfir eru atvinnuhættir okkar. Mun enn almennari skilningur á þessu en áður hefur verið vegna hinna stórfelldu áfalla, sem atvinnuvegirnir hafa orðið fyrir.

Eins og ríkisstj. skýrði frá á Alþingi á síðastliðnu vori, þá hafði hún ákveðið að beita sér fyrir því, að komið yrði í framkvæmd viðbótarvirkjunum við Sog og Laxá og byggingu áburðarverksmiðju. Þetta var byggt á því, að aukin raforkuframleiðsla er ein helzta undirstaða fjölbreyttara atvinnulífs, og á þeirri skoðun, að höfuðnauðsyn væri að efla landbúnaðinn með því að framleiða í landinu sjálfu tilbúinn áburð. Er það þjóðarnauðsyn að styðja þá ræktunar- og framfaraöldu sem nú er risin í landbúnaðinum, og er þetta einn liður í því starfi.

Ríkisstj. var og er ljóst, að engar líkur eru til þess, að hægt sé að koma fram þessum stórvirkjum, nema með því að notfæra sér Marshallaðstoðina til þess, a. m. k. að verulegu leyti. Þess vegna lagði ríkisstj. til, að síðara Marshalllánið yrði látið ganga til Sogs- og Laxárvirkjana, og þess vegna hefur ríkisstj. einnig ákveðið, eins og raunar áður hefur verið tilkynnt á Alþingi, að vinna að því, að mikill hluti af þeim Marshallgjaldeyri, sem enn þá fæst væntanlega og óeyddur er, gangi til þess að kaupa vélar og efni til þessara þriggja framkvæmda.

Þá hefur ríkisstj. einnig ákveðið að vinna að því, að fé úr mótvirðissjóði fáist varið til þess að lána í þessar framkvæmdir, en einnig verður vafalaust að nota eitthvað af fé úr mótvirðissjóði til þess að grynna á lausaskuldum ríkissjóðs.

Ríkisstj. hefur farið þess á leit við alþjóðabankann, að hann láni nokkurt fé til Laxárvirkjunar og Sogsvirkjunar, og einnig haft samband við alþjóðabankann um það, að lánbeiðni verði væntanlega send innan skamms vegna áburðarverksmiðju, og hefur bankanum verið kynnt áætlunin til undirbúnings. Einnig hefur verið unnið að því að kynna alþjóðabankanum áætlun þá, sem gerð hefur verið hér um sementsverksmiðju, og mun ríkisstj. beita sér fyrir því máli, svo fljótt sem hægt er að snúast við þeirri framkvæmd og útvega til hennar nægilegt fé á eftir þeim þrem stórframkvæmdum, sem stj. hefur ákveðið að beita sér fyrir að sitji fyrir Marshallaðstoðinni og því lánsfé, sem fæst frá alþjóðabankanum.

Til þessara fyrirtækja þarf mikið fé. Stofnkostnaðaráætlanir eru þannig, að Sogsvirkjunin er áætluð 139,5 millj., Laxárvirkjunin 44 millj. og áburðarverksmiðjan 76 millj., eða samtals tæplega 260 millj. kr. Það er því auðsætt, að jafnvel þótt nokkuð verði tekið af erlendum lánum til þessara fyrirtækja, þá þarf á miklu fé að halda innanlands.

Marshallstofnunin hefur þegar samþ. Sogsvirkjunina og Laxárvirkjunina og veitt lán í því skyni, eins og ég hef áður greint frá. Unnið hefur verið að því á þessu ári, svo sem almenningi hefur verið tilkynnt og hv. alþingismönnum er sjálfsagt kunnugt, að koma áleiðis áburðarverksmiðjumálinu, og vonum við, að samþykki fáist einnig fyrir Marshallfé í þá framkvæmd nú á þessu hausti, og verði þá hægt að hefja framkvæmdir á næsta ári.

Það er nauðsynlegt að minnast hér á greiðslubandalag Evrópuríkjanna, í daglegu tali skammstafað E.P.U. Þessi nýju samtök Vestur-Evrópuþjóða eru stofnuð að frumkvæði forráðamanna Marshallsamstarfsins og með stuðningi Marshallstofnunarinnar. Tilgangurinn er að örva viðskipti á milli þessara þjóða, gera þeim, sem erfiðar gjaldeyrisástæður hafa, kleift að kaupa samt sem áður af hinum. Fyrirkomulagið er nánast það, að þeir, sem betur standa sig gjaldeyrislega, eignast innstæður hjá þessari stofnun, og hinir, sem lakar standa sig, fá þar lán, sem síðar endurgreiðist jafnóðum og þeim vegnar betur gjaldeyrislega. Jafnframt hafa svo Bandaríkjamenn lagt fram stóra fúlgu til þess að nokkrar þjóðir, sem lakast voru staddar gjaldeyrislega, fengju til ráðstöfunar byrjunarinneignir hjá þessari stofnun. Þessar byrjunarinneignir eru óafturkræft framlag eða gjafafé, og geta þau lönd, sem þessar byrjunarinneignir fá, notað þær frá 1. júlí s. l. til 1. júlí 1951 til þess að greiða með verzlunarhalla sinn við þátttökulöndin. Íslendingar fá 4 millj. dollara í byrjunarinneign, eða 65280000.00 íslenzkra króna.

Þær vörur, sem keyptar eru til landsins fyrir þetta fé, verða hins vegar greiddar af innflytjendum, eins og þær vörur, sem innfluttar eru fyrir Marshallgjafafé, og mótvirðissjóður settur upp á sínum tíma í Landsbankanum, samsvarandi því, sem eytt er af byrjunarframlaginu, og ætti mót-

virðissjóður því að vera kr. 65280000.00 á móti þessu byrjunarframlagi. Þá fær hvert land nokkra lánskvóta, sem það getur notfært sér, eins og ég drap á áðan.

Það skal tekið fram varðandi mótvirðissjóðina, að mjög hlýtur það að fara eftir því, hvernig tekst að koma fjárhagslegu jafnvægi á í landinu, að hve miklu leyti þessir sjóðir geta orðið notaðir til nýrra framkvæmda. Mistakist að stöðva verðbólguna og samræma fjárfestinguna og eyðsluna við þjóðartekjurnar, þá getur svo farið, að mótvirðissjóðirnir étist raunverulega upp eða verði að standa fastir til mótvægis gegn því eyðslufé, sem annars staðar er dregið út, umfram það, sem aflað er. Fari svo, væri framkvæmd hinna nýju fyrirtækja í mikilli hættu.

Þá vil ég minnast á fjárlagafrumvarpið, sem fyrir liggur.

Rekstrartekjur í þessu frv. eru áætlaðar 287387000.00 krónur, en í gildandi fjárlögum kr. 298300000.00. Rekstrargjöldin eru áætluð 246287000.00 kr., en rekstrargjöldin í gildandi fjárlögum eru áætluð 262065000.00 kr. Rekstrarafgangur er áætlaður í fjárlagafrv. 41100000.00 kr., en var áætlaður í fyrra 36267000.00 kr. Tekjurnar eru því áætlaðar nokkru lægri og gjöldin sömuleiðis nokkru lægri en í gildandi fjárlögum og rekstrarafgangurinn nokkru meiri en í gildandi fjárlögum. Tekjurnar eru áætlaðar um 11 millj. kr. og gjöldin tæplega 16 millj. kr. lægri og rekstrarafgangurinn 4,8 millj. kr. hærri.

Tekjur á sjóðsyfirliti eru áætlaðar samtals 292347000.00, en eru áætlaðar á yfirstandandi ári 300843000.00, eða nokkru lægri í frv. en í gildandi fjárlögum. Greiðslur í sjóðsyfirliti eru áætlaðar 286551000.00, en í gildandi fjárlögum eru þessar greiðslur samtals 298843000.00. Greiðslur samtals eru því áætlaðar tæpum 12 millj. kr. lægri en í fyrra. Greiðsluafgangur er áætlaður 5216000.00, en í gildandi fjárlögum 2360000.00, en greiðsluafgang þennan verður að nefna með fyrirvara, sem kemur fram í því, sem segir hér á eftir.

Mun ég þá víkja að nokkrum einstökum atriðum í sambandi við frv.

Þeir liðir, sem lækkað hafa frá því í fyrra, eru aðallega vaxtagreiðslur, en þær lækka vegna þess, að ríkissjóður þarf að greiða minni vexti af hlaupareikningslánum sínum vegna þess, hversu mikið stendur inni í mótvirðissjóði.

Þá fellur kjötstyrkurinn nú alveg út samkv. gildandi lögum, og lækkar það framlag til dýrtíðarráðstafana úr 33,5 millj. í 25 millj. kr.

Framlag til vega, hafnargerða og brúargerða er nokkru lægra en í gildandi fjárlögum, eða samtals 2,6 millj. kr. lægra.

Að öðru leyti eru yfirleitt veittar sömu fjárhæðir til verklegra framkvæmda og gert var á yfirstandandi ári. Vitanlega er það raunveruleg lækkun á fjárveitingum úr ríkissjóði til verklegra framkvæmda og til margra almennra mála, en ekki gat komið til mála að hækka þessar fjárhæðir, því að þá hefði ekki verið mögulegt að koma saman fjárlagafrv. greiðsluhallalausu.

Þá hafa ýmsar ráðstafanir verið gerðar til þess að draga úr beinum útgjöldum ríkissjóðs við starfræksluna, og kem ég að því sérstaklega.

Hækkanir á fjárlagafrv. frá því, sem er í gildandi fjárlögum, eru þær helztar, að afborganir fastra lána hækka um 3,7 millj. kr. Liggja til þess þær ástæður, að miklar lausaskuldir söfnuðust við Tryggingastofnun ríkisins á árinu 1949, eða rúmlega 13 millj. kr. Var ríkissjóði algerlega ofvaxið að greiða þessi vanskil og jafnhliða mánaðarlega veittar fjárhæðir til Tryggingastofnunarinnar. Var því samið um þessi mál við Tryggingastofnun ríkisins á árinu, og verður talsvert greitt á þessu ári upp í þessi vanskil, en um afganginn var samið þannig, að hann greiðist upp á næstu 5 árum, og verður greitt af því 2,6 millj. á næsta ári. Þá varð stjórnin að grípa til þess að taka 4,5 millj. kr. að láni hjá Búnaðarbankanum til þriggja ára, til þess að leggja fram til fóðurbætiskaupa í þeim héruðum, þar sem heyfengur varð gersamlega ófullnægjandi, og hef ég minnzt á það áður. Þetta fé á að greiðast á þremur árum, og varð því að setja á fjárlagafrv. 1,5 millj. kr. í því skyni.

Hefur þá verið frá því skýrt, af hverju afborganir fastra lána hafa hækkað verulega.

Þá hefur verið hækkaður liðurinn útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánum með ríkisábyrgð, úr 4 millj. í 5,5 millj. Þetta er að vísu áætlunarupphæð, og eins og áður segir, er ætlunin að gera nú alvarlega gangskör að því að rekast í þessum málum og rannsaka til hlítar, hvort ekki er hægt að koma í veg fyrir eitthvað af þeim vanskilum, sem yfirvofandi sýnast. En ábyrgðirnar eru orðnar svo gífurlegar, eins og ég gat um áðan, að það þykir ekki varlegt að áætla lægri fjárhæð fyrir þessum greiðslum, og verður þetta þá lítill varasjóður, ef hægt verður að koma að einhverju leyti í veg fyrir yfirvofandi tjón. Það er ástæða til að undirstrika það sterklega, að ef ekki fer betur en á horfist, þá fara ábyrgðargreiðslur ríkissjóðs á hverju ári að nálgast það, sem ríkissjóður leggur fram samtals árlega til nýrra vega á öllu landinu. Þetta sýnir vel, á hvaða braut menn hafa verið í þessum málum. Í þeim verður að eiga sér stað stefnubreyting.

Það skal tekið fram, að í frv. er miðað við 15% verðlagsuppbót á laun, vegna gengislækkunarinnar. Það þurfti að taka ákvörðun um það í júlí snemma, með hvaða uppbót skyldi reikna, og þótti þá rétt að benda stofnunum á að reikna með þessu í áætlun sinni, og hefur því ekki verið breytt. Hins vegar er ástæða til að undirstrika það, að fjmrn. telst svo til, að hækkun á laun, sem svarar einu vísitölustigi, kosti ríkisjóð í auknum launagreiðslum ca. 700 þús. kr.

Ríkisstjórnin hefur í sumar gert athugun á því eftir föngum, hvaða ráðstafanir hægt væri að gera, án langvinns undirbúnings, varðandi almennan sparnað á ríkisrekstrinum. Hefur ekki verið skipuð sérstök sparnaðarnefnd, heldur hefur hver ráðherra og hvert ráðuneyti um sig athugað þessi mál, að því leyti sem undir þau heyrðu. Vil ég nefna nokkrar ráðstafanir, sem stjórnin hefur nú þegar komið í framkvæmd í þessu efni frá því hún tók við eða hefur ákveðið að gera.

Greiðslu launauppbóta var breytt þannig, að nú er greidd, eins og hv. þingmönnum er kunnugt, launauppbót frá 10—17%.

Vinnutíma opinberra starfsmanna hefur verið breytt þannig, að þeir, sem höfðu stytztan vinnutíma áður, vinna nú 38½ klukkustund á viku, og

er það sami tími og tíðkast yfirleitt hjá viðskiptastofnunum í Reykjavík.

Brýnt hefur verið fyrir forstöðumönnum allra starfsgreina að forðast eftirvinnu svo sem frekast er mögulegt.

Ákveðið hefur verið að greiða ekki uppbót né verðlagsuppbót á laun nefnda og við önnur hliðstæð aukastörf.

Ákveðið hefur verið að lækka dagpeninga í ferðalögum utanlands.

Áætlunarbifreiðar póststjórnarinnar hafa verið seldar og sá rekstur lagður niður, en hann var rekinn með verulegu tapi.

Ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að jafna halla á vöruafgreiðslu og uppskipun Skipaútgerðar ríkisins, en á þessu hefur verið verulegt tap.

Dregið hefur verið mjög úr kostnaði við jarðboranir ríkisins með því að taka upp annað fyrirkomulag en áður hafði tíðkazt.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins hefur verið lögð niður og skömmtunin lögð undir fjárhagsráð.

Sendiráðsskrifstofan í Moskvu verður lögð niður fyrir kostnaðarsakir, en áætlað er, að hann mundi ella verða á næsta ári 1,3 til 1,4 millj.

Ákveðið er að leggja niður tilraunabúið í Engey.

Eftirgreind frv. um sparnaðarráðstafanir verða lögð fyrir Alþingi:

Um að sameina Tóbakseinkasöluna og Áfengisverzlun ríkisins í eina stofnun.

Um að sameina nokkur prestaköll.

Um að leggja niður skattdómaraembættið.

Um að leggja niður embætti flugmálastjóra.

Um að leggja niður embætti loðdýraræktarráðunauts ríkisins og fela störf hans Búnaðarfélagi Íslands.

Um að leggja niður embætti veiðimálastjóra.

Þá hefur verið lagt niður embætti héraðslæknisins í Reykjavík.

Enn fremur hefur verið ákveðið að fækka eða þegar verið fækkað um eftirtalda starfsmenn: 1 fulltrúa í félagsmálaráðuneytinu, 1 fulltrúa í viðskiptamálaráðuneytinu og 1 fulltrúa í utanríkismálaráðuneytinu svo og einn ritara þar, fulltrúa hjá skipulagsstjóra og ritara, einn námsstjóra barnafræðslunnar að minnsta kosti, tvo arkitekta hjá húsameistara ríkisins, bókara í skrifstofu raforkumálastjóra, einn starfsmann hjá matvælaeftirlitinu, dyravörð í atvinnudeildinni, einn bifreiðaeftirlitsmann.

Þá hefur verið ákveðið að lækka kostnað við húsaleigunefndir og leggja fyrir Alþingi frv. um, að ríkissjóður hætti þátttöku sinni í kostnaði við vinnumiðlunarskrifstofur.

Þetta eru þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar, eða ákveðið hefur verið að gera eða að gera till. um. Frekari ráðstafanir eru í athugun. Sérstaklega er rétt að taka það fram, að ríkisstj. hefur gert ráðstafanir til þess að fá sérfræðing frá Bandaríkjunum til þess að skoða fyrirkomulag á starfrækslu ríkisins og alla vinnutilhögun með það fyrir augum að koma á hagfelldari vinnubrögðum og bættu skipulagi, sem gæti sparað fé. Var það ætlun ríkisstj., að þessi sérfræðingur gæti komið strax í sumar, en ekki hefur reynzt mögulegt að tryggja aðstoð hans fyrr en nú, að hann er nýkominn til landsins. Munu tillögur hans og þeirra manna, sem með honum starfa, verða teknar til íhugunar af ríkisstj. jafnharðan og þær berast og ráðstafanir síðan gerðar af ríkisstj. um þær breytingar, sem hagfelldar virðast að slíkri athugun lokinni.

Fram að þessu hefur verið sífelld útþensla nú um nokkurt skeið á öllu starfskerfi ríkisins. Með þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur þegar gert, er nú snúið við á þeirri braut, og er áríðandi, að unnið verði áfram að því að koma á betri og einfaldari starfsháttum og sparnaði í þessum greinum.

Eins og ég gat um áðan, þegar ég minntist á tekjuáætlun fjárlagafrv., þá er gert ráð fyrir nokkru lægri tekjum á næsta ári en áætlaðar eru í fjárlögum þessa árs. Það er allnáin grein gerð fyrir tekjuáætluninni í athugasemdum við frv., og ætla ég ekki að endurtaka hér það, sem þar stendur um einstaka liði, læt nægja að benda á, að hefði ríkisstj. talið mögulegt að reikna með svipuðum þjóðartekjum og svipuðum viðskiptum yfirleitt, eins og þó var reiknað með, þegar tekjuáætlunin var gerð í vor, þá hefði átt að vera óhætt að áætla tekjur ríkissjóðs á næsta ári nokkru hærri en þær voru settar í gildandi fjárlögum. Þetta stafar af því, að gengislækkunin eykur allmjög tolltekjurnar að óbreyttu vörumagni, og átti sú hækkun fyrst að koma fram til fulls á næsta ári. Þetta þótti hins vegar alls ekki fært, og er því tekjuáætlun þessa frv. miðuð við mun minni vöruinnflutning á næsta ári en gert var ráð fyrir í vor, þegar gengið var frá fjárlagafrv. Það er óhjákvæmilegt að reikna með slíkum samdrætti, þótt það geri öll þessi mál erfiðari viðfangs.

Ég minntist á það hér áðan, hversu mjög vöruinnflutningur nú byggðist á Marshallframlögum og öðru gjafafé og ef við ætlum ekki að stranda með hin stóru fyrirtæki, sem við ætlum okkur að kosta af Marshallfé, þá verður ekki hægt að nota slíkt fé í jafnstórum mæli á næsta ári til annars innflutnings en þeirra. Þótt vonandi þurfi ekki að reikna með því, að jafnhörmulega takist til með framleiðsluna á næsta ári og tekizt hefur í ár, þá er samt sem áður hættulegt að vera bjartsýnn um útflutningsmöguleikana og innflutningsmöguleikana. Hér er að vísu reiknað með um 20% lækkun á innflutningsmagninu frá því, sem það var 1949, en innflutningsmagnið hlýtur líka að verða minna en það varð þá, svo framarlega sem þjóðin ætlar ekki að steypa sér í botnlausar skuldir, nema við fáum góð aflaár, en þá verðum við líka að vera vissir um verulegan afgang og bata, og þess vegna má ekki reikna óvarlega.

Af þessu verður sú ályktun dregin, að ekkert má út af bera á Alþingi um meðferð fjárlaganna, ef þau eiga að verða afgreidd greiðsluhallalaus. En eins og nú standa sakir, verður að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög. Hið almenna fjárhagsástand er þannig, að það er ekki hægt að slaka á þeirri kröfu.

Starfsmannaskrá fylgir nú fjárlagafrv. Hún er miðuð við það ástand, sem nú er í þeim málum, en þó tekið tillit til þess, sem ríkisstj. hefur þegar ákveðið eða leggur fram tillögur um á Alþingi og ég lýsti áðan. Er hún með þeim fyrirvara, eins og segir í grg., að breytingar verði gerðar að lokinni nánari rannsókn þessara mála, eftir því sem hagkvæmt verður talið.

Mér þykir rétt að víkja nokkuð að viðskiptum út á við, það sem af er þessu ári.

Til þess að þær tölur, sem ég nefndi í því sambandi, verði sambærilegar við fyrri tíma, þá eru þær umreiknaðar og miðaðar við nýju gengisskráninguna, bæði þær tölur, sem snerta innflutning og útflutning á þessu ári, og eins þær, sem varða inn- og útflutning á fyrri árunum tveimur, sem tekin eru til samanburðar. Síðustu tölurnar, sem ég hef, eru frá 1. sept. s.l.

	Útflutningur	Innflutningur, að undansk. skipum	Vöruskiptajöfnuður skv. því jákvæður (+) eða neikv. (÷)
1948 . . .	532,6	525,0	+ 7,6
1949 . . .	359,6	511,5	÷ 151,9
1950 . . .	273,3	406,7	÷ 133,4

Verðmæti útflutningsins hefur þannig verið 24,0% minna 9 fyrstu mánuðina í ár en á sama tíma í fyrra, og 48,7% minna en 1948. Verðmæti innflutningsins er nú 20,5% minna en á sama tímabili í fyrra, og 22,5% minna en 1948.

Vöruskiptahallinn nemur í ár 32,8% af verðmæti innflutningsins, 29,6% á sama tímabili í fyrra, en árið 1948 var jákvæður vöruskiptajöfnuður, sem nam þó ekki nema 1,4% af verðmæti innflutningsins.

Skipainnflutningurinn ómeðtalinn hefur numið sem hér segir, miðað við núgildandi gengi:

1948 jan.—sept.	101,5	millj.	kr.
1949 — —	56,1	—	—
1950 — —	27,8	—	—

Eins og sést á þessu, hefur viðskiptajöfnuðurinn verið orðinn hörmulega óhagstæður þrátt fyrir stórlækkaðan innflutning og útflutningurinn lækkað mjög. Kemur þar til greina fyrst og fremst, eins og tölurnar sýna, stórkostleg lækkun á útflutningsverðmæti togaranna, og hjálpast þar að hrun ísfisksmarkaðarins framan af ári og togarastöðvunin, sem búin er að gera landinu milljónatugatjón, tjón, sem mun segja til sín í rýrnuðum lífskjörum allrar þjóðarinnar á næstu mánuðum og missirum og ekki er hægt að flýja frá, hvernig sem menn fara að. Einnig sýnir sig, að markaðshrun freðfisksins — þorsksins — hefur einnig haft stórfelld áhrif, að ógleymdu því, að síldveiðin norðanlands brást einu sinni enn þá.

Þessi áföll hafa að sjálfsögðu haft í för með sér stórfellda minnkun á innflutnings-vörumagninu frá því, sem orðið hefði og þyrfti að vera, og valdið gífurlegum vöruskorti.

Samt sem áður mun sú spurning vera ofarlega í hugum margra, hvernig á því getur staðið, að menn hafa þó getað keypt til landsins þær vörur, sem komið hafa, þrátt fyrir þessi áföll. Svarið við því er einfaldlega það, að þjóðin hefur að miklu leyti lifað á gjafapeningum, sem borizt hafa af því fé, sem Bandaríkin leggja nú fram til viðreisnar og aðstoðar Evrópuþjóðunum.

Það eru horfur á því nú, að Íslendingar muni nota á þessu ári vörur fyrir ca. 80 millj. kr. af Marshallgjafafé og sennilega um 40—45 millj. kr. af E.P.U. framlagi, þ. e., framlagi frá greiðslubandalagi Evrópu, eða samtals ca. 120—125 millj. Er því ekki ósennilegt, að á milli 20 og 25% af öllum innflutningi ársins verði greitt með gjafafé. Stór hluti af þessu er í raun réttri rekstrarhalli á þjóðarbúinu. Enda þótt nokkuð af þessu fé fari til framkvæmda, þá er nú svo komið á þessu ári, að meira fer til venjulegra vörukaupa, þegar Marshallfé og E.P.U.-fé er talið saman eins og hér er gert.

Á þessu ári hafa Íslendingar ekki unnið fyrir úttekt sinni, og er það harla mikið áhyggjuefni.

Það verður seint fullmetinn sá stuðningur, sem Bandaríkjamenn veita Íslendingum og öðrum þjóðum með þessum miklu framlögum, til þess að styðja viðreisn og framfarir og mæta áföllum. Menn ættu hins vegar að gera sér þess fulla grein, að þeim eru takmörk sett og að þessu getur ekki farið fram um alla framtíð. Úr þessu hlýtur að draga, og mistakist að koma framleiðslu- og atvinnumálum Íslendinga í betra horf og öruggara en nú er og sníða eyðsluna við eigin tekjur þjóðarinnar, þá munu erfiðir tímar fram undan. Á gjafafé verður ekki lifað til frambúðar. Engir hafa brýnt það betur fyrir Evrópumönnum en einmitt Bandaríkjamenn, sem viðreisnarféð láta af hendi, að allt verða menn að miða við það að nota gjafafjártímabilið til viðreisnar og til aukningar framleiðslunni.

Það verður ekki annað sagt en alvarlega horfi um afkomu þjóðarinnar á þessu yfirstandandi ári, og valda þar bæði óviðráðanlegar ástæður og sjálfskaparvíti. Til sjálfskaparvítanna teljast hin stórfelldu verkföll og vinnustöðvanir, sem rakað hafa af þjóðinni tugi milljóna og hljóta að eyðileggja afkomumöguleika hennar gersamlega í framtíðinni, ef ekki verður hægt að finna heppilegri leiðir til þess að skera úr ágreiningi um skiptingu þjóðarteknanna en svo langvinnar vinnustöðvanir.

Samt sem áður er rétt að menn geri sér far um að sjá það skýrt og greinilega, að þótt illa horfi og illa hafi gengið, þá hefði getað farið enn verr.

Það lá áreiðanlega nærri, að á þjóðina herjaði á þessu ári sá draugur, sem einna skæðastur er, atvinnuleysisdraugurinn, af fullri hörku og miskunnarleysi. Tvennt kemur til, að svo hefur ekki orðið enn þá. Annars vegar viðreisnarféð, sem til landsins hefur verið lagt og ég hef gert nokkra grein fyrir. Hins vegar það, að ekki var lengur dregið að lækka gengi íslenzkrar krónu á síðast liðnum vetri. Hefði það ekki verið gert, þá hefði öll framleiðsla stöðvazt þegar á öndverðu ári og afleiðingin orðið atvinnuleysi og bágindi.

Það er engin tilviljun, að þeir, sem trúa á eymdina og atvinnuleysið, kommúnistar, hamast mest út af þessu tvennu, viðreisnarsamstarfinu, sem kennt er við Marshall, og gengislækkuninni, því úrræði, sem þrátt fyrir allt hefði þó tryggt fulla notkun allra framleiðslutækja á þessu ári, ef togararnir hefðu ekki verið stöðvaðir af óskyldum ástæðum.

Fáein orð vil ég segja um gengisbreytinguna og áhrif hennar.

Aldrei hefði það getað komið til mála, þótt sumir séu að tala um það, að greiða af almannafé og taka á styrk alla framleiðslu landsmanna, bátaútgerð, togaraútgerð og allt annað, eins og komið var málum um framleiðslukostnað og afurðaverð í fyrra vetur.

Það hefði þurft að hlaða á þjóðina a. m. k. 150—180 millj. í nýjum sköttum og tollum, á sama tíma sem grundvöllurinn undir slíkri tekjuöflun dróst stórkostlega saman, svo sem sýnt er af því, sem upplýst hefur verið hér að framan í sambandi við afkomuhorfur ríkisins á þessu ári og því næsta.

Hefði ekki verið gripið til þess úrræðis að breyta gengi krónunnar, hefði íslenzk framleiðsluvara til útflutnings orðið að standa í stað eða stórlækka í verði til framleiðenda á þessu ári frá því sem hún var í fyrra, á sama tíma sem aðfluttar vörur hækkuðu og framleiðslukostnaðurinn jókst, sem var þó orðinn áður allt of hár. Enginn Ameríkumarkaður hefði getað komið til greina fyrir frystan fisk, og vita menn svona hér um bil, hvað það hefði þýtt fyrir bátaútveginn og hraðfrystinguna. Karfaveiðarnar, sem hafa gefið þeim góða raun, sem hafa getað stundað þær, hefðu ekki getað komið til greina að óbreyttu gengi. Faxasíld hefði ekki getað orðið nýtt til söltunar að óbreyttu gengi. Útflutningsverð á saltfiski hefði orðið að lækka í tæpl. 1,50 kr. pr. kg fob., og svaraði til sem næst 44 aura verðs til framleiðenda, og þannig mætti telja og sýna, hvernig verðið hefði orðið að lækka til framleiðenda og hin dauða hönd athafnaleysisins lagzt yfir allt framleiðslulíf. Hvað hefði það lengi staðizt?

Sumir hafa verið að tala um, að gengislækkunin hafi verið óhagstæð landbúnaðinum. En réttara væri að gera sér grein fyrir því, að ástandið, sem ríkti í þessum efnum, sú vitleysa öll var að grafa grunninn undan landbúnaðinum, eins og annarri framleiðslu. Það borgaði sig ekki lengur að rækta gras og var talið ódýrara að fóðra með fóðri, sem ræktað var vestur í Ameríku, en með íslenzku heyi. Hvað halda menn svo að íslenzkur landbúnaður hefði lengi þrifizt við slíka aðstöðu? Hvaða gagn gerði það, þótt ódýr fóðurbætir væri til vestur í Ameríku, sem átti fræðilega skoðað, eftir gamla genginu, að verða ódýrt fóður, jafnvel ódýrara en íslenzkt gras, þegar enginn gjaldeyrir var lengur til til þess að kaupa slíkan fóðurbæti til landsins? Þjóðinni var að blæða út vegna þess, hvernig verðbólgan var búin að skekkja öll hlutföll á milli framleiðslukostnaðar og vöruverðs og verðlags hér og í öðrum löndum. Ekkert borgaði sig að framleiða á Íslandi. Hægt var að lifa tvö ár erlendis fyrir eins árs kaup á Íslandi, og allt eftir því. Landbúnaðurinn hefði ekki lengi þrifizt eftir að útflutningsframleiðslan var stöðvuð, engan gjaldeyri að hafa fyrir erlenda fóðrið og innanlandsmarkaðurinn hruninn í rúst, sem vitaskuld hlaut að verða án tafar.

Það vantar ekki, að það hefur verið reynt að gera þessa ráðstöfun tortryggilega í augum landsmanna, og þá ekki sízt launafólks, og í raun réttri hafa sumir gert allt, sem í þeirra valdi hefur staðið, til þess að hún komi ekki að því gagni, sem fyrirhugað var.

Það þurfti ekki mikla spekinga til þess að vita það fyrir, að mikla verðhækkun hlaut að leiða af svo stórfelldri gengislækkun, sem grípa varð til, og var ekki farið dult með það fyrir fram af þeim, sem beittu sér fyrir henni, að svo hlyti að verða. Samt sem áður hafa andstæðingar gengislækkunarinnar gert sig hlægilega með því að úthrópa sem sérstakt undur hverja verðhækkun, sem eðlilega hlaut af þessari ráðstöfun að leiða. Þetta hefur átt að magna óánægju með þessa ráðstöfun, án þess þó að bent hafi verið á nokkra aðra ráðstöfun, sem hefði gert sama gagn, en komið léttara niður. Launafólk hefði áreiðanlega ekki verið betur sett en það er nú, þótt farið hefði verið eftir fjasi þeirra, sem þykjast hafa verið á móti gengislækkun. Sannleikurinn er sá, að gengislækkunin hefur forðað frá allsherjarhruni og allsherjarstöðvun, sem hefði verið óumflýjanlegt, ef ekki hefði verið til hennar gripið.

Þeir miklu erfiðleikar, sem landsmenn eiga enn þá við að stríða, eiga sem sé ekki rætur sínar að rekja til gengislækkunarinnar og eru ekki til komnir vegna hennar, heldur þrátt fyrir framkvæmd hennar. Hvað sem um þessi mál verður sagt, þá stendur það fast, að gengisbreytingin miðar að því að koma á meira jafnvægi, að án hennar hefði engu tauti verið við neitt komið og að vegna hennar vottar fyrir því, að í betra horf sæki, úr því algera öngþveiti, sem öll fjárhags- og framleiðslumál voru í komin. Vegna hennar hafa framleiðslutækin verið notuð, önnur en þau, sem deilur hafa stöðvað. Vegna hennar hefur verið hægt að losna við ábyrgðarkerfið, sem hafði afar ill áhrif á framleiðslu og útflutningsverzlunina. Vegna hennar m. a. hefur verið fram að þessu hægt að verjast atvinnuleysi og draga stórlega úr yfirvofandi rýrnun lífskjara.

Hitt er svo annað mál, að ýmislegt hefur haft áhrif á rás viðburðanna, og nokkur atriði er nauðsynlegt að benda á, þegar meta skal, hvernig nú er ástatt, og athuga, að hvað miklu leyti gengisbreytingin hefur orðið til þess að laga ástandið. Þessi atriði eru m. a.:

1. Verðlag erlendis á mörgum þeim vörum, sem Íslendingar þurfa að kaupa, hefur hækkað og hækkunin á framfærslukostnaði því orðið meiri en hægt var að gera ráð fyrir og meiri en gengisbreytingin orsakar.

2. Verðlag á fiski hefur hins vegar ekki einu sinni haldizt svo sem það var, þegar gengisbreytingin var gerð, og svo sem reiknað var með. Var það þó grundvöllur undir þeim miklu uppbótum á kaupgjald og afurðaverð, sem ákveðnar eru í sjálfum gengislögunum. Verðlag á fiski innanlands hefur því staðið í stað fram að þessu, þrátt fyrir gengislækkunina.

3. Síldveiðarnar hafa algerlega brugðizt í sjötta sinn.

4. Togaraverkfallið hefur haldið togaraflotanum föstum um margra mánaða skeið.

5. Verðlag á ísfiski hrundi í markaðslöndunum og freðfiskmarkaðurinn dróst saman.

Þetta eru orsakir þeirra stórfelldu vandræða, sem menn eiga nú við að glíma og ekki verður séð, hvernig úr rætist. Sumir þykjast vera þess um komnir að halda því fram, að það sé gengislækkuninni að kenna, að ekki gengur allt að óskum. Það er í rauninni hart að þurfa að eyða orðum að öðru eins og þessu, en rétt er að biðja menn að hugleiða, hvernig þessum mönnum mundi verða við, ef þeim væru afhent umráð þessara mála og lagt fyrir þá að standa við tal sitt og færa gengið aftur í sama horf og það var fyrir 20. marz í vetur, sterlingspundið í 26,09 og annan gjaldeyri í samræmi við það. Það þarf ekkert annað en að

hugsa sér þetta, til þess að sjá, hvílík fjarstæða það er, sem þessir menn hafa haldið fram.

Gengisbreytingin var óhjákvæmilegt neyðarúrræði, mikilvæg ráðstöfun eins og á stóð, til þess að reyna að koma á auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum í stað öngþveitisins, sem verðbólgan hafði skapað. Henni fylgdu ráðstafanir í fjármálum, sem áttu að styðja að þessu marki. Áhrif þessara ráðstafana eru ekki nándar nærri komin í ljós enn þá, og atburðir hafa skeð, sem gera það að verkum, að erfiðar sækist en menn gat órað fyrir. Samt er það ljósara en áður, að rétt var farið að á hættustund og gífurlegum óhöppum afstýrt.

Framtíðin er í óvissu og meðal annars óljóst enn þá, hver áhrif sýnileg verðhækkun á ýmsum vörum hefur á afkomu framleiðslunnar hér og þjóðarbúskapinn. Eitt er hins vegar alveg víst. Verði fjárfestingunni ekki stillt í eðlilegt hóf og verði kröfum á hendur framleiðslunni ekki stillt í hóf, verði þær ekki miðaðar við það, sem framleiðslan getur borið, þá verður þjóðinni á ný hrundið út í fen verðbólgunnar.

Svo er sagt í fræðum kommúnista, að vel sé plægður akur fyrir þeirra útsæði, þar sem verðbólgan ræður ríkjum. Þeir munu hafa talið sig góða ræktunarmenn á sína vísu, þegar þeir með margvíslegum störfum og undirróðri á undanförnum árum áttu góðan hlut að því að skapa það öngþveiti, sem gerði gengislækkun óumflýjanlega. Nú mun það verða helzta verkefni þeirra á næstunni að reyna að hrinda öllu í sama fenið aftur. Aðferðin mun verða sú sama og áður og sú sama, sem þeir nota í nálægum löndum, þótt hún beri lítinn árangur þar, sem sé barátta fyrir „nýjum kjarabótum", eins og það verður kallað. Það væri ekki vandlifað, ef það væri örugg aðferð til þess að bæta lífskjörin að knýja fram kauphækkanir.

Hinn einfaldi sannleikur í þessum málum er vitaskuld sá, að það er óhugsandi fyrir menn að hafa nokkurt gagn af almennum kauphækkunum, nema því aðeins að þær styðjist við aukningu á framleiðslu eða atvinnuvegirnir séu aflögufærir af gróða. Sé hvorugt fyrir hendi, er allt af mönnum aftur tekið með aukinni verðbólgu, hvernig svo sem menn reyna að koma sér undan. Þetta hefur vinnandi fólk í nálægum lýðræðislöndum séð fyrir löngu, og þess vegna lætur það ekki kommúnista ráða fyrir sér í þessum efnum, og ekki heldur þá, sem láta leiðast út í að brjóta þessi lögmál og misnota samtökin til þess að koma á svokölluðum kjarabótum, á pappír, sem ekkert gagn er að í reyndinni. Slíkt hefnir sín í aukinni dýrtíð eða atvinnuleysi, sem kemur harðast niður á alþýðu manna. Í þessum löndum fela launastéttirnar forustuna mönnum, sem þær treysta til þess að meta, hvenær réttmætt er og sanngjarnt að breyta kaupgjaldinu til hækkunar, þannig, að af því leiði raunverulega bætt lífskjör, en verði ekki til þess að losa skriðu, sem fellur á alþýðuna sjálfa. Í þessum löndum hefur alþýðan falið forustuna mönnum, sem gera sér grein fyrir því, hvaða ábyrgð þeir bera, sem fara með málefni sterkustu samtaka landsins, og vita, að lýðræðisþjóðfélag getur í rauninni ekki staðizt, ef þeir bregðast skyldu sinni. Þessir menn mundu ekki vera í neinum vafa um, að eins og ástatt er nú hjá okkur um framleiðsluna, þá er aðalhættan sú, að verkalýðurinn og launastéttirnar hafi ekki einu sinni gagn af þeim almennu kauphækkunum, sem nú eiga sér stað, þ. e. a. s. þeim uppbótum, sem út eru mældar samkvæmt gengislögunum, hvað þá af frekari almennum kauphækkunum.

Vegna þess, að framleiðslan er yfirleitt ekki aflögufær, vofir sú stórfellda hætta yfir, að almennar kauphækkanir orsaki samdrátt hennar og stórfellt tjón eða kalli á gagnráðstafanir jafnharðan, sem geri að engu og minna en engu þær hækkanir, sem gerðar eru. Trúnaðarmenn launamanna, sem settir voru á þessu ári til þess að gera sér grein fyrir þessum málum, munu hafa lagt höfuðáherzlu á það, að eins og ástatt væri í landinu, þá mundu almennar kauphækkanir ekki geta orðið til þess að auka varanlega hlut launþega í þjóðartekjunum.

Þegar til lengdar lætur, fara lífskjör almennings alveg eftir því, hvernig framleiðslan gengur, hversu mikið er framleitt og hvernig það selst. Um öll lönd kveður við hvatning um meiri afköst og framleiðslu, enda er það talin undirstaða bættra lífskjara. Leiðtogar launamanna ganga manna bezt fram í þessu.

Alls staðar er undirstrikað sambandið milli framleiðsluafkastanna og lífskjaranna. Þetta leggja allir áherzlu á, nema auðvitað kommúnistar, þó aðeins kommúnistar utan Rússlands, því að í Rússlandi verða þeir einhvern veginn að sjá búskap sínum borgið og geta ekki leyft sér að flytja rangar kenningar um þetta efni. Í öðrum löndum er það þeirra hlutverk að rugla dómgreind manna og reyna að koma því til vegar, að menn missi sjónar á sambandinu, sem verður að vera á milli aukinnar framleiðslu og kauphækkana, sem eiga að koma að gagni. Þeirra hlutverk er að fá svokallaðar kjarabætur settar á pappír, en vinna jafnframt að því að draga úr afköstunum og framleiðslunni, til þess að koma í veg fyrir, að kjarabæturnar komist lengra en á pappírinn, óánægjan geti haldið áfram og svikamyllan stöðvist ekki.

Því fer víðs fjarri, að okkur sé hér yfirleitt nógu vel ljóst sambandið á milli lífskjaranna og afkastanna, og yfir þjóðinni vofir stórfelld hætta í þessu efni. Þjóðin tekur á móti miklu gjafafé. Vegna þess, hvernig gengur með framleiðsluna hér hjá okkur, að hún er of lítil til þess að mæta þeirri neyzlu, sem þjóðin leyfir sér nú, þá lifir þjóðin orðið að verulegu leyti á þessu fé. Við megum vara okkur. Við verðum sannarlega að athuga, hvar við erum stödd, og gera gangskör að því að auka framleiðsluna. Ef við ekki tökum okkur á, getum við orðið að bónbjargarlýð, sem sífellt hækkar tekjur sínar á pappírnum, framleiðir minna og minna, en leitar sér gjafa til þess að draga fram lífið, sem smátt og smátt verður ekkert kóngalíf, ef menn hætta að bjarga sér.

Við erum áreiðanlega í háska stödd í þessu efni. Vinnuáhuginn er of lítill hjá fjölmörgum. Menn sýnast engin ráð kunna til þess að ráða fram úr vandamálinu um ákvörðun kaupgjalds. Þær vinnuaðferðir, sem nú eru viðhafðar í þeim málum, leiða sýnilega fátækt og þrengingu yfir alla þjóðina.

Stórlega skortir á um vöruvöndun og fjölbreytni

í framleiðslunni. Okkur er yfirleitt alls ekki nógu ljóst sambandið á milli þess að lifa við góð lífskjör og að vinna vel og framleiða mikið.

Það er vafasamt, að nokkur 140 þús. manna hópur hafi jafnmikið umleikis og Íslendingar. Það er ekkert smáræði, sem til þess þarf að halda uppi nýtízku þjóðfélagi. Slíkt er ekki létt verk fyrir 140 þúsund manns í tiltölulega stóru landi. Það er furðumikið, sem íslenzka þjóðin hefur afrekað á undanförnum árum. Það á þjóðin mest því að þakka, að menn hafa sótt störf af áhuga og kappi á Íslandi. En þetta er allt í hættu, ef þjóðin dregur af sér.

Það þarf að snúa sér að vandamálum framleiðslunnar og herða starfið. Samtök launafólks í landinu og samtök framleiðenda og atvinnurekenda verða að auka samvinnuna sín á milli og finna nýjar aðferðir til að auka framleiðsluna.

Öll meiri háttar félagssamtök í landinu verða að taka höndum saman og mynda áhugahreyfingu, til þess að efla vinnuáhuga og starf og vekja skilning á því, hvað hér er í húfi. Öll þjóðin, nema forsprakkar kommúnista auðvitað, því að til þeirra þýðir ekki að gera kröfur um ábyrgð í þessu efni, verður að skilja, að með þessu móti einu getum við barizt með árangri gegn fátæktinni og tryggt velmegun. Það er ekki til önnur leið til þess að vinna gegn rýrnun lífskjara en sú, að auka afköst og framleiðslu. Árangurinn kemur fram í auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum, lækkun á verðlagi nauðsynja eða kauphækkunum, sem þá fyrst verða til hagsbóta fyrir vinnandi fólk, þegar þær byggjast á vaxandi framleiðslu og þjóðartekjum.

Einkunnarorðin þurfa að verða: Mikil afköst, mikil framleiðsla, góð lífskjör.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur lagt fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar fyrir hv. Alþingi og skýrt frá fjárhagsástæðum ríkissjóðs. Því ber að fagna, að fjárlagafrv. er að þessu sinni nr. 1 meðal þingskjala, og er vonandi, að Alþingi beri gæfu til að afgreiða fjárlög fyrir áramót. Á þetta ber að sjálfsögðu að leggja ríka áherzlu. Því miður hefur Alþingi nokkur undanfarin ár neyðzt til þess að draga afgreiðslu fjárlaga fram á ár það, er fjárlög áttu að gilda fyrir. Sú ástæða hefur verið færð fyrir þessum drætti, að leysa þyrfti vandræði útgerðarinnar í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Úrlausn útgerðarmálanna hefur tekið svo langan tíma á ári hverju, að fjárlagaafgreiðslan hefur tafizt hennar vegna.

Hæstv. ríkisstj. var mynduð á þessu ári til þess að koma á framfæri frambúðarúrlausn, sem hún svo nefndi, á vandamálum útvegsins. Gengislækkunarlöggjöf hæstv. ríkisstj. átti eftir hennar sögn að lækna meinsemdir útgerðarinnar. Vera má, að hæstv. ríkisstj. sé þeirrar trúar, að þar séu engin vandræði lengur á ferðum, og þá þarf að sjálfsögðu engrar frekari lækningar með, eða þá að hæstv. ríkisstj. sjái einhver hulin ráð til þess að koma útgerðinni á stað á vertíð án þess að leggja neitt fé fram úr ríkissjóði í þessu skyni. Hvort sem heldur væri, þarf hæstv. Alþingi ekki annað en að flýta sér að afgreiða fjárlögin, fara svo heim um áramótin og reka þannig af sér slyðruorðið um sleifarlag á afgreiðslu fjárlaga. Þjóðin býr nú við hið gullna jafnvægisástand gengislækkunarinnar, og það á, eftir sögn hæstv. ríkisstj., að fleyta henni yfir alla örðugleika. Ef svo er, væri mikið lán fyrir þjóðina að eignast slíka ríkisstj. og slíkan fjmrh., sem hyggst á svo auðveldan hátt leysa vandræði, sem áður hafa tekið Alþingi marga mánuði.

Hæstv. fjmrh. hefur að sjálfsögðu undirbúið fjárlagafrv. þetta af sínum alkunna dugnaði. En við lestur frv. saknar maður efnda ýmissa loforða, sem hæstv. ríkisstj. gaf í sambandi við gengislækkunina. Eða hvar eru tollalækkanir þær, sem heitið var? Tekjuáætlunin er að vísu lækkuð hvað tollum og sköttum viðkemur frá núgildandi fjárlögum um rúmar 12 millj. kr., en sú lækkun stafar af minnkandi vonum um innflutning og einnig af því, að hæstv. fjmrh. áætlar minnkandi þjóðartekjur þrátt fyrir loforð gengislækkunarmanna um, að þær færu vaxandi. Á öllum sviðum er gert ráð fyrir að halda þeim sköttum og tollum, sem giltu fyrir gengislækkunina, og enn fremur þeim hækkunum, sem á tollunum urðu vegna hennar.

Hv. alþm. og aðrir áheyrendur eru þess minnugir, að aðalmótbáran gegn því að fara áfram hina svonefndu uppbótaleið og niðurgreiðslu var sú, að tollarnir og skattarnir yrðu óbærilegir. Hins vegar var því óspart haldið fram af forsvarsmönnum gengislækkunarinnar, að tollarnir mundu lækka við gengislækkunina, og það til muna. Þessi gullnu loforð um lækkun tolla eru að vísu ekki nema rúmlega sjö mánaða gömul, en sízt bólar á uppfyllingu þeirra í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj.

Hækkun tollanna og skattanna vegna gengislækkunarinnar er þó ekkert smáræði. Tekjuskattur og útsvar hækkar á hverjum manni vegna aukinnar dýrtíðar, verðtollur hefur hækkað um 48—53% og söluskattur um 64—72%. Loforðin um tollalækkanir í sambandi við gengislækkunina hafa valdið fullum vonbrigðum eins og önnur loforð um stöðuga atvinnu og þess háttar hlunnindi, sem gengislækkunin átti að færa mönnum. Mun ég koma að því síðar, en vil fyrst víkja nokkrum orðum að gjaldahlið frv.

Hæstv. fjmrh. hefur í fjárlagafrv. sýnt lofsverðan áhuga á því að leggja niður nokkur óþörf embætti, eins og t. d. sendiráðið í Moskva og embætti flugmálastjóra. Ber að þakka þetta og viðurkenna. Mætti eflaust fara nokkru lengra á þessari braut, svo sem að sameina skyldar ríkisstofnanir og skipuleggja betur störf þeirra, sem þar vinna. Þeir, sem eru í þjónustu ríkisins, ættu að taka slíku með þökkum og skilningi. Þó verður að gæta þess að skera ekki svo fjárveitingar við nögl, að starfsmenn ríkisins fái ekki nauðsynleg áhöld og aðbúð, svo að störf þeirra geti komið að fullu gagni. Við fljótan yfirlestur athugasemda við frv. gætu sumar þeirra bent á, að slíkt ætti sér stað, sums staðar væri hafður í frammi nokkur naglaskapur, en á öðrum stöðum ofrausn við gæðinga. Við fækkun embætta verður að gæta þess að leggja ekki niður nauðsynlega starfrækslu. Veiðimálastjórinn er farinn til útlanda. Embættið á að leggjast niður; en hver er ætlunin með fiskiræktina? Á jafnframt að leggja hana niður, þó að hún sé bæði nauðsynleg og arðsöm? Þá virðast námsmenn erlendis ekki eiga upp á pallborðið hjá hæstv. fjmrh., og skáld, vísindamenn og listamenn eiga engrar uppbótar að njóta á síhækkandi dýrtíð. Vitað er, að atvinnuleysi er orðið mjög mikið víða á landinu þrátt fyrir loforð gengislækk-

unarmanna um stöðuga atvinnu. Er því frekar en nokkru sinni fyrr aukin þörf til afskipta og fyrirgreiðslu um vinnumiðlun. Til þess var áætlað á þessa árs fjárlögum 100 þús. kr., en er nú fellt niður af hæstv. fjmrh. Ekki dró ríkissjóð mikið um þessa upphæð, en tillagan um niðurfellingu sýnir lítinn skilning á þörfum verkamanna.

Húsaleigueftirlit var áætlað á núgildandi fjárlögum 179 þús. kr., en er nú áætlað kr. 134832. Húsnæðismálin eru, svo sem Reykvíkingum einkum er kunnugt, eitt af aðaláhugamálum Framsfl. Þau voru m. a. ein helzta „hliðarráðstöfun" flokksins, svo að það er í fullu samræmi við aðrar efndir, að fellt sé niður sem allra mest af þeim slitróttu ráðstöfunum, sem enn eru í gildi í því skyni að hafa hemil á húsaleiguokrinu.

Húsaleigueftirlit og vinnumiðlun eru hvort tveggja félagsmálaráðstafanir, sem jafnaðarmannaflokkarnir og frjálslyndir á Norðurlöndum telja sér skylt að rækja. Blaðið Tíminn er stundum að reyna að telja lesendum sínum trú um, að Framsfl. sé eins konar jafnaðarmannaflokkur. Nú hefur hæstv. fjmrh. afhjúpað þessa blekkingu óþyrmilega með tillögum sínum um að afnema bæði húsaleigueftirlit og vinnumiðlun. Sama má segja um tillögur hans um framlög til almannatrygginga. Hinn gætni forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, hafði lagt til, að framlög samkvæmt 116. gr. laganna yrðu ákveðin 20,7 millj., en hæstv. fjmrh. ætlar að láta 17,3 millj. nægja. Af þessu má sjá, að skilningur hæstv. ráðh. á gagnsemi og tilverurétti almannatryggginganna hefur sízt farið vaxandi í 7 mánaða samvinnu við Sjálfstfl. einan. Er þetta sízt sagt til þess að lasta hæstv. ráðh. persónulega; hins vegar gjalda menn svo þunga skatta til ríkissjóðs, að full ástæða er til, að menn geri sér ljóst, hvernig þeim er varið.

Einnig verða menn að virða til vorkunnar hið bága fjármálaástand, þegar fjárlögin eru athuguð. Hlýtur slíkt að hafa áhrif á afgreiðslu þeirra. Ekki ber þó frv. það, sem hér er til umræðu, þetta með sér. Ekki er þar, svo sem áður segir, gert ráð fyrir lækkunum tolla og skatta til þess að bæta úr ástandinu á þann hátt. Ekki er heldur gert ráð fyrir neinum sérstökum fjárveitingum til þess að rétta hag atvinnuveganna, þrátt fyrir hina gífurlegu skatta. Fjárlagafrv. virðist af hálfu hæstv. ríkisstj. byggt á því, að gengislækkunarlögin hafi nú þegar haft þau áhrif á afkomu landsmanna, sem spáð var í grg. fyrir frv. ríkisstj. Gleggsta sönnun fyrir þessu hygg ég vera 16. gr. frv.; þar er áætlað til landbúnaðarmála 25760075 kr., en til sjávarútvegsmála 3713244 kr.

Það er fjarri mér að telja eftir fjárframlög til landbúnaðar, og fyllilega viðurkenni ég þá nauðsyn, að þessi forni og heilbrigði atvinnuvegur blómgist og að Alþingi styðji að því. En svo getur þó ekki orðið til frambúðar, nema einnig sé starfað að öðrum atvinnuvegum landsmanna. En hversu lengi er unnt að veita fé til sveitanna, ef sjórinn gefur engan arð? Ráðstafanir utan fjárlaga geta verið alveg bráðnauðsynlegar, en þegar vitað er, áður en fjárlagafrv. er lagt fram, að ekki verður komizt hjá að gera neyðarráðstafanir, hvers vegna er ekki gert ráð fyrir þeim í fjárlagafrv.? Og hvers vegna er ekki litið jafnt á hag hinna nauðstöddu, hvort sem þeir eiga heima í sveit eða við sjó? Hinn mikli mismunur á áætlun fjárlagafrv. á framlögum til landbúnaðar og sjávarútvegs gefur fyllilega tilefni til þessarar spurningar. Og svarið er hið venjulega: Ótti stjórnarflokkanna við kjósendur í sveitunum ræður því stéttamisrétti, sem kemur fram í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. Þarfir nauðstaddra í sveitum hafa hjá hæstv. ríkisstj. forgangsrétt fyrir þörfum þeirra manna við sjóinn, sem líkt stendur á fyrir. Glöggt dæmi þessa er viðbragðsflýtir hæstv. ríkisstj. um aðstoð við bændur á óþurrkasvæðum austanlands annars vegar og hins vegar afskiptaleysi hennar af högum manna, sem koma heim til fjölskyldna sinna með tvær hendur tómar af síldarskipum eða úr síldarvinnu á Norðurlandi.

Óþurrkarnir herja bændur eitt sumar. Þeir standa uppi heylausir fyrir skepnurnar. Hæstv. ríkisstjórn sendir tafarlaust tvo þingframbjóðendur úr einni sýslu til þess að kynna sér ástandið. Síðan bregður hún skjótt við og útvegar 4½ millj. kr. viku áður en Alþingi kemur saman. Hreppsnefndir eiga að útbýta fénu í styrki til bænda. Engra skýrslna er krafizt um fjárhag þeirra, svo að vitað sé. Svo drengilega er brugðið við sem raun ber vitni til þess að forða búfé bænda frá niðurskurði. Er ekki nema gott eitt að segja um þennan flýti hjá hæstv. ríkisstj. Færi betur, að hans gætti í fleiru. En þessi sama hæstv. ríkisstj. setur nefnd ofan á nefnd til þess að leita skýrslna hjá þeim, sem sjötta sumarið í röð koma heim af síldveiðum með tvær hendur tómar eða jafnvel skuldir á baki. Heilt ár þurftu síldveiðisjómenn að bíða eftir því að fá sjóveðskröfur sínar frá sumrinu 1949. Hafði þó Alþingi bannað þeim að innheimta þær með lögsókn, en ekki munu innstæður þeirra í flestum tilfellum hafa numið meira en svarar verðmæti hálfs kýrfóðurs. Slíkur er viðbragðsflýtir og rausn hæstv. Alþingis, þegar sjómenn eiga í hlut. Bændum er, sem betur fer, skjótari aðstoð látin í té. En um sjómenn er öðru máli að gegna. Enn koma sjómenn heim af síldveiðum með tvær hendur tómar. Þeir hafa ekkert fyrir sig að leggja eða fjölskyldur sínar. Atvinnuleysi og bjargarskortur herjar mörg hundruð eða þúsundir sjómanna- og verkamannafjölskyldna, einkum vestanlands, austanlands og norðan. Bæjar- og sveitarstjórnir eru févana og geta ekkert úr bætt. Hæstv. ríkisstj. hefur enn þá ekkert gert til að bæta úr þessu, en hefur hins vegar lagt fram tillögur um að afnema opinbera skýrslusöfnun um atvinnu og tekjur verkamanna og sjómanna. Vonandi sér hæstv. ríkisstjórn sig um hönd í þessu máli, því að vissulega er ástandið orðið þannig, að það verður ekki falið.

Hér við Faxaflóa er ástandið nokkru betra vegna haustsíldveiðanna. Fjöldi iðnaðarfólks hefur þó litla eða enga atvinnu. Víða úti á landi er ástandið alveg geigvænlegt. Haustróðrar eru venjulega hafnir um þetta leyti árs á Vestfjörðum og hraðfrystihúsin tekin að frysta fisk, sem gæti verið verðmætur fyrir Ameríkumarkað. Á þessu hausti er enginn farinn að hreyfa sig. Ekkert hraðfrystihús er tekið til starfa, og engir bátar geta farið á sjó. Vegna gengislækkunarinnar hefur útgerðarkostnaðurinn, olían, veiðarfærin og beitan hækkað svo gífurlega, að ekki getur svarað kostnaði að stunda sjóróðra. Gengislækkunin hefur bókstaflega drepið smáútgerðina úti um land.

Mér þykir leitt að þurfa að raska gengislækkun-

arró hæstv. fjmrh., en í þessu sambandi verður ekki komizt hjá að spyrja: Hvað ætlar hæstv. ráðh. að gera til þess að bæta úr hinu uggvænlega ástandi? Varla mun hæstv. ráðh. svara því, að hann telji sér þetta óviðkomandi eða honum sé það ókunnugt. Eða hvort mun hann telja þörfum hins sveltandi verkafólks í sjávarþorpunum úti á landi fullnægt með loforðum gengislækkunarmanna? Þau voru að vísu ekkert smáræði. Gengislækkunarlögin hafa nú fengið fyllilega þann reynslutíma, sem höfundar þeirra töldu nægilegan. Um þetta segir í gengislækkunarfrv., bls. 5: „Gert er ráð fyrir, að áhrif gengislækkunarinnar muni koma fram á næstu þrem mánuðum". Síðan er talað um nauðsyn þess að festa verðlag og kaupgjald á hinum nýja grundvelli og áætlað „sex mánaða tímabil til slíkrar jafnvægismyndunar og festingar". Á bls. 46 í þessu sama plaggi er gert ráð fyrir, að verðhækkunin verði aðeins um 11—13%; en til fróðleiks má geta þess, að framfærsluvísitalan er nú þegar orðin 120—121 stig, eða nær helmingi hærri en gert var ráð fyrir.

Í fjárlagafrv. er reiknað með 15% uppbót á laun, en þessi upphækkun hlýtur að kosta ríkissjóð störf, sem hvergi er gert ráð fyrir í frv. og torveldar enn rekstur atvinnuveganna.

Allir hafa spádómarnir og fullyrðingarnar farið eftir þessu. Gengislækkunin átti að stöðva atvinnuleysi, hún átti að stöðva hallarekstur bátaútvegsins, hún átti að verða til kjarabóta fyrir almenning, hún átti að útrýma svartamarkaðsbraski. Eftir sjö mánaða reynslutíma af gengisfellingunni mun mönnum þykja ótrúlegt að heyra loforðin, sem gengislækkunarpostularnir gáfu; hér eru nokkur sýnishorn um hinn ágæta tilgang. Á bls. 6 í grg. segir:

„Ber þá fyrst að benda á, að megintilgangur frv. er að stöðva það atvinnuleysi, sem nú er að hefjast og án alls efa mun fara ört vaxandi, verði ekki að gert. Frá þessu höfuðsjónarmiði er frv. launastéttum landsins mikill fengur, ef að lögum verður. En þar við bætist svo, að með ákvæðum þess eru launþegum beinlínis tryggðar fullar kaupuppbætur eftir framfærsluvísitölu, með þeirri einu undantekningu, að reynt er að stöðva það kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags landbúnaðarafurða, sem fram að þessu hefur leitt þjóðina æ lengra inn á óheillabrautina".

Finnst mönnum ekki atvinnuleysið stöðvað? Finnst mönnum ekki kapphlaupið með hækkun landbúnaðarafurða stöðvað?

Á bls. 7 í grg. er væntanlegum afleiðingum frv. lýst á þennan hátt:

„Hér skal ekki fjölyrt um afleiðingar frv. Aðaltilgangur þess er að stöðva hallarekstur, fella niður ríkisstyrki og skapa jafnvægi í atvinnulífi landsmanna og þar með koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi. Jafnframt er að því miðað að skapa skilyrði til frjálsrar verzlunar, sem yrði almenningi til mikilla hagsbóta".

Er ekki hallareksturinn stöðvaður, njótum við ekki frjálsrar verzlunar? Er ekki jafnvægi í atvinnulífinu? Það svarar hver fyrir sig. Alþýðusamtökin hafa mótmælt frv., bent á galla þess og krafizt leiðréttingar. En þau hafa ekki hækkað grunnkaup umfram það, sem lög heimiluðu. Þau hafa látið lögin sýna sig í framkvæmd og ekki sýnt hæstv. ríkisstj. enn þá hnefann, nema þegar hún ætlaði að brjóta sín eigin lög og stórfalsa kauplagsvísitöluna. Ríkisstj. hefur fengið fullt næði til að framkvæma gengislækkunarlögin. Það er svo kapítuli út af fyrir sig, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur farið úr hendi hennar þáttur í framkvæmd laganna, þ. e. að halda verðlaginu í skefjum. Í því efni er ekki ofmælt, að hæstv. ríkisstj. hefur sýnt áhugaleysi, ábyrgðarleysi og skeytingarleysi. Svartamarkaðsbrask, okur og vöruvöntun hefur aldrei verið verri en í tíð núverandi hæstv. ríkisstj. Öll þjóðin stynur undir fargi dýrtíðar. Gengislækkunin hefur skert kjör fjölda manna, svo að þeir eiga nú ekki lengur björg til næsta máls. En þetta er nú eitthvað annað en lofað var í gengislækkunargrg., þar segir á bls. 50 og 51:

„Gengislækkunina teljum við óhjákvæmilegt skref til þess að koma meira jafnvægi á þjóðarbúskapinn. Má segja, að hún sé skref í þá átt að bæta afkomu manna, en ekki gera hana lakari. Framleiðsluöflin verða nýtt betur, þegar framleiðslukostnaðurinn og tekjur manna innanlands eru í samræmi við verð það, sem fæst fyrir afurðirnar erlendis. Fleira fólk fær þá atvinnu í útflutningsframleiðslunni, sem gefur af sér þjóðhagslega meira heldur en margvísleg önnur efnahagsstarfsemi, sem þrífst í óhollum gróðajarðvegi innflutningshaftanna. Það má því búast við, að þjóðartekjurnar vaxi en minnki ekki við gengislækkunina. Meira verður þá til skiptanna heldur en áður, einkum þegar frá líður. Það er því augljóst mál, að gengislækkunin skerðir ekki kjör þjóðarinnar, heldur má búast við hinu gagnstæða".

Finnst mönnum eftir hinn áætlaða reynslutíma meira verða til skiptanna heldur en áður? Finnst mönnum afkoman hafa batnað, eins og fyrirheit voru gefin um? Eða hvað er um efndir hinna gullnu loforða hæstv. ríkisstj.? Mundi ekki margur kjósandinn vera orðinn þreyttur á að bíða eftir uppfyllingu þeirra? Loforðin hafa verið takmarkalaus, en efndir engar.

Þessi þáttur snýr einkum að launastéttum landsins, en þegar að útgerðinni kemur, tekur ekki betra við. Gengislækkunin átti að leysa öll vandræði útgerðarinnar. Hún átti að létta af henni öllum vanda. Um þetta segir á bls. 27:

„Útflutningsframleiðslan verður arðbærari en áður, og um leið verður hægara fyrir útflutningsframleiðsluna að keppa um vinnuafl og tæki við innlenda iðnaðinn. Það má því búast við aukinni framleiðslu fyrir erlenda markaði. Eftir gengislækkunina selst innflutta varan á verði, sem er sambærilegra en áður við verð á vöru framleiddri innanlands. Aðflutta varan verður ekki lengur eins mikil kjarakaup og hún hefur verið áður og dregur því úr ásókn í innflutning. Eftir því sem jafnvægið í verzluninni eykst, dregur úr vöruskortinum og svartamarkaðsbraskinu. Gróðinn af innflutningsverzluninni minnkar. Enn fremur er eins og stendur óeðlilega hátt verð á margs konar innfluttum vörum, sem ekki eru í vísitölunni. Vel er hugsanlegt, að slíkar vörur muni jafnvel lækka í verði fremur en hækka. Við það að rýmkar um verzlunina munu einnig margar vörur, sem nú eru ófáanlegar, verða fluttar inn, enda er einn höfuðtilgangurinn með þeim tillögum, sem hér eru gerðar, að hægt verði að létta af innflutningshöftunum".

Útflutningsframleiðslan arðbærari en áður, dregið úr vöruskorti og vörur, sem ekki eru í vísitöl-

unni, jafnvel lækka í verði! Og þá átti gengislækkunin ekki að vera ónýt fyrir bátaútveginn, hún átti að uppfylla allar hans þarfir og það heldur ríflega. Um þetta segir á bls. 42:

„Gengislækkunin er miðuð við þarfir bátaútvegsins, og gert er ráð fyrir því, að allir styrkir og fríðindi til útgerðarinnar, hvort heldur er beint til bátaútvegsins eða hraðfrystihúsanna, falli niður með öllu. Ábyrgðarverðið hefur verið 65 aurar, en sökum annarra styrkja munu bátaútvegsmenn hafa fram til ársloka 1949 fengið sem nemur 75 aurum. Verð það, sem þeir mundu fá með þessari gengislækkun, mun vera kringum 93 aurar, miðað við 10 d pundið af freðfiskinum".

Og enn segir um sama efni á bls. 43:

„Við gengislækkunina hækkar fiskverðið til bátverja um 43%, miðað við 65 aura verð, en til útgerðarinnar um 24%, vegna þess, að hinn óskipti styrkur, sem útgerðin nú nýtur, fellur niður. Þegar hinn óskipti styrkur fellur niður, er hann tekinn af útgerðinni einni. Í stað hans kemur hærra fiskverð, sem sjómennirnir fá hlutdeild í. Gerum við ráð fyrir, að útkoman hjá bátaútveginum á þorskveiðum muni haldast nokkru betri en hún er nú, þegar áhrif gengislækkunarinnar eru að fullu komin í ljós. Þetta er samt ekki öruggt, þar sem nokkur óvissa er um verðlag erlendis á afurðunum strax á þessu ári".

Þó er þessi óvissa ekki meiri en svo, að rétt á eftir segir: „Gengislækkunin er áætluð í ríflegra lagi". Flutningsmenn hennar gerðu ráð fyrir verðlækkun, en þeim ófögnuði voru þeir viðbúnir. Um þetta segja þeir sjálfir á bls. 43:

„Talsverð óvissa er um verðlag á afurðum sjávarútvegsins á næstunni. Viljum við vera vissir um, að gengislækkunin reynist nægileg, þótt nokkur lækkun þess eigi sér stað".

Já, þeir voru vissir um, að gengislækkunin væri nægileg, jafnvel þó nokkur verðlækkun ætti sér stað. Og svo átti að aflétta verzlunarhöftunum af innflutningsverzluninni.

„Gengislækkunin er miðuð við það, að hún sé nægileg til þess að koma á jafnvægi í verzluninni við útlönd og því nægileg til þess að létta höftunum af verzluninni, þeim höftum, sem nú eru í gildi vegna jafnvægisleysis í þjóðarbúskap Íslendinga sjálfra"'.

Þetta síðasta á að gerast á næstu tveimur árum frá því að við öðluðumst gengislækkunarjafnvægið.

Svo undarlega vill til, að höfundar gengislækkunarlaganna kváðu sjálfir upp forsendur fyrir þeim dómi, er störf þeirra hafa hlotið, en þær hljóða svo:

„Markmið heilbrigðrar stjórnarstefnu hlýtur ávallt að vera það, að skapa almenningi í landinu sem bezt lífskjör, þannig að prófsteinninn á réttmæti ákveðinna ráðstafana í atvinnu- og fjárhagsmálum hlýtur einmitt að vera sá, hvort þessar ráðstafanir séu til þess fallnar að bæta lífskjör almennings í bráð og lengd, og á það auðvitað einnig við um tillögur þær, sem hér eru lagðar fram".

Ekki skal dregið í efa, að markmiðið hafi verið eins og þar segir, að skapa almenningi sem bezt lífskjör, en prófsteinninn hefur ekki orðið sá að bæta „lífskjör almennings í bráð og lengd", heldur hið gagnstæða. Svo hörmulega hefur farið um framkvæmd þess máls í höndum núv. hæstv. ríkisstj., að allar hrakspár andstæðinga frv. hafa rætzt. Aðvaranir Alþfl. gegn gengislækkuninni voru að engu hafðar. Því fór sem fór.

Enginn neitar því, að ýmislegt hefur komið fram, hæstv. ríkisstj. óviðráðanlegt, sem torveldað hefur framkvæmd laganna, svo sem verðfall afurða okkar á erlendum markaði. Nokkur hluti þessa verðfalls var óviðráðanlegur, en nokkurn hluta þess má rekja beinlínis til gengislækkunarinnar. Og höfundar gengislækkunarinnar sögðust hafa haft gengislækkunina ríflega til þess að taka á móti verðfalli. Þá hefur síldveiðin enn einu sinni brugðizt fyrir Norðurlandi, og það hefur að sjálfsögðu valdið miklum erfiðleikum. En við þá sömu örðugleika hafa aðrar ríkisstjórnir þurft að stríða undanfarin 6 ár. Enn hefur togaraverkfallið dregið mjög úr þjóðartekjunum; en í sambandi við það virðist hafa ríkt fullkomið getuleysi eða áhugaleysi hjá hæstv. ríkisstj. til þess að koma á sáttum. Mun slíkur sofandaháttur einsdæmi hjá nokkurri ríkisstj., þó að víða væri leitað, og verður að gera ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. leggi sig hið fyrsta alla fram um að koma á samningum, ella verði gerðar ráðstafanir til þjóðnýtingar togaraflotans.

Loks hefur ófriðarbál það, sem kommúnistar hafa kveikt í Kóreu, aðrir eldar styrjaldar, einræðis, landvinninga og ofbeldis ásamt einangrunarstefnu þeirra og fimmtuherdeildar- og föðurlandssvikastarfsemi hleypt af stað nýrri hervæðingu, sem valdið hefur mikilli verðhækkun á ýmsum erlendum varningi. Allt þetta hefur sett strik í reikning gengislækkunarmanna; en illa hefði hann staðið hvort eð var.

Því mun svarað til: Hvernig hefði ástandið verið, ef gengislækkunin hefði ekki verið framkvæmd? En mér er spurn: Gat það orðið öllu verra en það er nú?

Fiskuppbætur áranna 1947—1949 kostuðu samtals að meðtöldum uppbótum til útvegsmanna um 73 millj. kr., eða rúmar 24 milljónir á ári. Niðurgreiðslur á neyzluvörum kostuðu ríkissjóð á sama tíma alls um 117 millj., eða um 39 millj. á ári. Á þessu fjárlagafrv. einu eru áætlaðar til dýrtíðarráðstafana 25 millj. kr., — og hvað hefur gengislækkunin kostað þjóðina? — Vilja menn gera samanburð?

Á verðuppbótatímabilinu seldust allar afurðir landsmanna sæmilegu verði, jafnvel mikið magn af hraðfrystum fiski. Öll skip voru þá að veiðum. Nú eftir gengisfallið, sem almenningur er farinn að kalla syndafallið, virðist verulegur hluti hins litla magns af hraðfrystum fiski óseljanlegur nema fyrir óætt hveiti, sem hæstv. ríkisstj. mun hafa afráðið að kaupa fyrir þriðjungi hærra verð en gott hveiti frá Ameríku. Hveitið á að koma austan fyrir járntjald og ágóðinn að renna í flokkssjóð kommúnista, sem bera veg og vanda af verzluninni. Þessi verzlun er framhald af gengislækkuninni og rýrir áframhaldandi kjör launþega. Kommúnistaflokkinn klígjar ekkert við því; og áframhaldandi gengislækkun er Sjálfstfl. og Framsfl. eðlileg ráðstöfun, miðað við það, sem á undan er gengið.

Um nokkur undanfarin ár hefur Alþingi á hverju ári þurft að leysa vandkvæði sjávarútvegsins. Þau áttu öll að leysast með gengislækkuninni. En þrátt fyrir hana, og jafnvel vegna hennar, blasa þau öll við Alþingi í dag og eru enn erfiðari viðfangs en áður vegna gengislækkunarinnar.

Gengisfallið hefur mistekizt. Það hefur ekkert leyst, en margt torveldað. Dýrtíðarflóðið hefur vaxið geysilega. Atvinnuleysi, vandræði og vöruskortur eru tilfinnanlegri en nokkru sinni fyrr. Úr þessu verður að bæta, en viðfangsefnin eru miklu örðugri úrlausnar eftir gengisfallið en áður.

Mistök eru mannleg, en því ekki að viðurkenna þau? Hvers vegna að loka augunum fyrir staðreyndum? Að þessu athuguðu gegnir furðu, að hinn ágætlega glöggi hæstv. fjmrh. leggur frv. sitt þannig fyrir hv. Alþingi, að hvergi í því er gert ráð fyrir þeim vandræðum atvinnumálanna, sem við blasa og Alþingi getur ekki skotið sér undan að leysa.

Gísli Jónsson: Fjmrh., Eysteinn Jónsson, hefur nú lagt fyrir Alþingi frv. til fjárlaga fyrir árið 1951. Liggur það hér til 1. umr., og hefur ráðh. fylgt því úr hlaði með ýtarlegri framsöguræðu, eins og venja er til.

Ég mun ekki nota þann tíma, sem mér er ætlaður hér, til þess að karpa um aukaatriði eða um það, hverjum hitt eða þetta, sem miður hefur farið í meðferð fjármála ríkisins að undanförnu, sé að kenna, heldur dvelja meira við hitt, hvaða stefnu beri nú að marka, miðað við ríkjandi ástand í atvinnumálum og fjármálum þjóðarinnar, og þær breytingar, sem hafa orðið á fjárhagskerfi landsins í heild, og hvernig takast megi að afgreiða á þessu þingi viturleg og sanngjörn fjárlög, þar sem jafnt tillit er tekið til þarfa þjóðfélagsins og gjaldþols þegnanna, því að mér er vel kunnugt um, að það er þessi kjarni málsins, sem þjóðin vill að tekinn sé til meðferðar við yfirstandandi umræðu, svo að hún fái nokkra hugmynd um, hvers vænta megi í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna.

Mér er vel ljóst, að það er mikill vandi fyrir fjmrh. að semja slíkt fjárlagafrv. og fyrir fjvn. og Alþingi að afgreiða slík fjárlög, en vandinn verður þess minni sem viljinn til þess að leysa verkið af hendi þannig er meiri, og sé hann slíkur, að hinar mismunandi skoðanir flokkanna á lausn einstakra vandamála verði að víkja fyrir honum, er allt auðveldara um heilladrjúgan árangur.

Það verður sjálfsagt enginn ágreiningur um það, að gjaldabálkur fjárlagafrv., að upphæð um 285 millj. kr., er þegar allt of hár. Og þó er mér ljóst af margra ára reynslu, að fjöldi erinda á eftir að koma til fjvn., sem auka munu þessa upphæð um milljónatugi, ef mæta á þeim að fullu. Um hitt verður heldur ekki deilt, að tekjurnar, að upphæð um 290 millj. kr., eru engan veginn nógar til þess örugglega að mæta ófyrirsjáanlegum útgjöldum á árinu og tryggja raunverulega greiðsluhallalausan rekstur ríkisins, en það þarf jafnan að vera lágmarkskrafa í ríkisrekstri, nema einhver sérstök atriði réttlæti annað. Og þó má öllum vera ljóst, að tekjubálkurinn ofbýður gjaldþoli þegnanna, eins og atvinnumálunum er nú komið, nema eitthvað alveg sérstakt komi til. Þegar svo er komið, er krafa þjóðarinnar fyrst og fremst sú, að ráðizt verði á gjaldabálkinn, útgjöld ríkissjóðs verði skorin allverulega niður.

Þessi krafa þjóðarinnar er að sjálfsögðu eðlileg og sanngjörn, svo langt sem hún nær. En málið er ekki eins auðvelt og margur hyggur. Það er ekki hægt að láta sláttuvél renna yfir akur fjárlagafrv. og slá „allt hvað fyrir er". Þar vaxa hlið við hlið bæði lífgrös og illgresi, og vandinn er að aðskilja þetta, fjarlægja það, sem óþarft er og miður skyldi, án þess þó að torvelda eðlilega þróun þess, sem lifa skal og lifa verður. Það eru engin búhyggindi í því að skera það niður og draga úr því, sem vitanlega gefur margfalda uppskeru, jafnvel þótt hún komi ekki á fyrsta ári, en undir þetta fellur fjöldinn allur af útgjaldaliðum fjárlaganna, svo sem framlög til samgangna á sjó, landi og í lofti, framlög til landbúnaðarmála, sjávarútvegsmála og annarra atvinnumála, framlög til heilbrigðismála, skólamála og félagsmála. Hinar ævintýralegu framfarir á öllum sviðum þjóðlífsins á þessari öld og hin stórlega bættu lífskjör er ávöxtur þeirrar viðsýni, sem ríkt hefur á Alþingi á þessum málum. Það er hvorki vandalaust né viturlegt að hætta að hlúa að þeim málum, þótt hitt sé rétt, að gæta beri hófs eftir því, hvert gjaldþol þegnanna er á hverjum tíma. Það eru heldur ekki framlög til þessara mála almennt, sem þjóðin vill að skert verði svo nokkru nemi, þótt nokkur ágreiningur sé um einstök atriði þeirra. Meginkrafan er hin, að allur kostnaður við embættisrekstur ríkisins verði færður niður í stórum stíl, þótt vitað sé, að þetta sé miklum erfiðleikum bundið. Fjárveitinganefndir allra ára og fjöldi alþm. hafa jafnan tekið mjög undir þessa kröfu og ítrekað hana við hverja ríkisstjórn, allt síðan árið 1943, án þess að nokkur árangur sé enn sjáanlegur, nema síður sé. Nú hefur fjmrh. lýst yfir því, að hér verði á allverulegbreyting í framtíðinni, og er það vel. En meginástæðan fyrir því, að hér hefur engu verið um þokað, er sú, að samfara þessu hefur jafnan verið krafizt, að Alþingi og ríkisstj. hefði meiri og meiri afskipti af atvinnu- og viðskiptamálum þjóðarinnar og seildist þar beinlínis meira og meira inn á svið einstaklinganna. Meiri hluti þings og þjóðar hefur talið þá stefnu rétta og því látið undan þeim kröfum. — Þessi stefna hefur þanið ríkisbáknið verulega út, gert það erfiðara, flóknara og margfalt kostnaðarmeira, án þess jafnframt að tryggja jafnmiklar eða meiri tekjur af rekstrinum. Skuldalisti sá, sem fjmrh. las hér upp, að upphæð alls 85,6 millj. kr., auk þeirra ábyrgða, sem ríkissjóður nú er í vegna þessarar stefnu, sem hér hefur þróazt á síðari tímum, sýnir bezt hvert stefnir um fjármál ríkisins, ef ekki er nú þegar spyrnt hér við fótum.

Sjálfstfl. hefur jafnan varað við þessari þróun málanna, bæði á Alþingi, almennum fundum og í málgögnum sínum, og hann varar við henni enn. Honum er ljóst, að því lengra sem haldið er á þessari braut, því erfiðara verður að halda niðri kostnaðinum við ríkisreksturinn, því erfiðara að afgreiða viturleg og sanngjörn fjárlög og því erfiðara að tryggja greiðsluhallalausan rekstur ríkisins. — Sjálfstfl. er vel ljóst, að þessi stefna bætir ekki lífskjör almennings í landinu. Hún lamar sjálfsbjargarviðleitni einstaklingsins og ábyrgðartilfinninguna og kennir honum að krefjast meira og meira af öðrum, en minna og minna af sjálfum sér, þar til öllum áhyggjum er kastað á ríkissjóðinn, sem sjálfsagt er talið að hafi alla forsjá fyrir þjóðinni. Þar sem slíkri þjóðfélagsbreytingu hefur verið komið á, eru lífskjör þegnanna á engan hátt betri, nema síður sé, enda er þá frelsinu fórnað fyrir forsjá þess opinbera. Mundi mörgum Íslendingum þykja það

ömurleg umskipti, ef hann sjálfur ætti við þau að búa.

Á ábyrgð ríkissjóðs er í dag rekin banka- og lánastarfsemi, sem þó að mestu leyti er í daglegum rekstri óháð Alþingi og ríkisstjórn og þarf ekki einu sinni að lúta ákvæðum launalaga um greiðslur til starfsmanna sinna, og gætu því vel hafið kapphlaup við ríkissjóðinn um launagreiðslur, enda dæmi til þess, að gildandi launagreiðslur þar hafi verið notaðar sem meðal til að hækka laun annarra starfsmanna ríkisins. — Ríkissjóður rekur póst, síma og útvarp. Gilda allt aðrar reglur um það fé, sem þessar stofnanir ráða yfir, en um fé ríkissjóðs almennt. Hér er keypt og selt og látið af hendi, lánað og tekið að láni eftir allt öðrum og losaralegri reglum en þeim, sem gilda um ríkisfé að öðru leyti. Og þess vegna gátu þau undur skeð, að póstsjóður tók að sér fólksflutninga og réðst þar alveg að þarflausu inn á svið einstaklinga, sem rekið höfðu þetta með ágætum. Starfsemi þessi kostaði póstsjóðinn milljóna fjárfestingu og nokkur hundruð þúsund króna tap á ári hverju, þar til Sjálfstfl. fékk aðstöðu til þess að leggja reksturinn niður og afhenda hann á ný til einstaklinga.

Ríkissjóður rekur í dag landssmiðju, trésmiðju, prentsmiðju, fiskiðjuver, síldarverksmiðju, tunnuverksmiðju og landbúnað. Flest af þessu væri miklu betur komið í höndum einstaklinga. Eiga flest þessi fyrirtæki í megnustu erfiðleikum fjárhagslega, og þó einkum þau, sem keppa verða á frjálsum markaði við einstaklingana. Ríkissjóður rekur skipaútgerð með milljóna rekstrarhalla, sem tekinn er með sköttum af alþýðunni. Keppt er við einstaklinga um flutning á fólki og farangri umhverfis landið og landa á milli, þótt aðstaða aðila sé allólík. Og ríkissjóður rekur verzlun í stórum stíl, en hér er þess gætt að tryggja honum einokunaraðstöðu, svo að hvort tveggja er fyrirbyggt, áhætta af rekstri og samanburður við frjálsa samkeppni.

Rekstur sumra þessara fyrirtækja er tekinn á fjárlög, en annarra ekki. Öll eiga þau sammerkt um það, að sé tap á rekstrinum, meira en þau sjálf fá undir risið, fær ríkissjóðurinn að bera hallann. Sé hins vegar gróði, fer hann að jafnaði í nýjar fjárfestingar eða sjóði, er fyrirtækin sjálf ráða yfir. Til rekstrarþarfa ríkissjóðs er lítið eða jafnvel ekkert greitt, nema frá einkasölunum, sem notaðar eru sem skattstofn fyrir ríkið. Flest eiga þau sammerkt með það að torvelda greiðsluhallalaus fjárlög, að einkasölunum undanskildum. Fæst greiða nokkurt framlag á móts við skatta, sem á væru lagðir, ef þau væru rekin af einstaklingum. Flest eiga þau sammerkt um það, að losaralegri reglur gilda um fé það, sem í þeim er bundið, en um fé ríkissjóðsins og að stjórn þeirra og fjárhagslegt eftirlit er miklu veikara en vænta mætti um fyrirtæki, sem velta milljónum árlega, og sækja sum hver stórar fjárfúlgur í ríkissjóðinn til greiðslu á hallarekstri.

Ofan á allt þetta er þess krafizt, að ríkisvaldið hafi eftirlit svo að segja með hverjum þeim athöfnum, sem enn eiga að teljast frjálsar í þessu landi. Það eitt út af fyrir sig kostar mörg og dýr ráð, margar og dýrar nefndir, marga og dýra menn, sem betur væru komnir í framleiðslu landsins. Svo lengi sem Alþingi viðheldur þessu kerfi, sem umboðsmenn meiri hluta þjóðarinnar hafa komið á, verður fjmrh. að ætla nægilegt fé á fjárlögum til að standast allan kostnað við reksturinn og skattþegnarnir að bera byrðina.

Eins og ég tók fram áðan, hefur Sjálfstfl. sí og æ varað við þessari stefnu og þessari þróun í viðskipta- og atvinnumálum þjóðarinnar, og hann varar við henni enn. En þjóðin hefur ekki gefið honum nægilegt fylgi til þess að hann einn geti markað hér aðra og hollari stefnu og komið á nauðsynlegum umbótum, á sama hátt og hann hefur nú gert í sérleyfisrekstrinum og þannig létt af þjóðinni milljóna skattaálögum. En hann er fús til þess að hafa samvinnu um slíkar umbætur við núverandi samstarfsflokk í ríkisstj. og á Alþingi. — Um afstöðu andstöðuflokka ríkisstj. til þessara mála þarf ekki að ræða, það er svo ljóst, hvað þeir vilja í þeim málum. Þeirra takmark er meiri ríkisrekstur og meiri höft, hversu dýrt sem það reynist fyrir ríkissjóðinn og þjóðina, sbr. þáltill. á þskj. 16, þar sem þess er krafizt, að ríkissjóður taki að sér rekstur togaranna og greiði hallann, ef ekki tækist að fá samkomulag um kaup og kjör sjómanna byggt á því, að ýtrustu kröfum þessara manna verði jafnan mætt, eins og þeir telji sér þær nauðsynlegar á hverjum tíma. Má fara nærri um, hvaða afleiðingar slíkt hefði á afgreiðslu fjárlaganna, ef tillagan nær fram að ganga þannig.

Sjálfstfl. hefur hvað eftir annað gert tilraun til þess að færa saman ríkisbáknið og lækka þau útgjöld, sem því eru samfara. Fyrrv. fjmrh., Jóhann Þ. Jósefsson, gekkst fyrir því í stjórnartíð Stefáns Jóh. Stefánssonar, að skipuð yrði nefnd manna til þess að gera tillögur um þessi mál. Nefndin safnaði mörgum mikilvægum upplýsingum, og frá henni og fjvn. komu fram margar tillögur til bóta, byggðar á starfi nefndarinnar, og að síðustu merk tillaga frá fjmrh. um ríkisráðsmann. En flest af þessu náði ekki fram að ganga, þar á meðal frv. ráðh., vegna beinnar andstöðu allra andstöðuflokka Sjálfstfl. á Alþingi. Þegar þriggja flokka stjórnin settist að völdum 1947, var það hennar fyrsta verk að senda fjvn. um 10 millj. kr. hækkunartillögur á fjárl. þess árs. Að ekki tókst samkomulag um það, að tillögur þessar yrðu teknar aftur, kom beinlínis til af því, að ráðherrar töldu virðingu sinni og metnaði því betur borgið, því meiri framlög sem þeir gætu tryggt úr ríkissjóði til framkvæmda í þeim ráðuneytum, sem þeir hver fyrir sig höfðu yfir að ráða. Einmitt þessi stefna hefur verið of mjög ríkjandi, að hver ráðherra haldi fast fram kröfum og óskum fyrir sitt ráðuneyti, án þess að hafa um þetta samráð við fjmrh. eða skeyta um, hvaða áhrif slíkt hefði á endanlega afgreiðslu fjárlaga, sem þeir telja, að fjmrh. og hans flokkur ættu einir að bera ábyrgð á. Á þennan hátt hafa allir ráðherrarnir raunverulega gert sig að meira eða minna leyti að fjármálaráðherrum og þó algerlega án ábyrgðar. Hefur þetta e. t. v. komið enn skýrar fram í daglegri afgreiðslu mála, og bera ríkisreikningarnir þess ljósastan vottinn. Andstæðingar Sjálfstfl., sem þó ávallt hafa gagnrýnt ýmsar gerðir fyrrv. fjmrh., telja þessi vinnubrögð eðlileg. Það væri fyrst og fremst skylda hvers ráðherra að sjá um sín mál, án tillits til afkomu ríkissjóðs á hverjum tíma, sem fjmrh. ætti einn að gæta og bera ábyrgð á. Ég tel hins vegar, að slík vinnubrögð séu mjög skaðleg. Ég tel, að um þetta verði að vera fullt samstarf á milli allra ráðuneytanna, hver svo sem kann að fara með fjármálin

á hverjum tíma, og að einmitt það sé meginskilyrðið fyrir skynsamlegri afgreiðslu fjárlaga. Ég veit, að Sjálfstfl. er reiðubúinn til slíks samstarfs, þótt hann fari nú eigi með fjármálin.

Þegar núverandi ríkisstj. settist að völdum, var fyrsta og stærsta verkefni hennar að leysa aðkallandi vandamál í atvinnumálum og fjármálum þjóðarinnar. Eitt af því, sem samkomulag varð um, var að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög fyrir yfirstandandi ár. Hvort takast má að skila greiðsluhallalausum ríkisreikningi á þessu ári, er of snemmt að fullyrða nokkuð um, en líklegt þykir mér, að svo verði eigi. Verður fjmrh. eða ríkisstj. ekki sökuð um, þótt svo kynni að fara. Hér hafa að verki verið alveg óvænt og óviðráðanleg öfl. Sjávarafli hefur brugðizt svo að segja allt árið fyrir Vesturlandi, svo að til stórvandræða horfir fyrir þá menn, sem þann atvinnuveg stunda. Síldveiðin fyrir Norðurlandi hefur algerlega brugðizt í sjötta sinn. Er ljóst, hvaða gífurlegt tjón er að því fyrir alla aðila. Verðfall á saltfiski hefur orðið um 23% á erlendum markaði og bakað þjóðinni milljóna tap miðað við söluverð síðustu ára, verð á ísvörðum fiski í Bretlandi fallið svo, að farmar hafa selzt fyrir minna en hálfvirði á móts við það, sem bezt var áður, og Þýzkalandsmarkaðurinn á þessu ári glataður að fullu, ef togaradeilan leysist ekki tafarlaust. Hefði hann þó fært þjóðinni verulegar tekjur. Ótíð og illviðri hafa bakað íbúunum á Austur- og Norðurlandi milljónatjón, sem ríkissjóður hefur orðið að taka á sig að meira eða minna leyti. Og ofan á þetta allt hefur svo að segja allur hinn glæsilegi nýi togarafloti, sem kostaði þjóðina á annað hundrað milljónir og margvíslegar vonir um bætt lífskjör og bættan hag ríkissjóðs eru bundnar við, verið bundinn í höfn á fjórða mánuð, vegna deilu um kaup og kjör þeirra, sem á skipunum hafa starfað. Og þetta skeður á þeim tíma sem meðalkaup háseta á þeim fáu skipum, sem veiðar stunda, er talið að vera um og yfir 4 þús. kr. á mánuði. — Eru ekki þeir erfiðleikar, sem ég hef nú lýst og engir eru sjálfskaparvíti nema togarastöðvunin, nægilega miklir til þess að sameina þjóðina til varnar gegn þeim voða, sem hlýtur að steðja að, ef þjóðin lætur sér ekki skiljast það, að sú aðstaða er ekki lengur fyrir hendi, að erlendar þjóðir kaupi af oss mat og vinnu fyrir margfalt verð, eins og þær gerðu meðan þær börðust fyrir lífi sínu og frelsi og áttu þess einan kost að greiða fyrir þetta hvaða verð sem heimtað var? Þessar þjóðir hafa nú sjálfar snúið sér að friðarstörfum og framleiðslu matvæla í heiminum. Milljónir manna stunda nú fiskveiðar og fiskiðnað í stórum stíl við miklu lakari lífskjör og laun en sjómenn og verkamenn búa við hér og keppast við að selja framleiðslu sína á sama markaði og við seljum vora framleiðslu á. Skilst þjóðinni ekki, að það þarf eitthvað annað og meira raunhæft en verkföll og hærri kröfur til þess að vinna þetta tafl? En á því veltur þó framtíð þessa lands, að þetta tafl tapist ekki. Eru ekki þessir erfiðleikar, sem hér hefur verið lýst, nægilegir til þess, að samstarfsflokkarnir á Alþingi taki höndum saman í einlægni til þess að mæta vandanum? Sjálfstfl. vill að minnsta kosti gera sitt til þess, að svo mætti verða.

Það er ljóst, að slíkt árferði, er ég hef lýst, gat á engan hátt bætt úr gjaldeyrisskorti þjóðarinnar. Það eitt að missa um 80—100 millj. í útflutningsverðmætum beinlínis vegna togaraverkfallsins hlaut að marka djúp spor, enda þótt frá þeirri upphæð beri að draga erlendan tilkostnað. Fólk um allar byggðir landsins, sem hungrar eftir nauðsynlegustu hlutum, tekur því að vonum ekki vel að verja 100 millj. kr. af dýrmætum gjaldeyri landsmanna til kaupa á framleiðslutækjum, sem síðan eru fryst inni í höfn, þar sem þau eyða áframhaldandi gjaldeyri í viðhald o. fl. í stað þess að afla hans.

Verzlunarjöfnuðurinn hefur einnig orðið óhagstæður af öðrum ástæðum, er vér höfum engin áhrif getað haft á. Svo að segja allar vörur hafa stigið í verði á erlendum markaði og þar á meðal matvörur, aðrar en fiskur, sem sumpart hefur fallið vegna vaxandi framboðs og sumpart vegna þess, að þjóðir, sem lifað hafa mestmegnis á fiski síðan í byrjun stríðsins, keppast nú um að ná í aðrar matartegundir, eftir því sem ástæður leyfa. Að allmiklu leyti stafa þessar verðhækkanir af ófriðarótta og ófriðarundirbúningi allra landa, þar sem allverulegur hluti manna og tækja er nú bundið við slík störf hjá þjóðunum. — Þetta ástand hefur líka haft sín víðtæku áhrif á verðlag hér á landi og aukið dýrtíðina meira en unnt var að gera ráð fyrir, þegar gengislögin voru samin, þótt andstæðingar ríkisstj. haldi því fram, gegn betri vitund, að verðhækkunin í landinu stafi öll af gengisfellingunni.

Andstæðingar Sjálfstfl. hafa á öllum tímum gagnrýnt fjármálastefnu flokksins og meðferð hans í fjármálum ríkisins, en eins og kunnugt er hafa sjálfstæðismenn farið með þessi mál í ríkisstjórn síðan 1939. Það gefst ekki tími til að fara mjög ýtarlega út í þetta atriði hér, en ég vil þó benda á, að þrátt fyrir þá ágalla á sjálfu kerfinu, sem ég þegar hef bent á, að fjmrh. er engan veginn einráður um þessi mál, hefur fjármálaráðherrum Sjálfstfl. þó tekizt að halda svo á málunum, að árið 1945 er tekjuafgangurinn á ríkisreikningnum 22,6 millj. og skuldlausar eignir 130,8 millj. 1946 er tekjuafgangurinn 28,4 millj. og eignirnar þá 164,8 millj., og í lok ársins 1949, skömmu áður en Sjálfstfl. lætur fjármálin af hendi, eru skuldlausar eignir ríkissjóðs um 180 millj. Á þessu tímabili hafa þó ýmis áföll komið fyrir, er ríkissjóður hefur orðið að greiða fyrir, margvíslegir erfiðleikar í atvinnurekstri, takmarkalítil kröfusókn fólksins á ríkissjóðinn og enginn samdráttur í verklegum framkvæmdum.

Fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, er með 5,2 millj. kr. hagstæðum greiðslujöfnuði og 41,1 millj. króna rekstrarafgangi. Að lokinni þessari umræðu verður því vísað til fjvn., þar sem það fær venjulega athugun. Sé fjárlagafrv. borið saman við síðasta ríkisreikning, eins og venja er til, þar sem það jafnan er að allverulegu leyti samið með hliðsjón af raunverulegum tekjum og gjöldum þess árs, sést, að tekjurnar eru áætlaðar mjög svipaðar, en ýmsir gjaldaliðir að upphæð nærri 77 millj. króna, sem ekki hefur þótt ástæða til að taka inn á frv., felldir niður. Í þessari upphæð er um 48 millj. kr., sem greitt var vegna dýrtíðarmálanna 1949, en fellt er niður með lögum um gengisbreytingu. Er vel, að fjvn. og Alþingi geta fallizt á, að ekkert af þeim útgjöldum þurfi að takast upp að nýju. En rétt er að andstæðingar Sjálfstfl. hafi þetta hugfast, þegar þeir gagnrýna hann fyrir fjármála-

stjórnina, því að vitað er, að engum flokki þótti gerlegt að minnka þessar greiðslur á s. l. ári.

Ég hef reynt hér að bregða upp raunverulegri mynd af fjármálaástandinu, eins og það nú er, þegar Alþingi tekur við fjárlagafrv. til þess að ræða það, gera á því breytingar og senda það síðan frá sér sem gildandi fjárlög fyrir árið 1951. Hvernig sem þær niðurstöður kunna að verða, þá eru þær þó lítið annað en meira eða minna ónákvæmar áætlanir í ýmsum liðum, og þó einkum tekjuliðirnir. Hvernig þeir verða raunverulega og þá jafnframt hin raunverulega útkoma ríkisreikningsins næstkomandi ár, fer að sjálfsögðu nokkuð og allverulega eftir þeirri stefnu, sem Alþingi markar nú með afgreiðslu fjárlaga og annarri lagasetningu, en einnig ekki alllítið eftir árferði og ekki hvað minnst eftir því, hvað þjóðin sjálf vill á sig leggja til þess að bæta hag sinn út á við og inn á við; hvort t. d. allt lendir hér í deilum, sem skapa áframhaldandi stöðvun á framleiðslu, eða hvort tekin verði upp eðlileg, kappsamleg og frjáls framleiðslustörf á öllum sviðum atvinnulífsins.

Viturleg fjárlög eru þau ein:

1. sem áætla tekjur svo varlega, að treysta megi tekjuöfluninni, jafnvel í erfiðu ári,
2. sem áætla gjöld þannig, að eigi sé þörf á aukagreiðslum, jafnvel þótt nokkur óhöpp steðji að,
3. sem þannig tryggja greiðsluhallalausa afkomu,
4. sem þrátt fyrir þetta íþyngja ekki gjaldþoli þegnanna, og
5. þar sem hin lífrænu mál, efnisleg og andleg, eru látin sitja í fyrirrúmi.

Fyrsta skilyrðið til þess að ná þessum árangri er að skapa meira frelsi með þjóðinni, og það er á valdi Alþingis. Æskan, sem er full af fjöri og lífsþrótti og á enga ósk heitari en að berjast fyrir því að halda hér uppi þeim lífsskilyrðum, sem bezt hafa þekkzt með þjóðinni, skilur ekki, hvers vegna verið er með lögum og reglugerðum að hefta athafnir hennar og framsókn. Ung hjón, sem eru að byrja búskap og leggja saman dag og nótt til þess að tryggja framtíð sína, skilja það ekki, að einhver skrifstofa í Reykjavík hafi meiri þekkingu á þörfum þeirra en þau sjálf. Bóndinn trúir því ekki, að slík skrifstofa viti betur en hann sjálfur, hvað hann þarf af verkfærum, peningshúsum og bæjarhúsum og annað það, er til búrekstrar heyrir. Útgerðarmaðurinn trúir því ekki, að þessir menn viti betur en hann sjálfur, hvað þarf af veiðarfærum, bátum og vélum. Verkamaðurinn og sjómaðurinn skilja ekki, að þessir menn viti betur en þeir, hvað þeir þurfa af skóm og skjólklæðum, vettlingum og vinnufötum til þess að geta unnið verk sín, og húsmóðirin skilur ekki, að þessir menn viti betur en hún, hvaða áhöld eru nauðsynleg á heimili eða hvað nauðsynlegt er til að klæða og fæða fjölskylduna. Allt þetta fólk og margir aðrir krefjast þess, að dómgreind þeirra og fjárhagsgeta ráði því, hve langt sé gengið í einstökum atriðum, og að engin stofnun hafi þar óeðlileg afskipti af.

Verzlunarmaðurinn, sem keypt getur inn ódýrari og betri vöru en aðrir eða selt úr landi vörur fyrir hagkvæmara verð en aðrir, skilur ekki, hvers vegna hann má ekki vera frjáls um slík viðskipti, þjóð sinni til blessunar. — Framleiðandinn, sem raunverulega getur skapað ný útflutningsverðmæti eða sparað með nýrri framleiðslu innflutning, skilur ekki, að honum skuli bægt frá því að inna slík störf af höndum fyrir þjóð sína.

Sjómaðurinn, sem gengur í landi atvinnulaus og á þess kost að vinna sér inn 4—5 þús. kr. á mánuði, skilur ekki, að einhverjum angurgöpum skuli leyfast að stöðva hann og þvinga hann til áframhaldandi atvinnuleysis, og sama gildir um verkamanninn, sem atvinnulaus reikar um göturnar af sömu ástæðum. Bæir og sveitarfélög, sem sjálf eiga dýrmæt atvinnufyrirtæki og hafa heilan hóp af atvinnulausu fólki, skilja ekki, að það skuli ekki heimilt að starfrækja þau öllum aðilum til góðs. Þessi þjóðhættulega skerðing á atvinnufrelsi manna hlýtur að leiða til þess, að vinnulöggjöfin verði endurskoðuð og bætt svo, að tryggt verði, að fámennar stéttir geti ekki framvegis valdið stórkostlegum atvinnustöðvunum, svo og að aðilum sjálfum gefist tækifæri til að dæma um málin án íhlutunar manna, sem æsa til ófriðar, hvenær sem tækifæri gefst, til þess eins að skapa glundroða og vandræði í þjóðfélaginu. Öll þessi höft og mörg önnur slík verður þingið að leysa og skipa málunum á eðlilegri hátt.

Annað skilyrði til þess að ná settu marki er, að Alþingi og þjóðin öll myndi samfellda heild til sóknar á sviði athafna, hverju nafni sem nefnast. Hver þegn þjóðfélagsins, sem ræður yfir fullri starfsorku, hvort heldur hann er embættismaður, verkamaður eða eitthvað annað, verður að vera sér þess meðvitandi, að það eru svik við þjóðina að starfa ekki fullan vinnudag. Og slík svik eru jafnalvarleg og jafndómsáfellandi, þótt ekki sé unnt að koma við viðurlögum í hverju einstöku tilfelli. Jafnfámenn og fátæk þjóð og Íslendingar, sem búa við hin hörðustu skilyrði frá náttúrunnar hendi, getur ekki leyft sér þann munað að vinna ekki langan vinnudag í hverju starfi. Langur vinnudagur með auknum afköstum mundi spara ríkissjóði milljónir í útgjöldum og gefa honum enn fleiri milljónir í tekjur.

Þriðja skilyrðið til að ná settu marki eru minnkandi afskipti ríkisvaldsins af þeim verkum, sem einstaklingarnir hafa betri skilyrði til að sinna.

Baráttumál Alþfl. við síðustu kosningar var einkum það að viðhalda hinu ranga gengi krónunnar og halda áfram síhækkandi uppbótum til atvinnuveganna. Ef fallizt hefði verið á þessa stefnu, mundi það hafa þýtt marga milljónatugi árlega í nýjum sköttum og endað að síðustu í hreinu gjaldþroti þegnanna, nema uppbótum til sjávarútvegsins hefði verið að fullu hætt. Var þá verð hvers síldarmáls fallið niður í kr. 40,00, og kíló fisks í 45—50 aura að óbreyttu gengi. Hve margir mundu hafa viljað fara á sjó fyrir þau kjör? Það verður ekki um það deilt, að þessi leið var lokuð, jafnvel áður en Alþfl. fór úr ríkisstj., sem þó sá engar aðrar útgöngudyr út úr erfiðleikunum. Mundi ekki gjaldabálkur fjárlagafrv. hafa orðið 1—2 hundruð millj. kr. hærri en nú, ef reynt hefði verið að halda áfram á þeirri braut að vilja Alþfl.? Sigurhreimurinn í málgögnum Alþfl. og Sósfl. yfir verðfalli ísl. afurða á erlendum markaði og verðhækkun erlendra vara í innkaupi, sem hvorugt á nokkuð skylt við gengisfellingu krónunnar, er skýrasta dæmið um ábyrgðarleysi þessara manna í stjórnmálum og sorglegasta dæmið um slysni

þeirra, sem veitt hafa þeim fylgi. Að vanda munu þessir flokkar bera fram margvíslegar breytingar á fjárlfrv., sem torvelda mundu skynsamlega afgreiðslu fjárlaganna, ef samþykktar yrðu, og er slíks jafnan að vænta frá óábyrgum mönnum.

Þótt margvíslegir erfiðleikar steðji nú að, ber ekki að fyllast kvíða. Íslenzka þjóðin hefur aldrei átt jafnmikla möguleika til þess að tryggja sér góð lífskjör og einmitt í dag. Jarðvegur er brotinn, ruddur og bíður sáningar. Engin kynslóð hefur átt jafnglæsilega, vel menntaða og þróttmikla æsku, engin átt jafnmikla möguleika. Og íslenzk náttúra er örlynd, ef gengið er fast eftir gæðum hennar. Sjálfstfl. vill beita sér fyrir því, að haldið sé uppi sókn í þessu landi, að afgreiða fjárlög með fullu tilliti til þess og vinna að því, að þær áætlanir, sem þar eru gerðar, verði raunverulegar, en ekki áætlanir einar.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Þegar frv. til fjárlaga fyrir árið 1951 er nú til 1. umr. hér á Alþingi, tel ég rétt að gera nokkurn samanburð á því og fjárlögum síðasta árs, svo að í ljós komi, hvort um stefnubreytingu er að ræða hjá hæstv. ríkisstj. frá því, sem áður var. Enn fremur er vert að líta yfir afkomu atvinnulífsins, þá þróun, sem þar er að verða, og möguleika þess til að halda uppi fjárhagsafkomu ríkissjóðs með þeirri stjórn, sem nú er á þeim málum. Skal þá fyrst vikið að efni frv. Viðvíkjandi tekjuhlið frv. er það alláberandi, að aðaltekjuliðir eru áætlaðir lægri en fyrr. Þannig er tekju- og eignarskattur áætlaður 5 millj. lægri, 35 í stað 40 áður. Vörumagnstollur 1 millj. lægri og verðtollur 5 millj. lægri. Er þetta sérstaklega athugavert með verðtollinn, sem einmitt átti að hækka stórkostlega við gengislækkunina, ef innflutningur héldist í sama horfi. Nú er það viðurkennt í greinargerð frv., að gera verði ráð fyrir a. m. k. 20% minni innflutningi en varð s. l. ár, og á því byggist þessi áætlun. Skal ég nú ekki rengja þetta, en mun síðar að því koma, hvað þeim ósköpum veldur, að árangur hinna margumtöluðu viðreisnarráðstafana frá síðasta þingi skuli vera þessi.

Tekjuáætlun síðustu fjárlaga nam 298 millj. 334 þús. kr., en tekjuáætlun frv. 287 millj. og 488 þús., eða nærri því 11 millj. kr. lægri.

Þegar athugaðir eru gjaldaliðir frumvarpsins, kemur fljótt í ljós, að á flestum rekstrarliðum er um hækkun að ræða og víða allverulega.

Kostnaður við stjórnarráðið hækkar úr 3 millj. 363 þús. kr. í 4 millj. 214 þús., eða 851 þús. kr., eða 25%.

Dómgæzla og lögreglustjórn hækkar um 2 millj. 769 þús., eða ca. 21%.

Opinbert eftirlit hækkar um tæp 200 þús. eða rúml. 21% hvað niðurstöðutölur snertir, en raunverulega miklu meira, því að margar stofnanir, er undir það heyra, færa hækkaðar tekjur á móti hækkuðum gjöldum.

Innheimta tolla og skatta hækkar um 1 millj. 180 þús., eða um 20%, og sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur um 200 þús.

Þá vekur það einnig eftirtekt, að dýrasta ríkisstofnunin, fjárhagsráð og undirdeildir þess, sem undanfarin ár hafa kostað miklu meira fé en Alþingi, er nú tekin út af frv. Mætti e. t. v. álykta, að tilætlunin sé að leggja þessar stofnanir niður í sparnaðarskyni. Svo er þó ekki, sem fram kemur í athugasemdum við frv., þar sem sagt er, að ekki sé vitað um, hvers kostnaðar megi vænta af eftirliti með gjaldeyrisverzlun og verðlagi á næsta ári. En fullvíst megi telja, að kostnaður verði eigi meiri en leyfisgjöldin. — Svo mörg eru þau orð. Á síðustu fjárlögum var þessi kostnaður áætlaður 3½ millj. kr., en tekinn með leyfisgjöldum, sem allur landslýður varð að greiða. Væri gott ef fyrirhugaðar breytingar gætu minnkað þennan kostnað, en eftir reynslunni mun þess tæplega að vænta.

12. gr., heilbrigðismálin, hækkar um nærri 3 millj. kr., eða rúm 18%.

14. gr., kirkju- og kennslumál, hækkar um 7 millj. 124 þús., eða ca. 20%.

16. gr. A, landbúnaðarmálin, hækkar um 1 millj. 124 þús., eða sem næst 8%.

17. gr., til félagsmála, hækkar um 123 þús., sem er smávægilegt, og 18 gr. hækkar um 1 millj. 360 þús., eða 21%.

Þessar upphæðir, sem ég hef hér nefnt og allar eru til hækkunar á beinum rekstrargjöldum ríkisins eða stofnana þess, nema samtals rúmum 18 millj. kr., en eru þó alls ekki tæmandi. Þótt hér vegi á móti nokkur upphæð, sem greidd er í uppbætur á laun opinberra starfsmanna á þessu ári, þá heldur hér sýnilega áfram hin sama þróun og mest hefur verið umrædd hin síðustu ár og síðustu ríkisstjórnir og flokkar þeirra hafa talað djarft um að afnema.

En til þess að gefa rétta mynd ber einnig að athuga, hver útgjöld eru dregin saman, því að svo er í nokkrum atriðum. Skal það nú gert.

Á 10. gr. III., utanríkismál, er gert ráð fyrir að fella niður fjárveitingu til sendiráðsins í Moskva. Segir í athugasemdum, að stjórnin muni leggja til, að þetta sendiráð verði lagt niður. Eins og flestum mun kunnugt, var fyrst tekið upp stjórnmálasamband við Sovétríkin undir stríðslokin. Árangurinn kom fljótt í ljós. Hagkvæmir viðskiptasamningar voru gerðir við Sovétríkin bæði árið 1946 og 1947. Fyrra árið nam samningsupphæðin rúml. 74 millj. kr., en síðara árið 96½ millj. Sendiráðið þykir dýrt, m. a. vegna þess, að þegar Íslendingar og aðrar þjóðir Vestur-Evrópu lækkuðu sitt gengi eftir vestlægri fyrirskipun, þá hækkuðu Rússar sína mynt. Eftir öllum eðlilegum viðskiptareglum ætti þetta hvort tveggja að auðvelda okkar markaðsmöguleika við þessar þjóðir. En nú ætlar hæstv. ríkisstj. að spara með því að leggja sendiráðið niður og loka þar með um ófyrirsjáanlegan tíma öllum markaðsmöguleikum í þessum fjölmennu löndum. Hún mun þykjast hafa nægilega mikla og góða markaði vísa annars staðar. Hins vegar virðist hún telja nauðsynlegt að halda uppi þremur sendiráðum á Norðurlöndum, Danmörku, Svíþjóð og Noregi, þar sem mörgum öðrum mun sýnast að eitt nægi.

Þá er á 13. gr. A, vegamál, lækkað framlag til nýrra akvega um 350 þús. kr. Og enn fremur er framlag til brúargerða lækkað um ½ millj. kr., úr 3 millj. í 2½ millj., en gert ráð fyrir hækkun á fé brúarsjóðs. — Þá er framlag til hafnargerða og lendingarbóta lækkað um 745 þús., framlag til hafnarbótasjóðs lækkað um 1 millj. og framlag til ferjuhafna, sem var 150 þús., fellt niður. Samtals

er því gert ráð fyrir, að framlög til þessara verklegu framkvæmda, vega, brúa og hafnargerða, lækki um 2 millj. 785 þús., en að vísu bæti aukið fé brúarsjóði upp lækkunina á brúarfénu. Er hér vægast sagt um að ræða mjög hæpinn sparnað miðað við atvinnuhorfur á öðrum sviðum í landinu. Kostnaður við samgöngur innanlands er áætlað að lækki um rúma milljón, er byggjast mun á hækkaðri tekjuáætlun Skipaútgerðar ríkisins fram yfir hækkaðan kostnað.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir, að B-liður 16. gr., sjávarútvegsmál, lækki um 4 millj. 375 þús. Byggist þessi lækkun aðallega á því, að niður falli framlag samkv. lögum nr. 1 1950 um að lækka framleiðslukostnað bátaútvegsins, en það var á síðustu fjárlögum 1 millj. 700 þús., og enn fremur falli niður greiðsla á sjóveðum síldveiðiskipa, 1 millj 500 þús., sem síðustu fjárlög gerðu ráð fyrir að greitt yrði fyrir síldarvertíðina 1949. En því miður mun hæpið að telja þennan sparnað raunhæfan, miðað við útkomuna á síðustu síldarvertíð.

Þá skal að lokum minnzt á eina útgjaldalækkun, sem frv. gerir ráð fyrir. Það er liðurinn til dýrtíðarráðstafana á 19. gr. Á síðustu fjárlögum voru áætlaðar til þeirra 33 millj. kr. Á þessu frv. eru þær 25; 8 millj. minni. Verður það tæplega skilið öðruvísi en svo, að hæstv. ríkisstj. telji baráttu sína gegn dýrtíðinni hafa borið svo góðan árangur, að nú þurfi fjórða parti minna fé til að halda henni niðri. Þá er heldur ekki furða þótt aðalmálgagn Framsfl., Tíminn, sem um ekkert gat talað annað fyrir nokkrum árum en verðbólgu, er nú steinhættur að minnast á þá óvætt, steinhættur að tala um verðbólgu.

Þannig lítur þá þetta frv. út í stuttu máli. Tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar lækkandi vegna vaxandi erfiðleika atvinnuveganna, minnkandi innflutnings nauðsynjavara og versnandi efnahags einstaklinga og þjóðar. Rekstrarútgjöld ríkisins, bæði vegna sjálfs stjórnarkerfisins og annarrar starfsemi, sem það hefur með höndum, hækka svo milljónum skiptir. Til þess að vega á móti þessu hvoru tveggja er leitazt við að draga úr framlögum til verklegra framkvæmda eftir því sem fært þykir og framlög til að halda niðri vöruverði lækkuð um 8 millj. kr., og eins þótt verðhækkanir á nauðsynjavörum séu nú svo örar, að með hverri viku sem líður fær fólk rýrari vöruskammt fyrir tekjur sínar.

„Viðreisn atvinnuveganna". S. l. þrjú til fjögur ár hafa þessi orð verið kjörorð þeirra íslenzkra borgaraflokka þriggja, sem stjórnað hafa landinu, og sífellt gal um frelsi og lýðræði.

Meðan nýsköpunarstjórnin var við völd og lagði grundvöllinn að stórkostlegri framleiðsluaukningu ásamt árangursríkri öflun nýrra markaða fyrir framleiðsluna (sbr. fyrrnefnd viðskipti við Sovétríkin, sem tókst að koma á fyrir forgöngu Sósfl., meðan hann var í stjórn), gat Framsókn ekki talað um annað en dýrtíð og verðbólgu. Nú hafa þessir þrír flokkar farið með völdin nærri fjögur ár, alltaf verið að gera viðreisnarráðstafanir, alltaf verið að skapa heilbrigt ástand, alltaf verið að berjast gegn verðbólgu og dýrtíð.

Hvernig er svo ástandið í atvinnulífinu eftir fjögurra ára stjórn þessara flokka? Heimildir um það eru tiltölulega auðfengnar, en til þess að eiga síður á hættu ásakanir frá andstæðingum um að fara með rangt mál, skal ég vitna í upplýsingar eins aðalforsprakka þeirrar stjórnarstefnu, sem þessi ár hefur verið fylgt, viðskmrh. — og raunar kom allt hið sama fram í ræðu hæstv. fjmrh. Fyrir hálfum mánuði flutti þessi ráðherra útvarpsræðu, sem einnig var birt í blöðum íhaldsins og gerir þessi mál að umtalsefni. Þar gerir hann samanburð á útflutningstekjum þjóðarinnar árin 1948—49 og væntanlegum útflutningstekjum í ár. Er niðurstaðan sú, að 1948 nam útflutningurinn 690 millj. kr., miðað við núverandi gengi, 1949 404 millj. og í hæsta lagi megi áætla á þessu ári 450 millj. Þótt þessi áætlun standist, sem hæpið mun vera, er hér um að ræða 240 millj. kr. mismun, eða meira en þriðjungslækkun frá 1948. Engin trygging er fyrir því, að hér sé komið á lægsta punktinn. Fyrirsögn þessarar greinar er eftirtektarverð og hljóðar svo: „Margs konar aðsteðjandi örðugleikar, aflabrestur, verðfall afurða, þrenging markaða, verðhækkanir á nauðsynlegum innflutningi og vinnustöðvanir seinka fyrir jákvæðum árangri gengisbreytingarinnar."

Þegar slagurinn stóð um gengislækkunina á síðasta þingi, var því óspart haldið fram af formælendum hennar, að hún væri óbrigðul viðreisn atvinnuveganna, fyrst og fremst útflutningsframleiðslunnar. Það er rétt að rifja upp aðalforðin, sem stjórnarherrarnir gáfu þjóðinni í sambandi við hana. Hún átti að hækka fiskverðið upp í 90 aura á kg (sbr. bls. 45 í greinargerð frv.). Hún átti að hækka útflutningstekjur þjóðarinnar (sbr. bls. 46 í grg.). Hún átti að létta höftum af verzluninni, þ. e. skapa frjálsa verzlun (sbr. bls. 54). Hún átti að afnema svarta markaðinn og minnka verzlunarálagninguna og bæta þannig hag neytendanna (sbr. sömu bls.). Og síðast en ekki sízt átti hún að skapa jafnvægi á milli innlends framleiðslukostnaðar og erlends markaðsverðs og þannig að tryggja okkur sölumöguleika fyrir framleiðsluvörurnar.

Þegar sex mánuðir voru liðnir frá því að íslenzka þjóðin meðtók þessa blessun, fann hæstv. viðskmrh. sig neyddan til að koma í útvarpið og skýra fyrir þjóðinni ástæðurnar til þess, að enginn einasti maður hafði orðið var við þann blessunarríka árangur, sem lofað var, nema vera skyldi blaðamenn Framsóknar og íhaldsins og eigendur þeirra verzlunarfyrirtækja, sem í mestri náð eru hjá innflutningsyfirvöldunum og safnað gátu vöruforða síðasta tímann áður en hún var lögfest, til að selja með hinu hækkaða verði síðar. Og boðskapur ráðherrans var þessi: Þjóðin verður að vera róleg. Gengislækkunin hefur að vísu ekki náð tilgangi sínum enn þá. En það er vegna þess, að það kom aflabrestur. Íslenzkar afurðir eru að falla í verði á erlendum markaði, markaðirnir eru að þrengjast, erlendar vörur eru að hækka í verði, og svo hafa orðið vinnustöðvanir, sem hjálpa til að seinka jákvæðum árangri. — Það er vert að athuga hverja þessa viðbáru fyrir sig.

Aflabrestur. Satt er það, síldveiðin brást. Það hefur hún gert fyrr. Ég man nú ekki til þess, að það kæmi fram í umræðum um málið á þingi í fyrra, að neinn úr ríkisstj. eða flokkum hennar gerði sér von um, að gengislækkunin kæmi í veg fyrir aflabrest. En auðvitað get ég ekki fullyrt neitt um það, nema einhverjir hafi gert sér von

um það undir niðri, þótt ekki væri látið á því bera.

Verðfall íslenzkra afurða. Var það ekki talinn einn aðalkostur gengislækkunarinnar, að hún gerði vörur okkar færar um að keppa á heimsmarkaði? Var ekki verið að segja okkur í vor, að nú væru að skapast stórkostlegir markaðir í Bandaríkjum Norður-Ameríku vegna þess, að nú var tvisvar búið að lækka krónuna gagnvart dollaranum? Var þetta allt saman blekking? Þarf þriðju gengislækkunina til að ná þessu marki? E. t. v. á Benjamín að koma aftur í vetur til að undirbúa hana.

Þrenging markaða. Um það atriði segir ráðherrann í kafla, sem ber undirfyrirsögnina „Bylting í markaðsmálunum“:

„Útflutningur á ísfiski, það sem af er þessu ári, er um 23 974 tonn á móti 120 þús. tonnum alls árið 1949. Getur því engum dulizt, að markaðshrun svo skyndilegt og mikið sem þetta á aðalframleiðslu lítillar þjóðar hlýtur að reyna svo á efnahagskerfi hennar, að það gnötrar á grunni.“

Og ekki er ástandið með freðfiskinn betra samkvæmt upplýsingum frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem blöðin birtu fyrir þremur dögum. Þar segir svo, að í stað 26 þús. tonna af hraðfrystum þorskflökum, sem framleidd voru 1948, hafa nú á þessu ári verið framleidd aðeins 9610 tonn, eða rúmur þriðjungur venjulegrar framleiðslu. Af þessu eru 1900 tonn útbúin og pökkuð fyrir Bandaríkjamarkað, og er útlit fyrir sölu á því þar 20% undir framleiðsluverði. Það er ekki furða, þótt fjmrh. talaði hér um gengislækkun og nýja markaði í Bandaríkjunum. Fyrir Evrópumarkað voru fryst 7710 tonn, og af þeim eru óseld enn þá 4200 tonn. M. ö. o., með því fyrirkomulagi, sem nú er á verzlunarmálunum, er aðeins von um sölu á 5400 tonnum af frystum þorskflökum í stað 25—27 þús. tonna, sem framleiðslan hefur verið. Það er ekki furða, þótt ráðherrann tali um byltingu í markaðsmálunum. En hvað var fullyrt, þegar gengislækkunin var lögfest fyrir 6 mánuðum? Þá var reynt að telja þjóðinni trú um, að við fengjum næga sölumöguleika. Byltingin varð nefnilega þveröfug við það, sem stjórnarherrarnir og fylgismenn þeirra bjuggust við.

Það, sem hér er að gerast, er nákvæmlega það sama, sem við sósíalistar höfum ætíð haldið fram, að okkur mundi verða sparkað út af mörkuðum Marshalllandanna, þegar þar væri ekki lengur þörf fyrir framleiðslu okkar, þegar fiskveiðaþjóðir Vestur-Evrópu hefðu komið sinni framleiðslu á kjöl að nýju. Þetta er einnig yfirlýst af sjálfum Íslandssérfræðingi Marshalláætlunarinnar strax árið 1949, þegar hann sagði, að framleiðsla Íslendinga mundi litla þýðingu hafa fyrir svæðið eftir 1950. Af okkar hálfu hefur margoft verið á það bent, í hvílíkum voða þjóðin væri stödd efnalega, þegar þetta kæmi fyrir, ef ekki væri haldið í og efldir eftir ýtrustu getu þeir markaðir, er búið var að ná í annars staðar. Nú leggur ríkisstj. til að loka enn betur dyrunum til viðskipta við þá þjóð, sem stærsta viðskiptasamninga og að mörgu leyti hagkvæmasta hefur gert við okkur síðan stríðinu lauk, og á það við stóra samninginn við Sovétríkin 1947, 96½ millj., þegar ásamt fleiru var samið um sölu á 15 þús. tonnum af freðfiski, vörunni, sem við erum nú að hætta framleiðslu á, af því að Marshallsvæðið neitar svo að segja að kaupa hana.

Verðhækkanir á nauðsynlegum innflutningi var eitt atriðið í hinni stóru fyrirsögn greinarinnar, sem ráðherrann telur að hafi seinkað jákvæðum árangri gengislækkunarinnar. Vera má, að tryggustu fylgismenn stjórnarflokkanna hafi virkilega lagt trúnað á þær fullyrðingar, að verðlag mundi ekki hækka nema í hæsta lagi 11—13%, eins og stendur í álitsgerð hagfræðinganna, sem frv. fylgdi. Og hafi nokkur virkilega lagt trúnað á það, mun hann hafa komizt að raun um annað nú, a. m. k. virðist ráðherrann hafa skipt um skoðun. En hver þurfti að efast um það, að gengislækkun, sem hækkaði fob-verð innflutningsins um 73,4%, mundi hækka verðlag í landinu meira en 11—13%? Nei, það virðist liggja opið fyrir hverjum manni með heilbrigða skynsemi, að aðalverkanir gengislækkunarinnar yrðu einmitt þær, sem orðið hafa. Og svo kemur viðskmrh. og segir þjóðinni, að það sé bara eðlilegt, að jákvæður árangur hafi ekki náðst, vegna þess að það urðu allt í einu verðhækkanir á nauðsynlegum innflutningi.

Vinnustöðvanir eru síðasta atriðið af þessum fimm, sem ráðherrann nefnir, og tekur þar sérstaklega til dæmis stöðvun togaraflotans. Já, stöðvun togaraflotans er eitthvert ljósasta dæmið um Bakkabræðrastjórn þá, sem ríkir í atvinnumálum Íslendinga. Það vill nú einmitt svo til, að togaraútgerðin var svo að segja eina grein útflutningsframleiðslunnar, sem líkur voru til, að hagnazt gæti á gengislækkuninni. Og nú hefur meiri hluti þessa flota verið stöðvaður svo að mánuðum skiptir. Á yfirborðinu er látið líta svo út sem hér sé eingöngu um að ræða kaup- og kjaradeilu og þá fyrst og fremst það, hvort sjómennirnir eiga að vinna 12 eða 16 tíma á sólarhring. Í því sambandi er vert að minnast þess, að á undanförnum þingum hafa sósíalistar flutt frv. um lögbindingu 12 stunda vinnudagsins. Hefði það fengizt samþykkt, hefði ekki þurft að koma til þessarar deilu út af því atriði. En hver maður, sem inn í þessi mál skyggnist og kann að leggja saman tvo og tvo, veit það, að hér liggur önnur ástæða einnig til grundvallar. Markaðurinn var hruninn, eins og ráðherrann lýsti.

Hvorki útgerðarmennirnir né ríkisstj. hafa kært sig um að leysa þessa deilu. Þeim er þægilegra að nota verkfallið sem átyllu til að láta togarana liggja en að leggja þeim án slíks og viðurkenna þannig hið algera skipbrot, sem hinar stórkostlegu viðreisnarráðstafanir þeirra hafa beðið. Það er þægilegra bæði fyrir togaraeigendur og ríkisstj. að kenna sjómannastéttinni um þessa stöðvun. Og það er Bakkabræðrastjórn Alþfl. á málefnum sjómannastéttarinnar, sem reynir að hjálpa til að losa ríkisstj. við ábyrgðina. Hins vegar hafa karfaveiðar Norðfjarðar- og Akureyrartogaranna sýnt, hve mikilla verðmæta hefði mátt afla, ef allur flotinn hefði stundað þær, þótt ósamið væri um kjörin á þorskveiðunum.

Þannig er ástandið, eftir nærri fjögurra ára stjórn hinna þriggja borgaralegu lýðræðisflokka, og þannig eru horfur með afkomu þeirrar útflutningsframleiðslu, sem á að standa undir 300 millj. kr. fjárlögum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hér hafa talað hv. þm. af hendi stjórnarandstöðunnar, og gagnrýni þeirra á fjárlfrv. hefur nú verið það máttlítil, að það er engin ástæða fyrir mig að vera óánægður með hana. Ég hef ekki mörgu að svara í sambandi við sjálft fjárlfrv., en vil þó benda á sem dæmi um málflutning hv. 5. landsk. (ÁS), að hann sagði, að höfuðsvipur fjárlfrv. væri sá, að allur kostnaður við starfræksluna hefði hækkað stórkostlega. Las hann upp tölur úr frv. og bar saman við tölur í gildandi fjárl. og sagði, að þetta og þetta hefði hækkað svo og svo mikið. Þetta gerir hann gegn betri vitund, því að það sér hver maður við að lesa frv., að 14 millj. eru færðar á einn stað í 19. gr. í fjárl. þessa árs, en þessi fjárhæð er nú sett inn á ýmsa staði í fjárlfrv., þannig að auðséð er, að þetta eru alls ekki sambærilegar tölur. Þegar þetta er tekið til greina, sést, að kostnaður við starfræksluna lækkar, en ekki hækkar, og að uppbætur á laun eru hærri í frv. en í gildandi lögum. Það er þess vegna furðu djarft að halda þessu fram hér á Alþ. við hlustendur, sem kannske hafa ekki haft tækifæri til að lesa frv. og grg.

Þá átaldi hv. 5. landsk., að ráðgert er að leggja niður sendiráðið í Moskva. Þetta er gert fyrir kostnaðar sakir, þar sem ekki hefur verið hægt að koma neinu áleiðis með viðskipti við Rússland, þannig að þetta sendiráð hefur ekki getað orðið að neinu gagni. Rússar hafa lokað öllum viðskiptum við Ísland um mörg ár og sagzt ekki hafa brúk fyrir okkar fisk. Þetta hefur endurtekið sig mjög rækilega æ eftir æ. En við vitum, hvað kommúnistar meina. Þeir vildu, að við létum innlima okkur í Sovétkerfið, því að þá hefðum við fengið að selja Rússum fiskinn. Við áttum að hafna allri samvinnu við Vesturveldin og láta innlima okkur í Sovétkerfið, því að þá hefðu Rússar viljað kaupa af okkur fiskinn og annars ekki. Það er þetta, sem kommúnistar vilja vinna að, en þjóðin vill ekki fallast á, þó að hún fengi í eitt eða tvö ár gott verð fyrir fiskinn, að selja sjálfa sig um leið, og er mál til komið fyrir þessa menn að gera sér grein fyrir því.

Hv. þm. Ísaf., Finnur Jónsson, ræddi nokkuð um fjárlfrv. og spurði: „Hvar eru tollalækkanirnar, sem heitið var í sambandi við gengislækkunina?" Það var engum tollalækkunum heitið í sambandi við gengislækkunina. Þetta er ekkert annað en vindmylla, sem hann hefur nú talið sig nauðbeygðan til að grípa til, þar sem hann sá ekkert annað ráð. En ég get sagt hv. þm., að tollar voru lækkaðir nokkuð í fyrra og lækkaðir skattar á lægstu tekjum, og ég margtók fram, að ég sæi enga leið til að lækka tollana og skattana meira, eins og útlitið væri, og hefði verið heppilegra að benda á þetta en að finna þetta upp.

Þá gerði þessi hv. þm. sér far um að koma inn öfund í garð bændastéttarinnar og sagði, að það hefði verið viðbragðsflýtir að rétta bændum hjálparhönd, þó að óþurrkar hefðu komið eitt ár. Ég vil benda hv. þm. á það, sem allir ættu að vita, að of seint er að afla fóðurs fyrir þá kind, sem búið er að slátra, og annaðhvort er að gera það strax eða ekki. Í þessu sambandi talaði hann um sljóleika í garð sjávarútvegsins, bersýnilega til þess að reyna að koma af stað öfund. Í þessu sambandi er full ástæða til þess að undirstrika það, sem hann gleymdi, að ríkissjóður á útistandandi lán vegna erfiðleika sjávarútvegsins í 8 lánaflokkum, sem koma þar til greina, og hann veit, að fjárveitingar í frv. til landbúnaðarins og sjávarútvegsins eru ekki ósambærilegar tölur og að í frv. eru milljónatugir, sem eru vegna sjávarútvegsins. Það er síður en svo verið að telja þetta eftir, en þetta hefði hv. þm. átt að taka til greina.

Ég hafði gaman að heyra, að hv. þm. lýsti ánægju sinni yfir tveimur sparnaðartill., sú fyrri þess efnis, að lagt verði niður sendiráðið í Moskva, og hin síðari, að embætti flugmálastjóra verði lagt niður. Þetta stafar ekki af tilviljun, heldur er það vegna þess, að hann hefur verið viss um, að þetta snerti ekki neinn Alþýðuflokksmann, en ekki verið búinn að athuga um hinar brtt., hvort þær gætu komið við einhvern, sem honum þætti vænt um.

Í sambandi við það, sem hv. þm. Ísaf. og hv. 5. landsk. sögðu um gengislækkunina, er ástæða til að draga fram nokkrar staðreyndir. Það er furðulegt að heyra málflutning þessara tveggja þm. — og hv. þm. Ísaf. enn meira en hv. 5. landsk — um gengislækkunina. Hv. þm. Ísaf. vildi halda því fram, að þeir erfiðleikar, sem við búum við nú, væru gengislækkuninni að kenna og gengislækkunin, sagði hann, hefði drepið sjávarútveginn. Hver hafa verið áhrif gengislækkunarinnar fyrir sjávarútveginn? Hún hefur hækkað um 74% útflutningsverð allra sjávarafurða, og það er djarfur leikur að ætla að halda fram, að slíkar ráðstafanir séu til óhagræðis fyrir sjávarútveginn. Og við vitum, að ef gengisbreytingin hefði ekki verið framkvæmd, hefði fiskverðið verið þannig, að engin togaraútgerð eða saltfiskveiðar hefðu getað komið til greina. Þessi hv. þm. veit líka vel, að ef genginu hefði ekki verið breytt og menn hefðu átt að búa við stórlækkað verð á útfluttum freðfiski, hefði ekkert frystihús getað orðið rekið og enginn freðfiskur verið seldur til Ameríku, og það er einmitt vegna gengislækkunarinnar, að hægt hefur verið að halda uppi veiðum og frystihúsum víða um land. Allir vita, að ekki væri hægt að stunda karfaveiðar, ef menn ættu að búa við það útflutningsverð, sem fengist, ef gengið hefði verið óbreytt. Og sannleikurinn er sá, að eftir því sem hv. þm. Ísaf. og hv. 5. landsk þm., Ásmundur Sigurðsson, og aðrir slíkir lýsa með sterkari litum erfiðleikum útvegsins, eftir því flengja þeir sjálfa sig rækilegar, því að eftir því verður erfiðara að gera sér grein fyrir því, hvernig hægt væri að fara með málefni þessa atvinnuvegar að óbreyttu gengi krónunnar og taka á sig verðfallið og hvernig ætti að fá peninga til þess að geta vegið þetta upp. Hv. þm. Ísaf. reyndi ekki einu sinni að gera grein fyrir þessu. Það hefði þýtt algera stöðvun togaraflotans, 23% verðfall á allflestum útflutningsvörum sjávarútvegsins. Það er gengisbreytingunni einni að þakka, að framleiðslan hefur ekki stöðvazt fyrir löngu. Það er tvennt, sem hefur afstýrt því, að þjóðin hefði á þessu ári þurft að búa við stórkostlegt atvinnuleysi og bágindi. Það er gengisbreytingin og Marshallhjálpin. Það væri gaman að sjá framan í hv. þm. Ísaf., ef farið væri með hann upp í stjórnarráð og honum sagt, að nú skyldi hann stjórna samkvæmt kenningum sínum, færa gengið til þess, sem það var, og lækka allar sjávarafurðir um 23%. Þá mundi hann sjá, hvernig

kenning hans mundi standast dóm reynslunnar, en það er bara ekki hægt vegna þjóðarinnar að fara þannig að. Sannleikurinn var sá, að í fyrravetur gátu foringjar Alþfl. ekki fundið neina leið aðra en gengisbreytinguna. En af því að atvinnuvegirnir hafa orðið fyrir ýmsum áföllum á árinu, ætlar þessi flokkur nú að slá sig til riddara frammi fyrir þjóðinni með því að halda fram, að allir erfiðleikar atvinnuveganna séu gengislækkuninni að kenna.

Þá talaði hv. þm. Ísaf. um togaraverkfallið og lýsti sök á hendur ríkisstj. fyrir áhugaleysi við að leysa það. Hann veit þó vel, að ríkisstj. hefur átt hlut að því að setja sáttanefnd í þessari deilu, og hún hefur viku eftir viku unnið að því dag og nótt að reyna að finna möguleika til að leysa deiluna og gert till., sem báðir aðilar felldu. Sáttasemjari ríkisins, sem er fulltrúi ríkisstj., hefur einnig unnið að því í marga mánuði að leysa deiluna. Og síðast í morgun gerði ríkisstj. ráðstafanir til að skipa nýja nefnd í málið til að gera tilraunir til sátta. En hvað hefði Alþfl. sagt, ef stj. hefði gripið fram í deiluna? Ég hygg, að hann hefði fljótt sakað stj. um fasisma og annað slíkt. En nú ásakar hv. þm. stj. fyrir afskiptaleysi í málinu, þó að hún hafi gert allt, sem í hennar valdi stendur. Þannig er samræmið í því, sem hann ber fram og hans flokkur heldur fram.

Tími minn er á enda, og skal ég ekki bregðast trausti hæstv. forseta, enda hef ég minnzt á flest höfuðatriðin í því, sem andstæðingarnir hafa haldið fram.

ATKVGR.
Frv. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 21. fundi í Sþ., 4. des., var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 1, n. 253, 252).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Forseti (JPálm): Það hefur verið um það talað milli forustumanna þingflokkanna, að eldhúsdagsumr. verði frestað til 3. umr. En fyrir því þarf afbrigði frá þingsköpum, sem ég hér með leita.

ATKVGR.
Afbrigði um að fresta eldhúsdagsumr. til 3. umr. leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrir hönd fjvn. leggja til, að frv. á þskj. 1, ásamt framkomnum brtt., verði vísað til 2. umr., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Sþ., 5. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 253, 265 og 267, 252).
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur ekki getað komið sér saman um afgreiðslu fjárlfrv. Leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hann ber fram á þskj. 252. Á þetta gat minni hl., hv. 5. landsk. (ÁS) og hv. 6. landsk. (HV), ekki fallizt. Gefa þeir því út minnihlutanál. Það skal þó tekið fram, að þeir tóku allan tímann þátt í umr. og voru meiri hl. sammála um margar þær brtt., sem hann ber fram.

Þegar fjárlfrv., sem nú er hér til umr., var tekið til meðferðar í fjvn., kom meiri hl. n. sér saman um, að tvö meginsjónarmið skyldu verða ríkjandi við afgreiðslu þess í n. Hið fyrra, að frv. ásamt brtt., sem fram kynnu að verða bornar, skyldi skilað til 2. umr. svo tímanlega, að unnt yrði að ljúka afgreiðslu fjárl. fyrir áramót, hið síðara, að frv. skyldi afgr. frá n. greiðsluhallalaust.

Nokkur undanfarin ár hefur það orðið að fastri venju, að afgreiðsla fjárl. hefur dregizt langt eða skammt fram á fjárlagaárið og því orðið að gefa út með sérstakri löggjöf heimild til að greiða nauðsynlegar greiðslur úr ríkissjóði, þar til fjárlög yrðu endanlega afgreidd. Hefur þetta á engan hátt aukið virðingu þingsins, jafnvel þótt fyrir hafi verið meira eða minna veigamiklar ástæður og sumar slíkar, að engan veginn var auðvelt að víkja þeim úr vegi. Alþingi verður jafnan að hafa það hugfast, að það er þjóðinni engan veginn hollt, að sniðgengin séu beint eða óbeint fyrirmæli stjórnarskrárinnar, en hún mælir svo fyrir, að „ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum". Því fylgir aftur það, að fjárlög verða að hafa verið afgr. áður en fjárlagaárið hefst. Mun þjóðin almennt fagna því, að sú stefna verði tekin upp á ný.

Vil ég við þetta tækifæri þakka öllum meðnefndarmönnum mínum fyrir það að hafa jafnan verið fúsir til þess að starfa langan vinnudag og oft fram á nætur til þess að ná því takmarki, sem sett var um þetta í upphafi, eins og ég vil einnig mega vænta þess, að Alþingi sjái sér fært að ljúka umr. um fjárl. og afgr. frv. endanlega fyrir lok þessa árs.

Hitt takmarkið, sem meiri hl. n. setti sér, að skila frv. til 2. umr. án greiðsluhalla, hefur einnig náðst. Ég tel víst, að um þetta verði ekki deilt, að stefna beri að því að afgr. fjárl. greiðsluhallalaus. Slíkt er svo sjálfsagt, nema fyrir séu alveg sérstakar ástæður, sem réttlæti annað. Hitt verður ávallt deilt um, hvort þau atriði, sem út undan hafa orðið, hefðu ekki einmitt átt að hafa forgangsrétt og hitt að víkja, sem inn er tekið.

Engum er ljósara en mér, hversu mikil lífsnauðsyn það er þjóð vorri að sinna meira og betur mörgum þeim málum, sem send hafa verið n. og gátu ekki í þetta sinn fengið fulla aðstoð. Vil ég þar í fyrstu röð nefna mál eins og heilsugæzlumálin, sjúkrahúsin, hælin, hjúkrunarkvennaskólann og annað, sem stendur í beinu sambandi við að lina þjáningar mannanna, lengja líf þeirra og gera þeim vistina sársaukaminni, skapa þeim fleiri gleðistundir og styrkja þá í trúnni á lífið og blessun þess. Í sömu röð má skipa fangamálunum, sem hafa með öllu verið vanrækt, svo að segja má, að þau hafi orðið úti í nepju skilningsleysisins á sálarlífi þeirra vesalinga, sem oft fyrir stundarhlátur, en enga glæpahneigð, stigu spor, sem að vísu fóru yfir merkjalínu laga og réttar, eins og hún er af mönnum mörkuð, en aldrei þurfa að leiða inn á

braut síendurtekinna afbrota, ef vér legðum fram nægilegt fé til þess að hjálpa þessum vesalingum til að öðlast á ný manndóm og dómgreind á réttu og röngu.

Sama máli gegnir um vísindin, sem með raunhæfum tilraunum opna nýja heima og gætu ef til vill á svipstundu skapað örugga möguleika í framleiðslu og iðnaði, sem færðu þjóðinni milljónir í verðmætum, ef unnt væri að leggja fram nægilegt fé. Sama má og segja um listir og bókmenntir, sem ekki er einasta uppsprettulindin, sem allur almenningur sækir í hugmyndir og nýjan þrótt, heldur jafnframt öruggasta sönnunin þeim þjóðum, sem við oss skipta, að hér búi ekki villimenn, heldur þróttmikil menningarþjóð. Sama gildir um öll önnur afrek, sem kynna land vort og þjóð út á við. Mér er ljúft að lýsa því hér yfir, að öll þessi mál eiga djúpum skilningi að mæta hjá fjvn., þótt ekki hafi verið unnt á þessu stigi að leggja til, að til þeirra yrði veitt meira fé en þegar er gert á frv., vegna þess að öðrum málum þarf einnig að sinna, málum, sem einmitt verða að bera uppi framlögin til menningar- og mannúðarmála. Sú lindin má því sízt af öllu þorna.

Það er kunnugt alþjóð, að aðalatvinnuvegir landsmanna hafa á undanförnum árum fengið svo mörg og þung áföll, að þeir þola ekki þá skatta- og tollabyrði, sem á þá er lögð, nema einhver breyting verði á högum þeirra frá því, sem verið hefur. Það er einnig kunnugt, að vér höfum að undanförnu komizt yfir mestu erfiðleikana með aðstoð erlendra aðila, sem veitt hafa hingað fé á líkan hátt og til annarra Evrópuþjóða. En fjárhagsafkoma landsins í framtíðinni getur ekki byggzt á slíku fyrirbæri. Ef hún á að vera traust, verður hún að byggjast á aflamöguleikum þegnanna einna, en ekki á gjöfum frá öðrum þjóðum, og það er kominn tími til þess, að þjóðin geri sér þetta ljóst. Og séu aflamöguleikar til þess ekki nægilegir, eru úrræðin aðeins þau að auka þá eða draga úr eyðslunni.

Til þess að auka aflamöguleikana út í það ýtrasta, þarf samfellda sókn þegnanna á öllum sviðum þjóðlífsins og takmarkalaust einstaklingsfrelsi í athöfnum. Hvorugt er fyrir hendi í þessu landi, eins og nú er komið. Til þess að draga úr eyðslu hins opinbera þarf sterka meiri hluta flokksstjórn. Hún er ekki heldur fyrir hendi, og afgreiðsla frv. ber þess ljósastan vott, því að þótt veik tilraun sé gerð til þess að draga saman útgjöldin með því að leggja niður embætti skattdómara og loðdýraráðunauts, sem alveg er enn óvíst, hve mikill sparnaður verður að, og fella niður eftirlit með bókhaldi og kirkjugörðum, en þetta eru einu raunhæfu embættisfækkanir enn sem komið er, auk þess sem lagt er niður sendiráðið í Moskva, þá vegur þetta lítið upp á móti tugmilljóna hækkunum á ríkisgjöldum, sem stafa af kapphlaupinu um kaupkröfur.

Það er ekki vandalaust að draga saman ofþenslu í ríkisrekstri, og það verður heldur aldrei árekstralaust og sízt af öllu vinsælt, en það kann svo að fara, að það verði nauðsynlegt vegna þjóðarheildarinnar og afkomu ríkissjóðs. Meiri hl. n. hefur bent á margt, sem betur mætti fara í ríkisrekstrinum, gert víðtækar till. til ríkisstj. um sparnað, sem ræddar hafa verið frá ýmsum hliðum. Hefur ríkisstj. tekið þeim vel, en haldið því fram réttilega, að flestar till. séu þess eðlis, að þær þurfi frekari athugun og framkvæmdin lengri undirbúning en svo, að unnt sé að gera þær raunhæfar í byrjun næsta árs, og því sé ekki viturlegt að draga úr fjárframlögum, sem eingöngu byggjast á því, að slíkum sparnaði yrði skyndilega fram komið. Á þetta hefur meiri hl. n. fallizt, en hann væntir þess, að mál þessi verði gaumgæfilega athuguð, áður en fjárlagafrv. fyrir árið 1952 verður lagt fram.

Það er nú kunnugt, að þær upplýsingar, sem nýlega hafa verið birtar í sambandi við rekstur ríkisútvarpsins, komu alþjóð nokkuð á óvart og vöktu ekki alllitla undrun meðal almennings í landinu. Og því mun almennt hafa verið fagnað, hvernig ríkisstj. brást við í því máli. Væri ekki rétt að láta fara fram eftirlit með rekstri ýmissa annarra stofnana ríkisins, og mundi það ekki öllum aðilum hollt? Það er engin vansæmd fyrir forstjóra þeirra stofnana, sem enga aðra yfirstjórn hafa en ráðherra, sem hlaðinn er margvíslegum störfum, þótt ákveðnir menn séu settir til að athuga, hvort ekki sé unnt að gæta meira hófs í rekstri. Má margt gott af því leiða og ekkert illt, ef allt er með felldu, og á hvorki að valda sársauka né tortryggni.

Það, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt megináherzlu á í sambandi við afgreiðslu frv., er að halda niðri fjárfestingu ríkisins svo sem nauðsynlegt þykir til þess að geta afgr. hallalaus fjárl. Og meginástæðan er sú, að nauðsynlegt er talið að halda innan vissra takmarka heildarfjárfestingunni í landinu til þess meðal annars að hefta verðbólguna. Nú er áætlað, að fjárfesting á næsta ári í sambandi við rafvirkjanir, áburðarverksmiðju og nýja togara verði um 156 milljónir. Aðrar fjárfestingar ríkisins eru taldar að vera um 81 millj. kr. miðað við fjárlagafrv. óbreytt. Það sé því óhjákvæmilegt að draga úr þeirri fjárfestingu, eftir því sem unnt er, en auka hana ekki.

Ég skal ekki hér ræða um það atriði, hvort allar þær upphæðir, sem taldar eru með í þeirri 81 millj., sem flokkað er sem fjárfesting, geti raunverulega talizt það, svo sem skógrækt, sandgræðsla, jarðræktarstyrkur, viðhald eigna og margt fleira, en hitt er ljóst, að það er margfalt meiri vinningur fyrir þjóðina í heild, ef unnt væri að draga úr beinum rekstrarkostnaði ríkisins með því að skipuleggja meiri vinnuafköst, lengja vinnutíma og hefta kapphlaupið um kaupkröfurnar, þó að ekkert af þessu sé flokkað undir fjárfestingu. Hitt er og jafnvarhugavert, að skerða þann hlut fjárfestingarinnar, sem beinlínis færir þjóðinni á skömmum tíma alla fjárfestingarupphæðina í erlendum gjaldeyri eða eflir eðlilega þróun atvinnuveganna.

Skal þá rætt hér nokkuð um hinar einstöku gr. frv. og þær brtt., sem meiri hl. n. ber fram.

Við áætlun teknanna þótti meiri hl. n. rétt að hafa til hliðsjónar eftirfarandi atriði:

1) Tekjur ársins 1949 voru alls 295,7 millj. kr.
2) Tekjur til októberloka 1949 voru alls 208 millj.
3) Tekjur til októberloka 1950 voru alls 215 millj. kr.

Tekjurnar árið 1949 verða aðeins 10 millj. kr. hærri en áætlað var, eða rúmlega 3%. Það er ekki að fullu vitað, hvað þær verða á þessu ári, en allt bendir til, að þær fari ekki ýkja mikið fram úr áætlun miðað við innkomnar tekjur í október árin 1949 og 1950. Má þó ef til vill ætla, að einstakir liðir í tekjuáætluninni séu mjög varlega áætlaðir,

svo sem tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur, sem áætlaðir eru rúmar 36 millj. og eru því áætlaðir tæpum 16 millj. lægri en þeir reyndust það ár. Í októberlok það ár voru þessar tekjur að vísu um 2 millj. lægri en 1949, en þrátt fyrir það er þess að vænta, að hér sé um mjög varlega áætlun að ræða. Sama má og segja um vörumagnstollinn. Hann er að vísu rúmlega 3 millj. lægri í októberlok þessa árs en hann var í októberlok 1949, en það ár varð hann alls rúmar 25 millj., eða 5 millj. kr. hærri en áætlað er 1951. Þótt hugsað sé að takmarka mjög innflutning á næsta ári, þá er þó vitað, að allmikill innflutningur verður í sambandi við stórvirkjanir og verksmiðjubyggingar, auk þess sem gengi krónunnar hefur breytzt, eins og kunnugt er, síðan 1949. Það má því segja, að hér sé um mjög varlega áætlun að ræða. Ýmsir aðrir tekjuliðir sýnast heldur ekki vera óvarlega reiknaðir miðað við undanfarna reynslu, en þrátt fyrir þetta þótti meiri hl. ekki rétt á þessu stigi málsins að leggja til, að áætluninni samkv. 2. gr. yrði breytt. Verður þetta þó athugað nánar fyrir 3. umr.

N. kynnti sér, eftir því sem föng voru á, rekstur ríkisstofnananna, sem færðar eru á 3. gr. frv. Hafa ýmsar aths. og till. verið gerðar til ríkisstj. í sambandi við rekstur þessara stofnana, m. a. bent á, hvort ekki væri unnt að sameina öll verzlunarfyrirtæki ríkisins undir eina stjórn og spara þannig allverulega fjárhæð í rekstrinum, enn fremur hvort ekki væri rétt, að þessar stofnanir allar greiddu ákveðin rekstrargjöld beint í ríkissjóðinn, þar sem mest af þeim ágóða, sem færður er upp á fjárl., kemur aldrei ríkissjóði sérstaklega til tekna, nema frá tóbaks- og víneinkasölunni. Annað safnast að jafnaði saman ár frá ári sem rekstrarfé fyrirtækjanna.

Tekjur af ríkisstofnunum eru samkv. þessari gr. áætlaðar tæpar 73 millj. kr. Þær hafa orðið í lok október þetta ár rúmar 67 millj. kr., eða rúmum 4 millj. hærri en í októberlok 1949, en þá urðu þær alls tæpar 80 millj. kr. Það má því segja, að einnig hér sé um varlega áætlun að ræða. En með því að ýmis atriði í sambandi við rekstur þessara stofnana eru í athugun, þótti meiri hl. n. ekki rétt að leggja til, að 3. gr. yrði breytt á þessu stigi málsins. Þótt meiri hl. n. geri ekki till. til breyt. á 3. gr., sbr. það, sem ég hef áður tekið fram, þykir mér þó rétt að taka hér fram, að margt bendir til þess, að spara mætti verulegar upphæðir í rekstri pósts og síma og ríkisútvarpsins, og er þess að vænta, að ríkisstj. láti athuga þetta gaumgæfilega. Þá vil ég einnig geta þess, að n. bárust gögn um 145 þús. kr. kostnað við umferðaskrifstofu, sem rekin er í sambandi við póststofuna, en ekki færð á fjárl., vegna þess að hún hefur tekjur sínar beint úr sérleyfissjóði. Vegna aths. frá n. hefur verið staðfest til hennar, að þessi kostnaður hefur verið færður niður í 110 þús. kr. Álit n. er, að þetta starf megi fela ferðaskrifstofunni og lækka kostnaðinn miklu meira.

Þá hefur n. einnig fengið til athugunar ýmis gögn í sambandi við sölu sérleyfisbifreiða. Sýnast þau mál vera öll þannig, að ástæða sé til að láta athuga þau miklu nánar, og væntir n. að fá um þessi atriði fyllri upplýsingar frá ríkisstj., áður en þingi lýkur.

N. barst erindi frá ráðh. um nokkra hækkun á tekjum og gjöldum ríkisútvarpsins. Þótti rétt að geyma til 3. umr. að taka endanlega afstöðu til þess. — Augljóst er, að tekjur viðtækjaverzlunarinnar hafa minnkað stórlega vegna innflutningshafta á nauðsynlegum vörum til hennar, og það svo, að tekjur útvarpsins eru í verulegri hættu, ef ekki er bætt úr þessu. Hefur n. ritað viðkomandi stofnunum út af þessu máli og bent þeim á þessar staðreyndir.

Frá Innkaupastofnun ríkisins barst n. samningur, sem gerður hafði verið við Olíufélagið h/f um kaup á olíu og benzíni fyrir ríkisfyrirtækin. Ber að sjálfsögðu að fagna því, hversu vel hefur tekizt til um þau kaup. Hitt er svo annað mál, að það verð, sem þar er samið um, gefur fulla ástæðu til að krefjast þess, að ríkisstj. láti athuga á ný álagningu þá, sem leyfð er á olíusölu til almennings í landinu, og er þess vænzt, að það verði ekki látið dragast. Útvegurinn er sannarlega ekki svo vel stæður, að verjandi sé að leyfa að selja honum olíu með allt öðru og miklu hærra verði en unnt er að selja hana til ríkisstofnananna.

Þá vill n. einnig benda á, að landssmiðjan á enn ógreidda skuld til ríkissjóðs að upphæð rúmlega 681 þús. kr., er löngu átti að vera greidd. Væri æskilegt, að þessi viðskipti yrðu gerð upp sem fyrst.

Að síðustu skal tekið fram um þessa gr. frv., að alveg er óhjákvæmilegt að láta hið bráðasta fara fram endurskoðun á leigukjörum á fasteignum ríkisins. Eftir því, sem upplýst var í n., eru gjöldin af þessum fasteignum rúmum 100 þús. kr. hærri en tekjurnar, og er þó ekkert reiknað með vöxtum eða fyrningu eignanna. Væntir meiri hl. n. þess, að leiðrétting hér að lútandi verði ekki látin dragast.

Ég skal svo fara nokkrum orðum um einstakar brtt., sem meiri hl. leggur til að gerðar verði við frumvarpið.

1. brtt. er við 10. gr. Þar er lagt til að veita 10 þús. kr. til kaupa á innanstokksmunum. Þessi upphæð er þannig til komin, að óyfirfærð var sú upphæð, sem notuð var til kaupa á innanstokksmunum í erlendum gjaldeyri. Stafar þetta þá af gengisbreyt. Þótti sjálfsagt að taka upp þessa upphæð.

2. brtt. er um að hækka laun á skrifstofum sýslumanna um 10 þús. kr. Er hún gerð vegna þess, að nauðsynlegt þykir að bæta við starfskröftum við bæjarfógetaembættið á Akranesi.

3. brtt. er um 107 þús. kr. hækkun í sambandi við lögreglukostnað ríkisins í Reykjavík. Er þetta leiðrétting. N. hefur fengið upplýsingar um, að þessa upphæð þurfi að hækka úr 700 þús. kr. í 807 þús. kr.

4. brtt. er um að bæta við nýjum lið, 75 þús. kr., til byggingar fangahúsa. Er sú till. flutt samkv. ósk hæstv. dómsmrh., og hefur n. fallizt á að leggja til, að þessi upphæð verði tekin inn.

5. till. er um, að liður falli niður. Hann er um kostnað við framkvæmd l. um bókhald, 7200 kr. Hefur hæstv. ríkisstj. fallizt á, að þessi liður megi falla niður úr frv.

6. brtt. er við 11. gr. Hún er um að hækka tekjur við eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa, 17500 kr. hækkun, til að vega á móti gjöldunum. Það hefur þótt sjálfsagt að láta tekjur mæta gjöldum í sambandi við rekstur þessarar stofnunar.

Allar hækkunartill. á 11. gr. eru samtals 193500 kr., en lækkanir á móti eru 40369 kr. Hækkun umfram lækkun er því 153131 kr.

7. till. er um að hækka laun við Kristneshæli um 28980 kr., sem er raunverulega leiðrétting.

8. till. er um að fella niður framlag til drykkjumannahælis á Úlfarsá. Eins og hv. þm. er kunnugt, var á sínum tíma stofnað drykkjumannahæli í Kaldaðarnesi. Það var lagt niður og eignirnar seldar. Ég fer ekki frekar út í það mál. Úlfarsá hafði þá verið keypt af þáverandi landbrh. til þess að starfrækja þar tilraunastöð í jarðrækt, án þess að vitað sé, að fyrir því hafi verið heimild Alþingis. Síðan var af rn. ákveðið að setja upp nýtt drykkjumannahæli, skömmu eftir að það hafði verið lagt niður í Kaldaðarnesi. Þótti Úlfarsá þá tilvalinn staður fyrir þá hluti. Nú hefur jörðin verið seld Atvinnudeild háskólans allmiklu hærra verði, án þess að séð verði, að hún hafi verið nokkuð notuð síðan, og sett þó nokkurt fé í breyt. og umbætur, en allt er þó í óvissu um rekstur þessarar tilraunastöðvar, sem er nú annaðhvort leiguliði á annarri jörð eða hefur ekkert skýli yfir höfuðið og ekkert við að styðjast nema ágóða af sölu jarðarinnar. Meðan allt svífur svo í lausu lofti með framtíð drykkjumannahælisins, þykir ekki rétt að ætla fé í fjárl. til þess, enda er ekki ráðið, hvernig því verður hagað í framtíðinni.

9. till. er um hækkun á framlagi til heilsuverndarstöðva, og nemur sú hækkun 40 þús. kr. Þetta er leiðrétting, því að það hefur ekki enn verið tekin inn í frv. sú uppbót á laun embættismanna, sem samþ. hefur verið að greiða. Þess vegna er lagt til, að þessi liður verði hækkaður. Er það gert í samráði við Sigurð Sigurðsson berklayfirlækni, sem hefur upplýst n. að fullu um þetta atriði.

10. brtt. er um hækkun á framlagi til fjórðungssjúkrahúss á Akureyri, úr 350 þús. kr. í 500 þús. kr. Fjvn. hafði kynnt sér ástandið í málum sjúkrahússins í haust. Það er komið undir þak og búið að eyða mjög miklu fé í það. Er því nauðsyn að taka þessa byggingu í notkun svo fljótt sem unnt er. Meiri hl. er sammála um að leggja til, og raunar enginn ágreiningur um það í n., að þessi liður verði hækkaður um 150 þús. kr.

Hækkunartill. á þessari gr. eru samtals 218980 kr., en lækkanir 70 þús. kr. Raunveruleg hækkun er því 148980 kr., ef till. n. verða samþ. óbreyttar.

11. brtt. er um að fella niður ferðakostnað verkfræðinga, 250 þús. kr. Í frv. er þetta nú fært þannig, að ætlazt er til, að kostnaðurinn sé reiknaður á hvert mannvirki, sem framkvæmt er á 13. gr. Meiri hl. n. hefur lagt til, að þetta verði fellt niður. Ég skal geta þess hér, að um þetta atriði verður þó rætt nánar við hæstv. ráðh., áður en gengið verður til atkv. um þennan lið.

Þá er 12. brtt. Þar eru till. n. um framlag til nýrra akvega í töluliðunum 1—148. Hér er að mestu leyti farið eftir till. vegamálastjóra, en þó vikið frá í nokkrum atriðum. Það varð samkomulag hjá fjvn. að leggja til, að liðurinn yrði tekinn upp eins og hér segir. Ég vil þó í sambandi við þetta mega segja hér nokkur orð um Öxnadalsheiðarveg. N. fékk upplýsingar frá vegamálastjóra um það, að því verki væri lokið, en þar væri 350 þús. kr. skuld, og óskaði hann eftir, að tekið væri upp 250 þús. kr. framlag til þess vegar á árinu. N. treysti sér ekki til þess vegna þess, hve takmarkað var það fé, sem látið er til vega, en væntir þess, þótt ekki séu teknar nema 170 þús. kr., þá verði það ekki að vandræðum fyrir vegamálastjóra að ráða fram úr því á næstkomandi árum.

Þá er annað atriði, sem ég vil einnig leyfa mér að ræða í sambandi við þennan lið. Það komu erindi frá Grindavíkurhrepp í sambandi við Grindavíkurveg um breikkun á veginum, sem búið er að leggja til Grindavíkur, einnig frá Slysavarnafélagi Íslands um að leggja fram fé til þess að gera veg út á Reykjanes, en framlag til hans var tekið upp í síðustu fjárl. En nú ætlast Slysavarnafélagið til þess, að fénu verði varið til vegar að vestanverðu við Reykjanes, en hann er ekki í þjóðvegatölu. N. leggur það að sjálfsögðu í vald vegamálastjóra og ráðh., hvort það framlag, sem hér er lagt til, verði notað til að breikka veg, sem er lagður, eða halda áfram með nýjan veg, þar sem Grindavíkurvegur sá, sem lagður hefur verið, er í þjóðvegatölu, en verði ekki lagt til vegar, sem er ekki í þjóðvegatölu.

Vegamálastjóri ræddi við n. um nauðsyn þess að hækka framlag til viðhalds vega. N. hefur ekki lagt til, að það verði gert á þessu stigi, en mun ræða það nánar við ráðh., áður en 3. umr. fer fram.

13. brtt. er einnig við 13. gr., brúargerðir. Þar leggur meiri hl. n. til, að liðnum verði skipt eins og segir í þessari brtt., 1.—23. lið. Í sambandi við 11. lið skal ég geta þess, að hér er um prentvillu að ræða. Þar stendur „Víðidalsá í Miðfirði“, en á að vera: Víðidalsá nálægt Víðidalstungu. Verður það athugað, áður en frv. kemur endanlega til afgreiðslu. Ég vil enn fremur leyfa mér að taka fram, að af upphæðinni, sem ætluð er til smábrúa á 23. lið, 650 þús. kr., er ætlazt til, að verði varið fé til að byggja brú á Vestdalsá í Seyðisfirði, en kostnaður við þá brúarsmíði er áætlaður 70 þús. kr. Þykir rétt, að hún sé endurbyggð af þessu fé, og vil ég, að það komi fram í framsögu.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessar brtt.

14. brtt. er nýir liðir: til ræktunarvega. Er þar sama skipting á fjárhæðinni og á undanförnum árum. Ég vil geta þess í sambandi við umr., sem fóru fram á síðasta þingi um ræktunarvegi, þegar rætt var um fjárlagafrv., þá kom fyrirspurn frá hv. 1. þm. Eyf., hvers vegna ekki væri tekið meira til ræktunarvegar í Hrísey. N. hefur fengið greinargóða skýrslu frá vegamálastjóra, þar sem er upplýst, að í Hrísey séu nær allir vegir í sýsluvegatölu. Hins vegar séu ræktunarvegir og smávegir út frá aðalvegunum. Eftir þær upplýsingar þótti n. ekki ástæða til að gera neinar breyt. á fjárframlögum þangað. Brtt. er því eins og þessi liður hefur áður verið í fjárl.

Þá er einnig b-liður: Til vegarlagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi, 50 þús. kr., en áður var þessi liður 80 þúsund. En það hefur verið lagt mikið af vegum um Kópavogsland. Það virðist eðlilegt, að Kópavogshreppur gerði sérstakar samþykktir um sínar vegaframkvæmdir. Er ætlazt til þess, að ríkissjóður þurfi ekki framvegis að standa straum af þessum vegalagningum. Rétt þótti þó að leggja til 50 þús. kr. fjárveitingu til vegagerðar á löndum ríkisins í Kópavogshreppi.

Meiri hl. n. hefur ekki á þessu stigi neinar brtt. við framlag til strandferða. Þó þykir mér rétt að benda á, að rekstrarhallinn er miklu meiri en þessar 750 þús., sem eru í frv., þar sem frá er dreginn

hagnaður af rekstri Þyrils, 950 þús. kr. Líklegt er, að nokkuð mætti spara á þessu fjárfreka fyrirtæki, m. a. létta af 150 þús. kr. tapi við upp- og útskipun á vörum o. fl. Það væri engin goðgá að láta fara fram á þessu raunhæfa athugun.

Í sambandi við brúargerðirnar vil ég leyfa mér að benda á, að vegamálastjóri hefur afhent fjvn. mjög góða skýrslu um brúaframkvæmdir, sem hafa verið gerðar á árinu og væntanlega verða gerðar á næstu árum, m. a. áætlun um, hvernig hann hugsar sér að nota brúasjóð á árinu 1951. Í l. um brúasjóð, sem stofnaður var af bifreiðaskatti, segir svo m. a. í 8. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Í brúasjóð renni fjárhæð, sem svarar 5 aura flutningsgjaldi af hverjum lítra af benzíni, er Alþingi ráðstafar, og skulu fyrstu tekjur hans ganga til byggingar Þjórsárbrúar".

Þó að vegamálastjóri hafi sent n. tillögur sínar, hvernig hann hugsar sér að nota brúasjóð á næsta ári, hefur n. á þessu stigi ekki gert till. um að taka það inn í fjárl., en það verður að sjálfsögðu rætt við hæstv. ríkisstj., hvort ekki sé rétt að taka þetta inn í fjárl. með tilvísun til beinna fyrirmæla l. frá Alþingi til ráðstöfunar fénu. N. hefur enn ekkert um það sagt, hvort hún vill fallast á þá till. um skiptingu fjárins, sem vegamálastjóri hefur gert till. um, en mun taka það til athugunar á síðara stigi málsins.

Þá er 15. till. n. Hún er um það, hve miklu fé skuli verja til hafnarmannvirkja og lendingarbóta. Leggur hún til, að það verði svo sem segir í 15. brtt. a. 1—27 og b. 1—21. Er þar að langmestu leyti fylgt till. vitamálastjóra um skiptingu þessa fjár. Þó skal tekið fram, að upphæðin til Rifs á Snæfellsnesi, sem áætluð er í frv. 700 þús. kr., er lækkuð um 200 þús. kr. Þessu er skipt á þær hafnir, sem langmest eiga inni hjá ríkissjóði, og nemur það hjá sumum allt að 800 þús. kr. Samt þótti ekki fært að ætla meira en 200 þús. kr. á nokkra höfn, en þó er bætt 20 þús. kr. á örfáar hafnir, eins og sést á till. Hins vegar er ætlað nokkurt framlag til Sandgerðis vegna þeirrar aðstöðu, sem skapazt hefur þar við síldveiðina á þessu ári. Það er sýnilegt, að það verður að gera þar mikið átak til að bæta úr því neyðarástandi, sem þar er fyrir þá, sem leggja þar afla á land. Að öðru leyti hefur sáralítið verið hreyft við till. vitamálastjóra. Það hefur að vísu verið tekið þar upp eitt framlag til eins nýs staðar, sem stóð ekki í till. vitamálastjóra, Reykjaness við Ísafjarðardjúp, 10 þús. kr.

16. till. er um að hækka úr 500 þús. í 1300 þús. kr. framlag til hafnarbótasjóðs. Fjvn. fékk um þetta erindi frá vitamálastjóra, þar sem hann tilkynnir n., hversu mikið fé þurfi að taka upp til að uppfylla ákvæði gildandi l. um hafnarbótasjóð, en það er 1300 þús. kr. á næsta ári. Hefur það verið tekið upp. Einnig er tekinn upp nýr liður, 125 þús. kr., til þriggja ferjuhafna. Er þess vænzt, að sú tillaga verði einnig samþ.

Fjvn. ber ekki fram brtt. í sambandi við framlag til flóabáta, en ég geri ráð fyrir, að samvinnunefnd samgöngumála geri till. um skiptingu fjárins og þær breyt., sem henni þykir ástæða til. Það hefur verið venja að undanförnu, að það hefur verið gert af þeirri nefnd.

Það liggur engin brtt. fyrir um Ferðaskrifstofu ríkisins, en ég vil vísa til þess, sem ég hef sagt, að fela ætti henni verkefni umferðaskrifstofunnar.

Brtt. til hækkunar á 13. gr. nema alls 1722 þús. kr., en til lækkunar 20 þús. kr.

Í sambandi við hafnarmál vil ég leyfa mér að geta þess, að fjvn. fékk lista frá ríkisstj. yfir þær skuldir, sem ríkissjóður hefur orðið að greiða vegna ábyrgða í sambandi við lán til hafnargerða og lendingarbóta. Nemur sú upphæð alls 1700 þús. kr. Þar er ekki um margar hafnir að ræða, en nokkrar þó. M. a. skuldar ein 900 þús. kr. Ég vil leyfa mér að geta þess, að 1948 eru þau tilmæli í nál. fjvn. til ríkisstj., að hún láti athuga þessi mál þá þegar. Fjvn. hefur ekki séð, að það hafi verið gert. Leggur hún mikla áherzlu á það nú að kippa þessu í lag. Ef ekki verður spyrnt við fótum, þannig að settur verði beinlínis endurskoðandi á þessi fyrirtæki til að athuga m. a., að þessar hafnargerðir fái tekjur samkvæmt gildandi reglugerðum fyrir hafnirnar, eða hvort reglugerðirnar séu þannig, að ekki sé hægt að fá meiri gjöld, svo að þessi fyrirtæki fái meiri tekjur, og í þriðja lagi, að fé, sem veitt er til þessara aðila, sé beinlínis látið til að greiða skuldir, þá er sýnilegt, að þessar stofnanir hafa tilhneigingu til að greiða ekki sínar skuldir, heldur taka stórar fjárfúlgur úr ríkissjóði, án þess að þau hafi viðunandi skipulag á fjármálum sínum. Fjvn. mun skrifa ríkisstj. um þetta og væntir, að þessu verði kippt í lag.

17. till. er við 14. gr., að fella niður kostnað við eftirlit með kirkjugörðum, 7200 kr. Hefur það verið rætt við ríkisstj.

18. brtt. er aðeins leiðrétting, að fyrir „Sjómannaskólinn" komi „Stýrimannaskólinn".

19. till. er nýr liður, að hækka kostnað við kennslu á Hvanneyri, 35708 kr. Það er leiðrétting. Hefur þetta fallið úr frv., þegar það var samið, og er nauðsynlegt að taka það upp aftur.

20. brtt. er hækkun á framlagi til iðnskóla úr 250 þús. í 335 þús. kr. Það hefur ekki verið reiknað með uppbótum á þennan lið eins og við aðra skóla í landinu. Er því nauðsyn að taka þessa hækkun inn.

21. till. er um að hækka um 650 þús. kr. framlag ríkisins til rekstrarkostnaðar gagnfræða- og héraðsskóla. Það er leiðrétting, sem kom til n., og er nauðsynlegt að taka hana inn í frv.

22. brtt. er um að lækka um 100 þús. kr. framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla. Skuld ríkisins við þessa skóla er nú 2800 þús. kr., en ógreitt framlag til byggingar barnaskóla er um 6 millj. kr. Þó er ekki tekinn upp nema ⅓ af því. Hefur það verið rætt við ríkisstj.

23. till. er um, að 5 þús. kr. verði veittar til byggingar skóla Árnýjar Filippusdóttur. Varð samkomulag um að taka þessa upphæð inn í frv.

24. till. er um að lækka kostnað við ferðakennslu í íþróttum um 10 þús. kr.

25. till. er um 50 þús. kr. framlag vegna undirbúnings þátttöku Íslendinga í Ólympíuleikunum 1952. Ég vil leyfa mér að geta þess, að annað erindi lá fyrir n. um 90 þús. kr. styrk til íþróttamanna til ferðalaga, og það var sannarlega ekki sársaukalaust fyrir fjvn. að geta ekki lagt til, að þetta yrði tekið upp, eftir þann sóma, sem íslenzkir íþróttamenn hafa gert Íslandi síðastliðið sumar.

Hún sá sér því miður ekki fært að verða við þessu, en tók upp 50 þús. kr. upphæð til undirbúnings þátttöku í Ólympíuleikunum.

26. brtt. er um að lækka kostnað við rannsókn á þroskastigi skólabarna um 31598 kr. Það er m. a. vegna þess, að það var talið, þegar upphæð til þessa starfs var tekin upp í fjárl. yfirstandandi árs, að þessu verki væri svo langt komið, að ekki þyrfti að hugsa til að hækka framlagið mikið. Nú er verið að hækka það á frv. þvert ofan í það, sem sagt var þá. Leggur n. til, að það verði lækkað eins og segir í brtt.

Brtt. til hækkunar við 14. gr. nema alls 825708 kr., en brtt. til lækkunar 148798 kr. Verði allar brtt. n. við þessa gr. samþ., verður raunveruleg hækkun á gr. 676910 kr.

27. brtt. er við 15. gr., um að tekinn verði upp nýr liður til uppsetningar þjóðminjasafns, 75 þús. kr. N. ræddi þetta atriði við þjóðminjavörð, sem upplýsti, að þeir hefðu nægilegt fé til flutnings á safninu á næsta ári, en hins vegar þyrfti fé til þess að smíða nauðsynlegar geymslur, hillur og skápa, og taldi n., að hægt yrði að komast af með þá upphæð, sem í till. greinir, 75 þús. — Þá er í 28. till. tekinn upp nýr liður: Til að skrá og setja upp jurtasafn (í eitt skipti fyrir öll), 20 þús. kr. — N. hefur verið tjáð, að ríkið eigi mjög verðmætt jurtasafn, og hefur því fallizt á, að veittar verði 20 þús. kr. til að koma þessu safni fyrir, skrá það og koma því upp, en ekki er ætlazt til, að ráðinn verði fastur starfsmaður til að gera þetta, nema þetta eina ár, og er því gert ráð fyrir, að til þess að ljúka verkinu nægi sú upphæð, sem hér er til tekin.

30. brtt. er um að lækka um 5 þús. kr. framlag vegna útgáfu ritsins „Zoology of Iceland", úr 10 þús. kr. í 5 þús. kr. Hefur verið rætt um þetta við Árna Friðriksson, og er brtt. gerð í samráði við hann. — 31. brtt. er um að hækka framlag til Jóns Dúasonar um 10 þús. kr., úr 15 þús. í 25 þús. kr. — 32. brtt. er um, að tekinn verði upp nýr liður: Til Jóns Norðfjörðs til að kenna leiklist á Akureyri, 8 þús. — 33. brtt. er einnig um, að tekinn verði upp nýr liður: Til Tónlistarskóla Siglufjarðar, 10 þús. kr. — Þá er 34. brtt. um, að tekinn verði upp nýr liður: Til kantötukórs Akureyrar, vegna utanfarar, 30 þús. — 35. brtt. er um, að Guðrúnu Á. Símonar verði veittar 6 þús. kr. til söngnáms. Það hefur verið á fjárl. áður. — Þá er lagt til í 36. brtt., að veittar verði 6 þús. kr. til Lögreglukórs Reykjavíkur, vegna utanfarar. Og í 37. brtt. er lagt til, að framlag til listasafns Einars Jónssonar verði hækkað úr 20 þús. í 25 þús. kr.

Í 38. brtt. er lagt til, að framlag til umbóta á Þingvöllum verði hækkað úr 30 þús. í 100 þús. Árið 1949 var þessi upphæð 100 þús., en 1950 var hún færð niður í 50 þús. Nú er ástandið þannig á Þingvöllum, að nauðsynlegt er að girða þjóðgarðinn, og kostar það stórfé, ef á að girða hann þannig, að hann sé gripheldur. Hefur verið plantað mjög miklu á hverju ári og ekki unnt að halda því áfram, nema tryggt sé, að fé komist ekki inn í garðinn. Auk þess er þarna um annað verkefni að ræða, sem sé að koma upp almenningssalerni, sem kostar töluvert fé. Er ekki sæmandi, að þau mál séu eins og þau eru nú, á slíkum stað, þar sem jafnmargir ferðamenn koma, og er nauðsynlegt, að þessu verði kippt í lag. N. hefur fallizt á að taka upp á þessu ári 100 þús. kr. framlag til þess að gera þarna umbætur.

39. brtt. er þess efnis, að veittar verði 20 þús. kr. til minnismerkis Jóns biskups Arasonar á Hólum. Þessu minnismerki hefur nú þegar verið komið upp, en það hefur kostað miklu meira fé en gert var ráð fyrir, og hefur orðið að samkomulagi að taka upp 20 þús. kr. til að greiða í sambandi við byggingu minnismerkisins á Hólum.

40. brtt. er í sambandi við veðurstofuna, að niður falli 30 þús. kr. framlag til kaupa á nýjum jarðskjálftamæli. Þykir ekki ástæða til að setja þetta inn á 15. gr. undir þann lið, vegna þess að síðar er tekin upp önnur upphæð til kaupa á jarðskjálftamæli.

41. brtt. er um að taka upp nýtt framlag til mótvirðissjóðs. Í fyrsta lagi er það framlag til tæknilegrar aðstoðar, sem er þegar á frv., en auk þess framlag til kaupa á nýjum jarðskjálftamæli, 50 þús. í stað 30 þús., og svo er til kortlagningar jarðvegsins tekið upp 198 þús.

Allar hækkunartill. við 15. gr. nema samtals 698 þús. kr. og lækkunartill. 30 þús., þannig að verði allar brtt. við þessa gr. samþ., hækkar gr. um 668 þús. kr. — Í sambandi við þessa gr. vil ég benda menntmrh. á, að styrkir til lesstofa og bókasafna eru teknir hér upp 269850 kr. á frv., á bls. 38. Fjvn. hefur fengið skrá yfir þá styrki, sem hafa verið auk þess greiddir til bókasafna og lesstofa um land allt, og nemur það um 140 þús. kr. Það væri því æskilegt, þegar fjárl. verða samin næst, að fella að mestu leyti niður þessa liði, sem eru hér í frv., en láta nægja þá upphæð, sem tekin er til bókasafna frá skemmtanaskattinum, þó að sjálfsögðu ekki fjórðungsbókasafna, sem alltaf hafa haldið sínum ákveðna styrk undanfarin ár, eða a. m. k. að samræma þetta betur en hér er gert. Er ekki ástæða til að hafa þetta svona í tvennu lagi.

Í 42. brtt. er lagt til, að framlag til skurðgröfukaupa verði hækkað úr 100 þús. í 200 þús. kr., en aftur á móti er í 43. brtt. lagt til, að framlag til kaupa á jarðræktarvélum verði lækkað úr 1 millj. í 500 þús. Þetta hefur verið rætt við hæstv. ríkisstj., og með því að talið er vafasamt, að innflutningur á vélum verði meiri, hefur verið fallizt á þá breyt., sem hér um ræðir.

44. till. er um framlag til umbóta á Reykhólum vegna skipulags staðarins. Þar hafa verið gerðar ýmsar framkvæmdir, og hefur skipulagsnefnd haft þær með höndum, en þessi nefnd hefur ekki fengið neitt fé til þessara framkvæmda fyrr en nú, að tekið er upp í fyrsta skipti 25 þús. kr. framlag til umbóta á þeim stað.

45. brtt. er um að hækka framlag til fyrirhleðslu á Þverá og Markarfljóti úr 350 þús. kr. í 550 þús. kr. Fjvn. kynnti sér þetta verk, sem hefur kostað ríkissjóð óhemju fé undanfarin ár, og fullvissaði sig um það, að óhjákvæmilegt væri að halda þessu verki áfram, og meira að segja þyrfti að láta töluvert fé í það á yfirstandandi hausti, til þess að ekki ónýttist svo og svo mikill hluti af því, sem búið er að gera. — Þá eru einnig í sömu till. teknir upp nýir liðir, þ. e. til fyrirhleðslu á Kaldaklifsá og Hólmsá í Austur-Skaftafellssýslu, en þetta hefur verið á fjárl. áður, og er þessu verki enn ekki lokið.

Í 46. till. er lagt til, að framlag til landþurrkun-

ar á Eyrarbakka verði lækkað úr 20 þús. í 10 þús. kr., en tekið verði upp 10 þús. kr. framlag til landþurrkunar á Stokkseyri og 20 þús. kr. framlag til landþurrkunar í Austur-Landeyjum.

Í 47. brtt. er lagt til, að tekið verði upp 30 þús. kr. framlag til raflýsingar í Gunnarsholti. Það hefur legið fyrir erindi hjá n., sem sýnir, að með því að raflýsa Gunnarsholt með vatnsrafstöð í stað þess að taka línu frá aðallínukerfinu, þá er þetta miklu kostnaðarminna. Er gert ráð fyrir, að raforkusjóður láni eitthvað til þessa verks, eins og fyrir er mælt í 39. gr., að mig minnir, og megi því komast af með 30 þús., a. m. k. á þessu ári, til verksins, og er því lagt til, að þessi liður sé tekinn upp í frv.

48. brtt. er um að hækka framlag vegna fjárskiptanna um 1 millj. og 900 þús. kr., eða upp í 9 millj. og 460 þús. kr. Það verður að segjast, að sjálfsagt er enginn liður í fjárlfrv., sem kemur til að verða eins erfiður og þungur á ríkissjóði og þessi liður hér. En niðurskurðurinn þykir sjálfsagður, enginn hefur mælt gegn honum, enda hefur hann reynzt þannig, enn sem komið er, að ekki er ástæða til þess að kvarta. Að vísu hafa orðið mistök í einstöku sýslum, og er þess vænzt, að landbrh. gangi fast eftir, að hlýtt verði þeim reglum, sem settar eru í sambándi við fjárskiptin. Það væri hroðalegt, ef skera þyrfti niður á ný heila hópa af fé, sem nýlega hefur verið skipt, og láta ríkissjóð greiða niður á ný þann mismun. Fjvn. leggur mjög mikla áherzlu á það, að ekkert sé látið ógert til þess, að þeim reglum verði fylgt út í það ýtrasta. Það er hugsað að taka af þessari upphæð 1 millj. inn á 20. gr. sem nýtt lán. Er þetta gert skv. ósk rn.

Þá er lagt til í 49. brtt., að tekið verði upp nýtt framlag vegna kostnaðar við norrænt búnaðarmót á Íslandi, 25 þús. kr. Hins vegar leggur meiri hl. n. til, að felldur verði niður 27. liður 16. gr., til hreindýraræktar á Suðurlandi, 30 þús. kr. — Þá er lagt til í 51. brtt. að hækka framlag vegna reikningastofu sjávarútvegsins úr 22 þús. í 31 þús., og í 52. brtt. er lagt til, að framlag til Alþjóðahvalveiðaráðs verði hækkað um 2295 kr. — Þá er gert ráð fyrir í 53. brtt., að framlag til nýrra síldveiðiaðferða verði hækkað um 50 þús. kr., úr 300 þús. í 350 þús. kr. Hefur fjvn. fallizt á þessa hækkun og leggur til, að hún verði gerð.

Í 54. brtt. er lagt til, að framlag til Landssambands iðnaðarmanna hækki úr 50 þús. í 60 þús., og í 55. brtt. er lagt til, að framlag til iðnráða hækki um 5 þús.

Allar hækkunartill. á 16. gr. nema 2454295 kr., en till. til lækkunar nema 530 þús. kr., þannig að þessi gr. hækkar um 1924295 kr., ef allar till. verða samþ. Munar þar að sjálfsögðu langmest um það fé, sem lagt er til fjárskiptanna. — Þessar brtt. hafa allar verið ræddar við hæstv. ríkisstj. og fullt samkomulag milli ríkisstj. og n. um þessi atriði.

Í sambandi við 17. gr. er lagt til, að framlag til sjúkrasamlaga hækki um 300 þús. kr., eða upp í 4 millj. og 800 þús., vegna hækkunar á sjúkrasamlagsgjöldum. Hins vegar hefur n. á þessu stigi málsins ekki gert neinar till. til breytinga um framlag til almannatrygginganna að öðru leyti en það hefur verið upplýst, að þurfa muni 3 millj. og 200 þús. kr. hærri upphæð en tekin hefur verið inn á fjárl., ef haldast eiga sömu hlutföll milli þeirra þriggja aðila, sem greiða iðgjöld til trygginganna, þ. e. ríkissjóðs, sveitarsjóða og einstaklinga. Um þetta hefur ekki verið endanlega ákveðið neitt í n., m. a. vegna þess, að fyrir Alþ. liggja nú brtt. við gildandi l. um almannatryggingar, og fyrr en séð verður, hvernig þeim brtt. reiðir af, er ekki endanlega hægt að ákveða, hvað þarf til þessara framkvæmda, en um það verður að sjálfsögðu rætt fyrir 3. umr.

57. brtt. er um það að fella niður byggingarstyrk til Sambands íslenzkra berklasjúklinga, 200 þús. kr. Þetta er byggt á því samkomulagi við hæstv. ríkisstj., að hún afhendi Sambandi íslenzkra berklasjúklinga trésmiðju ríkisins við Silfurtún ásamt vélum, byggingum og óunnu efni og um þetta takist samningar milli stjórnar Sambands íslenzkra berklasjúklinga annars vegar og hæstv. ríkisstj. hins vegar, sem þegar hafa verið mótaðir nokkuð, þannig að rætt hefur verið um það, að niður félli þá byggingarstyrkur til sambandsins a. m. k. næstu tvö ár. Að sjálfsögðu er þetta atriði, sem hægt er að ræða um á hverju Alþ., en hér er lagt til, að þetta sé fellt niður. — Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, — sem ég raunar veit, að allir hv. þm. vita og öll þjóðin veit, — að þau undur hafa skeð í sambandi við reksturinn á Reykjalundi, að þar hefur mjög veikt líf sigrað mjög sterkan dauða og það mjög glæsilega. Þetta er líklega eina stofnunin, sem rekin er í sambandi við mannúðarmál, sem hefur getað staðið undir rekstrinum og skilað ágóða. Þess vegna ber að meta þetta starf, og því er treyst, að ríkissjóður noti þá heimild, sem lagt er til að tekin verði upp á 22. gr. í sambandi við afhendingu þessarar eignar, sem ég hef þegar rætt um. — Þá er lagt til hér, að hækkaður sé rekstrarstyrkurinn vegna læknislauna í sambandi við Reykjalund upp í sama og læknum á Vífilsstöðum og öðrum heilsuhælum er greitt. Er ríkissjóður skyldugur að greiða læknislaun eins og þau eru á hverjum tíma, og er því hér um leiðréttingu að ræða.

Þá er hér í 59. brtt. lagt til, að tekið verði upp framlag til dagheimilis Kvenfélagsins Hlífar, Akureyri, 15 þús. kr. byggingarstyrkur.

Alls nema hækkunartill. á 17. gr. 326849 kr., lækkunartill. 200 þús. kr., þannig að gr. mundi hækka um 126849 kr., ef allar brtt. yrðu samþ.

Þá hefur n. gert nokkrar brtt. við 18. gr. Ég sé ekki ástæðu til að lesa hvern einstakan lið, en vil í sambandi við þessa gr. leyfa mér að benda á, að fjvn. er óánægð með það, hvernig það mál hefur verið útbúið af hæstv. ríkisstj. Þar ríkir hið megnasta ósamræmi og rangsleitni í sambandi við þá, sem taka eftirlaun. Þar er um að ræða fátækar, gamlar prestsekkjur, sem aðeins hafa örfáar krónur, og útilokað fyrir fjvn. að laga þetta vegna ákvæða í almennu tryggingalöggjöfinni, sem segir, að það, sem veitt er á 18. gr. sem eftirlaun, skuli dragast frá þeim tekjum, sem viðkomandi aðilar eiga að fá frá Tryggingastofnuninni. — Það hefur sannarlega ekki verið sársaukalaust að víkja sanngjörnum beiðnum þessara kvenna frá sér ár eftir ár, og vil ég vænta þess, að fundnar verði einhverjar leiðir til úrbóta. Hér er um að ræða 5—6 gamlar konur, komnar yfir áttrætt, en hins vegar eru svo inni á 18. gr. margir menn með full laun, sem þeir greiða ekki af í lífeyrissjóð, sem þeir þó höfðu

orðið að gera áður, meðan þeir unnu fulla vinnu. Hér eru t. d. einnig á 18. gr. menn, sem komnir eru úr starfi og hafa full laun og þar að auki stórkostlegar launauppbætur, sem byggist á því, að það hafa verið samningar frá gamalli tíð, þegar þurfti að kaupa þá til að gegna ákveðnum störfum. Það, sem þarf að gera, er að ákveða alveg fast, hvað hver embættismaður skuli fá, þegar hann hættir störfum, og það sé farið þar eftir föstum reglum, en ekki eftir því, hvaða áróður er rekinn í þinginu á hverjum tíma. Meðal annars er talað um að taka hér upp á 18. gr. einhvern allra prýðilegasta mann, sem nú er að láta af störfum. Er ekkert samkomulag um það í fjvn., hvernig farið skuli með það mál. Okkur hefur verið tilkynnt, að þessi maður hafi ekki óskað að fá annað eða meira en 60% af sínum hámarkslaunum. En til n. hefur komið ákveðin beiðni um það, að þessi maður verði tekinn upp á full laun. N. hefur ekki viljað taka neina afstöðu til þessa máls, vegna þess að það ríkir engin stefna enn þá í sambandi við 18. gr. Ég vil því mega vænta þess, að áður en næsta fjárlfrv. verður lagt fram, verði búið að athuga þessi mál gaumgæfilega. Og líklega væri bezt að skipa sérstaka n. manna milli þinga til þess að ákveða þetta mál.

Hækkunartill. á 18. gr. nema samtals kr. 9729, en lækkunartill. nema kr. 47352.87, og mundi þetta því þýða um 38 þús. kr. lækkun, ef till. verða allar samþ.

Í sambandi við 20. gr. er lagt til í 62. brtt., að hækkuð séu lán þau, sem tekin verða á árinu, úr 2 millj. í 3 millj. í sambandi við sauðfjárskiptin, eins og ég hef áður minnzt á. — Þá er einnig lagt til, að niður falli á sömu gr. liðurinn „Til byggingar tilraunastöðvar á Keldum“. Er þetta gert í samráði við ríkisstj. — Í 64. brtt. er lagt til, að framlag til Menntaskólans á Akureyri lækki úr 400 þús. í 200 þús., en aftur á móti hækkað framlag til sjúkrahúss. Þykir nauðsynlegra að nota það fé til þess að koma sjúkrahúsinu áleiðis en til menntaskólans, þó að það sé einnig nokkuð aðkallandi.

65. brtt. er um það að lækka framlag til sjómannaskólans úr 500 þús. í 400 þús. kr. Ég vil í þessu sambandi benda á, að komið hefur erindi frá skólastjóranum, sem kvartað hefur undan því, hvernig hitalögn hússins er og að ekki hafi verið hægt að koma henni í æskilegt lag, sumpart vegna vöntunar á fé og sumpart vegna þess, að ekki hafi fengizt heimild hjá fjárhagsráði til þess að gera þetta verk. Fjvn. leggur áherzlu á, að af þessum 400 þús. kr., sem veittar eru á 20. gr. í ár, verði fyrst og fremst fé notað til þess að koma hitalögn skólans í viðunandi horf, til þess að lækka stórlega hitakostnaðinn árlega.

66. brtt. er um að taka upp nýjan lið: Til byggingar prestsseturshúss á Hólum, 100 þús. kr. — Er þetta loforð, sem hæstv. forsrh. mun hafa gefið á yfirstandandi sumri, og hefur fjvn. fallizt á, að þessi liður sé tekinn upp.

Brtt. við 20. gr. verka þá þannig, ef þær verða samþ., að „Inn“ hækkar um 1 millj., en „Út“ lækkar um 500 þús., en hækkar um 100 þús., eða 400 þús. kr. lækkun.

Á 22. gr. er tekinn nýr liður í sambandi við afhendingu á trésmiðju ríkisins til stjórnar Reykjalundar, eins og ég hef þegar lýst, og er ekki ástæða til að endurtaka það. Ég vænti, að sú brtt. verði samþ.

Í sambandi við 22. gr. vil ég leyfa mér að taka fram, að fjvn. hefur ekki enn þá tekið endanlega afstöðu til VIII. liðarins á gr., að ábyrgjast lán, allt að 3 millj. kr., til að fullgera hraðfrystihús. Telur n., að um þetta þurfi að ræða miklu nánar, áður en frv. er endanlega ákveðið, og sama er að segja um IX, um að veita útvegsmönnum, er síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi sumurin 1948 og 1949, eftirgjöf. Það veltur að sjálfsögðu á því frv., sem nú liggur fyrir hv. Nd., um aðstoð til bátaútvegsins, hvort þörf verður á þessari heimild eða ekki. Í þriðja lagi hefur ekki enn verið tekin ákvörðun um XIII. liðinn, þ. e. að kaupa húseignina Laufásveg 7 í Reykjavík, ef hún fæst með viðunandi verði og greiðsluskilmálum. — Þetta er alveg nýr háttur, að eiga að fara að kaupa eignir af sama aðilanum og á að fara að styrkja, og satt að segja skilur ekki fjvn. annað en að þessi liður sé kominn inn fyrir einhvern misskilning. Til þessara þriggja liða hefur n. ekki tekið endanlega afstöðu, en mun ræða þá nánar við hæstv. ríkisstj. fyrir 3. umr.

Ég vil að síðustu skýra hér frá, hvernig niðurstöðutölurnar verða, ef allar brtt. verða samþ.

Hækkun gjalda alls	6556061.00
÷ lækkun gjalda alls	1086519.87
Gjaldahækkun alls kr.	5469441.13

Eignabreytingar.

Inn. Hækkun á lántöku skv. brtt. á 20. gr.		1000000
Út. Lækkun á útborgun skv. 20. gr.	500000	
÷ hækkun	100000	
Útborgunarlækkun alls kr.	400000	

Rekstraryfirlit.

Tekjur alls		287387064
Gjöld	251756182.13	
Rekstrarhagnaður . . .	35630881.87	
Kr.	287387064.00	287387064

Sjóðsyfirlit.

Innborganir	293347064.00
Útborganir	292599709.13
Hagstæður greiðslujöfnuður kr.	747354.87

Ég vil geta þess, að fyrir öllum þessum brtt. er meiri hl. í n., og beini ég þeirri ósk til forseta, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Forseti (JPálm): Útbýtt hefur verið brtt. frá hv. minni hl. fjvn., á þskj. 266 og 268. — Till. eru of seint fram komnar, og þarf því afbrigði til þess, að þær megi koma fyrir, og leita ég þeirra hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er einkum tvennt, sem rétt er í upphafi 2. umr. um fjárlagafrv. fyrir árið 1951 að þakka. Í fyrsta lagi það, að fjárlfrv. var lagt fram af hæstv. fjmrh. sem fyrsta mál hér á Alþ., og er það eins og vera ber og þess vegna ber þá að þakka það og einkum sökum þess, að mörg undanfarin ár hefur það verið svo, að hálfur mánuður og jafnvel þrjár vikur hafa liðið af tíma þingsins, án þess að fjárlfrv. hafi verið lagt fyrir, en samkv. stjskr. ber að leggja fjárlfrv. fram í upphafi þingsins. Því ólagi, sem á var komið, hefur verið kippt í lag, a. m. k. í bili, og í öðru lagi er útlit fyrir, — sem að vísu er afleiðing af þessu, — að takast megi að afgreiða fjárl. áður en það ár hefst, sem þau eiga að gilda fyrir, og eru þetta stórkostlegar framfarir frá því, sem verið hefur undanfarin ár, því að það hefur verið svo s. l. ár, að fjárl. hafa ekki verið afgr. fyrr en í maí- eða júnímánuði, þegar helmingurinn af fjárhagsárinu hefur verið liðinn. Þetta er líka skýlaust brot á stjskr., því að í henni segir ótvírætt, að engar greiðslur megi inna af höndum, nema heimild sé til þess í fjárl. En nú er svo komið, út af þessu ólagi, að mestallt fjárveitingarvald Alþ. er komið úr höndum þess, og má raunar segja, að þar sem fjmrh. hafa undanfarin ár stjórnað landinu fjárlagalaust fyrri helming ársins og síðan skákað í skjóli fjáraukal., þá sé ekki fjarri sanni, að þeir hafi haft þarna fjármálaeinræði. — Í annan stað má auðvitað þakka það, að fjárl. verða afgr. fyrir 1. janúar, rösklegri verkstjórn form. fjvn., og á hann auðvitað þakkir skilið fyrir það. Það er ekki nema um það bil 1½ mánuður síðan frv. var fengið fjvn., og hefur hún nú að þessum tíma liðnum skilað frv. til 2. umr. Það er alveg áreiðanlegt, að þetta hefði verið hægt fyrr og hefði átt að gera fyrr.

Það er að vísu svo, að þótt það sé gott, að fjárlfrv. komi fram á réttum tíma og sé afgr. í tæka tíð, þá skiptir þó annað enn þá meira máli, og það er það, að vel og röggsamlega sé snúizt við þeim vanda, sem leysa á með afgreiðslu fjárl. En um það atriði verð ég því miður að segja það, að á þessu fjárlfrv., sem hér liggur fyrir, virðist nokkurn veginn hafa verið ýtt frá sér mesta vandanum, sem fyrir lá, úrlausninni skotið á frest og a. m. k. ekki enn þá séð, hvernig aðalvandamálin verði leyst. Það má vel vera, að hæstv. fjmrh. hafi gengið það til að koma frá sér fjárlfrv. að einhverju leyti vegna þess, að svona var snúizt við aðalvandamálunum. Það er náttúrlega ekki eins tímafrekt að ýta þeim til hliðar eins og að finna úrræði til að leysa þau. Aðstoð við atvinnulífið er ekki að finna í þessu frv., og er þó atvinnulífið víða um land því miður í nauðum statt.

Það hefur nokkuð verið talað um sparnað í sambandi við þetta fjárlfrv. Hæstv. ráðh. minntist á nokkur atriði í sparnaðarátt, þegar hann lagði frv. fram og hélt sína framsöguræðu, og síðan hefur í blöðunum oft verið minnzt á það, að nú gætti verulegs sparnaðaranda hjá hæstv. ríkisstj., og auðvitað segir slíkur andi til sín fyrst og fremst í afgreiðslu fjárl., annars væri þetta marklaust hjal. Það væri vissulega gleðilegt, ef nú væri brotið í blað um eyðslustefnu undanfarinna ára og nýir hættir teknir upp, þannig að sparnaður væri aðalsmerki þessa fjárlfrv. Það væri alls ekki ótímabært, eins og atvinnuástandið er núna í landinu. En því miður er sparnaðartalið eða sparnaðargalið meira í orði en á borði. Ég sé enga stefnubreytingu í þá átt í þessu fjárlfrv., þar er alls enginn niðurskurður á lítt þörfum eða óþörfum greiðslum. Allflestir liðir fjárlfrv. hækka, kannske að miklu leyti af eðlilegum ástæðum, þ. e. sem afleiðing af gengislækkuninni. Margir liðir fjárlfrv. hljóta að hækka beinlínis vegna þess, enda stendur á ekki mjög fáum stöðum í aths. hæstv. fjmrh. með fjárlfrv.: hækkar vegna gengislækkunarinnar — eða: hækkar sem nemur gengisbreytingunni. — Þessar hækkanir eru auðvitað ekkert nema eðlilegar afleiðingar af því, sem gert var, sem hlaut auðvitað að koma í ljós allvíða í þessu fjárlfrv. — Það eru þó óneitanlega nokkrir liðir í fjárlfrv., sem lækka. En það er það sorglega við það, að það eru einkum þeir liðir, sem lúta að atvinnumálum og verklegum framkvæmdum ríkisins. Þeir hafa lækkað verulega, jafnvel meira hlutfallslega en nokkrir aðrir liðir frv. Þeir hafa í bezta tilfelli staðið í stað, en í mörgum tilfellum lækkað um hundruð þúsunda og í sumum tilfellum um milljónir. Það er þetta, sem er aðalsmerki á þessu fjárlfrv. fyrir árið 1951, svo fagurt sem það er. Það er að vísu rétt, að það eru lögð niður nokkur embætti, nokkur alóþörf embætti. Það er t. d. lagt niður embætti loðdýraræktarráðunautar, sem auðvitað var eðlilegt, eftir að búið var að gera jafnharða hríð að loðdýrunum og gert hefur verið hér á Alþ. Auðvitað hlaut þá röðin að koma að loðdýraræktarráðunautinum sjálfum, en auðvitað kom röðin síðast að honum, og nú á að leggja þetta embætti niður, sem er rétt ráðstöfun hjá hæstv. fjmrh. — Það er líka réttmætt að leggja niður embætti veiðimálastjóra. Þetta embætti var stofnað fyrir nokkrum árum síðan. Það blómgaðist vel. Í fyrstu var nú auðvitað embættið í einni skrifstofu, síðan urðu þær tvær, starfsfólki var fjölgað og komið upp bókasafni um fiskirækt, þannig að kostnaður við embættið fór auðvitað sívaxandi. En svo gerðist það, að embættismaðurinn fékk arf, fyrst innanlands og svo í öðru landi, og fór svo fram á það við sína ástkæru ríkisstj., að hann mætti rækja embættið frá kóngsins Kaupmannahöfn, en fékk þó ekki leyfi landbrh. til þess. Þetta sætti harðri gagnrýni í sambandi við afgreiðslu fjárl. s. l. ár, og nú er það auðvitað gert, sem óumflýjanlegt er að gera, að leggja embættið niður, þegar svona var komið. Þetta var auðvitað hneykslismál, og hæstv. fjmrh. á þakkir skilið fyrir það að hafa bundið endi á þetta hneyksli.

Þá hefur hæstv. fjmrh. einnig boðað, að embætti skattdómara verði lagt niður. Þó þarf líklega lagabreytingu til þess, en frv. um það hef ég ekki séð enn þá. (**Fjmrh.:** Það liggur fyrir þinginu.) Það er alveg tvímælalaust, að viðkomandi embættismaður hefur verið ákaflega umsvifalítill í embættinu árum saman og lítið gert til þess að hafa hendur í hári skattsvikara, þrátt fyrir það að mikið hafi verið talað um, að mikil brögð væru að skattsvikum í þessu landi. Kröfur hafa því komið fram um það, að embætti skattdómara yrði lagt niður. Nú má vel vera, að þetta embætti sé lagt niður sökum þess, að reynslan hafi verið talin sanna, að það bæri lítinn árangur. En það hefur þó flogið fyrir, að það hafi fyrst fengið byr að leggja þetta embætti niður, þegar viðkomandi embættismaður

var svolítið farinn að hreyfa sig í embættinu og farinn að rannsaka nokkur skattsvikamál og útlit var fyrir, að viss fyrirtæki, sem óneitanlega áttu skjólstæðinga innan hv. stjórnarflokka, hafi verið orðin viðriðin málið og fengið hugboð um, að skattsvikunum yrði komið hér upp. En ég skal ekkert fullyrða, að þetta hafi verið ástæðan, en ég hef alltaf haldið mig við þá hugmynd, að þetta embætti ætti að leggja niður, af því að það hefur reynzt gagnslaust. Ég hefði þó talið nær að kippa ólaginu í lag með því að breyta löggjöfinni um dómara í skattamálum á þann veg, að dómarinn gæti haft frumkvæðið í slíkum málum og skattstjóra væri skylt að hafa við hann samstarf, svo að hann gæti þannig sjálfur í raun og veru gripið í strenginn, þegar honum þætti við þurfa. En löggjöfin er þannig, eða svo er að minnsta kosti talið af fróðum mönnum í þeim sökum, að skattdómarinn hafi mjög slæma aðstöðu lagalega til að beita sér í embættinu til þess að koma í veg fyrir skattsvik í landinu. Skattdómarinn sjálfur hefur sagt í grein í Morgunblaðinu, að flestir reyni nú að svíkja undan skatti, og tilkynnt hæstv. Alþingi það. En á sama þinginu og hann segir þetta, er lagt til, að embættið sé lagt niður. Ég undirstrika þetta að minnsta kosti ekki sem sparnaðarráðstöfun hjá hæstv. ráðh., að þetta embætti verði lagt niður.

Þá mun eiga að fella niður einn bifreiðaeftirlitsmann, og er mér þó sagt, að það leiði ekki til sparnaðar, því að það komi bara út á annarri starfstilhögun, og munu aðrar ástæður valda því, að þessum manni er ýtt til hliðar.

Þá á líka að leggja niður flugmálastjóraembættið, sem vafalaust er 100% sparnaðarráðstöfun. Það mætti nú samt segja mér, að flugmálastjóraembætti skyti upp, þótt síðar yrði.

Það var um það talað, að ég held þegar fjárlfrv. var lagt fram, að námsstjórum mundi verða fækkað a. m. k. um einn. Ég sé líka, að það eru ætluð laun handa einum námsstjóra á gagnfræðastiginu, en þeir eru tveir, og ég veit ekki betur en að þeir verði tveir. — Fækkað hefur verið um einn byggingarmeistara á skrifstofu húsameistara ríkisins. Það var reyndar ekki ráðh., sem fækkaði um hann, því að það var drottinn, sem tók í taumana; maðurinn dó, en það sparar að sjálfsögðu líka fé. — Og um einn bor hefur verið fækkað hjá raforkumálastjóra. Já, það er ekki að neita því, að þarna vottar fyrir samdrætti í ríkisrekstrinum, fækkun opinberra starfsmanna. En þetta er bara ekki nettósparnaður. Þegar farið er yfir frv., kemur í ljós, að það er nokkuð, sem kemur á móti. Það örlar líka á fjölgun starfsmanna, og er vandi að gera upp við sig, hvort nokkuð komi út jákvætt eða enn sé aukning í starfsmannahaldi ríkisins.

Þá vil ég ræða nokkuð um þá nýja starfsmenn, sem ég hef komið auga á í frv., og þó má vel vera að mér hafi skotizt yfir mörg embætti. — Það er nýr fulltrúi í endurskoðunardeild fjmrn., sem að vísu var ráðinn, áður en núverandi ráðh. settist í stól sinn, en nýr maður samt. Það hefur verið bætt við einum manni hjá bæjarfógetanum á Akranesi, og er það samkvæmt beiðni hæstv. ríkisstj. og með samþykki meiri hl. fjvn. Það er nýr fulltrúi, sem fer með umferðarmál. Þá er bætt við 2 nýjum lögregluþjónum í Reykjavík, einum verkfræðingi í sambandi við vitamálin, og svo er auðvitað um mikla fjölgun að ræða í kennarastéttinni, og verður kannske ekki við það ráðið. Tveim nýjum dýralæknum er bætt við þá 7, sem fyrir eru, og ef mér hefur ekki skotizt yfir fleiri embætti, sem á að leggja niður, þá sýnast mér þau öllu fleiri, sem er bætt við, það er m. ö. o. verið að bæta við ríkisbáknið.

Ég hnýt líka um það, þegar ég hef í höndunum þetta sparnaðarfjárlfrv., hversu lítið skipulag virðist vera á starfseminni hjá ýmsum ríkisstofnunum. Ef ég t. d. staldra við rannsókna- og vísindastarfsemi á vegum ríkisins, virðast mér þau störf vera margflækt hvert inn á annars svið og margskipt milli ýmissa stofnana, þannig að sams konar rannsóknir fara fram á mörgum stöðum. Ýmiss konar rannsóknir og tilraunir í landbúnaði fara fram á vegum Búnaðarfélags Íslands, í tilraunaráði búfjárræktar og í landbúnaðardeild Atvinnudeildar háskólans. Þá fara fram fiskirannsóknir hjá Fiskifélagi Íslands, og starfa að minnsta kosti 3 menn við þær, síðan fara fram fiskirannsóknir í fiskideild Atvinnudeildar háskólans, og þar vinna a. m. k. 12 starfsmenn. Tveir menn vinna að vítamínrannsóknum, og auk þess starfa 13 starfsmenn við vítamínrannsóknir í iðnaðardeild Atvinnudeildar háskólans, og hjá þeirri deild hafa a. m. k. 2 menn verið á launum, sem fjvn. hefur upplýsingar um, að hafi ekki starfað þar s. l. ár. Finnst mér fara illa á þessu í sparnaðarfrv. Þessi tilraunastarfsemi fer fram hingað og þangað úti um land. Á Keldum fara fram ýmiss konar rannsóknir, ekki óskyldar þeim, sem fara fram á háskólalóðinni. Einn fastur starfsmaður á Keldum hefur á hendi rannsóknir fyrir sauðfjárveikivarnir og framkvæmir þær á rannsóknarstofunni á Keldum, en hefur fyrir það sérstök laun frá sauðfjárveikivörnunum. Vitanlega væri hugsanlegt, að þessar rannsóknir gætu farið fram fyrir embættislaun, sem þessi maður hefur á Keldum, en kostnaður af þeim þyrfti ekki að takast af þeim milljónum, sem nú er beðið um til sauðfjárveikivarnanna. Fé er veitt til rannsóknarstofnunar á Hafursá. Sú stofnun var fyrir nokkrum árum suður í Fossvogi, var síðan flutt með nokkrum tilkostnaði að Úlfarsá og hefur nú verið flutt að Hafursá. Ég veit ekki, hvort þetta skipulag er hagkvæmt fyrir samfellda vísinda- og rannsóknastarfsemi, að hafa hana svo dreifða, en einhvern veginn finnst mér að þetta geti ekki verið til sparnaðar og ekki hagkvæmt í sambandi við notagildi þeirra tækja og véla, sem notuð eru við þessa starfsemi. Þegar ég sé í fjárlfrv., hvaða fé á að verja til ýmiss konar merkilegra félagssamtaka, eins og Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands, dettur mér í hug, hvort ekki sé hugsanlegt að t. d. ráðunautakerfi Búnaðarfélagsins sé að einhverju leyti orðið úrelt. Það er nokkuð fjölmennt, og því var komið upp á sínum tíma við allt önnur skilyrði og vinnuaðstæður en nú eru. Með útvarpinu er án efa hægt að fræða hlustendur á einu kvöldi með sama notagildi og það kostaði Búnaðarfélagið að senda ráðunaut kringum land til þess að halda fyrirlestra í fámennum sveitum, og sýnist mér, að þessi gerbreyting gæti leitt til þess, að þessu kerfi væri að einhverju leyti breytt og ráðunautunum fækkað. Ég mun ekki fjölyrða um þetta atriði, en mér finnst það mjög athugunarvert. Ég get ekki komið auga á, að brýn nauðsyn sé á að

hafa sérstakan embættismann sem hrossaræktarráðunaut, enda er búið að draga svo úr þjónustu íslenzka hestsins vegna véltækninnar, og Íslendingar leggja litla rækt við að nota hann sem dráttarafl, heldur er hann mest notaður til lystisemda. Ég gæti því vel hugsað mér, að forstöðumenn við bændaskólana eða einhverjir úr kennaraliði þeirra gætu hæglega gefið leiðbeiningar varðandi hrossaræktina, í stað þess að Búnaðarfélagið hefði sérstakt embætti á þessu sviði. Mér finnst það líka dálítið skrýtið, að sá maður, sem gegnir embætti hrossaræktarráðunauts, skuli jafnframt vera kennari við bændaskólann á Hvanneyri, einmitt þann búnaðarskólann, sem leggur enga sérstaka rækt við hesta, en við búnaðarskólann á Hólum er hins vegar rekið hrossaræktarbú.

Það er auðvitað margt þess eðlis, sem maður kemur auga á, að ekki er hægt að kippa því í lag í einu vetfangi, en í mörg horn er áreiðanlega að líta, ef ætti að framkvæma sparnað í ríkisrekstrinum að verulegu leyti, sem vissulega er mögulegur.

Ég sé t. d. á starfsmannaskrá ríkisins fyrir árið 1951, sem fylgir frv., meðal margs annars, sem mér verður starsýnt á, að prestar og prófastar landsins eru furðu tekjuháir embættismenn. Laun biskups eru 49335 kr., og eru þau sambærileg við önnur vegleg embætti. En ég sé, að einn prófastur hefur 59513 kr. laun, eða 10 þús. kr. hærri en biskups. Þetta stafar auðvitað af því, að hann er látinn gegna einhverju nágrannaprestakalli og fær fyrir það sérstök laun, en mér finnst þetta ekki sóma sér vel í sparnaðarfjárlfrv. frá hæstv. fjmrh. Annar prófastur er með 47610 kr. laun, eða tæplega hálf önnur laun, tveir hafa 41659 kr. laun, en yfirleitt munu prófastslaun vera 35708 kr. Þarna þarf áreiðanlega að skipuleggja og ef til vill að gera lagabreyt., en það er þá á valdi ríkisstj. á hverjum tíma að bera fram till. til breyt. á l., til þess að koma lagi á búskapinn, sem þeir eiga að stjórna. — Með prestana er þetta á líka lund. Þar eru 4 prestar með rúmlega 45 þús. kr. laun, einn með 43643 kr., 2 með 39278 kr., einn með 38 þús. kr., einn með 37 þús. kr. og einn með 36500 kr., en laun presta virðast yfirleitt vera 33300 kr., og eru 60 prestar með þá upphæð á launaskránni. Það eru þannig 9 prestar, sem hafa verulega hærri laun en venjuleg prestslaun eru, og virðast þeir hafa hálf embættislaun fyrir hvert umdæmi, sem þeir þjóna auk síns eigin prestakalls, og þrátt fyrir þetta virðast þeir ekki meira hlaðnir störfum en góðu hófi gegnir, vegna breyttra aðstæðna í landinu til að hreyfa sig úr stað og til að sæta þessari þjónustu.

Þá kem ég að utanríkismálunum. Mér virðist nú af þeim upphæðum, sem tilgreindar eru í sambandi við utanríkisþjónustuna, að það megi heita með ólíkindum, ef ekki væri hægt að spara þar neitt fé og þó gera sæmilega við þá, sem þar starfa. Hæstv. ríkisstj. leggur til, að sendiráðið í Moskva verði lagt niður og að spara megi með því nokkuð mörg hundruð þúsund krónur. Þá leggur hún einnig til, að sérstakur sendiherra verði skipaður í Stokkhólmi í stað sendifulltrúa, sem þar er. Af þessu leiðir vafalaust einhverja hækkun, en mismunur launa á þessum embættum er sá, að grunnlaun sendiherra eru 36000 kr., en sendifulltrúa 30200 kr. Því er haldið fram, að það sé hvorki til verulegs sparnaðar og illframkvæmanlegt að leggja niður sendiráðin í Osló og Stokkhólmi og að láta sér nægja eitt sendiráð á Norðurlöndum, t. d. í Kaupmannahöfn. Má vel vera, að við verðum að hafa sendiráð á öllum þessum stöðum, enda leggur hæstv. ríkisstj. til, að svo sé gert, en þrátt fyrir það að lagt verði niður eitt dýrasta sendiráðið, verður niðurstaðan á þessum lið sú, að upphæðin til utanríkisþjónustunnar er hærri á þessu fjárlfrv. en verið hefur nokkru sinni fyrr; hún fer hækkandi. Grunnlaun sendiherra eru — eins og ég sagði áðan — 36000 kr. og grunnlaun sendifulltrúa 30200 kr., en þetta er ekki það einasta, sem þeim er greitt. Hverjum einasta sendiherra, sendifulltrúa og starfsmanni í sendiráðunum eru greiddar allháar uppbætur. Þannig er t. d. staðaruppbótin, sem greidd er á laun sendiherrans í Kaupmannahöfn, 69000 kr. og heildarlaun hans því 105 þús. kr. Þessi upphæð var árið 1949 60082 kr. í heild. Staðaruppbótin, sem greidd er sendifulltrúanum í Stokkhólmi er 83800 kr. og heildarlaunin þar 114 þús. kr., en voru 65160 kr. árið 1949. Við sendiráðið í London er staðaruppbót til sendiherrans 137400 kr. og heildarlaunin þannig 173400 kr., en voru 86526 árið 1949. — Staðaruppbót til sendiherrans í Washington er 257800 kr., í viðbót við launin 36000 kr., og heildarlaunin þar 293800 kr., en voru 120202 kr. árið 1949. — Við sendiráðið í París er greidd staðaruppbót 218600 kr. og heildarlaunin þess vegna 254600, en þessar launagreiðslur voru kr. 126973.08 árið 1949. Kostnaður við sendiráðið í París hækkar um 199300 kr., sem stafar af því, að starfsmönnum þessa sendiráðs eru greidd laun í dollurum, en þegar síðasta fjárhagsáætlun fyrir sendiráðið var samin, hafði láðst að reikna með fyrri gengislækkun krónunnar gagnvart dollar. Viðvíkjandi sendiráðinu í París hnýt ég enn fremur um það í svona sparnaðarfrv., að aðstoðarmanni þar er greitt í laun 600 dollarar á mánuði, eða 9792 ísl. kr., eða 117500 kr. á ári. En ekki nóg með það. Hér við bætast húsaleigupeningar til þessa manns, sem mun þó ekki vera með stóra fjölskyldu — mér er tjáð, að hann sé einhleypingur —, að upphæð 2500 kr. á mánuði, eða 30000 kr. í húsaleigukostnað á ári. Það er dýrt húsnæðið í París!! Laun og húsaleiga þessa aðstoðarmanns við sendiráðið í París eru því 147500 kr., og segi menn svo, að stjórnin kunni ekki að spara! Enda er hæstv. fjmrh. nú farinn úr stólnum sínum. — Staðaruppbót til sendiherrans í Osló er 66800 kr. og heildarlaunin 102800 kr. — Staðaruppbót til aðalræðismannskrifstofunnar í Hamborg er 78900 kr. og heildarlaunin 109500 kr., en voru kr. 62967.77 árið 1949.

Ég held því, að það sé hafið yfir allan vafa, að það sé hægt að spara í utanríkisþjónustunni, aðeins með því að greiða starfsmönnum hennar hæfileg laun, sem séu sambærileg við laun hliðstæðra starfsmanna í þeim löndum, sem þeir starfa í. Það dugir ekki að láta það viðgangast um sendiráðin, hvorki að gera þau að gamalmennahælum, því að það eru vissulega of dýr gamalmennahæli, né neinum öðrum flokkslegum framfærslustofnunum, þar sem greidd eru hærri laun en hjá öðrum stofnunum á vegum ríkisins.

Þegar vikið er að öðrum liðum fjárlfrv. en verklegum framkvæmdum, verður maður sem sé alls

staðar fyrir þeim vonbrigðum, að tölurnar lækka ekki, heldur hækka. T. d. hækka allir liðir, sem fyrst og fremst snerta starfsmannahald og embættismannahald ríkisins, upp undir 30%, og þar er einungis að horfast í augu við þá staðreynd, að laun þessa starfsfólks hækkuðu í fyrsta lagi með launauppbótinni, sem Alþ. samþ. í fyrra, og síðan með 15 stiga vísitöluhækkuninni. En vissulega hefði þá verið eðlilegt, að framkvæmdaliðir frv., svo sem lagning og viðhald vega, bygging brúa og hafna og því um líkt, sem fyrst og fremst stuðlar að atvinnu og inntektum handa verkafólki, sem einmitt nú sér fram á litla vinnu og vaxandi atvinnuleysi, — að þeir liðir frv. hefðu einnig hækkað um 30% eins og þeir liðir, sem mótast af embættisbákni ríkisins. (**Forseti:** Ég leyfi mér að spyrja hv. þm., hvort hann sé í þann veginn að ljúka ræðu sinni.) Nei, því fer fjarri. Ég er um það bil hálfnaður með hana. — Það er höfuðeinkenni þessa fjárlfrv., að liðir til verklegra framkvæmda hækka ekki, heldur lækka í mörgum tilfellum um hundruð þús. kr. og jafnvel um millj. kr. — Nú mun eiga að fresta fundi, og get ég endað þennan hluta ræðu minnar með því að benda á hið sama og ég benti á í upphafi máls míns, — þessa gífurlegu lækkun á verklegum framkvæmdum, og er það vissulega leiðinleg staðreynd. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Í fyrri hluta ræðu minnar í dag þakkaði ég hæstv. fjmrh. fyrir það, að hann sýndi þá röggsemi í upphafi þings að leggja þá þegar fram frv. til fjárl. fyrir næsta ár og ætti hann þar með drjúgan þátt í, að fjárl. verða nú sennilega afgr. á réttum tíma. Ég taldi skylt að þakka einnig hv. form. fjvn. fyrir hans þátt í því, að þessu ófremdarástandi, að fjárl. séu upp undir ár á eftir tímanum, verði nú af létt, þar sem hann með röggsamlegri verkstjórn í fjvn. á verulegan þátt í að kippa þessu í lag.

Þá vék ég einnig að þeim sparnaði, sem mjög hefur verið gerður að umtalsefni í sambandi við þetta fjárlfrv., og fannst fátt til um hann. Ég sýndi fram á, að flestir liðir í frv. væru hækkaðir verulega nema liðir til verklegra framkvæmda og atvinnumála. Ég viðurkenndi fyllilega þá sparnaðarviðleitni hæstv. fjmrh., sem kom fram í niðurlagningu nokkurra embætta. Ég hygg, að ég hafi nefnt ein sjö embætti, sem kalla má víst, að nú verði lögð niður. Hins vegar gat ég sannleikans vegna ekki annað en minnt á það, að jafnframt bæri frv. með sér, að fjölgað væri a. m. k. um 10 embætti, svo að niðurstaða mín í sambandi við sparnaðinn var sú, að mér fyndist heldur fátt til um og niðurstaðan væri í rauninni neikvæð.

Þá fór ég nokkrum orðum um það skipulagsleysi, sem sérstaklega ríkir í sambandi við vísi til ýmiss konar rannsóknarstarfsemi, sem framkvæmd er á mörgum stöðum. Rannsókn, sem er sama eðlis, sé framkvæmd á 2—3 stöðum, og hlyti því að vera illa á fé haldið að þessu leyti og rétt að athuga, hvort ekki væri hægt að koma þar við meiri sparnaði.

Sérstaklega var ég fjölorður um eyðslu í utanríkisþjónustunni. Nefndi ég þar svimháar fjárhæðir. Sagðist ég ekki skilja, að ekki væri hægt að lækka þar verulega með einlægri sparnaðarviðleitni. Þegar ég ræddi um þetta, minntist ég á aðstoðarmann í utanríkisþjónustunni, sem ofan á geysihá laun fengi greiddar 30 þús. kr. í húsaleigupeninga og væri maður þessi einhleypingur.

Ég sé það á aths. hæstv. fjmrh. með fjárlagafrv., að hann viðurkennir, að enn þá er komið skammt í gagngerðum sparnaði, því að hann segir í aths. við fjárlfrv., með leyfi hæstv. forseta:

„Nú í októbermánuði hefst sérstök sérfræðileg athugun á starfskerfi ríkisins og vinnuaðferðum með það fyrir augum að reyna að finna leiðir til þess að gera það óbrotnara og bæta vinnuaðferðir".

Þegar hæstv. ráðh., sennilega í september, hefur verið að vinna að frv., hefur hann sem sé getið þess, að til stæði að gera sérstaka rannsókn á því, hvernig mætti draga úr starfskerfi ríkisins og bæta vinnuaðferðir. Nú er október liðinn og nóvember líka. Ég harma, að það skuli vera svo hljótt um þessa sérfræðilegu rannsókn á starfskerfi ríkisins og ekkert enn vitað um niðurstöður þessarar rannsóknar. Mundu flestir fagna því, ef yrði jákvæður árangur af þessari sérfræðilegu rannsókn, helzt áður en fjárlfrv. er afgr. að fullu frá fjvn. eða Alþingi. Þá væri hugsanlegt, að rannsóknin bæri árangur á fjárhag ríkisins á árinu 1951.

Nú vil ég þessu næst staðnæmast við 13. gr., samgöngumál. Það er gr., sem fjallar um framlög ríkissjóðs til nýrra vega á árinu 1951, til viðhalds vega, brúargerða og hafnarmannvirkja. Í upphafi 13. gr. greinir frá því, hvað búizt sé við, að stjórn vegamálanna kosti. Og það er, eins og við mátti búast, gert ráð fyrir meiri kostnaði við stjórn vegamálanna 1951 en 1950, administrationin er alltaf að aukast, og er ástæðulaust að kippa sér upp við það. Mætti þó ætla, að sérstaklega væri reynt að draga úr kostnaðinum við stjórn vegamálanna, þegar verklegar framkvæmdir eiga að dragast saman. En það, sem er sérstaklega athugavert við þetta, er það, að nú er lagt til í fyrsta sinn, að færður verði 250 þús. kr. kostnaður við stjórn vegamálanna yfir á fjárveitingu til þeirra vega, sem ríkissjóður á að kosta á komandi ári. Og þegar svo er litið til fjárveitinganna til nýrra vega á árinu 1951, þá sést, að til þeirra eru ætlaðar 7 milljónir, en á yfirstandandi ári voru ætlaðar í sama skyni 7350 þús. kr., en þegar þessi ¼ millj., sem nú hvílir á fé til nýbygginga vega samkvæmt frv., er dregin frá fjárveitingunni til vega árið 1951, sér hver maður, að ekki er ætlazt til, að nýir vegir verði byggðir fyrir meira en 6750 þús. kr., eða fullum 600 þús. kr. lægri upphæð en á yfirstandandi ári. Nú hefur meiri hl. fjvn. tekið fyrir þessa óhæfu og lagt til, að þessar 250 þús. kr. verði ekki teknar af fjárveitingu til vegamála, og er það vel. Ef fjárframlag til nýrra vega hefði hækkað hlutfallslega eins og allir liðir embættisbáknsins, þá hefði upphæðin til vegamála átt að vera 9,5 millj. kr., en ekki 6750 þús. kr., eins og hún er samkvæmt frv. raunverulega. Lækkunin er því réttar 2,8 millj. kr. Ég verð að segja, að þar sést fyrsta sparnaðarviðleitnin. Það þarf engin gleraugu eða stækkunargler til að sjá sparnaðinn þar. Þar nemur hann nærri 3 millj. kr. Við því væri ekkert að segja, ef atvinnuvegirnir í landinu stæðu með blóma, ef einkaatvinnurekstrinn kallaði á hverja vinnandi hönd og byði upp á atvinnu. Þá gæti verið rétt og sjálfsögð stefna af ríkisstj. að kippa að sér hendinni um verklegar framkvæmdir og gefa einkaatvinnurekstrinum vinnuafl-

ið eftir. En það er eitthvað annað en svo sé. Nú er einmitt atvinnuleysið að ganga í garð, og einkaframtakið býður ekki öllu vinnandi fólki atvinnu. Hundruð manna, kannske þúsundir, ganga meira og minna atvinnulausir og vantar atvinnu. Og þá er ríkisvaldinu skylt að auka opinberar verklegar framkvæmdir og draga úr atvinnuleysinu á þann veg. Það eru því slíkar aðgerðir, sem nú þyrfti að viðhafa, hækka framlög til verklegra framkvæmda hjá ríkinu, a. m. k. hlutfallslega eins mikið og kostnaður vex við starfskerfi ríkisins.

Næsti liður á 13. gr. er um viðhald vegakerfisins. Þar hefur vegamálastjóri látið í ljós, að hann teldi sig með engu móti geta komizt af með lægri upphæð en 13½ millj. kr. til þess að geta haldið vegakerfi landsins sómasamlega við. Hann hefur bent á, að árum saman hafi viðhaldið kostað 13—14 millj. kr. Nú er ætlað til viðhaldsins 12,8 millj. kr., sama upphæð í krónutölu og á fjárl. yfirstandandi árs. Með sams konar hækkun og orðið hefur á þessu frv. á kostnaði við starfskerfið hjá ríkinu, hefði þessi upphæð til þess að lækka ekki raunverulega, átt að vera 16,6 millj. kr. Ég tók eftir því, að hv. form. fjvn., frsm. meiri hl., gat þess í dag, að það væri vitað, að þessi upphæð væri of lág, en mundi verða athugað milli umr., hvort ekki væri hægt að fá hana hækkaða. Ég þykist vita, að svo framarlega sem ætlunin er að afgr. fjárlfrv. út frá raunhæfu sjónarmiði, hlýtur þessi upphæð að verða hækkuð.

Þá er það framkvæmd ríkisins við brúargerðir. Til þeirra hluta eru ætlaðar á gildandi fjárl. 3 millj. kr., en í fjárlagafrv. ekki nema 2½ millj. kr. Þar er því lækkað um 500 þús. á þessum ekki mjög svo háa útgjaldalið. Það er því gefinn hlutur, að með þessu móti minnka framkvæmdir við brúargerðir stórkostlega, því að allt efni til brúa hefur hækkað gífurlega, fyrst og fremst vegna gengislækkunarinnar. Það má því búast við, að notagildi þess fjár, sem fara á til brúargerða 1951, verði ekki miklu meira en helmingur eða í mesta lagi ⅔ af því, sem var 1950. Ef þessi liður hefði hækkað hlutfallslega eins og liðir embættiskerfisins, þá hefði fjárveiting til brúa átt að verða 3,9 millj. kr. í staðinn fyrir 2,5 millj. Lækkunin er því raunverulega 1,4 millj. kr.

Þá eru það hafnarmannvirki og lendingarbætur. Á yfirstandandi árs fjárl. eru veittar 4,5 milljónir til hafnargerða og lendingarbóta, en í frv. fyrir árið 1951 3,7 millj. kr. Með hlutfallslegri hækkun við liði embættiskerfisins hefði þessi upphæð átt að vera 5,8 millj. kr. Er það nú hyggilegt að draga nú þegar úr byggingu hafnarmannvirkja og lendingarbóta? Það er vitað og viðurkennt, að það er kallað að úr öllum áttum einmitt til þess að geta stundað betur framleiðslustörf, og svo fast hefur verið knúið á um framkvæmdir, að ríkið stendur í milljóna vanskilaskuldum við mörg bæjarfélög, sem hafa ekki talið sig geta beðið með nauðsynlegustu byggingar á hafnarmannvirkjum. Bara til þess að standa í skilum við þessi bæjarfélög og byggðarlög hefði verið ástæða til að lækka ekki framlagið í krónutölu, heldur hækka það, ef þess hefði verið nokkur kostur, því að hér er um undirstöðu atvinnulífsins að ræða. Það má kalla víst, að hækkað framlag til hafnarmannvirkja hefði komið aftur margfaldlega í vaxandi gjaldeyristekjum og auknu atvinnulífi, sem leitt hefði af bættri aðstöðu. — Undir þessum lið er fjárveiting til hafnarbótasjóðs. Hún á samkvæmt l. að vera 1,5 millj. kr., en í frv. hefur hæstv. fjmrh. ekki séð sér fært að taka nema ⅓ þeirrar upphæðar, eða 500 þúsund kr. Fjvn. taldi ekki stætt á því að leggja ekki fram til sjóðsins allt hið lögboðna framlag, og er öll n. auðvitað sammála um að taka upp þessa leiðréttingu.

Þá er á þessa árs fjárl. ofurlítil upphæð, 150 þús. kr., til ferjuhafna. Þennan lið felldi hæstv. fjmrh. alveg niður. Hefur fjvn. ekki fallizt á þennan sparnað og tekur upp 125 þús. kr. til þessara mála.

Það er því sérstök sparnaðarviðleitni á framlögum ríkisins til nýrra vega, viðhalds vega, brúa, hafnargerða og lendingarbóta, og nemur sá sparnaður stórum fúlgum. Mér þykir leitt að sjá það, en hæstv. fjmrh. og sennilega allri hæstv. ríkisstj. virðist vera uppsigað við verklegar framkvæmdir. Það er ekki annað hægt að sjá en þeir vilji helzt stöðva nýbyggingu vega, brúargerð og hafnarbyggingar og að ekki yrðu gerðar allt of strangar kröfur um viðhald þeirra vega, sem í landinu eru. Með bezta vilja get ég ekki skilið þessar stórlækkanir til verklegra framkvæmda á annan veg en að afstaða hæstv. ríkisstj. sé sú, sem ég nú hef lýst, enda þótt atvinnuleysi blasi við.

Ég skal láta þetta nægja um 13. gr. og vil víkja að 16. gr., sem er um fjárveitingar til atvinnumála. — 1. kafli þeirrar greinar er um fjárveitingar til landbúnaðarins, og skal játað, að þar er nokkur hækkun. Upphæðin var í gildandi fjárlögum 23,8 millj. kr., en er nú í frv. 25,8 millj., svo að hækkunin nemur 2 millj. réttum, og er það ánægjulegt, að landbúnaðurinn skuli ekki vera olnbogabarn á sama hátt og vegir, brýr og hafnir. Ég tel, að hér sé um að ræða eðlilega hækkun, en ánægjulegra hefði verið, ef hækkunin hefði farið í eitthvað annað en mæðiveikina, en þangað fer hún aðallega, og er það raunar mikilvægt að sigra í því stríði, og sá herkostnaður allur er orðinn mikill, svo að ekki verður frá snúið fyrr en yfir lýkur. — Næsti kafli þessarar gr. er um fjárveitingar til sjávarútvegsins, en þar er ekki því að heilsa, að þær séu ríflegri nú á frv. en á gildandi fjárl. Þar hefur þótt ástæða til að beita hnífnum, niðurskurðarhnífnum, því að fjárveitingin er lækkuð úr rúmum 8 millj. kr. ofan í 3,7 millj. Þar er því lækkað að krónutölu um meira en 50%. Liðirnir, sem hverfa, eru einmitt þeir liðir, sem við afgreiðslu fjárlaga ársins 1950 þóttu sjálfsagðir til hjálpar sjávarútveginum, og eru nú niður felldir, rétt eins og einhver gullöld, einhver blómaöld væri runnin upp yfir sjávarútveginn, og ef svo væri, þá væri þetta réttmætt. En hvernig er umhorfs varðandi sjávarútveginn? Vélbátaflotinn hefur aldrei verið í annarri eins eymd. Aldrei hefur hann vantað aðra eins hjálp til að geta verið í gangi og einmitt nú. Ég held það sé einróma álit allra útvegsmanna, sem hvað eftir annað hafa verið að bera saman ráð sín í haust, að til þess að von sé til þess, að vélbátaflotinn sé rekinn hallalaust, þá þurfi fiskurinn að stíga úr 75 aurum í 1,25—1,30 kr. fyrir kg. Annars verður útgerðarmönnum ekki fært að halda vélbátunum úti á komandi vetri, og hvað á ríkið undir þeim atvinnuvegi? Það er almennt viðurkennt, að vél-

bátaflotinn framleiði ¾ af sjávarafurðunum, sem eru undirstaðan undir gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Mér virðist því, að það hafi verið horft blindu auga á þörf sjávarútvegsins, þegar gengið var frá till. um atvinnumálin hér á fjárlagafrv. Ég fæ ekki séð, að það eigi neitt skylt við raunhæfa afgreiðslu fjárl., ef ekki eru teknar allverulegar upphæðir á frv. til þess að koma vélbátaflotanum í gang og þeim fiskiðjufyrirtækjum, sem nú eru allmörg stöðvuð. — 3. kafli 16. gr. er um framlög til iðnaðarmála. Sama er um þann lið að segja, að þar eru framlögin lækkuð, en þau voru í gildandi fjárl. 811 þús. kr., en eru nú áætluð 726 þús. kr. Lækkunin er að vísu ekki mikil, enda ekki úr háum söðli að detta hjá þessum þriðja aðalatvinnuvegi okkar hvað fjárveitingu snertir. Þó er vitað, að iðnaðurinn, eða a. m. k. margar greinar hans, standa höllum fæti, og er fullkomin þörf að greiða þar fyrir, þótt ekki væri til annars en heimila iðnaðinum hráefni til þýðingarmikilla atvinnufyrirtækja, svo að hægt sé að skapa atvinnu og framleiða verðmæti. Ég sé ekki annað en að landbúnaðinum einum undanskildum, þá séu atvinnumálin höfð út undan og að fjárveitingar til þeirra lækki ekki minna en útgjöld til ríkisbáknsins hækka. Ég álít þetta algerlega misheppnaða sparnaðarviðleitni, eins og nú árar, að næstum því allar lækkanir komi aðeins við verklegar framkvæmdir og atvinnumál.

Ég tók eftir því, að hv. frsm. meiri hl. vék að 18. gr. undir lok ræðu sinnar og sagði réttilega, að flestir nm. væru mjög óánægðir með þá gr., þar væri ekki hægt að finna neina meginreglu, sem farið væri eftir, þar yrði því argasta handahóf, sem þyrfti að binda endi á. Hann lét í ljós, að það væri ekki á valdi fjvn., heldur þyrfti sérstaka nefnd til að kynna sér það mál, eða þá að hæstv. ríkisstj. tæki á sig rögg og kynnti sér sjálf, hvers konar fyrirbæri 18. gr. er orðin. Gr. fjallar um lögboðin og ólögboðin ellilaun, biðlaun og heiðurslaun. Fyrst er heildarfjárveiting til embættismanna og ekkna þeirra samkv. lögum, og víst er, að þar er margt sama fólkið og er í 2. kafla þessarar gr. með hæstu upphæðirnar. Einstaklingar fá samkv. 18. gr. allt frá 40320 kr. — vafalaust heiðurslaun — niður í 1121,50. Embættismennirnir, sem þarna fá ellilaun eða heiðurslaun, eru um 200 talsins, og virðist meginreglan vera sú, að þeir, sem hæst launaðir hafa verið alla ævi og fá þar af leiðandi hæst eftirlaun, séu hér með hæstu upphæðirnar, en að þeir, sem lægst launin hafa haft og erfiðast eiga, séu með lægstu upphæðirnar. Þá er og auðsætt, að menn eru hér með hinar hæstu upphæðir fyrir það að eiga að valdamikla stjórnmálamenn og áhrifamenn í þjóðfélaginu. Engin skýring finnst önnur en að þessir áhrifamenn hafi potað þeim inn á þessa gr. með tugþúsunda styrk á ári. Þeir, sem lægstan styrkinn fá, eru margir hverjir menn, sem vissulega hafa unnið til heiðurslauna, svo sem póstar, vitaverðir, ljósmæður, hjúkrunarkonur, barnakennarar o. s. frv. En þetta fólk fær 1121,50 kr., eða þar um bil. En óneitanlega getur barnakennari unnið eins þjóðnýtt starf og háskólakennari t. d., en á þessari gr. er enginn háskólakennari, að ég hygg, fyrir neðan 11 þúsund kr. Sérstakur kafli er á 18. gr. um fjárveitingar til ekkna, og eru þær alls 170 og virðist vera skipt í þrjá aðalflokka. Allfjölmennur flokkur er með frá 10 þús. kr. upp í rúm 20 þús. kr. á ári, og þar er alveg sama sagan, að sumar þeirra eru með háar upphæðir, vegna þess að þær hafa átt að valdamikla menn, sem hafa komið þeim inn á þessa gr. Það leynir sér ekki, að þær tilheyra hinu svo kallaða fína fólki. Nöfnin bera það með sér: Einarsson, Egilson, Briem, Hlíðdal, Johnson, Eggerz, Benediktsson o. s. frv. heita þær. Þetta eru ekki nöfn alþýðukvenna, en þessar konur hafa 10—20 þús. kr. á ári, og veitir kannske ekki af út af fyrir sig, en konur, sem bara eru dætur feðra sinna upp á íslenzku, þær fá 690 kr., 845,25 kr., 990 kr. og 1121,51 kr., og eru margar í þeim flokki, og enn fremur eru nokkrar með 1690,50 á ári. Það er hverju orði sannara hjá hv. frsm. meiri hl., að þessi 18. gr. er forarpollur fjárl., sem þarf að þurrka upp á einhvern hátt. Á þessari gr. er einnig smáfjárveiting til 5 eða 6 barna, er misst hafa feður sína með voveiflegum hætti, af slysförum, — en eru ekki tugir og hundruð íslenzkra barna, sem misst hafa feður sína af slysförum, án þess að nokkur hv. þm. sjái ástæðu til að gera till. um styrk handa þeim? Það ríkir því algert handahóf um það, hvaða börn fá þetta. Styrkurinn er að vísu lítill, en hann skapar misrétti, og þau börn, sem helzt þarf að styrkja, eru kannske alls ekki með. Ég verð því að álykta svo, að fyllsta ástæða sé til þess, að aldrei verði gengið frá 18. gr. í sömu mynd og nú. Eðlilegast væri, að eftirlaun allra, þegar vissum aldri er náð, væru þau sömu og eingöngu þau, sem alþýðutryggingarnar veita, en væru þá sómasamleg til að lifa af, hvort heldur væri fyrir uppgjafabónda, uppgjafaverkamann, uppgjafabarnakennara eða uppgjafaprófessor, uppgjafalækni eða uppgjafaalþingismann. Það, sem einum er boðlegt, ætti öðrum að vera boðlegt líka og ekki sízt þeim, sem setið hafa í vel launuðum embættum í áratugi.

Þá vil ég víkja fáum orðum að brtt. minum á þskj. 266. Hv. meiri hl. hefur gert grein fyrir því, að hann telji ekki ástæðu til að taka 2. gr. til athugunar og afgreiðslu fyrr en við 3. umr. Ég taldi sjálfsagt að kynna mér eftir föngum, hvernig gengið væri frá tekjuhlið fjárl. og hvort líkindi væru til, að hægt væri að vænta þess, að tekjur ríkissjóðs árið 1951 mætti ef til vill áætla ríflegri en í frv. Það er alkunna, að fjmrh. gerir sína tekjuáætlun sem varlegasta, svo að ekki bregðist tekjur til að framkvæma það, sem fyrir hann er lagt, og margir telja það skynsamlega fjármálapólitík að tefla ekki á tæpasta vað. En það er jafnkunnugt, að ríkisstjórnir, og þá helzt íhaldssamar ríkisstj. — en frá því undanskil ég sízt núv. hæstv. ríkisstj. — hafa tilhneigingu til þess að áætla tekjur mjög knappt, og í hvaða tilgangi er það gert? Stundum er það gert í þeim tilgangi, að ríkisstj. hafi rýmri hendur til að ráðstafa fé fyrir sig og sína og taka þannig nokkuð af fjárveitingavaldinu úr höndum Alþingis í eigin hendur. Stundum er tilgangurinn sá að draga úr verklegum framkvæmdum, koma í veg fyrir, að ráðizt sé í og veitt fé til nýrra mannvirkja og fyrirtækja, og er þá borið við tekjuskorti, að ekki séu frambærilegar kröfur um þessar og hinar framkvæmdir. Og í 3. lagi geta tekjurnar verið áætlaðar of lágt til þess að fela fyrir skattgreiðendum, hvaða skattar og tollar séu á þá lagðir. — Þegar ég athugaði tekju-

áætlunina á þessu fjárlfrv., komst ég að þeirri niðurstöðu, að hún væri mjög varleg og sums staðar langt fyrir neðan það, sem veruleikinn bendir til. Sem heimildarrit studdist ég einkum við ríkisreikninginn fyrir 1949 og upplýsingar frá fjmrn. um innkomnar tekjur ríkissjóðs á þessu ári fram að 1. nóvember. Með samanburði við þetta tvennt komst ég að þeirri niðurstöðu, sem sjá má á brtt. mínum á þskj. 266. Hæstv. fjmrh. áætlar tekjuskatt, eignarskatt og tekjuskattsviðauka 35 millj. kr. Tekju- og eignarskattur, sem var innkominn 1. nóv., nam 19 millj. kr., en var á sama tíma í fyrra 21,5 millj. kr., eða 2,5 millj. kr. hærri. Árið 1949 varð hann þó 49,5 millj. kr., og á nú að áætla hann 14,5 millj. kr. lægri en hann varð 1949. Ég verð að segja, að mér finnst ólíklegt, að slíkur afturkippur sé orðinn í þjóðlífinu. Það mætti meira en lítið vera farið að halla undan fæti um eignir og tekjur þegnanna, ef þetta er réttmætt. Það vantar aðeins 2,5 millj. kr. 1. nóv. til þess, að jafnt sé og árið áður, og því ætti tekju- og eignarskatturinn í heild varla að verða meira en 5 millj. kr. lægri. Mætti áætla hann 44,5 millj. kr. En ég vil þó áætla hann 40 millj. Sú till. felur í sér 5 millj. kr. hækkun; í stað 35 millj. komi 40 millj. kr. Næst kemur svo verðtollurinn. Ráðherra áætlar hann 73 millj. Nú hafa verið innheimtar af honum 1. nóv. 46 millj. kr., en á sama tíma í fyrra aðeins 43 millj. kr., en 1949 varð hann 57 millj. kr., og hefur hann hækkað gífurlega vegna gengisbreytingarinnar. Ráðherra upplýsti, að gengisbreytingin hafi þau áhrif á þennan tekjustofn, að af sama innflutningsmagni 1949, sem gaf 57 millj. kr., eigi nú að gefa 90 millj. kr. í verðtolli.

Ég geri ráð fyrir minni verðtolli en 1949, en ég geri ekki ráð fyrir, að það sé ástæða til að áætla hann lægri en 78—80 millj. kr., og þá frekar lægri upphæðina. Það er sem sé 12 millj. kr. lægra en sama innflutningsmagn hefði gefið 1949, en það er 90 millj. kr. Það er eðlilegt, að á árinu 1950 verði verðtollurinn knappari en 1951 vegna gengislækkunarinnar.

Þriðja brtt. er um innflutningsgjald af benzíni. Ráðherra áætlaði það 9½ millj. kr., og er það jafnhátt og á gildandi fjárlögum. Samkv. upplýsingum fjmrh. var innflutningsgjald af benzíni orðið 9,5 millj. kr. 1. nóv., og ætti að vera 1,8 millj. kr. eftir og því eðlilegt að áætla það 10 millj. kr. (**Fjmrh.:** Þetta er misskilningur, gjald til brúasjóðs er dregið frá.) Innflutningsgjald af benzíni er varla fært á skýrslur nema eins og á að skipta því skv. fjárlögum. Ég get varla ímyndað mér, að þetta sé óvarlega áætlað, því að á sama tíma í fyrra voru komnar inn 1. nóv. 6 millj. kr. á móti 9 millj. kr. árið áður, og hefði í sambandi við þetta mátt áætla það hærra.

4. brtt. mín er um gjald af innfluttum tollvörutegundum. Ráðherra áætlaði það 6,5 millj. kr., en það reyndist 1949 8,4 millj. kr. Þetta er aðallega súkkulaði, gosdrykkir, og þá væntanlega Coca-Cola líka, sem ekki hefur dregizt neitt saman, og er ekki óeðlilegt að áætla hann það sama og árið 1949, en ég ætla að fara varlega í þetta og áætla hann 900 þús. kr. lægri.

5. brtt. mín er um bifreiðaskatt. Hann var áætlaður hjá ráðherra 3 millj. kr. Till. mín er, að því verði breytt í 4 millj. Á síðustu fjárlögum er hann áætlaður 4,5 millj., og er þá ekki um að ræða nema ¾ hluta þess árs. Það er ekki vitað til þess, að bifreiðum sé að fækka, heldur hefur þeim fjölgað, og engin lagabreyting er um það, að bifreiðaskattur lækki.

6. brtt. mín er um aukatekjur. Þær voru áætlaðar 2,3 millj. kr. Ráðherra segir í aths., að þessi liður hafi farið talsvert fram úr áætlun, og gerir sér vonir um, að hann bregðist ekki, en ég legg til, að í stað 2,3 millj. kr. komi 2,5 millj. kr.

7. brtt. er um veitingaskatt. Það er atvinnuvegur, sem virðist ekki hanga á neinni horrim. Till. ráðh. er um 2,5 millj., en ég hygg, að hann sé einn af hinum traustustu tekjustofnum, og legg því til, að hann verði 3,5 millj. kr.

8. brtt. mín er um söluskatt. Hann er ein af aðaltekjulindum ríkisins og hefur verið áætlaður 50 millj. kr. Núna 1. nóv. var innheimt af honum 30 millj., en á sama tíma í fyrra 21 millj., eða 9 millj. kr. betur nú, en samt gaf hann 40 millj. kr. Því ætti hann nú ekki að verða minni en 60 millj. kr. Hann innheimtist sýnilega eftir á, og hygg ég því, að hann sé ekki óvarlega áætlaður 55 millj. kr. Þessi skattur kemur á hærri upphæðir vegna gengisbreytingarinnar og er ein af hinum óbrigðulustu máttarstoðum í tekjulind ríkisins. Ráðherra getur þess, að hann ætli að gera breytingar á innheimtu þessa skatts, og ætti það þá að vera auðveldara að innheimta hann.

Þá geri ég tvær brtt. við 3. gr., um tekjur af brennivíni og tóbaki. Það mundi einhver segja, að það sé undarlegt að áætla þessa upphæð upp í topp. En ég sé ekki, að bindindissamtökunum sé nokkur greiði gerður með því að draga fjöður yfir svínaríið. Fyrst ríkissjóður á að nota þessa blóðpeninga, er bezt að hafa réttar tölur. Hagnaður af áfengi var 52,3 millj. 1949, en var nokkru minni nú en á sama tíma í fyrra, segir ráðherra. Skv. skýrslum ráðh. var hagnaðurinn orðinn 43 millj. 1. nóv., þ. e. ekki undir 4,3 millj. kr. á mánuði. Þarna eru því 8,6 millj. fyrir næstu tvo mánuði, og er því komið að því að áætla tekjurnar af brennivíni 52 millj. kr., og er till. mín um það. Þetta er aðeins lægra en tekjurnar 1949, eða sem nemur 300 þús. kr. — Sama er að segja um tóbakið. Ráðh. áætlaði tekjurnar 22 millj. Tóbakseinkasala ríkisins skilaði 26,9 millj. kr. hagnaði 1949. Um þann tekjustofn segir ráðh., að hann verði nokkru rýrari en í fyrra. En samt áætlar hann ekki tekjurnar nema 22 millj. kr. á móti 27 millj. kr. í fyrra. Nú er salan 24 millj. Virðist það vera 2,4 millj. á mánuði, og er ekki óvarlegt að áætla það 29 millj., enda geri ég það. Það mun áreiðanlega engin áfengisvarnarnefnd eyðileggja vonir ráðh. um hagnað af jólavindlunum.

Þetta eru þá till. mínar við tekjuhlið fjárlagafrv., og telst mér til, að þetta sé 32,5 millj. kr. hækkun, og er í engu farið lengra út í áætlanir en líkur benda til.

Þá eru nokkrar brtt. á sama þskj. um aukin útgjöld vegna ýmissa mála, fyrst og fremst til aðstoðar við atvinnulífið í landinu, og í öðru lagi till. til að bæta úr fjárþörf Tryggingastofnunar ríkisins, miðað við reynsluna í þessum efnum.

Fyrsta till. er um það að ætla Tryggingastofnun ríkisins 400 þús. kr. til bæjarfógeta fyrir þau störf, sem skrifstofur þeirra inna af hendi fyrir

Tryggingastofnunina. Það var 300 þús. kr., en ráðherra ætlaði að tvöfalda þá upphæð.

12. brtt. mín er um það, að til drykkjumannahælisins á Úlfarsá séu veittar 100 þús. kr. Mér þykir ekki myndarlega að þessari stofnun búið. Hennar er full þörf, og ég vil ekki fella 70 þús. kr. fjárveitingu niður, eins og ráðherra lagði til. Ríkisstj. sópar tugum milljóna af böli drykkjumannanna, og mér finnst það minnsta, sem gert sé á móti, að 100 þús. kr. séu veittar til þess að hjálpa þessum vesalings mönnum.

13. brtt. mín er við 13. gr., og er hún á þá leið, að til nýrra akvega verði veittar 9,5 millj. í stað 7 millj. kr. á fjárlagafrv. Ætti þá fjvn. að endurskoða till. í vegamálum og afgr. þær á ný út frá hinum nýju viðhorfum.

Næsta till. er um það að hækka framlag til brúargerða úr 2,5 millj. í 3 millj. kr. Yrði það þó lægra fyrir þetta ár, af því að dýrtíð hefur aukizt.

Í 15. brtt. legg ég til, að fyrir 3750000 kr. til hafnargerða komi 5,5 millj. Það er tvennt, sem gera þarf við fé, í fyrsta lagi að borga niður skuldirnar og í öðru lagi að auka fjárveitingu til nýrra framkvæmda.

16. till. er um það, að til síldveiðideildar aflatryggingasjóðs verði varið 6 millj. kr. til að standast skuldbindingar samkv. nýsettri reglugerð. Ef hann á að geta staðið við skuldbindingar sínar, vantar hann að minnsta kosti þessa upphæð til að geta staðið í skilum við sjómenn og aðra, sem hann á að standa í skilum við.

Þá hef ég einnig lagt til, að varið verði 8 millj. til niðurgreiðslu á kostnaðarliðum bátaútvegsins. Nálega hver einasti útgjaldaliður útgerðarinnar hefur nærri tvöfaldazt vegna gengislækkunarinnar, en fiskverðið er hið sama. Það þyrfti að vera 1,30 í stað 70 aura. (**Viðskmrh.:** Hver á að borga?) Ég þori að fullyrða, að ríkisstjórn, sem ekki þorir að sveigja hár á höfði nokkurs manns, þorir ekki að ganga á neins manns hag, hefði ekki þorað að ráðast í það að láta fiskverðið lækka úr 70 aurum í 45 aura, ef gengislækkunin hefði ekki verið gerð. Vill ráðherra halda því fram, að ef gengislækkun hefði ekki verið gerð, þá hefði fiskverðið verið 70 aurar? Nei. Fjárins var aflað með tollum, en nú er það tekið bæði af þeim ríkustu og þeim fátækustu. Þetta er hin dýrlega hjálp, sem ríkisstj. hefur veitt útgerðinni. En þessar 8 millj. væru ekki mikið fé, ef með því tækist að koma vélbátaflotanum í fullan gang, og má þá segja, að því fé væri ekki illa varið.

Þá er till. um 1,5 millj. kr. aðstoð vegna langvarandi aflabrests og aflaleysis á Vestfjörðum og Norðurlandi. Hæstv. ríkisstj. hefur varið 4,5 millj. kr. vegna áfalls bænda á Austfjörðum, og er það vissulega réttmætt, en áreiðanlega er þar ekki alvarlegra ástand en á Vestfjörðum vegna langvarandi aflabrests og aflaleysis, og er þó ekki farið fram á nema þriðjung þeirrar upphæðar, sem varið var til aðstoðar bændum á s. l. sumri. Það var við umr. hér í dag skýrt frá því, að fyrir hendi hefðu legið skýr gögn og skýrslur um, hve brýn þörf hefði verið fyrir þessa aðstoð. Það vill nú svo vel til, að ég hef í höndunum gögn um ástandið í sjóþorpunum á Vestfjörðum, og þau sýna, að hér hefur ekki verið brugðizt við á jafnskjótan og skilningsgóðan hátt og s. l. sumar.

17. till. á þskj. 266 er um að veita til iðnlánasjóðs 500 þús. í stað 300 þús. kr. á fjárlfrv. Iðnaðurinn er þriðji stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar. Iðnaðarmenn hafa hug á að koma á fót sinni eigin lánastofnun og sendu erindi til fjvn. um 2,5 millj. kr. framlag til hennar. Það er efalaust rétt, að það er ekki auðvelt að verða við þessum bænum nú, en það er ekki ofvaxið að efla iðnlánasjóð með 200—300 þús. kr. framlagi um nokkurra ára bil og sýna með því lit á, að ríkisvaldið kunni að meta þýðingu þessa atvinnuvegar.

Tvær næstu till. varða tryggingarnar. Frá forstjóra þeirra hafa legið tilmæli til fjvn. og ríkisstj., að til tryggginganna verði veittar 20,7 millj. kr. og til sjúkrasamlaganna 5 millj. Ég tel, að þessar till. forstjóra tryggginganna séu fullkomlega rökstuddar, og augljóst er, að ekki er hægt að ganga framhjá þeim nema skerða um leið starfsgetu tryggginganna, sem mundi óhjákvæmilega koma mjög hart við fólkið í landinu. Á fjárlfrv. eru ætlaðar 17,3 millj. til almannatryggginganna og 4,5 millj. til sjúkrasamlaganna. En meiri hl. fjvn. hefur nú hækkað þetta framlag til sjúkrasamlaganna í 4,8 millj. og þar með viðurkennt, að þörf þeirra er óhjákvæmileg og fullkomlega rökstudd. Ég tel ekki ástæðu til að ræða þessar tvær till. frekar, en það þarf enginn maður að draga í efa, að ef fjárhagur tryggginganna er skertur svo, eru þær þar með gerðar óstarfhæfar.

Í næstu till. er lagt til, að tekinn verði upp á fjárlfrv. nýr liður, að til vinnumiðlunar verði veittar 200 þús. kr. Í fjárlfrv. er lagt til, að þær 100 þús. kr., sem veittar hafa verið til vinnumiðlunar, verði lagðar niður. Þetta er einn sparnaður ríkisstj., að fella þessar 100 þús. kr. niður, og eiga vinnumiðlunarskrifstofur þá um leið að hætta starfi nema á þeim stöðum, þar sem þær verða reknar af viðkomandi bæjarfélögum. Ég verð að segja, að ef þörf hefur verið á vinnumiðlun á stríðsárunum, þegar eftirspurn eftir vinnu var hvað mest, þá er lítt skiljanlegt, að nú, þegar atvinnuleysið gerir vart við sig, skuli eiga að leggja niður þennan millilið, en það virðist vera einn af þeim útgjaldaliðum, sem hæstv. fjmrh. vill losa sig við. Ég tel miklu frekar ástæðu til að tvöfalda þennan lið og ætla nú til vinnumiðlunarskrifstofunnar 200 þús. kr. í stað 100 þús. áður, svo að vinnumiðlunarskrifstofan geti fengið þann styrk, sem hún þarf til nauðsynlegrar vinnumiðlunar, til þess að atvinnulífið geti orðið sem blómlegast.

Í fjárlfrv. er reiknað með vísitölunni 115. Það er vitað mál, að þetta er í mótsögn við ástandið í dýrtíðarmálunum í dag. Vísitalan mun nú vera komin upp í 122—123 stig, eða 7—8 stigum hærri en sú vísitala, sem kaupgjald er reiknað eftir. Samkvæmt lögum á breyting að verða um næstu áramót, ef vísitalan verður þá komin 5 stigum hærra en hún var 1. júlí s. l., svo að nú um næstu áramót mun kaupgjaldshækkun fara fram. Og það virðist auðsætt, að þennan mismun verður að bæta. Hvert vísitölustig kostar 700 þús. kr., og gera þá 8 stig milli 5 og 6 millj. kr. Er því lagt til, að á 19. gr. verði varið til vísitöluuppbótar 5600000 kr.

Þessar till. við fjárlfrv. nema 30,18 millj. kr. hækkaðar tekjur og hækkuð gjöld um 30,5 millj. kr., svo að fjárlögin yrðu eftir sem áður með rekstrarhagnaði og hagstæðum greiðslujöfnuði. Nú

á þessum fjárl. er niðurstaðan sú, að reiknað er með 35,6—35,7 kr. rekstrarhagnaði og nokkurra hundruð þúsund kr. greiðslujöfnuði, en enda þótt þessar till. mínar yrðu samþykktar, mundu fjárl. eftir sem áður verða afgreidd með rekstrarhagnaði og hagstæðum greiðslujöfnuði, enda sjálfsögð stefna, að fjárl. séu afgreidd með hagnaði.

Ég hef nú talið fram brtt. mínar við fjárlfrv. Ástæðan fyrir því, að ég klauf n., og megingagnrýni mín er, að sparnaður hennar skuli beinast að ytri verklegum framkvæmdum og eflingu atvinnulífsins. Einu liðirnir, sem hækkaðir eru, eru til kláðalækninga og tugthúsbygginga, sem eru hækkaðir um 40%, en þrátt fyrir þetta er um stórfelldan niðurskurð til verklegra framkvæmda að ræða, en það, sem ávallt hlýtur að vera megintakmark hverra fjárl., er efling atvinnulífsins og verklegra framkvæmda.

Frsm. 2. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Áður en ég fer að ræða þetta mál ýtarlega, vildi ég víkja nokkuð að þeirri þróun, sem átt hefur sér stað í meðferð fjárl. hér á Alþingi, hversu gjaldaáætlun fjárlfrv. hefur sífellt aukizt í hlutfalli við heildarútflutningstekjur þjóðarinnar. — Árið 1945 námu þær 37% af útflutningstekjunum og þótti þá mjög ógætileg fjármálastjórn. 1946 hækkar þetta enn, og námu gjaldaáætlanirnar þá 43,8% af útflutningstekjunum. 1947 hækkar það enn og er þá komið upp í 67,6%, eða ⅔ af heildartekjum þjóðarinnar. En svo verður breyting 1948, og lækkar þá þetta hlutfall niður í 55,9%, sem stafar af auknum útflutningstekjum, því að þá fóru að koma í ljós afleiðingarnar af uppbyggingu atvinnuveganna. Árið 1949 nema útflutningstekjur þjóðarinnar 289 millj., en gjaldaáætlun fjárl. 256 millj., eða 88,6% af tekjum þjóðarinnar. Og nú er ástandið svo, að fyrir mánuði síðan, um mánaðamótin okt.—nóv., voru útflutningstekjurnar orðnar jafnháar og áætluð rekstrarútgjöld fjárlfrv. Þess vegna verður það eitt fram yfir, sem flutt verður út í desember, allt annað er þegar uppétið. Ef athugaðir eru vissir þættir þessa máls, getur verið heilbrigt, að þetta hlutfall breytist í þessa átt, ef það stafar af því, að verið sé að leggja fé til stórfelldra framkvæmda til uppbyggingar atvinnulífsins, en ekki vegna aukinnar dýrtíðar, eins og aðallega er á þessum fjárl. beint og óbeint, en ef athugaðar eru fjárveitingar til verklegra framkvæmda, er það athyglisvert, að þær fara að sama skapi minnkandi, og áberandi, hve þær verða sífellt minni hluti af útflutningstekjunum. Þróun sú, sem þar hefur átt sér stað, er mjög athyglisverð. 1946 fóru til verklegra framkvæmda, sem eru reiknaðar með á rekstrarútgjöldum fjárl., til vega, brúa, hafnarmannvirkja, skipa og annarra atvinnutækja sjávarútvegsins, 15,3% af heildarútgjöldum fjárl. Síðan breytist þetta stöðugt, 1947 nemur þetta 14%, 1948 er það komið niður í 10% og 1949 9,1%, og 1950 er það 8,6%, og eins og afgreiðsla virðist nú ákveðin af hæstv. ríkisstj., munu þessar framkvæmdir fá í hæsta lagi 7,6% rekstrarútgjalda, eða helmingi lægra en fyrir 4—5 árum, 1946. Þetta sýnir, að verklegar framkvæmdir hafa aldrei fengið eins lítinn hluta af tekjum þjóðarinnar og nú, og eins má benda á það, að síðan síðustu fjárl. voru samþykkt fyrir einu ári hefur gengislækkun komið til framkvæmda, og verður því mun minna unnið fyrir sama fé nú en fyrir ári síðan. Það þýðir, að það fé, sem nægði til að veita 100 mönnum atvinnu áður, nægir nú aðeins til að veita 75 mönnum vinnu, þýðir atvinnuminnkun, sem á ekki svo lítinn þátt í lífi þjóðarinnar. Þetta fjárlfrv. stefnir því ekki að því að tryggja mönnum atvinnu, heldur þvert á móti kemur í veg fyrir að tryggja atvinnulífinu fjármagn á einn eða annan hátt.

Undanfarin ár, þangað til á síðustu fjárl., hafa verið töluverðar upphæðir til að tryggja afkomu sjávarútvegsins, upphæðir til að tryggja ábyrgðarverð á útfluttar sjávarafurðir. Nú er búið með þetta og sjávarútvegurinn býr við það öryggisleysi, að enginn veit, hvar hann á að fá fé til sinna framkvæmda. Því má fullyrða, að með því að tryggja honum þessar greiðslur, væri búið að skapa honum það öryggi, að ekki væri hætta á, að drægi úr öflun þeirrar framleiðslu, sem mest verðmæti flytur í þjóðarbúið. Á síðasta þingi kom svo gengislækkunin, en hún virðist hafa brugðizt, því að í staðinn fyrir það öryggi, sem hún átti að skapa sjávarútveginum, nemur nú útflutningurinn ekki nema 262 millj. kr., og allur rekstrarkostnaður hefur hækkað mjög. Þar að auki gerist það, að búið er að kippa fótunum undan bátaútveginum með því að fella niður þá aðstoð, sem honum var veitt á síðustu fjárl.

Í 16. gr. B., kaflanum um sjávarútvegsmál, legg ég til, að til aðstoðar vélbátaflotanum verði veittar 4,5 millj. kr., því að ekkert liggur fyrir um það, að vélbátaflotinn þurfi síður á aðstoð að halda nú en áður, en það er séð, að verði honum ekki veitt aðstoð nú, má gera ráð fyrir svo miklum samdrætti í þessum atvinnuvegi, að fjárlögin munu af þeim ástæðum ekki geta staðizt. Ég legg því til, að 4,5 millj. kr. verði varið til aðstoðar vélbátaflotanum. Það er óhætt að fullyrða, að verði þetta ekki samþ., þá verður þetta fjárlfrv. ekki til að tryggja atvinnulífið né þjóðarbúskapinn, og þá er hætt við, að enn versni það hlutfall, sem verður að vera milli útflutningsframleiðslunnar og verklegra framkvæmda.

Eitt af því, sem hefur verið fastur liður á fjárl. undanfarin ár, eru dýrtíðargreiðslurnar, sem hafa farið til þess að halda verðlaginu í nokkrum skefjum. Þessar greiðslur hafa verið mjög breytilegar, en hafa yfirleitt farið vaxandi á síðari árum, og ekki hvað síst vegna ýmissa opinberra stjórnarráðstafana, sem beinlínis hafa hjálpað til að auka dýrtíðina í landinu. Árið 1945 námu þessar greiðslur 26,4 millj. kr., árið 1946 lækkuðu þær niður í 16,2 millj. kr., hækkuðu mjög árið 1947, eða upp í 35,9 millj. kr., hækkuðu árið 1948 upp í 44,6 millj. kr., en lækkuðu árið 1949 í 36,4 millj. kr. og voru áætlaðar í fjárl. yfirstandandi árs 33 millj. kr. En á þessu fjárlfrv. fyrir næsta ár eru þessar greiðslur áætlaðar aðeins 25 millj. kr., eða 19 millj. lægri en þær voru árið 1948. Hvaða áhrif hefur það, að þessar greiðslur skuli vera lækkaðar? Skyldi ætlunin vera sú að lækka þessi framlög til þess að halda verðbólgunni í skefjum, af því að hún fer minnkandi? Því fer hins vegar fjarri. Dýrtíðin fer vaxandi og hefur vaxið svo gífurlega upp á síðkastið einmitt vegna þeirra stjórnarráðstafana, sem gerðar voru á síðasta þingi með gengislækkuninni,

og má með sanni segja, að almenningur í landinu hafi fengið að þreifa á því upp á síðkastið, hversu verðlag hefur vaxið. Það liggur því í augum uppi, að með því að lækka dýrtíðargreiðslurnar hlýtur verðbólguflóðið að vaxa í mjög ríkum mæli, sem enginn sér hvenær lægja muni. Og til þess að spara ríkissjóði útgjöld með meiri dýrtíðargreiðslum er margsinnis búið að ákveða vísitöluna með l. til þess að hindra, að í ljós komi, hve dýrtíðin er raunverulega mikil í landinu, í staðinn fyrir, að vísitalan ætti að vera eðlilegur mælikvarði á verðlag í landinu. Þær ríkisstj., sem setið hafa að völdum undanfarin ár, hafa allar meira og minna haft það á stefnuskrá sinni að halda dýrtíðinni í skefjum og lækka hana, en samt hefur afleiðingin orðið sú, að verðbólgan er meiri en nokkru sinni fyrr. Þetta fjárlfrv. stefnir síður en svo til lækkunar dýrtíðarinnar, heldur gerir ástandið mun verra en það hefur verið hingað til.

Það, sem er einkennandi fyrir frv. eins og það liggur fyrir, er það, að búið er að taka út af fjárl. vissar greiðslur, sem skipta tugum milljóna króna, sem ríkissjóður hefur greitt sumpart í því skyni að tryggja framleiðsluna innanlands, sumpart til þess að halda verðbólgunni í skefjum, sem sé dýrtíðargreiðslurnar, og sumpart til aðstoðar atvinnuvegunum, eins og þær upphæðir, sem taldar eru á 16. gr. til aðstoðar við vélbátaflotann. Þetta er allt fellt burt úr frv., en þrátt fyrir það lækkar það ekki, og er útlit fyrir, eins og frv. lítur nú út og ef brtt. hv. meiri hl. fjvn. verða samþ., að rekstrarútgjöld fjárl. lækki ekki nema um rúmlega 10 millj. kr. frá síðasta árs fjárl. Og það er áreiðanlegt, að það er eftir að bæta ekki svo fáum upphæðum inn á frv., áður en það verður endanlega afgr., þannig að útkoman verður sú, þrátt fyrir að sleppt sé úr frv. þeim greiðslum, sem áttu að styðja atvinnuvegina og þeir höfðu áður, að rekstrarútgjöld fjárlfrv. verða þau sömu og áður eða ekki lægri, vegna þess að einmitt þær ráðstafanir, þ. e. gengislækkunin, sem gerð var til þess að spara ríkissjóði t. d. fiskábyrgðar- og dýrtíðargreiðslurnar, hafa gert það að verkum, að nú þarf ríkisstj. að greiða þessi útgjöld á öðrum sviðum, bæði í launagreiðslum og öðru, er snertir rekstrarkerfi ríkisins. Það, sem eftir stendur, er öryggisleysi fyrir atvinnuvegina í landinu, og það er það, sem frv. ber með sér. Það sýnir afleiðingar þeirra aðgerða, sem gerðar voru á síðasta þingi, þannig að búið er að skapa öryggisleysi, sem áður hafði ekki verið á sviði atvinnulífsins í landinu, án þess þó að spara ríkissjóði neitt.

Þá vil ég leyfa mér að benda á ýmislegt fleira, sem vantar í fjárlfrv., sem eðlilega þarf að taka til greina.

Það virðist óeðlilegt, að nú hefur ekki verið tekin með í frv. ein dýrasta ríkisstofnunin, fjárhagsráð og undirdeildir þess, sem hefur kostað meira en sjálft Alþ., og hefur þó oft verið sagt, að Alþ. væri dýrt. Þessi stofnun hefur alltaf síðan hún var stofnuð verið tekin upp í fjárl., en þessum lið er nú sleppt úr frv. Í aths. við frv. er þess að vísu getið, að þetta stafi af því, að ef til vill verði gerðar breyt. á þessu kerfi og því sé erfitt að vita, hvers kostnaðar megi vænta í sambandi við rekstrurinn. Síðan frv. var lagt fram eru nú liðnir meira en 2 mánuðir, og mætti því ætla, að búið væri að ákveða, í hverju þessar breyt. væru fólgnar, og gera áætlun um rekstur þessarar stofnunar. Ég vil því vænta þess, að áður en 3. umr. fjárlfrv. fer fram, berist fjvn. áætlun um rekstrarkostnað þessarar starfsemi, til þess að unnt sé að sjá, hvort fyrirhugað sé að leggja einhverja af deildum fjárhagsráðs niður, t. d. skömmtunarskrifstofuna, þar sem búið er að afnema skömmtunina að mestu leyti, því að viðkunnanlegra væri að geta sett þessa stofnun inn á fjárlfrv., áður en það verður að l.

Einnig vil ég leyfa mér að benda á, að það vantar inn á frv. áætlun um Tóbakseinkasölu ríkisins og Áfengisverzlun ríkisins. Hefur sú skýring verið gefin á því, að til stæði að sameina þessar stofnanir í eina stofnun, og hefur frv. um það efni verið lagt fram á þessu þingi. Þrátt fyrir það vil ég vænta þess, að lögð verði fyrir fjvn. áætlun um rekstrarkostnað þessarar sameiginlegu stofnunar, áður en 3. umr. fer fram.

Þá vil ég enn fremur benda á það atriði, að framlag til almannatrygginga á 17. gr. er of lágt áætlað, miðað við að sömu bætur verði greiddar og áður, því að þar hefur ekki verið tekið tillit til þeirrar 15% vísitöluhækkunar, sem allar launagreiðslur eru reiknaðar eftir. Ég fæ ekki betur séð en að hér sé að skjóta upp kollinum gamalt mál, sem Alþ. hafði kveðið niður fyrir meira en hálfu öðru ári. Það er sú deila, sem þá stóð milli þáverandi fjmrh. og tryggingaráðs um það, hvernig ætti að fara með tekjuafganginn, sem yrði af tryggingunum. Ég veit, að Alþ. minnist þess, að þáverandi fjmrh. krafðist þess, að tryggingaráð greiddi inn í ríkissjóð tekjuafgang tryggingannna, þar sem hann lagði þann skilning í vissa gr. í tryggingal., að ríkisframlag komi ekki til greina nema til að jafna tekjuhalla. Alþ. lýsti sig þó ekki samþykkt þessum skilningi, og hér var samþ., að hinn skilningurinn, sem áður hafði gilt, skyldi gilda áfram, að ríkið væri skyldugt að leggja fram þetta framlag í sama hlutfalli og aðrir aðilar, sem greiddu í tryggingarnar. Nú fæ ég ekki annað séð en að þessi sama deila sé að skjóta upp kollinum og nú á þeim grundvelli, að núverandi hæstv. fjmrh. virðist leggja þann skilning í málið, að réttlátt sé að láta iðgjöld ríkisins og sveitarfélaga standa í stað, þótt gert sé ráð fyrir að greiða hækkandi bætur með hækkaðri vísitölu og krafizt sé hærri iðgjalda af einstaklingum og atvinnurekendum. Þetta kemur greinilega fram í grg. með frv. um breyt. á l. um almannatryggingar, sem lagt hefur verið fram í Ed., þar sem tekið er fram, að tilætlunin sé að láta tryggingasjóð bera hallann, sem af þessu kann að leiða. Ég fæ hins vegar ekki séð, að þetta geti staðizt, því að hér væri þá verið að raska því kerfi, sem stofnað var með tryggingal., og ef sú stefna verður tekin að halda lengra inn á þessa braut, fæ ég ekki betur séð en að slíkt geti haft hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir tryggingaráð. Ég vil því leyfa mér að leggja til, að í fjárlfrv. verði hækkuð upphæðin til tryggingannna, sem nemi því, er ætla mætti að þær þurfi til þess að geta staðizt hin auknu útgjöld.

Ég hef flutt nokkrar brtt. á þskj. 268 við fjárlfrv. Þær eru ekki margar, vegna þess að ég þóttist sjá, að það mundi yfirleitt ekki þýða mikið að flytja hér brtt., því að yfirleitt hefur sá andi verið mjög ríkjandi í fjvn., að meiri hl. hennar, sem

fylgir ríkisstj., hefur ekki talið sér fært að samþ. neitt eða bera fram, nema hann hafi haft skriflegt leyfi hæstv. ríkisstj.

Í fyrsta lagi flyt ég 3 brtt. við 10. gr., sem gera ráð fyrir nokkrum sparnaði í utanríkisþjónustunni. Fyrir 2—3 árum var um það rætt við fjvn. af skrifstofustjóra utanrrn. og einnig sjálfum dómsmrh., að það væri mjög til athugunar að leggja niður eða fækka um 2 sendiherra á Norðurlöndum og hafa þar aðeins einn sendiherra, sem annaðist þessi störf í þessum löndum, og var beinlínis látið í það skína, að þetta mundi verða gert, þegar núverandi sendiherrar, sem eru í tveim af þessum embættum, færu úr starfi. Ég hygg, að það hafi komið fleirum af fjvn.-mönnum en mér spánskt fyrir, þegar í byrjun þessa þings bárust þær upplýsingar frá utanrrn., að það væri ekki tilætlunin að fækka þessum embættum á nokkurn hátt í þessum löndum, heldur væri tilætlunin meira að segja sú að bæta við einum sendiherra, þ. e. í Stokkhólmi, en þar hefur ekki verið sendiherra undanfarin ár, heldur sendifulltrúi. Mér sýnist einmitt hér vera hægt að spara, með tilliti til hvernig utanríkisþjónustu okkar er hagað annars staðar. Vil ég í þessu sambandi benda á sendiherrann í París. Sá maður, sem gegnir því embætti, er einnig sendiherra á Spáni, Ítalíu, í Sviss og Póllandi og ég held einnig í Luxemburg, og það er talið vera hægt að anna öllum þessum embættum fyrir sendiherrann í París. Mér sýnist því ástæða til að ætla, að hægt væri fyrir sendiherra í Kaupmannahöfn að gegna einnig þessu embætti fyrir hin Norðurlöndin, þótt það sé að vísu ekkert sérstakt atriði fyrir mér, í hverju Norðurlandanna sendiherrann hefði aðsetur. Þess vegna hef ég leyft mér að leggja til að fella niður fjárveitingar til sendiráðanna í Osló og Stokkhólmi og að þeir liðir á 10. gr. falli báðir niður. Við þetta mundi sparast nærri ½ millj. kr.

Þá legg ég einnig til í 3. brtt., um lið III.11 á 10. gr., sem fjallar um kostnað við alþjóðaráðstefnur, að sá liður lækki úr 550 þús. kr. niður í 350 þús. kr. Það þykir auðvitað sjálfsagt fyrir okkur Íslendinga að vera meðlimir í hvers konar alþjóðasamtökum og senda menn — helzt marga — á þau mót, sem haldin eru í öðrum löndum. Á síðasta sumri voru t. d. sendir 3 menn á fund Evrópuráðsins og aftur 3 menn nokkru seinna, og ég er ekki enn farinn að heyra um nein sérstök afrek, sem Íslendingar hafa unnið þar. Ég tek þetta aðeins sem dæmi, en mér finnst full ástæða til að reyna að spara eitthvað á þessu sviði.

Við 11. gr. A. 15 flyt ég till. um að fella þann lið niður, en þar er um að ræða 50 þús. kr. fjárveitingu til viðgerðar á bæjarfógetahúsinu í Neskaupstað, sem orðið hefur fyrir skemmdum af völdum skriðuhlaups. En ég vil benda á, að á síðustu fjárl. voru veittar 100 þús. kr. til að gera við þetta sama hús, og sýnast þessar upphæðir báðar til samans óeðlilega háar til þess aðeins að bæta fyrir fyrrnefndar skemmdir.

Einnig við 11. gr. flyt ég till. um að lækka kostnað við húsaleigueftirlit um 50 þús. kr. Í því sambandi vil ég benda á, að húsaleigueftirlit úti á landi hefur lagzt niður og er aðeins hér í Reykjavík og störf í húsaleigun. eru oftast framkvæmd af mönnum, sem eru í hæstu stöðum hjá ríkinu á öðrum sviðum.

Við 12. gr. legg ég til, að aukið verði framlag til byggingar læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsbygginga um 200 þús. kr., sem þó er allt of lítið. Þetta framlag hefur verið hin 2—3 síðustu ár um 3 millj. kr., og er langt frá, að búið sé að leysa þau verkefni, sem nauðsynleg eru á þessu sviði, og 500 þús. kr., sem frv. gerir ráð fyrir, er mjög hverfandi lítil upphæð til þeirra verkefna.

Við 16. gr. B legg ég til, að tekin verði upp ný fjárveiting til aðstoðar við vélbátaflotann, 4½ millj. kr., og er það sama upphæð og var á þessa árs fjárl., að vísu í 3 liðum. Ég býst við, að þessi upphæð nægi ekki, en legg til, að hún verði ekki lægri í næsta árs fjárl. en sett var inn í síðasta fjárlfrv., og vænti, að hún verði a. m. k. samþ.

Við 17. gr. flyt ég till. um að hækka framlag til almannatrygginga um 3 millj. kr., í samræmi við það, sem ég hef þegar gert grein fyrir.

Að lokum flyt ég brtt. við 20. gr. um að lækka framlag til sýslumannabústaða um 200 þús. kr. Ég vil leyfa mér að rökstyðja þessa till. með því, að í frv. eru þessar framkvæmdir lagðar að jöfnu: til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsa annarra en fjórðungssjúkrahúsa eru ætlaðar 500 þús. kr., til preststsetra 500 þús. kr. og til sýslumannabústaða 500 þús. kr. Engum blandast hugur um það, að af þessum 3 framkvæmdum er þörfin langsamlega mest hjá læknisbústöðum, sjúkraskýlum og sjúkrahúsum. Ég tel því ekki ósanngjarnt að breyta þessum tölum þannig að færa yfir frá sýslumannabústöðunum yfir á sjúkraskýlin og sjúkrahúsin til þess að hækka þann lið.

Ég hef þá gert grein fyrir mínum brtt. og sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um fjárlfrv. á þessu stigi.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég sé fyrst ástæðu til að þakka hv. fjvn. fyrir að hafa skilað áliti um fjárlfrv. og þakka meiri hl. fyrir það, sem hann hefur til málanna að leggja. Ég get ekki kvartað yfir því, að meiri hl. n. geri till., sem brjóti í bága við þá meginstefnu, sem fjárlfrv. byggist á, sem sé að fjárl. verði undir öllum kringumstæðum greiðsluhallalaus. Meiri hl. hefur að vísu gert till. til hækkunar, en um leið till. til lækkunar, þannig að nettóhækkanir eru ekki stórfelldar. Hins vegar er um nokkrar till. að ræða, sem n. flytur eftir beiðni ríkisstj.. til leiðréttingar á frv. og eru óhjákvæmilegar miðað við ákvarðanir í gildandi l.

Önnur aðalleiðréttingin er um aukið framlag vegna fjárskiptanna. Það sýndi sig, að þegar búið var að ganga frá frv. í haust, hafði verið miðað við verðlag á landbúnaðarafurðum og þá sérstaklega á sauðfjárafurðum, áður en verðlag hækkaði á þessum vörum s. l. haust, og þurfti því að leiðrétta þennan lið til samræmis við hið nýja verðlag. Hin aðalleiðréttingin er gerð vegna þess, að það sýndi sig, að fræðslumálastjóri hafði áætlað allt of lágt kostnað ríkisins við gagnfræðaskóla.

Það hefur verið nokkuð minnzt á 18. gr. við þessar umr., og tek ég undir með þeim, sem hafa talað um hana, að hún ber ekki vott um fasta skipun á eftirlaunagreiðslum, svo að ekki sé fastar

að orði kveðið. Hún þarf endurskoðunar við, en þá þyrfti fyrst að gera upp eitt atriði í sambandi við gr., sem er nokkurt stefnuatriði. Mér hefur verið sagt, að það sé venja, — og ég held að svo hafi verið, síðan ég kom á Alþ., — að fjárveiting, sem einu sinni hefur verið sett á 18. gr., sé ávallt tekin þar inn aftur. Þetta mun því vera þingvenja, og þess vegna þyrfti Alþ. að gera það upp við sig í prinsipinu, hvort það vildi breyta út af þessari venju. Ég vil því beina því til hv. fjvn., að ég teldi mjög vel við eiga, hvort hún gæti ekki beitt sér fyrir því að athuga, hvort Alþ. vildi t. d. samþ. þál. um, að endurskoðun færi fram á 18. gr. Þá kæmi í ljós, hvort Alþ. vildi halda í gamla venju eða væri þeirrar skoðunar, að gr. þyrfti endurskoðunar við, og vil ég taka það fram, að ég mun greiða atkv. með slíkri endurskoðun, þótt þessi þingvenja hafi haft talsverð áhrif á mig fram að þessu. Ég held, að það hafi verið hv. frsm. meiri hl. fjvn., sem minntist á, að það þyrfti að koma fastara skipulagi á eftirlaunagreiðslur, og þingið hefur sífellt verið að breyta þessum greiðslum og greiða uppbætur á þær, oft í miklu ósamræmi við það, sem áður hefur verið greitt, og stundum greitt full laun, og skal ég ekki bæta við þær lýsingar, sem hafa verið gefnar í þessu sambandi. En ég teldi vel við eiga, að Alþ. gerði það upp við sig á þessu þingi, hvort það vildi láta endurskoðun fara fram á 18. gr. og koma skipulagi á þessi mál, þannig að sanngjarnt gæti talizt. Ég get vel skilið, að fjvn. eigi erfitt með að gera brtt. við 18. gr., því að til þess þarf nokkuð góðra gagna við, en að vísu liggja fyrir í fjmrn. skýrslur um það, hvað hver maður fær í eftirlaun, bæði af 18. gr. og annars staðar frá.

Ég ætla mér ekki að vera langorður, heldur ræða almennt um fjárlögin og fjárhagsástandið. Einnig mun ég víkja að afgreiðslu fjárl. og reyna að gera hv. þm. það ljóst, að við verðum að afgreiða fjárl. í því ljósi, sem fjárhagur landsins ber vitni í dag. Ef við virðum fyrir okkur hvað hefur verið að gerast hérna, hljótum við að sjá, að tekjur þjóðarinnar hafa stórlega lækkað á því ári, sem nú er að líða. Til þess liggja margar ástæður, en þessar eru helztar:

1) Það hefur orðið verðfall á aðalútflutningsvörum okkar.

2) Vörur, sem keyptar eru inn í landið, hafa hækkað í verði.

3) Markaður fyrir sumar afurðir hefur dregizt mjög mikið saman.

4) Orðið hefur mikill aflabrestur, því að veiðar hafa brugðizt.

5) Þjóðin hefur mátt þola geysilangt verkfall, sem dró mjög úr framleiðslu útflutningsafurðanna.

Af þessu má vera augljóst, að þjóðartekjurnar hafa stórlega lækkað á þessu ári. Þetta á þó ekki einungis við um okkur Íslendinga. Hjá ýmsum þjóðum, sem framleiða matvæli, hefur hið sama orðið upp á teningnum, t. d. í Danmörku. Hins vegar hefur peningamagnið innlenda ekki minnkað í hlutfalli við þjóðartekjurnar. Af þessu hefur glundroðinn í efnahagsmálum okkar haldizt. Þennan glundroða köllum við vöruskort. Það er geysimikil vöruþurrð í landinu — jafnvel þótt við flytjum inn vörur fyrir 120 millj. kr. sem gjafafé. Okkur hefur sem sé ekki tekizt að mæta kaupgetunni innanlands, þótt við fáum 120 millj. kr. gefins í viðbót við þjóðartekjurnar. Þetta er aðaleinkenni fjármálaástandsins. Við höfum ekki getað dregið úr peningamagninu. Við lifum um efni fram. Auðvitað er það ofur skiljanlegt, að menn séu tregir til að þrengja lífskjör sín, því að það er nú einu sinni svo, að hver er sjálfum sér næstur og honum finnst, að nær sé að byrja á einhverjum öðrum. Þetta sjónarmið kemur greinilega fram í gengislækkunarlögunum, sem sett voru í fyrra, þar sem talað er um uppbót á laun. Síðan hafa þessar launauppbætur átt sér stað, en illa hefur gengið með framlengingu þeirra, því að grundvöllinn hefur vantað fyrir þessar uppbætur, og þess vegna hafa þær ekki komið að tilætluðum notum fyrir launastéttirnar. Þetta er ekki sagt út í bláinn, því að ef við lítum í kringum okkur, þá er þessu svona háttað. — Nú má spyrja: Hvert verður framhaldið á þessu eiginlega? Eins og málum er nú háttað, sí minnkandi þjóðartekjur, þá geta almennar kauphækkanir ekki komið að haldi fyrir launastéttirnar. Þær eru ekki teknar sem gróði á útflutningsframleiðslunni og geta því ekki komið fram öðruvísi en sem verðhækkanir og mundu þannig hafa þá tilhneigingu að minnka þjóðartekjurnar enn þá meira og þannig stuðla að því að draga enn meira úr framleiðslunni. Staðreyndirnar eru nú augljósar. Kauphækkanir geta ekki haft aðrar afleiðingar, meðan útflutningsframleiðslan eykst ekki. Hér verður að krefjast fullrar ábyrgðar af trúnaðarmönnum launasamtakanna. Nú er ég ekki að segja, hvað verður ofan á, hvort launahækkanir verða leyfðar eða ekki, en ef horfið verður að því ráði, þá liggur í augum uppi, að þá mundi verða heimtað, að fjárl. yrðu afgreidd með enn meiri tekjuafgangi en þyrfti. Fjárlagafrv. er í rauninni smækkuð mynd af hinu almenna fjárhagsástandi. Meiri hl. fjvn. miðar við, að tekjur og gjöld standist á, og er þá vísitalan áætluð 115 stig. Ef kaupið hækkar hins vegar, þá verður að leggja á nýja skatta til þess að mæta þessum gjöldum ríkissjóðs. Þetta vil ég benda á viðvíkjandi hinu almenna fjárhagsástandi okkar. Það væri hægt að fá fróðlegan samanburð um fjárhagsleg efni með því að vísa til annarra landa. Í Noregi er að sumu leyti svipað ástand og hér, — þar hafa þeir of mikið af peningum í umferð. Og ráðið, sem Norðmenn hafa tekið til að vega á móti því, er að afgreiða fjárlögin með stórkostlegum tekjuafgangi. Hjá Dönum hefur einnig hallað undan fæti, og hafa þeir orðið að minnka fjármagnið og leggja á nýja skatta til þess að koma í veg fyrir verðbólgu. Nú er reynt að afgreiða fjárlögin tekjuhallalaus, en til þess að komast út úr öngþveitinu, þyrfti að afgreiða þau með miklum tekjuafgangi og miklu hagstæðari en í þessum tillögum, sem hér liggja fyrir.

Þá skal ég minnast nokkuð á hinar verklegu framkvæmdir, er mjög hefur verið deilt á í sambandi við fjárlagafrv., — og hafa hrotið af vörum manna stór orð í þessu tilliti, og einkum þó hjá hv. 6. landsk. Ég vil þá fyrst biðja hv. þm. að gera sér grein fyrir því, að það eru fleiri verklegar framkvæmdir fyrirhugaðar en eru á fjárlfrv. Þetta hefur verið kallað fjárfesting. Þeir möguleikar, sem þjóðin hefur til fjárfestingar, eru tvenns konar: 1. þjóðartekjurnar, 2. lán. — Nú er spurningin: Hvað vilja menn nota mikið af þjóðartekjunum til fram-

kvæmda og hvað mikið til kaupa á neyzluvörum? Og hér skulu menn gera sér ljóst, að það er ekki hægt að nota sömu krónuna tvisvar. Þannig horfir þetta við. Hvað er nú miklu fé varið til fjárfestingarinnar? Það mun vera um 500 millj. á þessu ári. Við sjáum þá, hversu geysimikil aðstoð Marshallhjálpin hefur verið okkur. Nú horfir dæmið þannig við: Við ætlum að halda áfram með Sogið og Laxárvirkjunina og byrja á sementsverksmiðju. Til þessa á að verja 130 millj. kr. á næsta ári, og er þetta að miklu leyti hrein viðbót við þennan lið fjárlaganna. En hv. 6. landsk. talaði eins og hann vissi ekki um, að þessar framkvæmdir stæðu fyrir dyrum. Það veit náttúrlega hver maður, sem gerir sér þetta ljóst, að meðan svona geysimiklar framkvæmdir eru hafðar á hendi, þá verða aðrar framkvæmdir að víkja í bili. Annars mundi verðbólgan halda áfram að vaxa, og er þá óséð fyrir endann á henni. Þessu er ekki unnt að halda áfram, ef verðbólgan vex. En hversu lengi getum við treyst á gjafafé? Er þá einnig auðséð, að þessar framkvæmdir hljóta einnig að takmarka eða draga úr framkvæmdum einstaklinga frá því, sem var í fyrra, ef öngþveitið á ekki að verða botnlaust. Það verður að teljast mjög vafasamt, að allar þessar verklegu framkvæmdir, sem nú eru fyrirhugaðar, geti staðizt á fjárlögum, hvað þá heldur meiri. Þess vegna er nú sýnilegt, að allt málæði hv. 6. landsk. var út í hött sagt. Það standa nú til svo miklar opinberar framkvæmdir, þegar menn taka skýluna frá augunum, að það er vafasamt, hvort hægt sé að finna rúm fyrir þær allar í fjárlögum.

Í þessu sambandi er rétt að athuga það, hvort telja eigi framkvæmdir hins opinbera rétthærri en framkvæmdir einstaklinga. Er það rétt eða rangt að banna t. d. að byggja súrheysgryfju eða íbúðarhús? Nú getur svo staðið á, að þetta sé nauðsynlegt. Nú er fjárhagur ríkisins svo þröngur, að ekki er hægt að leyfa einstaklingum að byggja. Hvaða vitglóra væri þá í því, að ríkið hjálpaði til þess að auka verðbólguna enn meira? Því eru takmörk sett, hvað hægt er að verja miklu fé til framkvæmda á einu ári. Hvað vilja menn þrengja mikið að sér og minnka sína neyzlu til að verja sem mestu fé til framkvæmda? Hér skulu menn enn minnast þess, að ekki er hægt að nota sömu krónuna tvisvar. Ef við neitum að þrengja nokkuð að okkur, þá verður litlu eða engu hægt að verja til verklegra framkvæmda, heldur étum við allt út. Í kjölfar þess hlýtur að koma atvinnuleysi. Er það það, sem þessir menn vilja? Það er léleg pólitík að berja höfðinu við steininn og neita þessum staðreyndum.

Höfuðatriðið er þetta: Hvað getum við varið miklu fé til framkvæmda, og hvaða framkvæmdir eiga þá að sitja fyrir?

Ég held, að hv. 6. landsk. hafi lítið kynnt sér, hvaða afleiðingar þetta hefur fyrir aðrar verklegar framkvæmdir. Ef hann vildi auka möguleikana á verklegum framkvæmdum, mundi hann ekki flytja þessar brtt., heldur flytja aðrar till., þar sem lagðir væru á nýir skattar, er síðar skyldi verja til þessara framkvæmda. Að öðrum kosti er ekki hægt að líta á till. hans öðruvísi en sem sýndartill.

Fyrir 3. umr. verður athugað, hvernig þessi mál standa, að hve miklu leyti hægt verður að grípa til skattaálagningar, hvort möguleikar verða fyrir ríkið að hafa allar þessar verklegu framkvæmdir á hendi. Áreiðanlega er nú þannig ástatt, að það er vafasamt, hvort þessar áætlanir geti staðizt.

Þá mun ég ekki ræða meira almennt um þetta mál. Hv. 6. landsk. þm. vill gera lítið úr sparnaði ríkisstj. Ég vil vara menn við að vera allt of bjartsýna um þetta atriði, og það hef ég ætíð gert áður. Ég hef reynt að gera mér ljóst, hvað áætlaður sparnaður mundi nema hárri upphæð. Miða ég við þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar og áætlað er að gera. Býst ég við, að þessi sparnaður sé um 4 millj. kr. á ári, en auðvitað er þetta ágizkun. Í þessu sambandi er lagt til að leggja niður sendisveitina í Moskva, draga mjög úr kostnaði við skömmtunarskrifstofuna, hafa rekstur áætlunarbifreiðanna ekki á vegum ríkisins, sameina einkasölu áfengis og tóbaks o. fl. Hef ég áætlað, að sparnaður af þessum ráðstöfunum mundi nema 4 millj. kr.

Þá var og auðheyrt, að hv. 6. landsk. hafði lítið kynnt sér málið um niðurlagningu skattdómaraembættisins og laun presta. Hann ætti að vita, að það er skylt að borga hálf laun, ef viðkomandi gegnir einnig öðru embætti. Hv. þm. sagði, að sparnaðartillögur ríkisstj. væru einungis fólgnar í því að leggja niður 6 eða 7 embætti, en till. eru um miklu víðtækari breyt., eins og ég hef gert grein fyrir. Hv. þm. sagði, að fjölgað hefði starfsmönnum, en hv. þm. þarf ekki að halda, að svo vel sé öllu fyrir komið, að engu þurfi að breyta. Hann sagði, að ákveðið væri að ráða nýjan fulltrúa á Akranes, en honum er ætlað að gegna skrifarastörfum; að nýr skógarvörður væri ráðinn, en hann var áður í þjónustu ríkisins, svo að það er ekki nema ½ maður. Enn fremur sagði hv. þm., að tvö ný dýralæknisembætti hefðu verið stofnuð, en málum er þannig farið, að ekki hafa fengizt menn til að gegna þessum embættum fyrr en nú. Þannig var þessi sparðatíningur hv. þm.

Þessi hv. þm. sagði, að liðir embættisbáknsins hefðu hækkað. En af hverju stafar þessi hækkun? Launin hafa verið hækkuð, og skyldi hv. þm. hafa verið á móti því? Nei, þvert á móti hygg ég hann hafi viljað hafa þau hærri, og engin till. er enn komin frá hv. þm. um lækkun á þessum liðum. Einnig sagði hv. þm., að enginn niðurskurður væri á lítt nauðsynlegum eyðslugreinum. Hvers vegna kemur hann ekki með till. í þá átt? Ég held, að það sé lítið upp úr svona tali leggjandi.

Þá er það sýnishorn á málflutningi hv. þm., þegar hann segir, að á Keldum séu manni nokkrum greidd laun og sama manni greidd laun hjá sauðfjársjúkdómanefnd. Þetta er alger misskilningur hjá hv. þm., og þegar ég spyr, hvaða maður þetta sé, þá segir hv. þm.: Ráðherra spyr ekki af því, að hann viti ekki. — Hvílíkur barnaskapur hjá hv. þm. að ímynda sér, að fjmrh. viti um allar greiðslur, sem greiddar eru úr ríkissjóði.

Hv. þm. taldi, að kostnaður við utanríkisþjónustuna væri of mikill. Í því sambandi má minna á, að Alþfl. var á móti fækkun sendiherra á Norðurlöndum. Hv. þm. sagði, að leiðinlegt væri, hve hljótt hefði verið um þá sérfræðilegu rannsókn, sem fram hefði farið á starfsemi og högum ríkisins og greint væri frá í fjárlögum. Það hefur verið skýrt frá því þar, að hingað hefði fengizt amerískur ráðunautur á vegum ríkisins og Reykjavíkurbæjar, og ætlaði hann að gera till. um breyt. og sparnað í rekstri ríkisins og bæjarins. Hann var hér í 10 daga

og fór síðan heim og ætlaði að senda till. sínar þaðan. Fyrstu ábendingar hans eru nú að koma til landsins. Ég hafði haldið, að heppilegt væri að nota meiri vélar við skrifstofuhald og bókhald, en nú kemur það í ljós, þegar málið er athugað, að flestar skrifstofurnar eru of smáar og erfitt að koma vélum þar við, svo að sparnaður verði að. Það væri þá helzt hjá tollstjóra og annars staðar, þar sem margt fólk vinnur. Þessum athugunum verður haldið áfram á því, hvað hægt sé að gera í sparnaðarátt.

Ég segi það sama um þetta mál og ég hef alltaf sagt, að það er vafalaust hægt með nákvæmri rannsókn að koma á nokkrum sparnaði, en það verður ekki neitt, sem veldur byltingu í ríkisrekstrinum, ekkert, sem veldur tímamótum í sparnaði ríkisins.

Annars er dálítið gaman að heyra þá hv. 6. landsk. og hv. 5. landsk. ræða um sparnað í starfsmannahaldi ríkisins. Í sumar, þegar farið var að hugsa um að fækka starfsmönnum ríkisins, rauk Alþýðublaðið upp með offorsi og svívirti stjórnina fyrir að reka starfsmenn ríkisins út á gaddinn. Til marks um málfærslu hv. þm. nægir að nefna eitt dæmi. Hann deilir á fjmrh. fyrir að hafa beitt niðurskurðarhnífnum á framlög til sjávarútvegsins. Framlög til sjávarútvegsins hafa lækkað, það er alveg rétt. En hvernig stendur á þessari lækkun? Þau hafa lækkað vegna þess, að framlög, sem búið er að fullgreiða, eru tekin út af fjárlögum. Svo kemur hv. þm. og segir, að fjmrh. hafi beitt hér niðurskurðarhnífnum. Hv. þm. hefði getað talað um nauðsyn nýrra gjalda, en þetta missir algerlega marks.

Þá kemur að aðaltill. hv. þm., en þær eru að hækka tekjuáætlunina um 32 milljónir og útgjöldin um það sama. Með þessum till. kemur skýrt í ljós, hve mjög hv. þm. hefur vanrækt að kynna sér höfuðatriði þessa máls. Ég get ekki tekið allt, sem hv. þm. sagði, til meðferðar, en verð að láta mér nægja höfuðatriðin. Hv. þm. tók fyrst tekjuskattinn og telur óhætt að áætla hann 40 millj. Eins og tekið er greinilega fram í frv., var tekjuskatturinn s. l. ár 42 millj. Í þessu sambandi talar hv. þm. um, að 1. nóv. hafi verið búið að innheimta 19 millj. Enginn er feitari, þó að búið sé að innheimta þetta mikið 1. nóv. Þeim mun minna er þá eftir. Hið rétta í þessu er, að í ár getur tekjuskatturinn ekki orðið meiri en 42 millj., ef hann þá hangir í því. Næsta ár hlýtur hann að verða minni vegna minni tekna; t. d. í iðnaði og verzlun hljóta tekjurnar að verða mun minni en í ár. Um þetta hefði ég treyst mér til að sannfæra hv. þm. á 2—3 mín., ef hann hefði spurt mig. — En nú versnar um allan helming. Hann vill hækka áætlun á verðtolli í 78 millj. og talar um í því sambandi, að 1. nóv. hafi verið búið að innheimta 46 millj. Nú var gengislækkunin að vísu ekki komin 3 fyrstu mánuði ársins, en það er útilokað, að verðtollur hefði orðið meiri en 50—52 millj. á þessum tíma, þó að hún hefði verið. Segjum, að 15 millj. bættust við það, sem eftir er; þá yrði verðtollurinn 65 millj. allt árið. Verðtollurinn bregzt um 15 millj. í ár, en samt vill hv. þm. áætla hann 78 millj. næsta ár. Við fáum 120 millj. í gjafafé, og hvernig á að auka innflutninginn, þegar því framlagi lýkur? Með útflutninginn getur brugðizt til beggja vona. Ef heppnin er með framleiðslunni, getur svo farið, að hann aukist nokkuð, en eins og málum er háttað í dag, mundi ég telja óvarlegt að reikna með því. — Og ekki batnar, þegar hv. þm. fer að ræða um söluskattinn. Hv. þm. segist hafa kynnt sér það, að 1. nóv. hefði hann verið 9 millj. kr. hærri en á sama tíma í fyrra. Ég hefði getað upplýst hv. þm. um það, að söluskatturinn hefur verið innheimtur örar í ár en í fyrra. Áætlun fjárl. á honum er byggð á algerri hliðstæðu við verðtollinn, og ég tel ekkert vit að hækka þá áætlun. Á ræðu hv. þm. gat ég ekki skilið annað en hann áliti, að bifreiðaskatturinn væri benzínskattur. — Hv. þm. gerir ráð fyrir góðu brennivínsári næsta ár, þegar hann heldur því fram, að tekjur af einkasölu áfengis og tóbaks fari fram úr áætlun. Mér finnst líklegt, að gera megi ráð fyrir minnkuðum tekjum af því á næsta ári vegna þrengri fjárhags almennt. Það er ekkert vit að áætla óvarlegar en gert er, því að alveg er gefið, að sumir gjaldaliðirnir fara fram úr áætlun.

Ég vil ekki frekar elta ólar við ræðu hv. þm. Hann vill hafa á þessu gamla lagið, hækka framlög til bátaútvegsins og almannatrygginga, án þess að afla nýrra tekna á móti. Í rauninni eru tillögur hans í því fólgnar að leggja til, að fjárl. verði afgr. með 32 millj. kr. halla í viðbót við það ástand, sem er fyrir, eins og þetta væri ábyrgðarlaust með öllu. Till. mín um sama framlag til tryggginganna og í fyrra er byggð á því, að undanfarin ár hafa tryggingarnar haft mikinn gróða, sem þær hafa lagt í vara- og rekstrarsjóði; gróða, sem þær geta fært milli ára til að mæta tapi. Vegna þess, hve erfitt er að afgreiða fjárlögin hallalaust, tel ég vel forsvaranlegt að hafa þetta framlag ekki hærra en í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir. Sennilega yrði að hækka þetta framlag fljótlega, en engin hætta er á fjárþurrð tryggginganna á næsta ári.

Ég vil svo láta máli mínu lokið, en færa formanni og meiri hl. fjvn. þakkir fyrir góða samvinnu.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 274, 280 og 291, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég er nú hér meðflm., ásamt fleiri hv. þm., að nokkrum brtt., sem ég mun síðar mæla fyrir. En mig langaði til að segja nokkur orð, sérstaklega út af því, sem hæstv. fjmrh. kom hér inn á áðan. Og ég held, að það væri ákaflega heppilegt, ef við gætum rætt það alveg raunhæft, hvort þær skoðanir, sem hæstv. fjmrh. hafði og liggja til grundvallar fyrir afgreiðslu fjárl., eins og hann skýrði, séu réttar, því að það veltur ekki á neinu smáu um það, hvort sjálf undirstaðan, sem við byggjum afgreiðslu fjárl. á í þessu sambandi, sé í samræmi við staðreyndir. Og það eru þá sérstaklega tvö spursmál, sem ég vildi gera í eins stuttu máli og ég get að umtalsefni. Það er í fyrsta lagi, hvort það eigi að vera meginregla að afgr. greiðsluhallalaus fjárl. Og í öðru lagi er spurningin um, við hvaða takmörk ber að miða hæfilega fjárfestingu, hvaða fyrirbrigði það séu í þjóðfélaginu, sem það eigi raunverulega að marka.

Hæstv. fjmrh. virtist ganga út frá tvennu, þegar hann talaði um fjárfestingu, þannig að það væri tvennt, sem fyrst og fremst markaði það, hvað

þjóðfélagið treysti sér til að leggja í fjárfestingu á hverjum tíma. Í fyrsta lagi þjóðartekjurnar, í öðru lagi lán erlendis frá.

Við skulum athuga fyrra atriðið, þjóðartekjurnar. Þær eru engin föst stærð, og eru auk þess stærð, sem ríkið, m. a. með sinni fjármálastjórn, hefur áhrif á og ræður að mjög miklu leyti, hve miklar séu á hverjum tíma. Mér finnst, að hæstv. ráðh., þegar hann skilgreinir, hver þarna séu takmörkin fyrir hóflegri og réttri fjárfestingu hjá einni þjóð, þá taki hann ekki nægilega djúpt. Hann heldur sig á yfirborðinu, í því, sem nú mest brestur á hjá okkur, sem eru peningarnir. Hann miðar við, að þjóðartekjurnar eru svo og svo miklar að peningamagni, sem þjóðin hefur til umráða, sem er oft af meira eða minna óviðráðanlegum ástæðum á hverjum tíma hverjar eru, og hins vegar við það, að spurningin sé um það, hve mikið af lánum — sem er peningamagn í viðbót — þjóðin getur fengið erlendis. — En er þetta rétt? Þarna verðum við að kanna niður fyrir það spursmál, sem peningarnir sjálfir eru. Hvað er það, sem við í raun og veru þurfum til fjárfestingar á hverjum tíma? Og með fjárfestingu meinum við, eins og hæstv. ráðh. taldi réttilega upp, byggingu Sogsvirkjunar, Laxárvirkjun, áburðarverksmiðju og ýmsar verksmiðjubyggingar fleiri o. fl. Hvað þurfum við í raun og veru til þessara hluta, þegar við förum niður fyrir sjálft yfirborðið, sjálfa peningana? Það er í fyrsta lagi vinnuafl. Í öðru lagi þurfum við tæki handa þessu vinnuafli til þess að vinna með. Og í þriðja lagi þurfum við efni til þess að skapa þessa hluti úr, útlent og innlent efni. Það er þetta þrennt, sem við þurfum til þess að skapa þá fjárfestingu, sem við erum að skapa. Og við verðum að gera okkur það ljóst, og á því verðum við að byggja, ef við ætlum að ræða þessa hluti raunhæft, að það er þetta þrennt, sem við þurfum að hafa. Peningar eru aðeins ávísun á þetta þrennt. Við getum haft yfirdrifið af peningum, en ef við höfum ekki þetta þrennt, þá hjálpar það okkur ekki. Þó að við höfum hér svo eða svo mikið af seðlum, en ekkert vinnuafl afgangs eða ekkert vinnuafl til þess að vinna með, eða okkur vantar efni til að vinna með, hjálpa peningar okkur ekki. Peningarnir eru eins og ávísun, sem maður, sem á inni í banka, gefur út, þar sem hann gefur út ávísun á sinn sparisjóð og fær þaðan út það, sem þar er. Annað eru peningarnir ekki. Og ef við ætlum að reka okkar þjóðfélag þannig, að við hagnýtum þær auðlindir, sem þjóðin hefur, þá verðum við að viðurkenna, að peningarnir eru ekki annað en ávísanir, þegar öllu er á botninn hvolft. Spurningin þess vegna, hvernig við nýtum okkar þjóðarauð og þjóðarauðlindir, fær sitt svar eftir því, hvernig við hagnýtum og að hve miklu leyti við ráðum yfir þessu þrennu, sem eru meginatriði málsins. Og þar komum við strax að því, sem hefur verið sett upp sem meginatriði í þjóðmegunarfræði eftirstríðstímans. Vinnuaflið hefur verið sett sem höfuðatriðið í allri skynsamlegri þjóðskipulagsfræði eftirstríðstímans. Og vinnuaflið verðum við að hagnýta hundrað prósent.

Síðan er það atriðið, er við kemur tækjunum. Við búum tiltölulega vel hvað tæki snertir hér á Íslandi, og hlutfallslega betur en flestar aðrar þjóðir, miðað við landið og fólksfjöldann. Og mikið af þeim tækjum, sem við höfum til að byggja með og slíkt, er ónotað. — Hvað efnið snertir skiptir þar í tvö horn. Við höfum ýmislegt til bygginga, sem lítil takmörk eru fyrir að magni, þ. e. innlenda efnið, en útlenda efnið byggist á því, hve gjaldeyririnn er mikill á hverjum tíma. — Það er því tvennt, sem verður erfiðast að taka ákvörðun um, vinnuaflið og hið útlenda efni, t. d. vélar og verksmiðjur, sem við þurfum að fá frá útlöndum og þurfum gjaldeyri til.

Þegar við þess vegna tökum ákvarðanir um fjárfestingu, t. d. í arðberandi fyrirtækjum eins og Sogsvirkun og Laxárvirkjun og áburðarverksmiðju og slíkum verksmiðjum, sem á yfirborðinu ekki virðast arðberandi, en eru samt arðberandi, eins og vegir og brýr og annað slíkt er í raun og veru arðberandi í stórum stíl fyrir þjóðina, rétt eins og skólarnir eru arðberandi, þá þurfum við að gæta að, hve mikið vinnuafl við getum sett í þessa hluti og hve mikið við getum sparað af vinnuafli úr óarðbærum störfum til þess að geta sett í þessa hagnýtu framleiðslu. Okkar vinnuafl er nú, vegna okkar tækja, afkastameira en verið hefur. Það er t. d. svo við okkar vegalagningar, að hver vinnustund er afkastameiri en áður. Til byggingarvinnu höfum við miklu stærri og afkastameiri vinnutæki en áður. Okkar vinnuafl afkastar nú miklu meiru en áður var. — Hvað er þá spursmálið í sambandi við fjárfestinguna, vinnuaflið og slíkt? Það er að hagnýta það vinnuafl hundrað prósent, sem til er. Af hverju? Af því að fyrir þjóðina sem heild þýðir hver vinnudagur, sem einn verkamaður er atvinnulaus, eyðslu fyrir þjóðfélagið, tvöfalda eyðslu. Í fyrsta lagi eyðslu í því tilliti að láta ekki manninn vinna og tapa þar með því verðmæti, sem hann gat skapað með vinnunni, og í öðru lagi þá eyðslu, sem í því liggur, að í okkar menningarþjóðfélagi látum við manninn lifa, þó að hann vinni ekki, því að við veitum honum þá fátækrastyrk í sérstökum tilfellum, ef nauðsyn krefur, til þess að hann geti dregið fram lífið, — þó kannske sé við sult og seyru. Með þessu glötum við hans vinnuafli, og í öðru lagi verðum við að taka af vinnuafli annarra manna, til þess að halda honum uppi. M. ö. o., mesta eyðslan, sem við getum framið fyrir okkar þjóðfélag, er að láta manninn vera atvinnulausan. Og ef þannig stæði á í okkar fjárfestingu og okkar fjármálapólitík, að okkur skyldi skorta erlendan gjaldeyri fyrir útlent efni, sem við vildum gjarnan fá, — t. d. í íbúðarhús eða alls konar verksmiðjur eða stórvirkjanir eða annað slíkt — þá mundum við, út frá þessu sjónarmiði, ef vinnuafl væri til óhagnýtt, ráðstafa því t. d. í virkjunarframkvæmdir, — sem við köllum óarðbærar eins og vegi og annað, — til þess að hagnýta vinnuaflið til fulls. Og þetta þýðir enn fremur annað. Svo framarlega sem við hagnýtum vinnuaflið til fulls, svo sem ég hef drepið á, þá þýðir það aukningu þjóðarteknanna í stórum stíl. Á því, hvernig við hagnýtum vinnuaflið, veltur það að mjög verulegu leyti, hvort þjóðartekjurnar eru miklar eða litlar. Og þetta fer mikið eftir ákvörðun Alþ. sjálfs, eftir því, hvernig það vinnur að atvinnumálum landsins og gengur frá málum atvinnuveganna, sem sagt eftir því, hvort vinnuaflið er hagnýtt til fulls. M. ö. o., þjóðartekjurnar eru ekki stærðfræðileg stærð, sem sé óháð okkar ráð-

stöfunum. Þjóðartekjurnar, að svo miklu leyti sem við eigum við gjaldeyristekjur af þeim vörum, sem við seljum erlendis, þær geta að nokkru leyti kannske verið undir öðrum aðilum komnar en okkur sjálfum, en við getum þó um það mjög miklu ráðið sjálfir líka, hverjar þær eru. Það veltur á því, hvort við erum framsýnir og duglegir eða skammsýnir og óduglegir. Við getum ekki nema að nokkru með dugnaði og framsýni gert sjálfar gjaldeyristekjurnar svo miklar sem við óskum. En þó gætum við, með því að beina betur okkar vinnuafli að því verki, sem við erum að vinna, gert þjóðartekjurnar meiri á því sviði.

M. ö. o., þjóðartekjurnar, hve miklar þær eru, markast af þeirri stefnu, sem Alþ. og ríkisstj. tekur á hverjum tíma um hagnýtingu vinnuaflsins og tækjanna og auðlinda þjóðarinnar. Innan þessara þjóðartekna getur svo hlutfallið orðið misjafnt, þ. e. hve mikill hluti af þessum þjóðartekjum er erlendur gjaldeyrir og hve mikið innlendur gjaldeyrir, sem gæti svo aftur markað það t. d., hve miklu þjóðin treystir sér til að geta eytt í að kaupa vörur fyrir frá útlöndum og hve mikið hún yrði að láta sér nægja að hagnýta þjóðartekjurnar hér innanlands eða jafnvel að spara og leggja til hliðar, og þá gengið út frá því að geta samt sem áður hagnýtt vinnuaflið. — Út frá þessu ber okkur líka að athuga það, að um leið og við þannig gætum slegið því föstu, að full hagnýting vinnuaflsins væri fyrsti og aðalgrundvöllurinn að miklum þjóðartekjum fyrir okkur og að velfarnaði þjóðarinnar, þá verður um leið sjálf okkar lánsfjárpólitík hér innanlands að miðast við þetta. — Við hvað takmarkast raunverulega það, sem annars mundi kannske vera kallað lánsfjárþensla í lánsfjárstarfsemi ríkisbankanna hjá okkur hér á Íslandi, þegar við köfum í því efni til botns og látum ekki staðar numið við yfirborðið, við peningahliðina? Það fé, sem bankarnir lána út, eru ávísanir á hin raunverulegu verðmæti, sem fyrir hendi eru í þjóðfélaginu. Ef ríkisbanki ætlar að veita meiri lán en sem þjóðartekjunum nemur, þá leiðir það til hreinnar vitleysu. Hins vegar takmarkast lánastarfsemin þannig, að það kostar atvinnuleysi, að það sé svo og svo mikið vinnuafl, sem ekki er hagnýtt, sem leiðir til eyðslu og fátæktar og jafnvel stöðvunar á verksmiðjum. M. ö. o., í þjóðfélagi eins og okkar, þar sem bankarnir eru ríkisbankar, þá á þjóðbankinn að marka sína lánsfjárstarfsemi við það, að vinnuaflið sé hagnýtt til fulls. Og með því verða þjóðartekjurnar líka mestar. Það, hvort þjóðbankinn í þessu tilfelli treystir sér til að lána ríkinu til framkvæmda, hlýtur þess vegna að miðast fyrst og fremst við þennan hlut, hve mikið þetta ríki hagnýtir af vinnuafli og hve mikið er eftir af því vinnuafli, sem til er í landinu, — ef við látum einstaklingsfyrirtækin ganga fyrir, — sem ekki er hagnýtt, nema ríkið geri skipulega starfsemi til að hagnýta það. Og verkefni bankanna hlýtur að skoðast það að lána til þess að hagnýta þetta vinnuafl til fulls. Bankarnir eru þá að gefa út ávísanir á það vinnuafl, sem er raunverulega annars tapað þjóðinni. Og ríkisstj., sem ræður bönkunum, lætur þá náttúrlega bankana reka slíka fjármálastarfsemi. Og vilji bankarnir ekki beygja sig fyrir slíku, ef þeir setja einhver önnur sjónarmið upp fyrir þetta, að nota vinnuaflið til fulls, þá breytir auðvitað Alþ. sem stjórnari þeirra þeim reglum með lögum, sem bankarnir hafa, þannig að þeir verði að hlýða. Þetta verðum við að gera okkur ljóst, þegar Alþ. raunverulega stjórnar allri fjármálastarfsemi þjóðarinnar.

Ég held þess vegna, þegar hæstv. fjmrh. takmarkar sig í sinni ræðu við þetta tvennt, sem takmarki fjárfestinguna og þar með líka verklegar framkvæmdir, þjóðartekjurnar annars vegar og erlend lán hins vegar, þá risti hann ekki nægilega djúpt í þessum efnum, hann kafi ekki til botns, heldur láti staðar numið við yfirborðið, í staðinn fyrir að athuga, hverjar raunverulegar auðlindir þjóðarinnar eru, allt frá því efni, sem við hagnýtum úr jörð, og að athuga, að í okkar starfsemi sé séð um fulla hagnýtingu þessara hluta.

Og nú vil ég í þessu sambandi ræða nokkuð það, sem hæstv. ráðh. minntist á einmitt út frá þessum hugmyndum sínum, sem ég held, að styðjist þarna ekki við staðreyndir. Hæstv. ráðh. sagði, að við hefðum ekki dregið nóg úr peningamagninu, sem í umferð væri, í hlutfalli við minnkun þjóðartekna. Hann álítur jafnvel, að við höfum ekki dregið nóg úr kaupgetunni. Sannleikurinn er, að peningamagnið, sem í umferð er í þjóðfélaginu nú, er of lítið til þess að hagnýta til fulls þau tæki, það efni og það vinnuafl, sem við höfum. Það eru þúsundir manna, sem ganga atvinnulausir á Íslandi sem stendur. Og hver einasti vinnudagur þeirra, ef vinnuafl þeirra væri hagnýtt, mundi skapa auknar þjóðartekjur, en eins og er fer það forgörðum. Það glatast daglega fyrir Ísland svo millj. kr. skiptir í verðmætum, vegna þess vinnuafls, sem ónotað er. (**HV:** Þeir mega helzt ekki vinna. Það mundi skapa kaupgetu.) Og það er vegna þess, að þessir menn eru ekki látnir vinna. Hvað þýðir það? Að þjóðartekjurnar minnka. Ef við ætluðum að fara inn á það að minnka peningamagnið í umferð í hlutfalli við minnkaðar þjóðartekjur, þá þýddi það það, að við minnkuðum þetta smám saman niður í ekki neitt. — Nei, þvert á móti, þegar þjóðartekjurnar minnka vegna atvinnuleysis hjá þjóðinni, þá er það ekki það, sem hefur þýðingu, að minnka peningamagnið, heldur að auka það, til þess að setja í gang ónotað vinnuafl, sem til er. Og ef hv. þm. héldu, að ég væri að prédika bolsévisma, þá vil ég minna á, hvað Roosevelt gerði 1932, þegar hann bjargaði auðvaldsskipulaginu í Bandaríkjunum frá hruni, í raun og veru með því að deila út til fólksins peningum í formi styrkja til þeirra, sem bágt áttu, í formi stórkostlegrar atvinnubótavinnu til þeirra, sem atvinnulausir voru, í formi gífurlegra lána og styrkja til bænda; og þetta allt til þess að koma kaupgetunni í gang, til þess að koma fólkinu til að kaupa vörur og til þess að koma framleiðslunni þannig í gang. — Spurningunni, sem hæstv. fjmrh. stillti upp, hvort við hefðum dregið nóg úr kaupgetunni eða hvort við þyrftum að draga meir úr henni, verður ekki hægt að svara öðruvísi en þannig, að sannleikurinn er, að við höfum gert það svo mikið hjá fátækasta hluta þjóðarinnar, að hann líður neyð. Við þurfum að horfast í augu við, að það er búið að skapa þannig neyð hjá fátækasta hluta alþýðunnar, að menn hafa ekki efni á að kaupa það, sem hér er til, og þessir menn hafa vart efni á að veita sér brýnustu nauðsynjar til þess að draga fram lífið. Það er skortur, sem allt að því

liggur við sulti, á fjölmörgum alþýðuheimilum á Íslandi. Hitt er líka rétt, að það er nokkur hluti þjóðarinnar, sem ekkert hefur dregið úr kaupgetu hjá, og það er það fólk, sem heldur því mikla kaupi, sem það hefur haft. Og það er það fólk, sem er voldugast í flokkum hæstv. ríkisstj., sem ekki þolir, að á það séu lagðir einu sinni skattar. Ég býst við, að skattfrelsisfrv. fyrir eitt ríkasta fyrirtæki landsins komi hér fram rétt strax á Alþ. Þess vegna skulum við gera okkur ljóst, þegar við tölum um kaupgetu, hjá hverjum hún er. Það er rétt, að það hefur ekki verið dregið nægilega úr kaupgetunni hjá auðmannastéttinni í Reykjavík. Og það hefur ekkert frv. komið fram um að draga úr henni. En það hefur verið dregið rækilega úr kaupgetu hlutarsjómanna og sjómanna, sem ekki hafa fengið greiddar sjóveðskröfur sínar frá 1949, og þeirra, sem hafa verið meira og minna atvinnulausir, og það stórum meira en þeirra, sem hafa haft atvinnu árið um kring. Og halda menn nú, að kaupgeta verkamanns, sem hefur 20—24 þús. kr. í árstekjur hér í Reykjavík, sé það mikil, að hann hafi nokkuð fram yfir brýnustu nauðsynjar? — Hæstv. ráðh. minntist á, að hann segði þetta ekki út í bláinn, við gætum bara litið í kringum okkur. Og við getum gert það hér í Rvík. Hafnarverkamaður, sem vinnur á eyrinni, á þeim bezta vinnustað, sem er við höfnina, sagði mér, að hann hefði unnið á 10 mánuðum í 180 daga, og er þetta með betri aðstöðu, sem gerist, þar sem hann vinnur hjá Eimskip. Og við getum gert okkur í hugarlund, þegar dagar falla þannig úr, að ekki er unnið nema kannske ⅓ eða ¼ úr árinu, hvernig afkoman muni vera. Það er enginn vafi á því, að fyrir þetta fólk mundi kauphækkun koma fram sem kjarabætur. Hitt er annað mál, ef valdahlutföllin í þjóðfélaginu eru þannig, að auðmannastéttin heldur áfram að hækka vörurnar í verði og taka þannig skatt í gróða til sín. Hvernig sem verkamaðurinn bætir sitt kaup, má þannig eyðileggja kauphækkunina fyrir honum á þann hátt. Við verðum að gera okkur ljóst, að við erum komnir það langt með að rýra kaupgetu þessa fólks, að það fer að nálgast neyð hjá þeim hluta alþýðunnar, sem bágust hefur kjörin, þannig að almennar ráðstafanir, sem koma niður á öllum verkalýðnum, verða beinlínis til þess að skapa vandræðaástand og auka fátækraframfærsluna í þjóðfélaginu.

Nú minntist hæstv. ráðh. á, út frá þessari forsendu, að við hefðum ekki dregið úr peningamagninu, að til þess að komast úr öngþveitinu, eins og hann kallaði það, yrði að afgr. fjárl. með enn meiri tekjuafgangi og minnka enn fleiri verklegar framkvæmdir en gert er ráð fyrir í fjárlfrv. Ég vil spyrja hann: Hvernig stendur á því, að þegar við hér á Alþ. eigum að ræða um fjárfestingu ríkisins í sambandi við fjárl. og ríkisstj. hefur sérstaka n., sem hún sjálf skipar og kostar rúmar 4 millj. kr. á ári, til þess að útbúa fjárfestingaráætlun, — hvernig stendur á því, að þessi fjárfestingaráætlun fylgir ekki fjárlfrv.? Það þýðir ekki að koma til alþm. og segja: Það eru svona stórar framkvæmdir fyrirhugaðar á næsta ári. — Það, sem á að fylgja fjárlfrv., a. m. k. þegar það kemur frá fjvn., er fjárfestingaráætlun fjárhagsráðs, og það er vítavert af þeirri stofnun að láta ekki þá fjárfestingaráætlun í té. Hún á að fylgja með, og það er varla hægt að afgr. fjárl. þannig, að nokkur raunhæfur grundvöllur sé fyrir þeim, eins og þjóðfélag okkar er orðið, án þess að þessi fjárhagsáætlun liggi fyrir. Og ég vil minna á það, að þegar fjárhagsráðsl. ríkisstj. voru afgreidd upphaflega, 1947, lagði ég til í brtt. við þau, að það væri beinlínis skylda, að þetta fylgdi með. Nú vitum við, að þetta hefur verið þannig, að stundum hefur fjárhagsráð ekki komið með sína fjárfestingaráætlun fyrr en á miðju því ári, sem hún átti að gilda fyrir.

Svo vil ég minnast á annað í sambandi við þetta mikla fé, sem við þurfum í þrjú fyrirtæki: Sogsvirkjunina, áburðarverksmiðjuna og Laxárvirkjunina, sem kosta 130 millj. kr. Sogsvirkjunin og Laxárvirkjunin eru hlutir, sem búið er að gera raunverulegan undirbúning að og vonir standa til, að verði unnið við á næsta ári. Mér er spurn, og vildi að ráðh. upplýsti það: Hvernig er hins vegar með áburðarverksmiðjuna? Er það fé frá Marshallstofnuninni til þessa fyrirtækis, sem fram að þessu hefur staðið á? Er það enn þá aðeins vonin, sem hæstv. ráðh. byggir á, þegar hann talar um áburðarverksmiðjuna í sömu andrá og Sogsvirkjunina, sem fengið er Marshallleyfi fyrir? — En þegar talað er um 130 millj. í þessi þrjú fyrirtæki, hefur þá ráðh. athugað, hvað það er mikið vinnuafl, sem við notum í þessi tvö fyrrnefndu fyrirtæki? Við vitum að því er snertir hið útlenda efni til Laxárvirkjunarinnar og Sogsvirkjunarinnar, að þar er um að ræða Marshallfé. Við vitum, að mikið — já, meginhlutinn af því fé, sem notað er til þessara fyrirtækja, kemur úr mótvirðissjóði, þannig að það fé, sem varið er til að koma upp Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni, það þarf lítið að taka af því innlenda fjármagni til þess að kosta þetta, næstum því ekki neitt. M. ö. o., öll útgjöld að því er snertir efni og vélar til þessara tveggja fyrirtækja eru að mestu leyti utan við þá venjulegu fjárhagsáætlun ríkisins, tekst ekki af okkar útflutningi né hinu almenna lánsfé bankanna. En hvað þarf svo mikið vinnuafl við Sogsvirkjunina? Það eru kannske 200 menn, sem koma til að vinna þar. Ég skal ekki fullyrða það, en ég hygg, að það sé ekki fjarri lagi. Og sé það nærri lagi, er þetta lítið meira vinnuafl en það, sem Reykjavíkurbær hefur haft við Sogsvirkjunina fyrst, árin 1936—37 eða þar um kring. Þetta vinnuafl nú er því — mér liggur við að segja hverfandi lítið. Við verðum að gá að því, að vinnuaflið, sem við hagnýtum núna við þessi stærri fyrirtæki, Sogsvirkjunina og Laxárvirkjunina, er allt annað vinnuafl en það var fyrir 15 árum síðan. Nú er það svo miklu afkastameira, þar sem nú eru komnar til sögunnar mokstursvélar og aðrar slíkar vélar til að láta vinna með. Þannig að þótt við höfum þessi tvö stórfyrirtæki í takinu, og jafnvel þótt áburðarverksmiðjan komi líka, þá taka þessi fyrirtæki ekki til sín nema svo tiltölulega lítinn hluta af því vinnuafli, sem þjóðin nú hefur ráð á. Og við skulum muna, að það bætast til allrar hamingju við 1000 manns á hverju ári, sem þurfa vinnu. (**Fjmrh.**: Og svo koma 10 nýir togarar.) Já, það koma 10 nýir togarar. Það þýðir 360 menn á togarana sjálfa eða þar um kring. Ef þeir eru á saltfiskveiðum, þýðir það meiri vinnu í landi, en samt mundu vart koma til að vinna yfir 100 menn á hvern togara af þessum 10, sem samsvarar því, sem vex af nýju vinnuafli hjá þjóðinni. Okkar vinnuafl og

þjóðin er orðin mjög vel búin tækjum, og við höfum ekki lofað okkar vinnuafli að hagnýta þessi tæki, heldur látum þau standa ónotuð, t. d. okkar byggingarvélar. Ef við ekki hagnýtum okkur þessi tæki, verða þau aðeins baggi á þjóðinni, baggi á okkur að láta þessar stóru, dýru vélar standa ónotaðar nema 1—2 vikur á ári. Þá er betra að vera með skófluna eins og í gamla daga og pjakka með henni allt árið, því að vextirnir af hinum stóru tækjum drepa okkur, ef við notum þau ekki. Við hljótum að krefjast þess, að hin stórvirku tæki séu hagnýtt, helzt 16 og jafnvel 24 klukkustundir á sólarhring, en þá hagnýttust þær líka um 100%, þannig að við yrðum 100% samkeppnisfærir við aðrar þjóðir í kringum okkur, vegna aukinna afkasta og lækkaðs framleiðslukostnaðar.

Hæstv. ráðh. virtist kvíða fyrir því, að þessar framkvæmdir væru svo stórar, að fyrir þeim yrðu aðrar framkvæmdir að víkja. Þessar framkvæmdir eru stórar, en unnar með svo sérstökum hætti og með svo litlu vinnuafli, að ég held það fari fjarri því, að aðrar verklegar framkvæmdir ríkisins þurfi að víkja fyrir þeim. Ég held það sé jafnvel alveg þvert á móti. Til þess að fá að fullu hagnýtt okkar vinnuafl þurfum við að auka t. d. vegagerðina, og við skulum muna það, þegar við leggjum fé til vega núna. Núna eru vélarnar orðnar það þýðingarmikill hluti af vegagerðinni, að það þarf færri verkamenn til þess að vinna við vegagerð, sem krefst sömu fjárútláta, en þurfti t. d. fyrir þremur árum síðan. Ég býst við, að þess séu dæmi, ef tekið væri svolítið lengra tímabil, að afköst verkamanns við vegagerð nú hafi sexfaldazt frá því, sem þá var. Það þýðir, að af því vegafé, sem við áætlum á fjárlögum, verður það minnkandi hluti, sem fer til verkamannsins sem einstaklings, þeim mun meira sem notuð eru hin stórvirku tæki, sem auk þess verður ódýrara fyrir ríkissjóð. Það þýðir, að raunverulega fækkum við verkamönnunum enn meir en nemur því, sem við hækkum ekki framlag til vega. Þetta er hlutur, sem við líka þurfum að athuga í þessu sambandi.

Hæstv. ráðh. talaði um það, að til þess að geta staðið undir þessum 3 stóru verklegu framkvæmdum yrðum við jafnvel að draga úr verklegum framkvæmdum ríkisins og einstaklinga, það mætti ekki leyfa einstaklingum að vinna að byggingum og öðru slíku. Þetta byggist mestallt á röngum skilningi hjá hæstv. ráðh. Hann er ekki búinn að gera sér fyllilega grein fyrir því, hve stórkostlegar breytingar hafa orðið á okkar verklegu tækni í þessum efnum og hvernig þær breytingar heimta öðruvísi pólitík við lánsfjárveitingar af hálfu þess opinbera í landinu. Hæstv. ráðh. minntist á, að ríkið mætti ekki keppa við einstaklinga. Ég held, að það sé fjarri því, að ríkið sé nokkuð nærri því, þó að það leggi í þessar virkjanir, að keppa við einstaklinga. Þrátt fyrir það að þessar virkjanir og áburðarverksmiðjan yrðu reknar með fullum krafti, þá mundi verða mjög mikið atvinnuleysi á Íslandi engu að síður. Það er langt frá því, að við hagnýtum okkur vinnuaflið. Ég held þess vegna, að við þurfum að ræða þetta mál miklu ýtarlegar, áður en við sláum því föstu, að sú hætta, sem hæstv. ráðh. talaði um í sinni ræðu, sé til staðar. Ég veit, að það, sem veldur þessu, sem fram kemur hjá hæstv. ráðh. nú, er það, að fyrir nokkrum árum síðan gat maður talað eins og hæstv. ráðh. gerði nú með nokkrum rökum, en eins og ástandið er nú, er það ekki hægt. Sú hætta, sem ráðh. miklaði mjög fyrir sér fyrir nokkrum árum síðan og finnst enn vera yfirvofandi, er ekki til staðar. Það er komið allt annað ástand, sem heimtar líka allt aðra pólitík, — ekki lengur það, að ríkið þurfi að draga úr sínum framkvæmdum, vegna þess að einstaklingar þurfi að gera svo mikið, heldur er þvert á móti komið það vandræðaástand, að ríkið þarf að efna til verklegra framkvæmda til þess að forða því, að það séu atvinnulausir svo og svo margir af borgurum landsins. Nú veit ég, að hæstv. ráðh. mun segja í þessu efni: Ef þetta væri rétt og þetta þyrfti að gerast, hvernig á þá að fara að um öflun þeirra tekna, sem til þarf? — Ráðh. mun segja, að ekki sé ráðlegt að áætla bara tekjurnar hærri. Ég vil þá gera þá aths., að það, hvað tekjurnar eru áætlaðar háar, t. d. af verðtolli, það hlýtur að standa í beinu sambandi við, hvers konar verzlunarpólitík sú stjórn, sem á hverjum tíma ræður, ætlar sér að reka. Ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, að við Íslendingar getum flutt inn miklu meira af vörum, ef við fáum að flytja meira út en við gerum núna. Ég er á þeirri skoðun, af því að ráðh. minntist á markaðshrun og verðfall, að þrátt fyrir verðfall á ýmsum af okkar afurðum á ýmsum mörkuðum sé allt seljanlegt, sem við getum framleitt á Íslandi. Ég ætla ekki að fara að ræða um það hérna, því að ég hef gert það áður, en vil leggja áherzlu á, að ef við fengjum að selja allt, sem við framleiðum á Íslandi, held ég, að tekjur ríkisins af vörumagnstolli og verðtolli yrðu miklu hærri en með þeirri verzlunarpólitík, sem nú er rekin, þannig að ríkissti. og Alþ. hafa það mjög mikið í sínum höndum með verzlunarpólitíkinni, hve miklu tekjur af vörumagns- og verðtolli og jafnvel einnig af verzlun og iðnaði nema hjá þjóðfélaginu. Það er, eins og ég gat um áðan, mjög slæmt í þessu sambandi að hafa ekki útflutnings- og innflutningsáætlun frá fjárhagsráði, því að ef hún lægi fyrir, mætti deila um hana og hve mikið væri rétt að álykta að vörumagns- og verðtollurinn gæti orðið.

En hvernig á nú að fara með þessi mál, ef þær forsendur eru fyrir hendi, að atvinnuleysi sé mikið og tilfinnanlegt í þjóðfélaginu? Þá kem ég að öðru höfuðmálinu og álít fyllilega rétt, ef ekki er annar kostur fyrir hendi, að afgr. fjárl. með greiðsluhalla. Hvað þýðir að gera það? Það þýðir, að ríkið í þessu tilfelli kemur til með að auka sínar skuldir við þjóðbankann. Hvað þýðir það, að ríkið eykur sínar skuldir hjá honum og tekur lán hjá honum til að hagnýta til fulls vinnuaflið í landinu? Það þýðir, að ríkið tekur lán hjá sjálfu sér til þess að tryggja, að öll þjóðin vinni hagnýt störf. Það er eðlilegt og sjálfsagt, ef aðrar ráðstafanir hefur ekki verið hægt að gera til þess að tryggja þjóðina gegn atvinnuleysi. Ef menn halda, að þetta sé mjög hættulegt, að afgr. fjárl. með greiðsluhalla, þá vil ég benda á tvennt: annars vegar tímabilið 1930—1940, en þá er það einn mjög veigamikill þáttur í þeirri pólitík sænsku sósíaldemókratastjórnarinnar að yfirvinna kreppuna að afgr. fjárl. með greiðsluhalla og auka skuldir ríkisins hjá þjóðbankanum til að geta þannig hagnýtt vinnuaflið. Ég vil í öðru lagi benda á yfirlýsingu enska verkamannaflokksins um það, að ef ekki sé annars kostur og atvinnuleysi, muni þeir

ekki hika við að afgr. fjárl. með greiðsluhalla. Ríkið tekur í þessu tilfelli lán hjá sjálfu sér til þess að spara, til að hindra eyðileggingu og koma í veg fyrir, að verkamenn gangi atvinnulausir. Ríkið er á tímum atvinnuleysis þannig að taka lán hjá sjálfu sér til þess að afstýra fátækt í þjóðfélaginu. Ég held þess vegna, að það væri mjög fjarri lagi að slá því föstu, að það ætti að vera „prinsíp" að afgreiða ekki greiðsluhalla-fjárlög undir neinum kringumstæðum. — Ég veit, að hæstv. ráðh. hefur, þegar hann talaði þetta, haft í huga afgreiðslu fjárlfrv. á velgengnisárunum, þegar fullt var af vörum. Þá voru fjárl. afgr. með greiðsluhalla. Hæstv. ráðherra mun hafa haft þetta í huga og álíta, að rangt hafi verið að gera það þá, og um það getum við alltaf rætt. En þó að það hafi verið rangt að gera það þá, þýðir það ekki, að rétt væri að fara nú að framkvæma lagfæringu, sem hefði verið lagfæring fyrir 4 árum síðan, en villa nú, því að ástandið er allt annað en þá. Það hefði verið heppilegt, — það er rétt, — að ríkið hefði getað sparað, meðal annars með því að geta náð meiri gróða til sín, sem fór í vasa auðmannastéttarinnar, þegar allt óð uppi hjá þjóðinni. En þótt það hefði verið heppilegt á þeim tímum, réttlætir það ekki að fara að taka þá pólitik upp, að svo og svo mikill hluti af alþýðunni gangi atvinnulaus og þjóðfélagið tapi þannig vinnuaflinu, bara til þess að hanga í því „prinsípi" að afgreiða greiðsluhallalaus fjárl. — Þetta vildi ég segja vegna þess, að það kom hér fram ómótmælt, að það sé sjálfsagt að afgreiða fjárl. greiðsluhallalaus. Það er góð regla á góðum tímum og slæm regla á slæmum tímum, og ég álít slæma tíma núna.

Ég hef kannske orðið fulllangorður um þetta og ætlaði mér ekki að ræða þetta svona lengi. En ég vildi aðeins láta það koma fram, að ég held, að afgreiðslan á fjárl., eins og hún virðist með þessu móti, muni viðhalda og auka það atvinnuleysi, sem þegar er fyrir hendi; það þýðir: að gera þjóðina fátækari, eyða meiru, eyða því dýrmætasta afli, sem þjóðin á, vinnuaflinu, til einskis og láta ónotuð tækifæri, sem við höfðum til að skapa hér gagnlega hluti, sem við hefðum getað gert, ef meiru hefði verið varið til verklegra framkvæmda. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að komi fram. Þarna er stefnt í ranga átt. Afgreiðslu fjárl. þurftum við fyrst og fremst að miða við það að tryggja fulla hagnýtingu vinnuaflsins. Og auknar verklegar framkvæmdir af hálfu hins opinbera eru nauðsynlegar, þó að þær kosti nokkuð mikið, og ef ekki næst samkomulag um meiri skatta á stóreignir eða meiri hagnýtingu stórgróðans, þá verður að bjarga þessu við með því að taka lán hjá Landsbankanum. Ég veit, að menn munu segja, að það sé ekki efnilegt eins og ríkið skuldi þar nú þegar, en ríkið á allmikið fram yfir skuldir og Landsbankinn á álíka mikið í hreinum eignum eins og ríkið skuldar honum, svo að það er hreint ekki ónormalt, að Landsbankinn láni ríkinu það, sem hann á umfram skuldir, og af því skapast engin verðbólga. En ég veit, að það kann að vera harðsótt fyrir ríkið að fá þetta lán, ef það gerir ekkert annað en biðja kurteislega um það og taka síðan á móti neiinu. Og það getur svo farið, að leita þurfi aðstoðar löggjafarvaldsins til að koma þessu í gegn.

Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, þá vil ég taka það fram, að það er enginn efi á því, að auka má tekjur ríkissjóðs án þess að hækka tolla, ef stuðlað er að blómlegra atvinnu- og viðskiptalífi, og get ég nefnt þar eitt dæmi, en það er viðtækjaverzlunin, en hana væri hægt að efla með því að kaupa viðtæki til landsins fyrir eitthvað af þeim fiski, sem hér liggur óseldur. En það tvísýnasta við afgreiðslu þessara fjárlaga er það, að þau eru öll byggð á sandi, því að sjávarútveginn, sem allt okkar atvinnulíf byggist á, skeyta fjárl. ekkert um. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki komið nærri því, sem tryggir að sjávarútvegurinn geti gengið. Og ég veit ekki, hve lengi hæstv. ríkisstj. ætlar að láta okkur sitja hér yfir afgreiðslu fjárlaga, sem byggð eru á kviksyndi, á meðan atvinnulífið er ekki á traustum grundvelli. Það er að vísu hægt að afgreiða fjárl. og senda síðan þingið heim, en sjávarútvegurinn fer ekki af stað eftir nýárið, og fjárl. eru þar af leiðandi aðeins pappírsblað. Það er sannarlega ekki að undra, þótt hv. þm. undrist slíka afgreiðslu. Það er að vísu virðingarvert af hæstv. fjmrh. og fjvn. að sjá svo til, að fjárl. væru afgreidd fyrir nýár, þar sem svo mjög hefur viljað bresta á slíkt á undanförnum árum, en hversu ánægjulegt sem þetta nú annars er, þá hefði hitt verið viðkunnanlegra, að með þeim hefði fylgt a. m. k. einhver grundvöllur, hvort sem hann hefði nú verið réttur eða rangur, sem hægt hefði verið að byggja á, en hann vantar algerlega, svo að ekki er undarlegt, þó að hv. þm. auglýsi eftir þessum grundvelli, því að hæstv. ríkisstj. hefur verið ákaflega þögul um hann. Menn höfðu búizt við einhverju slíku frá hennar hendi fyrir þessa umr., því að öllu síðar má það ekki vera, og því var ekki farið mjög geyst í að bera fram brtt. við þessa umr.

Ég er hér meðflm. að þremur brtt. á þskj. 274. Í fyrsta lagi er brtt. við 17. gr., svo hljóðandi: „Til atvinnuaukningar, gegn jafnmiklu framlagi frá bæjar- og sveitarfélögum 3500000". Það er ekki skemmtilegt að þurfa að taka slíkt aftur inn á fjárl., en þetta var fastur liður þar á árunum 1930—1940, en var afnumið á velgengnisárunum, og menn voru vonglaðir um, að strika mætti þetta út þaðan fyrir fullt og allt, en það eru engar líkur nú til, að hægt verði að komast hjá að hafa þennan lið á fjárl. til þess að reyna að tryggja að einhverju leyti, að nokkur hluti hins ónotaða vinnuafls verði hagnýttur. Þessar 3½ millj. kr., sem hér er lagt til að verði lagðar fram í þessu skyni, er að vísu lítil, en þó ofurlítil bót til að bæta úr sárustu neyðinni, sem sverfur að á ýmsum stöðum. Ég vil svo minna á það, að þótt þessar stóru fjárfestingaráætlanir, sem hæstv. fjmrh. hélt að mundu gleypa allt ónotað vinnuafl, taki allt ónotað vinnuafl í Reykjavík, Árnessýslu, Akureyri og Þingeyjarsýslu, sem ég efast þó um að verði, þá vil ég minna hæstv. fjmrh. og Framsfl. á það, að stundum er talað um dreifbýlið, og svo slæmt sem atvinnuástandið er nú í Reykjavík, þá er það margfalt verra í þorpum og kaupstöðum og meira að segja í sveitunum, þar sem vegavinna, sem bændur hafa unnið við sér til búbóta, hefur minnkað vegna afkastamikilla vinnuvéla, en framlög til slíks hafa ekki verið aukin að sama skapi og vélarnar hafa orðið stórvirkari. Ég álít því, að hæstv. fjmrh. og flokkur hans ættu ekki sízt að athuga þetta og eins aðrir þeir, er vilja sérstaklega hugsa um hag dreifbýlisins. — Þá er ætlazt til, að bæjar-

og sveitarsjóðir leggi fram jafnmikla upphæð á móti ríkisframlaginu.

Þá er önnur brtt. við 17. gr. 24, að við bætist *nýr liður*, 750 þús. kr. framlag til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis samkv. III. kafla l. nr. 44 7. maí 1946. Í samræmi við þessa brtt. flytjum við svo brtt. við 22. gr., að ríkissjóður taki að láni og láni svo bæjar- og sveitarfélögum þá upphæð, sem þau þurfa til að mæta sínum hluta af framkvæmd þessara l. í hlutfalli við framlag ríkissjóðs. Það þarf ekki að skýra þessa till. fyrir hv. þm., þeir muna eftir l. þeim, sem sett voru hér á Alþ. 1946 til að reyna að útrýma því versta og mest heilsuspillandi húsnæði, sem Íslendingar búa við. Síðar voru sett l. um það, að þessi l. kæmu ekki til framkvæmda, nema til þess væri varið fé á fjárl. Brtt. okkar fer því fram á, að varið verði ofurlítilli fjárupphæð í þessu skyni, og ég vil minna hæstv. ríkisstj. á það, að á sama tíma sem Íslendingar eru sviptir ávexti þessara laga og Íslendingum er bannað að byggja sér þak yfir höfuðið, þó að þeir hafi til þess fjármagn og vinnuafl, þá er undir handarjaðri hæstv. ríkisstj. byggður í landinu á ólöglegan hátt fjöldi góðra íbúða handa útlendum mönnum, sem án heimildar í l. eru gerðir rétthærri en Íslendingar. Ég á hér við hinar ólöglegu íbúðir, sem byggðar hafa verið á Keflavíkurflugvellinum. — Ég held því, að þessar till., sem ekki eru mjög stórvægilegar, en miða að hagnýtingu vinnuafls á hagnýtan hátt, eigi mikinn rétt á sér, bæði vegna þeirrar atvinnu, sem af þeim skapast, ef þær ná fram að ganga, og eins vegna húsnæðis þess, sem þær gera ráð fyrir að komið sé upp. Ég læt svo útrætt um þetta mál, en vænti, að háttv. þm. geti fylgt þessum till. við þessa 2. umr. fjárl.

Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samvinnunefnd samgöngumála gerir grein fyrir starfi sínu og undirbúningi að till. um flóabátastyrki og flutningastyrki á þskj. 281, og hún hefur í samræmi við það álit flutt brtt. við 13. gr. fjárl. um ákveðna styrkhæð í þessu skyni. Ég vil leyfa mér fyrir hönd n., sem er óklofin, að minnast á það, að hér á Alþ. hafa árlega verið uppi raddir um það, að nauðsynlegt og eðlilegt væri að draga úr fjárframlögum til flóabáta. Þessar ábendingar hafa verið byggðar á því, að með auknum strandferðum mætti spara ríkissjóði útgjöld til bátaferða á fjörðum og flóum. Ég skal ekki ræða nánar um möguleika þessa, en n. hefur á undanförnum árum gert tilraun til að færa þennan rekstur saman og draga með því úr útgjöldum ríkissjóðs, en þessar tilraunir hafa strandað í fyrsta lagi á mótmælum héraða þeirra, sem orðið hefðu fyrir þessari samanfærslu, og í öðru lagi á því, að þm. hinna einstöku byggðarlaga, sem þetta hefði snert, hafa beitt sér gegn þessu. Nú varð samkomulag um það innan samvn. að leggja til, að hæstv. ríkisstj. láti fyrir næsta reglulegt Alþ. fara fram athugun á því, hvernig þessum málum verður haganlegast og ódýrast komið fyrir, og athugað verði, hvernig leyst verði flutningaþörf þeirra héraða, sem erfiðast eiga í þessum efnum og styrkt hafa verið af fjárveitingavaldinu. Ég held, að ég mæli fyrir n. alla, þegar ég segi, að þar ríki mikill áhugi á, að fram fari rannsókn á þessum málum, því að það er ekki æskilegt eða heppilegt, að hér sé rætt um það ár eftir ár, að þessir styrkir séu óþarfir. Það er nauðsynlegt að fá fram, hvar þörf sé að breyta og hvar hægt sé að spara og hvar ekki sé hægt að fella niður. Ég vænti þess því, að hæstv. ríkisstj. verði við óskum, sem fram koma í nál. samvn., og láti rannsaka, hvernig þessu verði fyrir komið á heppilegastan og ódýrastan hátt. Rekstur flóabáta á þessu ári en nokkuð misjafn. Reksturinn hefur á sumum stöðum verið svo erfiður og dýr, að styrkurinn hefur engan veginn nægt og verulegur halli orðið á útgerðinni. Rekstur annarra báta hefur aftur á móti gengið allsæmilega. Samt sem áður hefur n. ekki séð sér fært að leggja til stórfelldar hækkanir, og er aðeins um að ræða smábreytingar frá síðasta ári, og mun ég koma að því síðar, og eins hve háar þessar upphæðir eru í heild.

Ég mun nú víkja að rekstri einstakra flóabáta. Þá eru það fyrst Breiðafjarðarsamgöngur. Þar voru ekki gerðar aðrar breytingar en þær, að niður var felldur 10 þús. kr. vélastyrkur, sem vélbáturinn Konráð, sem annast ferðir um norðanverðan Breiðafjörð, hafði á fjárl. þessa árs. Lækkunin nemur því 10 þús. á þeim lið. — Ísafjarðarsamgöngur hafa gengið mjög svipað og undanfarið. Rekstrarhallinn hefur verið mjög mikill eins og á undanförnum árum, en hann var rúml. 50 þús. kr. 1949 þrátt fyrir ríkisstyrkinn og 55 þús. kr. 1948, og vitað er, að hann mun ekki verða minni á yfirstandandi ári. Stjórn Djúpbátsins, sem annast þessar ferðir, hefur farið fram á verulega hækkun á styrk til þessara ferða og telur, að ella hljóti þær að stöðvast héraðinu til óbætanlegs tjóns. Nefndin sá sér ekki fært að verða við þessum óskum, né heldur að greiða upp halla á þessum ferðum á undanförnum árum, en vildi þó freista þess að ganga nokkuð á móti þessum óskum félagsins, svo að þessar nauðsynlegu samgöngur féllu ekki niður. Nefndin leggur því til, að styrkurinn til Djúpbátsins verði hækkaður um 10 þús. kr., svo að hann nemi nú 240 þús. kr. — Norðurlandssamgöngur virðast hafa gengið sæmilega á árinu. Verkefni Húnaflóa- og Strandabátanna hefur að vísu verið lítið, af sömu ástæðum og undanfarin ár, aflabresti á síldveiðum og erfiðleikum í verksmiðjuþorpunum á Ströndum. Eina breytingin, sem n. leggur til að gerð verði á styrkveitingum til Norðurlandsbátanna, er sú, að lækkað verði um 9 þús. kr. framlag til Flateyjarbáts á Skjálfanda, en hann fékk þá upphæð á þessu ári til vélakaupa. — Þá eru Austfjarðasamgöngur. Þar eru þær breytingar einar gerðar, að niður fellur 4 þús. kr. vélastyrkur til Mjóafjarðarbáts, en lagt er til, að Loðmundarfjarðarbáti verði veittur 10 þús. kr. styrkur til vélakaupa á þessu ári. — Þá vil ég minnast á Suðurlandsskipið, sem raunar er ekkert fljótandi far, heldur hefur Alþ. um langt skeið veitt Vestur-Skaftafellssýslu nokkurn styrk til vöruflutninga á hinni löngu og erfiðu flutningaleið til þess héraðs. Styrkur þessi hefur verið 60 þús. kr. um nokkurt skeið, en nemur 80 þús. kr. á yfirstandandi ári. Nú lágu fyrir n. tilmæli frá sýslunefnd héraðsins og þm. að hækka þennan styrk verulega, eða í 150 þús. kr., þar sem flutningskostnaður hafi hækkað mjög mikið, og enn fremur voru ítrekuð þau upphaflegu rök fyrir þessu, að flest önnur héruð njóti strandferða og stuðnings ríkisins til þeirra,

og á þessum forsendum taldi sýslunefnd og þm. kjördæmisins að hækka bæri þennan styrk allverulega. N. taldi sér þó ekki fært að mæla með svo mikilli hækkun, þó að hún hins vegar viðurkenni sérstöðu og erfiðleika V.-Skaftfellinga á þessu sviði, en hún vildi ganga nokkuð til móts við óskir þeirra og lagði því til, að styrkurinn til Suðurlandsskipsins skyldi hækka um 20 þús. kr., eða í 100 þús. kr. — Ég sé svo ekki ástæðu til að rekja nánar till. n. um styrki til einstakra báta. Till. eru að mestu óbreyttar frá síðustu fjárl., og áætlar n. styrkupphæð í þessu skyni nú 975 þús. kr., eða 17 þús. kr. hærri en var á síðustu fjárl., en þá námu styrkir þessir 958 þús. kr.

Ég vil geta þess í þessu sambandi, að síðastliðin ár hafa útgjöld ríkissjóðs vegna þessarar nauðsynlegu þjónustu, sem flóabátarnir veita fjölmörgum byggðarlögum víðs vegar um land, sáralítið hækkað. En á sama tíma hafa útgjöld ríkisins hækkað hröðum skrefum og fjárl. ríkisins hækkað um meira en 100 millj. kr. En þrátt fyrir þetta hefur verið reynt á ári hverju af samvn. samgm. og fjárveitingavaldinu að tryggja þennan nauðsynlega rekstur. Þó er því svo komið nú, að hæpið er, að einstakir bátar geti staðizt hinn aukna kostnað þrátt fyrir ríkissjóðsstyrkinn. Nefndin væntir þess þó, að reksturinn takist sæmilega á næsta ári og geti gegnt hlutverki sínu í þágu héraða, sem hafa við erfiðar samgöngur að búa.

Ég vil svo ítreka það, sem ég sagði í upphafi, að n. er það mikið áhugamál, að rannsókn fari fram á þessum málum, svo að álitsgerð um framtíðarlausn þessara mála geti legið fyrir næsta reglulegu Alþ.

Þá vildi ég leyfa mér að fara örfáum orðum um brtt., sem ég hef flutt ásamt hv. 6. landsk. á þskj. 280; hún er við 13. gr. og á þá leið, að upp verði tekinn nýr liður og veittar verði 300 þús. kr. til brúargerðar á Selá á Langadalsströnd. Hv. fjvn. hafði málið til meðferðar, og var það rætt þar. En þetta vatnsfall er eitt hið versta á Vestfjörðum, og svo hagar til, að við borð liggur, að myndarleg býli leggist í auðn, ef hún fæst ekki brúuð innan tíðar.

Þá er á sama þskj. önnur tillaga, sem við erum flm. að, og er hún nýr liður og fjallar um 20 þús. kr. styrk til bryggjugerðar á Sæbóli í Aðalvík. Sléttuhreppur hefur orðið hart úti á undanförnum árum, en þó standa vonir til, að byggðin haldist, ef aðstaðan fæst bætt fyrir þá smábátaútgerð, sem þar er stunduð. Og þess ber að geta, að til hafnargerðar á þessum stað hafa verið veittar 20 þús. kr., sem geymdar eru í sjóði.

Þá eru tvær brtt., VII. liður á sama þskj., sem við erum einnig flm. að. Er hin fyrri um heimild til ríkisstj. til að verja 100 þús. kr. til viðgerðar á brimbrjótnum í Bolungavík. En eins og menn muna, þá var hafizt handa um framlengingu á honum 1946, og þau ósköp skeðu þá síðla haustsins, að mjög mikill hluti þessa mannvirkis hrundi, af ástæðum, sem héraðsmönnum og þeim, sem fyrir verkinu stóðu, voru með öllu ósjálfráðar. Þetta sérstaka tjón er raunar viðurkennt að beri að bæta, og hefur nokkurt fé verið veitt til þess nú þegar, enda hefur fjárveitingavaldið talið sér skylt að hlaupa undir bagga, þar sem svipað hefur staðið á. Fátæk byggðarlög eru þess engan veginn megnug að standa undir slíku tjóni. Ég vil af þessum ástæðum leyfa mér að vænta þess, að till. verði samþ., og þótt fjvn. hafi ekki tekið þetta upp í brtt. sínar, þá veit ég að hún skilur, hver nauðsyn hér er á. — Þá er í b-lið brtt. lagt til, að hlutatryggingasjóði sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík verði veittar 30 þús. kr. vegna starfsemi sjóðsins á árunum 1939—1944. Þessi sjóður hefur starfað allt frá árinu 1939 og til þessa dags, en lögin um hann falla nú úr gildi við gildistöku hinna almennu l. um hlutatryggingar. Fjárveitingavaldið hefur greitt framlag til sjóðsins á árunum 1944—50 samkvæmt heimildarlögunum um hlutatryggingarsjóði frá 1944, á móti framlögum sjómanna og útgerðarmanna á staðnum. En hér er farið fram á, að ríkissjóður greiði einnig framlag til sjóðsins fyrir tímabilið áður en l. tóku gildi 1945. Síðan sjóðurinn tók til starfa, hafa sjómenn og útgerðarmenn greitt af óskiptum afla 2% í þessu skyni, og á tímabilinu frá 1939—45 án mótframlags. Hér er því um mikið sanngirnismál að ræða. Bolvíkingar brutu hér ísinn í merkilegu máli og urðu áratug á undan öðrum að koma á hjá sér þessari skipan í tryggingamálum útvegsins. Þetta tiltölulega litla sjávarþorp ruddi þannig brautina og ætti að njóta þess, en ekki gjalda. Og fyrst Alþingi gekk inn á þá braut, sem sjálfsagt og eðlilegt var, að greiða mótframlag á fyrrnefndu tímabili, þá þykir sanngjarnt, að þessar 30 þús. kr. verði einnig greiddar. Ég treysti því, að Alþ. meti það merkilega starf, sem hér hefur verið unnið, og veiti till. okkar brautargengi.

Ég sé svo ekki ástæðu til að lengja mál mitt; ég hef gert grein fyrir mínum brtt., öðrum en þeirri, sem ég stend að og er V. liður á sama þskj., en þar eru margir flm. Þessi liður fjallar um fjárveitingu til sinfóníuhljómsveitar, og fyrir henni mun hv. 1. flm. gera grein.

Ég vil svo leyfa mér að þakka hv. fjvn. hennar góðu undirtektir við málefni míns héraðs, enda þótt margs sé að sakna í till. hennar og mörg séu verkefnin óleyst, sem maður vildi að komizt hefðu frá. En það er nú hlutskipti þm. yfirleitt, ekki sízt úr þeim kjördæmum, þar sem margt kallar að, að verða að horfa upp á það, að hlutirnir gangi seint og framkvæmdir svo að segja sniglist áfram. Þá miðar samt í rétta átt; og ég efast ekki um, að hv. fjvn. skilur, að það er rík nauðsyn, sem rekur á eftir um brtt. einstakra þm., enda þótt þær hafi ekki hlotið náð fyrir hennar augum.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja tvær smávægilegar brtt. á þskj. 274. Hin fyrri, sem er IV. liður á þessu þskj., er um að hækka framlagið til Skagastrandarhafnar úr 150 þús. kr. í 220 þús. kr., og er þá miðað við, að fjárveitingin sé hækkuð til samræmis við veitingar til hafna í sama flokki. Í raun og veru hefði þessi höfn þurft meira fé en þetta, einkum til að létta af áföllnum skuldum á þessu ári. Mér hefur skilizt af viðtölum við menn úr n., að þeir hafi fært framlag til hafnarinnar niður vegna þess, að hún hafi lent í greiðsluþrotum og ríkissjóður orðið að hlaupa þar undir bagga. En orsakirnar til þessa eru einkum tvær. Önnur er sú, hin almenna, að framkvæmdir hafa orðið mjög óhagstæðar, þar sem unnið hefur verið með smáum fjárframlögum, smátt og smátt, og því ekki orðið neitt viðlíka tekjur af mannvirkinu eins og raun hefði orðið á, ef verkið hefði verið unnið í einni til tveimur lotum. Hin orsökin er svo

sú, að allan tímann síðan síldarverksmiðjan var byggð á Skagaströnd, hefur verið aflabrestur; en það skilja allir, sem með slíku hafa fylgzt, hvaða afleiðingar það hefur haft fyrir afkomu hafnarinnar. Ég leyfi mér því að vænta þess, þar sem hér er aðeins farið fram á smáa hækkun á fjárveitingu til mikils mannvirkis, að þessi till. megi ná fram að ganga.

Þá er hin brtt., sem er nr. VI á sama þskj. og fjallar um 30 þús. kr. styrk til fyrirhleðslu til verndar Saurbæ í Vatnsdal. Þessi jörð hefur lengi verið í eigu ríkisins, og fyrir ágang Vatnsdalsár er svo komið, að jörðin er orðin engjalaus og áin farin að brjóta af túninu. Er fyrirhleðsla því mjög aðkallandi. Áætlað er, að hún muni kosta 70—80 þús. kr. Nú er það svo, að þegar slíkar jarðir eru í eigu ríkisins, þá verður það annaðhvort að gera: að leggja fram fé til að bjarga því, sem bjargað verður, eða þá að selja jörðina fyrir það litla fé, sem unnt kynni að vera að fá fyrir hana. Hér er fram á það eitt farið, að bjargað verði verðmæti, sem ríkið á sjálft; en til slíkra framkvæmda hefur hinn tiltölulega fátæki bóndi, er jörðina situr, ekki það fjármagn, sem nauðsynlegt er.

Ég mun svo ekki lengja þetta mál mitt eða fara út í almennar umræður um fjármálaástandið að þessu sinni.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram nokkrar brtt. á þskj. 274 við fjárlfrv. og brtt. hv. fjvn. Er hin fyrsta þeirra undir tölulið I, við 13. gr., Skógarstrandarveg í Dalasýslu. — Aftan við liðinn bætist: Unnið verði fyrir framlagið á utanverðri Skógarströnd. — Svo er mál með vexti, að í fjárl. yfirstandandi árs var tekin upp sú nýbreytni, að af 80 þús. kr. fjárveitingu til Skógarstrandarvegar var ákveðið að unnið skyldi fyrir 30 þús. kr. í Hörðudal. Mæltist þetta mjög illa fyrir meðal bænda á Skógarströnd utanverðri, sem eiga við mikla örðugleika að stríða vegna einangrunar. Á þskj. 252, sem er brtt. meiri hl. fjvn. við frv., eru enn gerðar till. um, að unnið verði á næsta ári fyrir 35 þús. kr. í Skógarstrandarvegi í Dalasýslu. Nú vil ég á engan hátt standa í vegi fyrir vegagerð í Dalasýslu. En þegar um það er að ræða að leysa vandræði bænda á Skógarströnd, þá ríður mest á, að unnið sé fyrir framlagið á utanverðri Skógarströnd, svo að hún geti komizt sem fyrst í vegasamband við Stykkishólm. Því hef ég leyft mér að flytja um þetta þá brtt., er ég hef frá skýrt. Hér er um sanngirnismál að ræða, sem ég vona að menn geti fallizt á.

Þá flyt ég í öðru lagi brtt., sem er III. tölul. á sama þskj. — Fyrir 500 þús. kr. til Rifshafnar á Snæfellsnesi komi 700 þús. Á 13. gr. fjárlfrv. er tekið fram, að varið skuli 700 þús. kr. til Rifshafnar, þó að hv. fjvn. hafi gert till. um 500 þús.; og í þeirri von, að meiri hluti þings fáist fyrir því, þá hef ég leyft mér að bera fram þessa brtt. við till. n., að í stað 500 þús. komi 700 þús. — Hv. fjvn. sýndi Snæfellsnessýslu þann heiður að takast þangað ferð á hendur á s. l. vori til þess að skoða hafnarstæðið við Rifsós. Ég átti þess kost að taka þátt í þeirri för, og mér var það gleðiefni, að nm. virtust á einu máli um það, að hafnarskilyrði væru þarna ein hin beztu, er þeir hefðu séð, og væri þarna tilvalinn staður fyrir landshöfn. Vitamálastjóri var einnig með í þessari ferð, og lýsti hann yfir því áliti sínu, að nauðsynlegt væri að gera sem fyrst örugga höfn á þessum ágæta stað, enda er það aðkallandi hagsmunamál fyrir nærliggjandi byggðarlög, svo slæm sem hafnarskilyrði eru t. d. á Sandi. — Vegna alls þessa varð ég dálítið vonsvikinn, þegar ég sá, að hv. fjvn. hafði lagt til, að lækkað væri það tillag, sem fjmrh. hafði gert ráð fyrir.

Þá er 3. brtt. mín á þskj. 274, V. töluliður, á þá lund, að framlag til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi verði hækkað úr 4500 kr. í frv. í 13 þús. kr. Ég hef reynt að sýna hv. fjvn. fram á það, að sanngjarnt mætti teljast að hækka þetta svo til samræmis við slíka fjárveitingu til þriggja annarra bókasafna. Rétt til útlána úr þessu safni eiga alls fjórar sýslur, en því er þó að mestu haldið uppi með framlögum aðeins tveggja sýslna af fjórum, sem rétt eiga til útlánanna. Það mælir því öll sanngirni með því, að framlag ríkisins til safnsins sé hækkað svo sem ráð er fyrir gert í till. minni.

Þá hef ég í fjórða lagi gert till. um það á sama þskj., undir tölulið VIII, að í stað 150 þús. króna framlags á 17. gr. til vatnsveitna komi 200 þús. kr., eins og veitt var til þeirra á yfirstandandi ári. Sé ég ekki ástæðu til, að það sé lækkað, þar sem mér er kunnugt um, að aldrei hefur verið meiri þörf en verða mun á næsta ári fyrir stuðning ríkisins við ýmis hreppsfélög vegna þessara mjög kostnaðarsömu mannvirkja. Ég vil því eindregið mælast til, að þetta framlag verði hækkað, svo að það verði ekki minna en á þessu ári.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um till. mínar, en leyfi mér að vænta þess, að hv. Alþ. ljái þeim liðsinni.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég er flm. að tveimur brtt. á þskj. 280, tölul. V og VI. Vil ég leyfa mér að vekja fyrst athygli á till. undir tölul. VI, þar sem farið er fram á, að Guðmundi Jónssyni söngvara verði veittur 6000 kr. styrkur til söngnáms. — Hér er um að ræða einn okkar glæsilegasta og vinsælasta söngvara, og að þessu sinni hyggur hann á framhaldsnám í Bretlandi. En hann fór fyrst utan 1943 til náms í Bandaríkjunum, varð síðan að hætta þar námi um stund, en dvaldist síðar 2 ár við söngnám í Svíþjóð, en hefur svo orðið að hverfa heim vegna fjárskorts. Þessi ungi og glæsilegi söngvari hefur aldrei fengið eyrisvirði í námsstyrkjum af opinberu fé. Hann hefur tvisvar sótt um slíkan styrk, en ekki fengið áheyrn. Því hefur námsferill hans orðið slitróttari en skyldi. Mörgum öðrum ungum söngvurum hafa verið veittir slíkir styrkir, bæði af Alþingi og menntamálaráði. Og ég leyfi mér því að vænta, að þessu sanngirnismáli verði vel tekið.

Þá er ég flm. að annarri till. á sama þskj. ásamt 7 þm. öðrum; hún er V. tölul. á þskj. og fjallar um það, að veittur verði á fjárl. nýr liður, 200 þús. kr., til sinfóníuhljómsveitar Íslands, enda náist samkomulag um framlag frá bæjarstjórn Reykjavíkur, ríkisútvarpinu og þjóðleikhúsinu. Hljómsveit þessi var stofnuð í fyrra af unnendum tónlistarinnar og með stuðningi ríkisútvarpsins og bæjarstjórnar Reykjavíkur. Þeir, sem gengust fyrir stofnun þessarar hljómsveitar, skildu, að tónlistin er bæði göfgandi og þroskandi og að það væri nauðsynlegt að skapa hér skilyrði til að flytja verk hinna miklu

meistara. Ég vil benda hér á, að það er óhugsandi að reka þjóðleikhús án stórrar hljómsveitar, enn fremur, að heimsókn sænsku óperunnar á síðastliðnu vori var óhugsandi án þessarar íslenzku hljómsveitar, og þannig mun það verða, að slík verk verður ekki hægt að flytja í okkar þjóðleikhúsi, nema sinfoníuhljómsveit verði starfandi. Nú hefur reynslan sýnt, að við Íslendingar eigum góðan efnivið í slíka hljómsveit, þar sem eru hinir mörgu og efnilegu listamenn okkar, og framfarir hljómsveitarinnar hafa verið glæsilegar þann stutta tíma, sem hún hefur starfað. Við höfum heyrt dóma erlendra hljómlistarmanna, sem hafa starfað með hljómsveitinni. Ég get þar sænska hljómsveitarstjórans, sem hér dvaldi og fór mjög lofsamlegum orðum um hljómsveitina, og enn fremur hins finnska hljómsveitarstjóra, Jussi Jallas, er hafði einnig lofsyrði um hljómsveitina að segja, og töldu báðir árangur hennar aðdáunarverðan. Það má líka geta þess, að kona Jussi Jallas, sem er dóttir hins heimsfræga tónskálds Sibeliusar, hafði þau orð um eitt þeirra verka, sem hljómsveitin lék eftir föður hennar, að hún hefði aldrei heyrt það jafnvel leikið. Ég nefni þetta hér aðeins af því, að sumir virðast draga í efa, að við eigum nægilegan efnivið í sinfóníuhljómsveit, en dómur sá, sem ég hef nefnt, er ekki aðeins innlendra manna, heldur og erlendra. Nú má vera, að sumum þyki gáleysislegt að flytja till. sem þessa nú, er allt skal spara og draga saman. Ég skal sízt verða til að lasta sparnaðinn, en við verðum að gera okkur grein fyrir því, að því fylgir mikill kostnaður að vera sjálfstæð menningarþjóð. Háskólinn kostar mikið fé og yfirleitt öll menntasetrin. Í þessu fjárlfrv. er fyrirhugað að verja 39 millj. kr. til skólamála. Hér er um að ræða einn þátt í þessum málum, og þótt sumum kunni að vaxa í augum þessar 200 þús. kr., sem hér er farið fram á, þá eru þær hverfandi í samanburði við fyrrnefnda upphæð. Nú er hugsað, að fjórir aðilar standi á bak við hljómsveitina og kosti hana: ríkissjóður, ríkisútvarpið, þjóðleikhúsið og bæjarstjórn Reykjavíkur. Bæjarstjórnin samþykkti 150 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni, og við næstu afgreiðslu munu veittar 200 þús. kr. úr bæjarsjóði. Hins vegar er gert ráð fyrir, að bæjarstjórn og ríkissjóður komi sér saman um framlag jafnhliða. En ef einhver þessara aðila kippir að sér hendinni, þá hlýtur það að verða til þess, að hljómsveitin lognast út af, og við, sem flytjum þessa brtt., höfum sett það skilyrði fyrir framkvæmd hennar, að samkomulag náist við þessa aðila. Ég vænti þess svo, að till. fái góðar undirtektir hér hjá hv. þm. Hér er á ferðinni mikið menningarmál, og eins og ég gat um áðan, þá er varla hugsanlegt, að þjóðleikhúsið geti starfað án hljómsveitarinnar, en líf hennar veltur á undirtektum þessarar till. hér.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég flyt á þskj. 291 tvær brtt., aðra við frv. sjálft, við 12. gr., að á eftir 10. lið komi: Til byggingar sjúkrahúss á Siglufirði 200 þús. kr. Þetta er mikið nauðsynjamál, sem Siglufjarðarkaupstaður hefur lengi haft á döfinni og hefur unnið að undirbúningi á eftir fjárhagsástæðum, og því er ekki farið fram á hærri upphæð en hér um ræðir. Allir, sem þekkja nokkuð til þessa máls, vita, að mikil þörf er á nýju sjúkrahúsi á Siglufirði. Það gamla er nú orðið röskra 20 ára og óhentugt að mörgu leyti, en engin tök á að stækka það. Nýtt sjúkrahús á Siglufirði er mjög aðkallandi, ekki einungis fyrir bæjarmenn, heldur og fyrir aðkomufólk, sjómenn og verkamenn, og hafa oft skapazt hin mestu vandræði við að koma þessu fólki fyrir í þessu litla sjúkrahúsi. Ég vænti þess, að hv. þm. sýni þessu máli fullan skilning og ljái því atkvæði sitt.

Í öðru lagi er brtt. um, að framlag til Siglufjarðarhafnar verði 220 þús. kr. í stað 100 þús. kr., sem brtt. á þskj. 252 segir til um. Þegar litið er yfir þær till., sem eru um framlög til hafnarmannvirkja, þá kemur í ljós, að hafnirnar á Akranesi, Akureyri, Hafnarfirði og Patreksfirði eru allar settar með 220 þús. kr. framlag. Ég tel, að svipað standi á um Siglufjörð og þessa staði og ekki rétt, að hann gangi með skertan hlut frá borði. Það er nú svo komið, að mikill hluti hafnarinnar er lítt nothæfur, og menn óar við að byggja upp þá gömlu. Það liggja fyrir áætlanir frá verkfræðingi, sem fjalla um það að koma betra skipulagi á athafnasvæði handa skipunum. Það er meiningin að byggja stuttar bryggjur, sem yrðu hentugri og praktískari en þær löngu, sem eru mjög til erfiðis vegna þess, hve uppskipun gengur þar seint og vinna í landi er erfið. Þetta er mikið nauðsynjamál, og virðist sanngjarnt, að Siglufjörður sitji við sama borð og þeir staðir, sem ég nefndi áðan, og fái þá hækkun, sem farið er fram á í brtt. Ég vænti þess svo, að þm. taki þessu máli með skilningi og veiti till. fylgi sitt.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara hér út í almennar umræður um fjárlögin, en ég hef leyft mér að flytja tvær brtt., á þskj. 280 og 291. Sú fyrri er þess efnis, að það er ungur námsmaður við dýralækninganám í Sviþjóð og er að ljúka námi, en er í mikilli fjárþröng. Á þessa árs fjárlögum voru honum veittar 5 þús. kr., og mælist hann til þess, að Alþ. geri það aftur nú. — Ég ætlaði ekki að flytja fleiri brtt., en þegar átti að fara að seilast svo gott sem í minn eigin vasa, þá gat ég ekki látið þar við sitja. Ég vil byrja á því að upplýsa fyrir hv. þdm., hvað það er, sem kallað er Skógarstrandarvegur, því að ætla mætti, að hann næði aðeins yfir Skógarströndina í Snæfellsnessýslu. En hann nær meira en yfir Skógarströndina sjálfa, því að hann nær svo gott sem yfir 2 hreppa í Dalasýslu, Hörðudal og Miðdali, og í Snæfellsnessýslu áfram út Skógarströnd alla leið til Stykkishólms. Venjan hefur verið sú að veita í einu lagi ákveðna upphæð til Skógarstrandarvegar, en flest árin hefur fé verið notað í Snæfellsnessýslu og ekki nema lítill hluti þess eða enginn í Dalasýslu. En í fjárlögum í fyrra var þó fénu skipt og kveðið svo á, að 35 þús. kr. skyldu notaðar í Dalasýslu. En nú sýnist mér, að framlag í Snæfellsnessýslu sé aukið um 25 þús. kr., en það er víst ekki nóg, því að hv. þm. Snæf. vill nú einnig fá þessar 35 þús. kr., sem ætlaðar eru í Dalasýslu, í viðbót. Virðist till. þessi mjög einkennileg, þar sem fénu var skipt í fyrra einmitt til að fyrirbyggja það, að fé yrði notað allt í annarri sýslunni. Ef tekið er saman það, sem ætlað er til umbóta í þessum tveim sýslum nú, þá kemur í ljós, að 1 millj. og 265 þús. kr. fara í Snæ-

fellsnessýslu, en ekki nema ⅓ af þeirri upphæð til Dalasýslu, eða rúm 400 þús. kr. Það sér því hver maður, hve það er óréttmætt að seilast í þessar 35 þús. kr. frá Dölum til viðbótar. Hv. þm. Snæf. kallaði þetta sanngjarna kröfu. Ég vil segja, að mér þykir sú sanngirni einkennileg, og ég vona, að þingheimur líti einnig svo á. Það hefur lengi verið áhugamál Dalamanna að fá veg yfir Heydal, lagðan úr Hnappadal og niður á Skógarströnd í Snæfellsnessýslu. En til þess, að þessi vegur geti komizt á, þá þarf að hraða veginum að fjallgarðinum, og hygg ég, að sá vegur verði ekki síður í þágu Snæfellsnesbúa, og því rétt að nota féð á innanverðri Skógarströnd. Og það má einnig geta þess, að Skógarströnd hefur farið svo varhluta í þessum efnum, að svo gott sem annar hver bær þar er nú kominn í eyði, og er þar þó blómlegt sauðfjárland. — Ég ætlaði ekki í fyrstu að flytja þessa brtt., en ber hana fram til þess að mótmæla brtt. hv. þm. Snæf. og sýna fram á, hve hann fer þar með ósanngjarnt mál. Og eitt er víst, að Skógstrendingar líta ekki eins á málið og hann, því að mikill hluti þeirra verzlar við Búðardal, og því mikill léttir fyrir þá, ef vegurinn á innanverðri ströndinni yrði bættur. Það er til að bæta úr fyrir Suður-Dalamönnum og Skógstrendingum, að ég ber þessa till. fram, þar sem ég fer fram á, að í Hörðudal og á innanverðri Skógarströnd verði unnið fyrir því, sem ætlað var á utanverða ströndina. Ég ræði þetta svo ekki meir, en vænti þess, að þm. sýni þessu máli skilning.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Áður en ég fer að svara hér einstökum þingmönnum, vil ég leyfa mér að taka fram, að á þskj. 274 ber fjvn. fram brtt. við brtt. á þskj. 252, 13. brtt. við 13. gr., þess efnis, að í stað „Víðidalsá í Miðfirði" komi: Víðidalsá nálægt Víðidalstungu, — og er raunar um leiðréttingu að ræða. Aðrar brtt. hefur fjvn. ekki borið fram við þessar till., en hún mun að sjálfsögðu ræða þær till., sem hér hafa komið fram, og þá í samráði við ráðherra. Hæstv. ráðh. minntist á fjárfestingarmál, og það er rétt, sem hann sagði, að fjárfestingin má ekki verða of mikil í landinu. En fjárfestingin getur verið með tvennu móti, og ég hef víst aðra skoðun á fjárfestingarmálunum en hæstv. ráðh. og ríkisstj., ekki aðeins í ár, heldur og undanfarin ár. Ég tel, að skaðlegasta fjárfestingin sé það, er launin eru hækkuð, eins og átti sér stað á síðasta þingi. Með því móti voru sett í gang yfir 20 millj. kr. til að torvelda, að hægt yrði að koma viðskiptunum í sæmilegt horf og koma í veg fyrir svartamarkaðsbrask. En meiri hluti hv. Alþingis hefur ekki viljað fallast á skoðun mína í fjárfestingarmálunum, en bjargað öllu með því að kalla það verklegar framkvæmdir. Ég vil leyfa mér að benda á í þessu sambandi, að það er ekki hægt fyrir hv. Alþ. eða hæstv. ríkisstj. að ákveða það alveg út í bláinn, að 130 millj. skuli fara í ákveðna fjárfestingu, eins og gert var við framlag til raforkumannvirkja, án þess að gera ráðstafanir til þess að dreifa fénu réttlátlega, svo að þau héruð, sem ekki njóta nú þessara gæða lífsins, verði ekki út undan. Það, sem veldur erfiðleikunum, er það, að það er tekið yfir 70 millj. til framkvæmdanna við Sogið. Nú er bæði Reykjavík, Rangárvalla- og Árnessýsla, Reykjanesskaginn og Hafnarfjörður, sem njóta þessa fjár, en þegar átti að taka eitthvað af þessu fjárframlagi þessara héraða til annarra staða, þá mátti ekki snerta við því. Það var talið sjálfsagt, að ríkissjóður bannaði að skera niður öll framlög til þessara staða, og öllum kröfum til Árnessýslu og Rangárvallasýslu haldið. Sama er að segja um Krýsuvíkurveg og Akranes, og öll þessi héruð vilja ekki gefa eftir af annarri fjárfestingu. Það er ekki furða, þótt Vestfirðir og Austurland hafi þurft að sækja hart á, og þeir skulu vita það, sem flytja mál þessara héraða hér á hv. Alþ., að það skal verða tekið hart á móti, ef þeir ætla að halda fram kröfum þessara héraða framvegis, því að það er engin sanngirni að láta sum héruð verða svo mjög út undan hvað þetta snertir. Nú má segja, að það hefði verið hægt að þola þetta, ef þessu fé hefði verið varið til aukningar útflutningnum úr landinu og til hjálpar þjóðinni í heild. En það er síður en að svo sé, heldur torveldar það miklu fremur að ná þessum atriðum. Hæstv. ráðh. spurði, hvort rétt væri að draga úr framkvæmdum hins opinbera, meðan bóndanum væri neitað um að byggja sér súrheysgryfju eða reisa peningshús. Ég hefði haldið, að það þyrfti að taka það sterkum tökum, hve mikið kaupgjaldið yrði við þessar framkvæmdir og hvort þær gætu þá ekki dregið úr öðrum framkvæmdum. Ég hygg, að ofan á allt ranglæti, þá skapist með því kapphlaup á milli atvinnuvega þjóðarinnar að ná fólki til sín. Það átti að vera skilyrði, að launin yrðu aldrei svo mikil, að það væri tekið frá útflutningsverðmætinu, og auk þess þurfti að gæta þess, að embættismannalaunin hækkuðu ekki eins og gert var, en um það er rætt svo mikið áður.

Það gleður mig, sem hæstv. ráðh. sagði, að hann byggist við, að 4 millj. spöruðust með ráðstöfunum, sem hann telur að ríkisstj. sé að gera í sambandi við sparnað í ríkisrekstrinum. Ég skal ekki deila um það hér, en það gleður mig, ef það er rétt, en ekki get ég annað en brosað, þegar hæstv. ráðh. talaði um póstferðirnar, að þær spöruðu svo og svo mikið fé, því að það er undirbúið af fyrrverandi ríkisstj. og er eitt af þeim ágætu verkum, sem hún gerði í sambandi við opinberan rekstur. Það var margsinnis búið að benda þeirri ríkisstj., sem áður sat og þessi hæstv. ráðh. átti sæti í, á það, að það væri óþolandi að nota orlofsféð til að standa undir þessum rekstri, en það var eins og að klappa á stein, og á þessu fékkst ekki leiðrétting fyrr en sjálfstæðismenn fóru einir með völd.

Ég skal ekki ræða í þetta skipti um tekjurnar, — ég minntist á það í dag, — en ég vænti þess að fá tækifæri til þess að ræða það við hæstv. ríkisstj. fyrir 3. umr., og skal ég ekki eyða tíma í það nú. En hæstv. ráðh. segir, að þetta sé framhald af þeirri stefnu, sem hafi komið þjóðinni fjárhagslega á glapstigu. Ég veit ekki, hvað hann á við. Ég skal segja hæstv. ráðh., hvað kom ríkissjóði á glapstigu, hvað kom ríkissjóði inn á þessa braut að láta 25 millj. í embættishítina, en það er það, sem gróf undan fjármálaástandinu í landinu á þessum árum. Hæstv. ráðh. er að sjá, að sú stefna var röng, hann var mér fylgjandi svo lengi sem hann gat í því máli, þótt hann því miður mæti meira að setjast í sæti fjmrh. heldur en að standa á sannfæringu sinni. Ég stóð og stend á henni, en

það er komið í ljós, að mesta fjárhagslega glapræðið, sem þingið hefur gert, er sú samþykkt, sem gerð var á þinginu um það atriði.

Svo ætla ég ekki að ræða meira við hæstv. ráðh. út af því, sem hann sagði, það er ágæt samvinna milli okkar í sambandi við fjárl., þó að þessi átök séu hér í nótt.

Ég vildi þá aðeins segja nokkur orð við hv. samvn. samgöngumála. Mér þykir leitt, að hv. frsm. n., þm. N-Ísf., er ekki viðstaddur við þetta hátíðlega tækifæri til að standa fyrir máli sínu. Ég verð því að biðja hæstv. forseta að skila því til hv. frsm., að ég óski eftir því, að hann taki aftur þessa till. sína til 3. umr., og er það af þeim ástæðum, sem nú skal greina. Í fyrsta lagi var ekkert rætt um þetta við fjvn., og út af fyrir sig er það kannske ekki nauðsynlegt, því að samvn. hefur óskorað vald til að gera sínar till., hins vegar hefði ég ekki talið óeðlilegt, þegar búið er að marka þá stefnu að reyna að skila greiðsluhallalausum fjárl., að ekki væri kastað inn till. um 225 þús. kr. hækkun nema ræða við fjvn., úr því að ekki er séð fyrir tekjum á móti. Ég veit ekki, hvort þetta hefur verið rætt við ráðh., en hann hefur þá heldur ekki minnzt á það við fjvn. Svo er ýmislegt annað í sambandi við þetta, sem ég vildi ræða við n. Ég vil m. a. benda á, að á fyrsta lið er orðið um hallarekstur að ræða, 240 þús. kr.; þetta er að verða athugavert atriði, og annar bátur, Norðurlandsbátur, er með 220 þús. kr. rekstrarstyrk. Nú er það þannig, eftir því sem upplýst er hér í þessu skjali, að Djúpbáturinn fer svo og svo mikið á sömu staði og Herðubreið og Skjaldbreið, og er það til þess að torvelda afkomu þessara skipa, því að ekki getur hann verið að fara á sömu hafnir nema til að flytja vörur, sem annars væri hægt að flytja með öðrum skipum. Það sama er að segja um Norðurlandsbátinn, og svo er um fleiri staði. Sannleikurinn er sá, að það væri alveg rétt að láta þessa báta falla niður, þegar ekki eru einungis komnir aðrir strandferðabátar, heldur þegar hægt er að teygja vegina út um allt land. En í staðinn fyrir það er farið inn á það að koma heilum skipum upp á vegina, eins og er með Suðurlandsskip, og aukinn styrkurinn eftir því sem vegirnir teygjast. Suðurlandsskip er hækkað upp í 100 þús. kr. Það sama er að segja um bátinn, sem fer milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar. Það er alveg meiningarlaust að kasta fé í það, þegar farið er kosta ferðir með flugvélum hvern dag frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur. Ég hefði því óskað eftir því, að fyrir lægju meiri upplýsingar um þetta mál, um flutningsþörfina á fólki og vörum milli þessara staða, og hvort ekki væri hægt að gera það ódýrara en ætlazt er til nú. Það hefði verið hægt að setja í þetta n., líka hefði ríkisstj. getað látið Ríkisskip athuga þetta, og ég sé ekki, að þær till. hafi komið fram frá forstjóra Skipaútgerðarinnar, sem gefi tilefni til að hækka þetta um 200 þús. kr. Vil ég biðja hæstv. forseta að bera þá kveðju til hv. frsm., að hann taki þessa till. aftur til 3. umr.

Þá vildi ég mega snúa mér að hv. 6. landsk. þm., 1. minni hl. fjvn. Hann byrjaði sína ræðu með því að skýra frá því, að vegna þess, hversu seint hafi verið afgr. fjárl. undanfarin ár, þá hafi ríkisstj. fengið tækifæri til þess að eyða tugum milljóna umfram greiðslur á fjárl., sem síðan voru teknar upp á aukafjárl. Þetta er misskilningur, því þó að það verði ekki varið að vera að draga afgreiðslu fjárl. langt fram á fjárhagsárið, þá ber ekki að gleyma því, að í hvert skipti hefur Alþ. samþ. l. um það, að það skyldi greitt eftir fjárl. eða samkvæmt nauðsynlegum greiðslum samkvæmt fjárl. þess árs, sem á undan var. Þannig hefur alltaf verið gengið frá því þann tíma, sem ég hef verið á Alþ., svo að það er misskilningur, að þetta gefi ríkisstj. tækifæri til að eyða tugum milljóna. Hitt er annað mál, að það hafa komið upp alls konar verkefni, sem verður að greiða fram yfir fjárl., þó að æskilegt væri, að það væri ekki gert, en þannig hefur það verið og á ekkert skylt við þetta, sem hv. þm. talaði um.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að ríkisstj. ýtti frá sér vandanum í aðalmálunum og hefði ekki sinnt þeim. Ég læt ríkisstj. um að svara því, en ég held, að þetta sé sleggjudómur, því að fyrir Alþ. liggja mál, sem eiga að verulegu leyti að sinna málefnum útvegsins, þótt ekki sé búið að ganga frá þeim. Það er líka upplýst af hæstv. ráðh., að það er byggt á misskilningi, sem hv. þm. ræddi um kostnaðinn við sauðfjársjúkdómana, því að sá maður er ekki á launum á Keldum, hann hefur alltaf verið á launum hjá sauðfjársjúkdómanefnd. Hitt er satt, að það hefur verið svo mikið ósamkomulag milli manna í stofnuninni, sem hann átti að vinna hjá, að hann hefur aldrei fengizt til þess að vera þar, en ríkisstj. ber að sjá um, að slíkt ósamkomulag ríki ekki í þessari vísindastofnun, að menn geti ekki unnið hver við annars hlið. Það verður að neita að taka upp sérstaka fjárveitingu til þess að kosta þennan mann sérstaklega, en ef hann flytur að Keldum, þá verður að auka fjárveitingu þangað, til þess að hann geti starfað þar og fengið þar sín laun. Það er óverjandi af yfirstjórn þessara mála, að þessir menn geti hagað sér eins og þeir hafa gert. Hins vegar er þetta ekki sá eini aðili, sem þannig hagar sér við atvinnudeildina, því að það hefur verið upplýst áður margsinnis, að þar vill hver vísindamaður vinna sjálfstætt og vera yfir sjálfum sér og hafa 2—3 menn til að snúast í kringum sig.

Mér kom á óvart, þegar hv. 6. landsk. lagði megináherzlu á að hækka tekjur af brennivíninu. Ég hygg, að þetta eigi að vera iðrun yfir því, hversu frámunalegt nál. hann sendi frá sér í fyrra, og það brjótist út á þennan veg nú, að hann blygðist sín svo mikið fyrir það nál., að hann hugsi sér að gera yfirbót. En batnandi manni er bezt að lifa, og kannske er þetta það eina, sem hann getur borgað ríkinu með, að agitera fyrir því, að meira sé drukkið í landinu.

Í sambandi við kostnað við utanríkisþjónustuna, þá vildi ég aðeins upplýsa, að þetta mál var rætt töluvert í fjvn. Ég er sjálfur persónulega andvígur, að fækkað sé sendiherrum á Norðurlöndum, og eftir að hafa reynt að kynna mér það mál, hef ég komizt að þeirri niðurstöðu, að við þetta sé enginn sparnaður. Það yrði að hafa þar aðalkonsúlat á hvorum staðnum, og hvort það er kallað það eða sendiráð, breytir ekki miklu í sambandi við kostnaðinn, en okkur sýndist hagkvæmara og betri árangur í því að hafa sendiherra heldur en aðalkonsúl. Hitt er annað atriði, að ég tel ekki, að sendiráðin á Norðurlöndum þurfi að hafa mjög mikið af fólki hvert fyrir sig, ég held það sé nægi-

legt að hafa einn sendiherra, sem hefur góða stúlku og þess utan einn fulltrúa, til þess að geta skipt um í sumarfríum. Auk þess má skipta öðrum löndum yfir á þessi lönd, m. a. Póllandi, Tékkóslóvakíu og Rússlandi og hafa þar ekki sendiherra. Ég tel, að þetta verði miklu ódýrara og meira gagn að því en þótt við hefðum einn sendiherra þar. Það er heldur ekki nauðsynlegt að greiða öðrum sendiherrum önnur eða meiri laun en eru gildandi fyrir hæstlaunuðu embættismenn í hverju landi fyrir sig. Í sambandi við þessar greiðslur til sendiráðanna í París, London og Washington hefur ekki komið fram það, sem ég vildi að menn athugi, að töluvert mikið af þessum kostnaði hefur stafað af því, að þessi sendiráð hafa fengið mikil störf í sambandi við Marshallhjálpina. Ég er viss um, að sá kostnaður, sem farið hefur til þess, hefur margendurgreiðzt Íslandi, eins og við vitum, meðan við fáum þá aðstoð, sem við höfum fengið undanfarin ár, og þess vegna þurfum við ekki að sjá eftir því. Hins vegar hefði verið heppilegra, að þessi kostnaður hefði verið settur sérstaklega í sambandi við utanrmn.

Hv. frsm. segir, að það sé dregið 250 þús. kr. frá vegaframkvæmdum. Þetta er ekki að öllu leyti rétt. Það er dregin þessi upphæð frá vega- og brúaframkvæmdum. Hve mikið er frá vegum, veit ég ekki.

Þá talaði hv. þm. mjög um þá hækkun, sem orðið hefði á rekstrargjöldunum. En ég vil spyrja hv. frsm.: Hefur hann alveg gleymt sínum þætti og þætti síns flokks í því að hafa hækkað embættismannalaunin, svo að nemur nú 25 millj. fyrir ríkissjóðinn? Það fyrirbrigði skeði hér á Alþingi, að samþ. var till., sem kostaði ríkissjóð 20 millj., gegn vilja meiri hl. fjvn. og gegn vilja meiri hl. þeirra þm., sem studdu ríkisstj. á sínum tíma. Þannig er þetta mál til komið. En af hverju var þetta gert? Af ábyrgðarleysi þeirra manna, sem fylgdu þeim hluta Sjálfstfl. að málum og Framsfl., sem samþ. þessa till. Svo eru það þessir menn, sem koma og eru að tala um, að ríkisreksturinn hafi kostað svo og svo mikið meira en áður. Hér er um það að ræða, að ríkisreksturinn hefur fyrst og fremst hækkað fyrir þetta og svo fyrir ný verkefni, sem nú eru látin í hendur ríkisstj. og ekki er hægt annað en að kosti eitthvert fé. Ég skal viðurkenna að sumt af þessu fé fer í ríkissjóðinn í sköttum, en það gerði sannarlega ekki bilið minna milli þess ríka og fátæka, að þessi till. var samþ. Ég held, að það sé óhætt fyrir þá menn, sem stóðu að þessu, að segja sig úr bæði Alþfl. og Sósfl., sem haga sér þannig að vinna beinlínis að því að gera bilið sem mest milli þeirra fátæku og ríku í þessu landi; það er sannarlega ekki nein hjálp við þá fátæku, sem hér var gert.

Ég held, að aths. hv. frsm. um, að brúaframlagið lækki um 500 þús. kr., sé byggð á misskilningi og hann reikni ekki með það, sem lagt er til að efla brúasjóð, 4½ milljón í fyrra og 4½ milljón nú.

Hv. frsm. sagði, að ríkið stæði í milljóna vanskilaskuldum vegna hafnarmálanna. Ég vil biðja hv. þm. að kynna sér hafnarlögin, þar sem stendur greinilega, að ríkissjóður leggi til hafnanna eftir því, sem fé er veitt til á fjárl. Það eru engar vanskilaskuldir í sambandi við hafnarmálin, og ríkissjóður hefur enga skyldu til þess að leggja til hafnarmálanna á hverju ári annað eða meira fé en það, sem veitt er á fjárl. í hvert skipti, og þess vegna er það, að ef einhver aðili á Ísafirði, Bolungavík eða annars staðar vinnur fyrir meira fé, þá gerir hann það fullkomlega á sína ábyrgð, enda veit ég ekki til þess, að ríkissjóður hafi nokkru sinni greitt vaxtabyrði af því fé, sem ógreitt er til hafna, nema síður sé, svoleiðis að það er rangt, að hér sé um að ræða nokkur vanskil vegna hafnarmálanna.

Ég ætla aðeins að fara nokkrum orðum um brtt. á þskj. 266. Ég held, að það væri eðlilegt, að hv. frsm. tæki aftur til 3. umr. till. 1—10 á þessu þskj. Eins og ég gat um í framsöguræðu minni, tekur fjvn. það til athugunar fyrir 3. umr., hvort tiltækilegt sé að hækka tekjurnar. Hæstv. ráðh. hefur lýst sinni skoðun í dag, og fjvn. mun að sjálfsögðu óska eftir að fá að sjá, hvernig niðurstöðurnar verða 1. des., og það ættum við að geta séð eftir nokkra daga, og munum við þá ræða það við ríkisstj., og ef nokkur meining er á bak við þetta hjá hv. þm., þá fyndist mér eðlilegast, að hann tæki þetta aftur. — Ég skal ekki ræða 11. brtt., það hefði ég heldur viljað ræða við forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, áður en ég get sagt frekar um hana, en mér þætti eðlilegt, að hún væri einnig tekin aftur. Hvað við kemur 12. brtt., þá er ég undrandi yfir, að þm. skyldi bera hana fram. Ég hélt, að hann þekkti þetta hneyksli of vel til að hafa brjóstheilindi til að bera slíkt fram. Vænti ég þess, að þessi till. verði koldrepin. Hún verður aldrei til bjargar þessu máli, það þarf önnur og fastari tök. — Einnig er ég undrandi yfir 13. till., því að það er vitað, að ef hún er samþ., þá er felld öll skiptingin. Þm. hefur ekki tryggingu fyrir því, að fjvn. fari að skipta fénu á milli umræðna. Hann ætlast til, að ráðh. skipti fénu. — Ekki sé ég ástæðu til að ræða 16. till.; þm. hefur ekki borið þessa till. fram í fjvn., og hefur hún hvorki verið felld þar né annað. — 17. till. vildi fjvn. ekki fallast á, en till. um almannatryggingarnar er til athugunar. Ég er ósammála ráðh. í því máli. Mér skildist á honum, að hægt væri að ganga á tryggingarnar í eitt ár. Þetta finnst mér vera lítil búhyggindi hjá honum, minni búhyggindi en búa yfirleitt í huga ráðherrans. Honum ber skylda til að tryggja fjárhag trygginganna. Ég verð að segja, að mig furðar á afstöðu hans í þessu máli. Það er ekki rétt stefna að ætla að veikja tryggingarnar, af því að það er ekki að vita, að þær þoli það. Nú mun ráðh. viðurkenna, að nauðsyn er að hafa fjárfestinguna sem minnsta og taka gjöld af fólkinu núna á meðan þetta peningaflóð er. En það er rangt að ætla að draga frá tryggingunum. Ég vænti samkomulags um þetta mál. — Um 19. brtt., um vinnumiðlun, sé ég ekki, að það sé nokkur skaði að draga úr kostnaði, sem skapast við að útvega nokkrum mönnum atvinnu. — Bezt er, að hæstv. ráðh. athugi sjálfur um vanreiknaða vísitöluuppbót.

Þm. sagði, — ég veit, að hann hefur ekki meint það, — en hann sagði, að veitingaskattur væri tekinn af atvinnuvegi, sem hangi ekki á horriminni. Ég vil því benda á, að fyrir fjvn. lá beiðni um eftirgjöf á veitingaskatti. Mér hefur fundizt, að mörg veitingahús úti á landi þyrftu þess með, að veitingaskattinum væri af létt. Veitingahúsum, sem ekki er hægt að loka, yrði að loka, ef fjvn. yrði ekki við beiðninni. — Þm. sagði, að það þyrfti 18 millj. til að bæta úr vandræðum fiskiflotans. Hvar ætlar

hann að fá þær milljónir? Allt bendir til, að brtt. þm. séu allar í lausu lofti.

Í sambandi við þá aths. 2. minni hl. fjvn., þar sem hann segir, að rekstrarútgjöld ríkisins séu 80% af útflutningnum, vil ég spyrja: Hvaða þátt eiga sósíalistar í, að svo er komið? Í fyrsta lagi voru þeir með í, að laun embættismanna væru hækkuð um 20 millj., og voru með í að halda uppi verkfalli í sumar. Sósfl. hjálpaði til þess, að allur útflutningur fer í ríkisrekstur í landinu. Það er gott, að sá aðili, sem reynir að skapa þetta öngþveiti, skuli svo vera að fárast yfir því. — Það er annað, sem ég vil mótmæla sem hreinu þvaðri. Það er, að fjvn. hafi ekki heimild til að breyta 5 þús. kr. nema með leyfi ráðh. Fjvn. hefur breytt miklu hærri upphæð en 5 þús. kr. — Þm. segir, að sér hafi komið á óvart, að ekki var fækkað sendiherrum á Norðurlöndum. Hann bar meira að segja sjálfur till. upp í fjvn., og var hún felld. Brtt. á þskj. 268 frá 2. minni hl. fjvn., 1.—3. tölul., voru bornar upp í fjvn. og felldar. Sama er að segja um 4.—6. till. — Um aðstoð við vélbátaflotann vísa ég til þess, sem ég hef áður sagt. Þetta hefur verið rætt í n. og fellt, og sé ég ekki ástæðu til að taka það aftur til umr. í n.

Hv. þm. N-Ísf. ber fram á þskj. 280 brtt. um brúargerð, og er ekki ástæða til að ræða það frekar. Það bar á góma að taka þetta upp. Var reynt að ná samkomulagi við hv. 6. landsk. þm., en fékkst ekki vegna stirfni hans. Þetta er eina málið, sem hann hefur komið fram í eins og naut í flagi. Hann skildi ekki skyldu sína, og er það hans sök, að Norður-Ísfirðingar fengu ekki nægilegt fé til að ljúka við brúna á næsta ári. En hann sýndi þá stirfni, að ekki var hægt að mæla við hann.

Í sambandi við hafnarmannvirki, þá var ekki óskað að taka upp framlag til Sæbóls. Sé ég ekki ástæðu til að taka þetta mál upp.

Varðandi 22. gr. VII., um að verja 100 þús. kr. til þess að bæta tjón, sem varð á brimbrjótnum í Bolungavík haustið 1946, þá lá ekki fyrir fjvn., hve mikið tjónið var eða hvað mikið þurfti að bæta, og engin umsögn frá vitamálastjóra. Tillögunni var kastað fram, án þess að höfð væru nokkur rök. — Sama er um b-lið. Það eru einkennileg rök hv. þm. N-Ísf., að af því að gengið væri inn á þá braut að greiða Bolvíkingum fyrir árin 1944—50, væri sjálfsagt að greiða þeim fyrir árin 1939—44. Hvers vegna var þm. ekki svo hreinlyndur að setja þetta strax inn í till.? Hvaða aðilar eiga að fá þetta fé? Krafan er þannig, að útilokað er að taka hana inn.

Hv. þm. A-Húnv. hefur á þskj. 274 komið fram með till. um að hækka framlag til Skagastrandarhafnar. Hann sagði, að sér skildist á mönnum úr fjvn., að veitt hefði verið minna til Skagastrandarhafnar en fyrr. Ég veit ekki, við hvaða menn hann hefur rætt, en veitt hefur verið minna til Skagastrandar af því, að ríkið varð að greiða skuldir. Var rætt um að úthluta engu til þeirra hafna, sem svo stóð á um, eða setja þau skilyrði, að fénu yrði varið til endurgreiðslu þessara skulda. Þetta hefur enn ekki verið gert, en mun verða gert. Gera þarf sérstaka grein fyrir, hvernig fénu hefur verið eytt, hvernig á að greiða gjöldin, hverjar tekjurnar eru og hvernig reglugerðir. Framlag til Skagastrandar byggist á því, hversu mikið hún á ógreitt úr ríkissjóði og hve mikið er ógreitt frá Skagaströnd. Nú eru áætlaðar 220 þús. kr. mest fyrir byggingarkostnaði hafna á þessu ári. Var þar fylgt till. vitamálastjóra, þegar fénu var skipt, nema til þeirra hafna, sem áttu langmest inni.

Till. þm. um fyrirhleðslu var í fjvn., en fékk ekki fylgi meiri hl. n. En ég lofa því, að þetta erindi mun verða sent til búnaðarmálastjóra. Kostnaðaráætlun er miklu meiri en gefið var upp af vegamálastjóra.

Um till. þm. Snæf. á þskj. 274 um Skógarstrandarveg þarf ekki að ræða, en ég verð að segja, að verði þessi till. samþ., er gengið inn á hættulega braut. Það gefur öðrum en hv. þm. Dal. ástæðu til að bera fram slíkar till. Þessi skipting er ekki komin frá fjvn., heldur frá vegamálastjóra, og hann á að hafa einhverja þekkingu á þessu máli.

Viðvíkjandi Rifi á Snæfellsnesi, þá fór fjvn. og athugaði staðinn. Hygg ég, að það hafi verið fyrir hennar áhrif, að teknar voru þessar 700 þús. kr. inn á fjárlfrv. Þetta er eina höfnin á landinu, þar sem tekin er upp stór upphæð án þess að nokkurt framlag komi á móti. Ástæðan er m. a. sú, að ónotaðar eru enn þá 100 þús. kr. Nú er það upplýst hjá ríkisstj. og vitamálastjóra, að tekið skyldi lán, allt að 60%, og mundi þá verða hægt að vinna fyrir 1½ millj. kr. á næsta ári. Ef þessi stóri biti hefur ekkert að segja í þetta, þá veit ég ekki, hvernig á að fara að fylla það rúm. Ég held, að minnst ástæða sé að samþ. þessa brtt. af öllum fram komnum brtt. Ef hægt er að gera góða höfn á Rifi, yrði hún ein bezta höfn á landinu hvað snertir fiskveiðar. Hún yrði mikill léttir fyrir aðrar hafnir við Faxaflóa, líflöfn flotans á Vesturlandi og við Faxaflóa. Auk þess yrði hún til mikils hagræðis fyrir Sand og Ólafsvík og þá, sem þar búa. Ég hef dregið fram meginástæður fyrir því, að fjvn. stóð óskipt um málið, og hygg, að hún haldi áfram á sömu braut, en reyni ekki að tefja framgang þessa aðkallandi máls. Mér finnst þm. Snæf. mega vel við una, ef mál þetta nær fram að ganga.

Um bókasöfnin skal ég vera fáorður. Ég spyr, hvort sýslur hafi notað rétt sinn til að fá greitt af skemmtanaskatti. Og held ég, að nú sé orðið tímabært að endurskoða þessa löggjöf og taka upp nýtt skipulag.

Um vatnsveiturnar vil ég segja þetta: Ég held, að engin sönnun sé fyrir því, að vatnsveitan í Stykkishólmi fái eyri meira, þó að till. verði samþ., og því síður ef á að skipta framlaginu í fleiri staði. Við höfum rætt við ríkisstj. um þennan lið, en hún hefur ekki séð sér fært að hann yrði hækkaður.

Hv. 7. þm. Reykv. ber fram till. um, að Guðmundi Jónssyni verði veittar 6000 kr. til söngnáms. Þetta hefur ekki legið fyrir n., og skal ég athuga þetta, ef hv. þm. vill taka þetta aftur til 3. umr. Ég tel sjálfsagt að greiða honum styrk eins og öðrum, þar sem hann hefur aldrei verið styrktur áður. — Um hina till., í sambandi við sinfóníuhljómsveitina, er ég ekki sammála, að það séu fjórir aðilar, sem borga kostnaðinn. Ég tel, að það séu aðeins tveir aðilar, nefnilega ríkissjóður og bæjarsjóður. Ríkissjóður greiðir um 300—400 þús. til þessarar menningarstarfsemi, og svo á að fara að bæta hér við 200 þús. kr. Ég álít nauðsynlegt að ræða þetta betur í n. En þá vil ég spyrja, hverjar tekjur þessara manna hafi verið á árinu, og tel æskilegt, að það lægi fyrir fjvn. Svo vil ég fá upplýsingar um, hvaða tekjur þjóðleikhúsið hefur til að leggja á

móti þessu framlagi. Mér er kunnugt um, að það hefur verið húsfyllir, þegar hljómsveitin hefur leikið. Er þá ekki hægt að skipuleggja starf hljómsveitarinnar þannig, að hún þurfi ekki að vera sá baggi á ríkissjóði sem hún nú er?

Hv. þm. Siglf. flytur brtt. í sambandi við sjúkrahúsið á Siglufirði. Ég vil upplýsa hann um það, að fjvn. skiptir ekki fjárveitingum til annarra sjúkrahúsa en fjórðungssjúkrahúsa. Og það er n. ekki sársaukalaust að skera niður framlög til slíkra mála. — En um hitt atriðið, í sambandi við hafnarmálin, er alger misskilningur hjá hv. þm., að Siglufjörður sé beittur ranglæti í þessum efnum. Siglufjörður á enn þá vangreiddar 120 þús. kr. til þessara mála. Vill nú hv. þm. telja sér stætt á því að borga 220 þús. kr. til þess staðar, sem enn þá á eftir vangreitt framlag sitt, og greiða heldur ekki nema 220 þús. kr. til þess staðar, sem ríkissjóður skuldar enn þá 800 þús. kr. Hér á að vinna, eftir áætlun, fyrir 500 þús. kr., og er fylgt till. vitamálastjóra. Hvað hefur Siglufjörður svo gert til að koma fjárhag sínum í lag? Ég hef rætt þetta við núverandi bæjarstjóra Siglufjarðar, og hefur hann skilið, að um ekkert ranglæti var að ræða.

Í sambandi við fram borna till. frá hv. þm. Dal. mælist ég til, að hann taki hana aftur og hún verði rædd nánar í nefnd.

Ég ætla að segja nokkur orð við 2. þm. Reykv. Hann sagði, að mesta eyðsla, sem hugsazt gæti, væri að láta þegnana ganga atvinnulausa. Þessu hefði hann átt að gefa gaum í togaraverkfallinu. Annars er sorglegt að eyða tíma í menn, sem tala af slíkri hræsni. — Annað þótti mér vænt um að heyra frá hv. þm., að við værum komnir of langt í að rýra kaupmátt krónunnar. Þetta hef ég alltaf sagt, og því lengra sem við höldum á sömu braut, því smærri verður krónan. — Þm. sagði, að áætlun frá fjárhagsráði yrði að fylgja. Ég hélt, að hv. þm. teldi áætlun frá fjárhagsráði ómerkilegt plagg og ekkert mark á því takandi, þó að fjárhagsáætlun hefði fylgt. Ég hef lýst því oft yfir á þingi, að ríkisstj. ráði ekkert við fjárhagsráð og þýddi ekki að biðja um neitt, því að það réði öllu. Það eina, sem ræður við það, er almenningsálitið. Ég er því alveg samþykkur að afnema það strax og hef alltaf verið því fylgjandi. Í raun og veru hefði aldrei átt að stofna það. — Hv. þm. sagði, að ríkið þyrfti að efla framkvæmdir til að forða landsmönnum frá atvinnuleysi. Ég tel, að það beri að snúa sér sem mest að því að afla sem mestra verðmæta til útflutnings. Og það hefði verið hægt, ef flokkur hv. þm. hefði ekki spillt því. — Hv. þm. sagði, að greiðsluhalli á fjárlögum þýddi ekkert annað en að ríkið tæki lán hjá sjálfu sér, sem sagt ekkert annað en prentaðir seðlar eftir þörfum. Ég vil biðja hv. þm. að athuga afstöðu sína áður en hann talar næst. — Till. hv. þm. á þskj. 274 um framlög til atvinnuaukningar og útrýmingar heilsuspillandi húsnæði voru ekki bornar fram í fjvn. af fulltrúa Sósfl. Veit hv. þm. þetta ekki? Og till. nr. 10 á sama þskj., um að taka lán til að lána bæjar- og sveitarfélögum, var heldur ekki borin fram í n. af fulltrúa Sósfl. — Annars getur fjvn. verið ánægð með, að brtt. þm., sem bornar hafa verið fram, eru mest sýndartill.

Frsm. 1. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég sé, að tíminn er nógur, og er þá engin ástæða að hraða máli sínu um of. Ég veitti því athygli og fannst það ekkert undarlegt, að hæstv. fjmrh. þakkaði nefndinni fyrir að hafa farið í einu og öllu eftir sínum vilja. En ég varð dálítið hissa, þegar form. n. bar á annan samstarfsmann sinn í n., að hann færi með slúður. Þessi hv. þm. hafði látið orð falla um það, að form. fjvn. hafi ekkert mátt gera nema hafa skriflegt leyfi fjmrh. Ég man eftir því, að form. n. sagði oft, að ef þetta ætti fram að ganga, yrði hann að tala við fjmrh. Og þessu hefði hv. form. n. ekki átt að neita.

Það var ekki margt, sem hæstv. fjmrh. þakkaði mér, enda ekki von. En ég gleðst yfir því, að við skulum vera sammála um 18. gr., hvort það væri ekki vilji þingsins, að greinin yrði endurskoðuð. Að þessu vék svo form. n. og gaf til kynna, að hann mundi hreyfa því í fjvn. og þá sennilega stuðla að því, að málið væri flutt.

Ég þarf að víkja máli mínu til hæstv. fjmrh., og með því að hann er vakandi og hér í þinginu, þætti mér vænt um, að hann hlustaði á mál mitt, ef forseti hlutaðist til um það. (**Fjmrh.:** Ég heyri.) Það er ómögulegt að ráðh. heyri. Hann er að sofna þarna í horninu. — Eitt af því, sem ráðh. upplýsti, var, að þjóðartekjurnar færu stórlega minnkandi. Ef svo er, þá er það fyrst og fremst því bágborna stjórnarfari að kenna, sem við búum við. (**Fjmrh.:** Þetta var fljót afgreiðsla.) Já, og á ekki meira skilið. En málið versnaði fyrir hæstv. ráðh., þegar hann sagði, að kaupgetan hefði ekki minnkað nægilega mikið. Það er sem sagt of mikil kaupgeta í landinu, og það veldur öllu böli. Og framhaldið af þessu er: 120 millj. kr. gjafafé og útflutningsverðmætin duga ekki til að afla þeirra vara, sem fólkið vill kaupa. Því er vöruskorturinn. En hvar er þessi kaupgeta? Er hin almenna kaupgeta of mikil? Hafa verkamenn og sjómenn of miklu úr að spila? Eða bændurnir, er kaupgeta þeirra svona mikil? Sannleikurinn er sá, að engin þessara stétta hefur of mikla kaupgetu í dag, engin nógu mikla. Hvar er þá kaupgetan, sem hæstv. ráðh. hefur áhyggjur af? Það má vel vera, að hún sé hjá þeirri kaupmannastétt, sem hefur grætt á verðbólgunni og vaxandi dýrtíð, að það sé kaupgeta hinna fáu og ríku í landinu, sem veldur vöruskorti þeim, sem hæstv. ráðh. minntist á. En ef þessi fámenna stétt, sem enn þá hefur ólamaða kaupgetu, kaupir upp allar vörur, er til landsins flytjast og fáanlegar eru, og veldur því, að hverja vörutegundina af annarri skortir, þá er það ekki sízt af því, að hæstv. ríkisstj. hefur með gengislækkuninni rýrt álit manna á gildi peninganna. Menn vilja sízt af öllu eiga peninga, þeir vilja heldur koma þeim í allt annað, jafnvel hið auvirðilegasta skran. Trúleysi fólks á peningana er einn af ávöxtum gengislækkunarinnar og ýtir undir kaupfýsi þeirra, sem hafa peninga milli handanna. Mér er spurn: Halda menn, að það sé góð pólitík fyrir bændur að halda svo á spilunum, að kaupgeta fólks við sjávarsíðuna komist sem lengst niður á við? Bændur óska ekki eftir því, að kaupgeta fólks við sjávarsíðuna sé sem lökust. Þeir eru farnir að skilja, að þeir eiga allt undir því, að það geti keypt afurðir þeirra. Ég held, að það sé fátítt að heyra bændur harma, að kaupgeta sé enn til í landinu. Ég heyri það á þessari nýstárlegu kenningu, að hæstv. ráðh. virðist koma það vel, að vélbátaflotinn á Vestfjörðum sé stöðvaður, helzt að

hann stöðvist um allt land. Honum hefur áreiðanlega komið vel, að togararnir voru stöðvaðir í sumar; annars hefði kaupgeta vaxið, og það má ekki koma fyrir, en það hefði hún óneitanlega gert, ef togararnir hefðu verið í gangi, vélbátaflotinn á veiðum og hraðfrystihúsin í gangi. Nú fer ég að skilja, að hæstv. ríkisstj. vilji ekki bæta úr bágbornu ástandi í heilum landshlutum. Það er þessi kenning, sem hæstv. ráðh. ber fram með fullum alvörusvip.

Hæstv. ráðh. lýsti því yfir, að hann sæi, að það vantaði grundvöll fyrir uppbætur frá því í fyrra. Hann virðist þeirrar skoðunar, að kaupgjald hafi orðið of hátt hjá fastlaunafólki við hækkun þá, sem gerð var hér á Alþ. og form. fjvn. hefur alltaf verið á móti. Ég er hræddur um, að það hefði orðið þröngt í búi hjá mörgum fastlaunamönnum í landinu, ef Alþ. hefði ekki orðið við þeirri ósk. Form. fjvn. er að ásaka Alþfl. og Sósfl. fyrir þetta. Ég veit ekki betur en Sjálfstfl. léði þessu lið, annaðhvort af því, að hann taldi það rétt, eða af því, að hann þorði ekki að gera annað af atkvæðahræðslu og aumingjaskap. En atkv. þau, sem Sjálfstfl. lagði þessu máli á Alþ., voru fleiri en atkv. Alþfl., og á hann því ekki síður sök en hann. — Reyndar á hann þakkir skilið fyrir það.

Ein af mörgum kenningum hæstv. fjmrh. var, að almennar kauphækkanir kæmu ekki að neinu haldi eins og nú stæðu sakir. Nú er til bölvunar fyrir verkafólkið að fá hækkað kaup; það hefur ekkert við það að gera eins og nú er, miklu betra fyrir það að fá lækkað kaup! — Hvað segir hæstv. ráðh. um bændastéttina? Er æskilegt fyrir þá að fá hækkað afurðaverð? Væri ekki betra fyrir þá að fá lækkað verð? Vissulega, eftir sömu kenningu, ef nokkur heil brú er í henni. Stéttarsamband bænda taldi, að bændur þyrftu að fá 21% hækkun. (**Fjmrh.**: Þetta er ekki kenning mín, þetta er kenning trúnaðarmanna Alþýðusambandsins.) Er það þá líka kenning trúnaðarmanna stéttarsambandsins, að verð landbúnaðarafurða lækki um 21%? Svari nú ráðherra. Auðvitað er það betra fyrir þá, þeir hafa bara stigið þetta víxlspor! En þessu á ekki að beita gegn kaupsýslumönnunum. Þeir eiga að fá rýmkað álagningarfrelsi. Þetta á aðeins við verkalýðinn. Það væri miklu líklegra, að svona fjármálaspeki væri borin fram af sjúklingum á Kleppi en af ráðh. á Alþ. (**Fjmrh.**: Þingmaðurinn ætti að lesa álitsgerð sérfræðinga fyrir launasamtökin.)

Þegar hæstv. ráðh. var að verja það, að seinustu liðirnir á fjárlagafrv. sýna lækkandi tölur, miðað við fjárl. ársins í ár, kom hann líka með merkilega fjármálakenningu. Hann benti á, að þegar deilt væri á stjórnina af því, að ekki væri gert ráð fyrir nægu fé til verklegra framkvæmda á fjárlagafrv., bæri að athuga, að fleiri framkvæmdir væri um að ræða en fjárlagafrv. tæki til. Þetta er alveg rétt. Hann sagði, að aldrei væri hægt að komast hjá að gera upp við sig, hvað ætti að fara til framkvæmda og hvað til neyzlu. Og nú yrði meiri hlutinn að fara til neyzlu. Svo benti hann á, að utan fjárlaga væri verið að ráðast í merkilegar framkvæmdir, þ. e. virkjanir Sogsins og Laxár og áburðarverksmiðjuna, upp á 130—140 millj. kr. samtals. Þetta ætti að bæta úr öllu saman. Þetta tekur svo nærri þjóðinni að því er fjárfestingu snertir, að yfir vofir, að það verði að banna bændum að reisa súrheysgryfjur og peningshús og mönnum almennt að fá þak yfir höfuðið. Það þarf víst engu að hagga í fjárl. með tilliti til þess að stöðva byggingar þær, sem ég nefndi. Fjárhagsráð sér um, að enginn fær um frjálst höfuð að strjúka í því sambandi, svo að það þarf ekki að draga úr fjárveitingu til verklegra framkvæmda, þó að tryggja eigi, að þær stöðvist. Þær gera það. Í sambandi við þessar merkilegu framkvæmdir og fjárfestingu vil ég spyrja: Eiga sjómenn í öðrum landshlutum að hætta framleiðslustörfum og reyna að bjarga sér með því að fá vinnu við þessi mannvirki, Sogsvirkjunina, Laxárvirkjunina og verksmiðjuna? Er það þetta, sem ráðh. vill og telur affarasælt fyrir þjóðina og ríkið? (**Fjmrh.**:- Þeir eiga að fara á sjóinn og fiska.) Þá verður að vera hægt að hreyfa skipin. Ég set alla mína von á ráðherra. Það veltur á miklu, að hann bregðist ekki. Ég er hræddur um, að hæstv. ríkisstj. bregði í brún, ef menn ganga frá framleiðslustörfunum og heimta vinnu við þessar 2 eða 3 opinberu framkvæmdir, og það skyti upp þeim beyg, að það væri ekki hið affarasælasta fyrir þjóðina. Og ef 130—140 millj. kr. eiga að fara til verklegra framkvæmda í 2 eða 3 landshlutum, og það á að stöðva framkvæmdir í öllum öðrum héruðum, þá verður að leyfa fólki að koma úr þeim landshlutum, sem vinnustöðvunin er, og fá vinnu við þessi mannvirki. Ég er alveg sannfærður um, að þjóðarbúið stæðist það ekki, ef horfið væri þannig frá framleiðslustörfum og stefnt að slíku, fyrir utan það, að það er rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það væru litlar líkur til, að það mundu meira en 200—300 manns fá atvinnu við þessi mannvirki. En fyrir þessum framkvæmdum verða allar aðrar framkvæmdir að víkja, sagði ráðh. Það verður að draga úr verklegum framkvæmdum, sem voru í fyrra, vegna þeirra. Mér finnst, að það hefði mátt vænta þess, að hæstv. ríkisstj. hefði látið það boð út ganga, áður en setzt var við afgreiðslu fjárlaga, að dregið skyldi mjög úr fjárveitingu til verklegra framkvæmda hér á Suðvesturlandi, í nágrenni Akureyrar og í Borgarfjarðarsýslu, þar sem 130—140 millj. kr. fjárfesting fellur þessum héruðum í skaut, en í stað þess falla allar stærstu fjárveitingar þessara fjárlaga á þau héruð, önnur héruð eru afskiptari á þessu fjárlagafrumvarpi en nokkru sinni fyrr.

Því verður víst ekki neitað, að nú er erfitt árferði fyrir vinnandi fólk, erfiðara en um mörg undanfarin ár. Hvað á að gera? Hvernig á að haga stjórnarfari í erfiðu árferði? Við látum hæstv. fjmrh. svara: Á slæmum tímum á ekki að ráðast í miklar framkvæmdir. — Svo liggur í augum uppi, að í góðæri á ekki heldur að ráðast í miklar framkvæmdir. Þetta er svo sótsvört og botnlaus íhaldspólitík, að ég hefði ekki getað trúað því um neinn að bera það fram, ekki einu sinni úr íhaldsflokknum nýja, — að það eigi aldrei að ráðast í verklegar framkvæmdir, sem neinu nemi. Þarna var engu við að snúa, þetta var allt eins vitlaust og það gat verið. Á erfiðum tímum má ekki gera neitt. Í góðæri þarf ekki að gera neitt. Þá þarf aldrei neitt að gera, allt má standa kyrrt.

Viðvíkjandi sparseminni, sem hefur verið gerð hér að umtalsefni, hef ég ekki getað annað en gert svolítið gys að því, að sparsemin er miklu meiri í orði en á borði. En hæstv. ráðh. vildi þó áætla, að

sá sparnaður, sem þegar væri búið að framkvæma, ásamt því, sem búið er að áætla, ef það næði fram að ganga, mundi nema 4 millj. kr. Form. fjvn. dró þetta í efa, og ég dreg það líka í efa. Ráðh. vildi þó ekki gangast inn á það, að þessar 4 millj. kr. væru notaðar til að fyrirbyggja samdrátt hjá almannatryggingunum eða til annarra gagnlegra hluta. Hæstv. ráðh. minntist einnig á, að áætlun sín í sambandi við sameiningu áfengisverzlunar ríkisins og tóbakseinkasölunnar mundi spara nokkurt fé; einnig sparaðist fé við að leggja niður skömmtunarskrifstofuna. Nú er hægt, ef um verulegan sparnað er þarna að ræða, að drýgja tekjurnar af áfengis- og tóbakseinkasölunum og áætla þessa liði nokkru hærri en hæstv. ráðh. hefur gert.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég brygðist þingmannsskyldu minni með því að koma ekki fram með ákveðnar tillögur til sparnaðar. Ég hef bent á mýmarga hluti, sem ég kann illa við að sjá á sparnaðarfrv. Ég álít annars, að það sé ekki hlutverk stjórnarandstöðunnar að koma með tillögur fyrir hæstv. ríkisstjórn. Nei, það mundi í flestum lýðfrjálsum löndum vera talið hlutverk ráðh. og ríkisstj. að koma með till. til sparnaðar á ríkiskerfinu, en ekki stjórnarandstöðunnar. En hæstv. ráðh. bíður undan slíku, hann þykist víst vera búinn að gera nóg með því að bera fram till., sem spara nokkrar milljónir.

Ráðh. vék að utanríkismálunum. Hann spurði, hvers vegna ég bæri ekki fram till. um fækkun sendiherra á Norðurlöndum. Framsfl. hefur borið fram till. um að fækka sendiherrum á Norðurlöndum og láta þar aðeins vera einn. Því ber hæstv. ríkisstj. ekki fram till. um þetta? Er Framsfl. vikinn frá þessu nú, í stjórnarsamvinnunni við Sjálfstfl.? Nú á hæstv. ráðh. og flokkur hans þess kost að taka afstöðu til þessara till., sem bornar hafa verið fram af fulltrúum Sósfl. Þá getur komið í ljós, hvort hæstv. ráðh. þiggur þann sparnað, sem af þessu gæti leitt.

Ég gerði utanríkismálin að umtalsefni í dag. Ég bar ekki fram neinar beinar till. um sparnað á þessum lið í því formi að fækka sendiherrum á Norðurlöndum, en ég benti á óhóflegar launagreiðslur í utanríkisþjónustunni. Það á að miða launagreiðslur í utanríkisþjónustunni við launagreiðslur í þeim löndum, sem þetta fólk starfar í. Mér virtist form. fjvn. einmitt vera sömu skoðunar, enda er ástæðulaust að greiða hærri laun en gert er í viðkomandi löndum. Ég hygg, að leit sé á, að undirtyllum í utanríkisþjónustunni séu greiddar 30 þús. kr. í húsaleigupeninga fyrir utan 117 þús. kr. laun, en það er kannske ekki þörf að spara neitt frekar, búið að ná þar endanlegu og settu marki í sparnaði.

Viðvíkjandi hinni sérstöku sérfræðirannsókn, sem ráðh. boðaði í aths. við fjárlagafrv., upplýsti hann, að það hefði verið fenginn sérfræðingur frá Ameríku til þess að gera till. um sparnað. Þessi sérfræðingur var hér líklega 10 daga og fór svo til Ameríku, og frá Ameríku ætlar hann að laga þetta. Hann er nú búinn að senda heim, að það verði ekki komið fram sparnaði á ríkisbákninu með vélum; skrifstofurnar væru of smáar til að koma vinnusparandi vélum við. Ráðh. sagði, að úti væri um þá von, en athugunum yrði haldið áfram.

Viðvíkjandi þeirri skoðun minni, að lengra mætti ganga en komið væri með fækkun embætta, brá hann því fyrir sig, að Alþýðublaðið hefði verið á móti því í sumar. Alþýðublaðið er víst orðið biblía hæstv. ráðh. Ég minnist þess ekki, að Alþýðubl. hafi beitt sér gegn því. Ég held þvert á móti, að Alþýðubl. hafi lofað ráðh. fyrir að ætla að fækka embættum, t. d. loðdýraræktarráðunautar, flugvallarstjóra og skattdómara. Ég held, að ráðh. hafi haft Alþýðubl. alveg fyrir rangri sök, hafi það fyrir skálkaskjól í þessu efni.

Hæstv. ráðh. taldi og, og það væri alveg rangt, að niðurskurðarhnífnum hefði verið beitt gegn sjávarútveginum. Hvað vilja menn þá kalla það, þegar aðstoð við sjávarútveginn minnkar úr 8 millj. kr. niður í 3,7 millj.? Hvað er niðurskurður, ef ekki það? Það hefur áreiðanlega blasað við hæstv. fjmrh., þegar hann gekk frá till. sínum, að ríkari þörf væri fyrir sjávarútveginn en nokkru sinni á síðustu árum.

Það kom mér á óvart, að hæstv. ráðh. vildi ekki fallast á till. mína um hækkaða tekjuáætlun fjárl. Hann vill hafa þar sem óbundnastar hendur. Hann vill, að tekjuáætluin sé sem rýmst. Rökum kom hann þar ekki við. Hann segir, að ef ég hefði komið til sín, hefði ég getað fengið að vita, að ekki var ráðlegt að hækka þessa liði. Ég vissi það vel, en ég fór til manns í fjmrn., sem kunnugastur er þessu öllu, Einars Bjarnasonar, sem hæstv. ráðh. fer í smiðju til, þegar hann vill fá að vita um þessi mál. Ég þarf engrar leiðbeiningar um það, hvernig á að fá að vita um tekjuáætlunina fyrir næsta ár. Það ber að kanna eins nálægt því tímabili, sem um er að ræða, og mögulegt er, athuga, hvernig tekjustofnarnir hafa skilað sér til síðustu stundar, og í samræmi við slíkan grundvöll á að haga till. Á það við, hvort sem um er að ræða tekjuáætlun fyrir ríkið eða sveitarfélög. Hæstv. ráðh. hefur þó ekki leyft sér að vefengja brtt. mínar, nema hækkun á tekju- og eignarskatti og hækkun á söluskatti og verðtolli. Hann reyndi líka að impra á, að ekki væri varlegt að áætla tekjur af áfengis- og tóbakseinkasölunni á þann hátt, sem gert er. En þar er stuðzt við reynsluna. Þar er ágóði ársins hærri en hæstv. ráðh. ætlast til að verði allt næsta ár. Hann ætlast til, að tekjurnar verði áætlaðar 22 millj., en 1. nóv. þ. á. eru þær orðnar 24 millj. Ég held því, að ekki verði á móti mælt, að allar líkur benda til, að tekjuáætlunin sé ekki óvarleg eins og ég hef gert till. um hana.

Viðvíkjandi tryggingunum og þeirra fjárþörf skal ég ekki eyða orðum. Hv. form. fjvn. var undir áhrifum hæstv. ráðh. viðvíkjandi því, og það er auðvitað ákaflega barnalegt að halda, að það sé vit í því að láta tryggingarnar ganga á sína sjóði á einu ári og eyða þeim upp eða neyða þessa stofnun að öðrum kosti til að rýra aðstoð sína við fólkið í landinu. Ég gat ekki betur heyrt en hæstv. forsrh. harmaði mjög í gær, að ríkisstj. sæi sig tilneydda að fara þessa braut. Hann viðurkenndi líka, að ekki væri hægt að gera það nema einu sinni, því að þá væri gengið af tryggingunum dauðum. Var hæstv. ráðh. þá bent á, að engar líkur væru til, að auðveldara væri að kippa þessu í lag á næsta ári, og væri því réttara að byrja aldrei á því.

Ég held, að það sé rétt, að ég segi örfá orð um ræðu hv. form. fjvn. Hann lét í ljós undrun sína yfir nál. samvn. samgöngumála, þar sem er 225 þús. kr. hækkun frá frv. Það stingur í stúf um afgreiðslu hjá þessari n. og þau vinnubrögð, sem meiri hl. fj-

vn. er skuldbundinn ríkisstj. að beita. Þar mátti ekki hagga um tug þúsunda í fjárveitingum til vega, brúa og hafna; það varð heldur að sjá um, að það væri fyrir neðan það, sem hæstv. ráðh. hafði samþ. Hér eru í einum pósti 225 þús. kr. Hæstv. ráðh. hefur ekki haft nein orð um, að það sé á móti hans vilja. — Hv. form. fjvn. lét í ljós þá skoðun sína, að með ferðum Djúpbátsins á Önundarfjörð og aðrar hafnir, sem ríkisskipin Breiðurnar kæmu á, væri verið að draga úr tekjum fyrir Skipaútgerð ríkisins. Ég held, að þetta sé misskilningur. Djúpbáturinn fer nokkrar ferðir til Önundarfjarðar, aðallega á haustin, þegar mjólkurskortur er á Ísafirði. Þessar ferðir hafa þá verið ekki sjaldnar en tvisvar sinnum í viku. En hvað koma Breiðurnar oft? Þær koma í mesta lagi einu sinni í hálfum mánuði, stundum einu sinni í mánuði, og sjá allir, hve mikið gagn væri að slíkum ferðum til mjólkurflutninga. Þetta er ástæðan til ferða Djúpbátsins vestur á Önundarfjörð, einkanlega haustmánuðina.

Þá eru það fullyrðingar hans, að ég vilji hækka tekjur af brennivíni og tóbaki, vegna þess að ég vilji, að tekjur af þessum nautnalyfjum séu áætlaðar eins og reynsla og gögn benda til, að þessar tekjur séu og verði. M. ö. o. virðist það vera kenning hv. form., að það verði meira drukkið, ef tekjuáætlunin af vínsölu sé há, og meira reykt, ef tekjur af tóbakseinkasölunni eru áætlaðar hátt, en lítið drukkið, ef tekjur áfengisverzlunarinnar eru áætlaðar lágt, og lítil tóbaksneyzla, ef þessi póstur er lágt áætlaður í fjárl. Það er vit í þessari speki! Nei, ég held, að það sé ekki hægt að halda slíku fram. En fyrst ríkið tekur tekjur af vínd rykkju og tóbaksnotkun, þá er bezt, að svínaríið komi í ljós eins og það er með réttum tölum. Það er engin þjónusta við málstað bindindismanna að ætla að fela vínd rykkjuna í lágri áætlun í fjárl.

Ég verð að mótmæla því hjá hv. form. fjvn., að laun við sendiráðin í London og París séu svo há vegna Marshallhjálparinnar. Ég held, að þetta sé út í hött. Ég hef ekki orðið var við, að það hafi orðið að hækka kaup af þessum sökum. Þetta virðist vera án tillits til Marshallhjálparinnar.

Þá vék hv. form. að þessu ógurlega slysi að hækka laun til opinberra starfsmanna um 12—19%. Boðskapurinn var sá sami og hjá hæstv. ráðh., að eina ráðið væri að lækka kaupið. Ætli það verði ekki bezt að byrja á að lækka ráðherralaunin, lækka tekjur hæst launuðu embættismanna í landinu? Hæstv. ráðh. ætti a. m. k. að vera kenningu sinni svo samkvæmur, að hann neitaði að taka við sínum hluta af þessari launauppbót. Ætli þeir hafi gert það? Mér er nær að halda, að þeir hafi hirt hana með glöðu geði. Það er vafalaust bölvun að því, að hv. form. fjvn. skuli hafa fengið nokkur hundruð þúsunda fyrir eftirlit með togarabyggingunum. Þetta er á móti hans prinsípi. Það er a. m. k. svona 25 ára árslaun fyrir venjulegan verkamann. Nei, það ber ekki á því, að hæstv. ráðh. eða aðrir hátekjumenn í landinu hafi afsalað sér sínum hluta af þessum uppbótum, en fyrr en þeir gera það hafa þeir engan rétt til að fordæma launauppbæturnar.

Út af því, sem ég sagði í dag, að ríkið væri í óreiðuskuldum við hafnarmannvirki í landinu, vil ég segja það, að ég held ákveðið fram enn, að það sé rétt. Patreksfjarðarhöfn á t. d. inni á 7. hundr. þús. kr. hjá ríkinu, Akureyrarhöfn um 600 þús. kr., Akraneshöfn mörg hundruð þús. kr. Fleiri hafnir eru þannig, að þær fá ekki lögákveðið mótframlag ríkisins til hafnarframkvæmda, en hv. formaður sagði, að engar skuldbindingar hvíldu á ríkinu gagnvart þessum stöðum, sem eiga þetta fé inni. Af hverju er það þá, að þessir staðir, sem eiga fé inni hjá ríkinu, fá hæstu fjárveitingarnar ár eftir ár? Er það ekki af því, að ríkið þykist standa í óbættri sök við þessa staði? Ef ríkið hefði engar skyldur við þessa staði, þyrfti ekkert tillit að taka til skulda, heldur líta eingöngu á þörfina, hvar mest ástæða er til að flýta hafnarframkvæmdum. En Alþingi hefur viðurkennt, að þeir staðir, sem eiga hundruð þúsunda inni hjá ríkinu, eigi að fá hæstu fjárveitingar, sem veittar eru til hafnarframkvæmda. Það er viðurkenning á því, að ríkið telji sig eiga óbætta sök við þessa staði og verði að bæta það með hækkuðum fjárveitingum þangað. Ég tók eftir því, að þegar hv. form. ræddi afstöðu sína til hinna ýmsu till. við fjárl., að það var innganguríinn að þeim öllum: Ég er undrandi yfir þessari till. — Hann var líka undrandi yfir afstöðu hæstv. ráðh. Hann var undrandi yfir öllum till., sem hér eru til umr. Hann var á móti þeim vegna þess, að þær voru ræddar í fjvn., eða þá af því, að þær voru ekki ræddar í fjvn. Ein af þeim till., sem ég flyt, er um fjárveitingu til drykkjumannahælis á Úlfarsá. Ég verð að segja það, að úr því að drykkjumannahælið í Kaldaðarnesi var lagt niður og drykkjuskapur hefur ekki minnkað síðan, er full þörf að starfrækja drykkjumannahæli á öðrum stað. Það er búið að binda fé ríkisins í að undirbúa þetta hæli að till. sérfræðinga, og hæstv. fjmrh. hefur lagt til, að varið væri 70 þús. kr. til að standa undir þessari starfrækslu á árinu 1951. Ég tel því alveg ógerlegt að neita um 100 þús. kr. til að þessi tilraun verði gerð, ef það mætti verða eitthvað til viðreisnar þeim, sem ríkið hefur sökkt niður í eymd og volæði með sölu áfengis.

Út af till. minni að hækka heildarupphæðina til vega, brúa og hafna, þá lét hv. form. í ljós undrun sína yfir því. Mér virðist einmitt vera þörf að veita hér meira til þeirra héraða, sem hafa hvorki Sogsvirkjun, Laxárvirkjun né áburðarverksmiðju, beina þessu fé til Austfjarða og Vestfjarða og annarra héraða, sem fá ekki 130—140 millj. kr. fjárfestingu.

Ég gleymdi að minnast á það áðan í sambandi við það, sem ég sagði um till. mínar við tekjuhliðina, að ég tók eftir því, að hv. form. skaut því til hæstv. ráðh., að hann teldi sjálfsagt, að milli umr. væri athuguð tekjuhlið frv. Er það kannske með það fyrir augum að gera áætlunina varlegri? Nei, vafalaust til þess að gera brtt. í sömu átt og ég hef gert nú til hækkana, af því að hv. form. er á því eins og ég, að það megi að skaðlausu, því að áætlunin sé fyrir neðan allar líkur. Mér kemur á óvart, ef sú leið verður ekki farin að hækka fleiri eða færri af þeim liðum, sem ég hef lagt til, að væru hækkaðir. Háttv. form. fór fram á, að ég tæki þessar till. aftur til 3. umr. Var það af því, að það þætti óskemmtilegt að fella till. mínar nú og koma síðan með hækkunartill. við 3. umr.? Ástæðan til þess, að ég get ekki tekið mínar brtt. aftur, er sú, að þær eru hluti af þeim till., sem ég ber fram um nýjar fjárveitingar á gjaldabálkinum, og get ég því ekki fallizt á, að þær séu teknar aftur.

Þá á ég á þskj. 280 brtt. með hv. þm. N-Ísf. Það er í fyrsta lagi till. um 300 þús. kr. til að brúa Selá á Langadalsströnd. Hv. þm. N-Ísf. mælti nokkur orð fyrir þessari till. Þetta er vatnsmesta fljót á Vestfjörðum og eina áin, sem þarf stórbrú á, sem kostar hundruð þúsunda. Það er áætlað, að hún kosti 460 þús. kr. Árið 1947 var veitt fyrsta fjárveitingin til brúar á þessa á, 63800 kr. Hún er geymd síðan. Þá hefði mátt ætla, að smáfjárveitingar yrðu veittar á hverju ári til þessarar brúar, þar til nægilegt fé væri komið. En það skeði, að fjárveitingin var felld niður ár eftir ár. Þessi á sker sundur sveit þar við Djúp, Nauteyrarhrepp, og aðskilur Snæfjallahrepp og hluta af Nauteyrarhreppi hvorn frá öðrum. Ég hreyfði þessu máli í fjvn. Þessi fjárveiting var efst á óskalista okkar um fjárveitingar til brúa. Ég heyrði ekki betur en form. og flestir nm. í fjvn. tækju í upphafi vel í, að það væri réttlætismál og sanngirnismál og nauðsynjamál að veita 300 þús. kr. til Selárbrúar. Í raun og veru var komið svo langt, að við töldum víst, að gengið yrði inn á þessa fjárveitingu. Nokkrum dögum síðar kom upp, að ekki ætti að veita nema 200 þús. kr. til Selárbrúar. Ég vildi ekki fallast á að hvika frá því að veita 300 þús. kr. til þessa mannvirkis. Ég hef talið líklegt, að heimaaðilar gætu þá útvegað það, sem á vantaði, en mér þykir ólíklegt, að þeir geti útvegað 200 þús. kr. Þess vegna er þessi till. borin fram. En í þess stað eru bornar fram till. um að veita 130 þús. kr. í Norður-Ísafjarðarsýslu til tveggja brúa, sem hvor tveggja hefur verið efst á baugi á okkar óskalista, en önnur ekki á þjóðvegi eða á brúalögum. Þannig er afgreiðsla fjvn. á þessu máli. Og nú viðurkennir hv. þm. N-Ísf., að það sé mjög brýnt nauðsynjamál að fá brú á Selá, og gerist flm. að því. Nú er svo komið, að annar bóndinn, sem á að stríða við þetta stórfljót, er að gefast upp við það og er að hugsa um að flytja frá býli sínu, sem er stórjörð, og fara suður. Hefur hann verið að spyrjast fyrir um jörð, þar sem hann gæti setzt að, af því að hann er að gefast upp í baráttunni við fljótið. Nú skiptir kannske engu máli, þó að þessi hluti Nauteyrarhrepps, sem liggur utan árinnar, leggist í eyði fyrir það, að þessu kjördæmi hefur verið ár eftir ár neitað um fé til þessarar framkvæmdar. Ég verð því að vænta þess mjög eindregið, að þingið sjái sér fært að samþ. þessa till.

Þá er smátill. um bryggjugerð á Sæbóli í Aðalvík í Sléttuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Þessi hreppur hefur að miklu leyti lagzt í eyði. Þar voru 600 manna fyrir nokkrum árum, en nú eru þar 40 sálir. Hesteyri og Látrar eru komin í eyði, en Sæból er eftir, og eru þar um 40 menn. Hefur íbúum þar ekki fækkað þrjú undanfarin ár. Fólkið, sem lifir þar, vill heyja þar sína lífsbaráttu og býr þó við frumstæðustu skilyrði. Aðalatvinnuvegurinn þarna er sjávarútvegur, en þarna er engin bryggja, og er það vissulega hart, ef þessi litla upphæð, 20 þús. kr., fæst ekki samþ. Og nú vill svo til, að vegna ágreinings meðal þm. hv. stjórnarflokka um það, hvernig skipta beri framlagi til hafna, þá er óráðstafað 20 þús. kr., og með þessari litlu upphæð yrði engu byggðarlagi komið betur til hjálpar en þessari litlu byggð í Aðalvík.

Þá er till. okkar hv. þm. N-Ísf. um að verja 100 þús. kr. til þess að gera við brimbrjótinn í Bolungavík, sem skemmdist mjög í aftakaveðri 1946. Þessa upphæð viljum við fá setta inn á heimildagr. frv., 22. gr. Það er alkunna, að Bolvíkingar hafa lagt fram stórfé til þess að skapa sér hafnaraðstöðu, en þeim hefur orðið ofurefli að standa undir þeim háu upphæðum, sem á þeim skullu, er brimbrjóturinn laskaðist í ofsaveðri og brimi árið 1946. Það er óréttmætt, að skellur sem þessi lendi annars staðar en á ríkinu, og því er farið fram á þessa upphæð.

Þá flytjum við till. um að veita 30 þús. kr. sem framlag til hlutatryggingasjóðs sjómanna og útvegsmanna í Bolungavík. Undanfarið hefur mjög saxazt á sjóðinn, en meðan góð aflaár voru, tókst að safna verulegri fjárhæð, en undanfarin þrjú aflaleysisár hefur sjóðurinn tæmzt. Ríkissjóður hefur lagt til þessa sjóðs sum árin, en önnur ekki, og nú er farið fram á, að þessi tryggingastarfsemi sé viðurkennd með því að leggja fram þessa upphæð. Hins vegar hefði ekki verið fram á þetta farið, ef sjóðurinn hefði ekki verið orðinn magnþrota vegna aflaleysis ár eftir ár. Hv. frsm. meiri hl. sagðist vera á móti þessari till., af því að hún hefði ekki verið rædd í fjvn., en mér er nær að halda, að hann hefði verið á móti henni hvort sem var, svo að það skiptir ekki máli.

Ég hef nú, eftir því sem mér hefur þótt ástæða til, gert að umtalsefni ræður þeirra hæstv. fjmrh. og hv. frsm. meiri hl. og læt þar með máli mínu lokið.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það væri freistandi að svara ýmsum fjarstæðum í ræðu hv. 6. landsk., en ég vil ekki þreyta hæstv. forseta á því. Þó get ég ekki látið hjá líða að mótmæla tveim atriðum, sem fram komu í ræðu hans Hv. þm. fullyrti í fyrsta lagi, að meiri hl. fjvn. og ég sem form. hennar hefði verið bundinn í báða skó og ekki getað borið fram sjálfstæðar brtt. við frv. Þetta er alrangt. Ég lagði fyrir hæstv. ríkisstj. mjög víðtækar brtt. til lækkunar á móti þeim till. okkar, sem til hækkunar horfðu, því að ég taldi það skyldu mína, ef ég vildi flytja till. til hækkunar, þá yrði ég annaðhvort að benda á nýjar tekjur eða gera till. um lækkun á móti, og hv. þm. veit, að gengið var inn á margar af mínum till., og fer hann því hér með eintómt fleipur. Þá fullyrti hv. 6. landsk. einnig, að ég hefði fengið greidd fjórðungsaldarlaun verkamanns fyrir umsjón mína með togarakaupunum í Englandi. Þetta er herfileg firra. Þegar öllum starfsmönnum hefur verið greitt, eru það ekki einu sinni eins árs verkamannslaun, sem runnið hafa til mín. — Ég skal svo láta þetta nægja, en ég gat ekki látið þessum staðlausu fullyrðingum ómótmælt.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég hef eiginlega engu við að bæta þær ágætu ræður, sem hv. 6. landsk. hefur flutt um till. og afstöðu Alþfl. til þessa fjárlagafrv.

Nú eru fáskipaðir þingbekkir, en vel skipaðir, og er ánægjulegt að geta átt hér stuttar viðræður undir morgunsárið við þá ágætu fulltrúa hv. stjórnarflokka, sem hér eru. Ég legg megináherzlu á, að till. hv. 6. landsk. nái fram að ganga. Ég tel þar hvergi óvarlega farið, en till. þannig vaxnar, að þær miða tvímælalaust til heilla fyrir þjóðina, og læt ég þetta nægja sem meðmæli með till. hv. 6. landsk. En af því að hér er siður að tala fyrir kjör-

dæmatill., en ég á nú enga slíka, þá vil ég aðeins leyfa mér að minnast á brtt. nr. 16 á þskj. 266, þar sem lagt er til að verja til atvinnuaukningar vegna aflabrests og atvinnuleysis á Vestfjörðum og Norðurlandi 1 millj. og 500 þús. kr. Hv. frsm. meiri hl. minntist á þá geysiáhættu, sem fælist í því, er dregið væri úr verklegum framkvæmdum og atvinnu úti um land á sama tíma og hér er ráðizt í 130 millj. kr. fjárfestingu. Þessi aðvörun hv. form. fjvn. til sinnar ríkisstj. er sannarlega orð í tíma töluð og í fullu samræmi við till. Alþfl. um að leiða sérstaka athygli að þeim fólksflutningum, sem nú eiga sér stað frá Vestfjörðum og jafnvel Norðurlandi vegna atvinnuleysis þar vestra og nyrðra. Þetta eru fólksflutningar, sem eru vægast sagt mjög erfiðir fyrir fólkið og þess eðlis, að þeir hljóta að kosta þjóðfélagið stórfé og skapa þá hættu, að hér við Faxaflóa safnist saman fleira fólk en geti fengið atvinnu í venjulegu ári, og ef eitthvað bilar hér, en úr rætist fyrir vestan og norðan, þá verður það alvarlegt áfall fyrir þjóðfélagið. Það var brugðizt svo við út af þessu máli, að þegar það kom til Ed., þá var talið, að það ætti að ræðast í sambandi við till., sem liggur fyrir Sþ., en þegar hún var rædd, þá var sagt, að þetta mál þyrfti ekki verulegrar athugunar við, því að ríkisstj. hefði þá athugun þegar í hendi sér. Það bólar þó ekki á þeirri athugun hæstv. ríkisstj., og enn síður bólar á því, að hæstv. ríkisstj. vilji afgreiða eða leysa þetta mál. Ég vil því síðast allra orða beina því til þeirra ágætu áhrifamanna innan hv. stjórnarflokka, sem hér eru staddir, að þeir, hver í sínum flokki, veiti þessu máli liðsinni. Ég beini þeim tilmælum ekki sízt til hæstv. forseta eða hv. 1. þm. Árn., sem við afgreiðslu fjárl. í fyrra vildi ekki greiða atkv. með framlagi vegna aflabrests á Vestfjörðum af því, að hann taldi, að upplýsingar vantaði. Ég beini því til þessara hv. þm., að þeir beiti sér fyrir betri athugun á þessu máli. Ég beini orðum mínum einnig til hv. 2. þm. S-M., sem að vísu er nýr maður hér í þinginu, en er velviljaður og skilningsgóður á kjör alþýðu, og síðast en ekki sízt beini ég orðum mínum til hv. form. fjvn., sem reynzt hefur traustur og kappsamur í baráttumálum síns landsfjórðungs. Ég vænti, að þessir hv. þm. vilji heyra þessa morgunbæn, sem ég flyt vegna nauðstadds fólks á Vestfjörðum, og að þetta hafi þau áhrif, að þessum málum verði meiri gaumur gefinn en hingað til. Ég flyt þetta ekki vegna mín, heldur vegna fólks, sem þjáist af atvinnuleysi og skorti og sér þann kost vænstan að flýja átthaga sína, þar sem það hefur háð alla sína lífsbaráttu. Ég vildi aðeins mæla þessi alvöruorð til ykkar, ágætu þingbræður, og skal ekki lengja þessar umræður að óþörfu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Sþ., 7. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Emil Jónsson: Ég veit ekki, hvort það er svo um mig einan, en það hafa liðið vikur, sem ég hef ekki fengið neina dagskrá senda til mín. Það hefur stundum borið við, að dagskráin hefur verið send á skrifstofuna, en undanfarnar vikur hef ég enga dagskrá fengið. Má vera, að svipað gildi um þá, sem ekki eru mættir, að þeir hafi enga dagskrá fengið, og vildi ég því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann dokaði við, þangað til hv. tillögumaður kemur.

Finnur Jónsson: Ég vildi láta hæstv. forseta vita um það, að það er hrein tilviljun, að ég er mættur hér á fundinum, og þessi tilviljun er það, að ég hringdi niður í þing til að spyrja, hvað væri á dagskrá, og þá var mér sagt, að fundur byrjaði hér klukkan eitt; annars hefði ég ekki komið hér. Þetta er dálítið óvenjulegur fundartími, og í fundarlok í gær var tilkynnt, að fundir byrjuðu í dag á réttum tíma. Býst ég við, að þetta gildi um fleiri hv. þm. en mig, og vildi ég því beina því til forseta, að hann dokaði við til að gefa mönnum tækifæri til að mæta. (**Fjmrh.:** Það er auðséð, að það eru margir, sem vita ekkert um þetta.)

Forseti (JPálm): Ég skal doka við rétt sem snöggvast, ef hv. þm. hringja í félaga sína, sem vantar, en þeir verða þá að gera það strax, því að það eru liðnar 20 mínútur fram yfir venjulegan fundartíma.

Brtt. 266,1 felld með 27: 4 atkv.
— 266,2 felld með 28: 4 atkv.
— 266,3 felld með 28: 4 atkv.
— 266,4 felld með 29: 4 atkv.
— 266,5 felld með 30: 4 atkv.
— 266,6 felld með 29: 5 atkv.
— 266,7 felld með 30: 6 atkv.
— 266,8 felld með 31: 5 atkv.
2. gr. samþ. með 31: 1 atkv.
Brtt. 266,9 felld með 30: 10 atkv.
— 266,10 felld með 30: 10 atkv.
3. gr. samþ. með 30: 2 atkv.
4.—9. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 268,1 felld með 31: 10 atkv.
— 252,1 samþ. með 25: 6 atkv.
— 268,2 felld með 28: 8 atkv.
— 268,3 felld með 30: 9 atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 252,2 samþ. með 32: 1 atkv.
— 266,11 felld með 30: 13 atkv.
— 252,3 samþ. með 33 shlj atkv.
— 252,4 samþ. með 33: 3 atkv.
— 268,4 tekin aftur.
— 252,5 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 252,6 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 268,5 felld með 31: 10 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 252,7 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 252,8 samþ. með 26: 21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JR, KK, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EE, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JS, J-Pálm.

nei: JÁ, KS, LJóh, LJós, SB, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, KA, EOl, EmJ, FRV, FJ, GÞG, HV, HG, JóhH, JJós.

PZ, BÁ greiddu ekki atkv.
3 þm. (JörB, RÞ, HermJ) fjarstaddir.
5 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Ég vil taka fram út af till. þessari, sem ég mun greiða atkv., að ég geri það af þeirri ástæðu, að hægt er að hefja rekstur á Úlfarsá án þess að til þess sé veitt fé á fjárlögum. Og er því hægt að hefja þar rekstur hvenær sem er. Ég segi því já.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Með tilvísun til grg. hæstv. forsrh. segi ég já.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Með tilvísun til grg. hæstv. forsrh. segi ég já.

Gunnar Thoroddsen: Í l. frá 1949 um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra er ákveðið, að stofnaður skuli sjóður í þessu skyni, gæzluvistarsjóður, með 750 þús. kr. árlegu framlagi af hagnaði áfengisverzlunarinnar. Í trausti þess, að hælið verði stofnað og kostnaður af því greiddur úr þessum sjóði, segi ég já.

Jóhann Hafstein: Þrátt fyrir grg. hæstv. forsrh. og þó að til sé sjóður, er þetta varðar, segi ég nei.

Brtt. 266,12 kom ekki til atkv.
— 252,9 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 268,6 felld með 30: 14 atkv.
— 252,10 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 291,I felld með 26: 13 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 252,11 tekin aftur.
— 266,13 felld með 29: 14 atkv.
— 252,12.1—19 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 291,II tekin aftur.
— 252,12.20 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 274,I tekin aftur.
— 252,12.21—148 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 266,14 felld með 25: 10 atkv.
— 252,13.1—9 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 280,I felld með 27: 14 atkv.
— 252,13.10 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 274,II samþ. án atkvgr.
— 252,13.11—23 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 252,14.a samþ. með 33: 1 atkv.
— 252,14.b samþ. með 32: 1 atkv.
— 280,II tekin aftur.
— 266,15 felld með 29: 17 atkv.
— 252,15.a.1—18 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 274,III tekin aftur.
— 252,15.a.19 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 280,III felld með 27: 14 atkv.
— 252,15.a.20—21 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 291,III felld með 35: 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FRV, FJ, GÞG, HV, JJós, JÁ, LJós, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, KA, EOl.

nei: EE, EmJ, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JR, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁÁ, ÁB, BSt, BÁ, BBen, BÓ, JPálm.

HG, StJSt greiddu ekki atkv.
2 þm. (JörB, RÞ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég viðurkenni, að það væri æskilegt, að Siglufjarðarkaupstaður gæti fengið þetta fé. Hann hefði vitanlega fulla þörf á því til sinna mannvirkja. En með hliðsjón af því, sem veitt er til annarra slíkra staða, þá raskast með þessu eðlilegt hlutfall, og sé ég ekki ástæðu til þess og segi því nei.

Brtt. 252,15.a.22—27 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 252,15.b samþ. með 35 shlj. atkv.
— 252,16 samþ. með 34 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 252,17 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 280,IV tekin aftur.
— 252,18—21 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 252,22 samþ. með 25: 9 atkv.
— 252,24 tekin aftur.
— 252,23 og 25 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 252,26 tekin aftur.
14. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 252,27—28 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 274,V tekin aftur.
— 252,29—30 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 252,31 samþ. með 30: 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, EystJ, GG, HÁ, HV, HelgJ, HermJ, JJós, JG, JÁ, JR, KK, LJós, ÓTh, RÞ, PO, SG, SkG, StSt, StgrA, StgrSt, VH, ÁkJ, ÁB, ÁS, BSt, BÁ, BÓ, KA, EOl.

nei: EmJ, GÞG, JS, KS, LJóh, PZ, StJSt, ÞÞ.

EE, FJ, GJ, GTh, HG, IngJ, JóhH, SÁ, ÁÁ, BBen, JPálm greiddu ekki atkv.
3 þm. (JörB, PÞ, SB) fjarstaddir.
Brtt. 252,32 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 252,33—34 samþ. með 28: 1 atkv.
— 280,V felld með 27: 23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, KA, EOl, EE, EmJ, FRV, FJ, GTh, GÞG, HV, HG, JóhH, JJós, JÁ, KS, LJós, SÁ, SB, SG.

nei: SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BÁ, BBen, BÓ, EystJ, GG, GJ, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JG, JS, JR, KK, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, JPálm.

2 þm. (JörB, RÞ) fjarstaddir.
4 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Það liggja fyrir gögn um það hjá fjvn., að sinfóníuhljómsveitin hafi fengið allmikið fé frá ríkisútvarpinu, og gert er ráð fyrir, að hún fái einnig nokkurt fé frá þjóðleikhúsinu. Með tilliti til þessa segi ég nei.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Því miður nei.

Páll Zóphóníasson: Með ánægju nei.

Sigurður Bjarnason: Í tilefni af greinargerð hv. þm. Barð. fyrir atkv. sínu vil ég taka fram, að ef fylgt er till. hv. fjvn. um fjárveitingu til dagskrár ríkisútvarpsins, þá mun engan veginn kleift fyrir það að styðja sinfóníuhljómsveitina á næsta ári. Hljómsveitin hefur fengið nokkuð af dagskrárfé útvarpsins á þessu ári, og ef hún fær það ekki einnig á næstunni, þá er hún algerlega dauðadæmd, og því segi ég já.

Brtt. 252,35 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 280,VI samþ. með 29: 7 atkv.
— 252,36 samþ. með 26: 3 atkv.
— 252,37 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 252,38 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 252,39 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 252,40 samþ. með 26: 8 atkv.
— 252,41.a samþ. með 34: 9 atkv.
— 252,41.b—c samþ. með 37 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 252,42 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 252,43 samþ. með 25: 8 atkv.
— 252,44 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 252,45 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 252,46 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 274,VI tekin aftur.
— 252,47—53 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 266,16.b felld með 32: 16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, JÁ, LJós, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, KA, EOl, EmJ, FRV, FJ, GÞG, HV.

nei: HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JR, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BÁ, BBen, EE, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, JPálm.

4 þm. (JJós, JörB, RÞ, BÓ) fjarstaddir.
5 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Atvmrh. (Ólafur Thors): Mál bátaútvegsins eru í rannsókn og athugun hjá ríkisstj., og þar til þeirri athugun er lokið, tel ég ótímabært að greiða atkv. með till. sem þessari og segi því nei.

Sigurður Ágústsson: Með tilvísun til þeirrar aths., sem hæstv. atvmrh. gerði við atkv. sitt, segi ég nei.

Ásmundur Sigurðsson: Ég álít, að það hefði átt að bera brtt. á þskj. 268 upp á undan þessari, og tel þessa brtt. því ekki borna upp í réttri röð. Hins vegar er ég með till. og segi því já.

Finnur Jónsson: Með tilliti til þess, hve athugun hæstv. ríkisstjórnar á málefnum bátaútvegsins gengur hægt og að það lítur út fyrir, að vandi vélbátaútvegsins hafi aldrei verið meiri en nú, þá tel ég þessa till. tímabæra og segi því já.

Hannibal Valdimarsson: Hæstv. atvmrh. hefur upplýst, að ríkisstj. hafi mál bátaútvegsins í athugun, og með tilliti til þess, að meðan á þeirri athugun stendur þurfi hann á fé að halda, segi ég já.

Brtt. 266,16.a felld með 32: 16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, KA, EOl, EmJ, FRV, FJ, GÞG, HV, HG, JÁ.

nei: LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BÁ, BBen, BÓ, EE, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JG, JS, JR, KK, KS, JPálm.

4 þm. (RÞ, JóhH, JJós, JörB) fjarstaddir.
Brtt. 266,16.c felld með 32: 16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁ, LJós, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, KA, EOl, EmJ, FRV, FJ, GÞG, HV, HG.

nei: JG, JS, JR, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BÁ, BBen, BÓ, EE, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JPálm.

4 þm. (JóhH, JJós, JörB, RÞ) fjarstaddir.
Brtt. 268,7 felld með 31:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁ, LJós, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, KA, EOl, EmJ, FRV, FJ, GÞG, HV, HG.

nei: JR, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BÁ, BBen, EE, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JPálm.

5 þm. (JörB, RÞ, SB, BÓ, JJós) fjarstaddir.
Brtt. 252,54 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 266,17 felld með 29: 14 atkv.
— 252,55 samþ. með 33 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 274,VII.1 felld með 33:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, KA, EOl, EmJ, FRV, FJ, GÞG, HV, HG, JÁ.

nei: LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BÁ, BBen, BÓ, EE, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JR, KK, KS, JPálm.

SB greiddi ekki atkv.
2 þm. (RÞ, JörB) fjarstaddir.
1 þm. gerði svolátandi grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Með því að það er kunnugt, að hv. flm. hafa gert allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að torvelda atvinnumálin á Íslandi, þá verður ekki séð, að þetta sé gert af alvöru. Þess vegna segi ég nei.

Brtt. 266,18.a tekin aftur.
— 268,8 felld með 32:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁ, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁS, KA, EOl, EmJ, FRV, FJ, GÞG.

nei: JS, JR, KK, KS, LJóh, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SB, SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BÁ, BBen, BÓ, EE, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JPálm.

PZ, ÁÁ, HV, HG, HelgJ greiddu ekki atkv.
3 þm. (JörB, LJós, RÞ) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Eins og ég tók fram í framsöguræðu minni, þá er þetta mál í athugun hjá n. Hv. þm. er vel kunnugt um það og af hvaða ástæðum er ekki gerð um það brtt., og var því óþarfi að bera till. fram á þessu stigi. Ég segi því nei.

Hannibal Valdimarsson: Ég óska ekki eftir efnislegri afgreiðslu á málinu fyrr en við 3. umr. og sit því hjá.

Haraldur Guðmundsson: Í Ed. liggur fyrir til athugunar frv. um breyt. á almannatryggingunum, og væntanlega verður séð fyrir 3. umr., hver niðurstaðan verður, og þá er hægt að ákveða framlag í samræmi við það. Ég greiði því ekki atkvæði.

Brtt. 266,18.b tekin aftur.
— 252,56 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 252,57 samþ. með 28: 9 atkv.

Brtt. 252,58—59 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 266,19 felld með 29:14 atkv.
— 274,VII.2 felld með 32:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, EmJ, FRV, FJ, GÞG, HV, HG, JÁ, LJós, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, KA.

nei: EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JR, KK, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BÁ, BBen, BÓ, JPálm.

EE greiddi ekki atkv.
3 þm. (JörB, KS, RÞ) fjarstaddir.
Brtt. 274,VIII tekin aftur.
17. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 252,60—61 samþ. með 31 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 266,20 felld með 33:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, KA, EOl, EmJ, FRV, FJ, GÞG, HV, HG, JÁ, SG.

nei: StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BÁ, BBen, EE, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JR, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SkG, JPálm.

4 þm. (BÓ, JörB, LJós, RÞ) fjarstaddir:
19. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 252,62 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 274,IX felld með 27:8 atkv.
— 252,63 samþ. með 29:5 atkv.
— 252,64 samþ. með 33:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, JS, JR, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BÁ, BBen, BÓ, EE, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JPálm.

nei: JÁ, LJós, SB, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, KA, EOl, EmJ, FRV, FJ, GÞG, HV, HG.

ÁS greiddi ekki atkv.
2 þm. (JörB, RÞ) fjarstaddir.
Brtt. 252,65 samþ. með 28:7 atkv.
— 252,66 samþ. með 26:2 atkv.
— 268,9 felld með 26:12 atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
21. gr., með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 280,VII teknar aftur.
— 274,X tekin aftur.
— 252,67 samþ. með 29 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Sþ., 14. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 314, 315, 393, 394).

Forseti (JPálm): Áður en umræða hefst, þarf ég að fá afbrigði frá þingsköpum. Þannig er mál með vexti, að við framhald 1. umr. voru samþ. þau afbrigði frá þingsköpum að fresta eldhúsdagsumræðum til 3. umr. Nú hefur það orðið að samkomulagi milli mín og forstöðumanna þingflokkanna að fresta þessum eldhúsdagsumræðum fram yfir nýár, og það er gert á þeim grundvelli að ég sem forseti beri ábyrgð á, að þingi verði hvorki slitið né frestað fyrr en þær umræður hafa farið fram. Í öðru lagi, að þær umræður færu fram með þeim sama hætti, sem ákveðið er í þingsköpum, að svo miklu leyti sem ekki verður samkomulag um að stytta þann tíma, eins og oft hefur verið gert. Í þriðja lagi ber ekki að skoða þetta sem neitt fordæmi um nýjan sið á þessu sviði. Það eru allir sammála um, að þessi frestur komi því aðeins til greina, að það séu allir aðilar sammála eins og nú. En til að staðfesta þetta þarf að fá atkvæðagreiðslu um þessi afbrigði.

Jörundur Brynjólfsson: Það er aðeins fyrirspurn til forseta um, hvort það sé átt við að fresta endanlegri afgreiðslu fjárlaganna fram yfir nýár eða þangað til eldhúsdagsumræðurnar fara fram.

Forseti (JPálm): Nei, það er ætlunin að afgreiða lögin nú fyrir árslok og taka eldhúsdagsumræðurnar á dagskrá þannig, að það séu almennar umræður í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna.

Jörundur Brynjólfsson: Já, það er í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu, að almennar umræður geti farið fram um hvaða mál sem er, svo framarlega sem það er þingmál, og vitaskuld getur tilhögun slíkra umræðna orðið að samkomulagi að nokkru. En það hafði ég þó ætlað, þó að samkomulag milli flokka megi sín mikils, þá mundu þeir þó telja sig háða lögum þingsins, sem það hefur sett sér til að fara eftir, og ekki get ég talið að það sé hægt með afbrigðum frá þingsköpum að gerbreyta alveg frá því, sem lög mæla fyrir um meðferð hinna einstöku mála. Innan þess ramma, sem þingsköp ákveða um heimilun afbrigða, er að sjálfsögðu hægt að veita afbrigði. En ekki finnst mér fara vel á því, þó að almennar stjórnmálaumræður fari fram eftir nýár, sem koma eiga í stað eldhúsdagsumr. eftir afgreiðslu fjárl., að kalla þær umræður eldhúsdagsumræður. Það heiti og hugtak er með lögum bundið í þingsköpum og hefur ekki, svo lengi sem ég veit og þekki til, verið unnið svo gagnstætt ákvæðum þingskapa, að slíkt heiti sé yfirfært á allt annað mál en gefið er til kynna *með slíkri fyrirsögn. Eins* vil ég benda á til enn frekari áréttingar, viðvíkjandi hinum almennu umræðum og eldhúsdagsumræðum, að þá er ákveðið í þingsköpum, hver tími megi lengstur vera við útvarpsumræður, og einnig ákvarðaður lengri tími við eldhúsdagsumræður, og einnig geta menn ráðið því, ef samkomulag er um, hvort tíminn er notaður til fulls eða ekki. En ákvæði þingskapa hafa í þessu efni ekki svo að ég viti verið túlkuð þannig, að rýmri tími væri notaður en í þingsköpum er ákveðinn. Ég held líka, fyrst samkomulag er svona innilegt milli flokka, að þá þurfi ekki að grípa til þess úrræðis að gefa þessari athöfn annað heiti en vel mætti vera, og mætti þá kalla þetta almennar stjórnmálaumræður. Væri þá jafnvel svo frjálsmannlega á því tekið, að hægt væri að koma því, sem mönnum lægi þyngst á hjarta, á framfæri við þjóðina.

Það er síður en svo, að ég hafi á móti því, að þessar stjórnmálaumræður fari fram, en ég vil beina því til forseta og Alþingis, — og mér sýnist líka, að það muni verða affarasælast, — að fara

ekki að taka upp nýjan sið og brjóta í bága við þá venju, sem ríkt hefur frá því að Alþingi var endurreist og hóf störf að nýju. Og þó að forseti vilji nú gjarnan, að þetta sé gert á þann veg, að það sé ekki skoðað sem fordæmi, þá erum við engir herrar yfir því í framtíðinni, hvernig þetta verður túlkað eða notað. Ég ætla, að allur sé varinn góður og það sé bezt að ganga þannig frá þessu, að ekki sé nein hætta á, að tekinn verði upp nýr háttur í þessu efni.

Forseti (JPálm): Út af athugasemdum hv. 1. þm. Árn. vil ég segja, að ég undrast það nokkuð, hvað hann tekur þetta strangt. Þetta hefur verið athugað af formönnum allra þingflokkanna ásamt mér og skrifstofustjóra, og var samkomulag um það milli allra aðila, og að því er mér skildist milli allra þingflokka, að fresta þessari umræðu, en það er á valdi þingsins alls að gera það, þó að í þingsköpum sé ætlazt til, að hún sé við framhald 1. umr. Það kemur ekki til greina, að notaður verði lengri tími, tíminn hefur alltaf verið styttur. Hér er farið fram á, að þessum umræðum verði frestað þangað til síðar á þinginu með þeim formála, sem ég hef mælt fyrir.

Skúli Guðmundsson: Ég vildi gjarnan fá frekari upplýsingar frá hæstv. forseta, hvernig hugsað er að hafa þessar væntanlegu, almennu útvarpsumræður síðar á þinginu. Hæstv. forseti sagði, að þá yrði útvarpað í sambandi við fjárlögin. Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir því. Nú skilst mér, að meiningin sé að afgreiða fjárlögin til fulls frá þinginu næstu daga, og verður það þingmál þá vitanlega ekki tekið á dagskrá þingsins framar, því að það er þar með afgreitt sem lög. Hvernig þingmál verður þá þetta, sem útvarpað verður í umræðunum? Hvernig verður það? Hver flytur það inn í þingið? Hvaða form verður á því? Mér er ekki ljóst, hvernig þessu verður háttað.

Hitt er annað mál, að vitanlega bíða mörg mál óafgreidd í Sþ., sem flokkarnir geta komið sér saman um að fá útvarpsumræður um, t. d. endurskoðun áfengislöggjafarinnar. Mörg fleiri mál gætu líka komið þar til greina. Mér er hins vegar ekki ljóst, hvernig hægt er að tengja slíkar umræður fjárlögunum, sem búið verður að afgreiða. Ég er því mjög fylgjandi, að fjárlögin verði afgr. til fulls fyrir jól, en ég vildi fá nánari skýringu frá hæstv. forseta á þessu áður en lengra verður haldið.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Það er bersýnilegt, að sumir hv. þm., sem um þetta mál hafa talað hér, óttast, að hér sé verið að mynda fordæmi, sem sé óviðkunnanlegt, og vilja ekki skerða þann sið, sem hér hefur ríkt, og þann rétt, sem skv. þingsköpum gildir við umræður um fjárlög og mál almennt í útvarpinu. Ég vil benda þeim á, að mér finnst ekkert vera að óttast í þessu efni. Í fyrsta lagi er fordæmið þannig, að það er samkomulag milli forseta og þingflokkanna allra, þar á meðal stjórnarandstöðunnar, og fordæmið getur þar af leiðandi undir engum kringumstæðum verið hættulegt. Í öðru lagi: Mér skilst, að það sé ekki verið að flýja undan því að ræða málin með þessu, heldur hitt, að það er talin nauðsyn að afgreiða fjárlögin fyrir jól, og menn eru sammála um, að útvarpsumræður á þessum dögum, sem eftir eru til jóla, mundu ekki hafa mikla þýðingu, því að þetta er sá tíminn á árinu, sem sízt er hlustað vegna annríkis, eins og allir vita. Það er því verið að fullnægja enn þá betur því sjónarmiði að ræða frammi fyrir alþjóð á þeim tíma, sem bezt er hlustað, þau mál, sem rædd eru í eldhúsdagsumræðunum. Í þriðja lagi: Viðvíkjandi því, að þetta mál verði ekki á dagskrá eftir jólin, held ég satt að segja, að menn þurfi ekki að bera kvíðboga fyrir því, að það sé ekki hægt að koma þessum umræðum þannig fyrir eftir jólin, að það verði ásteytingarsteinn. Eins og allir þingmenn vita, og einnig hv. þv. V-Húnv., þá er ekki alltaf verið svo nærri fjárlögunum sjálfum í eldhúsdagsumræðunum; það hefur komið fyrir, að það hefur aldrei verið á þau minnzt. Ég viðurkenni fyllilega réttmæti þess að koma með athugasemdir um þetta, og það sé tekið til athugunar, hvort hér sé verið að skapa fordæmi, sem geti verið hættulegt. En af þessum þremur ástæðum, sem ég nefndi, held ég að það sé alveg ástæðulaust að óttast það. Þetta verður ekki gert, nema samkomulag sé við stjórnarandstöðuna um það. Það ber að fara varlega með allt slíkt, en það ber einnig að athuga, að eins og ég sagði, þá er verið að framfylgja betur því sjónarmiði, sem fara á eftir, með því að hafa umræðurnar eftir nýár, en ekki nú í mesta annríki ársins. — Ég sé svo ekki ástæðu til að taka fleira fram um þetta.

Einar Olgeirsson: Mér þykir ákaflega vænt um að heyra þær raddir, sem hér hafa komið fram frá tveim þingmönnum, hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. V-Húnv., um, að eldhúsdagsumræðurnar skuli í heiðri hafðar og það sé ætlazt til, að þær fari fram og þeim sé útvarpað, svo að fólkið hafi aðstöðu til að hlusta, og ríkisstj. noti þær til að svara. Mér þykir mjög vænt um, að það skuli vera svona mikill áhugi fyrir að heiðra rétt eldhúsdagsumræðnanna og að það sé gengið þannig frá, að öruggt sé, að ekki sé myndað fordæmi, eins og hv. 1. þm. Árn. óttast, fyrir því, að eldhúsdagsumræðunum sé sleppt eða gerðar að engu. Mér þykir því vænna um þetta sem ég man eftir eldhúsdagsumræðum hér á Alþingi, þar sem í fyrsta lagi stjórnarflokkarnir, sem báðir þessir þingmenn tilheyrðu, hafa neitað að láta fara fram útvarpsumræður. Ég man eftir eldhúsdagsumræðum, þar sem þáverandi forseti kvað upp úrskurð um, að stjórnarandstaðan, þ. e. sá flokkur, sem þá var í stjórnarandstöðu, væri sviptur möguleikanum til að geta notað ákvæði þingskapa til að krefjast útvarpsumræðna. Ég man eftir eldhúsdagsumræðum, þar sem ég fyrir hönd stjórnarandstöðunnar talaði einn, án þess að væri útvarpað, og ríkisstj. svaraði ekki. — Mér þykir því vænt um að heyra þá viðurkenningu, sem nú er í þessu efni, og um leið vil ég gjarnan taka undir það í fullri alvöru, að það sé tryggilega frá þessu gengið og ekki sé hægt að skoða það sem neitt fordæmi. Við höfum talað um það við hæstv. forseta, að við höfum ekkert á móti því, að eldhúsdagsumr. væru látnar fara fram eftir að fjárl. hefðu verið afgr. Hins vegar hafa formenn þingflokkanna ekki komið saman á neinn fund til að finna út form fyrir það. Ég býst ekki við, að umr. yrðu nú, heldur að lokinni 3. umr. Ég tel, að það ætti að vera

hægt að hafa samkomulag um það með þingflokkum og þm. að breyta þingsköpunum og bæta þá inn nýrri gr., líklega á eftir 53. gr., að ef stjórnarandstaðan óskaði, þá mætti fresta eldhúsdagsumr., þar til eftir afgreiðslu fjárlaga. Þetta mundi þýða það, að stjórnarandstaðan hefði á hverjum tíma rétt til þess, en ríkisstj. gæti ekki á neinn hátt notað þetta til að koma sér undan útvarpsumræðum.

Það, sem gerir, að það er út af fyrir sig ekki óréttmætt að hafa þetta ákvæði í þingsköpum, er það, að pólitískt séð getur verið rétt að fresta þessum umr. Mál bátaútvegsins eru óráðin enn, og pólitískt séð er erfitt að hafa útvarpsumr. um þá raunhæfu hluti, án þess að lausn þeirra liggi endanlega fyrir. Ég held þess vegna, að ef við viljum fullnægja því, sem hv. 1. þm. Árn. benti réttilega á, þá væri gott að hafa samkomulag um að breyta þingsköpum á þann hátt, sem ég minntist á, og með samþykki allra mundi það taka aðeins 10—15 mínútur að koma því í gegn, og mundi þetta á engan hátt þýða afsölun á þeim umr., sem hér eiga að fara fram. En hvað forminu viðvíkur, þá held ég, að rétt væri að fresta þessum umr. þar til að lokinni 3. umr., og á meðan væri tækifæri til að semja um, hvaða lögformleg aðferð yrði höfð við þessar umr.

Forseti (JPálm): Ég vil taka fram út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ég gaf hér tvær yfirlýsingar, áður en þessar umr. hófust, sem eru í samræmi við það samkomulag, er um þetta var gert milli mín og formanna þingflokkanna og ég gerði ráð fyrir að mundi nægja í þessu efni. Önnur yfirlýsingin var sú, að ég beri ábyrgð á þessari breyt. sem forseti, og ég get bætt því við, að ef ég forfallast, skoða ég það skyldu þess, sem þá gegnir forsetastörfum, að sjá um, að þessar umr. fari fram, áður en þingi verður slitið til fulls, og í öðru lagi það, að það er ákveðin yfirlýsing og skoðun þm. og þingflokka, að sú breyt., sem hér er gerð, komi ekki til mála nema með samkomulagi milli stjórnarandstöðunnar og ríkisstj. og hennar stuðningsmanna. Mér kom á óvart, að hér yrðu umr. um afbrigði, en get að öðru leyti vísað í aðalatriðum til ræðu hæstv. landbrh., sem skýrði vel, hvernig verið hefur um eldhúsdagsumr. að undanförnu, og það mun ekki breytast, þó að þeim verði frestað þar til fjárl. sjálf hafa verið afgr.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um formið á þessu, en ekki efni málsins að öðru leyti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta efni.

Ég skal aðeins segja það viðvíkjandi því, sem hæstv. forseti sagði, að fyrirmæli forseta ætti jafnt að gilda fyrir aðra forseta, að forseti hefur, hver sem hann er, fullt vald og óskorað, meðan hann gegnir því starfi, og ber honum beinlínis að gera það, sem hann álítur lögum samkvæmt og rétt.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um það, að stjórnarandstöðunni hafi einu sinni verið neitað um að útvarpa eldhúsdagsumr., þá minnir mig, að þar væri ekki um þingflokk að ræða, en þingsköp mæla svo fyrir, að þingflokkur eigi rétt til að krefjast útvarpsumr. um mál.

Ég efast ekki um það, sem hæstv. landbrh. sagði, að fullnægja verður lagaákvæðum um það, að þessum umr. skuli útvarpa, og það þannig, að fólkið hafi sem bezt tækifæri til að hlusta á umr., og að ekkert skorti á það af þingsins hálfu, að þær geti farið þannig fram. En það var ekki það, sem ég vildi fyrst og fremst minnast á, heldur aðeins formið, að því leyti sem það getur ekki fallið saman við ákvæði gildandi l. Það er aðeins það atriði, sem ég vildi gera að umtalsefni, og ég vil benda á það, að mér finnst, þótt samkomulag verði um málið milli allra þingflokka, að við getum ekki gengið út fyrir þau takmörk, þegar þetta mál kemur til umr. eftir áramótin. Ég er sammála því, að fjárl. verði afgr. nú fyrir hátíðarnar, en þá er það mál afgr. að fullu frá Alþingi, og ekki er nokkur leið að gera það mál, sem afgr. er, formlega að umtalsefni á Alþingi. Það form held ég að maður geti ekki haft á þessu. Það yrði að vera í sambandi við eitthvert annað þingmál. Sú hefur a. m. k. verið venjan, og ég held, að hyggilegt sé og rétt að halda þeirri venju, og skilst mér, að það sé unnt að ná því með samþykki þingflokkanna, þó að það sé ekki kallað eldhúsdagsumr. Það er nægilegt, að yfirlýsing komi um það af hálfu þingflokkanna, að þetta skuli koma í stað eldhúsdagsumr. Þetta heiti í okkar löggjöf hefur sérstaka merkingu, og þingsköp mæla sérstaklega fyrir um það, hvernig þær skuli fara fram, og það er ekki hægt án breyt. á þeim l. að færa þær umr. yfir á annað mál og segja svo með einföldum afbrigðum frá þingsköpum, að þetta skuli gilda fyrir þetta mál og heita eldhúsdagsumr. Þó að við höfum sem bezt samkomulag um þetta og höfum það í huga að fara út yfir frekari takmörk í þetta sinn og höfum það jafnframt í huga, að við ætlumst ekki til, að það verði notað sem fordæmi, hvorki á þessu þingi né síðar, þá erum við ekki herrar yfir þessari stofnun nema á líðandi stund. Síðar koma aðrir, og hvað gera þeir? Þessi orð mín eiga þó á engan hátt að skiljast sem mótmæli gegn því, að þessar umr. fari nú fram eftir áramót, þó að búið sé að afgr. fjárl., heldur vil ég beina þeim eindregnu óskum til Alþingis, að það gæti þess, að með þessari framkvæmd sé ekki brotið í bága við skýlaus fyrirmæli þingskapa, málinu ekki skipað á þann hátt, sem ég veit ekki til að nokkurn tíma hafi verið gert fyrr. Það eru viss atriði í þingsköpum, sem þingið hefur aldrei leyft sér að fara út fyrir, svo sem umræðutími, umræðufjöldi og útvarp einstakra mála, hvernig mál eru lögð fyrir og afgr. Ég hygg, að þetta sé nokkurn veginn hrukkulaust og alltaf hafi verið reynt að halda sér við þessi grundvallaratriði þingskapanna. Ég tel ekki gætilegt af þinginu, ef það ætlar nú ekki að sýna fulla aðgæzlu í þessu efni.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Mér finnst þessar umr., sem hér fara fram, vera nokkuð mikið deila um keisarans skegg. Ég veit, að sjálfsagt er að halda sig sem mest við þingsköp Alþingis, og bæði forsetum og þm. ber að gera svo. Þó er það svo, að leyfilegt er að víkja frá sumum ákvæðum þingskapa, sé þeim skilyrðum fullnægt, að ríkisstjórnin leyfi og tiltekinn meiri hl. þm. samþ. Að sjálfsögðu má þetta frávik ekki vera frá þeim ákvæðum þingskapa, sem eru samhljóða eða hliðstæð ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Út af ræðu hv. 1. þm. Árn., þar sem hann talaði um ýmis atriði, sem þingið hefði aldrei leyft sér að

breyta út af, þá tók ég a. m. k. eftir einu atriði, sem hann nefndi, sem fram er tekið í stjórnarskránni, en það er um fjölda umr. um hvert mál. Alþingi getur ekki veitt neina undanþágu frá þingsköpum í því efni, þar sem það er tekið fram í stjórnarskránni, en ég man ekki eftir, að stjórnarskráin tiltaki neitt um eldhúsdagsumr. Ákvæðin um þær eru tiltölulega ný, þó að það hafi verið venja að hafa eldhúsdagsumr. frá því að Alþingi fékk löggjafarvald, en það voru ekki l. um þær, fyrr en fyrir örfáum árum, og þá einungis um það, hvernig þeim skyldi útvarpa. En það, sem ég vildi sérstaklega benda á, er það, að það er nú þegar búið að samþ. þing eftir þing frávik frá ákvæðunum um eldhúsdagsumr. Hinar svokölluðu eldhúsdagsumr. eiga nefnilega ekki að fara fram við 3. umr., heldur 1. umr. En úr því að afbrigði eru veitt frá því, að þessar umr. fari fram við 1. umr., þá sýnist mér ekki síður mega veita undanþágu frá því, að þær skuli fara fram við 3. umr. Hitt er annað mál, sem hv. 1. þm. Árn. var að tala um, að samkvæmt þingsköpum má ekki taka mál til umræðu, nema það hafi verið borið fram, og ég er honum sammála um, að þær geta tæplega farið fram í sambandi við afgr. fjárl., eftir að búið er að gera þau að l., heldur er réttara að hafa þessar umr. í sambandi við eitthvert annað mál, en það álít ég gersamlega vandalaust að láta almennar stjórnmálaumræður fara fram í sambandi við eitthvert annað mál eftir nýárið, og mættu þær þá bera sama heiti og kallast eldhúsdagsumræður, því að þótt lengri ræðutími sé við eldhúsdagsumræður en við útvarpsumræður um önnur mál, þá er það ekki nema mjög einfalt frávik frá þingsköpum að leyfa lengri umræður um það. Ég skil ekki í öðru, eins og nú er komið, þegar komið er undir jól, en allir ættu að geta sætzt á það, og ég held, að það sé alls ekkert lagabrot. Þingsköp heimila frávik frá vissum atriðum, ef tiltekinn meiri hl. samþ. og stj. leyfir. Það er það, sem er afgerandi, hvort þessi afbrigði verða veitt, en ekki hitt, að formenn stjórnmálaflokkanna komi sér saman um það, því að þeir hafa ekkert vald til að ákveða frávik frá þingsköpum.

Einar Olgeirsson: Ég vil ítreka það, sem ég tók fram í minni ræðu áðan, að ég álít heppilegt, ef hæstv. forseti vildi fresta þessum umr. og taka þær upp aftur við lokaafgr. fjárl. sjálfra. Ég álít, að á því millibili gætu menn fundið þau lögformlegu form, sem fullnægðu þeim þm., sem nú hafa komið fram með rökstudda kritík á þetta form, sem hæstv. forseti vill hafa. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta að fresta þessum umr. þar til við lok 3. umr. Ég vil fyrir mitt leyti leggja til, að það yrði komið sér saman um ákveðna breyt. á þingsköpum. Ég vil í því sambandi benda á það, að ef svona breyt. yrði samþ., að stjórnarandstaðan hefði rétt til að fá eldhúsdagsumr. frestað þar til eftir að fjárl. hefðu verið samþ., þá liggja eðlileg rök til slíkrar breyt. Það var eðlilegt, að slíkar umr. færu áður fyrr fram í sambandi við fjárl. Þau voru þá algerlega aðalmál þingsins um fjárhag þjóðarinnar og því eðlilegt, að hinar almennu stjórnmálaumr. færu fram í sambandi við þau. Nú er þessu breytt. Nú er um það rætt, hvernig ríkisstj. stjórnar fjármála- og atvinnumálum þjóðarinnar í heild. Nú er rætt um það, hvernig haldið er á fjárlögum þjóðfélagsins, ef svo mætti segja. Það hafa orðið breyt. í þjóðlífinu síðustu 10—20 árin, og er eðlilegt, að breyt. verði á tilhögun eldhúsdagsumr. í samræmi við það. Nú er rætt um það, hvernig séð er fyrir útgerð, landbúnaði, iðnaði, verzlun og öðrum slíkum höfuðmálum þjóðfélagsins, og það er ekki nema eðlilegt, að gera þurfi breyt. á þingsköpum í samræmi við það.

Þá vil ég benda hæstv. forseta á eitt. Hann gaf yfirlýsingu um það, og það er ágæt yfirlýsing frá hans hálfu, að hann liti svo á, að það, sem hann ákvæði nú sem forseti, væri bindandi fyrir þann, sem yrði forseti, ef hann kynni að forfallast. En svo rís upp hv. 1. þm. Árn., sem er 1. varaforseti Sþ., og hann tók greinilega fram, að yfirlýsing þessa hæstv. forseta gilti á engan hátt, ef hann tæki við eftir nokkra daga. Það er því miklu réttara og öruggara að semja betur um þetta, því að þótt orð hæstv. aðalforseta séu góð, þá gæti verið kominn annar forseti á morgun. Það er því rétt að taka tillit til þess, þegar 1. varaforseti, sem er gamall og vanur forseti í þinginu, tekur svona djúpt í árinni.

Ég held, að það sé ekki mikill vandi að finna form, sem fullnægir öllum l. í þessu efni, ef formenn þingflokkanna koma saman og ræða um þetta. Ég vil því óska, að þessum umr. verði frestað þar til í lok 3. umr.

Jörundur Brynjólfsson: Ég hefði getað látið það nægja, sem ég sagði áðan, ef hv. 2. þm. Reykv. hefði ekki gefið í skyn, að ég mundi vilja virða að vettugi yfirlýsingu hæstv. forseta. Um það sagði ég ekkert, heldur benti ég á þann rétt, sem forseti hefur, hver sem hann er, við fundarstjórn. Það er ekki hægt að vefengja.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, að engin lagafyrirmæli hefðu verið um eldhúsdagsumr., heldur aðeins venja, þá vissi ég það, en það er venja, sem er búin að fá lagagildi og er ákvörðuð í þingsköpum, hefur þar sérstaka merkingu og er sett í samband við sérstakt mál og er ákvarðaður sérstakur tími. Þar með er þessi athöfn búin að fá lagagildi, sett á þann fullkomnasta hátt næst stjórnarskránni af Alþingi sjálfu. En hve örlagaríkt það gæti verið að samþ. mikil frávik frá þeim ákvæðum, má ráða af því, að hv. 1. þm. Eyf. grípur til þess til að sannfæra menn um, að hér sé ekkert sérstaklega íhugunarvert, að áður hefði verið veitt undanþága frá þingsköpum um eldhúsdagsumr., þær ættu að fara fram við 1. umr., þegar fjvn. hefði skilað áliti og till., en nú hefðu þessar umr. verið færðar yfir á 3. umr. Nú vildi hann færa þessar umr. yfir á allt annað mál, eftir að það mál er afgr. og orðið að l., sem þingsköp mæla fyrir um að eldhúsdagsumræður skuli fara fram í sambandi við. Þetta sýnir, hve fordæmin kunna að geta verið varhugaverð, að jafnvel þessi hv. þm., sem er gætinn og vill hafa fyllstu aðgæzlu í þessu efni, grípur þó í þetta hálmstrá til þess að réttlæta, að þetta sé eiginlega ekki svo mikið, þó að þessar umr. fari fram í sambandi við allt annað mál, og sennilega að þessar umr. fari fram með þeim tíma, sem l. áskilja að sé við eldhúsdagsumr. í sambandi við fjárl., en nú eiga þær að fara fram í sambandi við allt annað mál eða ekkert mál, og þá er frávikið orðið talsvert. Og hvað verður þá það næsta?

Mér finnst óþarft að hafa þetta form, og við getum komið því fyrir með öðru móti, en þó á þann hátt, að það verði ekki síðar notað af öðrum mönnum til að ganga enn lengra.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég skal vera fáorður. Ég vil aðeins geta þess, að ég skil varla, hvaða hálmstrá hv. 1. þm. Árn. talaði um í sambandi við mín orð. Ég held það hljóti að vera eitthvert hálmstrá, sem hann er að reyna að hanga á, þótt ég sjái ekki, hvert það hálmstrá sé. Það er búið að veita afbrigði frá því að hafa eldhúsdagsumr. við 1. umr., og þingsköp gera ekki ráð fyrir þeim við neina aðra umr. fjárl., og þykir mér því undarlegt, að hv. 1. þm. Árn. skyldi gera þessar athugasemdir út af mínum fáu orðum, þegar ég var honum að miklu leyti sammála og vildi hafa eldhúsdagsumr. eftir nýár í sambandi við eitthvert annað mál. Ég veit ekki eiginlega, um hvað hv. þm. er að deila.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa yfir því, að hæstv. forseti ræddi við mig um að veita þessi afbrigði, og lagði ég það fyrir þingflokk Alþfl., og vorum við sammála um að veita afbrigðin, og hélt ég, að það lægi ljóst fyrir, að svo væri um alla þingflokkana. Ástæðurnar til þess, að við töldum rétt að fresta eldhúsdagsumr., voru aðallega tvær. Í fyrsta lagi töldum við ekki viðeigandi, að þessar umr. færu fram rétt fyrir jólin, og í öðru lagi var það, að þótt stefna hæstv. ríkisstj. sé nú orðin nokkuð skýr, þá töldum við heppilegt fyrir stjórnarandstöðuna, að hún kæmi enn skýrar fram fyrir eldhúsdagsumr.

Út af hinum almennu umr. um málið vil ég aðeins segja það, að ákvæðin um eldhúsdagsumr. eru fyrst til orðin fyrir venju, en síðan sett inn í þingsköp, og eru þau ákvæði að mínum dómi mjög sveigjanleg. Upphaflega var þetta gert til að gefa stjórnarandstöðu og þm. almennt tækifæri til að gagnrýna gerðir og stefnu ríkisstj. á hverjum tíma, og var þetta víðast hvar á Norðurlöndum sett í samband við afgreiðslu fjárl., en það er að mínu áliti hálfgert aukaatriði, hvort þessar umr. fara fram í sambandi við fjárl. eða ekki, og nú er búið að víkja frá að hafa þessar umr. við 1. umr., og þá sé ég ekkert á móti því að hafa þetta síðar á þinginu, og ég tel yfirlýsingu hæstv. forseta fullgilda tryggingu fyrir því, að réttur verði ekki brotinn á stjórnarandstöðunni, og er ég reiðubúinn til að greiða atkv. með þessum afbrigðum eftir umtali við hæstv. forseta og samkvæmt samkomulagi við mína flokksbræður.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Út af þessum umr. vil ég aðeins taka það fram, að Alþingi verður sjálft að ákveða um það tiltölulega veigalitla atriði, hvenær eldhúsdagsumr. skuli fara fram. Hæstv. forseti hefur rætt þetta mál við mig, og ég ræddi það við báða form. Framsfl., form. flokksins og form. þingflokksins, og töldu þeir báðir, að þetta væri vel ráðið, að fresta eldhúsdagsumræðum. Í þingflokki Sjálfstfl. voru og allir á einu máli um þetta vegna þess, að þegar svona stutt væri til jóla, þá mundu menn almennt ekki hlusta mikið á eldhúsdagsumr., og enn fremur töldum við að þetta væri fremur illa valinn tími til að þm. skeyti skapi sínu hver á öðrum, eins og venja er til við slíkar umr. Held ég svo, að æskilegast sé að hafa þessar umr. ekki lengri, heldur láta atkv. skera úr um þessi afbrigði. Þá geymum við okkur rétt til og getum hlakkað til þess að sýna fram á, hvað ríkisstj. er slæm og hve stjórnarandstaðan hefur verið lin og úrræðalaus. (**StJSt:** Það verður gagnkvæm tilhlökkun.)

Forseti (JPálm): Út af tilmælum hv. 2. þm. Reykv. skal ég lofa honum því, að ég mun ræða við hann og form. hinna þingflokkanna um formið á þessu, en nú verða atkv. látin ganga um það, hvort þessi afbrigði skuli veitt.

ATKVGR.

Þau afbrigði frá þingsköpum að fresta eldhúsdagsumr. þar til síðar leyfð og samþ. með 28:2 atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur, síðan 2. umr. var lokið, athugað allar brtt., sem fram komu við 2. umr. frá einstökum þm., og þá sérstaklega þær brtt., sem teknar voru aftur til 3. umr. N. hefur einnig farið yfir öll erindi, sem til hennar hafa borizt eftir 2. umr., og borið undir atkv. Vegna alls þessa hefur n. leyft sér að bera fram allmargar brtt. á þskj. 393, og skal ég nú gera nokkra grein fyrir þeim.

1. brtt. er við 11. gr., að veitt sé til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju framlag að upphæð 125 þús. kr. Þetta er till. frá hæstv. ríkisstj., og leggur n. til, að þetta verði samþ. Hækkar þá þessi grein um þá upphæð.

2. brtt. er við 13. gr., um að fella niður 20 þús. kr. framlag til Breiðdalsheiðarvegar, en taka upp sömu upphæð til Súgandafjarðarvegar, og um það er 3. brtt. Þetta er gert í samræmi við óskir hv. þm. V-Ísf. og hefur engin áhrif á afgreiðslu fjárl. — 4. brtt. er aðeins leiðrétting, og sama er að segja um 5. og 6. brtt., og hafa þær ekki áhrif á afgreiðslu fjárl. — 7. brtt. er einnig nánast leiðrétting. Hún er um að færa frá Geithellnavegi 25 þús. kr., en taka í þess stað upp nýjan lið, Fagradalsbraut, með sömu upphæð. Þetta er gert samkv. óskum frá hv. þm. S-M., og væntir n., að þetta verði samþ. — 8. brtt. er einnig við 13. gr., um að hækka framlag til vegaviðhalds um 1 millj. kr. samkv. ósk vegamálastjóra og í samráði við hæstv. ríkisstj. Ég minntist á það við 2. umr., að upphæðin í frv. væri of lág. Er þetta viðurkennt, og því er lagt til að hækka þennan lið, eins og segir í brtt. — 9. brtt. er aðeins leiðrétting, sem hefur engin áhrif, og sama er að segja um 10. og 11. brtt. — 12. brtt. er einnig við 13. gr., um að hækka um 100 þús. kr. framlag til kaupa á áhöldum fyrir vitamálastjórnina, og er þetta gert í samráði við hæstv. ríkisstj. — 13. brtt. er aðeins tilfærsla, þannig að framlag til hafnarbóta í Neskaupstað hækkar um 15 þús. kr., en lækkar um 10 þús. kr. á Djúpavogi og um 5 þús. kr. á Mjóafirði. Þetta er aðeins tilfærsla milli hafna innan Suður-Múlasýslu, gerð eftir óskum þm. kjördæmisins, og væntir n., að þetta verði samþ. — 15. brtt. er um að hækka framlag til Grímseyjar úr 4 þús. kr. í 46 þús. kr. Eftir till. vitamálastjóra var framlagið til Grímseyjar sett 4 þús. kr., en nú milli umr. kom oddviti Grímseyjar á fund n. og lagði

fram gögn um skemmdir á hafnarmannvirkjum, sem taldar eru stafa af óvandvirkni þeirra, sem byggðu hafnarmannvirkin. Nefndin sendi málið til umsagnar vitamálastjórnarinnar og fékk þaðan skýrslu, sem ber það með sér, að skemmdirnar eru a. m. k. ekki Grímseyingum að kenna, og virðast þær stafa af óvandvirkni þeirra, er gerðu mannvirkin, og sýnist sem það sé viðurkennt af vitamálastjóra. Þetta hefur þrásinnis komið fyrir áður um slík mannvirki, en ég vænti þess, að slíkt verði fyrirbyggt í framtíðinni. Vitamálastjóri hefur svo lagt til, að framlagið verði 46 þús. kr. til viðbótar 50 þús. kr., sem áður eru veittar, en hvort þessar 46 þús. kr. áttu að bætast við hinar upphaflegu 4 þús. kr., varð ekki glöggt séð, en ekki er gert ráð fyrir því, svo að heildarupphæðin er áætluð 46 þús. kr. Í sambandi við þetta vil ég benda á, að það liggja enn þá fyrir óskir frá Bolvíkingum um að bæta tjón, sem talið er vera af sömu orsökum og í Grímsey, þ. e. af óvandvirkni, og hafi þeir, sem unnu að hafnarmannvirkjunum þar, framkvæmt verkið þvert ofan í mótmæli heimamanna, en þetta er þó ekki viðurkennt af vitamálastjóra. Ef allar brtt. n. við 13. gr. verða samþ., hækka útgjöldin á þeirri gr. um 1 millj. 142 þús. kr.

17. brtt., við 14. gr., er um að hækka framlag til íslenzkra námsmanna erlendis um 20 þús. kr., þeirra, sem ekki fá styrk, sem menntamálaráð úthlutar. Til þessa var einnig veitt fé í fyrra, og þessi till. er lögð fram í samráði við hæstv. ríkisstj. Af heildarupphæðinni, 1275 þús. kr., eiga 400 þús. kr. að renna til námsmanna í Ameríku og Sviss, og skal upphæðinni skipt af menntamálaráði í samráði við hæstv. menntmrh. — Þá er í 18. brtt. lagt til að veita 6 þús. kr. til tímaritanna „Menntamál“ og „Heimili og skóli“. Þetta hefur verið svo mörg undanfarin ár, og þótti rétt að halda því nú. — 19. brtt. er um að veita 5 þús. kr. byggingarstyrk til húsmæðraskóla Ingibjargar Jóhannsdóttur á Löngumýri. Þetta hefur einnig verið áður, og þótti sömuleiðis rétt að taka það upp nú. — Ef allar brtt. n. við 14. gr. verða samþ., hækka útgjöldin á þeirri gr. um 211 þús. kr.

20. brtt. er um að hækka framlag vegna samningar íslenzkrar orðabókar um 15 þús. kr., og er það skv. ósk hæstv. menntmrh., og 21. brtt. er um að veita Stúdentaráði Háskóla Íslands 10 þús. kr. vegna stúdentaskipta o. fl. Þessi upphæð hefur verið í fjárl. undanfarin ár, og þótti rétt að hafa svo enn. — 22. brtt. er um að hækka styrk til Þórarins Jónssonar tónskálds úr 5 þús. kr. í 10 þús. krónur. Þessa upphæð þótti rétt að hækka, þar sem fyrir lá, að þessi listamaður mundi ekki hafa á miklu öðru að lifa en þessum styrk, og er þetta þá gert í þeirri von, að þjóðin fái þetta endurgreitt í nýjum listaverkum. — 23. brtt. er um að veita 10 þús. kr. til tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Þetta var samþ. í n. fyrir 2. umr., en féll þá niður úr brtt. n. — 24. brtt. n. er um að veita Guðmundi Elíassyni myndhöggvara 6 þús. kr. styrk. Guðmundur stundar nú nám í París, og er hann talinn mjög efnilegur. Hann hefur haft þennan styrk áður, og þótti rétt, að hann héldi honum nú. — 25. brtt. er við annan kostnað á 15. gr. B.VII.2, þ. e. sjómælingar, svo að þær geti haldið áfram. Gert er ráð fyrir að hækka þennan lið um 40 þús. kr., og er það gert í samráði við hæstv. ríkisstj. — Ef allar brtt. n. við 15. gr. verða samþ., hækka útgjöldin á þeirri gr. um 86 þús. kr.

26. brtt. er við 16. gr. og er aðeins leiðrétting á athugasemd. — 27. brtt. er um að veita 2 þús. kr. til fyrirhleðslu á þrem jörðum í Dalasýslu, og þótti rétt að verða við þeirri málaleitun. — 28. brtt. er um að veita 10 þús. kr. til framræslu á löndum ríkisins í Hornafirði. — Um 29. brtt., a-lið, um að veita Jóni Guðbrandssyni 5 þús. kr. styrk til dýralækninganáms, vil ég taka fram, að hæstv. fjmrh. hefur óskað eftir, að hún væri athuguð fyrir lok umr., og skal ég verða við þeirri ósk. Sömuleiðis um b-liðinn, sem er um sams konar styrk til Sverris Markússonar. — 30. brtt. er um að veita til rannsókna á garnaveiki 150 þús. kr., og er þetta í sambandi við sauðfjárveikivarnirnar. Þetta er gert í samráði við hæstv. ríkisstj., og gert er ráð fyrir, að þessi upphæð hverfi, þegar fjárskiptum er lokið alls staðar á landinu. — 31. brtt. er um að hækka framlag vegna tilrauna með nýjar síldveiðiaðferðir úr 350 þús. kr. í 500 þús. kr., og er þetta gert í samráði við hæstv. ríkisstj. Fyrir n. lá ýtarleg skýrsla frá hæstv. atvmrh., þar sem sýnt er fram á, að raunverulega þurfi mun hærri upphæð en hér er lagt til. Það eru miklar vonir bundnar við það, að góður árangur náist af þessum tilraunum, og þykir því rétt að hækka þetta framlag. — 32. brtt. er tekin upp, en hún var flutt af hv. þm. N-Ísf., en hann lagði til, að þessi upphæð yrði tekin inn á 22. gr., heimildagreinina, en n. þótti rétt að taka þetta beint inn í rekstrarútgjöldin, og er því lagt til að taka upp 30 þús. kr. framlag til hlutatryggingasjóðs sjómanna og útvegsmanna í Bolungavík til þess að mæta framlagi þeirra á árunum 1939—44, og vænti ég, að þetta verði lokagreiðsla, og er hér með viðurkennd viðleitni þessara aðila til að vera sjálfbjarga meðan Alþingi gerði ekkert í þessum efnum. — 33. brtt. er um að fella niður tilefnislausa athugasemd, sem staðið hefur af vangá við liðinn um iðnskólabyggingu í Reykjavík undanfarin ár. — Ef allar brtt. n. við 16. gr. verða samþ., hækka útgjöldin á þeirri gr. um 352 þús. kr.

34. brtt. er við 17. gr., um að hækka framlag til vatnsveitna um 50 þús. kr. Þetta er gert í samráði við hæstv. ríkisstj. og til þess að mæta brtt. frá hv. þm. Snæf., sem teknar voru aftur við 2. umr. — 35. brtt. er um að taka upp nýjan lið, kostnað við ráðstafanir vegna ófriðarhættu, að upphæð 500 þús. kr. Þótti hæstv. ríkisstj. rétt að hafa þetta ákvæði, og hefur n. fallizt á það. B-liður þessarar brtt. er um að leggja fram 60 þús. kr. til alþjóðaberklaveikivarna, og er það einnig gert í samráði við hæstv. ríkisstj. Ef allar brtt. n. við 17. gr. verða samþ., hækka útgjöldin á þeirri gr. um 610 þús. kr.

36. brtt. er til leiðréttingar á 18. gr. Þar er fellt niður nafnið Einar Straumfjörð, en hækkuð laun til Guðmundar Eggerz og Þorsteins Þorsteinssonar hagstofustjóra og nokkrir nýir liðir teknir inn í samráði við þær stofnanir, sem mennirnir hafa unnið hjá. — Í 37. brtt. er enn fremur gert ráð fyrir að bæta inn nokkrum einstaklingum, einkum ekkjum. Ég vil sérstaklega minnast á Ástu Jaden, sem er tekin samkv. ósk frá einum hv. þm. En eftir upplýsingum frá honum hafa Jadenhjónin haldið uppi mikilli rausn og risnu fyrir Íslendinga. Þótti því rétt að taka þetta inn á gr. sem viður-

kenningu á starfi þeirra. — Ef allar brtt. n. við 18. gr. verða samþ., hækkar gr. um 130303,50 kr., þegar dreginn er frá sparnaðurinn við þá niðurfellingu, sem ég lýsti áðan.

Rekstrarhagnaður á fjárl. lækkar um rúmar 2 millj. og 300 þús. kr., ef allar till. n. verða samþ.

38. brtt. er aðeins leiðrétting, — en 39. brtt. er um að taka upp 100 þús. kr. vegna byggingar sementsverksmiðju, og er það gert í samráði við ríkisstj.

40. brtt., við 22. gr., er nýr liður um það að ábyrgjast lán, allt að 3 millj. kr., til greiðslu á eftirstöðvum byggingarkostnaðar þjóðleikhússins, enda verði tekjur byggingarsjóðs þjóðleikhússins veðsettar fyrir lánunum. Þetta er gert samkv. ósk fjmrh., og er ekki talin nein hætta fyrir ríkissjóð, að þetta sé gert, vegna þess að tekjur standa í veði fyrir þessum skuldum og verða látnar ganga til þess að greiða af þeim vexti og afborganir.

Þetta eru þá þær brtt., sem fjvn. ber fram, og vænti ég þess, að þær verði samþ.

Rætt var um það í n. að taka inn þrjú atriði á fjárl., en um það varð ekki samkomulag.

1. atriðið er kostnaður við fjárhagsráð. Það hefur verið á fjárl. áður, og hefur þurft mikið fé til þessarar stofnunar, en fram hafa komið á móti sérstakar tekjur til að mæta útgjöldum. Ráðh. taldi ekki ástæðu til að taka þetta upp nú, vegna breytingar, sem fyrirhuguð er á þessari stofnun.

Þá er það 2. atriðið, sem er um það, hvort ekki ætti að taka þjóðleikhúsið inn á fjárl. Það hefur ekki verið gert nú, og m. a. ekki fengizt um það samkomulag að greiða þau laun, sem búið er að semja um, og fjvn. telur enga heimild hafa verið til að gera þennan samning á þann hátt, sem gert hefur verið, og n. hefur ekki viljað samþ. slíkt með því að taka þetta inn á fjárl., og ég vil óska, að ráðherra athugi, hvort heimild sé til þessa.

3. atriðið er um framkvæmdir af fé brúasjóðs. Samkv. lögum á Alþingi að skipta þessu fé, og væri eðlilegast að taka upp brúasjóðsframlagið á fjárl. og setja síðan inn á fjárl. ákvörðun um skiptingu þess. Þetta hefur ekki verið gert nú, en till. liggja fyrir hjá fjvn. um skiptingu þessa fjár. En þetta hefur ekki verið gert vegna ágreinings í n., heldur vegna óska einstakra nm., en ég álít, að þetta eigi að fara inn á fjárl., og það væri þá einnig samkv. fyrirmælum laganna.

Hæstv. fjmrh. ber hér fram brtt. á þskj. 394, og mun hann þá væntanlega gera grein fyrir þeim sjálfur, en ef allar þessar till. verða samþ., hækkar gjaldahliðin um 630 þús. kr., og hefur þá farið nokkuð af þeim hagstæða greiðslujöfnuði, sem menn hafa gert ráð fyrir, og meira en æskilegt má teljast. — Á frv. var 1 millj. og 500 þús. kr. hagstæður greiðslujöfnuður eftir 2. umr., og er sýnilegt, að alla aðgæzlu þarf að hafa í sambandi við afgreiðslu fjárl., ef hann á ekki allur að fara nú. — Í sambandi við þetta vil ég benda á, að hér er gert ráð fyrir að taka 3 millj. kr. lán, og verður því að áætla tekjur 3 millj. kr. hærri.

Nefndin hefur ekki séð sér fært að taka upp aðrar brtt., sem teknar voru aftur til 3. umr., og mæla með, að þær verði samþ.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil til að byrja með þakka fjvn. fyrir góða samvinnu. Annars get ég verið fáorður um mínar brtt., því að fyrir þeim öllum var gerð grein á þingfundi í gær.

Hér á þskj. 394 eru till. til hækkunar, og er miðað við sama tekjuauka og ég áætlaði í gær, eða 9½ millj. kr. 6. brtt. er um almannatryggingar, að fyrir 17300000 kr. komi 18750000 og fyrir 4800000 komi 5 milljónir. Þetta er gert vegna þess, að ef greiða á hærri verðlagsuppbót en 115, verður ekki hjá því komizt að greiða hærri styrk, og er hér lögð til 1550000 kr. hækkun. — Hækkun til sjúkrasamlaga er áætluð 200 þús. kr., og er samkomulag um það milli hv. meiri hl. fjvn. og fjmrh., en um þetta er nú fjallað í Ed.

7. liður er um vantalda verðlagsuppbót, 5 millj. kr., og svo ákveðið, að greiða skuli verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna miðað við vísitölu 122. Það er stefna ríkisstj. í þessu vandamáli að lögbjóða ekki frekari uppbætur en hér er gert, miðað við 122, og mun koma um þetta brtt. í Ed. um að breyta gildandi lögum. Ákveðið var að greiða laun opinberra starfsmanna fyrir næsta ár með 122 vísitölustigum. Allir sjá, að það er enginn ávinningur að því að lögbjóða hærri launauppbætur. Laun hafa hækkað um 22% eftir gengisbreytinguna, en það verðlag, sem útflutningsframleiðendur þurfa við að búa, er óbreytt. Það er augljóst, að launahækkanir hljóta að koma fram, en um niðurstöðurnar af þessu má vísa til skilmerkilegrar skýrslu samtaka launþeganna, sem ekki verður um deilt. Annars er nægilegt í þessu sambandi að vísa til þess, að í löndum, sem næst eru okkur, er þessu þannig fyrir komið, að reynt er að miða greiðslur við það, sem þjóðarbúskapurinn getur staðið undir, og nægir að vísa til ráðstafana, er nýlega voru gerðar í Noregi og í öðrum löndum. En um uppbæturnar verður rætt nánar í sambandi við löggjöf, sem er í undirbúningi, þess efnis, að lögbjóða ekki atvinnurekendum að greiða meira en 122 stig, og geta þeir þá gert það upp við sjálfa sig, hvað bezt er að gera í þessu undir ýmsum kringumstæðum. En hins vegar sé ákveðið, að það sé ekki forsvaranlegt fyrir ríkisstj. að lögbjóða frekari uppbætur.

Loks er lagt til í 8. brtt., við 20. gr. frv., að veita 1 millj. kr. til byggingar áburðarverksmiðju. Verið er að vinna að því að koma þessu af stað, en endanlegt samkomulag um málið hefur ekki náðst, en mér þykir sjálfsagt, að Alþingi sýni áhuga sinn í þessu máli og veiti nú í fyrsta sinn fjárupphæð til þess, en eins og menn muna, þá á ríkissjóður að setja 6 millj. kr. í stofnkostnað verksmiðjunnar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta eða ræða um aðrar till., nema eina brtt., sem nú er í prentun. Það er till. frá 8. þm. Reykv. o. fl. um að veita ekkju séra Árna heitins Sigurðssonar eftirlaun. Ég hafði hug á að flytja þessa till. sjálfur, en af vangá var það ekki gert. Ég vil eindregið leggja til, að hún verði samþ., en hún er um 6 þús. kr. eftirlaun til ekkjunnar. Mér þykir vel við eiga, að þessari ekkju verði greidd eftirlaun, þó að maður hennar væri ekki starfsmaður ríkisins, en hann var útvarpsprestur um leið og hann var fríkirkjuprestur, og finnst mér vel við eigandi að veita ekkju hans stuðning. Fjvn. vildi ekki taka þessa brtt. upp af prinsípástæðum, en mér finnst þetta ekki geta skapað neitt slæmt fordæmi, auk þess sem

ég sé, að fjvn. leggur til að veita konum eftirlaun, sem eru ekkjur manna, sem ekki störfuðu í þjónustu ríkisins.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Hv. form. fjvn. gat þess, að það væri í heimildarleysi, að laun starfsmanna þjóðleikhússins væru greidd á þann hátt, sem nú er gert, en ég vil benda honum á það, að samkv. 4. gr. laganna um þjóðleikhús segir, að laun skuli greidd samkv. launalögum, en þangað til það verði gert, skuli þau ákveðin af menntmrh. með hliðsjón af launalögum. En það er ljóst, að það er flokkur manna, sem ekki hefur hliðstæðu í launalögunum, þ. e. leikarar, og má um það deila, í hvaða flokki þeir eigi að vera. Ég tel, að þeir eigi að fá verðskuldað laun, þótt ég játi, að það sé erfitt að fylgja því.

Í sambandi við vísitöluuppbótina kemur fram brtt., sem ég ber fram, og skýrir hún málið í sambandi við það, sem hv. 2. þm. Reykv. spurði hér um. En brtt. mín hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Frá 1. febr. 1951 skulu laun ekki taka breytingum samkv. ákvæðum þessara laga.“ Frá 1. ágúst 1951 skulu þau ekki taka breytingum, og því er þetta borið fram.

Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Eins og kunnugt er, beindi hv. fjvn. þeirri ósk til samvinnunefndar samgöngumála, að hún tæki aftur brtt. sína um styrk til flóabáta. Samvinnunefnd gerði þetta, en síðan hefur ekkert gerzt í þessu annað en það, að ég hygg, að hv. fjmrh. og fjvn. hafi séð það, að þessu máli mátti trauðla á annan veg haga en n. hafði lagt til. N. hefur því lagt fram till. sína á ný, og vænti ég, að hún nái fram að ganga.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Mig langar til að minnast hér á örlitla brtt., sem ég flyt. Það er búið að útbýta brtt. við 15. gr. um að veita Leikfélagi Reykjavíkur 30 þús. kr. styrk. Það hefur notið svipaðs styrks undanfarið, enda hefur það greinilega sýnt í verki þá þýðingu, sem það hefur haft fyrir menningu þjóðarinnar í 53 ár, og finnst mér illa farið, ef þingið styður ekki þessa stofnun áfram. Það eina, sem veldur því, að það er ekki tekið á fjárl., er það, að nú hefur þjóðleikhúsið tekið til starfa, og virðist þetta e. t. v. ekki óeðlilegt við fyrstu sýn. En ég er á öðru máli um þetta og álít, að það bezta, sem við getum gert fyrir þjóðleikhúsið, til að auka aðsókn að því og velmegun þess, sé að lofa þessum litla frjóanga að lifa við hlið þess. Það er rétt, að í auðugum löndum, þar sem ríkið rekur leikhús, njóta einkaleikhús einnig stuðnings frá ríkinu. Ég veit, að þetta er svona, og ég veit líka, að það er litið svo á, að slík starfsemi sé beinlínis æskileg í sambandi við þjóðleikhúsið í Bergen t. d., þannig að þeir fengu sérstakt húsnæði skammt frá hinu ríkisstyrkta leikhúsi, þar sem hinir ungu leikarar fengu tækifæri til að njóta sín. Þetta gafst mjög vel. Einnig er það álit margra þeirra manna, sem til þekkja og vit hafa á þessum málum og eru kunnugir leiklist, að leiksýningar í Iðnó mundu ýta undir menn með að fara í þjóðleikhúsið. Menn mundu tala um báðar þær sýningar, sem þarna færu fram, og menn mundu fá áhuga á að sjá þær og bera þær saman, og þetta mundi allt verða til þess, að menn veittu þessum efnum meiri athygli. Ég skal ekki fara miklu fleiri orðum um þetta. Ég man ekki betur en það sé tekið fram í þeirri beiðni, sem Leikfélag Reykjavíkur sendi fjvn., að þessi styrkur geri ekki betur en jafngilda því, að þetta leikfélag væri undanþegið skemmtanaskatti, og ég fæ ekki séð, að það sé réttlæti að íþyngja hinum ungu leikurum með skemmtanaskatti til þess að standa undir kostnaðinum af framfærslu hinna eldri. Að mínu viti er það mjög æskilegt, að þessir ungu kraftar fái skilyrði til að njóta sín og þeim sé gert fært að ná þeirri hæfni, sem mögulegt er. Síðan munu þeir berast til þjóðleikhússins og prýða það starf, sem þar er unnið. Að lokum vil ég segja það, að ég mun greiða mitt atkv. með því, að þessi starfsemi þurfi ekki að leggjast niður. Það er enginn vafi á því, að fái Leikfélagið engan styrk, þá verður það að haga starfsemi sinni með allt öðrum hætti. Það yrði þá að hafa einfaldari og ekki eins göfgandi leikrit til meðferðar. Tilgangurinn að þjóna listinni mundi þá hverfa fyrir því að flytja eitthvert léttmeti, sem líklegast væri til að þéna peninga á. Þetta vona ég að þm. geti skilið og samþykki þessa litlu og hógværu till. mína, sem ég flyt af minni litlu þekkingu, en miklu ást á leiklist yfirleitt.

Ég vil að öðru leyti segja það, að ég tek undir það, sem hér hefur verið sagt af hendi ríkisstj. um afgreiðslu fjárl., og ég þakka fjvn. fyrir hennar meðferð á fjárl., þar sem hún hefur haft það fyrir megingrundvöll, að fjárl. séu afgr. með ýtrustu varfærni. Það má auðvitað deila um það, hvað tekjur muni verða miklar, en ég veit, að það verður varla of langt gengið í áætlun þeirra, og það er margsönnuð staðreynd, að ef okkur mistekst í meðferð þeirra, þá er allt annað starf okkar unnið fyrir gíg. Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um þetta.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Fyrst enginn ætlar að nota tímann, þá ætla ég að segja nokkur orð. Ég vildi í sambandi við ræðu menntmrh. út af þjóðleikhúsinu spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort ekki væri heppilegra að greiða sérhverjum starfsmanni sín ákveðnu laun. Hvers vegna eru l. um þetta efni höfð svo óljós? Ég vil benda á það í sambandi við þetta, að ég sé ekki samræmi í því, að þjóðleikhússtjóra séu greidd hærri laun en yfirverkfræðingi. Ég geri nú varla ráð fyrir því, að leikhússtjóri eða leiksviðsstjóri séu svo miklir listamenn, að þeir fari í þann flokk, en hitt getur svo verið, að alþm. vilji, að þeir hafi hærri laun, og þá er bezt að fá úr því skorið á þingi, hvað þeir skuli hafa í laun, og þá er hægt að taka þau inn á fjárl. Ég hef að vísu alltaf haft aðra skoðun á launalögunum en aðrir þm., og skal ég ekki fjölyrða frekar um þau hér.

Út af ræðu hv. frsm. samvn. samgm. vil ég mótmæla þeirri skoðun, sem þar kom fram. Hann sagði, að fjvn. hefði fallizt á að taka till. hennar upp óbreytta. En hvorki fjmrh. né aðrir hafa viljað ræða þetta við n. Það er hægt að spara þarna allmikið fé, ef vilji er fyrir hendi til sparnaðar, en sá vilji virðist ekki vera til staðar hjá hv. frsm. samgmn. né ráðherra, þó að hann vilji spara á öðrum sviðum. Því hefur fjvn. ekki tekið þessa

till. upp, og hún mælir þá heldur ekki með, að till. sé samþ. óbreytt. N. lætur það algerlega afskiptalaust.

Till. í sambandi við ekkju Árna Sigurðssonar mun ég ræða um síðar, en verið er að leita upplýsinga um það mál í samráði við ríkisstjórnina.

Að síðustu vil ég segja það í sambandi við beiðni Leikfélags Reykjavíkur, að hún var tekin fyrir hjá fjvn., en fékk ekki fylgi, en ég geymi mér rétt til að fylgja þeirri till. Ég hef reynt að kljúfa ekki fjvn. og standa á móti öllum öðrum till., en þetta finnst mér vera svo mikið sanngirnismál, að ég áskil mér rétt til að hafa þar óbundnar hendur. Og það er misskilningur, að þetta sé fram borið til að lækka nokkuð gengi þjóðleikhússins. Í fyrsta lagi elur það upp nýja leikkrafta handa þjóðleikhúsinu, og í öðru lagi er það fjárhagslegur styrkur fyrir það, því að af hverri krónu fær þjóðleikhúsið ákveðinn hluta, og ef nægilega mörg leikhús væru til að starfa sjálfstætt, þá væri létt þeirri byrði af ríkissjóði að halda þjóðleikhúsinu uppi. Af þessari ástæðu vil ég geyma mér rétt til að greiða mitt atkv. með þessari till.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vil endurtaka út af ummælum hv. form. fjvn., að ég tel fulla heimild í l. til að greiða laun þjóðleikhússtjóra. Ég skal ekki fara að deila um það, hverju embætti þjóðleikhússtjóra sé hliðstætt, en hann hefur sömu laun og útvarpsstjóri og fleiri, og satt að segja finnst mér ekki að þjóðleikhússtjóri ætti að standa á lægra stigi. — Einnig vil ég taka það fram um þá till., sem atvmrh. bar fram um styrk til Leikfélags Reykjavíkur, að ég álít nauðsynlegt að styrkja leikflokk, sem standi utan þjóðleikhússins, — ekki af því, að ég vilji þjóðleikhúsinu ekki vel, heldur af því, að ég vil því vel, því að þessi staður, sem þessir ungu leikarar starfa á, á að vera lindin, sem þjóðleikhúsið dregur til sín næringu frá. Það hefur sýnt sig, að þjóðleikhúsið hefur orðið að taka krafta, sem utan þess standa, og það á að sjá til þess, að þeir leggist ekki niður sakir fjárskorts.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég mun ekki fara langt út í umr. að þessu sinni, þó að tilefni væri til þess út af yfirlýsingu hæstv. fjmrh. um, að ríkisstj. mundi nú leggja fram brtt. í samræmi við frv., sem nú er til umr. í Ed., um breyt. á gengisskráningarl., og í þeirri brtt. yrði ákveðið, að kaupgjaldsvísitalan skyldi haldast hin sama eins og hún var 1. des. s.l., 122—123 stig, þannig að ekki yrði einu sinni látin gilda þau lagafyrirmæli, sem nú eru í l. um, að kaupgjaldsvísitalan hækki. Eins og allir sjá, þá á þetta að gilda um alla starfsmenn ríkisins og kemur til með að binda vísitöluna gagnvart þeim, þannig að engin hækkun kemur fram á þeirra launum, og gagnvart þeim öðrum, sem ekki eru launþegar ríkisins, þá þýðir þetta, að ríkið fellur frá því að lögbjóða eins og nú er, að kaup skuli hækka hlutfallslega við vísitölu, og lætur þannig verða samningsatriði eða deiluatriði milli atvinnurekenda og verkamanna, hvernig um vísitöluuppbótina og grunnkaupið fer. Það þýðir, að ríkisstj., sem lofaði í grg. fyrir gengislækkunarl., að það yrði allt komið í nokkuð rétt og eðlilegt horf eftir svo sem 6 mánuði, hefur gefizt upp við að bæta upp afleiðingarnar af vaxandi dýrtíð. — Út af því, sem hæstv. ráðh. lýsti yfir, að þetta stafaði af óbreyttu verði á útflutningi, vil ég taka það fram, að þetta er ekki rétt. Það er í fyrsta lagi hægt að fá hærra verð en nú hefur fengizt, og ríkisstj. hefur sýnt sig í því að selja fyrir lægra verð en hægt er að fá. Hvað snertir þessa ráðstöfun gagnvart launþegum ríkisins, þá er eðlilegt að skoða þetta sem beina afleiðingu af því, að launþegar ríkisins hafa að miklu leyti valið sér til forustu menn úr stjórnarflokkunum. Einn höfundur gengislækkunarl. og sá maður, sem undirbjó þau, er form. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og vitanlega hafa Sjálfstfl. og Framsfl. sterk ítök í þessum starfsmannasamtökum, og það er eftirtektarvert, að hæstv. ríkisstj. og þessir stjórnarflokkar sjá sérstaka ástæðu til að refsa þeim mönnum og samtökum, sem hafa verið svo vitlaus að trúa þessum flokkum fyrir forustu í sínum hagsmunamálum, og því verða það launþegarnir, sem eiga sitt réttlæti undir þessum flokkum, sem muna eftir þessu. Hvað snertir aðra launþega, þá sem ekki starfa hjá ríkinu, þá er rétt að muna, að þeir stjórnmálaflokkar, sem nú eru við völd, höfðu samstarf við Alþfl. um það að reyna að halda meiri hluta í Alþýðusambandinu, og í fyrsta skipti, sem Sjálfstfl. og Framsfl. hafa nokkur ítök í alþýðusambandsþinginu, þá samþykkir þetta þing einróma að krefjast þess, að útborgað sé mánaðarlega kaup í hlutfalli við vísitölu; og nú er svarið, sem Alþýðusambandið fær, hinn svokallaði lýðræðislegi meiri hluti: Þið skuluð engar kaupuppbætur fá frekar en orðið er, ef við megum ráða. — Þetta vildi ég aðeins segja út af ræðu hæstv. fjmrh., fyrst hann kaus að gefa yfirlýsingu um þetta við þessa umr. Annars verður þetta tekið til umr. í sambandi við lagabreyt., þegar hún kemur fyrir, og mun ég þá marka mína afstöðu.

Þá eru það nokkur orð viðvíkjandi því, sem hv. frsm. fjvn. sagði. Hann skýrði frá því, að fjárhagsráð væri ekki tekið með í þessi fjárl. Það hefði verið viðkunnanlegra af hæstv. ríkisstj. að reyna að vera til með þessar bollaleggingar, sem hún er með viðvíkjandi fjárhagsráði, svo framarlega sem það er meiningin að fara að gera einhverja stórbreyt., t. d. að gefa viðskiptin frjáls; það hefði þurft að gera um áramót. Hins vegar ber að fagna því, að ríkisstj. skuli í raun og veru hrökkva undan þeirri vaxandi óánægju, sem er með þessa einokun, sem fjárhagsráð hefur verið aðaltæki ríkisstj. til að koma á.

Þá minntist hv. form. fjvn. enn fremur á þjóðleikhúsið. Mér þykir það dálítið einkennilegt mál, ef ríkið getur í raun og veru hugsað sér, að þjóðleikhús sé ekki rekið raunverulega á ábyrgð ríkisins. Það er a. m. k. ákaflega erfitt held ég að halda uppi eins mikilli menningarstarfsemi eins og eðlilegt er að tengja við svo mikla stofnun sem þjóðleikhús er, án þess að ríkið leggi þar raunverulega nokkuð fram. Það væri alveg sérstakt, ef hægt væri að reka það menningarfyrirtæki á þeim grundvelli, að það bæri sig. Það er aðeins undir einum kringumstæðum hægt að hugsa sér það, þ. e. ef það er virkilega almenn velmegun í þjóðfélaginu, þannig að menn hafi almennt efni á því — almenningur ekki síður en yfirstéttin — að fara í leikhús. Það var svo um tíma, að þjóðleikhús hefði

borgað sig vel, en með þeirri vaxandi fátækt, sem skipulögð er af hálfu ríkisstj., er vitanlegt, að starfsemi eins og þjóðleikhússins á ákaflega erfitt með að bera sig, enda hefur það sýnt sig í ríkum mæli, að aðsókn — beinlínis af fjárhagslegum ástæðum — er miklu minni að þjóðleikhúsinu í haust heldur en í vor og heldur en hefur verið undanfarin ár að leiksýningum. — Ég tók eftir því, að hæstv. fjmrh. hnaut um það, að fátæktin væri skipulögð af hálfu ríkisstj., en það er það, sem markvisst hefur verið starfað að af hálfu ríkisstj. og er alveg auðsjáanlega tilgangurinn með þeirri lagasetningu, sem hér er verið að setja í gegn, og það, sem er níðinglegast við þessa árás, það er, að fólkið fær ekki frelsi til þess að hreyfa sig. Svo framarlega sem fólkið fær frelsi til þess að koma sér upp framleiðslu, starfrækja sína framleiðslu og selja sína framleiðslu og beita sínum neytendasamtökum til að kaupa vörur inn í landið og reyna að gera það á þann hátt, að það borgi sig sem bezt, þá gæti maður sagt, að það væri ekki verið að ráðast á bundinn mann, heldur mann, sem gæti slegið frá sér. En nú er framleiðslustarfsemin heft í fjötra, og lítil klíka hér í Reykjavík er einráð í verzlunar- og atvinnulífinu og hvað fólkið fær að gera, og þó að þau bönd séu hörð og slæm, sem auður og völd binda fólkið, þá er þó enn þá harðvítugra það, sem við er að glíma nú, vegna þess að l. eru tekin í þjónustu þessarar einokunarklíku til að binda fólkið á þennan hátt á klafa. Þessum mönnum hefur tekizt á síðustu tveim árum að auka svona fátæktina hjá almenningi, eins og greinilega sést, ef menn þekkja inn á, hvernig fólkinu líður nú. — Ég ætla annars ekki við þessa umr. að fara út í neinar almennar deilur um fjárl.; ég gerði nokkra grein fyrir mínu sjónarmiði við 2. umr. málsins, og verður síðar tækifæri á þinginu til þess að ræða þessi mál almennt.

Vil ég þá aðeins minnast á nokkrar smáar till., sem ég er hér ásamt fleiri þm. meðflm. að, og verður þá máske gerð grein fyrir sumum þeirra seinna. Ég vil strax geta þess viðvíkjandi sumum till., að upphæðirnar eru engan veginn þær, sem við mundum álíta nauðsynlegt í þessum efnum, heldur þær, sem við gerðum okkur mestar vonir um, að eitthvað kynni að vinnast með að stilla svo í hóf sem þar er gert.

Fyrst er brtt. I. á þskj. 402, um að til útvarpsefnis hjá ríkisútvarpinu verði varið 1500000 kr. í stað 1 milljónar. Ég býst við, að það séu flestir sammála um það, að það sé ákaflega nauðsynlegt, að ríkisútvarpið geti vandað betur til dagskrárefnis en það gerir nú, og mér er kunnugt um það frá þeim tíma, sem ég starfaði í útvarpsráði, að það er alveg tilfinnanlegt, hvað erfitt er að fá marga af færustu menntamönnum þjóðarinnar, m. a. þá, sem beztir eru sem rithöfundar og fyrirlesarar, til þess að flytja erindi, nema hægt sé að borga þeim vel fyrir það, og það er eðlilegt, því að ég skil vel, að menn, sem leggja mikið starf í slík erindi og vilja ekki láta annað frá sér fara en það, sem er virkilega gott, þurfa að fá allvel greitt fyrir það efni, sem þeir láta í té. Það er því allt of mikið um það, að hinir og þessir menn, sem vanalega rubba upp erindum, koma og segja, ég skal flytja erindi. Útvarpsráð er í vandræðum með dagskrárefni, og ef þetta er sæmilegt efni, þá tekur útvarpsráð það, af því að það hefur ekki efni á að borga góð erindi. Þetta gildir ekki aðeins um erindi, heldur líka um annað efni. Það er því nauðsynlegt, að útvarpið fái meira fé til þess að geta greitt meira fyrir útvarpsefni og haft meira á boðstólum.

Næst er brtt. III. á sama þskj., 402. Það er till. um að koma nýjum lið inn á 12. gr. viðvíkjandi heilsuvernd og sjúkramálum, að byrjað sé að leggja fram til byggingar hælis fyrir vangæf börn, 500 þús. kr. Það hefur áður verið rætt um það hér á Alþ., hvað nauðsynlegt sé að hraða því að koma upp slíku hæli og fylgja eftir þeim almenna vilja, sem fyrir hendi er í þessu efni, og það er talað um nauðsynina á því að veita, þótt ekki sé nema lítið byggingarframlag í þessu skyni, og eins og allir vita, þá segja 500 þús. kr. ekki mikið, en það er ekki mikil von til þess, að hægt sé að fá fram meira framlag en það.

Þá er á sama þskj. brtt. XVIII. Hún er um að veita til bæjar- og sveitarfélaga til togarakaupa sem vaxtalaust lán 2 millj kr. Það er vitanlegt, að það eru nokkur bæjar- og sveitarfélög í landinu, sem sækja eftir því að geta fengið eitthvað af nýju togurunum, og við vitum, hvernig það er með þessi bæjar- og sveitarfélög. Þau hafa nægan mannafla, oft ágæta sjómenn, til þess að vinna á þessum togurum. Ýmis af þessum bæjar- og sveitarfélögum hafa nú þegar eignazt einn togara, nýsköpunartogara, og hafa þess vegna komið sér upp ýmsu af því, sem nauðsynlegt er til togararekstrar, og það var vitanlegt, þegar þær byggingar voru hafnar, að það var að vísu ópraktískt fyrir þessi bæjarfélög að byrja með einn togara, því að það er svo dýrt, og að það var miklu hægara um hönd að reka tvo togara. Það mundi verða mun ódýrari rekstrarkostnaður, vegna þess að það mundi vera sama stjórnin í landi á þeim, sama skrifstofan, sömu húsin fyrir saltfiskþurrkun, þannig að reksturinn nyti sín betur þegar togararnir væru tveir. Hins vegar er vitanlegt, að það, sem stendur þessum þorpum fyrir þrifum, er féleysið. Þau þurftu að klífa þrítugan hamarinn til að leggja fram framlög 1947—48 til þess að geta eignazt þessa togara, og hafa ýmis þeirra átt erfitt með að halda þeim. Nú eru þessir togarar dýrari en nýsköpunartogararnir voru, en hins vegar hefur ríkisstj. nú þegar boðið þessum bæjar- og sveitarfélögum að njóta þeirra kjara, sem ríkisstj. hefur sjálf í Englandi. En þó mun víða svo ástatt, að þar þarf að gera meira. Það er varla nema 1—2 bæjarfélög, sem geta borgað upp í togarana; það liggur við, að þau verði að fá raunverulega allt að láni, og þessi till. stefnir að því að gera ríkisstj. fært að lána þessum bæjarfélögum upp á þessar spýtur, að leggja svo að segja allt fram. Ég veit, að þetta er óvenjuleg aðferð, en það er eitt að athuga í þessu sambandi: Þessar ráðstafanir, að koma upp togaraútgerð úti á landi, það er áreiðanlega stórmerkileg ráðstöfun hvað sjávarþorpin snertir. Með þessu hefur verið gerð tilraun til þess að snúa þeim straumi við, sem liggur utan af landinu til Reykjavíkur. Eigi að vera hægt að skapa viðunandi lífsskilyrði fyrir það fólk, sem býr í þessum bæjum, þá þarf þetta fólk að fá stórvirk framleiðslutæki; því að stórvirk framleiðslutæki

eru sá sterki, óhagganlegi grundvöllur, sem framfarir og menning íslenzkra bæja byggist á. Þess vegna þarf að gera stórt átak til þess að breyta þarna um. Þetta átak var hafið, þegar um helmingur af nýsköpunartogurunum var keyptur 1945 og settur til Reykjavíkur og þegar allmargir bæir úti um landið hófu í fyrsta skipti togaraútgerð. Um það, hvernig þetta mundi ganga t. d. á Akureyri, þá má benda á það, að Akureyri fékk ekki aðeins 2 togara, sem bærinn og hlutafélag á, heldur fékk einstaklingur þriðja togarann, og Akureyri býst við að fá fjórða togarann, þannig að Akureyri er að verða togaraútgerðarbær. Það er ekki efa bundið, að það er heppileg þróun fyrir landið, ef mögulegt er að koma helmingi eða þriðjungi þeirra togara, sem eru nú að koma, út á land til stuðnings þessum bæjar- og sveitarfélögum. Til þess að snúa þessum straumi við, þá er þetta eitt af því, sem þarf að gera, að vinna að því að beina fjármagninu til þeirra. Fjármagnið er í þessu tilfelli bæði þjóðfræðilega og þjóðhagslega rétt að lána. Undir þessu er kominn heilbrigður efnahagslegur grundvöllur þeirra. Vil ég því eindregið óska, að hv. þm. geti orðið sammála um þessa till. Við æskjum þess, að þetta verði tekið upp á fjárlög sem veiting, en ekki sem álög, og sé vaxtalaust lán um tíma. Væri að því nokkur styrkur fyrir bæjarfélögin, og býst ég við, að þeim veiti ekki af þeim styrk.

Svo er það XIX. till. Við fluttum við 2. umr. till. um að veita 3½ millj. til atvinnuaukningar, en hún var felld, og flytjum við nú till. um aðeins 1 millj. Ég gat þess við 2. umr., að það væri ekki ánægjulegt að taka þetta upp aftur. Þeir þm., sem muna eftir tímabilinu milli styrjaldanna, muna eftir þessu máli, að þá var veitt fé til atvinnubótavinnu. Von okkar er, að því fé verði skynsamlegar varið en oft var gert í atvinnubótavinnunni í gamla daga. En með því viðhorfi, sem nú blasir við í atvinnumálum og ríkisstj. hefur innleitt og skapað, er það óverjandi, að við afgreiðslu fjárlaga sé engin heimild sett í þá átt, þótt ekki væri nema lítið eitt.

Þá leggjum við til í sambandi við 17. gr. að hækka styrki til tvenns konar starfsemi, þ. e. til mæðrastyrksnefndar og Kvenréttindafélags Íslands. Þessi starfsemi og félagsskapur er þingmönnum svo kunn, að það þarf ekki að mæla ýtarlega fyrir till. Tökum við þá einnig upp till., sem flutt var við 2. umr., varðandi lög um útrýmingu á heilsuspillandi íbúðum, þannig að þau öðlist gildi aftur, með því að framlag til þess verði tekið upp í fjárlög. Þm. vita, hvernig ákvæðum þessum er háttað og að framkvæmd þeirra hefur verið frestað. Þau öðlast ekki raunverulegt gildi nema tiltekið framlag verði tekið upp á fjárlög. Nú er það þannig, að síðastliðin ár hefur ákaflega lítið verið byggt, og íbúðir fólks hér, ekki síður en annars staðar, fara raunverulega versnandi. Auk þess vil ég minna á, að upprunalega var lofað, að með þessum l. væri ætlunin, að á 4 árum yrði útrýmt bröggum og öðrum heilsuspillandi íbúðum. Það má mikið vera, ef þessi áætlun stenzt, því að þessi 4 ár eru brátt útrunnin. Þessum l. var kippt úr gildi áður en þau fóru að verka. Aðeins tveir staðið komu til með að njóta framlags vegna þessara l. Eins og húsnæði var heilsuspillandi 1947, er það enn þá meira heilsuspillandi núna. Það getur ekki gengið að gera ekkert í þessu máli, og það getur ekki gengið, að álögur fólksins verði þyngdar um 10 millj. kr., en það ekki látið hafa neitt til að tryggja sér lífsnauðsynjar og njóta þeirra l., sem sett hafa verið því til bóta. — Okkar till. var felld, og nú höfum við lækkað hana niður í 600 þús. kr. Vona ég, að hv. þm. gangi inn á þetta. Framlagið má ekki minna vera, en samt eru til bæjarfélög, sem hefðu gagn af því. — Einnig flytjum við brtt. um heimild til að taka fé að láni til þess að lána bæjar- og sveitarfélögum til útrýmingar þessu heilsuspillandi húsnæði. Ég læt nú þetta nægja um þessa till. Nokkrir meðflokksmenn mínir verða kannske til að skýra till. betur. — Mun síðar gefast tækifæri til að ræða till. hæstv. ríkisstjórnar. — Ætla ég svo ekki að orðlengja þetta frekar.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 400, 402 og 403, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég og hv. þm. Dal. eigum eina brtt. á þskj. 402, XV, brtt., sem hljóðar þannig, að til hlutafélagsins Kol vegna jarðborana og annarra rannsókna á kolanámunum að Tindum í Dalasýslu verði lagðar 100 þús. kr., og till. til vara um 50 þús. kr. Þessi till. er einbirni okkar þm. Dal. Við flytjum ekki aðra brtt. við fjárl. Þetta sýnir, hve miklir hófsmenn við erum og kurteisir, að vera ekki að tefja fyrir afgreiðslu fjárlaga með óþarfa till. Ég vil taka fram til skýringar, að á Skarðsströnd eru langmest kolalög hér á landi. Lög þessi virðast ná um mestan hluta Skarðsstrandar og inn í fjöllin, en enginn veit, hve langt þau ná. Kolagæðin hafa verið athuguð, og ber athugununum ekki saman um, hve góð kolin séu. Virðist sem þau séu mismunandi, sumt ágæt kol, önnur lakari, og er mismunandi eftir því, í hvaða lagi þau eru. Lögin eru fleiri en eitt og fleiri en tvö, en ekki búið að rannsaka, hvað þau eru mörg. Geta má þess, að unnin voru kol hjá Skarði í fyrri heimsstyrjöldinni og gafst vel. Á milli Tinda og Skarðs eru kolalög, og var landið kirkjujörð, en var selt ábúanda, en áskilinn námuréttur, og á ríkið þar námu, og er ekki fjarri lagi að athuga kolalögin. Samgöngur þarna virðast allsæmilegar. Bezta höfnin í Dalasýslu er 8—10 km veg í burtu, og yrði ekki dýrt að endurbæta hann. Hjá Tindum liggur námaan að sjó, og er ekki ókleift að gera þar útskipunarfært. Við Tinda rennur Búðardalsá, sem er vel fallin til rafvirkjunar, og er hægt að virkja þar 500—800 kw., en það er miklu meira en þarf til námunnar. Nú hefur félagið tryggt sér Tinda til eignar og hafizt handa við að athuga, hve góð og hve mikil kolin eru. Búið er að kosta miklu fé til athugananna, eða nærri 185 þús. kr. Nú s.l. sumar voru leigðir jarðborar hjá íslenzka ríkinu og goldin leiga fyrir þá. Var borað niður að kolalögunum og athugað, hve langt þau náðu og hversu þykk þau væru. Til þessa starfs í sumar var varið um 80—85 þús. kr. Nú er félagið ekki svo fjársterkt, að það geti haldið áfram starfsemi sinni, og leitar því til ríkissjóðs, að hann styrki það að einhverju leyti. Í raun og veru er félagið að vinna

verk rannsóknaráðs ríkisins, að athuga auðlegð jarðar. Félagið hefur verið að vinna starf þess, sem á að vera á kostnað ríkisins. Er ekki ósanngjarnt, að þessir áhugamenn fái einhverja aðstoð frá ríkissjóði, þótt ekki væri nema hluti af kostnaðinum. — Varatill. er aðeins ¼ af kostnaði. — Félagið hefur fengið tvo eða fleiri erlenda námuverkfræðinga til að athuga námur þessar, svo að ekki virðist sem félagið hafi rasað um ráð fram við þessar athuganir. Samt kann að vera, að ekki sé allt haganlega gert. Hér er verið að þreifa sig áfram. Nú þarf fleiri boranir, og treystir félagið sér tæplega til að halda áfram vegna fjárskorts, nema sýnt sé í orði og á borði, að það verði styrkt. Ég get sagt fjvn. til lofs, að hún hefur litið á þetta með velþóknun og viljað gera eitthvað fyrir þetta félag, og fjmrh. lítur það einnig hýru auga. En þótt andinn sé reiðubúinn, þá er höndin hikandi við að skrifa lögin á pappírinn. Ég held, að það sé rétt, að þingheimur sýni í verki, að þeim mönnum, sem hefjast handa af eigin rammleik án gróðavonar, verði rétt hjálparhönd, mönnum, sem sýnt hafa, að þeir fara ekki fram með ógætni. Það er styrkur í þessu máli að eiga svo ágæta fjvn. og eiga hauk í horni hjá fjmrh.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Á þskj. 402, XX flyt ég ásamt þremur öðrum þm. till. um, að við 18. gr. bætist, að Bryndís Þórarinsdóttir, ekkja séra Árna Sigurðssonar, fái 6 þús. kr. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að séra Árni Sigurðsson var einn af mest þekktu mönnum kirkjunnar. Hann var prestur Fríkirkjunar um 30 ár og sem útvarpsprestur var hann klerkur allrar þjóðarinnar. Má segja, að menn virtu hann og dáðu. Fyrir þetta starf sitt tók hann aldrei nein laun frá ríkinu. Samtímis starfinu fyrir kirkjuna og kristna trú vann hann að félagsstörfum og mannúðarmálum o. fl. Eitt af áhugamálum hans var að færa fríkirkjuna og þjóðkirkjuna hvora nær annarri með samvinnu og hlýhug. Ber margt vitni um, að hann var mikils virtur af prestum, m. a. átti hann sæti í stjórn Prestafélagsins. Hann safnaði ekki auði, var fátækur allt sitt líf og skildi ekki eftir nein auðæfi, er hann lézt. Íslenzka þjóðin stendur öll í þakkarskuld við séra Árna sem ágætan kennimann og mann. Vænti ég þess, að Alþingi sýni þakklæti nú í verki og samþykki till.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég á tvær brtt. á þskj. 402. Sú fyrri, till. II., er um að hækka framlag til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsa, fyrir utan Akureyri og Reykjavík, úr 500 þús. í 700 þús. kr., og þar af fari til sjúkrahússins á Blönduósi 200 þús. kr. Ég fór fram á það á s.l. þingi að taka upp fé til þessa sjúkrahúss. Það er ekki hægt að byrja á því vegna skorts á fé. Kunnugt er, að samkvæmt gildandi l. á ríkissjóður að leggja fram ⅔ kostnaðar. Á fjárlagafrv. er 500 þús. til sjúkrahúsa og læknisbústaða utan Reykjavíkur og Akureyrar. Sjá allir, hvílík fjarstæða það er. Til samanburðar þá eru ætlaðar 3,3 millj. kr. til skólabygginga. Ekki er heldur hikað við að bæta 5 millj. kr. til launahækkunar handa embættismönnum og starfsmönnum ríkisins. Ég hef rætt um þetta mál við landlækni og forsrh., og þeir hafa tjáð mér, að af þessum 500 þús. yrði ekkert veitt til sjúkrahússins á Blönduósi. Báðir játa þeir, að um mikla nauðsyn sé hér að ræða. Landlæknir leyfir mér að hafa það eftir sér, að þarna væri höfuðnauðsyn á sjúkrahúsi og hvergi eins mikil og þar. Það mætti segja, að sjúkrahúsið á Sauðárkróki væri lík nauðsyn, en önnur sjúkrahús koma ekki til samanburðar. Eftir viðtal, sem ég átti við hæstv. forsrh., sem einnig er heilbrmrh., veit ég, að hann skilur fullkomlega, að bygging þessa sjúkrahúss er brýn þörf. Það fer sívaxandi þörf þess að byggja þetta sjúkrahús, og hefur það komið æ betur í ljós síðan skipakomur til Skagastrandar færðust í aukana og sjúklingum, sem sækja til Blönduóss, fjölgaði. Forráðamenn Höfðakaupstaðar hafa jafnvel talið æskilegt, að læknishéraðið yrði tvískipt. Það mundi þó geta bjargazt að hafa það eins og nú er, þó að álit landlæknis sé, að æskilegt væri, að því væri tvískipt. Og það er víst, að þetta mundi bjargast, ef byrjað yrði á því að byggja þetta sjúkrahús, sem hér um ræðir. Ég get upplýst hér, að miklu fé hefur verið safnað í héraðinu til byggingarkostnaðar.

Ég ætla þá ekki að hafa fleiri orð um þessa till., en vík orðum mínum að annarri till., sem ég á hérna og er nr. XXVII á sama þskj. Við 2. umr. flutti ég till. um vernd á ríkisjörðinni Saurbæ, að ríkissjóður legði fram 30 þús. kr. til fyrirhleðslu. Samkomulag hefur ekki náðst um að taka upp fjárframlag til þessa verks. Áætlun hefur verið gerð um þetta, og fór vegaverkstjóri í héraðinu yfir hana og taldi, að verkið yrði dýrara en áætlað var. Hann taldi, að ef gera ætti örugga fyrirhleðslu, mundi hún kosta að minnsta kosti 70—80 þús. kr. Það er minnkun fyrir ríkið að láta jarðir í sinni eigu leggjast í eyði. En ef ekki fást fjárframlög til viðhalds jörðunum, er þetta óhjákvæmilegt. Þá er ekki um annað að ræða en selja ábúendunum jarðirnar og láta skeika að sköpuðu, í hvaða framkvæmdir þeir geta ráðizt. Það ráð mætti ef til vill helzt taka að rækta nýtt tún fyrir ofan brekkur, því að þar fyrir neðan er það útilokað. Það er lítið í sölurnar lagt af hálfu ríkisins, þó þessi till. yrði samþ., sem er um að heimila að selja þessa ríkisjörð ábúanda fyrir ¾ hluta af fasteignamatsverði, vegna þess að tún og engi er mjög illa farið, en ekkert framlag hefur fengizt úr ríkissjóði til fyrirhleðslunnar. Þessi jörð er í erfðaábúð, og er ráðh. heimilt að selja hana á fasteignamatsverði eins og er. Heimildin er því aðeins um að lækka það um ¼. — Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þessa till. og vænti, að henni verði tekið vel af hv. þm. Út í almennar umræður um fjárlfrv. ætla ég svo ekki að fara.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það er sökum þess, að mér var ekki unnt annað en að bera fram tvær brtt., að ég flyt þær og tek hér til máls. Ég ætla á engan hátt að gera fjárlfrv. að umræðuefni að öðru leyti en með þessum till. Ég var farinn að vona, að fjvn. fríaði mig við að bera fram nokkra brtt. Mér finnst, að mínum umbjóðendum sé sýnd lítil sanngirni og sízt réttlæti gert með brtt. eins og fjvn. hefur gengið frá þeim. En ég hygg, að þetta sé óviljaverk, sem stafar af ónógum upplýsingum um málið. Í 16. gr., 17. og 18. lið, er gert ráð fyrir 20 þús. kr. fram-

lagi til framræslu á Eyrarbakka og Stokkseyri. Landbrn. hafði gert ráð fyrir 20 þús. kr. til Eyrarbakka, en þetta er aðeins greiðsla á skuld, sem loforð var fengið um áður, fyrir verk, sem þegar er búið að vinna. Stokkseyringar höfðu lagt erindi til rn. um að fá fé til framræslu. Landbrn. hefur lagt til, að þetta væri tekið inn á fjárlfrv., en af því hefur ekki orðið. Hv. fjvn. hefur gert það að till. sinni að skipta þessu framlagi í tvennt og láta helming skuldarinnar bíða, en láta Stokkseyringa fá 10 þús. kr. til framræslu. Þetta er alveg nýr háttur, að fjvn. taki af þeim skuldum, sem ríkissjóður ætlar að borga, og ráðstafi þeim á annan hátt. Ríkið keypti Háeyrartorfu og Stokkseyrartorfu, en Landsbankinn átti þær jarðir áður. Hann samdi við þá, sem nytjuðu jarðirnar, að þeir skyldu ræsa fram og þurrka landið með það fyrir augum að efla túnræktina. Hét hann ábúendunum greiðslu fyrir þær framkvæmdir. Síðan ríkið eignaðist þessar jarðir hefur dregið mjög úr framkvæmdum þar, og þó einkum í seinni tíð. Framlagið hefur gengið til stærsta skurðarins. Hvað viðvíkur framræslu í gegnum malarkambinn, var framræslan ætluð sem rennsli frá húsum jafnframt hinu.

Ég þekki fólkið vel í báðum kauptúnunum og veit, að það vinnur vel sitt verk, enda geta útvegsmenn, sem hafa ráðið menn þaðan til vinnu, borið það. Og ég hef aldrei heyrt, að því væri brugðið um, að það gengi ekki vel til verks, eins og hv. form. fjvn. vildi vera láta. Hvað viðvíkur minni skurðinum, þá fá þeir, sem nytja löndin, jarðræktarstyrk, en verða að leggja fé á móti úr sínum eigin vasa. Ég kann ekki við, að annar háttur sé hafður við greiðslu til þessa fólks heldur en um greiðslur til annarra landsmanna. En þessar 20 þús. kr. eru aðeins greiðsla á gamalli skuld fyrir áður unnið verk. Á Stokkseyri stendur öðruvísi á en á Eyrarbakka. Sú framræsla verður að fara í gegnum malarkambinn. Til þessa verks hefur ekki fengizt annar styrkur en sem Alþingi hefur veitt svona. Þegar miklir vatnavextir eru, flæðir yfir tún og engi og veldur stórskemmdum; og þetta ræsi flytur ekki nema lítinn hluta þess vatnsmagns, sem það þyrfti að gera. Þá flæðir inn í íbúðarhús og veldur stórtjóni á húsnæði og innanstokksmunum. Í gegnum malarkambinn þarf um 200 m langt steypt rör. Ég hef rætt um þetta við oddvita hreppsins, en við munum ekki, hver áætlunin var. En okkur minnir báða, að áætlað hafi verið, að verkið kostaði 130 þús. kr., en þess ber að gæta, að það er miðað við það verðlag, sem var þegar áætlunin var gerð. En nú geta ýmis atriði gripið inn í til að auka kostnaðinn; t. d. er klappir verða fyrir, eykur það að sjálfsögðu kostnaðinn, en hve mikið er manni ekki kunnugt um á þessu stigi málsins

Nú flyt ég þá brtt., að Eyrarbakki fái greiðslu á skuld sinni, en Stokkseyri fái 20 þús. kr. framlag. Íbúarnir í þessum kauptúnum verða að lifa mestmegnis á landbúnaði, og er þessi framræsla því lífsnauðsyn. Hún kemur í veg fyrir spjöll á húsakynnum og ræktuðu landi, auk þess sem hún er óhjákvæmileg fyrir frekari ræktun og framkvæmdir. Ég vona, að hv. þm. sjái, að hér er ekki verið með óþarft erindi eða að freklega sé farið í sakirnar. Von mín er, að hv. þm. snúist vel við nauðsynjakröfum þessara manna. Og ef það er haft í huga, að þetta er brýnt nauðsynjamál, með tilliti til þess, að fólkið getur ekki búið lengi þarna undir þeirri hættu, sem stafar af sífelldum vatnavöxtum, er þetta ein leið til að halda fólkinu úti á landinu. Það er æskilegt, að þetta sé meira en í orði, þegar sýnt er, að hugur fylgir máli. Íbúar þessara þorpa eiga afkomu sína fyrst og fremst undir landbúnaðinum. Sjávarútvegur er þar aðeins í ígripum vegna hafnleysis og brima. Og mörg er sú vertíðin, sem aðeins hefur verið hægt að róa fáa daga, og gefur það að sjálfsögðu lítið í aðra hönd. Þar eð ríkið á nú þessa eign, vona ég, að hv. Alþ. og fjvn. vilji sýna lit á því að koma til móts við þetta fólk með fyrirgreiðslu.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta, en ég vildi bara, að hv. fjvn. fengi réttar upplýsingar í þessu máli. En hún leit á þessa framkvæmd að öllu leyti frá sjónarmiði jarðræktarlaganna. Ég held, að form. fjvn. sé á annarri skoðun en ég í þessu máli, og er það byggt á misskilningi, og vona ég, að hv. fjvn. taki upp þetta framlag. Ég vænti þess, að þetta verði leyst á sem hagkvæmastan hátt og þetta fólk, sem hér um ræðir, fái úrlausn á málum sínum.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég ber hér fram eina brtt., ásamt öðrum þm. Í henni er lagt til að hækka framlag til íþróttasjóðs úr 500 þús. í 600 þús. kr. Ég hef áður gert tilraun til að fá þessa hækkun, en hún náði ekki fram að ganga. Ég ætla að takmarka mál mitt, en gefa tölulegar upplýsingar til stuðnings máli mínu. Ef þm. vilja festa sér þær tölur í minni, geri ég mér vonir um að fá fylgi fyrir till. í þinginu. Það er eðlilegt, að menn lendi í ágreiningi og reiptogi við afgreiðslu fjárl., eins og afgreiðslu þeirra er háttað. Íþróttasjóður hefur því hlutverki að gegna að styrkja íþróttastarfsemi í landinu, og veitir hann 40% af styrkjunum, en 60% eru veitt úr sveitar- og bæjarsjóðum. Í Laugardal er nú unnið að mestu íþróttavallargerð landsins, sem verður höfuðleikvangurinn, þegar hann verður upp kominn. Alls hefur verið komið upp fjórum leikvöngum í bænum, sem eru notaðir af öllum, og hefur Reykjavíkurbær lagt um 2½ millj. kr. til þessara framkvæmda. Á sama tíma hefur verið lagt úr íþróttasjóði um 290 þús. kr. Fyrir utan þessar 2½ millj. kr. á fjórum árum hefur bæjarsjóður lagt mikið fé til annarra íþróttavalla, sem bæjarsjóður stendur einn að, en eru skoðaðir til almenningsnota, og nemur sú upphæð 450 þús. kr. í 4 ár. Í þessi fjögur ár eru það samtals 1 millj. og 800 þús. kr. Bæjarsjóður Reykjavíkur hefur þá lagt fram á síðustu fjórum árum 4 millj. 340 þús. kr., en á móti hefur komið úr íþróttasjóði 290 þús. kr. Ef hins vegar er reiknað með 40% á móti heildargjöldunum, ætti framlag úr íþróttasjóði að hafa verið 1 millj. 736 þús. kr. í staðinn fyrir 290 þús. kr. Nú skal að vísu gera þá aths., að bæjarstj. og íþróttanefnd ríkisins greinir nokkuð á um það, hvað mikið af hinni kostnaðarsömu framræslu í Laugardalnum eigi að færa á kostnað íþróttaframkvæmda. Gæti þar munað 500 þús. kr. til eða frá. Dragi ég þá upphæð frá, sem íþróttasjóður ætti að greiða þar af, ef miðað er við 40%, þá ætti þó að vera komin 1 millj. 200 þús. kr. þessi síðustu fjögur ár úr íþróttasjóði. En

það eru ekki nema 290 þús. kr., eins og ég hef tekið fram. Og af þeim 500 þús. kr. á fjárl. á þessu ári til íþróttasjóðs var veitt til þessara íþróttaframkvæmda í Laugardalnum um 40 þús. kr. og borið við af íþróttanefnd, að það væri í mörg horn að líta. Efast ég raunar ekki um, að svo sé. En íþróttafélögin í Rvík hafa lagt á sig mjög mikil útgjöld vegna íþróttaframkvæmda, félagssvæða og félagsheimila. Þannig hafa t. d. þrjú af þessum félögum, K.R., Ármann og Valur, varið um 700 þús. kr. í fyrra og á þessu ári til þessara hluta.

Ég læt svo þessar upplýsingar nægja og treysti því, að ef á málið er litið eins og það liggur fyrir tölulega, þá geti menn ekki annað en viðurkennt, hve þung skylda hvíli á ríkinu að leggja fram aukið fé til þessara framkvæmda. Og ég vil í þessu sambandi minna á það, að auðvitað er hægt að rísa upp og segja, að það eigi ekkert að veita til „þessarar fótamenntar", eins og sumir kalla það, eða til þessara spark- og boltaleikja. En sem betur fer er sá hugsunarháttur ekki ríkjandi, hvorki á Alþingi né meðal Íslendinga almennt. Og þegar við höfum í huga, að bæði ráðherrar núverandi hæstv. ríkisstj. og sjálfur forseti lýðveldisins — öllum slíkum ágætum forvígismönnum þjóðfélagsins þykir ástæða til að leggja leið sína út á flugvöll, þegar ungir Íslendingar koma frá útlendum leikvangi úr viðureign sinni við æskumenn annarra landa, beinlínis til þess að viðurkenna annars vegar gildi íþróttanna og hins vegar til að viðurkenna, að þessir íþróttamenn hafi verið meiri landkynning sinnar þjóðar á þessu ári en nokkuð annað, sem gert hefur verið, þá er líklegt, að menn geri sér einnig grein fyrir því, að undirstaðan undir því, að slík landkynning geti átt sér stað, eru fyrsta flokks íþróttasvæði, svo að ég minnist ekki á hin miklu uppeldis- og hollustuáhrif íþróttanna.

250 þús. kr. eru ætlaðar á fjárl. til Ólympíuleikjanna, sem á að heyja árið 1952, og er það vel. En sú upphæð er ekki svo stór, að hún dregur ákaflega lítið móts við þær háu tölur, sem ég hef nefnt.

Ef hv. þm. meta þessar staðreyndir, sem ég hef lagt tölulega fyrir þá, trúi ég ekki öðru en þeir sýni lið og hækki þetta framlag um 100 þús. kr., sem ekki er mikið, miðað við það fé, sem annars staðar er veitt til íþróttaframkvæmda, en mundi gera íþróttasjóði töluvert hægra um vik að sinna óskum þeim, sem fram eru komnar úr hverju byggðarlagi og um framlag til íþróttaframkvæmda í Reykjavík, þar sem í framtíðinni verður aðal-íþróttaleiksvæði landsins.

Gísli Guðmundsson: Ég vil leyfa mér að vekja athygli forseta á því, að hér er fremur þunnskipað á fundi. Eru helzt til fáir viðstaddir úr ríkisstj. og fjvn. til að hlýða á rök þm. fyrir brtt.

Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 402 brtt. undir rómv. 24 við 22. gr. fjárl., að heimila ríkisstj. að láta gera tilraun til að grafa sundur malarrif á Þórshöfn í samræmi við álit sjútvn. Ed. á Alþ. 1947. Ég hef ástæðu til að ætla, að nokkrum misskilningi valdi e. t. v., að þessi till., eða till. svipaðs eðlis, var ekki tekin upp af fjvn., og ég vil stuttlega leyfa mér að gera grein fyrir því.

Á Alþ. 1947 var flutt af þáverandi þm. N-Þ. frv. um landshöfn á Þórshöfn. Ætla ég, að það hafi verið öðrum þræði byggt á áliti mþn., sem þá hafði starfað í sjávarútvegsmálum og m. a. hafði til athugunar, á hvaða stöðum æskilegt væri að byggja landshöfn. Sú mþn. hefur bent á Þórshöfn meðal þeirra staða. Hefur það verið gert með sérstöku tilliti til aðstöðu þessa staðar gagnvart norðausturmiðunum. Þetta frv. um landshöfn á Þórshöfn var flutt þá í Ed. og vísað til sjútvn. Þegar farið var að athuga frv. þá, kom í ljós, að þær áætlanir, sem gerðar höfðu verið um mannvirki til landshafnar þarna, stóðust ekki. Hér sýndist vera um nokkru dýrara mannvirki að ræða, sem mundi kosta með núverandi verðlagi nokkrar millj. kr. Því var farið að athuga, hvort ekki mætti gera þarna viðunandi hafnarmannvirki með minni kostnaði. Vitamálaskrifstofan benti þá á það, að möguleiki væri til þess að gera þarna allgóða hafnaraðstöðu með miklu minni kostnaði en áætlunin var um, þ. e. ef takast mætti að grafa sundur malarrif, sem hindrar innsiglingu stærri skipa á höfnina. Það er nokkuð mikið dýpi bæði fyrir innan og utan rifið, en miklu minna á rifinu, svo að smáskipum einum er fært yfir. Nú hefur lauslega verið athugað, hvort hægt er að gera rás gegnum rifið. En þær athuganir voru engan veginn taldar fullnægjandi, þannig að ekki þótti vitað, hvort hægt væri að vinna þetta verk með viðráðanlegum kostnaði. En vitamálaskrifstofan taldi hins vegar ástæðu til að athuga þetta betur, og sérstaklega þegar til þess væru komin ný tæki í sambandi við hið nýja dýpkunarskip ríkisins, svo að gengið yrði úr skugga um, hvort hægt væri að grafa sundur rifið og gera þannig sæmilega hafnaraðstöðu með miklu minni kostnaði. Þá var það, að sjútvn. Ed., sem hafði málið til meðferðar, var sammála um, að það væri rétt að reyna þessa lausn málsins, og kemur það fram í áliti hennar, sem vitnað er til í þessari till. Var málið þá afgr. samkv. till. n. með dagskrá, sem fól í sér þetta álit n. Flm. frv. um landshöfn sætti sig við það, að málið yrði ekki afgr. á annan hátt en þennan, og gengið yrði þá út frá, að þessi tilraun yrði gerð. Þannig féll þá frv. um landshöfn á Þórshöfn niður, þar eð vonir stóðu til að bæta höfnina með minni kostnaði.

Í fyrravetur ræddi ég þetta mál allýtarlega við vitamálastjóra. Það stóð þá þannig, að ekkert hafði verið í því gert, tilraunin ekki framkvæmd. En ég varð þess strax var, að vitamálastjóri var þess mjög fýsandi að leysa málið þannig. Í vor sem leið ræddi ég og málið við atvmrh. og fjmrh., og voru þeir einnig þessa mjög fýsandi og vildu fyrir sitt leyti gjarnan úr greiða; gerðu að vísu nokkrar ráðstafanir til þess. En það reyndist ekki fært að koma tilrauninni í framkvæmd, og hefur hún ekki enn verið gerð. Hins vegar hafa þau tíðindi gerzt þarna á staðnum, að orðin er enn ríkari ástæða en áður til að bæta höfnina, þar sem þarna hefur hafizt síldarverkun í stórum stíl og útlit er fyrir, að framhald verði á þeim atvinnurekstri þar. Þetta veldur nauðsyn þess að bæta höfn og tæki. Auk þess er svo ýmiss konar annar rekstur að vaxa, sem kallar á hafnarmannvirki. Á þessum vetri hef ég enn tekið þetta mál upp við vitamálastjóra, og er hann enn sem fyrr hvetjandi þess, að áðurnefnd tilraun verði gerð. Hef ég einnig sent fjvn. erindi um málið, þar sem ég stakk upp á, að tekin yrði upp á 22. gr. heimild handa ríkisstj. í þessu efni. Ég taldi það heppilegra en að fara fram á sérstaka

fjárveitingu, m. a. af því, að samkv. till. sjútvn. Ed. 1947, sem ég áður nefndi, er gengið út frá því, að ef tilraun þessi, ef gerð yrði, mistækist, greiddi ríkissjóður kostnaðinn við hana. En ef hún tækist, færi um greiðslu kostnaðar eins og annan kostnað slíkan, að hafnarsjóður greiddi $^3/_5$ og ríkið $^2/_5$. Þess vegna fannst mér eðlilegast að ganga frá málinu í heimildarformi, að ekki er hægt að nefna ákveðna upphæð, með því að ekki liggur fyrir, hvað tilraunin mundi kosta. Ég sendi fjvn. erindi um þetta, og af viðtali við formann veit ég, að hann vill mjög gjarnan greiða fyrir málinu. En svo hefur þetta ekki verið tekið upp í n. Ætla ég það stafi af því, að þar hefur komizt inn misskilningurinn, sem ég nefndi áðan, að það væri í rauninni búið að gera tilraunina, sem talað var um 1947, og þess vegna væri ekki lengur um tilraun að ræða, heldur verkið sjálft. En ekkert hefur verið að þessu unnið síðan 1947. Ég hef þess vegna leyft mér að leggja til, að þessi heimild verði veitt á 22. gr., og mun vænta þess, að hún verði notuð, ef ástæður leyfa. Vildi ég nú mega vænta þess, að málefni þetta verði tekið til velviljaðrar íhugunar af fjvn.-mönnum og öðrum. Ég vil taka fram, að í fjárl. eru til hafnar á Þórshöfn 30 þús. kr. En fyrir þá fjárveitingu á að vinna annað. Stendur til að auka þar bryggjur á næsta sumri, vegna þess að sá nýi atvinnurekstur, sem þarna er hafinn, þarfnast þess. Geri ég ráð fyrir, að sízt muni veita af þeirri upphæð til að koma því verki áfram. En ef svo vel væri, að upphæðina þyrfti ekki að nota til fullnustu, mundi fé koma að notum við dýpkunartilraunina.

Ég vona, að ég hafi skýrt þetta mál þannig, að nokkurn veginn sé ljóst hv. þm. Vildi ég mega vænta þess, að vel yrði tekið undir, því að nauðsynin er mikil fyrir staðinn að fá sínar hafnarbætur, og nauðsynlegt að fá skorið úr, hvort þarna er hægt að gera allgóða höfn fyrir tiltölulega lítið fé eða hvort til þess þarf milljónir króna. Sé svo, er málið komið inn á allt annað svið.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi byrja á því, að leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir það, að hún hefur tekið upp í brtt. sínar till., sem ég flutti ásamt hv. 6. landsk. við 2. umr. fjárlfrv., um það, að ríkisstj. verði heimilað að greiða hlutatryggingasjóði sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík 30 þús. kr. Hún er flutt sem brtt. við 16. gr. Við flm. erum n. þakklátir fyrir þann skilning, sem kemur fram hjá henni á því merka brautryðjandastarfi, sem sjómenn og útgerðarmenn í Bolungavík hafa unnið.

Við þessa umr. flyt ég ásamt hv. 6. landsk. einungis tvær brtt., sem varða mitt kjördæmi. Vildi ég leyfa mér að ræða fyrst þá, sem er á þskj. 412, rómv. 7, um heimild fyrir ríkisstj. til að verja í samráði við vitamálastjóra fé til viðgerðar á brimbrjótnum í Bolungavík vegna skemmda, er urðu á mannvirkjum þar 10 des. s. l. Svo er mál með vexti, að okkur flm. þessarar till. hafa í dag borizt þau hörmulegu tíðindi í símskeyti frá hreppsnefnd Hólshrepps, að hinn 10. des. s.l. hafi í ofviðrinu, sem þá geisaði, orðið mjög verulegar skemmdir á hafnarmannvirkjum þeirra Bolvíkinga, brimbrjótnum. Þá gerðist það og, að steypuker fremst á hafnargarðinum snaraðist og snerist út á við og platan ofan á hafnarmannvirkjunum sprakk á 10 metra svæði fremst, og 400—500 rúmmetrar af grjótfyllingu skoluðust burt. Ekki er enn þá unnt að meta tjónið af þessum skemmdum. En eftir því sem okkur er tjáð, er ólíklegt, að það verði undir 300 þús. kr. Hreppsnefndin hefur nú snúið sér til okkar og óskað þess, að fjárveitingavaldið hlaupi undir bagga með hreppsfélaginu til þess að bæta þetta mjög svo örlagaríka tjón á hafnarmannvirkjum staðarins. Það liggur í augum uppi, að þegar sjávarþorp, sem byggir alla sína afkomu á útgerð og sjósókn, verður fyrir því áfalli, að hafnarmannvirki spillast eða skemmast stórlega, þá verður skjótt að bregða við um viðgerð. Nú er það að vísu svo, að í hávetrar skammdegi er ekki unnt að hefjast handa um viðgerð á slíku mannvirki. En þrátt fyrir það verður að sjálfsögðu að freista þess að fá atbeina fjárveitingavaldsins til þess, að úr verði bætt, þegar föng verða á. Alþ. hefur sýnt, að það lítur á nauðsyn staða, sem fyrir slíkum óhöppum verða. Það kom fyrir haustið 1946, þegar í eitt sumar hafði verið starfað að framlengingu brimbrjótsins, sem þá hafði um alllangt skeið ekki verið unnið við. Í þann mund, sem framkvæmdum var að ljúka, og voru það töluverð lendingar- og hafnarmannvirki, gerði stórbrim, sem ollu stórfelldu tjóni. Ég vil upplýsa, að síðan 1946 hefur verið unnið við hafnarmannvirkin þar í Bolungavík, brimbrjótinn, fyrir 2,5 millj. kr. Af þessari upphæð er talið, samkv. upplýsingum vitamálaskrifstofunnar, að tæpar 900 þús. kr. séu bein afleiðing af tjóninu af skemmdum, sem urðu 1946. Auk þess eru aðrar skemmdir, sem urðu sama ár, þannig að um mun vera að ræða hartnær 1,2 millj. kr. í þessari heildarupphæð, sem ég nefndi, sem tilheyra þessum skemmdum. Það ræður af líkum, að litlu hreppsfélagi er algerlega ofviða að standa undir slíku áfalli. Þetta hefur Alþ. líka viðurkennt með því að leggja þessum stað sérstakt framlag til hafnarmannvirkja sinna, án mótframlags: Í fyrsta lagi 255 þús. kr. á fjárl. 1947, síðar var ríkisstj. heimilað á fjárl. að lána Hólshreppi allt að 355 þús. kr. vegna þessara skemmda, sem ég nefndi, alls 610 þús. kr. vegna skemmda á mannvirkjum 1946. Þetta hefur verið gert á fleiri stöðum. Það hefur verið lítið á þörf margra smástaða úti um land, sem hafa orðið fyrir því óláni, að hafnarmannvirki þeirra hafa skemmzt eða hrunið. Alþ. hefur komið til móts við þá. Hér er því ekkert einsdæmi. Hins vegar er það, að brimbrjóturinn í Bolungavík mun vera langelzta hafnarmannvirkið af því tagi á öllu Íslandi. Oft hefur verið leitað til Alþ. um fjárveitingu til þess, því að ekki hefur alltaf verið unnið í stórum áföngum. Þess vegna kann að líta svo út í augum þm., að hér sé um eina samfellda ólánssögu að ræða. Ýmis óhöpp og slys hafa komið fyrir, það er rétt. En á það er einnig að líta, að hafnargerðir voru gersamlega á bernskustigi, þegar hafizt var handa um hafnargerð á þessum stað. Ýmis óhjákvæmileg mistök hlutu að spretta af reynsluleysi, bæði þeirra, sem forustuna höfðu um verkið, og manna heima fyrir. Það var þó fyrst og fremst eða eingöngu af því, að of lengi var haldið til við verkið. Það var komið fram í okt., þegar þetta mikla slys varð, og nokkur hluti hafnarmannvirkisins var opinn og ekki búið að steypa ofan á uppfyllinguna, svo að

þegar stórbrim kom, skófst uppfyllingin upp úr og sprengdi frá steinkantana, sem héldu uppfyllingunni. Uppfyllingin skolaðist síðan upp fyrir hafnarmannvirkið, svo að um tveggja ára skeið nálgaðist það kraftaverk, að sjómenn og útgerðarmenn í Bolungavík hafa getað róið. Á þeim tíma, síðan ráðizt var í þessar hafnarframkvæmdir, hefur þorpið vaxið og margháttaðar umbætur orðið á kjörum almennings, og ég hygg, að ekki sé of mikið sagt, að trú fólksins í þessu byggðarlagi hafi aldrei verið meiri á framtíðina en nú og framtíð byggðarlagsins; það sýnir vöxt þess og viðgang. — Ég tel nú ekki þörf að fara frekari orðum um þetta mál, þessar skemmdir á brimbrjótnum og þörfina á því, að viðgerð fari fram. Sem betur fer virðist þetta tjón, sem orðið hefur, ekki vera óbætanlegt. Þó að ég hafi ekki nefnt neina upphæð, ætti að vera auðvelt að bæta úr því. Það er fyrst og fremst eitt steinker, sem hefur snarazt, og nokkuð af uppfyllingunni skolazt burt. Ég hygg, að öllum hv. þm. sé ljóst, að sú till., sem við hv. 6. landsk. flytjum á þskj. 412, er borin fram af knýjandi nauðsyn. Við höfum ekki tekið í hana ákveðna upphæð, — ég vildi sjá og kynnast til hlítar, hversu mikið þetta tjón er, og í till. er lagt til, að þetta verði gert í samráði við vitamálastjóra. Ég treysti hæstv. ríkisstj. og Alþ. til að skilja þessa þörf, eins og það hefur áður gert, og hef ég þess vegna ekki fleiri orð um brtt.

Önnur brtt., sem ég flyt, er á þskj. 402, og flyt ég hana ásamt hv. 2. þm. S-M., og er hún við 22. gr. frv., um að heimila ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess, að nokkrir hinna nýju togara, sem nú eru í smíðum, verði staðsettir á útgerðarstöðum, sem við erfitt atvinnuástand búa. — Eins og kunnugt er, eru nú í smíðum 10 nýir togarar á vegum íslenzku ríkisstj. í Bretlandi. Þessi skip eru nú sum að verða fullgerð, og öll munu þau verða það á næsta ári. Um smíði þessara skipa hefur verið sett sérstök löggjöf, og er í henni gert ráð fyrir allverulegri aðstoð við kaupendur skipanna hér heima, þannig að þeim eru tryggð allhagstæð lán og lánskjör, þó að þau séu að vísu ekki eins hagstæð og þegar hinir fyrri nýsköpunartogarar voru keyptir. Það þykir liggja nokkurn veginn ljóst fyrir, að þessi skip verða svo dýr, að mjög fáir staðir úti um land muni hafa fjárhagslegt bolmagn til að eignast þau. Það er hins vegar kunnara en frá þurfi að segja, hvílík atvinnubót og öryggisaukning það er fyrir atvinnulíf einstakra staða, þegar jafnstórvirk framleiðslutæki og þessir togarar eru þar til heimilis og gerðir þaðan út. Við hv. 2. þm. S-M. höfum viljað freista þess, að unnið yrði að því af ríkissti., að gerðar yrðu ráðstafanir til þess, að nokkur þessara skipa yrðu staðsett úti á landi, og þá fyrst og fremst á útgerðarstaði, þar sem skilyrði eru fyrir útgerð og atvinnuástandið er erfitt. Ég hygg, að það hljóti að vera öllum hv. þm. ljóst, og það er margyfirlýst úr öllum áttum, að til þess beri brýna nauðsyn að skapa aukið jafnvægi í atvinnulífi okkar Íslendinga, þannig að atvinnulífið í hinum ýmsu framleiðslustöðum úti um land verði eflt, svo að hinn stöðugi fólksstraumur frá þeim til Reykjavíkur stöðvist. Þetta verður ekki gert nema á einn veg, nefnilega þann, að fólkinu á þessum stöðum verði tryggð lífvænleg atvinnuskilyrði til jafns við fólkið í Rvík. Þetta er svo augljós staðreynd, að ég vil ekki eyða tíma þingsins til að ræða hana frekar. Þetta verður að gera, — þetta eitt getur skapað jafnvægi, að skapa bætt atvinnuskilyrði og afkomumöguleika fyrir almenning á þeim stöðum úti um land, sem góða aðstöðu hafa til framleiðslu og að öðru leyti eru lífvænlegir fyrir fólkið. Ég vænti þess vegna, að þessi brtt. verði samþ., og ég veit reyndar, að hæstv. ríkisstj. hefur haft hug á að stuðla að því á einhvern hátt, að einhver þessara skipa skiptust þannig milli landshluta, að sem mest og almennust not yrðu að þeim og að líkindi væru til, að með komu þeirra gæti skapazt sem mest jafnvægi og atvinnuöryggi fyrir sem flesta menn á landinu.

Ég skal svo láta útrætt um þessa brtt. Ég hirði ekki um að mæla fyrir þeim brtt., sem ég er meðflutningsmaður að, það mun verða gert af öðrum. En ég vænti þess, að þau rök, sem ég hef fært hér fram með þessum tveim brtt., nægi til þess að skapa almennan skilning á nauðsyn þeirra og tryggja samþykkt þeirra hér á hv. Alþingi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég á hér ekki nema eina till., sem ég vil vekja athygli á. Hún er nr. XVI á þskj. 402. — Við þær breytingar, sem gerðar voru á jarðræktarlögunum á síðasta þingi, er hætt að kalla jarðræktarstyrki það, sem eftir þeim er veitt, heldur jarðræktarframlög, og af því, að hætt er að kalla það jarðræktarstyrki, eins og búið er að gera í 27 ár, og komið hitt heitið, þótti mér rétt að breyta þessu, og því er þessi fyrri till. fram komin.

Sú seinni er borin fram af því, að af einhverri vangá er vitnað þar í 37. gr. Það var 37. gr. í gömlu lögunum, en nú er það 11. gr. III. Þetta er því líka leiðrétting. Ég geri ráð fyrir, að fjárlögin frá í fyrra hafi verið fyrir framan þann, sem skrifaði þetta, og því hafi hann skrifað 37. gr. Þetta eru því hvort tveggja leiðréttingar, sem mætti samþykkja án atkvæðagreiðslu, ef svo bæri undir.

En mig langar til að benda á annað. Það hafa komið fram hér á þinginu ýmsar till. um fjárframlög til þessa og hins, fjárframlag til fyrirhleðslu til verndar engjum í Saurbæ í Vatnsdal, fjárframlag til að gera ræsi gegnum Stokkseyri o. fl. Ég vil benda þeim mönnum, sem eru með svona till., á, að það er nauðsynlegt fyrir mig og aðra, sem greiða eiga atkvæði um þetta, að búið sé að gera áætlun um verkið; annaðhvort séu þessir tveir starfsmenn, sem Búnaðarfélag Íslands hefur, búnir að líta á það, svo að þeir geti gert áætlun, eða einhver af verkfræðingum vegamálastjóra. Á þetta vil ég benda fyrir framtíðina þeim til athugunar, sem svona till. kunna að leggja fyrir þingið. Það er mér ekki nóg, þó að vegaverkstjóri telji, að verkið kosti þetta eða þetta, án þess að nokkuð liggi raunverulega fyrir um, hvað gera á. Mér er ómögulegt að vera með svona till. án þess, að fyrir liggi kostnaðaráætlun og greinargerð um, hvernig ástandið yfirleitt er á staðnum. Það eru margar till., sem ég get ekki fylgt, eins og þær eru lagðar fyrir þingið, þar sem allt er meira og minna á huldu um kostnaðinn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég á hér eina brtt., sem ég er 1. flm. að. Það er brtt. XXI á þskj. 402. Þessi brtt. er um að veita ríkisstj. heim-

ild til að verja hagnaði þeim, sem kann að verða af rekstri olíuflutningaskipsins Þyrils, til verðlækkunar og verðjöfnunar á olíu, svo að olíuverð verði sem jafnast á landinu, þar sem olíuflutningaskipið getur annars dælt olíu á geyma. Það er hv. þm. kunnugt, að ríkið, sem hefur á undanförnum árum rekið olíuflutningaskipið Þyril, hefur rekið það með allmiklum hagnaði. Ég hygg, að það muni furða marga að heyra, að árlegur gróði af skipinu að undanförnu hefur verið um 1 millj. kr., og sennilega meiri á árinu, sem er að líða. Þessi gífurlegi gróði, sem þarna fæst í rekstri þessa skips og fæst aðallega í sambandi við, að það flytur olíu út á landsbyggðina, olíu, sem flestum finnst vera nægilega dýr, — það virðist ekki óeðlilegt, að þessi hagnaður sé notaður til að verðlækka og verðjafna olíuna nokkuð. En nú hefur verið gert ráð fyrir því í sambandi við afgreiðslu þessara fjárlaga að taka rekstur þessa skips og fella hann inn í rekstur annarra skipa, sem Skipaútgerð ríkisins hefur með að gera, og nota þá þann hagnað, sem er á rekstri olíuflutningaskipsins, yfir 1 millj. kr. á ári, til að standa undir þeim hallarekstri, sem er á öðrum skipum útgerðarinnar. Þ. e., það á að láta fátæka olíukaupendur standa undir eða létta á ríkissjóði því fjárframlagi, sem hann hefur undanfarin ár þurft að leggja fram til Skipaútgerðarinnar. Olíukaupendur eiga að halda þessum rekstri uppi með því, að svo og svo mikill hagnaður er af rekstri olíuflutningaskipsins, sem svo á að „dekka" það tap, sem verið hefur á rekstri ríkisskipanna. Mér hefur heyrzt, að allmargir hv. þm. væru því hlynntir, að reynt væri að koma verðjöfnun á olíu úti á landi og minnka þann mikla mismun, sem er á olíuverði hér í Reykjavík og úti á landi. Þá verð ég að segja, að mér finnst þetta vera sjálfsagðasta leiðin.

Ég vænti svo, að þetta mál liggi svo ljóst fyrir öllum þingmönnum, að þeir sjái, að það er sanngirnismál, að svo verði farið að sem till. gerir ráð fyrir og ég þurfi ekki að eyða fleiri orðum að því. Ég geri mér von um, að hv. þm. fallist á að veita ríkisstj. heimild til að ráðstafa hagnaðinum eins og í brtt. segir.

Ég er meðflutningsmaður að fleiri till. og hygg, að 1. flm. muni mæla fyrir þeim, svo að ég ætla ekki að ræða þær sérstaklega.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Ég á hér örfáar og örsmáar brtt. Það er fyrst brtt. VII á þskj. 402, til Skallagrímsgarðs í Borgarnesi kr. 1000. Þessi fjárveiting hefur verið á fjárlögum á annan tug ára og hefur fallið út af fjárlögum fyrir einhvern misgáning. Ég athugaði ekki fyrr en í dag, að hún hefði fallið niður, og vil því gera þessa leiðréttingu. Þessi garður er á þeim stað í Borgarnesi, sem fornar sagnir telja, að Skallagrímur hafi verið heygður, og haugur hans er í garðinum, og er talið víst, að það sé rétti staðurinn. Fyrir þennan styrk hefur m. a. verið unnið ötullega að því að koma þarna upp fögrum skrúðgarði, sem er þegar orðinn mjög fallegur að sumarlagi, og út frá því hefur færzt almenn skógrækt út um kauptúnið kringum hús manna, og er Borgarnes m. a. af þeim sökum orðið eitt hið fegursta smáþorp hérlendis, þó að það væri byggt mest á grjóti og sandi. Þessi upphæð er ekki stór. Fyrir 10—12 árum megnaði hún nokkuð og kom fótum undir það stórvirki, sem þarna hefur verið unnið, en þó að hún sé ekki mikil, hjálpar hún til að halda þessu starfi við, og vona ég, að Alþingi sýni þá ræktarsemi nú sem fyrr við þennan sögustað að veita þessa litlu fjárhæð til garðsins.

Svo er það brtt. XII á sama þskj., 1500 kr. til Leikfélags Borgarness, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að. Það eru nú mörg leikfélög annars staðar á landinu, sem njóta svipaðs styrks á fjárlögum, þ. á m. þorp á stærð við Borgarnes. Þessi grein listarinnar hefur verið iðkuð í Borgarnesi um mörg undanfarin ár af miklum dugnaði. Þar hafa verið tekin fyrir stór og mikil leikrit, og flutningur þeirra hefur verið með slíkri prýði, að um hefur verið skrifað af mörgum listdómurum hér í höfuðstaðnum. Tveir af hinum efnilegustu yngri leikurum okkar hafa byrjað leiklistarstarfsemi sína í Leikfélagi Borgarness. Vænti ég, að Borgarnes verði látið njóta jafnréttis við önnur kauptún, sem komin eru á undan á fjárlögin með svipaða styrki.

3. brtt. er nr. XIV á sama þskj., um að veita 5 þús. kr. til að reisa myndastyttu á Borg á Mýrum af Agli Skallagrímssyni, 1. greiðsla, gegn a. m. k. jafnmiklu framlagi annars staðar að. Það er óþarft að flytja fyrirlestur um Egil Skallagrímsson, einn frægasta Íslendinginn að fornu og nýju og sérstæða persónu að andlegu og líkamlegu atgervi, og nægir í því sambandi að minnast Sonatorreks, sem er eitt fegursta kvæði, sem ort hefur verið á íslenzka tungu og allir, sem þeim fræðum unna, eru hrifnir af. Skallagrímur var að vísu Mýramaður, og mun félag Mýramanna og Borgfirðinga leggja fram krafta sína til að koma þessu minnismerki upp, en þessi maður er fyrir löngu orðinn eign allrar þjóðarinnar, eins og allir eru afkomendur hans. Þykir mér því vel fara á, að ríkið heiðri minningu hans með því að leggja nokkurt fé fram til að reisa honum styttu og að framlag ríkisins verði um helmingur þess, sem styttan kostar. Það hefur verið nokkur hreyfing innan héraðsins og Borgfirðingafélagsins um að safna fé til þessarar styttu. Er hugmyndin að fá íslenzka listamenn til að keppa að hugmyndinni um hana og velja svo einhvern þeirra til að koma henni upp. Þessi stytta kostar eðlilega allmikið fé. Hér er farið smátt af stað og hugsað að láta tímann vinna með sér að því, að þetta geti orðið fullkomið listaverk í sama stíl og það listaverk, sem búið er að koma upp af Snorra Sturlusyni fyrir aðstoð frænda okkar í Noregi.

Þá eru ekki fleiri till. hér, sem ég er 1. flm. að. Að einni er ég flm. með hv. 1. þm. N-M., og hefur hann gert grein fyrir henni, og er hún eingöngu leiðréttíng á villum, sem eru í frv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég er ekki með margar brtt., en vil í stuttu máli lýsa ástæðunum fyrir þeim till., sem ég hef leyft mér að flytja.

Það er fyrst brtt. VI á þskj. 402. Þar fer ég fram á, að fjárframlag til hafnarbóta í Vestmannaeyjum, sem fjvn. hefur úrskurðað 170 þús. kr., verði hækkað upp í 200 þús. kr., eða um 30 þús. Ég held, að þetta sé ákaflega hógvær bón, einkum þegar þess er gætt, að till. vitamálastjóra varðandi

þessa höfn var einmitt sú, að framlagið yrði 200 þús. kr. Ég hef að vísu fengið að vita í samtali við hv. form. n., að hún eftir sínum kokkabókum hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta framlag eigi ekki að vera nema 170 þús. kr., en ég ætla, að engir, sem til þekkja, geti láð mér, þótt ég uni því ekki, að svo mikið framleiðsluplass sé með svo vesældarlegt framlag. Og þótt úrbótin, sem ég fer fram á, sé ekki mikil og minni en þyrfti, þá hef ég þá afsökun, að þetta er till. vitamálastjóra. Annars er náttúrlega hafnarféð í það heila naumlega skorið og einkennilega úti látið. Ég veit til dæmis ekki, hvaða vit er í því að leggja fram stórfé til að byggja nýja landshöfn á Rifi, löngu áður en landshöfnin í Keflavík og Njarðvíkum er svo langt á veg komin, að hennar séu nokkur not. Það er eins gott að láta Rif bíða, þar til höfnin þarna suður frá er svo úr garði gerð, að draga megi úr framlagi til hennar, og ég mótmæli því algerlega, að þetta eigi að bitna á höfuðframleiðslustöðunum á landinu, sem leggja ríkissjóði stórtekjur í alls konar afgjöldum og afla þjóðarbúinu 10—12% af öllum gjaldeyri, eins og mitt kjördæmi gerir. Mér er ekki ljóst, hvað hv. fjvn. meinar, þegar hún fer fram á það, að þm. flytji henni óskir sínar, þegar hún svo virðir þessar óskir að vettugi, þegar þær koma fram, jafnvel þótt þær séu mjög hógværar. Þetta má gera hverjum þm. einu sinni, en það er ekki hægt að gera það mörgum sinnum, eins og hv. n. hefur gert, án þess að ónot hljótist af, en ég tel, að með því að áætla Vestmannaeyjum þessa aumlegu upphæð, þá sé mér sem þm. misboðið og fólkinu í plássinu, ef borið er saman við aðra staði.

Ég hef svo hlustað hér á mjög fallega fluttar ræður um marga hluti, þ. á m. um leiklist, og það er ekki lítið eða hitt þó heldur, sem fjvn. hefur við þá fögru list, þegar um landsins hring er að ræða og Reykjavík er undanskilin. Á 15. gr. er ætlað til leiklistarstarfsemi í öllum kaupstöðum landsins utan Reykjavíkur og nokkrum kauptúnum 30—40 þús. kr., á sama tíma og allir landsmenn eru stórum skattskyldir til þjóðleikhússins og a. m. k. einn hv. þm. vill fá 30 þús. kr. til aukaleikhúss í Reykjavík. Ég hef því ásamt nokkrum öðrum hv. þm. leyft mér að flytja mjög hógværa brtt. til þess lítillega að bæta þetta misrétti, sem landsmenn utan Reykjavíkur eiga við að búa. Þessi till. er á þskj. 412,III, og er þar gert ráð fyrir, að lögfestur verði 30 þús. kr. aukastyrkur til að örva leiklistarstarfsemi í kaupstöðum og kauptúnum, eða á þeim sömu stöðum og um ræðir í 15. gr., 17. lið, þ. e. til 10 staða á landinu, og tilgangur okkar er sá, eins og áður segir, að örva leiklistarstarfsemi úti á landi. Full þörf er á því að auka sýningar sjónleikja, og víða er nú miklu betri aðbúnaður í þeim hlutum en áður var. Ég man þá tíð, og tók raunar þátt í því, að reynt var að bjargast við pakkhús og alla vega slæm húsakynni til að sýna sjónleiki. Nú eru húsakynni að vísu betri og skemmtanalífið fjölbreyttara, en það mun þó almennt viðurkennt, að tæplega séu til hollari og betri skemmtanir en góðir sjónleikir. Við viljum því stuðla að því, að menn séu hvattir til að halda uppi leiksýningum, með því að veita þeim fyrir það einhverja viðurkenningu. Því skal aukastyrknum úthlutað af menntmrh. á staðina eftir tölu leiksýninga á árinu. Þetta er örvun fyrir þá, sem leggja á sig það starf, sem áreiðanlega er engum manni féþúfa. Þetta er örvun fyrir þá til þess að halda uppi leiksýningum, og sé það nauðsynlegt að verja fé til leikstarfsemi í Reykjavík fyrir utan þjóðleikhúsið, þá er ekki síður þörf á þessari litlu fjárhæð til að örva leiklistarlíf á öðrum stöðum. Ég vænti því, að hæstv. ríkisstj. og hv. fjvn. sjái og fallist á þá sanngirni, sem liggur að baki þessari till. Ég vil ekki þreyta hv. þm. á langri ræðu um þetta, en skemmtanalíf landsmanna hefur nú tekið ískyggilega stefnu, og það er ekki smekklegt, þegar útvarpið, sem kostað er af opinberu fé, ver löngum tíma til þess að hrópa út yfir landið: Dansleikur í Hveragerði, dansleikur í Félagsgarði, dansleikur í Sandgerði o. s. frv., þar sem hvergi heyrist slíkt nema hér á landi. Það er því full ástæða til að ýta undir annað skemmtanalíf og þá fyrst og fremst leiklistarstarfsemi, sem farin er að taka allmiklum þroska utan Reykjavíkur. Það er ekki aðeins í Reykjavík, að sjónleikir hafa verið vel sýndir. Við höfum heyrt um leiksýningar víða úti á landi, og hefur oft þótt vel takast, þótt menn hefðu færzt í fang erfið viðfangsefni. Og hér er ekki ætlazt til að veita þessu fé út í bláinn, heldur á menntmrh. að meta það, sem gert er, og gjalda styrkinn að loknu verki og verðlauna það, sem vel er unnið.

Þá hef ég leyft mér að bera fram brtt. við 22. gr., heimildagreinina, út af skipasmíðum, sem áttu sér stað á nýsköpunarárunum, en þá voru smíðaðir bátar fyrir hönd ríkisstj. á ýmsum stöðum, svo sem Reykjavík, Akranesi, Akureyri, Neskaupstað, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Vestmannaeyjum, og jafnvel víðar. Þessi bátasmíði var mikið þarfaverk, og hefur það sýnt sig bezt síðar, að rétt var stefnt, þegar efnt var til þessara framkvæmda í svo stórum stíl. En svo illa hefur til tekizt, að þeir, sem smíðuðu bátana, hafa flestir orðið fyrir talsverðu tapi. Samningar voru gerðir hér í Reykjavík við hvern og einn, og var mikið til þeirra vandað, en hér fór eins og um svo margt fleira, að fyrirtækin reyndust dýrari en ætlað var í fyrstu, og hér lenti þetta á þeim, sem tóku að sér smíði bátanna, og olli þetta þeim allmiklu fjártjóni. Ég ímynda mér, að allir séu sammála um það, að það hafi ekki verið tilgangur ríkisstj., að nein skipasmíðastöð yrði fyrir tjóni af verkinu, og til þess mun ekki ætlazt enn, og ég leyfi mér að lýsa yfir því, að alls staðar tókust smíðarnar sæmilega og sums staðar mjög vel, og ætla ég, að tæplega hafi verið smíðaðar hér fleytur af þessari stærð, að öllu betri væru en þessir bátar. Þeir eru nú allir komnir í hendur útgerðarmanna og sjómanna og hafa nú þegar fært þjóðinni björg í bú, allir nokkra og margir mikla, en smiðjurnar bera nú skuldabagga vegna þess, að bátarnir voru dýrari en ætlað var í fyrstu. — Þegar ég síðar samdi fjárlagafrv. fyrir 1949, þá setti ég inn á heimildagr. frv. upphæð í þessu skyni, enda var mjög leitað á ríkisstj. af hálfu smiðjanna um uppbætur. Vildi ég og gjarnan verða við þeim óskum, en til þess var engin heimild án þess að leita til Alþingis. Því var svo frá gengið í síðasta fjárlagafrv., er ég samdi, að heimild væri fyrir ráðh. að greiða þessar uppbætur, en Alþingi felldi þá heimild niður. Nú vil ég taka þessa málaleitun upp aftur, að ráðh.

hafi þessa heimild, og fyrir því flyt ég brtt. á þskj. 412,V, um að ráðh. hafi heimild til að greiða skipasmíðastöðvum þeim, sem hafa smíðað báta fyrir ríkissjóð, uppbætur vegna taps á smíðinni, er nemi allt að 25 þús. kr. á minni tegund bátanna, en allt að 30 þús. kr. á þá stærri. Ég veit, að þessar upphæðir eru lægri en það, sem farið var fram á, en það er þó nokkur bót í máli, ef farinn verður þessi millivegur til þess að bæta þetta tjón. Ég get ímyndað mér, að hv. þm. viðurkenni þessa þörf og samþ. heimildina, og ef hún verður notuð, þá er hér farið bil beggja, að ríkissjóður taki á sig hluta af tjóninu, og er það skárra en láta smíðastöðvarnar bera það allt. Það er náttúrlega hægt að segja sem svo: Mennirnir sömdu um þetta, og það var þeirra að sjá um sig. — En allir vita, að á breytilegum tímum, eins og við höfum lifað undanfarið, þá hækkar oft ýmislegt efni í verði meðan á smíði stendur, sem ekki verður vitað fyrir fram. Ég held því, að það sé mikið sanngirnismál, að hið opinbera taki nokkurn þátt í því tjóni, sem skipasmíðastöðvarnar urðu fyrir. Hér hafa verið framleidd ágæt framleiðslutæki fyrir sjómenn og útvegsmenn landsins, tæki, sem hafa sýnt það tvær til þrjár undanfarnar vertíðir, að þau standa fullkomlega á sporði sams konar tækjum erlendum, og allt mælir með því, að þingið létti þann skaða, er þeir urðu fyrir, sem stóðu að þessum smíðum. Ég ætla, að segja megi með sanni, að ekki sé vel farið, ef bátasmíðar innanlands leggjast niður. Margir hafa sett sig í mikinn stofnkostnað til þess að afla tækja, sem ekki verður brúk fyrir, ef smíðarnar falla niður. En það er vissulega full nauðsyn, að þau tæki séu ekki ónotuð, því að það er ótrúlegt, hve mikið gengur árlega úr sér af vélbátum, og svo er hitt, að upp vaxa ungir menn, sem vilja reyna sig á sjónum og þurfa einhverja fleytu, en nú er svo komið, að mjög erfitt er að fá góðan, nýjan innlendan mótorbát. Því er sýnt, að hér er ekki um neina óþarfa starfsemi að ræða, heldur verk, sem er vissulega góðra gjalda vert, og ætti því að taka tillit til þess, sem farið er fram á með þessari brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 411, 412, 416 og 417, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég flyt hér nokkrar brtt. og ætla þó ekki að ræða þær till., sem ég er meðflm. að, svo sem till. um styrk til leikstarfsemi úti á landi, sem hv. þm. Vestm. hefur gert grein fyrir. En ég flyt á þskj. 412 ásamt þrem öðrum hv. þm. till. um, að hafnarfé til Siglufjarðar verði hækkað úr 100 upp í 150 þús. kr. Ég ræddi nokkuð um þetta mál við 2. umr. og benti þá á það ósamræmi og þá ósanngirni, sem Siglufirði er sýnd, þegar hann er ekki látinn njóta sömu aðstöðu og önnur bæjarfélög, og flutti ég þá, við 2. umr., till. um, að Siglufjörður fengi 220 þús. kr. til sinnar hafnar, eins og ýmsir aðrir kaupstaðir. Nú er till. okkar aðeins um 150 þús. kr., og vil ég benda á í þessu sambandi, að þegar í haust hefur verið unnið að hafnarframkvæmdum á Siglufirði fyrir 50 þús. kr. og reynt þannig að bæta örlítið úr hinu alvarlega atvinnuástandi, svo að það verða ekki nema 100 þús. kr., sem varið verður í framkvæmdir ársins 1951, þótt till. okkar verði samþ. Hér er og mjög stillt í hóf, og þótt sjónarmið mín hafi ekki verið viðurkennd við 2. umr., þá vænti ég, að hv. þm. geti fallizt á þessa till.

Þá flyt ég á þskj. 402,XXIII till. um nýjan lið á heimildagrein fjárl., að heimila ríkisstj. að greiða bætur til þeirra, sem orðið hafa fyrir tjóni á íbúðum sínum og húsgögnum vegna flóðanna á Siglufirði, 100 þús. kr. eftir ákvörðun félmrh. En eins og kunnugt er, flæddi sjór um nokkurn hluta bæjarins og inn í allmörg íbúðarhús nú fyrir nokkrum dögum, og urðu þá tilfinnanlegar skemmdir á húsum og húsgögnum manna, og er sanngjarnt, að hlaupið sé undir bagga með því fólki, sem varð þarna fyrir tjóni, eins og gert hefur verið oft áður, þegar náttúruöflin hafa valdið tjóni á eignum manna. Í þessu óveðri urðu víða um land miklar skemmdir, en óvíða munu þær hafa orðið eins miklar og tilfinnanlegar og hjá almenningi á Siglufirði, en hér er aðeins átt við að bæta það tjón, sem varð hjá alþýðu manna, en ekki á mannvirkjum, eins og t. d. hafnarmannvirkjum og slíku, heldur aðeins þegar slíkar skemmdir hafa náð til heimila manna og gert íbúðarhús þeirra lítt nothæf.

Þá er á sama þskj., XXIX. lið, till., sem er flutt í samráði við bæjarstjórann á Siglufirði, og fjallar hún um að veita Siglufjarðarkaupstað allt að 900 þús. kr. lán til kaupa á atvinnutækjum til Siglufjarðar. Lánið greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum með 4% vöxtum, enda verði afborganir og vextir teknir inn á fjárhagsáætlun bæjarsjóðs Siglufjarðar þar til lánið er að fullu greitt. Atvinnuástand er nú mjög ískyggilegt á Siglufirði, eftir að síldveiðin hefur brugðizt þar í 6 sumur, og er sjáanlegt, að breyta verður þar um atvinnuhætti og hætta að treysta eingöngu á síldina, eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Bæjarstjórnin gerir sér líka fyllilega ljóst, að ófært er að treysta svo algerlega á einn atvinnuveg, og fer því fram á, að bænum verði veitt það lán, sem hér er farið fram á, og hefur hún þá einkum togarakaup eða annað slíkt í huga. Bæjarstjórnin ætlar, eins og tekið er fram í till., að taka afborganir og vaxtagreiðslur inn á fjárhagsáætlun bæjarins og bæta þessu ofan á útsvör og gjöld íbúanna og þar með að tryggja, að lánið verði greitt á tilskildum tíma. Atvinnuástand er nú slíkt í bænum, að menn flykkjast þaðan í burt, ef þeir mögulega geta, og þá einkum hingað til Reykjavíkur, en af þessum fólksflutningum stafar mikil hætta, bæði að menn streymi um of hingað til bæjarins og eins hitt, að þessi mikla atvinnustöð fari í eyði, og væri þá illa farið. Stór hluti íbúanna hefur ekki tök á að leita út fyrir bæinn í atvinnuleit, og er mikil hætta á, að margir þurfi að leita aðstoðar hins opinbera til að fleyta fram lífinu, en bæjarstjórnin vill koma í veg fyrir, að til slíks þurfi að koma, og vill heldur fá aðstöðu til að gera íbúana óháða síldveiðunum, svo að almenningur þurfi ekki að leita til hins opinbera um lífsframfæri. Bæjarstjórnin vonast því til, að þessi till. mæti fullum skilningi hv. þm., Alþ. og ríkisstj., svo þýðingarmikil sem hún er fyrir Siglfirðinga.

Ég er hér meðflm. að fleiri till., en ég mun ekki

orðlengja um þær, því að það hafa aðrir hv. þm. gert eða munu gera, svo að ég sé ekki ástæðu til að gera það frekar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég flyt hér brtt. við fjárlögin. Er hún á þskj. 402, XXVIII. till. þar. Ég legg þar til, að ríkið fái heimild til að verja allt að 100 þús. kr. til jarðakaupa samkv. lögum nr. 64 1941, um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa. Ég ber þessa till. fram vegna erindis, sem ég hef fengið frá oddvitanum í Hvammstangahreppi. Þar er svo til háttað, eins og víða annars staðar á landinu, að íbúarnir hafa stuðning af landbúnaði, en þeir þurfa meira landsvæði en þeir nú hafa. Horfur eru á, að hægt sé að fá keypta jörð nálægt kauptúninu, og er það nauðsynlegt fyrir Hvammstangahrepp að fá umráð yfir þessari jörð. — Einhverjir kynnu nú að segja, að hreppurinn sjálfur gæti keypt hana, en því er þá til að svara, að hann hefur ekki fjármagn til þess, því að það mun þurfa að greiða andvirðið um leið og kaupin eru gerð, og lán til slíkra kaupa eru mjög torfengin. Ég get upplýst í þessu sambandi, að hreppsnefndin hefur í undirbúningi vatnsveitu, sem kosta mun mikið fé og gerir það mjög örðugt að leggja út í aðrar framkvæmdir samtímis.

Í þeim lögum, sem vitnað er til, frá 1941, er ríkisstj. heimilað að festa kaup á jörðum, löndum eða lóðum við kauptún eða sjávarþorp, ef vissum skilyrðum er fullnægt, og samkv. lögunum á að leigja hlutaðeigandi hreppum þessar jarðir, lönd eða lóðir með skilmálum, sem ákveðnir eru í lögunum. Ég tel heppilegt að styðja kauptún til að fá varanleg umráð yfir löndum, því að það er mikil þörf á því, að þau fái umráð yfir löndum, til þess að þau geti rekið landbúnað ásamt öðrum atvinnurekstri. Og það er mikið öryggi í því fyrir íbúa kauptúna að geta haft nokkurn búrekstur. Ég flyt þetta sem brtt. við 22. gr., en ekki við 20. gr., vegna þess, að málið er ekki á því stigi, að hægt sé að segja með fullri vissu, hvort hægt sé að fá þessa jörð keypta, en þar sem þetta er ekki fullvíst, þykir mér eðlilegra að setja þetta á heimildagreinina. Það þyrfti auðvitað að gera vissar ráðstafanir heima fyrir, til þess að af kaupunum geti orðið, og geri ég ekki ráð fyrir, að staðið geti á því.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta frekar. Ég biðst afsökunar á því, hvað till. er seint á ferðinni, svo að fjvn. hefur ekki getað litið á hana, en af vissum ástæðum gat ég ekki lagt hana fram fyrr, og vænti ég þess, að málið verði ekki látið gjalda þessa seinleika.

Frsm. 1. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég ætla að segja hér nokkur orð, í fyrsta lagi um brtt., sem ég flyt hér ásamt öðrum, í öðru lagi um till., sem ég flyt hér sem minni hl. fjvn., og í þriðja lagi um till. hæstv. fjmrh.

Í fyrsta lagi er það 1. brtt. á þskj. 412, sem er um það, að liðirnir 8 og 9 á 13. gr. A.III falli niður, en í staðinn komi Selá á Langadalsströnd með 180 þús. kr. Hér er um till. að ræða, sem fer ekki fram á aukin fjárframlög úr ríkissjóði. Selá er vatnsmesta á á Vesturlandi, eins og allir vita og viðurkenna, sem til þekkja, og þyrfti því að brúa hana fyrst. Í þessu skyni voru veittar 60 þús. kr. á fjárl. 1947, og hefði því mátt ætla, að því hefði verið haldið áfram. En það var ekki gert. Í þessu skyni var hvorki veitt fé 1948 né 1949, og í fyrra var það ekki gert heldur, en gefið vilyrði fyrir, að það yrði gert á fjárl. 1951. Þannig hefur verið traðkað í mörg ár á þörfu og góðu máli, og það liggur aðeins fyrir vilyrði frá vegamálastjóra um það, að hann mælti með, að varið yrði fé úr brúasjóði til byggingar brúar á Selá, en um aðrar ár er þar varla að ræða að fá fé til úr brúasjóði en þessar tvær í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem eru engir farartálmar innan þess héraðs. Og það er ekki mikið, þó að þessu fé sé varið til brúarbyggingar þarna í staðinn fyrir það fé, sem tekið er í benzínskatti af Vestfjörðum. Nú er mér ljóst, að þó að þessar 180 þúsundir séu lagðar í þetta mannvirki nú, þá vantar 220 þús. til þess að brúin verði byggð á næsta sumri. Því hefði mér þótt gott að fá yfirlýsingu hæstv. samgmrh.; og mundi ég þá draga þessa till. til baka, ef ég fengi vissu fyrir því, að bundinn væri endi á þann leik að skjóta byggingu Selárbrúar á frest frá ári til árs, en að öðrum kosti mun ég láta þessa till. mína ganga til atkv.

Í annan stað flyt ég ásamt þm. N-Ísf. brtt. á þskj. 412, VII. lið, við 22. gr., um að verja í samráði við vitamálastjóra fé til viðgerðar á brimbrjótnum í Bolungavík vegna skemmda, er urðu á honum 10. des. s.l. Við höfðum farið fram á það, að veitt yrði fé vegna þeirra skemmda, sem urðu á þessu mannvirki 1946, en áður en við fengjum jáyrði fyrir því, að þær skemmdir yrðu bættar, þá fengum við símskeyti um þetta reiðarslag, að enn hefði brimbrjóturinn orðið fyrir miklum skemmdum, sem áætlað var að næmu um 300 þús. kr. Við ræddum strax við vitamálastjóra, og okkur kom saman um að fá strax vilja þingsins fyrir þessu, og því treystum við, að þm. sjái nauðsyn þessa máls og taki upp á heimildagr. fé til þessa í fullu samráði við vitamálastjóra.

Þá hef ég á þskj. 411 flutt brtt. Eru það till. í svipaða átt og þær, sem ég flutti við 2. umr., — ég hef þó sleppt mörgum af þeim atriðum, sem þar voru. — Þar legg ég til í 3. brtt., sem er við 16. gr., að varið verði til síldveiðideildar 5 millj. til þess að standast skuldbindingar samkv. nýsettri reglugerð, og í annan stað, að til þorskveiðideildarinnar verði varið 3 millj., til þess að gera þá deild starfhæfa þegar í byrjun næsta árs, svo að hún geti veitt hinum nauðstadda vélbátaflota nokkra aðstoð. Mér datt í hug, þegar búið var að fella till. um 8 millj. kr. aðstoð til sjávarútvegsins, að hana mætti veita samkv. l. um hlutatryggingasjóð.

Þá er brtt. um fé til almannatrygginganna, — ekki að veittar verði til þeirra 1850 þús., eins og meiri hl. fjvn. leggur til, heldur í samræmi við það, að þær geti haldið áfram að greiða þær bætur, sem þær verða að greiða með 8,3% álagi, en nú hefur ráðh. upplýst, að greiða verði 22% uppbætur á laun, og þá fannst mér, að ekki væri hægt að greiða bætur með lægri uppbót en þeirri, sem launþegar fá, og mundi það kosta 1450 þús., og við það miðast mín till.

Þá er hér till. um það, að ríkisstj. fái í 19. gr.

heimild til að verja 2 millj. til þess að afstýra atvinnuleysi í kaupstöðum og kauptúnum.

Þessar till. nema um 11 millj., en það vill svo vel til, að það hefur verið sýnt fram á það, að áfengisverzlunin og tóbakseinkasalan hljóta að gefa a. m. k. 12—13 millj. kr. hærri tekjur en áætlað er á fjárl. Hér er áætlað að þær gefi 11 millj. og 450 þús. kr. hærra en þar er áætlað, og gætu þá þær tekjur runnið til þess að efla sjávarútveginn, til tryggingana og 2 millj. til þess að afstýra atvinnuleysi í kaupstöðum landsins, og held ég, að þessum vanáætluðu tekjum verði ekki betur varið á annan hátt.

Þá vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um brtt. hv. fjvn. á þskj. 393. Þar stendur í 8. till. n., að viðhaldsfé vega skuli hækka um 1 millj., úr 12,8 millj. í 13,8 millj. Með öðrum orðum, það er viðurkennt, að ekki verði hjá því komizt að hækka viðhaldsféð um eina milljón, en þó er það lægra en vitað er að af verði komizt með. — Þá er það 1. till. á þskj. 393, sem er við 11. gr., nýr liður, til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju, 125 þús. Þrátt fyrir að þetta er sett þarna inn á fjárl., veit ég ekki til, að til sé nema eitt vinnuhæli á landinu, á Litla-Hrauni, en nú virðist vera annað til á Kvíabryggju í Grundarfirði. Nú vil ég leyfa mér að leggja spurningu fyrir hæstv. fjmrh.: Hvenær var þetta vinnuhæli byggt, og um hve stórfellda stofnun er hér að ræða, hver á þetta vinnuhæli, hvað kostaði það og hvenær á árinu 1951 mun það taka til starfa? Einhver ráðh. mun að minnsta kosti vera hér enn þá til að svara þessu. Væntanlega á ekki að fara að kasta þarna 125 þús. í vinnuhæli, sem ekki er til. En ég hef fulla ástæðu til að ætla, að það sé ekki til, eða að minnsta kosti eru engar líkur til, að það taki til starfa á árinu 1951. Ég hef óljóst hugboð um, að Reykjavíkurbær hafi keypt þarna jörð til að koma upp vinnuhæli vegna ógoldinna barnsmeðlaga. Mér er tjáð, að ekki séu nægileg húsakynni á Litla-Hrauni og muni þetta eiga að bæta nokkuð úr því, en þarna er ekki annað húsa en gamalt „forskallað“ timburhús, og getur því ekki orðið þarna vinnuhæli, nema allt sé byggt upp, og það er kunnugt, að þarna verður aldrei vinnuhæli á árinu 1951 og líklegast aldrei. Hvers vegna á þá að vera að leggja fé í þetta hugsaða vinnuhæli, sem Reykjavíkurbær mun vera eigandi að? Mér finnst vera eitthvert óbragð af þessari till., og Aþfl. mun greiða atkv. gegn henni. Mig grunar, að þarna sé einhver leyndur „forretningskab“ á bak við, sem ekki hefur verið gerð grein fyrir.

Þá hefur fjmrh. lagt fram brtt. á þskj. 394. Þar er gert ráð fyrir, að vörumagnstollur hækki um 1,5 millj., gjöld af innlendum tollvörum um 1,3 millj., aukatekjur um 0,8 millj., stimpilgjald um 0,9 millj., og söluskattur um 5 millj. Ég held því fram, að það sé alveg að ófyrirsynju, að hlaupið er til að hækka skatta og tolla, því að tekjuáætlunin er svo rúm, að gera má ráð fyrir, að inn komi yfir 30 millj. meira en gert er ráð fyrir. Það hefði verið hægt með því að áætla rétt að fá fé til að standa undir þeim auknu útgjöldum, sem gert er ráð fyrir, og þessir skattar eru því óþarfir. Það hefði e. t. v. verið hægt að verja það, ef árferði hefði verið hið bezta, en nú er ekki svo, og þá er ekki hægt að verja það, að skattar séu lagðir á landslýðinn að tilefnislausu eða af litlu tilefni. — Á þessu sama þskj. er 7. till. á þá leið, að til vantalinnar verðlagsuppbótar skuli áætlaðar 5 millj., og svo er skýringin: Greiða skal verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna miðað við vísitölu 122 stig. Í sambandi við þessa málsgr. hefur hæstv. viðskmrh. borið fram brtt. á þskj. 399 við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. Þar segir, að í stað 4.—7. mgr. 6. gr. laganna komi ein málsgr., svo hljóðandi: „Frá 1. febr. 1951 skulu laun ekki taka breytingum samkvæmt ákvæðum þessara laga.“ Þessi till. er í sambandi við brtt. fjmrh., sem liggur fyrir Sþ. Vitanlega var ekki hægt með samþykkt brtt. við fjárl. að breyta gengislækkunarlögunum, og því þurfti viðskmrh. að koma með þessa till. hér inn. Með þessu er verið að hlaupast á brott frá þeim skuldbindingum, sem gefnar voru, þegar gengisbreytingin var gerð. Þá var lofað, að laun skyldu hækka mánaðarlega til 1. júlí og síðan standa óbreytt til áramóta 1950—51 og hækka þá, ef vísitalan hefði hækkað um 5%. Við þetta var staðið. Verkalýðsfélögin sættu sig við þetta og fylgdu lögunum. Svo var ákveðið í gengisbreytingarlögunum, að vísitalan skyldi haldast til 1. júlí 1951, en þá skyldi kaupgjald hækka eða lækka samkv. vísitölunni. Frá þessu er verið að hlaupast með þessari till. Það er gefið, að dýrtíðin mun halda áfram að vaxa eftir þetta, og það er ekki vitað um neinar ráðstafanir, sem ríkisstj. hafi gert til að stöðva það flóð. Höfundar gengislækkunarlaganna héldu því fram, að verðhækkanirnar, sem af henni leiddi, mundu koma ört, og töldu, að þær mundu nema 11—13 stigum, síðan mundi hún hægja á sér. Auk þessa átti hún að bæta markaðsmöguleika okkar að stórum mun. Þessi draumur um, að dýrtíðin mundi hægja á sér, hefur algerlega brugðizt. Fyrir gengisbreytinguna töldu þeir, að jafnvægi mundi vera náð nú, en nú er hlaupizt frá þessu öllu. Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj.: Heldur hún, að hún fái gott samkomulag við verkalýðsfélögin í landinu um þetta? Heldur hún, að hún fái góðan frið, ef kaupgjald verður sett fast? Ég held, að það fáist enginn friður um það. Enda þarf ríkisstj. ekki að fara í neinar grafgötur með það. Á síðasta alþýðusambandsþingi var samþ. að skora á ríkisstj. að gera allt, sem í hennar valdi stæði til að örva atvinnulífið og nýta framleiðsluna sem bezt. Og var sambandsstjórninni falið að knýja ríkisstj. til þess að bæta atvinnulífið og afstýra atvinnuleysi. Og vegna fyrirsjáanlegrar vaxandi dýrtíðar eftir 1. júlí n.k., þá var stjórninni falið að þola ekki hækkandi dýrtíð, án þess að fram færu samsvarandi kauphækkanir. Og á síðasta þingi Alþýðusambands Íslands var samþ. í einu hljóði svo hljóðandi ályktun:

„Því telur þingið (þ. e. vegna vaxandi dýrtíðar), að verkalýðshreyfingin verði nú að spyrna við fótum, stöðva kjararýrnun þá, er af þessu hefur leitt, og hefja sókn fyrir því, sem tapazt hefur, og batnandi lífskjörum. — Felur þingið hinni væntanlegu sambandsstjórn að setja öllu ofar að sameina verkalýðsfélögin til samstilltra átaka í þessu efni. — Þingið leggur ríka áherzlu á, að væntanleg stjórn A.S.Í. hafi forustu um, að félögin leggi sameiginlega til þeirrar baráttu, sem fram undan

er, m. a. með því, að sambandsfélögin samræmi uppsagnarákvæði samninga sinna betur en orðið er, enda sé áfram haldið á þeirri braut til samræmingar kaupgjalds, sem unnizt hefur á seinasta kjörtímabili. — Það er alger lágmarkskrafa, að þegar í stað fáist kaup í samræmi við útreiknaða vísitölu hvers mánaðar, og felur þingið væntanlegri stjórn að fylgja þeirri kröfu vægðarlaust fram við ríkisstjórnina."

Hæstv. ríkisstj. veit, að eina leiðin til að halda frið við verkalýðssamtökin er, að kaupgjald hvers mánaðar sé í samræmi við vísitölu hans. Ef ekki verður orðið við þeirri kröfu, kostar það stríð við verkalýðsfélögin í landinu, sem munu beita sér gegn þessu, unz ríkisvaldið neyðist til að beygja sig. Ef hæstv. ríkisstj. hefði verið þess megnug að halda niðri verðlagi og dýrtíðinni, og þá síðferðislegu skyldu tók hún á sig með gengislækkunarl., þótt hún hafi svo gersamlega brugðizt henni, hefði hún skapað þá trú hjá verkalýðssamtökunum, að ekki hefði staðið á þeim að reyna að koma í veg fyrir kauphækkanir. En verkalýðurinn hefur hins vegar horft upp á það, meðan kaupgjald hefur staðið óbreytt, að verðlag hefur stöðugt farið hækkandi, og ég er sannfærður um það, að hversu oft sem hæstv. fjmrh. endurtekur þessa einu setningu: „Það er enginn ávinningur fyrir neina að fá kauphækkanir", að verkamenn, sem hafa búið við lækkandi kaup síðustu 6 mánuðina, á sama tíma sem þeir hafa aldrei séð dýrtíðina vaxa meir en síðan þeir festu kaup sitt, að þeir trúa ekki þessum orðum hans. Hæstv. ríkisstj. er búin að rífa niður trú verkalýðsins á það, að verðlag stöðvist, ef kaupgjald er bundið, og að verðlag fari lækkandi, ef kaupgjald fari lækkandi, því að vissulega hefur það farið lækkandi undanfarna mánuði. Afleiðingin af þessu verður sú, að verkalýðurinn á enga aðra vörn, þegar kaupmátturinn minnkar, en að gera kröfur um hærra kaup, og það er eins öruggt og nótt fylgir degi, að ef hæstv. ríkisstj. gerir engar samþykktir um það, áður en þessu þingi er slitið, að vísitala hvers mánaðar verði reiknuð út og álag samkv. henni greitt á kaup, lendir hún í allsherjarstríði við verkalýðssamtökin í landinu, þar sem hann á sér ekki annars úrkostar en að fá hærra kaup.

Á s.l. hausti tók ég upp á lista verðlag á helztu nauðsynjavörum, sem hvert alþýðuheimili verður að kaupa til þess að draga fram lífið frá degi til dags, og gerði samanburð á verði þessara vara frá því fyrir gengislækkun, eða eins og það var í febrúar 1950, og síðan eins og það var í haust, og kemur þá þetta í ljós:

Verð á kg af haframjöli kr. 1.90 fyrir gengislækkun, en kr. 2.80 í haust, verð á kg af hveiti kr. 1.70 fyrir gengisl., en kr. 3.00 í haust, verð á kg af rúgmjöli kr. 1.40 fyrir gengisl., en kr. 2.25 í haust, verð á kg af hrísgrjónum kr. 2.60 fyrir gengislækkun, en kr. 4.20 í haust, verð á kg af melís kr. 2.40 fyrir gengisl., en kr. 4.60 í haust, verð á kg af strásykri kr. 2.10 fyrir gengislækkun, en kr. 3.60 í haust, verð á kg af kaffi kr. 16.00 fyrir gengislækkun, en kr. 32.40 í haust, en hefur hækkað síðan. Kaffibætir, þvottaduft, smjörlíki, kartöflur, mjólk og kjöt, allt hefur þetta einnig hækkað í verði. — Kolatonnið kostaði á Vestfjörðum 340 kr. fyrir gengislækkun, en er nú komið á 6. hundrað kr., eins og hv. þm. Snæf. (SÁ) gat um fyrir nokkrum dögum að það kostaði á Snæfellsnesi. — Tonnið af hráolíu kostaði fyrir gengislækkun 450 kr., en kostar nú 740 kr. Kaupgjald hefur hins vegar verið greitt með 15% álagi síðan gengislækkunin komst á. Þetta eru fallegar bætur. Þetta hefur verkalýðurinn sætt sig við, meðan verið var að fá reynslu á gengislækkunarl., en það má hæstv. ríkisstj. vita, að nú er mælirinn fullur, meira að segja fleytifullur.

Nákvæmlega sömu sögu má segja um ástandið í atvinnulífinu. Það hefur orðið fyrir sams konar búsifjum, og ég hef þar líka ákveðnar tölur til sönnunar máli mínu, þótt ekki þurfi að nefna mörg dæmi. — Af efni í niðurstöður kostaði kg fyrir gengislækkun kr. 5.95, en kostar nú 11—12 kr. Lóðabelgir kostuðu fyrir gengislækkun kr. 23.75 og kr. 25.35 stk., en kosta nú kr. 49.00 og kr. 53.65 stk. Taumar kostuðu fyrir gengislækkun kr. 23.45 þúsund stk., en kosta nú 50 kr. þúsund stk. Önglar nr. 7 kostuðu fyrir gengislækkun kr. 19.88 þúsund stk., en kosta nú 60 kr. þúsund stk. Fiskverð er hins vegar óbreytt. Þetta er hjálpin, sem vélbátaútgerðin hefur fengið við þessa allsherjar lækkun hæstv. ríkisstj. Og engin upphæð er á fjárlfrv., þótt nú líði óðum að afgreiðslu þess, til þess að hjálpa þessum nauðstadda atvinnuvegi.

Í fskj., sem fylgdu gengislækkunarfrv., er skýrt frá því, að núverandi hæstv. atvmrh. (ÓTh) hafi sagt í ræðu, sem hann hélt í des. 1944 — rétt fyrir jólin — með leyfi hæstv. forseta: „— ekki bara þeir lágt launuðu, heldur allir, sem framfæri hafa af framleiðslunni, verða að lækka kröfur sínar, því að til langframa getur engin þjóð búið við hallarekstur. Og þá og þá fyrst, eftir að verkalýðurinn hefur séð, að í orði og á borði hefur allt verið gert, sem hugsanlegt er til þess að halda uppi lífskjörum hans, mun verkalýðurinn vera reiðubúinn til að hlusta á og fara eftir slíkum óskum." Þetta var alveg prýðileg jólaræða! Slíka jólaræðu ætti hæstv. atvmrh. að halda nú fyrir þessi jól. Þá fyrst, þegar búið er að gera allt, bæði í orði og á borði, til þess að færa niður dýrtíðina og allir, ekki aðeins þeir lægst launuðu, heldur einnig þeir, sem hærri laun hafa og eru betur settir, hafa dregið úr kröfum sínum, mun verkalýðurinn fúslega draga úr sínum kröfum og lækka kaup sitt með lækkuðu verðlagi, en með hækkandi verðlagi verður hann að fá kaup sitt hækkað. Er sá tími kominn, að þeir, sem eru betur settir í þjóðfélaginu, séu farnir að gera lægri kröfur til lífsins? Er farið að lækka kaupgjald hinna hæst launuðu í landinu? Ég hef ekki orðið var við það, og ég hygg, að sú stund, sem hæstv. atvmrh. var að lýsa í ræðu sinni fyrir jólin 1944, sé ekki runnin upp enn þá. Svo mikið er víst, að hæstv. atvmrh. hefur gleymt ræðunni frá árinu 1944, þegar lýðveldi var stofnað.

Þá segir svo í hagfræðingaálitinu, sem fylgdi gengislækkunarfrv., með leyfi hæstv. forseta: „Markmið heilbrigðrar stjórnarstefnu hlýtur ávallt að vera það að skapa almenningi í landinu sem bezt lífskjör, þannig að prófsteinninn á réttmæti ákveðinna ráðstafana í atvinnu- og fjárhagsmálum hlýtur einmitt að vera sá, hvort þessar ráðstafanir séu til þess fallnar að bæta lífskjör almennings í bráð og lengd, og á það auðvitað einn-

ig við um till. þær, sem hér eru lagðar fram.“ Ætli prófsteinninn á gengislækkunina, sem átti að vera gerð til þess „að bæta lífskjör almennings í bráð og lengd“, sé ekki fyrir hendi? Ætli þetta sé ekki prófsteinn á þá, sem fylgdu gengislækkunarleiðinni: „Markmið heilbrigðrar stjórnarstefnu hlýtur ávallt að vera það að skapa almenningi í landinu sem bezt lífskjör“? Sannleikurinn er sá, að stjórnarstefna núverandi ríkisstj. hefur skapað versnandi lífskjör og hefur þar með fengið sinn dóm. Uppskera hennar er hrörnandi atvinnulíf, síhækkandi dýrtíð, skortur á flestum nauðsynjum og vaxandi eymd þeirra, sem lægst eru settir í þjóðfélaginu. Hún er því vissulega einhver fráleitasta stjórnarstefna, sem íslenzka þjóðin hefur nokkurn tíma búið við.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég ætla að segja hér örfá orð út af orðum hv. 6. landsk. þm. (HV), en það er ætlazt til þess, að við tölumst aftur við í eldhúsinu eftir jólafríið, og er ekki tími til að ræða þau mál nú í nótt, sem hann gerði sérstaklega að umtalsefni.

Ég vil aðeins vekja athygli á því í sambandi við brúasjóð, að áður en ég kom í ríkisstj., hafði sjóðnum verið ráðstafað af þáverandi samgmrh., og það fyrsta, sem ég gerði, eftir að ég tók við samgöngumálunum og fór að athuga þessi mál, var að vekja athygli ríkisstj. á því, að mér væri þetta óheimilt, þar sem l. mæla fyrir á annan hátt. Þess vegna var það, að ég tók upp umr. um þetta mál í ríkisstj., og það varð að samkomulagi að láta þær ráðstafanir standa, sem gerðar höfðu verið, og að bæta við brú á Jökulsá í Fljótsdal. Síðan var látið við þetta sitja, og var ekki einu sinni hægt að framkvæma það, sem þegar var ákveðið, þ. e. brú á Skjálfandafljót, Blöndu og Jökulsá í Fljótsdal, bæði vegna fjárskorts innanlands og vegna þess, að gjaldeyrir fékkst ekki til þess að kaupa fyrir efni í þær. Till. vegamálastjóra höfðu verið lagðar fyrir hv. fjvn., og var þar gert ráð fyrir þessum brúm: á Blöndu, Skjálfandafljót, Jökulsá í Fljótsdal, Jökulsá í Lóni og Hvítá, og það er vitað mál, að það getur ekki tekið minna en 2 ár að fullgera þessar brýr. Þessum till., sem sendar höfðu verið til fjvn. og ekki hafði heldur verið hreyft við, taldi ég mér ekki heimilt að breyta, enda fyrirsjáanlegt, að þær brýr, sem þegar höfðu verið ákveðnar og samkomulag náðst um í fyrra, verða naumast byggðar á árinu. Hins vegar er það rétt, sem hv. 6. landsk. talaði um, og ég tel, að ég mundi vera því meðmæltur, en á þeirri forsendu, sem ég hef þegar tekið fram, að hv. Alþ. hefur heimild til að gera þær ráðstafanir, sem því þóknast í þessum efnum, og ég get því ekkert annað gert en að vera þessu meðmæltur. Ég tel eðlilegt, að brú á Selá sé tekin í framhaldi af því, sem vegamálastjóri hefur lagt til, og enn fremur önnur á Vestfjörðum, sem er Staðará. Það verður ljóst af þessu, ef þeim till. verður fylgt, sem vegamálastjóri hefur gert, að það verða teknar fyrir 2 brýr á Norðurlandi, á Blöndu og á Skjálfandafljót, 2 brýr á Austurlandi, á Jökulsá í Fljótsdal og Jökulsá í Lóni, og á Suðurlandi verður tekin fyrir stærsta og dýrasta brúin, og verð ég því að telja það ósanngjarnt, ef þessar brýr verða ekki teknar fyrir á Vestfjörðum, sem kosta ekki nema 600—700 þús. kr., og þótt þær verði teknar með, hallar enn á, að fénu yrði eðlilega dreift. En ég verð að endurtaka, að þetta er aðeins það, sem ég mundi leggja áherzlu á að yrði lagt fram sem till. til Alþ., því að samkv. l. um brúasjóð hef ég ekki heimild til að ráðstafa honum, þótt þeirri reglu hafi ekki verið fylgt, áður en ég tók við þessu starfi.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt 6 öðrum hv. þm. að flytja brtt. á þskj. 402 um 150 þús. kr. styrk til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hv. 7. þm. Reykv. (GTh), sem er 1. flm., er lasinn og gat því ekki mætt á þessum fundi, og þess vegna vil ég leyfa mér að segja örfá orð um þessa till.

Við höfðum flutt till. við 2. umr. um 200 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni, enda *næðist samkomulag* um framlag frá bæjarstjórn Reykjavíkur, ríkisútvarpinu og þjóðleikhúsinu. Um það hefur enginn ágreiningur verið í umr., sem fram hafa farið, að störf þessarar sinfóníuhljómsveitar séu hinn mesti menningarauki. Það mun heldur ekki vera dregið í efa, að menningarlíf þjóðarinnar getur ekki talizt með fullum blóma, nema með þjóðinni starfi fullkomin sinfóníuhljómsveit, sem sé fær um að flytja hlustendum hin sígildu verk meistaranna á sviði hljómlistar, og útvarpið getur í rauninni ekki talizt hafa fullt menningargildi, nema því aðeins að það geti flutt hlustendum slíka lifandi sinfóníutónlist, en þurfi ekki að vera háð hljómplötum einvörðungu. Um þetta *meginhlutverk* hljómsveitarinnar hefur enginn ágreiningur verið, en hins vegar hefur verið ágreiningur um það, hversu mikið fé væri unnt að veita til slíkrar starfsemi. Hv. Alþ. vildi ekki fallast á að veita 200 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni, og höfum við því lækkað hana niður í 150 þús. kr. og leyfum okkur að vænta þess, að hv. þm. sjái sér fært að samþ. hana, en ef till. verður felld, verður tvímælalaust að leggja hljómsveitina niður. Sé augum rennt yfir fjárlfrv., eins og það er eftir 2. umr., verður hvorki séð, að það geti haft neina úrslitaþýðingu fyrir fjárhag ríkissjóðs, né heldur að það geti talizt óeðlilegt með tilliti til annarra fjárveitinga, þótt slík fjárveiting sem hér um ræðir verði samþ. Þar sem líf hljómsveitarinnar er algerlega undir því komið, hvort þessi fjárveiting fæst eða ekki, vil ég fyrir hönd okkar flm. eindregið leyfa mér að vænta þess, að hv. Alþ. sjái sér fært að samþ. till.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 402 sömu brtt. og ég flutti við 2. umr. Hér er um það að ræða að hækka framlag til Rifshafnar á Snæfellsnesi úr 500 þús. kr. í 700 þús. kr., eins og ákveðið var í fjárlfrv. hæstv. fjmrh., þegar það var upphaflega lagt fram. — Á sama þskj. flyt ég og till. um að hækka framlag til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi í 13 þús. kr. — Við 2. umr. færði ég nokkur rök fyrir flutningi þessarar till. og vænti þess, að Alþ. samþ. þær.

Þá hef ég á þskj. 412, VI. lið, leyft mér að bera fram brtt. við 22. gr. VIII á fjárlfrv., um að heimila ríkisstj. að ábyrgjast lán allt að 5 millj. kr. til að fullgera hraðfrystihús, sem hefur verið ætlað stofnlán úr stofnlánadeild sjávarútvegsins, en ekki

hafa fengið þessi lán vegna fjárskorts stofnlánadeildarinnar. Í fjárlfrv. er gert ráð fyrir 3 millj. kr. í þessu skyni, en þar sem vitað er, að vanefndir stofnlánadeildarinnar í sambandi við lán til hraðfrystihúsanna nema miklu hærri upphæð, tel ég rétt að flytja þessa brtt. — Ég skrifaði hv. fjvn. um þetta mál og vænti þess, að hún mundi gera brtt. við 22. gr. í samræmi við það, sem ég flyt nú brtt. um, þar sem hún gat þess við 2. umr., að hún mundi taka þetta til athugunar fyrir 3. umr. frv., en einhverra ástæðna vegna hefur það ekki orðið. — Nýbyggingarráð gaf á sínum tíma hraðfrystihúsunum skrifleg loforð um lán úr stofnlánadeildinni. Þessi sömu frystihús lögðu í dýrar framkvæmdir vegna þessara loforða, en standa svo lánalaus, eftir að hafa framkvæmt þessar miklu aðgerðir, sökum þess að stofnlánadeildin hefur ekki getað staðið við sínar skuldbindingar. Ég tel því, að hæstv. ríkisstj. beri skylda til að reyna á einhvern hátt að leysa úr vandræðum þessara frystihúsa, og er þessi till. mín komin fram sökum þess, að ég tel þó sönnu nær að hafa þessa upphæð 5 millj. kr. í stað 3 millj. kr., eins og er í fjárlfrv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil hér, áður en ég svara einstöku aðdróttunum í garð fjvn., ræða hér eitt atriði við hæstv. landbrh. (HermJ), og er það út af brúasjóði. — Eins og ég gat um í dag, voru tekjur brúasjóðs og fyrirhugaðar framkvæmdir ekki teknar inn á frv., vegna þess að um þetta mál fékkst ekki samkomulag í n., og það beinlínis vegna þess, að Framsfl.-þm. í n., flokksbræður hæstv. ráðh., mótmæltu, að þetta yrði gert, og af þessum sökum kom mér einkennilega fyrir sú yfirlýsing, sem hann gaf hér nú. Við hinir í n. héldum því fram, sem hæstv. ráðh. staðfesti nú, að ráðh. hefði ekki neina heimild til að skipta fénu og ríkisstj. ekki heldur, en að það ætti að gerast á Alþ. En þessu var stranglega mótmælt af fulltrúum Framsfl. í fjvn., en af því að við vildum ekki undir nokkrum kringumstæðum skilja þannig við samstarfið í n., að láta þetta mál, sem þeim var mikið kappsmál, verða til þess að kljúfa samstarfið, þá létum við undan í þessum efnum. Nú hefur hæstv. landbrh. lýst yfir, að hann sé algerlega á okkar skoðun í þessu máli, og þykir mér vænt um það, að þessi ágreiningur í n. var ekki fyrir það, að nein tilhneiging væri til að hrófla við neinum af þeim till., sem komu til n. frá vegamálastjóra, heldur beinlínis til þess að uppfylla ákvæðin l. — Ég vil einnig í sambandi við þetta mál minna hæstv. landbrh. á það, að ég sat með honum og öðrum ráðh. í ríkisstj. á fundi og ræddi um það, hvort n. mætti ekki taka nægilegt fé úr brúasjóði til þess að byggja brú á Selá á næsta ári, og þá var hann þeirrar skoðunar, að þetta mætti ekki gerast. Þess vegna furðaði mig á yfirlýsingu hæstv. landbrh. um þetta efni, en ég hefði óskað, að hún hefði komið fyrr fram.

Ég mun þá snúa mér að einstöku till. — Hæstv. forseti hefur óskað eftir, að ég stytti mál mitt.

Fyrst vil ég fara nokkrum orðum um till. fjmrh. á þskj. 417. — Mér þykir vænt um, að hæstv. fjmrh. ætlar að hækka tekjurnar, því að ég tel, að fara megi gætilega við síðustu atkvgr., ef ekki á að verða greiðsluhalli á fjárlögum. — Ég hef tekið það saman til gamans, hvað þær brtt., sem stuðningsmenn stj. flytja, nemi mikilli upphæð. Eftir því sem ég kemst næst, flytja stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. brtt. að upphæð 570 þús. kr. Og síðan flytja þeir þar að auki till. ásamt stjórnarandstæðingum að upphæð 430 þús. kr. Till. þeirra nema þá samtals um 1 millj. kr. Ég geri ekki ráð fyrir, að þessar till. séu fluttar til þess að stríða hæstv. ríkisstj., heldur er hér vilji fyrir hendi og þörf á framkvæmdum. Alþýðuflokksmenn einir flytja síðan till., er auka mundu, ef samþykktar væru, útgjöld ríkisins um 8 millj. kr. Frá sósíalistum eru fluttar brtt. upp á 4.7 millj. kr., og ekki þarf að efa, að þar býr á bak við fullkomin ábyrgð, og auk þess eru fluttar till. um 7.7 millj. kr., er setja skal á heimildagrein. — Mér skilst, að þetta sé þá samtals yfir 20 millj. kr., sem ætti að bætast á fjárlagafrv., og mætti þá tóbak og brennivín hækka verulega til þess að standa undir þessu.

Ég sé nú ekki ástæðu til að ræða till. á þskj. 394, en viðvíkjandi till. á þskj. 315 vil ég segja það, að hún var ekki tekin inn í fjvn., vegna þess að það átti að geyma allar till. um tekjurnar til 3. umr., og því hefur fjvn. ekki athugað þessa till., og ætti þetta að vera auðskilið mál. Önnur till. frá menntmrh., er ákveður um styrk til stúdenta, var gerð í samráði við fulltrúa stúdenta, og er nefndin sammála um að mæla með, að hún verði samþ.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um till. hv. 6. landsk. Á þskj. 412 er flutt till. frá honum, er ég minntist á hér við fyrri umr. þessa máls. — Í sambandi við till. um aflatryggingasjóð á þskj. 411 hefur fjvn. rætt málið við ríkisstj., og mér hefur skilizt, að áður en þingi lýkur eigi að ganga frá lögum um aflatryggingasjóð og tryggja betur afkomu hans. Ég get því ekki mælt með, að þessi till. verði tekin upp hér. — Út af till. hans um tryggingarnar vil ég segja það, að ekki var ætlazt til hjá honum að greiða fulla vísitölu á lágar bætur. Þetta er í lögunum og hefur verið viðurkennt af ráðherra, og því hefur þessi stefna þegar verið mörkuð. Því er engin ástæða til að breyta hér um. Það er ekki hægt að miða við 8.33, heldur verður að vera fullt vísitöluálag, og er þá miðað við, að þeir, sem greiða til tryggginganna, greiði ekki nema með 8.33 vísitölu, sem er meðalvísitala ársins. En hv. þm. ætti að vera ljóst, að ef vísitalan fer yfir 115 stig, þá hefur ríkisstj. heimild til að hækka allar greiðslur, til þess að ekki þurfi að skerða stofninn. — Um atvinnubótatryggingarnar ræði ég ekki, til þess að þurfa ekki að eyða tíma í það. — Hið sama get ég sagt um till. um að hækka viðhaldskostnað vega um 1 millj. kr. — Viðvíkjandi vinnuhælinu er eðlilegt, að hv. þm. spyrji, þar sem hann var ekki á þeim fundi, er mál þetta var rætt. Samkv. 11. gr. þá er nú um 420 þús. kr. tap á Litla-Hrauni. Þar er þó engu síður fullt en í þjóðleikhúsinu og ekki hægt að fá þar inni. Auk þess er fjöldinn allur af mönnum, sem hafa ekki getað unnið af sér barnsmeðlög sökum þrengsla. Svo er t. d. ástatt hér í Reykjavík. Þess vegna hefur bærinn líka fest kaup á húsi í Grundarfirði, og er búið að undirbúa það svo, að hægt er að reka þar vinnuhæli. Það var talið

ódýrara en að stækka Litla-Hraun. Það má þá líka minnast þess, að ef Reykjavíkurbær á þetta hæli, þá gefur þó ríkissjóður engum þetta sem uppbót á sitt þingfararkaup. (**HV:** Nú held ég, að hv. þm. sé farið að dreyma.) Ég held, að það sé ekki þörf að ræða aðrar till. frá hv. 6. landsk.

Þá kem ég að till. á þskj. 412 frá fjvn. Gert er ráð fyrir, að breytt sé 29. till. á þskj. 393, en hún er um framlag til dýralæknisnema erlendis. Þar er lagt til, að Jón Guðbrandsson fái 5 þús. kr. til dýralæknanáms í Kaupmannahöfn. Þessu var breytt þannig, að nú er settur styrkur til dýralæknisnáms erlendis, 15 þús. kr. Jón þessi er að hefja nám sitt, og taldi þá ráðherra, að það þyrfti að styrkja fleiri, og er það sanngjarnt. Fjvn. féllst á þetta og óskaði, að ætlazt væri til, að Jón Guðbrandsson fengi 5 þús. kr. af þessari upphæð. Þetta var samþ. í n., og er þess vænzt, að ráðherra fylgi því. — Einnig þótti rétt að styrkja Sverri Markússon til dýralæknisnáms, og er það lokastyrkur til hans.

Á sama þskj. flytur fjvn. tvær brtt. við 18. gr. Ingólfur Jónsson er látinn, og fellur því sá liður niður. Þá var *n. sammála um* að veita Magnúsi Péturssyni lækni 6 þús. kr.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða mikið till. frá hv. 2. þm. Reykv. En ég vil þó segja það um 18. till. á þskj. 402, um það að lána allt að 100% til kaupa á nýju togurunum, að ég hygg, að hvergi hafi verið hægt að fá betri kjör til skipakaupa en þau, sem ríkisstj. hefur boðið, en það er að lána allt að 90% og það sumt til 20 ára. Ef þessir aðilar geta ekki lagt fram 10%, þá held ég þeim sé lítill greiði gerður með því að láta þá fá þessi tæki.

Hv. 11. landsk. er ekki hér nú, en hann hefur talað fyrir till. sinni um að styrkja ákveðið félag til tilrauna með kolavinnslu í Dalasýslu. Og hann lýsti því svo, að það hlyti að vera misskilningur hjá fjvn. að hafa ekki mælt með þessu. En þessi misskilningur er orðinn a. m. k. tveggja ára, því að við höfum haft þetta mál til meðferðar í tvö ár. N. er málið ljóst, og hún hefur löngun til að styðja þá aðila, sem reyna að bora eftir kolum. Það gæti verið mikils virði fyrir landsmenn, ef hægt væri að grafa kol úr jörðu. Ég hygg, að það versta í sambandi við þetta mál sé það, að málið var ekki nægilega undirbúið af viðkomandi aðilum. Til þess að svo megi verða, verður að takast meiri samvinna á milli rannsóknaráðs ríkisins og eigendanna. Þegar þessir aðilar hafa komið sér saman um, hvað gera skal, þá er von um árangur. Það er mergurinn málsins, að rannsóknaráð hefur ekki sömu skoðun á málinu og eigendurnir. Þeir í rannsóknaráði hafa látið í ljós, að ekki stæðu eins miklar vonir til þessa og viðkomandi vilja vera láta. Ég skal viðurkenna, að það kom umsögn frá rannsóknaráði um þetta mál, og var sú umsögn mildari en í fyrra. Þó er hún engan veginn svo, að við sjáum okkur fært að mæla með þessari fjárveitingu.

Um styrk til ekkju séra Árna Sigurðssonar mun ég ekki ræða, en vil segja það, að þeir, sem tala fyrir þessu máli og telja sr. Árna það til gildis, að hann hafi verið útvarpsprestur, virðast ekki hafa sérlega mikið til að telja fram honum til gildis. Hann flutti þessar ræður hvort sem var af stólnum, og var þá ekki sama, þótt hljóðneminn væri settur fyrir framan hann? En hin raunverulega ástæða, sem liggur hér til grundvallar, er sú, að það er betra að vera embættismaður ríkisins en hjá öðrum. Þeir hafa betri laun og tryggingu fyrir launum sínum frá vöggunni til grafarinnar. (**SkG:** Það byrja nú fáir að taka laun í vöggunni.) Nú, er ekki þá byrjað að greiða þessa barnastyrki?

Þá ætla ég að minnast á till. um sjúkrahúsmálið á Blönduósi. Það er vitað mál, að fjárveitingar til sjúkrahúsa hafa orðið út undan á undanförnum árum. Það hefur verið rætt við landlækni um þetta mál, og hann hefur ráðið skiptingunni. Ég hef ekki fengið það svar, að nauðsynlegt sé að hækka þennan lið fremur en marga aðra. Landsspítalinn kostar milljónir fyrir ríkið og sömuleiðis kosta sjúkrahúsinu úti á landi mikið fyrir sveitarfélögin, og fá Húnvetningar engu síður en aðrir að vita þetta. Hv. þm. A-Húnv. sagði, að ekki hefði orðið samkomulag við fjvn. um þetta, að lögð hefði verið meiri áherzla á heilbrigðismálin í Reykjavík. Hér var farið eftir umsögn landlæknis, eins og eðlilegast er.

Hv. 1. þm. Árn. talaði um það, að hann hefði verið beittur stórkostlegu ranglæti. Mér fannst þetta koma úr hörðustu átt. Ég veit ekki til, að neinn hafi farið einmitt lengra ofan í vasa fjvn. en einmitt hann. Þetta eru þá þakkirnar. Hann segir, að það sé ósæmilegt að skera niður það, sem áður var samþykkt. Þetta hefur nú verið gert hjá fleirum, t. d. 200 þús. á Rifi. Þetta er gert vegna nauðsynjar. Það hvíla nú á ríkinu fleiri hundruð þús. kr. af ógreiddum vegamálum. Það er ekki nein goðgá, þótt fjvn. vilji taka frá öðrum til að borga þetta upp. Það er misskilningur hjá hv. þm., að okkur hafi skort gögn, er við fjölluðum um þessi mál. Þessi mál hafa verið rædd við þá, sem mest hafa með þetta að gera. Þeir hafa m. a. upplýst n. um það, að það, sem unnið er í mýrunum, er greitt að hálfu leyti með jarðabótastyrk. Þeir hafa meira að segja upplýst það, að nokkuð af því verki sé greitt fyrir klöök skólanna, og látið reikna það bæði í byggingu skólanna og í landþurrkuninni. Þessi hv. þm. nýr n. því um nasir, að hún beri brigður á dugnað íbúa þessara staða. Hvaða ástæðu hafði hv. þm. til að mæla þessi orð? Ég þekki þessa menn og veit um dugnað þeirra. Ég vil nú spyrja: Heldur hv. þm. ekki, að margir þm. hafi komið til n. og fært fram óskir um fjárframlög með meiri og þyngri rökum en þessum? Ég hefði vænzt annars af þessum hv. þm., en hann sleppti sér hér algerlega út af einum 10 þús. kr., og það er engin ástæða til þess fyrir mig sem form. fjvn. að liggja undir því, að n. hafi ekki tekið fullt tillit til þarfa þessara staða. Ég mótmæli algerlega svona málflutningi. — Að síðustu sagði hv. þm., að taka yrði tillit til þess, að ríkið ætti landið. Hvað hefur ríkið gott af því? Veit hv. þm. ekki, að á Skagaströnd þurfti ríkið að kaupa réttindi á sínu eigin landi fyrir stórfé, þegar loks kom að því, að það þurfti að nota það? Slík blekking dugir ekki.

Ég vil benda á, í sambandi við brtt. um aukið framlag til íþróttasjóðs, að þar kemur fram sú misskipting, sem orðið hefur á fjárframlögum úr sjóðnum, að Reykjavík hefur orðið út undan, alveg

eins og farið hefur um framlög til skólabygginga. Þess vegna á nú að knýja fram þessa hækkun til íþróttasjóðs.

Þá þarf ég einnig að minnast á brtt. frá hv. þm. N-Þ. varðandi hafnargerð á Þórshöfn. Hv. þm. sagði, að hún væri fram borin vegna rökstuddrar dagskrár í Ed., sem gæfi till. rétt á sér. Þetta mál lá fyrir Ed. á sínum tíma, og var þar samþ., að þessi tilraun skyldi gerð á kostnað ríkisins, ef hún misheppnaðist, en ef hún heppnaðist, skyldi kostnaður við hana teljast hluti af framlagi ríkissjóðs til hafnarbótanna, ef hún yrði einn þáttur í fullkomnun verksins. Nú er vitamálastjóri búinn að láta rannsaka þetta og telur verkið vel framkvæmanlegt, nema eitthvað sérstakt komi fyrir. Hann hefur einnig upplýst, að verkið muni kosta um 350 þús. kr., en hins vegar ekkert vit að byrja á verkinu, nema hægt sé að ljúka því í einu, vegna þess, hve dýrt er að flytja dýpkunarskipið Gretti á milli. Þess vegna er nauðsynlegt, að fyrir lig~i nægilegt fé til þess að ljúka verkinu, áður en hafizt er handa um það. Ef verkið verður ónýtt, á ríkissjóður að greiða kostnaðinn. Þeir hafa nú fengið 50 þús. kr., en þeir eiga sjálfir að leggja til 60% af kostnaðinum, ef verkið heppnast. Ef það fé er fyrir hendi, geta þeir byrjað; ef ekki, þá verða þeir að bíða eins og svo margir aðrir. Það er ekki hægt að mæla með því, að þessi till. verði samþ.

Ég hef ekki tíma til þess að tala um brimbrjótinn í Bolungavík né aðrar till. hv. þm. N-Ísf. — En viðvíkjandi till. hv. 2. landsk. um Þyril, vil ég geta þess, að það er engan veginn heppilegt, að um 1 millj. kr. ágóði, sem er af rekstri hans, skuli renna til allt annars en útvegsins, því að þessi ágóði er í rauninni skattur á útveginum. Það hefur ekki enn þá fengizt samkomulag um þetta atriði, en það er til athugunar, að þessu verði breytt. — Ég ræði ekki till. hv. þm. Mýr., því að það er smáatriði.

Ég verð að verja nokkrum tíma til þess að svara hv. þm. Vestm., þó að hann sé nú farinn af fundi. Hann sagði, að ekki væri hægt að lá sér, þó að hann uni ekki þeirri vesölu upphæð, sem honum væri úthlutað, og mótmælti þeirri svívirðu, sem sér og fólkinu væri gerð. Það voru ekki einungis orðin, heldur fyrirlitningin, sem fylgdi. Í sambandi við þetta vil ég benda á, að það var látið 170 þús. kr. í þessa höfn, sem átti inni fyrir 387 þús. kr. Að vísu var gert ráð fyrir 200 þús. kr. framlagi, en Þorlákshöfn átti inni 360 þús., og var aðeins gert ráð fyrir 100 þús. kr. framlagi þangað. Það þótti nú misræmi að láta 200 þús. til Vestmannaeyja, en 100 þús. til Þorlákshafnar, sem átti jafnt inni, og var því tekið það ráð að hækka Þorlákshöfn upp í 170 þús., en lækka Vestmannaeyjar í sömu upphæð, með tilliti til þess, að Þorlákshöfn á í meiri erfiðleikum með að standa undir skuldum en Vestmannaeyjar. Þorlákshöfn hefur gert stórt átak í þessum málum, sem mjög er til fyrirmyndar og eftirbreytni. Ég hef séð reikninga frá Vestmannaeyjum, og sést á þeim, að mjög góðar tekjur hafa verið af höfninni þar. Ég mótmæli algerlega, að nokkur ósanngirni hafi átt sér stað í úthlutun þessa fjár, enda þótt brugðið hafi verið frá till. vitamálastjóra, enda hefði það ekki verið gert, nema full ástæða væri til. Og svo leyfir hv. þm. sér að mótmæla þeirri ósvífni, sem honum og fólkinu sé sýnd. Ég mótmæli algerlega þeirri móðgun, sem n. og Alþingi er sýnd með þessum orðum hv. þm. — Enn fremur hefur hv. þm. borið fram till. um bátastyrk, till., sem hann var sjálfur með að drepa, þegar hann var fjmrh.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða till. hv. þm. Siglf. Þær hafa allar verið ræddar hér áður, nema sú, sem varðar skemmdir af flóðunum. N. mun að sjálfsögðu athuga þær till., sem ekki hafa legið fyrir áður.

Út af till. hv. þm. V-Húnv. vildi ég leyfa mér að koma með eina fyrirspurn. Er ætlunin, að þessi jörð sé keypt á fasteignamatsverði? Auk þess las hv. þm. upp heimild úr lögum til kaupanna, og þá þarf ekki heimild í fjárlögum, og sé ég enga ástæðu til að samþ. þessa till. Ég fæ heldur ekki skilið, hvers vegna hv. þm. vill setja þetta inn á 22. gr. Jarðir þær, sem þar eru, eru eingöngu fyrir jarðakaupasjóð, og ef hann á að kaupa, hefur hann nóg fé, auk þess sem jörð þessi kostar aldrei neinar 100 þúsundir. Ég hefði álitið, að hv. þm. vildi ekki verða til þess að brjóta það princip síns ágæta flokks að kaupa jarðir ekki fyrir ofan fasteignamat. Það hefur víst aldrei gerzt, nema í eitt skipti.

Um frystihúsin höfum við rætt við hæstv. ríkisstj., og hélt ég, að fella mætti niður þessa greiðslu, vegna þess að því yrði bjargað á annan hátt. Nú er það svo, að fiskimálasjóður á að standa undir þessari greiðslu, og varðar þá miklu, ef unnt yrði að auka tekjur hans um 70% eins og ætlað er. Ég get því alls ekki mælt með, að þetta verði samþ.

Ég veit, að tvennt er erfiðast við afgreiðslu fjárlaga, annað að sætta hv. þm. við skiptingu fjárveitinga, þó að það gefi hv. þm. samt enga ástæðu til að óvirða fjvn., því að henni ber skylda til þess að sjá til, að skiptingin sé sem réttust og sanngjörnust, og hitt, hversu mjög þreytandi það hlýtur að vera fyrir hæstv. forseta að sitja undir öllum þeim umræðum, sem hér fara fram um þetta mál. Ég vildi nú biðja forláts á því, hve ég hef orðið að lengja þessar umræður, en get jafnframt huggað hann með því, að ég mun ekki taka oftar til máls.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að minnast á tvær brtt. Önnur er frá hv. þm. Siglf. á þskj. 402, þess efnis, að veita heimild til þess að veita Siglufirði 900 þús. kr. lán til kaupa á atvinnutækjum til bæjarins. Það er nú í athugun hjá ríkisstj., hvað sé hægt að gera til eflingar atvinnulífi á þeim stöðum, sem sérstaklega eiga erfitt uppdráttar. Ég hefði því ráðlagt hv. þm. að taka þessa till. til baka og sjá til, hvað gerðist í þessum málum. — Hin till., sem ég ætlaði að minnast á, er frá hv. 4. þm. Reykv., um að lækka fjárhæð þá, sem Tryggingastofnunin leggur til upp í innheimtukostnað sýslumanna, úr 600 þús. í 390 þús. Þessi upphæð, 600 þús., var sett í frv. áður en nokkur fullnægjandi rannsókn hafði farið fram á þessu máli. Ég hef heitið því að leggja til starfsmenn úr fjmrn. til þess að athuga réttmæti þessarar upphæðar. Ég mæli því ekki með, að till. þessi sé samþ., en ég stend við það að sjá til, að þessi athugun fari fram og verði

til lykta leidd. Ef árangurinn yrði sá, að það kæmi í ljós, að ósanngjarnt væri að krefjast allrar þessarar upphæðar, þá mundi ég eiga hlut að því, að það yrði leiðrétt.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fjvn. fyrir, að hún hefur tekið upp till. mína, sem ég flutti við 2. umr. um fjárlfrv. — Hv. þm. Barð. tók hér til umr. till., sem ég er meðflm. að, og sagði, að rannsóknaráð ríkisins hefði ekki fengizt til að mæla með samþykkt hennar. Ég vil taka það fram, að vera kann, að saman dragi með hlutafélaginu Kol og rannsóknaráði ríkisins, ef þetta fé fengist, og vil ég því vona, að hv. þm. sjái sér fært að samþ. þessa till., svo að þessi rannsókn geti farið fram, sem leiða kynni til þess, að ljóst yrði, að þarna væru falin auðæfi í jörðu.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. Barð. vil ég vekja athygli á því, að ákvæði l. nr. 64 frá 1941 eiga aðeins við um jarðakaup til að leigja bæjarfélögum eða kaupstöðum með ákveðnum kjörum, og gilda þar um sérstök ákvæði. Þrátt fyrir það, að fjárveitingar til jarðakaupasjóðs séu á 22. gr., þótti vel hægt að setja þessa heimild líka inn á þá gr. og einnig að hafa þessa fjárveitingu 100 þús., því að málið er ekki komið á það stig enn þá, að hægt sé að segja um, hve mikið jörðin muni kosta, en þó geri ég ráð fyrir, að þessi upphæð muni nægja. Ef samkomulag næðist ekki um kaupin, gæti auðvitað komið til greina eignarnám, en ég býst ekki við, að til þess þurfi að koma í þessu tilfelli, heldur að jörðin fáist keypt fyrir sanngjarnt verð. Hv. þm. Barð. sagði, að vafasamt væri, hvort þyrfti þessa heimild, en í l. er einmitt gert ráð fyrir, að heimildin sé tekin inn á fjárl. hverju sinni. Og mér heyrðist nú hv. form. fjvn. taka því heldur vinsamlega, svo að ég vænti þess, að hann geti á það fallizt, að þetta sé sett inn á heimildagr., jafnvel þó að strangt tekið sé ekki þörf fyrir það og ríkisstj. geti gert þetta án þess. Mér þætti það þó eðlilegra, og hefur mér skilizt, að hann mæli ekki gegn því.

Frsm. 1. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef veitt því athygli, að síðan ég talaði hér áðan og spurðist fyrir um það hjá hæstv. ríkisstj. í tilefni af þessari till. fjvn. um 125 þús. kr. framlag til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju, hvort það ætti að vera fyrir vissan hluta landsins sérstaklega, hve það ætti að rúma marga vistmenn og hvenær það tekur til starfa, — síðan hafa tveir hæstv. ráðh. talað og ekki gefið neinar upplýsingar um þetta. Og það gerir málið dularfyllra og grunsamlegra en það var áður. Ég læt mér ekki detta í hug, að hæstv. fjmrh. viti ekki um þetta, og vil enn ítreka mínar spurningar til hans um það, hverju hann geti svarað til þessum spurningum, viðvíkjandi þessum væntanlega letigarði, sem okkur er sagt að eigi að verða til vestur í Grundarfirði og á að fá 125 þús. kr. til rekstrar árið 1951. — Ég vil biðja hæstv. forseta að grennslast um, hvort hæstv. fjmrh. heyrir mál mitt og vill gefa upplýsingar um þennan væntanlega letigarð þarna vestur frá.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er um þetta mál það að segja, að þessi till. er tekin upp af hv. fjvn. eftir till. hæstv. dómsmrh. eða dómsmrn. Þær upplýsingar, sem sá hæstv. ráðh. hefur gefið um þetta, eru þær, að það sé svo lítið rúm hér í fangelsum og vinnuhælum, að þess sé enginn kostur að taka til dvalar nema örlítinn hluta þeirra manna, sem þangað eiga að fara, og sýnist það ástand ekki vera ákjósanlegt eða heppilegt. Flestir af þessum mönnum, sem í fangelsum og vinnuhælum þarf að hafa, en komast þar ekki að, munu vera hér í Reykjavík. Og hæstv. dómsmrh. upplýsti, að Reykjavíkurbær teldi þetta svo mikið atriði, að úr þessu yrði bætt, að þeir hefðu ákveðið að leggja til tilbúið hæli á þessum stað, sem nefndur er í till., ef ríkið greiddi kostnaðinn við að reka það. En eftir landslögum skilst mér að ríkinu sé í raun og veru skylt að koma upp nægilegum fangelsum og vinnuhælum og reka þau líka. Þetta hefur nú ekki verið gert, að koma þessum stofnunum á fót, þannig að bærinn mun hafa tekið sig fram um þetta. Eitt af því, sem rekið hefur á eftir bænum um þetta, eftir því sem hæstv. ráðh. segir, er það, að það eru mjög mikil vanhöld á greiðslum barnsmeðlaga, en viðurlög gagnvart óskilsemi á þeim eru vist á slíkri stofnun. En það hefur ekki komið til mála, að upp á þessa vist hafi verið að bjóða. Það mun vera stórfé, sem þessir menn hafa svikizt um að greiða af þessum skyldugreiðslum, sem mundu greiðast, ef hægt væri að bjóða upp á slíka vist, ef ekki væri staðið í skilum með þessi gjöld. Hvenær þetta hæli tekur til starfa, er mér ekki kunnugt. En það er þessi fjárhæð, sem hv. 6. landsk. nefndi, sem rn. telur þurfa til þess að standa undir sjálfum rekstri þessarar stofnunar. En stofnkostnaðurinn verður ríkinu óviðkomandi.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég ætlaði mér nú ekki að karpa við hv. form. fjvn. Og ég ætla, að hafi hann tekið eftir því, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, þá hafi ekki verið ástæða til þess fyrir hann að viðhafa þau ummæli, sem hann hafði, þegar hann fór að svara mér. (**GJ:** Ummæli hv. þm. gáfu tilefni til þess.) Af hverju tilnefndi þá hv. þm. ekki þau ummæli, sem ég hafði? (**GJ:** Ég gerði það. Ég get svarað þeim á eftir.) Það er gott. Ég hef líka rétt til að tala aftur, ef hv. þm. ekki heldur sig við rétt mál. Ég sagði ekkert styggðaryrði í garð hv. fjvn. Ég færði það til, sem var mitt álit, að þarna hefði mislukkazt fyrir n. um fjárveitingu til Eyrarbakka og að það mundi hafa verið á misskilningi byggt. M. ö. o., það, sem mér fannst að þessari framkvæmd, og annað, sem ég taldi að, það færði ég til betri vegar, sem ég vildi trúa. En þó svo væri frá minni hendi, þá færði þó hv. form. n. það eins úr lagi og hægt var að gera, sem ég sagði um gerðir hv. fjvn. En telur hann, að hann þekki þessi mál betur en ég og fólkið þarna á þessum stað? Um það ætla ég ekki að metast við hann, það skiptir ekki máli. En mætti ég spyrja hv. form. fjvn.: Er það í krafti þeirrar þekkingar, sem hann hefur á þessu fólki þarna austur á Eyrarbakka eða Stokkseyri, að hann ber á þessa menn, sem fyrir framkvæmdunum standa þarna austur frá, að þeir gefi út falska reikninga? Hann segir, að þeir hafi tekið

fyrir sumar framkvæmdir tvöfalt gjald. Vill hv. þm. endurtaka þetta í þeirra garð utan þinghelginnar?

Um önnur atriði viðkomandi störfum hv. fjvn. er það yfirleitt að segja, að ég þykist hafa fyrr og síðar haft fullan skilning á þeim vanda og erfiðleikum, sem þessi n. hefur á hverju þingi við að etja og eru því meiri sem erfiðara er að sinna óskum fólksins og þörfum. En að ég gerði ekkert slíkt að umtalsefni, var ekki af því, að ég ekki vissi, hvað gerðist, eða af hinum erfiðu viðfangsefnum margra sveita á landinu, heldur var það vegna þess, að ég vildi ekki setja á langa ræðu hér eða tala um annað en viðvíkjandi þeim till., sem ég bar fram brtt. við. — En viðvíkjandi því atriði, sem hv. þm. minntist á, að það væri eins og hér væri um milljón að ræða að því er snerti framlag vegna þessa fólks, þá geri ég engan mun á því, hvort upphæðin er stór eða lítil, ef mér finnst um réttlætismál vera að ræða. En þó að um slíkt sé að ræða, þá er náttúrlega svo fjarri því, að mér detti í hug, að hægt sé að sinna öllu því, sem telja má til réttlætismála. Það er vitaskuld engin leið, og það sýnir sig á mörgum liðum, sem hv. fjvn. er gersamlega ómáttugt að sinna. Og mætti standa á sama, hverjir hana skipa, að því leyti, að öllum óskum um uppfylling þarfa er ekki hægt að fullnægja. Ég tók þessi atriði vegna þess, að ég vildi gjarnan fá leiðréttingu á því. Og það kostar litla fjármuni. En að veita þá fjármuni, það er aðeins vottur þess, að hæstv. Alþ. hafi skilning á þörfum þessa fólks, sem þarna er um að ræða, og vilji halda gefin loforð við annan aðilann, sem ég ræddi um, Eyrarbakka, um að þessi greiðsla komi, þannig að þetta sé tekið inn á fjárlagafrv., eins og áskilið var. Ef þetta hefði verið stór upphæð, þá gat munað meira um það á gjaldaliðum fjárl., þegar árferði er þannig, að við erfiðleika er að etja um að skipta fjárframlögum slíkum sem þessum á milli aðila. En þegar um svona litlar fjárhæðir er að ræða, sem búið er auk þess að lofa, þá getur maður ekki álitið, að það geri nokkuð til eða frá um afkomu ríkissjóðs, þó að greiddar væru þessar 20 þús. kr., úr því að málið var þannig tekið upp af hálfu ríkisstj., að búið var að lofa að framkvæma verkið. — En viðvíkjandi aftur hinum staðnum, sem ég nefndi, er það að segja, að hann er búinn að bíða. Og ég tók fram í fáum orðum, hve mikla örðugleika fólkið á þeim stað ætti við að búa, meðan þessu verki væri ekki komið í framkvæmd. Hvað þessi mannvirki kosta, getur enginn sagt um, a. m. k. mun það verða um hálft annað hundrað þús. kr. og e. t. v. meira. Og þó að varið sé þessum 20 þús. kr. í þessu skyni, þá er það ekki nema aðeins vottur þess, að menn hafi skilning á þeirri þörf, sem á því er að framkvæma verkið. En ég var ekki að veita hv. fjvn. ákúrur fyrir neitt í þessu sambandi. En hv. form. fjvn. gaf mér tilefni til að ætla, að hv. n. hefði verið sagt skakkt frá þannig í sambandi við þessa framkvæmd, að til þessarar framkvæmdar greiddist fé sem styrkur eftir jarðræktarlöggjöf. En þessi framkvæmd fær engan styrk til sín, nema með sérstakri samþykkt. Hv. form. fjvn. taldi sig hafa fengið vitneskju frá oddvitum um þetta. Og ég hef ekki komið með neitt orð um þetta annað en það, sem þeir hafa sagt mér. Og það er alveg nýtt fyrir mér, ef þeir menn hafa sagt hv. þm. annað en það, sem þeir hafa sagt mér.

Annars eru þessi orðaskipti okkar hv. form. fjvn. og mín alveg óþörf að því leyti, að ég gaf ekki tilefni til, að neinn gæti ætlað, að ég vildi veita hv. fjvn. ákúrur.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil í allri hreinskilni segja hv. 1. þm. Árn. það, að hann hefur ekkert tilefni haft til að segja það um hv. fjvn., að hún hefði farið hér inn á nýjar leiðir, sem ekki væru þinglegar, eins og hann sagði í sinni fyrri ræðu, að raska till. frá hæstv. ríkisstj. Hann hafði um það þau orð, að þar hefðum við brotið almenna reglu í fyrsta skipti, sem hann myndi eftir, með því að lækka till., sem settar hefðu verið inn á fjárlagafrv., og skipta þessu milli tveggja aðila, og að hann þekkti svo vel skapferli þessara manna, að þeir mundu ekki vilja þiggja fé, þegar það væri þannig til komið. En ég get sagt hv. 1. þm. Árn., að oddvitar á þessum stöðum hafa hvað eftir annað rætt við okkur og lýst þörfum sinna staða fyrir okkur, eins og margir aðrir, og upplýst, að hluti af þessu verki hafi verið framkvæmdur í sambandi við skólabyggingar. Þetta hef ég upplýst. Og hvað er svo hv. 1. þm. Árn. að krefjast að ég endurtaki utan þinghelginnar? Ég hef ekki minnzt á tvöfalda reikninga. (**JörB:** Við skulum vita, hvað skrifarar hafa skrifað.) — Svo hefur búnaðarmálastjóri, hv. 1. þm. N-M., upplýst hér í þinginu, að allir þeir skurðir, sem gerðir séu í þessu landi í mýrum — honum sé ekki kunnugt um, hvort það eigi við skurð gegnum kambinn — en það, sem gert sé að skurðum þarna í mýrum, sé gert að hálfu leyti með jarðræktarstyrk. Hann getur leiðrétt þetta, ef það er rangt. Og hvaða tilefni gaf svo fjvn. til þess, að hv. 1. þm. Árn. færi að segja hér, að enginn þyrfti að væna þetta fólk, sem þarna býr, um ódugnað? Ég vissi ekki til þess, að slíkt tilefni hefði komið fram frá n., hvorki í minni ræðu né í till. fjvn. Ég hefði ekki verið svo viðkvæmur fyrir því, ef hv. 1. þm. Árn. hefði talað einungis til mín. En hann talaði hér til n., sem mér er skylt að verja gegn öllum ótilhlýðilegum ásökunum, því að fjvn. hefur vakað dag og nótt og lagt mikið á sig til þess að vinna fyrir sitt föðurland svo vel sem hún hefur getað. Og ég vil spyrja hv. 1. þm. Árn. um það, þegar hann talar um, að ranglæti hafi verið sýnt hjá okkur í n. með því að taka af þessari upphæð og skipta til annarra, — hvers vegna mótmælti hann ekki því, að við hefðum tekið upphæð af 200 þús. kr. till., sem ríkisstjórnin stóð öll að, þannig að 70 þús. kr. fóru í hans kjördæmi? — Ég held, að samvizkusemi þessa hv. þm. sé nokkuð skrýtin og fari eftir því, hvaða mál hann á við.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég þarf að bera af mér sakir. Mér þykir vænt um, að hv. þm. Barð. og form. fjvn. vill nú taka aftur ummæli sín, sem hann hefur haft um tvöfaldar greiðslur fyrir verk unnin þarna austur frá (**GJ:** Ég hef aldrei sagt þau orð. Hv. þm. hefur búið þau til.), að þeir hafi tekið tvöfaldar greiðslur fyrir plóginn, það sagði hv. þm. Barð. Töluð orð verða ekki aftur tekin.

Þá vill hv. form. fjvn. meina, að ég hafi alveg

að óþörfu minnzt á, að það væri ekki vert að brigzla þessu fólki um ódugnað. Ég var þá að svara innskoti hjá hv. þm., og kom það fjvn. í heild ekkert við.

Þá var það, hvort ég hefði kynnt mér, hvað þessar framkvæmdir við framræsluna hefðu orðið dýrar. Það er vorkunnarmál, þó að hv. form. fjvn. hafi gleymt úr minni ræðu, og sennilega alls ekki tekið eftir, hvernig orð féllu hjá mér. En hann má ómögulega látast vera að verja hv. fjvn. fyrir aðkasti frá mér eða öðrum hv. þm., þegar þeir gera engir neitt á hluta n. Ég sagði í minni ræðu, eins og rétt var, að ég minntist þess ekki, að svona smáupphæðum, sem lofað hefði verið að taka á fjárl. af ríkisstj., hefði verið skipt. Ég ábyrgist ekki, að ég muni það rétt. En mér finnst ekki taka því að gera veður út af svona ummælum. Og hefði verið farið skaplegar í þetta af hv. þm. í umr., þá hefði verið algerlega óþarft þetta eftirspil af hálfu hv. form. fjvn., sem stafar sumpart af því, að hann hefur ekki tekið eftir öllu, sem sagt hefur verið, eða gersamlega misskilið það, sem ég sagði í minni ræðu. Og þó að þessi hv. þm. vilji vel gera fyrir hv. fjvn. — og slíkt ber að meta hjá honum, ef því væri að skipta, að gert væri á hluta n. —, þá má hann ekki taka það svo, þó að eitthvað sé sagt, sem honum finnst halla á sig, að þar með sé verið að ráðast á alla fjvn. eða yfirleitt aðra hv. þm. En mér virðist hann ekki gefa því glöggar gætur að gera mun á þessu tvennu. Og þetta má að vísu virða honum til vorkunnar. Það er ekki á margra færi að sitja svo á fundum, eins og hv. form. fjvn. verður að gera — því að það er þreytandi — og vera alveg viss um það að geta ekki misskilið eitthvað, sem fram kemur í ræðum hjá öðrum þm. En það má þá heldur ekki þess vegna ráðast að ósekju á aðra þm.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 27. fundi í Sþ., 16. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 394,1 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 394,2 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 394,3—4 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 394,5 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 411,1 felld með 27: 11 atkv.
— 417,1 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 411,2 felld með 32: 14 atkv.
— 417,2 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 315,1 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 402,I felld með 30: 14 atkv.
— 315,2 samþ. með 38 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson: Með tilvísun til ummæla hæstv. fjmrh. í nótt sem leið, þess efnis, að hann mundi athuga, hver væri hinn raunverulegi kostnaður við héraðsdómara vegna þessara starfa, og að hann mundi ekki krefjast hærri greiðslu en sú athugun bendir til, leyfi ég mér að taka tillöguna aftur.

Brtt. 416 tekin aftur.
— 393,1 samþ. með 25:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, EystJ, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, ÓTh, PO, RÞ, SÁ, SB, SkG, StSt, StgrSt, ÞÞ, BSt, BÓ.
nei: BrB, EmJ, FRV, FJ, GÞG, HV, HG, PZ, PÞ, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁB, ÁS.
EOl, GG, JJós, JG, JÁ, LJós, SG, VH, ÁÁ, BÁ, JPálm greiddu ekki atkv.
2 þm. (HermJ, BBen) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Hannibal Valdimarsson: Það mundi stappa mjög nærri óráðvendni í meðferð á fé ríkisins, ef till. þessi verður samþ., og vera ákaflega óviðeigandi undirspil undir sparnaðargal ríkisstj., og segi ég því nei.

Brtt. 402,II.a felld með 27: 17 atkv.
— 402,II.b tekin aftur.
— 402,III felld með 31: 17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, FJ, GÞG, HV, HG, JÁ, KS, LJós, RÞ, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ.
nei: ÁB, BSt, BÁ, BÓ, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JR, JörB, KK, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, JPálm.
EE, ÁÁ greiddu ekki atkv.
2 þm. (BBen, HermJ) fjarstaddir.
Brtt. 393,2—3 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 393,4—6 samþ. án atkvgr.
— 393,7 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 393,8 samþ. með 37: 1 atkv.

Hannibal Valdimarsson: Vegna þeirra upplýsinga, sem hæstv. samgmrh. gaf við umræðurnar, þar sem hann lýsti yfir því, að hann mundi beita sér fyrir því, að við samningu næstu fjárl., eða jafnvel fyrr, yrði gert ráð fyrir fjárveitingu til Selárbrúar á Langadalsströnd, og þar sem ég legg mikið upp úr þessari yfirlýsingu, tek ég aftur till. mína á þskj. 412.

Brtt. 412,I tekin aftur.
— 393,9—11 samþ. án atkvgr.
— 400 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 393,12 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 402,IV felld með 30: 14 atkv.
— 393,13 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 402,V felld með 27: 11 atkv.
— 412,II felld með 32: 15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞG, HV, JJós, JÁ, LJós, SG, SkG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, FRV, FJ.
nei: HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SB, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁÁ, ÁB, BSt, BÁ, BÓ, EystJ, GG, GJ, GTh, JPálm.
EE, EmJ greiddu ekki atkv.
3 þm. (HG, HermJ, BBen) fjarstaddir.
Brtt. 402,VI felld með 29: 9 atkv.
— 393,14—16 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 403 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 393,17, svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
— 393,18 samþ. með 29: 1 atkv.
— 402,VII samþ. með 26 shlj. atkv.
— 393,19 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 402,VIII samþ. með 29: 5 atkv.
— 402,IX felld með 25: 11 atkv.
— 402,X samþ. með 26: 11 atkv.

Brtt. 393,20 samþ. með 34:2 atkv.
— 393,21—22 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 402,XI samþ. með 28: 8 atkv.
— 402,XII samþ. með 26: 9 atkv.
— 412,III felld með 23: 21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, HV, HG, JJós, JÁ, LJóh, LJós, SB, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BrB, EOl, EE, EmJ, FRV, FJ, GTh.

nei: HÁ, HelgJ, IngJ, JS, JR, JörB, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BÓ, EystJ, GG, GJ, JPálm.

JóhH, JG, KK, KS, ÓTh, BÁ greiddu ekki atkv.
2 þm. (HermJ, BBen) fjarstaddir.
6 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég hef að vísu sjálfur borið fram till. um að auka styrk til leiklistar. En það stendur að því leyti öðruvísi á um það, sem hér er borið fram, að öllum þessum félögum, sem hér ræðir um, er ætlaður annar styrkur á fjárl. en þessi, og hér er enginn styrkur ætlaður til þeirra, sem ekki hafa áður notið styrks. Ég vil ekki ljá þessu jákvæði og sit því hjá.

Skúli Guðmundsson: Ég tel það gott að styrkja leiklistarstarfsemi sem víðast um landið, en ég er mjög óánægður með þau ákvæði, sem þarna fylgja með. Í fyrsta lagi, að þetta megi aðeins ganga til þeirra, sem nú þegar eru inni á fjárl. Sömuleiðis álít ég mjög óviturlegt, að þessu sé úthlutað eftir tölu leiksýninga hjá félögunum. Því segi ég nei.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Eftir að búið er að samþ. þær till. um styrk til leiklistar, sem samþ. hafa verið, mundi ég hafa fylgt þessari till., ef hún hefði aðeins verið aukastyrkur til að örva leiklistarstarfsemi í kaupstöðum og kauptúnum, en ég vil taka undir það, að síðasti liður till. er mjög óheppilegur, þ. e. að styrkurinn sé aðeins bundinn við þá staði, sem áður hafa verið styrktir til leikstarfsemi. Því segi ég nei.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Af því að ætlazt er til, að þessi styrkur gangi eingöngu til þeirra, sem fá styrk á fjárlögum, en ekki annarra, þá segi ég nei.

Eiríkur Einarsson: Ég vildi gjarnan, að þetta væri styrkur til þeirra, sem vel gera í þessum efnum og eru íþróttinni til gagns úti um landsbyggðina og koma henni til meiri vegs. Því segi ég já.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil taka það fram, að mér finnst, ef bæta á fé til leiklistarstarfsemi, megi ekki binda það við þá, sem þegar hafa fengið styrk á fjárlögum, og segi því nei.

Brtt. 393,23 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 402,XIII felld með 25: 23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EOl, EmJ, FRV, FJ, GTh, GÞG, HV, HG, JóhH, JJós, JÁ, KS, LJós, RÞ, SÁ, SB, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS.

nei: EystJ, GG, GJ, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JS, JörB, KK, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BÁ, BÓ, JPálm.

EE, JR greiddu ekki atkv.
2 þm. (HermJ, BBen) fjarstaddir.
Brtt. 393,24 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 402,XIV felld með 25: 8 atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vil taka fram fyrir hönd okkar flm., að við viljum sýna sömu hófsemi og ég vænti af öðrum. Við tökum aðaltill. okkar á þskj. 402 aftur, en varatill. komi til atkv.

Brtt. 402,XV, aðaltill. tekin aftur.
— 402,XV, varatill. felld með 25: 18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GG, HV, HG, JG, JÁ, LJós, SÁ, SB, SG, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÁÁ, ÁB, BSt, BÁ, EOl.

nei: EmJ, EystJ, GJ, GTh, GÞG, HÁ, IngJ, JóhH, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SkG, StSt, StgrSt, ÁkJ, BÓ, JPálm.

FRV, FJ, HelgJ, ÁS, BrB greiddu ekki atkv.
4 þm. (HermJ, JJós, VH, BBen) fjarstaddir.
Brtt. 393,25 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 402,XVI samþ. án atkvgr.
— 393,26 samþ. án atkvgr.
— 393,27 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 402,XVII.1 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 402,XVII.2 samþ. með 30:4 atkv.
— 393,28 samþ. með 28:1 atkv.
— 412,IV.1 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 393,29 kom ekki til atkv.
— 393,30—32 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 402,XVIII felld með 28:14 atkv.
— 411,3.a—b felldar með 33:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EOl, EmJ, FRV, FJ, GÞG, HV, HG, JÁ, LJós, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS.

nei: BSt, BÁ, BÓ, EE, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SB, SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, JPálm.

3 þm. (BBen, HermJ, JJós) fjarstaddir.
Brtt. 393,33 samþ. án atkvgr.
— 402,XIX.1 felld með 30:14 atkv.
— 411,4 felld með 27:15 atkv.
— 394,6 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 402,XIX.2 felld með 27:17 atkv.
— 402,XIX.3 felld með 29:13 atkv.
— 402,XIX.4 felld með 33:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EOl, EmJ, FRV, FJ, GÞG, HV, HG, JÁ, LJós, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS.

nei: EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SB, SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BÁ, BÓ, JPálm.

EE greiddi ekki atkv.
2 þm. (HermJ, BBen) fjarstaddir.
Brtt. 393,34 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 393,35 samþ. með 36:1 atkv.
— 393,36.a—b samþ. með 33 shlj. atkv.
— 412,IV.2 samþ. án atkvgr.
— 393,36.c—d samþ. með 34 shlj. atkv.
— 412,IV.3 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 393,37, Ásta Jaden, samþ. með 32:1 atkv.
— 402,XX samþ. með 27:2 atkv.
— 393,37, Jóhanna Jónsdóttir, samþ. með 41:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, ÁB, ÁS, BSt, BÓ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GG, GJ, GTh, GÞG, HÁ, HV, HG, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JÁ, JR, JörB, KK, KS, LJóh, LJós, ÓTh, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SB, SG, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, VH, ÁkJ.
nei: ÞÞ.
BÁ, BrB, EE, FRV, JJós, PZ, StgrA, JPálm greiddu ekki atkv.
2 þm. (BBen, HermJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Mér er ekki ljóst, hvort misprentazt hefur Jóhanna fyrir Svava, og greiði því ekki atkv.

Brtt. 393,37, Kristín–Þorbjörg, samþ. með 29:1 atkv.
— 394,7, upphæð, samþ. með 37:7 atkv.
— 394,7, aths., samþ. með 26:14 atkv.
— 411,5 felld með 29:11 atkv.
— 393,38 samþ. án atkvgr.
— 394,8 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 393,39 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 402,XXI felld með 23:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÁ, LJóh, LJós, SÁ, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BrB, EOl, FRV, FJ, GÞG, HV.
nei: JörB, KK, KS, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, BSt, BÁ, BÓ, EystJ, GG, GJ, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH.
JR, SB, ÁB, EE, EmJ, GTh, JJós, JG, JS, JPálm greiddu ekki atkv.
3 þm. (BBen, HG, HermJ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Finnur Jónsson: Þetta er lítil tilraun til að rétta hlut dreifbýlisins, og segi ég því já.

Gísli Jónsson: Fyrir n. lágu upplýsingar frá forstjóra innkaupastofnunar ríkisins um, að hægt væri að fá ódýrari olíu en nú er yfirleitt. Í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. láti athuga þetta og lækki verðið, segi ég nei.

Jóhann Jósefsson: Þótt það sé vel vitað, að skipasmiðjurnar hafi orðið fyrir tjóni, án þess að þeim verði um kennt, þá er enginn skilningur á þessu máli hjá mörgum hv. þm., eins og stendur, og gæti því till. verið felld á röngum forsendum. Ég vil ekki stofna henni í slíka hættu og kýs heldur að fresta málinu. Till. á þskj. 412 er tekin aftur.

Brtt. 412,V tekin aftur.
— 402,VI samþ. með 26:10 atkv.
— 402,XXII samþ. með 25:2 atkv.
— 402,XXIII felld með 27:10 atkv.
— 393,40 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 402,XXIV samþ. með 27 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Sökum þess, að hægt mun vera að greiða þessi skólaáhöld, sem brtt. mín fjallar um, án heimildar í fjárl., er till. tekin aftur.

Brtt. 402,XXV tekin aftur.
— 402,XXVI tekin aftur.
— 402,XXVII samþ. með 27:8 atkv.

Skúli Guðmundsson: Að betur athuguðu máli tek ég till. mína aftur.

Brtt. 402,XXVIII tekin aftur.
Brtt. 402,XXIX tekin aftur.
Brtt. 412,VII samþ. með 28 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 438).

22. Háskólakennarar.

Á 29. fundi í Nd., 28. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1944, um breyt. á og viðauka við l. nr. 36/1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21/1936, um Háskóla Íslands [116. mál] (stjfrv., A. 216).

Á 31. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 216, n. 325).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Frsm. menntmn., hv. 7. þm. Reykv., er fjarstaddur, svo að ég vil leyfa mér að segja örfá orð um þetta mál, sem hér liggur fyrir. Þetta frv. er flutt af ríkisstj., og fjallar það um breyt. á l. um Háskóla Íslands. Þar er það ákvæði, að 2 af kennurum heimspekideildar skuli ekki hljóta prófessorsnafnbót eftir 6 ára kennslu, eins og þó er venja um aðra kennara skólans. Þetta frv. fer fram á það, að þetta ákvæði falli niður og þessir kennarar lúti hér eftir sömu lögum og aðrir kennar skólans. Menntmn. hefur athugað þetta frv., og mælir hún með því, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Samkv. l. frá 1930 skulu dósentar, sem starfað hafa við Háskóla Íslands í 6 ár, verða prófessorar. Með l. nr. 66 1944 voru sett tvö dósentsembætti, og í þeim l. er fram tekið, að þeir menn, sem þeim embættum gegndu, skyldu ekki geta orðið prófessorar á sama hátt. — 1941 var ráðinn lektor við skólann til kennslu í íslenzku nútímamáli. Þá voru ekki sett sömu skilyrði og um þá dósenta, sem ég nefndi. Eftir 6 ára kennslu varð þessi maður prófessor. Virðist eðlilegt, að sömu lög gildi fyrir þá, sem kenna málfræði, bókmenntir og sögu, að þeir hafi réttindi til að verða prófessorar eftir 6 ára kennslu við Háskóla Íslands. Ekki er sanngjarnt, að þessi tvö embætti séu undanskilin og þeir, sem þeim gegna, geti ekki náð sömu réttindum. Til að leiðrétta þetta er þetta frv. fram borið. — Legg ég til að vísa frv. til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 216, n. 422).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er til umr., lá fyrir hjá menntmn. í dag og var þar athugað, og hún varð sammála um að mæla með, að það næði fram að ganga. Þessar breytingar eru í raun og veru sjálfsagðar. Það var töluverð tregða við að stofna þessi 2 kennaraembætti, dósentsembættin, 1944, og var því sú undantekning sett í lögin, að heimilt væri að 6 árum liðnum að breyta dósentsembættunum í prófessorsembætti. Þetta þótti ekki samrýmanlegt nú orðið, og ég verð að segja það, að ég sé ekki annað en þetta sé fullkomið réttlætismál, að þessir menn fái laun eins og aðrir kennarar þessa skóla. Og ekki síður vegna þess, að þeir hafa sýnt í verki, að þeir eru ekki eftirbátar annarra. Nefndin mælir því með, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 43. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 444).

---

23. Skemmtanaskattur.

Á 10. fundi í Sþ., 1. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1951 [66. mál] (stjfrv., A. 108).

Á 14. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þetta frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka þarfnast ekki neinna sérstakra skýringa. Með slíkum frv. sem þessu hafa verið framlengd þessi gjöld í eitt ár í senn, og er þetta því aðeins endurnýjun á lagaákvæðum, sem nú eru í gildi, en falla úr gildi við næstu áramót, nema þau séu framlengd. — Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil í sambandi við þetta mál, vegna þess að þessi skattur rennur til þjóðleikhússins, gera fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um það, hvort það sé með samþykki ríkisstj., að þau laun hafa verið ákveðin til starfsmanna þjóðleikhússins, sem birtar eru tölur um með fjárlagafrv. í launaskrá þar. Mér skilst, að þessi laun séu í engu samræmi við launagreiðslur ríkisins eða launalögin. Og vildi ég heyra, hvort það er í samráði við hæstv. ríkisstj. eða hæstv. menntmrh., að þau laun, sem þar eru skráð til starfsmanna þjóðleikhússins, eru veitt, — ég sé, að þar eru til tekin yfir 44 þús. kr. laun til hvors af tveimur vissra leikara. Ég veit ekki betur en að þær tekjur, sem koma hér inn fyrir skemmtanaskattinn, renni til þess að standa undir þessari starfsemi.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Það er rétt, að nokkur hluti af skemmtanaskattinum rennur til þjóðleikhússins, til þess að halda uppi starfsemi þess. Hins vegar er það nokkuð annað mál, er snertir leikara þjóðleikhússins. En af því að hv. þm. Barð. minntist á þetta, þá skal ég fúslega upplýsa, að það hefur ekki komið til minna kasta að ákveða laun starfsmanna þjóðleikhússins, heldur var það gert, að því er ég bezt veit, af fyrirrennara mínum, ekki þeim síðasta, heldur þeim, sem þar var á undan. Og ég hef gengið út frá því, að það hafi verið með samþykki viðkomandi yfirvalda á þeim tíma, sem þessi laun hafa verið ákveðin, og ég hef ekki látið gera neina rannsókn í því efni, gangandi út frá því, að fyrrv. ráðh. hafi samþ. þetta, og því kæmi ekki til minna kasta að rifta því að svo komnu.

Gísli Jónsson: Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar í sambandi við málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 108, n. 398).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. er í raun og veru framlenging á l., sem gilda til næsta nýárs, og er þar engin breyt. á ákvæðunum um skemmtanaskatt. — Fjhn. hefur athugað þetta mál og er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Þess skal getið, að einn nm., Kristinn Andrésson, sem var varamaður hv. 1. landsk. þm. (BrB), var mættur á fundi fjhn., en er nú vikinn af þingi, og þess vegna vantar undirskrift hans á nál., þar sem aðalmaðurinn, hv. 1. landsk., kunni ekki vel við að skrifa undir það.

Ég hygg, að það verði sammála álit hv. d. eins og n., að það beri að samþ. frv. eins og það liggur fyrir, og vænti ég þess, að það verði gert á þessum fundi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hér er farið fram á að framlengd sé heimild til að innheimta skemmtanaskatt með 200% álagi. Nú er mér kunnugt um breytt viðhorf hjá kvikmyndahúsum úti um land, að umsetningin er slík vegna hrörnandi efnahags almennings, að þau eru flest ef ekki öll rekin með tapi. Ég held því, að það væri eðlilegt, að þau fengju að halda þessum rekstri áfram og greiða af þessu eingöngu skemmtanaskatt samkv. skemmtanaskattsl. frá 1927, en álagið til Reykjavíkur héldist. Ég býst við, að aðsóknin að kvikmyndahúsunum hér í Reykjavík sé það jöfn, að þau fyrirtæki hér í höfuðstaðnum geti ef til vill borgað skatt með 200% álagi, og mun ég því leggja til, að frv. haldi sér að því leyti, og vildi því bera fram brtt. á þá lund, að á eftir orðinu „kvikmyndasýningum" komi: í Reykjavík. Vil ég leyfa mér að leggja þá brtt. fram.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 426) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Ég var ekki í d. þegar hv. þm. lagði fram sína till., en mér er nóg að heyra till., því að mér skilst, að þarna komi fram, að tillögumaður ætlist til, að skemmtanaskatturinn verði hvergi nema í Reykjavík með 200% álagi. Það er hvort tveggja, að ekki er nein sanngirni í þessu og að þeir aðilar, sem eiga að fá sínar tekjur af skemmtanaskattinum, fara varhluta af því. En hv. tillögumanni og hv. dm. er kunnugt um, hverjir þeir eru; það er fyrst og fremst þjóðleikhúsið, og það eru félagsheimilin, sem eru stærstu aðilarnir, og það mundi þá lenda á þeim. Mér finnst, að ósanngirnin í till. sé svo mikil, að það sé fráleitt að hugsa sér að samþ. hana.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Mér heyrist á hæstv. viðskmrh., að vegna tekjuþarfa þjóðleikhússins og félagsheimila, sem fá mest af skemmtanaskattinum, megi ekki rýra þennan tekjustofn. Það er sjónarmið út af fyrir sig. En það er ekki síður sjónarmið að athuga, hver er aðstaða skattgreiðenda. Er nokkuð að skattleggja hjá kvikmyndahúsum úti um land? Aðstöðumunurinn þar og hér í Reykjavík er sá, að hér getur hvert kvikmyndahús haft kvikmyndasýningu daglega, tvisvar, þrisvar að deginum flesta daga ársins. Þetta eru stórfyrirtæki, sem velta milljónum, flest eða öll. Úti á landi verða kvikmyndahúsin að launa mann sem húsvörð og í flestum tilfellum sýningarmann og dyravörð, en hafa ekki möguleika á kvikmyndasýningum nema einu sinni til tvisvar í viku á mörgum stöðum og oftast langt frá því fyrir fullu húsi. Á slíkum stöðum er nógu erfitt að borga skemmtanaskattinn, sem á var lagður upphaflega, áður en þetta álag var samþ., og það er staðreynd, að flest kvikmyndahús utan Reykjavíkur eru rekin með tapi. Kvikmyndahúsið í Hafnarfirði borgar ekki skemmtanaskatt, — það hefur tekjurnar til að byggja elliheimili, og eins er með kvikmyndahúsið á Akranesi, og þegar þau eru frá dregin af kvikmyndahúsum í nágrenni Reykjavíkur, þá er aðstaða kvikmyndarekstrarins að öðru leyti á þann veg um slík fyrirtæki, að þau standa ekki undir sínum eigin útgjöldum og hafa þannig ekkert bolmagn, því að skemmtanaskatturinn tekur 40% af brúttó innkomnum tekjum, og eins og þetta er nú orðið, er sett á hann 200% álag.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Ég get sagt hv. þm. það, að ef kvikmyndahúsin úti á landi eru rekin með tapi, þá eru kvikmyndahúsin hér í Reykjavík líka rekin með tapi. Ástæðan fyrir þessu er líklega hin sama hjá báðum aðilum, þ. e. að þessi fyrirtæki hafa ekki fengið gjaldeyrisleyfi til þess að kaupa myndir. Kvikmyndahúsin hér í Reykjavík áttu fyrir hálfum mánuði síðan eina mynd, sem ekki hafði verið sýnd áður, hvert hús. Þessi kvikmyndahús hafa verið að bjarga sér með því undanfarið að grafa upp gamlar myndir í fórum sínum, sem sýndar hafa verið fyrir mörgum árum, og sýna þær aftur. Árangurinn af þessu er sá, sem engum dylst, sem kemur í kvikmyndahús, að aðsókn að kvikmyndahúsum hér í bænum hefur stórkostlega minnkað, og hún hefur minnkað af þessum ástæðum, að kvikmyndahúsin hafa ekki nýjar myndir til að sýna. Það er því ekkert meiri ástæða til þess að leggja þennan skatt á kvikmyndahúsin hér í Reykjavík heldur en úti á landi. Um kostnað kvikmyndahúsa úti á landi, þá hygg ég, að þau séu flest rekin þannig, að þeir, sem að þeim vinna, hafi þetta í hjáverkum aðallega, og þess vegna er sjálfsagt greitt minna í kaupgjald við rekstur þeirra en gert er hér við kvikmyndahús í Reykjavík, þar sem fastir menn eru við rekstur húsanna. Þessi ástæða hv. þm. hefur þess vegna ekki við nein rök að styðjast,

og það er ekki nokkur sanngirni í því að kippa burt þessu álagi af kvikmyndahúsum úti á landi, án þess að það sé einnig gert í Reykjavík.

ATKVGR.
Brtt. 426 felld með 8:5 atkv.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 41. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 42. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 108, n. 430).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, ÁÁ, ÁB, BÁ, BÓ, EystJ, GG, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JR, JörB, JG.
nei: FJ.
SG, StJSt, ÁkJ, ÁS, EmJ, GÞG, JÁ greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÓTh, PO, SB, EOl, GTh, HÁ, JóhH, KS, LJós) *fjarstaddir.*
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 455).

---

24. Stjórn flugmála.

Á 15. fundi í Nd., 3. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um stjórn flugmála [72. mál] (stjfrv., A. 119).

Á 16. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þetta frv. er að mestu leyti shlj. l. nr. 65 frá 1947, að öðru leyti en því, að hér er gert ráð fyrir, að embætti flugmálastjóra verði afnumið. Eftir þá reynslu, sem fengizt hefur af þeirri tilhögun við stjórn flugmála, sem tíðkazt hefur undanfarið, að flugráð fari með stjórnina undir yfirstjórn ráðherra, þá má segja, að hún hafi yfirleitt gefizt vel. Þó verður að telja rétt, að horfið verði frá þeirri tvískiptingu, sem verið hefur í embættisfærslunni, þar sem flugmálastjóri og flugvallastjóri hafa staðið undir flugráði sem jafnréttháir embættismenn. Það hefur komið í ljós, að skipting þessi er óheppileg. Hér er því lagt til, að embætti flugvallastjóra komi nú fyrir bæði þessi embætti. Það er einfaldara fyrirkomulag og miðar auk þess í sparnaðarátt.

Þá er hér einnig í 3. gr. tekin upp heimild fyrir ráðh. til að setja reglur um flugferðir innlendra flugfélaga. Það mál hefur oft verið rætt, að samkeppni hinna innlendu flugfélaga sín á milli væri óheppileg og meira væri eytt í flugferðir þeirra en nauðsyn krefði og komast mætti hjá með hagfelldara skipulagi. Það sýndi sig hins vegar, að ráðuneytið hafði ekki það vald, sem það þurfti til að koma hér breytingum við. Var reynt að fá félögin til að fallast á áætlun um betri efnisnýtingu og eldsneytis, en sú tilraun bar ekki þann árangur sem skyldi, einkum vegna þess, að ekki var unnt að samræma svo hagsmunasjónarmið félaganna, að þau gætu fallizt á áætlunina. Þykir því sýnt, ef koma á þessum málum á hagkvæmari grundvöll, að gefa verði ráðuneytinu heimild til að taka þarna í taumana.

Ég leyfi mér svo að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég býst nú ekki við, að stofnað verði til langra umr. um þetta mál hér við 1. umr. Það kann að verða rætt betur síðar, ef ástæður verða til. En óneitanlega kemur þetta nokkuð einkennilega fyrir sjónir. Fyrir þremur árum var sem sagt það skipulag á þessum málum, að þá var aðeins einn embættismaður, sem hafði með þau að gera; en þegar ný stjórn tók við völdum árið 1947, þótti ástæða til að skapa þá tvískiptingu í embættinu, sem hæstv. ráðh. talaði hér um. Það verður því að vera annaðhvort, að þeir menn, sem tóku við stjórnartaumunum 1947, hafi í þessu verið óvenju skammsýnir og kannske ekki gæddir þeim sparnaðaranda þá, sem hefur gripið þá nú, eða þá að hér liggur einhver annar tilgangur að baki. Þetta kemur væntanlega í ljós, þegar n. fær málið til athugunar, og skal ég ekki á þessu stigi fjölyrða um það frekar.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir því, að sett verði reglugerð um flugferðir innlendra flugfélaga. Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að mælast til þess, að hv. n. athugi vandlega gildandi lög og reglur um öryggisþjónustu íslenzkra flugfélaga og sérstaklega um hvíldartíma flugmannanna, því að rík nauðsyn ber til, að þeir hafi löglega tryggðan þann hvíldartíma, sem þeim er nauðsynlegur til að gegna af fullu öryggi sínu ábyrgðarmikla starfi.

Þá vil ég enn fremur í sambandi við 3. gr. vekja athygli á því, að betur finnst mér þurfa að ganga frá valdi ráðh. til að veita sérleyfi á áætlunarleiðinni innanlands en þar er gert. Það eru nú tvö flugfélög, sem keppa í landinu sín á milli. Og það er hverju orði sannara, sem hæstv. ráðh. sagði, að ýmislegt er ópraktískt í sambandi við rekstur þeirra, eins og í frjálsri samkeppni yfirleitt, og

eyðsla á verðmætum miklu meiri en ella mundi, ef starfsemin væri betur skipulögð í heild. Hins vegar er nú á það að líta, að við lifum undir efnahagsfyrirkomulagi auðvaldsþjóðfélags, þar sem oft kemur til kasta ríkisvaldsins að gera upp á milli tveggja samkeppnisaðila. Og þar sem svo er háttað, sitja löngum í ríkisstjórnum menn, sem eru fulltrúar fyrir hagsmunaheildir tiltölulega fárra manna, og verður því Alþingi að gæta varúðar, ef sérstök auðfélög eiga ekki að fá einokunaraðstöðu í þjóðfélaginu. Það þarf að vaka yfir því, að hinum sterku séu ekki fengin einokunarvöld í hendur og hinir smærri knúðir til að ganga upp í hinar stærri heildir. — Þetta vildi ég benda á, hv. n. til athugunar. Hins vegar viðurkenni ég fyllilega, að það er afskapleg eyðsla, sem á sér stað í verðmætum eins og benzíni í sambandi við flugferðirnar, eins og þeim er háttað vegna samkeppni félaganna, og vafalaust er erfitt að ráða bót á þessu. En um þá hnúta verður á einhvern hátt að búa þannig með afskiptum Alþingis, að sérstökum mönnum verði ekki sköpuð einokunaraðstaða í þjóðfélaginu.

Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um þetta; það er eðlilegt, að málið fái sína athugun í n., og hún mun vafalaust heyra nánar frá hæstv. ríkisstj. um það, sem hún hefur í huga í sambandi við þær breytingar, sem hér liggja fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til samgmn. með 22 shlj. atkv.

Á 34., 35. og 36. fundi í Nd., 8. og 11. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 12. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 119, n. 272 og 316).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samgmn. hefur haft þetta mál alllengi til meðferðar og rætt það ýtarlega. Hún hefur sent frv. til umsagnar þeim aðilum, sem um flugmál fjalla einkum í landinu, fyrst og fremst til flugráðs, sem mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. Þá mælti Flugfélag Íslands einnig með frv., en stjórn Loftleiða h/f á móti því. Enn fremur átti n. tal við flugmálastjóra, sem lýsti sig andvígan því og lagði fram álitsgerð, sem birt er í nál. hv. minni hl. n.

Það, sem í frv. felst fyrst og fremst, er, að lagt er til, að stjórn flugmálanna verði gerð einfaldari og ódýrari en nú er. En eins og kunnugt er, þá hafa síðan 1947 starfað 2 embættismenn að stjórn flugmálanna, flugvallastjóri og flugmálastjóri. Við fengna reynslu hefur komið í ljós, að þessi tvískipting er óþörf. Þess vegna hefur núv. ríkisstj. lagt fram frv. það, sem hér liggur fyrir til umræðu. En samkv. því er gert ráð fyrir þeirri breyt., að embættin verði sameinuð, þannig að embætti flugmálastjóra verði lagt niður. Enn fremur er ráðgerð sú breyt. í 3. gr. frv. að heimila ráðh. að setja reglugerð um flugferðir innlendra flugfélaga og veita sérleyfi til fastra áætlunarferða á flugleiðum innan lands. Orsök þeirra breyt. er sú, að talið er, að hin harða samkeppni hinna innlendu flugfélaga leiði til mikillar óþarfa eyðslu á fjármunum, og því þykir rétt að gefa ráðh. heimild til að setja reglur um betra skipulag á þessum málum. Þegar á þetta var litið, taldi meiri hl. samgmn. rétt, að frv. næði fram að ganga, og leggur til, að það verði samþ. með smábreytingu, þeirri, að sektarákvæðið í 4. gr. verði hækkað úr 10 þús. kr. í 30 þús. kr.

Um þetta hef ég ekki meira að segja f. h. meiri hl. n. Hann telur stefnt hér í rétta átt, þar sem miðað er við að gera framkvæmd þessara mála ódýrari og einfaldari en nú er.

Frá mínu sjónarmiði persónulega, þá tel ég, að e. t. v. hefði jafnframt mátt gera aðra breyt. á gildandi lögum um flugmál en þá, sem felst einkum í þessu frv., en það er varðandi ákvæðin um skipan flugráðs. Hingað til hefur það verið svo skipað, að meiri hl. fulltrúanna hefur verið frá öðru hinna tveggja stóru flugfélaga, sem hér eru starfandi, en það hefur leitt til þess, að það félagið, sem hefur orðið útundan um „representasjón“ í flugráði, hefur orðið óánægt og beint gagnrýni að stjórn flugráðs og störfum. Það má að vísu segja, að hér sé meira um að ræða val á mönnum í flugráð heldur en breyt. á störfum stofnunarinnar. Og með það fyrir augum, að kjörtímabil fulltrúa í flugráði rennur út í árslok 1949, þá vildi ég ekki bera neina brtt. fram um þetta nú, en ég vildi láta þetta koma fram, að ég tel rétt, ef flugfélögin eiga að hafa meiri hluta í flugráði á annað borð, að þá verði fulltrúatölunni skipt jafnar niður milli þeirra en verið hefur fram að þessu.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum að sinni, en vil f. h. meiri hl. n. mæla með því, að frv. nái fram að ganga með þeirri breyt., sem meiri hl. leggur til á þskj. 272.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það hefur nú farið svo um þetta mál, að n. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þess, og hef ég gefið út sérstakt nál. á þskj. 316, þar sem ég legg til, að það verði fellt. Meiri hl. n. leggur hins vegar til, að það verði samþ.

Meginbreyting sú frá gildandi lögum, sem gert er ráð fyrir í frv., er í stuttu máli sú, að lagt verði niður starf flugmálastjóra og flugvallastjóra falið að gegna embætti hans. Þetta er hinn raunverulegi tilgangur frv., og það sem verið er að leita eftir. Þegar athugað er, hvernig máli þessu er háttað, þá kemur í ljós, að mjög einkennilega er að því unnið og að það er eitthvað annað en sparnaður, sem keppt er að, enda þótt reynt sé að láta líta svo út.

Embætti flugmálastjóra var ákveðið með l. 1945, en 1947 var þessum lögum breytt og ákveðið að setja á stofn flugráð og stofna embætti flugvallastjóra ríkisins. Þá var þeim rökstuðningi beitt, að yfirstjórn flugmálanna væri svo yfirgripsmikil og vandasöm, að nauðsynlegt væri að bæta þar við nýjum starfsmanni, enda þótt það hefði nokkurn aukinn kostnað í för með sér. Samkv. þessari nýju skipan átti flugvallastjóri að annast rekstur og viðhald flugvalla ríkisins, en flugmálastjóri önnur störf, er flugið varða, svo sem flugumferðarstjórn, öryggisþjónustu og eftirlit með nýbyggingum flugvalla. Yfir þeim báðum var svo flugráð.

Nú kemur fram frv. um að leggja niður þetta embætti af sparnaðarástæðum og er flutt af hálfu sömu mannanna, sem stóðu að hinni fyrri breytingu, að taka nýtt embætti upp. Nú má allt í einu spara þetta og fela einum manni yfirstjórn flugmálanna, sem áður var talið ofverk flugmálastjóra. Úr frá því sjónarmiði virðist nú eðlilegt, að flugmálastjóri, sem er eldri í starfi og reyndari en sá maður, er nú á að fela þetta á hendur, þar sem hann hefur gegnt þessu embætti frá öndverðu, — út frá því sjónarmiði virðist einsætt, að hann hefði haldið embætti sínu og fyrst og fremst væri afnumin sú breyt., sem gerð var 1947, og embætti flugvallastjóra, er þá var stofnað, hefði verið lagt niður. En þessi leið er ekki valin, heldur á að leggja niður eldra embættið og reyna að losna með því móti við hinn eldri embættismann, er svo lengi hefur farið með yfirstjórn þessara mála, og láta starfssvið hins yngri og óreyndari manns, sem aðeins hefur gripið yfir stjórn flugvalla, ná yfir stjórn á flugmálunum öllum. Eins og hér er því í pottinn búið um hina ráðgerðu breyt., þá er eðlilegt, að hv. flm. frv. skorti rök til skýringar slíkri ráðstöfun. Það er ástæðulaust að draga nokkra dul á það, að það hefur orðið ofan á hjá hæstv. ríkisstj. að losa sig við tiltekinn embættismann, sem ekki er kunnugt um, að hafi orðið hið minnsta á í embættisfærslu sinni, til þess að koma öðrum manni í hans starf. Það þykir því rétt að fara hér heldur krókaleiðina og gera embætti hins yngri manns, sem hér á hlut að máli, svo víðtækt, að það spenni yfir starfssvið hins eldri embættismanns.

Við þá litlu athugun, sem fram fór á þessu máli af hálfu samgmn., kom í ljós, að annað af hinum tveimur stóru flugfélögum hér innanlands, Loftleiðir h/f, mælir gegn frv. þessu og færir rök að þeim mótmælum. Flugfélag Íslands hins vegar rökstyður sitt álit ekki neitt og svarar aðeins í örfáum orðum á þá leið, að það hafi ekkert við frv. að athuga, nema hvað það bendir á, að gera ætti lítils háttar breyt. á 3. gr., sem fjallar um algert aukaatriði. Að öðru leyti lætur það ekki í té rökstutt álit í sambandi við þá breyt. á yfirstjórn flugmálanna, sem um er að ræða. — Þá kom einnig fram ýtarleg álitsgerð frá flugmálastjóra, sem prentuð er sem fylgiskjal með nál. mínu á þskj. 316, og rekur hann þar málið ýtarlega og sýnir með augljósu móti fram á, hve fjarri það er réttu lagi, að hér sé um skipulagsbreytingar til bóta að ræða, heldur einungis um framhald að ræða þar sem frá var horfið 1947, þegar nýr maður var settur inn í starfið við hans hlið, sem byrjaði að vasast í ýmsu því, er hann hafði haft með höndum.

Þá hefur hér einnig borizt til Alþ. umsögn félags flugvallastarfsmanna ríkisins, og er hún einnig prentuð með nál. mínu á þskj. 316, og er hún skýr og ótvíræð í þá átt að mæla eindregið í gegn þessu frv. og telja hér ómaklega að farið, að ætla með þessum hætti að víkja frá starfi embættismanni, sem nýtur fyllsta trausts og hefur gegnt því óaðfinnanlega.

Þá sendi enn einn aðili álit sitt, flugráð, en það er raunar sami aðilinn og stjórn Flugfélags Íslands, og svarar það aðeins með örfáum orðum, að það hafi ekkert við frv. að athuga, en rökstyður hins vegar ekkert álit sitt.

Það liggur þannig fyrir, að flugráð og stjórn Flugfélags Íslands, sem er nánast einn og sami aðili, geta á engan hátt rökstutt meðmæli sín með samþykkt frv. Hins vegar eru þrír aðilar, sem rökstyðja sitt mál ýtarlega og mæla frv. í gegn. En þótt svo sé, þá er nú sennilegt, að með þetta mál, eins og svo mörg önnur, hafi það ekki mikið upp á sig að ætla að ræða það ýtarlega eða leiða það rökum. Ef hv. stjórnarflokkar hafa ákveðið eitthvað, þá skal það standa, þó svo að engar röksemdir sé unnt að færa fyrir málunum og enginn fáist til að standa fyrir sæmilega skýrum svörum. Það mun því lítið tjóa fyrir þá, sem ekki geta fallizt á þá ráðstöfun, sem hér á að gera, að mæla henni í mót, þar sem hún mun ná fram að ganga eigi að síður.

Af þessu, sem ég hef nú sagt, legg ég til, að þetta frv. verði fellt. Það hefði að vísu verið réttmætt að gera nokkra breytingu á stjórn flugmála eða í sambandi við hana, sem sé þá að afnema lögin frá 1947 um þessi mál, að afnema embætti flugvallastjóra og störf flugráðs. En efni þessa frv. fjallar ekki um neitt slíkt og á engan rétt á sér, og því legg ég gegn samþykkt þess.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það ber sannarlega alleinkennilega að þetta frv., sem hér liggur fyrir, ef maður ekki þekkti dálítið vel til, hvað er að gerast á bak við tjöldin í þessum efnum. Ég vil segja, að þær ríkisstjórnir, sem hafa setið að völdum frá 1947, hafa farið mjög aftan að þessum málum, bæði með þessu frv. og þeim lögum, sem þær hafa fengið samþ. fram að þessu um flugmálin. Þessar hæstv. ríkisstjórnir eru nú búnar að fara í kringum sjálfar sig í þessum málum. Það er auðséð af þessu frv., að það bákn, sem skapað var 1947, það er flugráð og flugvallastjóri, hefur aðeins haft einn tilgang, sem sé þann að breyta til gagnvart einum ákveðnum embættismanni í þjóðfélaginu, sem þó hafði ekkert verið sett út á og hefur fengið traust og hrós þeirra manna, sem bezt þekkja til. 1947 er skapað heilt bákn og ný embætti, en nú á að fara að leggja niður það gamla embætti með þeirri röksemd, að aldrei hafi verið þörf á annarri yfirstjórn flugmálanna en þeirri, sem var 1947. Með öðrum orðum: Hér er um að ræða, það hefur beinlínis verið komið tvígang fram fyrir Alþingi undir fölskum forsendum. Og nú treystir hæstv. ríkisstjórn sér ekki til að ræða þetta mál, sem hér liggur fyrir, á þeim raunverulega grundvelli, sem þetta frv. stendur á, en kýs útúrdúra og skipar flugvallastjóra og flugráð, til þess að hægt sé að leggja þetta gamla embætti niður. Þetta er óviðfelldin aðferð, svo að ekki séu höfð sterkari orð um það. Nú liggja fyrir upplýsingar um það, að framkvæmd á lögunum frá 1947 hefur verið næstum því að segja til skammar af hálfu ríkisstjórnarinnar. Með öðrum orðum: Það, sem virtist vera tilgangurinn með þessum lögum, hefur ekki verið framkvæmt, þ. e. allt, sem við kemur starfsskiptingu og starfssviði, hefur verið meira eða minna brotið. Og það hefur kveðið svo rammt að þessum brotum á lögunum, að af hálfu annars flugfélags landsins hafa borizt kvartanir um þessi atriði til samgmn. Alþingis. Og þar kemur í ljós, að flugráð og flugvallastjóri hafa bókstaflega sölsað undir sig stjórn á þeim

sviðum, sem ekki heyra undir þá aðila samkv. l. frá 1947, og hæstv. ríkisstj. hefur látið þetta líðast. — Annars held ég, að það væri máske réttast, að ég frestaði minni ræðu, úr því að hæstv. flugmrh. hefur ekki séð sér fært að vera hér viðstaddur umræðu þessa máls. Annars er það nú það minnsta, sem ríkisstj. getur gert, að vera viðstödd umr. þeirra mála, sem hún flytur hér á hv. Alþ. En ef hæstv. forseti óskar þess, þá get ég frestað minni ræðu. (**Forseti:** Það er ráðgert, að fundur standi til hálf-átta.)

Ég vil segja það, að þarna kemur fram ákæra frá öðru flugfélaginu um það, að þessir aðilar hafi sölsað undir sig stjórn á athöfnum, sem þeir lögum samkvæmt hafa ekkert með að gera, án þess að nokkur þessara aðila hafi haft til að bera þekkingu fram yfir flugmálastjóra, heldur frekar þvert á móti. Þetta flugfélag, sem er Loftleiðir h/f, bendir á, að það hafi jafnvel komið fyrir, að þessar aðgerðir hafi orðið mun dýrari heldur en áætlað hafi verið, og það kveðið svo rammt að þessu, að kostnaðurinn hafi jafnvel orðið tífaldur við það, sem áætlað var í byrjun. Við höfum kynnzt hinu og þessu viðvíkjandi framkvæmdum af hálfu hæstv. ríkisstj. Við vitum, að þær hafa farið fram úr áætlun. En að þær hafi tífaldazt, er dæmalaust. Ég vil því spyrja hæstv. ríkisstjórn: Er meiningin með þessum lögum að koma í veg fyrir, að hv. Alþingi geti fylgzt með framkvæmd opinberra mála sem þessara og að ríkisstj. geti skipað þar embætti eftir sínum geðþótta? Á að fara að innleiða þá reglu, að ef menn standa sig illa í starfi sínu, þá skuli þeir fá meiri völd, og ef menn standa sig vel, þá skuli þeim vikið frá og embættið afnumið? Ég held, að hv. þingmenn megi gera sér ljóst, hvert er verið að stefna með þessari aðferð. Það er heldur lagleg vísbending, sem meiri hl. Alþingis mundi gefa embættismönnum þjóðarinnar með samþykkt þessa frv. Það er hastarlegt, að svona mál skuli ekki fást rætt í alvöru, þegar enn fremur kemur yfirlýsing frá Loftleiðum h/f, þar sem sagt er, að eins og flugráð sé nú skipað, geti félagið ekki treyst því sem óhlutdrægum aðila og telji því ekki ráðlegt að færa meira af þessum málefnum undir það. Með öðrum orðum: Eins og flugráð er nú skipað, þá sér þetta félag sér ekki fært annað en lýsa yfir: Við getum ekki treyst þessum aðila sem óhlutdrægum. Og það færir rök fyrir sínu máli. Er þetta ekki atriði, sem er fyllilega þess virði, að tekið sé tillit til þess? Er það ekki þess virði, er félag, sem er að brjótast við að halda uppi flugferðum, lýsir því yfir, að það geti ekki treyst þessari flugstofnun sem óhlutdrægum aðila, að staldrað verði við og athugað, hvað er að gerast á þessu sviði? Það er eitt af því, sem við hér á hv. Alþingi eigum að sjá um, að borgararnir njóti jafnréttis og að þeir geti treyst embættismönnum þjóðarinnar. Hér kemur yfirlýsing frá félagi um þetta efni, félagi, sem ég þykist vita, að engum detti í hug að segja að hafi pólitíska ástæðu til að taka afstöðu með flugmálastjóra og gegn flugvallastjóra og flugráði. Og það er ástæða til að halda, að þeir menn, sem standa að þessu félagi, séu nokkuð óhlutdrægir í sínum dómum og svo vandaðir, að þeir beri ekki upp svo ákveðnar kvartanir nema ástæða sé til þess.

En hvað er hér á seyði? Jú. Í stjórn Flugfélags Íslands h/f (og ég vil taka fram, að þó ég deili á stjórn þess félags, þá er ég ekki að deila á félagið sjálft eða draga úr þeirri forustu, sem það hefur haft í flugmálum Íslendinga), í stjórn þess og flugráði eru að nokkru leyti sömu mennirnir, því að þegar flugráð var skipað, þá voru 3 ráðamenn Flugfélags Íslands h/f teknir til að mynda meiri hl. þess. Enn fremur má ef til vill minna á, að Eimskipafélag Íslands h/f setti um svipað leyti allmikið kapítal í flugfélagið, og nú sem stendur er framkvæmdastjóri Eimskipafélagsins formaður Flugfélags Íslands h/f, og böndin á milli þessara tveggja félaga eru orðin mjög náin, sem eðlilegt er, þar sem stjórnarmeðlimir þeirra eru að nokkru leyti sömu mennirnir. Og þetta eru menn, sem eru tengdir núverandi ríkisstjórn bæði bræðra- og venslaböndum. Við vorum hér í dag að samþykkja skattfrelsi til handa Eimskipafélagi Íslands h/f, og nú eigum við að samþykkja eins konar einokunarvald til handa Flugfélagi Íslands h/f á flugmálum Íslendinga, og þótt annar aðilinn í flugmálunum lýsi því yfir, að hann treysti ekki því valdi til stjórnar í þeim málum. Finnst nú hv. þdm. ekki nokkuð langt gengið í að sölsa undir einstakar persónur völd í embættis- og fjármálum þjóðarinnar, þegar svona er farið að? Ég held a. m. k., að þessi skipun mála, sem þarna er, væri þess verð, að hv. þdm. athuguðu, hvað væri að gerast. Ég vil spyrja, hvort tilgangurinn með þessari meðferð mála sé sá að fara að skapa misrétti á milli þegna þjóðfélagsins; hvort það sé markviss stefna hæstv. ríkisstj. að hindra, að menn geti rækt ákveðin störf, ef menn eru ekki af ákveðinni ætt eða í ákveðnum félagsskap. Ég hefði viljað geta rætt þetta mál nú, svo að hv. þm. gerðu sér ljóst, hvað raunverulega væri að gerast, og ég vil gera það í þessari ræðu. Og ég vil taka fram, að ég álít ekki forsvaranlegt að halda lengi áfram fundi, eftir að ráðherra í því máli, sem rætt er, er kominn af fundi, og beini því til hæstv. forseta, hvort ekki sé réttast að fresta fundi nú, þegar svona stendur á. (**Forseti:** Það er hugsað að slíta fundi kl. 7,30 í kvöld, en verði þá einhverjir á mælendaskrá, þá mun fundi að sjálfsögðu verða frestað.) Ég verð ekki búinn með mína ræðu kl. hálf-átta, og það er aðeins það, að ég vildi leggja fyrir hæstv. ríkisstjórn nokkrar spurningar, en þegar ráðh. mætir ekki, þá er þýðingarlaust að þylja þær upp. Og við þingmenn eigum að krefjast þess, að ráðherrar séu hér viðstaddir til andsvara í þeim málum, sem þeir bera fram, og að þeir standi í sínu embætti og slíkt verði ekki látið haldast uppi. Ég vil geta þess, að það hefur nokkrum sinnum komið fyrir, að forseti hefur orðið að slíta fundi kl. 2, vegna þess að ríkisstj. hefur ekki getað verið viðstödd. Og þegar kemur lengra fram á þingtímann, þá tekur maður eftir því, að ráðherrarnir tínast smátt og smátt út, er líða tekur á fundartímann, og þeir svara jafnvel ekki því, sem fyrir þá er lagt. Ég álít, að hæstv. ríkisstj. beri að rækja sína skyldu gagnvart Alþingi, og að það sé eitt af störfum hæstv. forseta að koma ráðherrunum í skilning um, hvernig þeim beri að rækja sínar skyldur. Það er því óviðkunnanlegt, að hæstv. flugmrh., sem lagt hefur fram þskj. með ýtarlegri og rökstuddri greinargerð fyrir þessu máli, skuli ekki vera í deildinni til þess að svara þeim fyrirspurn-

um, sem fyrir hann kunna að verða lagðar. Hitt er gefið, að hann kemst ekki undan því að svara þeim fyrirspurnum, sem ég legg fram, því að ég mun leggja þær fyrir hann seinna. Þær eru um margt, svo sem um vanrækslu við að gefa út erindisbréf, vanrækslu við að líta eftir verkaskiptingunni, skeytingarleysi um það, hvernig unnið er, og skeytingarleysi yfirleitt um þessi mál. Það er eðlilegt, að ráðherra beri að vera viðstaddur til að svara slíkum fyrirspurnum. Ráðherra, sem leggur hér fyrir frv. sem þetta, verður að geta sannfært hv. Alþingi um það, að hann sé hlutlaus í þessum málum. Því að þegar ráðh. fer fram á að mega skipta einokun á milli þegna þjóðfélagsins, þá er eðlilegt, að þm. vilji fá að vita, hvernig hann notar sitt vald. Það er því óhlutvendni að ætlast til, að Alþingi afgreiði þetta frv., án þess að hæstv. ráðh. svari til saka og þeim spurningum, sem fyrir hann eru lagðar í þessu máli. Ég mun því leggja mínar spurningar fyrir hann, er hann mætir. Þetta mál er það mikilvægt, því að það er ekki aðeins efnahagslegt öryggi þegnanna, heldur og líf þeirra, sem undir því er komið, að haldið verði þannig á þessum málum, að ekkert verði til sparað að tryggja öryggi þeirra, sem við þetta búa. Þarna á engan veginn við að kasta til höndunum, þarna er hin mesta nauðsyn á fyllstu gætni í afgreiðslu þessara mála og að það sé ekki sótt með neinu offorsi, heldur með alhliða athugun. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson (frh.): Herra forseti. Því miður var hæstv. flugmrh. fjarverandi í gær, þegar ég ræddi nokkuð þetta mál, svo að sumt, sem ég segi nú, verður ef til vill endurtekning, þar sem hæstv. ráðh. er nú við. Ég vildi í fyrsta lagi víkjandi frv. segja það, að höfuðtilgangurinn er sá að breyta til um embættismann, sem ákveðið var að skipa 1947. Sú breyting, sem nú á að gera, á að kollvarpa því fyrirkomulagi, sem þá var ákveðið, og er tilgangurinn auðsær. Hann er sá að koma þeim flugmálastjóra, sem settur var í upphafi, frá, og nú eru notuð sömu rökin til að afnema embættið og notuð voru 1947 til að setja það á stofn. En með þessu móti er verið að fara inn á þá braut að gera hvaða ríkisstj. sem er mögulegt að setja embættismenn frá án þess, að nokkur ljóður sé fundinn á ráði þeirra eða venjulegar ástæður fyrir því að láta menn fara frá. Það er sem sé tekin upp sú regla í afstöðu íslenzka ríkisins til sinna embættismanna, sem áður þóttu allfriðhelgir m. a. vegna ákvæða stjskr., að ef skipt er um nöfn á embættum þeirra, þá er hægt að breyta um menn jafnframt. Þetta þýðir, að ef nafni vitamálastjóra væri t. d. breytt í samgöngumálastjóra, þá væri hægt að losa sig við hann, enda þótt hann hefði staðið vel í stöðu sinni. Ég man til þess, að þetta hafi verið gert einu sinni áður, og ég man vel, hvað Sjálfstfl. sagði, þegar Jónas Jónsson gerði þetta fyrir allmörgum árum. Nú á að gera þetta að reglu og gera öryggi embættismannanna að engu, en til þess öryggis hefur jafnan verið vitnað og það með nokkrum rétti, þegar þeir hafa farið fram á kauphækkanir eða einhver hlunnindi. Það á sem sé að innleiða hlutdrægnina sem reglu. Það á ekki að fara eftir því, hvernig embættismaðurinn hefur staðið sig, heldur hinu, hvers konar velþóknun valdhafarnir hafa á honum í það og það skiptið. Það hefur einnig verið í því visst öryggi fyrir borgarana, að embættismennirnir hafa ekki verið háðir stjórnarskiptum, sem hér hafa verið mjög tíð. Það hefur varla komið fyrir, að ríkisstjórn hafi talið sér fært að breyta svona löguðu. Um það eru aðeins örfá dæmi, sem má telja á annarri hendi. Það er visst öryggi fyrir almenning í því, að hann geti nokkuð treyst því, að afgreiðsla embættismannanna sé án tillits til þess, hvaða pólitískar skoðanir séu ríkjandi hjá þeim ráðh., sem eru æðstu menn ríkisstofnananna á hverjum tíma. Þetta hefur aukið öryggi borgaranna gegn því, að pólitískur ráðh. misbeiti valdi sínu. Þetta hefur hjálpað til þess að tryggja óhlutdrægni ríkisvaldsins gagnvart þegnunum. En það, sem nú á að gera, skapar fordæmi, þannig að ef Sjálfstfl. fengi t. d. meirihl.-aðstöðu hér á Alþingi, þá er hann að gefa fyrirheit um það, að allir embættismenn Alþfl. og Framsfl., sem ekki vildu þá söðla um, yrðu settir af með einföldum nafnbreytingum á embætti þeirra. Vitamálastjóra mætti t. d. kalla samgöngumálastjóra og brunabótaforstjóra mætti kalla eldvarnaforstjóra, og svo yrði ein allsherjar skírnarveizla úti í Holstein, og embættismenn, sem kannske hefðu starfað 20—30 ár við góðan orðstír, látnir fokka ósköp einfaldlega, en ungir Heimdellingar settir sem forstjórar ríkisstofnana, sem þeir hefðu ef til vill aldrei áður komið inn í. Ég vil láta þetta koma greinilega fram, svo að þeir hv. þm., sem samþ. þetta, viti, hvaða fordæmi er hér verið að skapa. Þá er í öðru lagi viðvíkjandi þessu embætti: Í umsögn frá öðru aðalfélaginu, sem á öryggi sitt undir flugmálastjóra, Loftleiðum, hafa komið fram eftirtektarverð ummæli og gagnrýni á þessu stjórnarfrv. Það er bent á það á bls. 3 í fskj., að það hafi verið af hálfu flugráðs og flugvallastjóra seilzt inn á verksvið flugmálastjóra og hafi af þessum aðilum verið lagt út í framkvæmdir, sem hafi orðið tífalt kostnaðarmeiri en áætlað var, enda hafi enginn í flugráði eða flugvallastjórn verkfræðiþekkingu, sem flugmálastjóri aftur á móti hefur. Það er eftirtektarvert, að þegar hæstv. ríkisstj. talar sem mest um sparnað, þá skuli hún ætla að gera þá menn alvalda í flugmálum landsins, sem hafa gert sig seka um slíka eyðslusemi. Hvorki frá hæstv. ráðh. né öðrum hefur komið fram annað en viðurkenning á flugmálastjóra, og það er vægast sagt óviðfelldið, þegar á að setja af þennan óhlutdræga og viðurkennda embættismann. Forystumenn Loftleiða segja, að þeir geti ekki treyst því, að flugráð verði óhlutdrægt. Í umsögn félagsins segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Eins og flugráð er nú skipað, getur félag vort ekki treyst því sem óhlutdrægum aðila, og teljum því ekki ráðlegt að færa meira af þessum málefnum undir það. (**Viðskmrh.**: Það á heldur ekki að veita því aukið vald.) Því er með þessu gefið allt vald þessara mála, því að með þessu frv. er kippt burt eina sjálfstæða embættis-

manninum, og hæstv. ráðh. verður að athuga, að flugvallastjóri er formaður flugráðs, og þegar talað er um hann, þá er það sama og að tala um flugráð, og hann og tveir aðrir, sem upphaflega voru skipaðir í flugráð, sátu sem þrír stjórnarmeðlimir og framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands. Þannig eru tengslin milli flugráðs og flugvallastjóra annars vegar og Flugfélags Íslands hins vegar óheppilega náin. Þetta þýðir raunverulega það, að öðru aðalflugfélaginu er gefið eins konar einkavald í flugmálum landsins, og býst ég við, að hæstv. ráðh. geti ekki mótmælt þessu. Það á að kippa burtu þeim embættismanni, sem gat gætt þess, að félögin væru ekki beitt hlutdrægni, og forystumenn Loftleiða líta svo á, að verið sé að stofna einveldi þess félags, sem þeir eru að keppa við. Þessi ummæli má ekki skilja sem last um Flugfélag Íslands, nema síður sé. Ég viðurkenni dugnað og brautryðjendastarf þess, en það getur ekki gengið, að ríkisstj. láti vaxa saman stjórn ríkisins á ákveðnum stofnunum og einstök hlutafélög í landinu. Flugfélag Íslands er nú að miklu leyti eign Eimskipafélags Íslands, sem hér var rætt um að veita skattfrelsi í gær, eins og verið hefur hingað til, og það er hörð samkeppni milli Flugfélags Íslands og Loftleiða, svo að það er ekki rétt, að ríkisstj. gefi öðrum aðilanum rétt til þess að fara með ríkisvaldið gagnvart hinum. Ég held, að hæstv. ráðh. geti ekki mótmælt því, að verið sé að sameina vald annars flugfélagsins og ríkisvaldið og láta þetta félag fá ríkisvaldið gagnvart keppinaut sínum. Ég deildi á það í gær, að Eimskipafélag Íslands skuli vera skattfrjálst á sama tíma og keppinautar þess eru látnir greiða skatt. Það er óréttmætt að gera þannig upp á milli aðila, og alveg sama gildir um það, sem nú á að gera gagnvart flugfélögunum.

Ég vil leyfa mér að benda hæstv. ráðh. á það, að það er að verða óþolandi,, hvernig einstakar stofnanir eru að fá ríkisvaldið í sínar hendur og geta þannig haft ákvarðanir ríkisvaldsins í sínum höndum. Það er eins og nokkrar fjölskyldur séu að verða runnar saman við ríkisvaldið. Það er að verða sama fyrirkomulagið í þessum málum og í innflutningsmálunum, þar sem tveir voldugir aðilar skipta gjaldeyrinum á milli sín. Þetta skapar spillingu í þjóðfélaginu, vaxandi öryggisleysi fyrir borgarana. Á endanum, þegar farið er svo að búa að öryggismálunum, þá er verið að gera upp á milli einstakra aðila, sem með þetta hafa að gera, og þær kvartanir, sem komið hafa fram frá Loftleiðum h/f, veit hæstv. ráðh. að standa ekki í sambandi við neinn pólitískan flokkadrátt, þar sem forstöðumaður þeirra er sjálfstæðismaður og meðframbjóðandi hæstv. ráðh. hér í Reykjavík. En það er að verða bókstaflegt öryggisleysi líka fyrir þá menn, sem eru á sömu pólitískri skoðun og hann, með þessum ráðstöfunum á ýmsum sviðum. Þá vill ráðh. með þessum l. setja reglugerð um fastar flugferðir og veita sérleyfi til fólksflutninga. Þetta er því vafasamara, sem ráðh. fer hér fram á, þegar það er gert á sama tíma og öðrum þeim aðila, sem fer með þessi mál, er svo að segja fengið einokunarvald í þessum málum með l. Það þýðir, að þeim er fengið allt vald ekki aðeins yfir þeim, sem hafa með þessi mál að gera, heldur og þeim, sem með flugvélum ferðast. Ég held, að það sé fullkomin ástæða til þess, að Alþingi athugi sinn gang, áður en það fær honum þessi völd góðfúslega í hendur. Það var á það bent í fskj. frá flugmálastjóra. Það er á það bent í fskj. frá formanni Loftleiða h/f, að skv. l. frá 1947 skyldi sett reglugerð um starfssvið flugmálastjóra og flugvallastjóra og þeim fengin erindisbréf. Þetta hefur hvorugt verið framkvæmt, ríkisstj. hefur ekki staðið við sínar skyldur hvað þessi l. snertir. Það er því augljóst, að það er ekki vegna svo góðrar reynslu af flugráði, að þessi tilhögun er tekin upp. Nei, heldur á að ryðja burt manni, sem flugráð og núv. ríkisstjórn hafa ekki velþóknun á. Enn fremur býst ég við, að margt af því, sem hefði verið hægt að vinna á sviði flugmála, t. d. reglugerð varðandi vinnutíma og öryggisráðstafanir, hefði verið hægt að setja út frá heimildum í gömlu l., ef aðeins hefði verið höfð hugsun á því. Enda líka er það valdastreitan, sem hefur vaxið síðan 1947, fremur en um raunverulegar umbætur hafi verið að ræða í þessum efnum. Það er og rétt að geta þess hér, að fyrir liggur samþykkt frá starfsmönnum flugvallanna, þar sem kvartað er yfir því öryggisleysi, sem felist í þessum aðgerðum fyrir starfsmenn flugmála yfirleitt. Ég held því, að þetta frv. sé eitt af þeim málum, sem hv. Alþingi eigi að fella. Alþingi væri með samþykkt þess að gefa fordæmi um það, að ef maður stendur vel í sinni stöðu, þá beri að refsa honum, en auka á vald þeirra manna, sem ríkisstj. hefur velþóknun á, án tillits til annarra borgara í þjóðfélaginu. Ég held, að það sé rétt, þegar svona mál eru rædd, að þetta komi fram hreinskilnislega. Það er til lítils að vera að fara í felur með það, sem er að gerast, það er búið að fara í kringum þetta í tvö ár, og því hef ég nú orðið berorðari en ella. En ég held, að þm. ættu að athuga, hvaða fordæmi þeir eru að gefa með þessu, það er vissulega fordæmi, sem gerir þeim hægari eftirleikinn, sem vilja feta í sömu fótspor. Og það var sú tíð, að Sjálfstfl. þótti það hart aðgöngu og þótti vera kippt burt reglum um „fair play", um heiðarleika í embættisstörfum í embættisrekstri ríkisins, ef svo var að farið sem hér. En ef þetta er byrjunin, þá er ekki gott að segja, hvar það muni enda. — Ég mun nú ekki ræða þetta mál meira nú í svipinn, en ég held, að það sé öllum aðilum heppilegast, að það sé rætt hreinskilnislega og undirmálalaust.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur atriði, sem ég ætla að gera að umræðuefni, og mun það ekki lengja umr. mikið. Mig langar til að leggja fyrir hæstv. ráðh. nokkrar spurningar viðvíkjandi þessu frv. Mér skilst, að tilefni þess eigi að vera það að koma við sparnaði í stjórn flugmála. Það er líka minnzt á þetta atriði í grg., er meiri hl. samgmn. sendir frá sér. Nú vil ég leyfa mér að spyrja: Hvaða líkur eru til þess, að samþykkt þessa frv. gæti leitt til sparnaðar í þessum efnum? Hefur verið gerð áætlun um það, hve mikið mundi sparast, og hvernig er það skýrt, að hægt sé að koma honum við? Það er sem sagt kunnugt, að skv. gildandi l. hefur sá embættismaður haft mjög umfangsmikið starf með höndum, svo umfangsmikið, að furðu vekur, að einn maður skuli hafa annað þeim störf-

um einn. Undir hann hafa fallið: Loftferðaeftirlit, öll mál varðandi slys, orsakir þeirra og ráðstafanir til þess að fyrirbyggja þau, öryggisþjónustan yfir öllu Íslandi og stóru svæði á Norður-Atlantshafi, öll útgáfa á reglugerðum og skírteinum varðandi flugmál og síðast en ekki sízt umsjón og stjórn á nýbyggingu allra flugvalla ríkisins. Ég ætla, að þessi störf hafi verið ærið verk einum manni. Og ef nú á að láta þennan mann víkja, þá skyldi maður ætla, að þarna hafi verið falinn annar starfskraftur, sem lítið hafi haft að gera og geti nú tekið við þessum störfum. Er það svo, að flugvallastjóri, sem settur var með l. 1947, hafi verið gagnslítill starfsmaður, en eigi nú að taka við þessum störfum, er flugmálastjóra er sagt upp? Er þessum málum svo farið? — Þá er hitt atriðið, sem ég vil spyrja um. Hefur verið athugað, hvort hægt sé að víkja þessum starfsmanni úr embætti, svo að ekki verði að halda launagreiðslum áfram til hans? Þegar launal. voru rædd hér á Alþingi, heyrði ég sagt, að ekki væri hægt að víkja launuðum embættismanni úr starfi öðruvísi en svo, að honum væru greidd áfram laun sín. Jafnvel heyrði ég, að ekki væri hægt að lækka laun fastra embættismanna, og væri svo gert, þá kæmi það ekki niður á þeim embættismanni, er þá sæti, heldur einungis niður á eftirmanni hans. Hefur þetta verið athugað? En ef svo er, að þetta sé hægt, þá gefur það auga leið, að hægt sé að leggja niður öll embætti landsins, hvenær sem meiri hl. þingsins kýs svo. Það væri hægt að gera alveg það sama við vitamálastjóra. Skipa nýjan mann og kalla hann t. d. hafnarmálastjóra, og síðan tæki hann við þeim störfum, en vitamálastjóri væri látinn víkja úr störfum. Það mætti gera það við vegamálastjóra, setja nýjan mann, kalla hann t. d. samgöngumálastjóra og víkja síðan vegamálastjóra frá með lagaboði, ef meiri hl. teldi það hagkvæmt. Mér þætti fróðlegt að heyra frá hæstv. ráðh., hvernig hann lítur á þetta atriði. Hvort ekki verði að greiða áfram laun, eða hvort slá eigi því föstu sem meginreglu, að hægt sé að losna svo við fasta embættismenn með því að fara þessa leið, hvenær sem meiri hl. Alþingis býður svo við að horfa. Það væri fróðlegt að fá úr þessu skorið, að fá að vita vilja Alþingis og ríkisstj. í þessu máli upp á síðari tíma. Eins og ég gat um áðan, er tilgangur þessa frv. ekki sá að koma við sparnaði í stjórn flugmálanna, þó að svo sé látið í skína, né heldur er tilgangurinn sá að fá bætt skipulag. Tilgangurinn er sá einn að losna við ákveðinn embættismann, sem núv. ríkisstjórn hefur ímugust á, enda þótt hann hljóti einróma lof allra, sem til þekkja og vit hafa á þessum málum. Í grg. frv. stendur: „Með lögum nr. 65/1947, um breyt. á lögum nr. 24/1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar, er ákveðið um stjórn flugmála, og er flugráði falið að annast stjórn og rekstur flugvalla ríkisins. Undir stjórn flugráðs var svo flugmálastjóra og flugvallastjóra falið að hafa á hendi framkvæmd þessara mála". Þessi greining er alröng og stangast á við það, sem í l. stendur, að flugvallastjóri skuli hafa á hendi rekstur og viðhald flugvalla ríkisins undir stjórn flugráðs, en flugmálastjóri skal annast öll önnur störf, er flugið varða, nýbygging flugvalla, loftferðaeftirlit og öryggisþjónustu. En grg. heldur áfram með þessa skekkju: „Þann tíma, sem flugráð hefur starfað, má segja, að góð reynsla hafi fengizt á þeirri tilhögun, að það hefði á hendi stjórn og rekstur flugvallanna undir yfirstjórn ráðherra". Þó að það sé flugvallastjóri, sem hefur átt að hafa á hendi yfirstjórn þeirra mála. Og enn heldur grg. áfram: „Hins vegar hefur það komið í ljós, að ekki er heppilegt og því síður nauðsynlegt að skipta framkvæmdastörfum milli tveggja jafnréttháa embættismanna, flugvallastjóra og flugmálastjóra". M. ö. o. það er þessi verkaskipting milli tveggja jafnréttháa embættismanna, sem er aðalþyrnirinn í augum ríkisstj. Í l., sem kveða greinilega á um aðalverkefni þessara embættismanna, stendur: „Flugmálastjóri skal undir stjórn flugráðs fara með störf þau, er hér greinir: Nýbyggingu flugvalla, loftferðaeftirlit, öryggisþjónustu og önnur störf, er flugið varða og ekki snerta rekstur flugvalla". Enn fremur segir þar: „Flugvallastjóri skal annast rekstur og viðhald flugvalla ríkisins undir stjórn flugráðs". Nánari ákvæði átti svo að setja um þetta atriði í reglugerð, sem aldrei var sett. Aðalrök grg. er afnám þessarar tvískiptingar og sparnaður sá, sem af henni leiði. Þessi röksemdafærsla er öll röng, og það, sem sagt er um sparnaðinn, er aðeins sagt að yfirvarpi, og heldur engin rök fyrir því færð, í hverju sá sparnaður eigi að vera fólginn. Líka er það rangt, sem sagt er um óheppilega tvískiptingu á starfi þessara tveggja manna, þeir höfðu fullkomlega afmarkað verksvið hvor um sig. Með lagabreytingunni 1947 var starf flugvallastjóra tekið út úr starfi flugmálastjóra, en nú á að taka það allt. En þetta þykir ekki heppilegt að viðurkenna. Þessi maður, flugmálastjóri, hefur reynzt ágætur maður í sínu starfi, og hann hlýtur einróma lof allra þeirra, sem til þekkja og undir hans stjórn hafa unnið, og þegar svo á að víkja honum úr starfi hans, þá fá þm. ekki að vita, hver sé raunverulega skýringin á, að nauðsynlegt sé að gera þessa breytingu.

Ég skal nú ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, ég býst við, að hæstv. flugmrh. gefi skýringu á þeim bótum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir í sambandi við flugmálin, og hvað hann áætlar sparnaðinn mikinn af þeim.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég sé, að þeir hv. þm., sem talað hafa, hafa haft löngun til að draga þessar umr. fram eftir kvöldinu, og skal ég ekki hindra þá í því. — Ég skal þá koma að því atriði í ræðu hv. síðasta þm., þar sem hann spurði, hvort ríkið yrði ekki að greiða þeim embættismanni laun áfram, sem vikið er úr embætti. Ég veit ekki, hvernig hv. þm. hugsar sér það, að embættismaður ríkisins, sem búið er að víkja úr embætti, geti haft sín laun áfram. Það er almennt viðurkennt, að sé embætti lagt niður, þá er viðkomandi embættismanni gefinn ákveðinn uppsagnarfrestur. Þar sem hér er verið að leggja niður embætti, þá er þessum embættismanni sagt upp með hæfilegum fyrirvara.

Hv. 2. þm. Reykv. gat þess hér áðan, að þetta mál væri undir hlutdrægum ráðherra. Þetta mál er auðvitað lagt undir Alþingi, og það getur rætt það eins og það vill og síðan skipað sínum ráðh. fyrir eftir samþykki meiri hlutans. — Aðallega vil ég leiðrétta þann misskilning hjá hv. 2. þm.

Reykv., að hér sé verið að auka vald nokkurra manna með því að leggja niður embætti flugmálastjóra. Hér er engin breyting á þessu hvað þetta snertir. Embætti flugmálastjóra hefur heyrt undir flugráð, og hér verður engin breyt. á þessu, og ekki er verið að færa valdið saman frá því, sem áður var. Breytingin er engin. — Hv. 2. þm. Reykv. sagði enn fremur, að hér væri verið að veita öðru flugfélaginu sérstöðu. Ekki er þetta rétt. Flugfélagi Íslands er ekki gefin nein sérstaða með þessu. En það er rétt, að í flugráði eru menn, sem eru í stjórn Flugfélags Íslands, og af því munu umrædd ummæli sprottin. Ég hef aldrei vitað, að um það hafi verið kvartað, að þeir menn úr Flugfélagi Íslands, sem eru í flugráði, hafi misnotað sína aðstöðu að nokkru leyti. En ég skil, að hitt flugfélagið sé óánægt yfir því að hafa ekki fengið menn inn í flugráð líka, þegar þessi breyt. var gerð. Ég vil halda því fram, að þessi ummæli um sérdrægni hafi ekki við rök að styðjast. Hins vegar má segja, að æskilegast væri að hvorugt flugfélagið hefði aðild í flugráði, því að félögin þurfa mikið undir flugráð að sækja. Þegar þessi skipun var gerð, var ekki verið að breyta því mannvali, sem fyrir var, enda rennur nú tími flugráðs bráðum út, og má þá vel athuga það, hvort ekki sé æskilegt að gera breyt. á flugráði. — Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það væri hæpið að leggja þetta vald í hendur ráðherra, eins og segir í frv. Um þetta er beðið vegna þess, að samkeppni beggja félaganna hefur farið út í öfgar. Það er eðlilegt að gera ráðstafanir til þess að þessi dýru tæki og eldsneyti þeirra sé ekki eytt að óþörfu í svo öfgafullri samkeppni. Flugmálastjóri segir að vísu í bréfi til samgmn., að ráðh. hafi vald til að gera þetta. Það má oft um það deila, hversu víðtækt vald lög veita ráðherra. Mér hefur verið bent á þetta, en ég tel þessa lagagrein svo tvíræða, að þetta orki tvímælis. Þá má deila um það, hvort þessi 1. gr. veiti ekki ráðh. heimild til að skipa fyrir, en vegna þess, hversu þetta er mikið hitamál hjá viðkomandi aðilum, þá vil ég hafa ótvíræða heimild, ef ég á að framkvæma þetta.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. smeygði sér undan því að svara því, hver væri aðaltilgangur þessa frv. Það þarf enginn að fara í grafgötur með það, að tilgangurinn er ekki sá að breyta skipulagi flugmálanna, sem geri rekstur þeirra betri og ódýrari, heldur er hér um að ræða að bola burt ákveðnum manni. Mér finnst þetta ólíkt ráðh. að geta ekki viðurkennt þetta í hreinskilni, heldur að vera með þennan blekkingavef og vera svo illa staddur að flýja burtu úr salnum, þegar umræður fara fram. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann sjái til, að ráðh. geti verið viðstaddur. (**Forseti:** Þess hefur verið æskt, að umræðu verði haldið áfram.) Mér sýnist þetta meir en lítill hrokagikksháttur, að ráðh. skuli neita að vera viðstaddur, og ætla því að bíða um stund. (**Forseti:** Ráðherra er ekki viðlátinn og umræðu verður haldið áfram.) Ég fer fram á það, að ráðh. geti hlýtt á mál mitt, og vil þá að umr. verði frestað, (**Forseti:** Ég vil segja ræðumanni það, að forseti vildi gjarnan, að ráðh. væri hér viðstaddur, en það er ekki á valdi forseta að skipa honum að vera hér viðstaddur.) Ég vil segja forseta það, að ég er hér að svara ræðu ráðh., og þykir mér óviðkunnanlegt að tala yfir sæti hans auðu. Mér virðist það meira en lítið virðingarleysi af ráðh. að skipa að halda umr. áfram, en neita svo að vera viðstaddur umræðurnar. Ég vil spyrja forseta, hvort ekki sé hægt að taka fyrir annað mál, á meðan beðið er eftir ráðherra. (**Forseti:** Ekki er það hægt. Ég hef gert allt, sem hægt er, til að fá ráðh. til að koma og hlusta á hv. ræðumann, og ég hygg, að hið sama yrði uppi á teningnum, þótt málinu yrði frestað, því að ráðherra virðist ekki hafa áhuga á að hlusta á hv. ræðumann.) Finnst forseta það sæmandi af hæstv. ráðh. að skipa að halda málinu áfram og hlaupa síðan í burtu? Vill forseti þá ekki fresta málinu fyrst um sinn? Ég veit ekki dæmi til þess, þegar fram hafa komið eindregin tilmæli frá þingmönnum, að ráðh. neitaði að hlýða á mál þeirra. (**Forseti:** Þá kemur ráðh., og getur nú hv. þm. haldið áfram ræðu sinni.)

Herra forseti. Mér þykir sárt, ef ég hef truflað hæstv. ráðh. í þýðingarmeiri störfum, en ég vil ekki fallast á, að ráðh. geti haldið ræðu og farið síðan brott úr salnum, en skipi svo fyrir, að umr. skuli haldið áfram. — Ég tók það fram, að hver, sem liti á þskj. 119, hlyti að sjá, að þetta frv. er ekki borið fram til að breyta skipulagi flugmálanna, heldur í þeim smáskítlega tilgangi að bola burt ákveðnum manni úr þjónustu ríkisins. — Nú er því haldið fram, að það sé heppilegt að tengja saman þessi tvö embætti, og finnst mér það skjóta nokkuð skökku við frv. það, sem borið var fram á Alþingi 1947 um breyt. á lögum nr. 65 frá 1945. Þegar þetta frv. var lagt fyrir þingið, þá var talið, að þróun flugmálanna hefði verið svo ör, að það væri nóg starf fyrir 1 mann að annast rekstur flugvallanna, nýbyggingarmál o. fl. Þá var talið nauðsynlegt að skipta þessu. Þá var líka bent á, að það væri ekki nein þörf á þessari skiptingu, en ríkisstj. barði hausnum við steininn og stofnaði 2 embætti. Nú er það komið á daginn, að það er ekki tilgangurinn að gera flugþjónustuna betri, heldur þetta smáskítlega sjónarmið að bola starfsmanni í burt. Ég vil leyfa mér að minna hæstv. ráðh. hér á greinargerð, sem fylgdi frv., sem var hér á Alþ. 1947, um breyt. á l. nr. 65 frá 1945. Þar segir svo: „Þessi þróun hefur haft það í för með sér, að stjórn og rekstur flugmála hefur orðið sífellt umfangsmeiri". Og síðar í sömu grg.: „Skv. lögum hefur ríkið tekið að sér rekstur allra flugvalla í landinu. Er þetta nú þegar orðinn mjög mikill rekstur, og þó sérstaklega rekstur Reykjavíkurflugvallarins". Og að lokum segir í grg.: „Gert er ráð fyrir því í frv., að tveir menn annist stjórn daglegra framkvæmda í flugmálum, þ. e. flugmálastjóri og flugvallastjóri. Þarf sú skipan í raun og veru ekki mikilla skýringa við. Hún er mjög eðlileg og að vandlega íhuguðu ráði þannig fyrir komið, að flugmálastjóri hafi með höndum öryggiseftirlit, nýbyggingu flugvalla og önnur störf, er snerta flugmálin almennt, og flugvallastjóri ríkisins verði framkvæmdastjóri fyrir flugvellina. Er eðlilegt að skilja þetta að. Má í því sambandi minna á, að sú starfsskipting, sem hér er fyrirhuguð, er ekki ólík því, sem nýlega hefur verið á komið í raforkumálum þjóðarinnar". — Þetta eru nú rökin, sem voru borin fram 1947. Þá vildi

enginn ráðamanna hafa einungis flugvallastjóra og flugráð. Þá var það nauðsynlegt að hafa embættin tvö. Nú 1950 virðast flugmálin ekki eins umfangsmikil, því að nú er hægt að sameina þetta. Og skulum við bera saman greinargerðina, sem fylgir þessu frv., og les ég, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir m. a.: „Ráðuneytið hefur því talið rétt, að þessi óþarfa tvískipting sé afnumin og að flugvallastjóri ríkisins annist einn framkvæmdastjórn flugvallanna og annað, sem flugið varðar. Gerir þetta hvort tveggja í senn, að koma á samræmdri og samhentari stjórn flugvallanna og um leið spara þeim nokkur útgjöld. Er því lagt til, að embætti flugmálastjóra sé lagt niður.“ — Ég verð að segja, að það er ekki mikið samræmi í gerðum stjórnarvaldanna, og þó eiga hér hlut að máli sömu menn og sömu flokkar. Ef þetta er borið saman, þá sést, að tilgangurinn er ekki skipulagslegs eðlis. Hvað hefur breytzt í flugmálum okkar frá 1947, þegar talið var nauðsynlegt að hafa 2 menn til þessa? En nú 1950 er það óþarfi. Og síðan 1947 hafa verið byggðir margir flugvellir, keyptar margar flugvélar, allt flug innanlands aukizt til stórra muna, — og samt er óþarfi að hafa 2 menn til þessa starfs nú, sem var bráðnauðsynlegt 1947.

Það er, sem sagt, alveg ljóst af þessum samanburði, að hér er verið með loddaraskap og verið að fela eitthvað, sem hæstv. ríkisstj. — og beini ég því sérstaklega til viðkomandi ráðh. — ekki þorir að segja. Og lítilmannlegt finnst mér, að hæstv. ráðh. getur ekki hreinskilnislega um, hvað fyrir honum vakir. Það er kannske ekki neitt við þessu að segja, þó hæstv. ráðh. vilji bola einhverjum manni frá starfi. En það er lítilmannlegt að fara svona að því. — Það hefur verið bent á, að undir því yfirskini, að verið sé að framkvæma skipulagsbreyt., sé hægt að bola frá starfi hvaða manni sem vera skal. T. d. væri hægt að stofna hafnarmálastjóraembætti ásamt vitamálastjóraembættinu, undir því yfirskini, að hafnar- og lendingarbætur væru svo miklar, að eftirlitið með þeim væri svo umfangsmikið, að þar þyrfti sérstakan embættismann til að gegna því. Og svo væri hægt eftir einn eða tvo mánuði að segja: Tvískipting á þessu er óþörf, og það er sparnaður fyrir ríkið að gera þetta einfaldara og sameina þessi tvö embætti og afnema vitamálastjóraembættið. Svona framkoma af hendi valdamannanna er vægast sagt ákaflega misheppnuð og í raun og veru mjög auðvirðileg. Þegar svona áberandi vöntun á einurð kemur fram hjá ráðamönnunum, þá finnst mér þeir lýsa yfir, að þeir séu ekki færir um að standa í þeim ábyrgðarstöðum, sem þeir hafa að sér tekið. Enda finnst mér, að hæstv. ráðh. vilji koma sér hjá að ræða þessi mál. Hann nefnir einhverja smávægilega breyt. í sambandi við gjaldeyriseftirlit til flugmála og að það sé ástæða til að gera eitthvað í því efni skýrara en verið hefur. Þetta er í raun og veru fjarstæða, því að í gildandi l. eru skýr fyrirmæli, og ráðh. getur samkv. l. gert skýr fyrirmæli um flugmál. Því að á viðskiptasviðinu held ég, að ekki sé einn einasti hlutur, sem ráðh. geti ekki gert tilskipun um. Svo mikil eru viðskiptahöftin hér í landinu. Þetta er því alveg út í bláinn. Enda er þetta sagt í þeim kringumstæðum, að ráðh. hreytir þessu út úr sér og fer svo af fundi, af því að hæstv. ráðh. hefur engin rök. — Það, sem við erum að innleiða með þessum vinnubrögðum, er það, að hver sú ríkisstjórn, sem tekur við völdum, skuli hafa rétt til þess, ef henni sýnist, að víkja frá störfum hverjum opinberum starfsmanni, sem henni líkar ekki við, án þess þó að nefna nokkur rök fyrir því, að viðkomandi embættismaður hafi ekki verið starfi sínu vaxinn, bara af því, að hann fellur ekki í geð pólitískum andstæðingum eða þ. h. Hér er verið að innleiða nýjar reglur og skapa fordæmi. Og þessi ráðh., sem fyrir því stendur, virðist ætla að láta sér sæma að gera það þannig, eins og honum finnist hann ekki þurfa að bera fram nein rök fyrir till. sínum. Það má náttúrlega segja sem svo, að við þessu sé ekkert að segja, að ríkisstj. taki upp þessa siði, að gera þetta að almennri reglu, að hver ríkisstjórn, sem við völdum tekur, skuli skipa alla embættismenn ríkisins eftir sínum höfðum. Þetta þekkist í landi því, sem hæstv. ráðh. telur fullkomnasta ríki veraldarinnar, Bandaríkjunum. Þar er föst regla, að þegar forsetaskipti verða í því landi, er skipt um alla embættismenn ríkisins, frá þeim efsta og til þess lægsta. Og fylgi við flokkana þar byggist á því, að ýmsir fylgismenn þeirra gera sér vonir um að verða aðnjótandi þeirra embætta, sem fylgismenn flokka þar fá, þegar stjórnarskipti verða. Þetta virðist eiga að innleiða hér. — En síðasta ræða hæstv. ráðh. hefur alveg tvímælalaust sýnt, að hann hefur engin rök hér fyrir þeim till., sem hann er að flytja fram hér, heldur er hér verið með bolabrögð við einstaka embættismenn, sem ríkisstj. vill bola frá störfum. Það eina, sem þessi hæstv. ráðh. gat sagt við ásökunum þeim, sem fram höfðu komið um, að hér væri um hlutdrægni að ræða og misbeitingu valds, var, að það gæti ekki talizt hlutdrægni af ráðh., sem með þessu frv. væri staðfest, ef þingið samþ. frv. Eina vörn þessa ráðh. var sem sagt þetta: „ef þingið samþ. það“. Hann gaf upp að verja það, að þetta væri skipulagsbreyting, og hæstv. ráðh. finnur sig alveg rökþrota. Og það seinasta, sem hann grípur til, er að segja: Ja, ef þingið samþykkir þetta, þá er það ekki hlutdrægni. En málið er ekki svo einfalt. Það vita allir, hvernig fylgi þingmanna er. Hæstv. ríkisstj. er vön að ákveða málin bak við tjöldin og leggja þar bönd á sína stuðningsmenn, og þeir koma hér járnaðir inn í deildina og fylgja því, sem fram er borið af hæstv. ríkisstj. Og við höfum dæmi um það í sambandi við skattamálin, sem hæstv. ráðh. hefur komið með inn í þingið sem brtt. við frv. við 3. umr. þess, eftir að þingið er búið að fjalla um málið við 2. umr. og það er búið að vera til athugunar í n. Hæstv. fjmrh. kemur þá með brtt. við frv., við 3. umr., um skattaálögur, sem nema um 6 til 7 millj. kr. álögum á þjóðina, án þess að nokkur n. hafi athugað það efni, sem er í brtt., og hafa þær þó eytt sínum tíma til athugunar á málum, sem óþarfara væri um að fjalla en efni þeirrar brtt., þessi skattauki. Þetta sýnir, hvernig hæstv. ríkisstj. stjórnar sínum fylgjendum hér á þingi. Og það er í skjóli þess, að handjárnin bili ekki, sem stjórnin er búin að leggja á sína menn, að hæstv. ráðh. finnur nú þessa afsökun, sem ég nefndi, fyrir því auðvirðilega athæfi sínu, og með því hyggur hann, að hann verði leystur undan öllum

grun um hlutdrægni í þessu máli, að meiri hl. hv. þm. greiði atkv. með þessari till. hans. Ég veit ekki, hvort allir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. ætla að gera það. En ég hef ástæðu til að ætla, að þeir séu svo handjárnaðir, sem að ríkisstj. standa, að það gefi hæstv. ráðh. alls ekki neina afsökun fyrir sínu athæfi, þó þeir samþ. frv. þetta. Í stað þess að færa fram rök fyrir till. sínum í þessu frv., hefur hæstv. ráðh. leitazt við að vera sem minnst viðstaddur hér í hv. þd., þegar um þetta mál er rætt hér. Hann hefur komið snöggvast og talað hér einhver afsökunarorð fyrir þessu frv., meira og minna úr lausu lofti gripin, og svo sem allra skjótast á eftir verið hlaupinn á brott úr fundarsalnum, en hann hefur jafnframt gefið hæstv. forseta d. fyrirmæli um það, að málinu skuli fram haldið og umr. um það lokið á fundinum, þó hæstv. ráðh. treysti sér ekki til að bera fram nein rök í þessu máli.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé ekki verið að auka völd neinna manna með þessu frv. Það er að vísu rétt, ef maður ber saman lögin frá 1947 og þetta frv., þá er ekki verið að auka vald þessara manna. En staðreyndin er sú, að þegar l. frá 1947 voru sett, voru fulltrúar annars flugfélagsins settir inn í flugráð, sem átti að hafa yfirstjórn flugmálanna. En nokkur trygging var það í sambandi við rekstur flugmálanna, að bygging flugvalla væri undir sérstakan embættismann gefin og embættismann, sem ekki væri tengdur vissu flugfélagi. Og það var á allan hátt verra fyrir félögin að geta haft þar hönd í bagga. En það er óheppilegt, að flugfélög hafi nokkuð með stjórn flugmála að gera. Því að veigamesti þátturinn í starfi flugmálastjóra eru öryggismálin. Við höfum orðið fyrir stórkostlegum flugslysum, og ég held, að engin þjóð hafi orðið fyrir meiri slíkum slysum hlutfallslega. Við höfum misst flugvél á hræðilegan hátt, þar sem 25 menn fórust, og aðra þannig, að vélin eyðilagðist, en fólkið slapp fyrir mikla mildi lifandi, en þó eitthvað slasað sumt. Við höfum auk þess misst flugvél á Hellisheiði fyrir ekki löngu og enn fremur smærri flugvélar. Það er ekki minnsti efi á því, að þess er full þörf, að öryggiseftirlitið með flugferðum og flugförum sé mjög strangt. Það er ekki verið að væna flugfélögin um, að þau viljandi stofni til slysa. En hitt er hins vegar ómótmælanlegt, að það er ekki nema mannlegur veikleiki, að flugfélögin sjái gegnum fingur í sambandi við strangar öryggiskröfur, sem valda félögunum stórfelldum útgjaldagreiðslum og kannske útgjöldum, sem þau telja óeðlilega há, miðað við þær tekjur, sem flugfélögin telja sig hafa af flugferðunum. Einmitt með tilliti til þessa nær það engri átt að láta menn úr stjórn flugfélags vera í þeirri stjórn, sem hefur með yfirstjórn flugmálanna að gera. — Ég vil ekki láta loka ráðherraherberginu, því að ég er að tala við hæstv. ráðh. Hann virðist ekki vilja hlusta hér á umr. Er þá ekki rétt af hæstv. forseta að fresta umr. málsins, úr því að hæstv. ráðh. er svo léttlyndur, að hann vill ekki hlusta hér á umr.? (**Forseti:** Ég vil nú biðja hv. þm. að vera ekki of hótfyndinn við forseta. Forseti hefur ekki nema takmarkað vald yfir því, hverjir eru inni í hv. þd. Þegar ekki er atkvgr., þá er vald forseta til að hemja hv. þm. í sætum sínum takmarkað.)

Ég vil ekki viðurkenna, að það sé hótfyndni hjá mér, að ég vil, að hæstv. forseti mælist til þess við hæstv. ráðh., sem sérstaklega hefur krafizt þess, að málinu verði fram haldið, að hann leggi það á sig að vera inni í deildinni, meðan verið er að ræða málið. Mætti ekki reyna, hæstv. forseti, að hringja í hæstv. ráðh. og vita, hvort hann vill ekki koma. (**Forseti:** Ég endurtek, að ég hef gert ítrekaðar tilraunir í þessu efni, og þær hafa borið árangur, því hæstv. ráðh. er hér viðstaddur á næstu grösum. (Hurðin að ráðherraherberginu opnast.)) Ég vil aðeins víta framkomu hæstv. ráðh. Hún er óviðeigandi og mjög einkennileg. Og mér virðist þessi hæstv. ráðh. temja sér meiri hroka í umgengni við þm. heldur en ég hef vanizt hjá öðrum ráðh., enda hefur hann einn ráðherranna látið sér sæma að brjóta skýlaus fyrirmæli þingskapa með því að neita að svara spurningum. Þó hann hefði ekki talið sig geta aflað sér þeirra upplýsinga, sem hann var spurður um, þá var það hans skylda að svara þeim spurningum, sem fyrir hann voru lagðar, samkv. þeim upplýsingum, sem hann hafði. En hann kaus að sýna þinginu þá óvirðingu og hvað hann væri mikill maður, einmitt með því að neita að svara. Þessi framkoma er í alla staði ósæmileg. Og mér finnst, vægast sagt, það vera dómur um það, að hæstv. forseti okkar hv. d. hér sé um of undir valdi þessa hæstv. ráðh., ef hann ekki getur komið til leiðar öðru eins og því, að þessi hæstv. ráðh. sé viðstaddur hér. En ég ætla ekki að fara að deila við hæstv. forseta hér og mun því halda áfram ræðu minni.

Ég var að ræða öryggismálin í sambandi við flugið. Það er vitað, að sá maður, sem gegnir starfi flugvallastjóra ríkisins, er í Flugfélagi Íslands, var lengi form. þess félags, um mörg ár. Og það er vitað, að félagið hefur mikil samráð við hann. Enda vil ég benda á, að þegar fyrst var um að ræða að koma skipan á íslenzk flugmál, þá var þetta félag mjög áberandi þáttur í því eða vildi pota sér inn í það að verða mjög fyrirferðarmikill aðili í sambandi við stjórn flugmálanna. Það var lagt einu sinni fram frv. í þessari hv. d. — og það mun hafa verið lagt fyrir af hæstv. núv. viðskmrh., og flugmálaráðh. var meðlimur í stjórninni. Ég man ekki, hvort flugmálin flokkuðust þá undir hann, það kann að hafa verið Vilhjálmur Þór, sem þau mál flokkuðust undir. En þetta frv. var lagt fram á þinginu 1943. Og þá var í 6. gr. þess frv. ákvæði, sem ég vil lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefur yfirstjórn allra flugmála. Vegamálastjóri skal fyrst um sinn stjórna framkvæmdum í þessum málum í samráði við stjórn Flugfélags Íslands ....“ o. s. frv. Þetta frv. var lagt fram hér sem stjfrv. Það var sem sagt skoðun þeirrar ríkisstj., sem þá var og núv. viðskmrh. var ráðh. í, að það ætti að hafa samráð um þetta við Flugfélag Íslands. Enda hefur framkvæmdin verið sú, að menn úr Flugfélagi Íslands voru í flugráði. Og ég vil ekki væna þessa menn um að hafa beitt óviðurkvæmilega þessu valdi, heldur vil ég segja, að það er ekki nema mannlegur veikleiki að sjá í gegnum fingur í sambandi við þær öryggisráðstafanir, sem settar eru gagnvart flugfélagi, en kosta mikið fé. Og það er

af þessum og þvílíkum ástæðum, að það er viðurkennt á öllum sviðum, þar sem það opinbera þarf að beita öryggisráðstöfunum til að fyrirbyggja slys, þá er reynt að komast hjá því af þeim, sem fyrirtækjum stjórna, að leggja í mikinn kostnað vegna öryggisins.

Ég vil líka benda á, að í n. um þetta mál voru skipaðir þeir Geir Zoëga vegamálastj., sem vitanlega hefur ekki flugþekkingu, Agnar Kofoed-Hansen flugvallastjóri ríkisins og Örn Johnson flugmaður. Og þessi n. var skipuð 1943 af utanþingsstjórn Björns Þórðarsonar, þar sem núv. hæstv. viðskmrh. átti sæti í. Þá kom fram frv., sem lagt var hér fyrir þingið, og þar er sagt í grg. þessa frv. á þá leið, að vitanlega verði það flugmálaráðunautur ríkisins og Flugfélag Íslands, sem leggi á ráðin um sérgreinar flugmálanna. Þarna er því enn haldið fram, að það eigi að vera Flugfélag Íslands, sem eigi að hafa þarna ráð um, hvernig flugmálunum skuli fyrir komið, og þar með öryggismálunum í sambandi við flugmálin. Þegar þetta kom fyrir þingið, þótti hv. þm. þáverandi ekki við þetta hlítandi, og var þessu því breytt. Þingið taldi ekki rétt, að stjórn flugmálanna væri á nokkurn hátt undir áhrifum stjórnar einstakra flugfélaga. Og ég er viss um, að rökin voru þau, að ekki var talið, að öryggið í flugmálunum væri nægilega tryggt með því, ef þeir menn væru til kvaddir til að sjá um það öryggi, sem hefðu hagsmuni af því fyrir sitt félag að sjá í gegnum fingur við eftirlitið með örygginu á einhvern hátt með því að vera ekki of strangir, heldur kynnu að freistast til þess að vera slappari í kröfum um það heldur en góðu hófi gegndi um öryggiseftirlitið. Þessi nefnd var líka mjög afturhaldssöm og þröngsýn í sambandi við möguleika þess að byggja flugvelli. Sú n. setti Vestmannaeyjar í 4. flokk í sambandi við byggingu flugvalla, af því að hún komst að þeirri niðurstöðu, að flugskilyrði þar væru mjög örðug. Sem sagt, þeir töldu ekki mögulegt að útbúa þarna flugvöll, sem nú hefur þó verið gert og með góðum árangri, sem hefur orðið til þess, að stöðugum flugsamgöngum hefur verið haldið uppi við þetta íslenzka eyríki, til hagræðis fyrir alla, sem við Vestmannaeyjar þurfa að skipta. En þessi n., sem ég gat um, komst að þeirri niðurstöðu, að þetta væri ekki heppilegt, — og vafalaust af því, að flugfélagið taldi sig ekki hafa handhægar flugvélar til þess að annast flug til Eyja. Þannig hafa sérhagsmunir eins félags haft áhrif á skoðanir þessara manna. Þetta er ekki nema mannlegur breyzkleiki. Og ég vil ekki draga í efa, að þetta hafi verið gert í góðri meiningu, en reynslan hefur sýnt, að mjög hefði verið óheppilegt að fara að ráðum þessara manna, hefðu þeir verið látnir vera ráðunautar í flugmálum. Nú hefur hins vegar verið horfið inn á þá braut að halda uppi flugi til Vestmannaeyja, sem ég tel mjög heppilegt.

Það er ákveðinn klukkustundafjöldi, sem flugvélar mega fljúga á milli þess, sem skoðun fer fram á vélunum. Slík skoðun kostar mikið fé, og kannske er ekki hægt að framkvæma hana hér á landi. Og það er nú ekki nema mannlegt, að þeir menn, sem veita þessu flugfélagi forstöðu, sem hefur þessa sérstöðu um stjórn flugmálanna, hugsi sem svo, að það sé nú hægt kannske að draga það nokkrum flugklukkustundum lengur eða nokkrum vikum lengur, að þessi allsherjarskoðun fari fram á flugvélunum, og beiti þá áhrifum sínum til þess. En ástandið er þannig með flugvélar, að ef bilun verður meðan vél er á lofti, þá er nær útilokað, að það leiði ekki til slyss, en það er sá stóri munur á þessu farartæki og öðrum farartækjum. Bifreiðar má oft keyra á meðan þær ganga og þær gera ekki meira en stöðvast, og leiðir slíkt sjaldnast til slyss, en komi slíkt fyrir flugvél, er nærri víst, að það leiðir til slyss. Það er því mjög óheppilegt að láta flugfélögin hafa áhrif á sviði flugmálanna, og ég býst ekki við, að dæmi séu til um það meðal nágrannaþjóða okkar, að flugfélögin hafi menn í stjórn þeirra stofnana, sem sjá um öryggismál í sambandi við flugið, hvað þá að einu flugfélagi sé gert hærra undir höfði í þessum efnum en öðru, og er slíkt algerlega ósæmilegt af hæstv. ríkisstj. En Flugfélag Íslands er hér tekið fram yfir hin félögin, og það kemur fram hjá Loftleiðum, að það félag er á móti þessu fyrirkomulagi og telur sínum kosti þröngvað með því að gefa keppinaut sínum þetta vald. Ég hef nú rakið rök á móti þessum tiltektum hæstv. ráðh. og ríkisstj., svo að nú stendur ekki steinn yfir steini í röksemdum þeirra, og hæstv. ráðh. staðfestir það með því að víkja af fundi, því að hann er kominn í alger rökþrot, eins og síðasta ræða hans sannaði bezt. Ég vil undirstrika það, að það er vottur um pólitíska spillingu hjá hæstv. ríkisstj. og hæstv. flugmrh. að beita sér sérstaklega fyrir því, að ríkið reki þá embættismenn úr þjónustu sinni, sem ríkisstj. eða ráðh. hafa ekki velþóknun á, þó að engin frambærileg rök séu fyrir slíkri ráðstöfun. Það er sjálfsagt að víkja þeim úr embættum, sem ekki eru starfi sínu vaxnir, en slíkt á að rökstyðja með réttum rökum, en að læðast svona aftan að mönnum með augljósu falsi, eins og hér er gert, það er andstyggilegt og hlutur, sem ísl. alþýða fordæmir og ísl. valdamenn hafa forðazt, en þessi hæstv. ráðh. tekur upp af hroka og drambi og telur sig mann að meiri, einkum ef hann kemur því fram á Alþ., en ég vil minna hann á, að dramb er falli næst, og sá hroki, sem hann hefur sýnt deildinni og þinginu, veit ekki á gott um framtíð hans sem leiðandi stjórnmálamanns, og margir, sem með misjöfnu áliti á honum hafa ýtt honum þetta áfram, munu varla verða honum svo fylgispakir til langframa.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég veit ekki, hvort hæstv. flugmrh. er hér nálægur, en það væri gott, ef hann væri látinn vita, því að ég vildi gjarnan, að hann væri hér inni. Annars vildi ég út af framkomu hæstv. ráðh. segja, að nærri visst samstarf ríkir á milli stjórnarandstöðunnar og hæstv. ríkisstj. á Alþ., sem gengið er út frá, að báðir aðilar virði. Það hefur verið svo, að þó að stjórnarandstaðan hafi haft ástæðu til að gera ríkisstj. erfitt fyrir með að fá mál í gegnum þingið, þá hefur hún ekki gert það og það er visst „loyalitet", sem því ræður. En slíkt getur ekki verið bara á aðra hliðina, og ein ríkisstjórn verður að venja sig á að taka tillit til slíks, þegar á hana er deilt og upplýsinga krafizt, og vegna þess, að forseti þarf á tilhliðrun að halda, þegar hann þarf að

koma málum fljótt fram, þá er rétt fyrir hann að skapa ríkisstj. aðhald, þegar hún vill fá mál fram, og hún verður að sýna fulla kurteisi. Við tókum eftir því áðan í umr. um III. kafla l. um dýrtíðarráðstafanir, að þessar álögur voru gagnrýndar af hálfu stjórnarandstöðunnar, en mjög stutt, en hæstv. fjmrh. baðst afsökunar á, að þetta skyldi koma fram, og eins að hann þyrfti að fara úr d. á fund í Ed., og er slíkt til fyrirmyndar um þetta samstarf, en nú, þegar hæstv. flugmrh. er hér með frv. við 2. umr., sem var mjög lítið rætt við 1. umr., þá er það það minnsta, sem hann getur gert, að vera viðstaddur. Ég er hér að svara ræðu hæstv. ráðh. og vildi mælast til, að athugað væri, hvort hann muni koma. (**Forseti:** Vald forseta nær ekki til að neyða hæstv. ráðh. til að vera viðstaddir umr. Og ég vil mælast til þess, að hv. þm. haldi áfram ræðu sinni.) Jú, forseti getur algerlega ráðið slíku, þegar hann er beðinn að flýta máli, og ráðh. eru ekki yfir- heldur undirmenn forseta, svo að ráðh. hefur enga afsökun gegn forseta, þó að hann ljúki máli, þegar ráðh. er ekki viðstaddur. Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. fór svo í kringum sjálfan sig áðan, að ég má til með að benda honum á það. Ég held því, að það væri bezt að senda eftir hæstv. ráðh., því að það er svo mikill tvíverknaður að tala fyrst við tóman stólinn og síðan við hæstv. ráðh. (**Forseti:** Ég vildi segja hv. þm. það, að ég hygg, að hæstv. ráðh. muni ekki taka aftur til máls og hann hefur þegar skipzt orðum við hv. 2. þm. Reykv., svo að ég held, að það hafi ekki svo mikla þýðingu að sækja hann nú.) Það skiptir miklu máli, að hæstv. ráðh. viti, hvaða gagnrýni kemur fram á verkum hans. Það er viðkunnanlegra, að ráðh., sem ætlar að píska mál sem þetta í gegnum þingið og afsaka sig síðan með þingviljanum, sé viðstaddur. Það er gott, að hv. þm. viti, að ef einhver hlutdrægni er hér framin, þá segir þessi hæstv. ráðh., að ábyrgðin af því hvíli á Alþ., en það er hans ábyrgð, og ef hv. þm. stjórnarflokkanna gera það af tryggð við ráðh. að fylgja frv., þá er málið á hans ábyrgð, án þess að það dragi úr því, að þeir, sem samþ. það, taka einnig nokkra ábyrgð á sig. Ég vildi spyrja, hvort ekki hefðu komið hér fram brtt. (**Forseti:** Ekki formlegar.) Ég hefði gjarnan viljað ræða brtt., sem hér koma fram. Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. sagði, þá talaði hann um, að engin breyting væri í þessum l. á aðstöðu embættismanna, þá er það markleysa ein, því að hann fór eins og köttur í kringum heitan grautarpott um það, sem var að gerast, og þorði ekki að koma að því, sem er meginatriði málsins, og hefur ekki fengizt til að ræða það. Viðvíkjandi svörum hans, þá sagði hann, að engin breyting hefði orðið á afstöðu flugfélagsins og afstöðu þess til flugráðs, en þar er því til að svara, að með þessum l. er verið að kippa burt þeim eina embættismanni, sem er óhlutdrægur gagnvart félögunum. Hann sagði orðrétt, að ekki hefði verið kvartað undan því, að stjórn flugfélagsins misnotaði afstöðu sína, en fyrir hæstv. ráðh. liggur fylgiskjal nr. 3, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í lögunum frá 1947 er t. d. ákveðið, að nýbyggingar flugvalla skuli heyra undir flugmálastjóra, en viðhald þeirra og rekstur heyra undir flugvallastjóra. Þessu hefur í ýmsum tilfellum verið snúið við, þar sem flugvallastjóri hefur ákvarðað um og látið gera flugvelli, væntanlega með samþykki flugráðs, þar sem kostnaðurinn hefur stundum orðið tífaldur við það, sem þessir aðilar hafa áætlað í byrjun, enda hefur enginn þessara manna verkfræðiþekkingu, en flugmálastjóri, sem er verkfræðingur, ekki fengið að hafa þar æskileg áhrif á eða gefa þar ráð um, enda þótt slík verk heyri undir hann samkvæmt lögum.

Að ýmsu þessu athuguðu teljum vér, að nær lægi að gera ráðstafanir til að lögin frá 1947 verði framkvæmd að öllu leyti, til þess að full reynsla fengist, heldur en að setja ný lög, sem ekki virðast hafa neitt nýmæli til bóta, nema síður sé. Í þessu sambandi viljum vér taka fram, að vér álítum, að núverandi flugmálastjóri hafi rækt starf sitt vel, eftir því sem aðstaða hans hefur leyft, og hefur okkur virzt hann algerlega óhlutdrægur og réttsýnn gagnvart flugfélögunum.

Eins og flugráð er nú skipað, getur félag vort ekki treyst því sem óhlutdrægum aðila, og teljum því ekki ráðlegt að færa meira af þessum málefnum undir það. Þegar núverandi flugráð var skipað, var þannig háttað vali manna í ráðið, að 3 aðalmenn þess af 5 voru 2 stjórnarmeðlimir Flugfélags Íslands og framkvæmdarstjóri þess; síðar gekk þó núverandi flugvallastjóri úr stjórn Flugfélagsins, en sem varamaður flugvallastjóra í flugráði var þá tekinn 1. flugstjóri Flugfélags Íslands. Hins vegar var félagi voru aðeins gefinn kostur á 1 varamanni af öllum aðalmönnum og varamönnum flugráðs. Teljum vér, að ýmis störf og ákvarðanir flugráðs beri þess glöggt merki, að sömu menn eru ráðandi á báðum þessum stöðum, Flugfélagi Íslands og flugráði. Það er því ákveðin skoðun vor, að nauðsyn beri til, að flugráð verði skipað á annan hátt, þar sem jafnt tillit sé tekið til beggja flugfélaganna og að framkvæmdir þess verði að öllu leyti óhlutdrægar.

Virðingarfyllst,
Loftleiðir h.f.
Kr. Jóh. Kristjánsson,
form."

Hæstv. ráðh. var að sleppa orðinu, að enginn hefði kvartað, en ég var að lesa það, sem stendur hér á bls. 3 á þskj. 316, en það er yfirlýsing frá flokksbróður og samframbjóðanda hæstv. ráðh. Og svo segir hæstv. ráðh., að ekki hafi verið kvartað, og þegar hann er búinn að segja, að ekki hafi verið kvartað, þá segir hann, að ummæli þeirra hafi ekki við rök að styðjast. Jú, það hafa sem sé komið kvartanir, og þar með viðurkennir hann, að það sé rangt, sem hann var að enda við að segja, en þessar kvartanir hafa bara ekki við rök að styðjast; flokksbróðir hans í stjórn Loftleiða er því að dómi hæstv. ráðh. að fara með rakaleysu, en af hverju reynir hann ekki að hrekja það, heldur fullyrðir bara, að það hafi ekki við rök að styðjast, heldur hleypur bara frá því? En hann er ekki fyrr búinn að sleppa þessu en hann kemur með þriðju ummælin og segir, að hvorugt félagið ætti að hafa slíka aðstöðu. (**Viðskmrh.:** Ég sagði aðild.) Ég hafði nú samt skrifað hitt hjá mér. Hann segir, að hvorugt félagið ætti að hafa slíka aðild. En hvers vegna segir hann það? Er það ekki vegna þess, að honum finnst, að Loftleiðir hafi verið órétti beittar? Hæstv. ráðh. segir

því: 1. Enginn hefur kvartað. 2. Kvartanirnar hafa ekki við rök að styðjast. 3. Kvartanir þessar hafa við þau rök að styðjast, að hvorugt félagið ætti að hafa aðild að flugráði. — Ég veit ekki, hvað verður eftir af frv. rakalega séð, þegar hæstv. ráðh. er búinn að halda tvær til þrjár slíkar ræður, og er sannarlega ekki að furða, þó að hann vilji koma sér hjá frekari umr. um málið, enda finnur hann, að hver setning í ræðu hans byltir þeirri næstu. En hvað gerir svo hæstv. ráðh., þegar hann segir, að hvorugur aðilinn eigi að hafa aðild að flugráði? Hann ber fram frv. hér í þinginu, sem hefur það í för með sér, að fyrrv. form. og brautryðjandi Flugfélagsins á að vera í einu flugvallastjóri og flugmálastjóri ríkisins. Maður. sem Flugfélagið treystir algerlega og hefur haft aðild fyrir félagið, hann á að vera alvaldur í flugmálum Íslendinga. Þetta er afleiðingin af þeirri niðurstöðu, að hvorugt félagið skuli hafa aðild að flugráði. Ég er hræddur um, að það sé vissara fyrir hæstv. ráðh. að ræða málið ekki mikið, ef hann heldur margar slíkar ræður, og er auðséð, hvert hann mundi stefna með því, hann mundi rífa frv. algerlega niður. Ég neita því ekki, að margar röksemdir mæla með því, að rétt sé að skipta niður leiðum milli aðilanna, sbr. 3. gr., en það er ef til vill ekki nægilegt að sjá, hvað er skynsamlegt. Það er nauðsynlegt að gæta sanngirni gagnvart þegnunum, og svo lengi sem um einstaklingsrekstur er að ræða, þá er óheppilegt, að þeim aðilum, sem hagsmuna hafa að gæta, séu gefin of mikil áhrif. Ef skipta ætti flugrútum, þá mundi vera leitað til flugráðsins, sem er nokkuð það sama og Flugfélag Íslands. Nú vil ég biðja hæstv. ráðh. að stinga hendinni í eigin barm. Við skulum segja, að skipuleggja ætti öl- og gosdrykkjaframleiðsluna í landinu og setja ætti öl- og gosdrykkjaráð, sem ákveða skyldi, hvaða verksmiðjur framleiddu hvað. Hér eru nú gamlar verksmiðjur, sem hafa kannske naumt af því, sem þær eru vanar að framleiða, eins og t. d. maltöli, sem er hollt handa börnum og sjúklingum. Hins vegar eru svo verksmiðjur eins og Vífilfell, sem hæstv. ráðh. kannast ef til vill við, sem vantar ekkert, sem hún þarf til sinnar framleiðslu. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh., ef öl- og gosdrykkjaráðið væri nú skipað að meiri hluta mönnum úr stjórn h/f Vífilfells og hæstv. ráðh. ætti að taka ákvarðanir um það, hvaða gosdrykkjategundir mætti framleiða svo og svo mikið af, — hvort mundi honum finnast viðfelldið, að hann með hliðsjón af því, sem öl- og gosdrykkjaráð legði til, tæki ákvarðanir um það, hvernig þeirri framleiðslu yrði háttað? Það væri gaman að heyra skoðun hæstv. ráðh. á þessum málum, hvort honum fyndist viðfelldið að taka slíkt vald í sínar hendur. Það er sitt hvað, þó ráðh. hafi áhrif á það, hve þessar stofnanir fá mikinn sykur, hve þær hrifsa mikinn sykur frá húsmæðrunum. En hvað mundi gerast, ef hæstv. ráðh. fengi það vald, sem hann fer hér fram á? Hvert ætti hann að leita umsagnar viðvíkjandi þessum málum? Jú, auðvitað til flugráðs og flugvallastjóra, sem er nokkurn veginn það sama og leita til Flugfélags Íslands h/f, eftir að aðilar í þessum málum, sem ekki mun vera hægt að saka um pólitíska afstöðu til málsins, hafa lýst því yfir, að þeir geti ekki treyst flugráði sem óhlutdrægum aðila. En þetta er það, sem hæstv. ráðh. fer fram á, og svo þegar hann er spurður, hvort honum finnist þetta ekki hlutdrægni, svarar hann: Það er ómögulegt að segja, að ég sé hlutdrægur þarna. Ef það er einhver, þá eru það þingmennirnir. Nú veit hæstv. ráðh., að þegar komið er fram með mál eins og þetta og þar sem líka annar ráðh. er því hlynntur, þá er bara sagt í þingflokkunum sem svo, að þetta mál verði að ganga fram, þó að þingmenn séu óánægðir. Sú óánægja er bæld niður. Og ég man ekki betur en það kæmi í ljós hjá hæstv. forseta, sem var frsm. meiri hl. samgmn. í þessu máli, að hann væri ekki fastur í trúnni á það, að það væri hægt að vera öruggur um óhlutdrægni. Ég man ekki betur en hæstv. forseti léti orð falla í þá átt, að það þyrfti að taka tillit til beggja flugfélaganna. Það er enginn vafi á því, að það hafa fæðzt efasemdir hjá hv. þm. í sambandi við þetta mál. Og það er eftirtektarvert, að sá flokkur, sem átti flugmálaráðherra 1947 og lagði þá mikla áherzlu á, að lögin um þetta efni næðu þá fram að ganga, sá flokkur, Framsfl., lætur nú ekkert frá sér heyra. Það er eins og honum sé ljóst, að nú er verið að gera að skripaleik allt það, sem hann gerði í þessum málum þá. Ég tók eftir því það augnablik, sem hæstv. ráðh. kom hér inn í deildina áðan, að honum leizt ekki á blikuna, er farið var að leiðrétta það, sem hann sagði, og er hann sá mótsagnirnar í ræðu sinni, svo að hann hvarf skjótt á brott. Ég held, að þegar ráðh. kemur þannig fram í sambandi við mál, sem hann flytur, þá beri Alþingi að fella það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. fundi í Nd., 14. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 119, n. 272 og 316, 395).

ATKVGR.
Brtt. 395 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 20:4 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20:3 atkv.
Brtt. 272 samþ. með 20 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr. og bráðabirgðaákvæði samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:3 atkv.

Á 41. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 413, 395).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja núna. Ég hafði flutt brtt. við þetta frv., sem er prentuð á þskj. 395. Þar er lagt til, að því verði breytt í frv., þar sem talað er um flugvallastjóra, en í stað þess komi flugmálastjóri, þannig að það verði þá flugmálastjóraembættið sem helzt. Í tilefni af því er lagt til, að 1. málsliður 2. gr. orðist þannig: „Ráðherra skipar flugmálastjóra.“ Ég hafði lýst þeirri skoðun minni hér áður, að ég teldi engin rök hafa komið fram, sem mæltu með því að leggja þetta starf flugmálastjóra niður. Enda

virðist það vera afar hæpið fordæmi að fara þannig með störf embættismanna. Því hef ég flutt þessa till., til að fá úr því skorið, hvort hv. þm. geti fallizt á það sjónarmið, að mögulegt sé á tiltölulega auðveldan hátt að leggja niður svo að segja hvaða embætti sem er og losa sig þannig við ákveðna menn með því einu að breyta lítils háttar um nafn á embættinu. Ég tel, að þessi brtt. eigi að geta skorið úr því, hvort meiri hl. þings geti fallizt á þá skoðun, að þessi leið sé fær. Ég mun svo ekki ræða þetta mál meira, nema þá ef sérstakt tilefni gefst.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Ég sé ekki neina ástæðu til, að þessi breyting verði gerð á frv., sem hv. 2. landsk. leggur til, og því legg ég til, að þessi brtt. verði felld.

Forseti (SB): Ég vil biðja hv. þm. afsökunar á því, að það hefur láðst að setja nr. á þskj., sem þessi brtt. er á, inn á dagskrána, en till. er á þskj. 395. Skoðast þetta sem leiðrétting á dagskránni.

ATKVGR.
Brtt. 395 felld með 17:4 atkv.
Frv. samþ. með 18:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:3 atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 413, n. 439 og 440).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Eiríkur Einarsson): Það er glettilegt mál, sem nú er verið að ræða um, mál, sem látið hefur hátt í ekki síður en flugvélum, en ég býst við, að það láti nú ekki eins hátt í mér eða hraði minn verði neinn flugvélarhraði, nú þegar ég segi hér nokkur orð um það.

Þetta frv. ber með sér, hvert stefnt er með því. Aðalatriðið virðist vera að gera tvö embætti að einu, leggja niður embætti flugmálastjóra, sem svo hefur verið nefnt. Ég sé ekki önnur merkari sjónarmið í þessu máli en að aðalatriðið sé, að hér sé sparnaðaratriði, að leggja niður eitt embætti. Ég þykist vita, að það séu fleiri atriði, eins og fram hefur komið í þexinu, sem hafa verið látin koma til athugunar líka, en ég sé ekki annað en þetta sé aðalatriðið, að spara, láta einn nægja í staðinn fyrir tvo.

Í nál., sem hér liggur fyrir, hefur meiri hl. komið fram með sína umsögn, og hún er þrjár línur þessi umsögn. Það er um flugmál og aðstöðu Íslands á alþjóðavettvangi, þetta er dregið þar saman í örstutt form, og ég býst ekki við, þótt við hefðum látið prenta margra blaðsíðna nál., þá hefði niðurstaðan orðið önnur, og létum við því nægja fá orð.

N. hefur ekki komizt að samfelldri niðurstöðu, þar sem einn samgmnm. hefur skorizt úr leik, skilað séráliti og sett sig móti frv., en þrír eru sammála um að mæla með því, að frv. nái fram að ganga, og leggja til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm. var fjarverandi og hefur ekki skrifað undir, en gefur sig til kynna í nál., hvaða afstöðu hann hefur til málsins.

Þannig er það í aðalatriðunum. Þrír leggja til, að frv. verði samþ. án breyt., en sá fjórði, sem er í minni hl., leggur til, að það verði fellt. Ég sé í rauninni ekki annað réttara en að leggja fyrir þingið till. þá, sem hér liggur fyrir frá meiri hl., að frv. verði samþ., og ég sé ekki annað réttara en að samþ. það án fleiri orða. Það er ekki vænlegt til langra umr. að láta mig vera hér frsm. eða að ætla að láta mig ræða málið fram og aftur. Ég hef ekki þekkingu til þess. Aðrir geta haldið hér uppi málþófi, ef þeir vilja, þó að það sé oft svo með þá, sem það gera, að þá vanti til þess alla þekkingu. Þeir ættu að stilla orðum sínum meira í hóf og setja skoðun sína fram í góðum orðum. Það er það, sem þarf að vita, hvernig á að stýra samgöngum til lofts og lagar. Það er mikilsvert mál, og það er þjóðmál, sem getur verið vandi að stýra, svo að rétt sé. Ég treysti mér ekki til þess. Það getur verið deilumál, og þó að þeir, sem um það fjalla, sjái ekki annað líklegra en að haga því svo, þá geta atvikin leitt þá á svo marga óvísa sjói. Þess vegna vil ég nú láta máli mínu lokið. Hinir taka við, sem margt vita og margt hafa að segja, en ég geld frv. jákvæði og læt máli mínu þar með lokið.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Það er að vísu naumast rétt, sem stendur í hinu stutta nál. meiri hl. n., að n. hafi rætt það mál, sem hér liggur fyrir. Það var að vísu skotið á nefndarfundi hér fyrir hádegi í morgun, rétt áður en klukkan var 12, þar sem mættu þrír nm. Málið var að vísu tekið fyrir, en ekki á nokkurn hátt krufið til mergjar, heldur skiptust menn án allra umr. á þann hátt, sem nál. bera með sér. Ég held, að þessi afgreiðsla n., þó að hún sé afsökuð með því, eins og oftast er, þegar þingi er að ljúka eða verið er að fresta því, eins og nú er, og mál hrúgast mjög upp, að enginn tími sé til að kryfja málin til mergjar, þá held ég, að megi segja, að þessi afgreiðsla sé nokkuð einkennandi fyrir meðferð málsins í heild frá því fyrsta. Mér er sem sé ekki kunnugt um það, að í allri meðferð málsins hér á þingi hafi komið fram eða verið flutt fram nokkur ástæða, sem hægt sé að telja veigamikla fyrir því, að nauðsyn sé á því að gera þá breyt. á stjórn flugmála, sem hér er lagt til, að gerð sé. Í hinni stuttu grg. fyrir frv. kemur að mínu áliti ekki neitt það fram, sem geti talizt sannfærandi um það, að nauðsyn sé að gera þessa breyt. Mér er ekki heldur kunnugt um, að það hafi komið fram í þeim umr., talsvert miklu umr., sem orðið hafa um þetta mál í Nd., og í þeim umsögnum, sem Alþingi hafa borizt um þetta mál, hefur ekki verið gerð nein tilraun til að bera fram veigamiklar ástæður fyrir þessu, í þeim umsögnum, sem þó

munu vera taldar mæla með framgangi málsins, en í öðrum umsögnum koma hins vegar fram ástæður, sem ættu að verða til þess, að málið yrði ekki samþ., og í framsöguræðu þeirri, sem hér var nú flutt fyrir hönd meiri hl., gat ég ekki heldur heyrt, að fluttar væru fram neinar sérstakar ástæður fyrir því, að þyrfti að samþ. þetta frv., þó að meiri hl. n. hafi nú mælt með því, að svo skuli gert. Eina ástæðan, sem nefnd hefur verið, er, að þetta sé sparnaðarráðstöfun. Það má kannske segja það, en það er þá líka það eina atriði, sem fært hefur verið fram til stuðnings því, að þetta skuli gera, en í því efni kveður þá a. m. k. við annan tón en þegar sett voru l. um stjórn flugmála 1947, sem nú er verið að breyta, þegar ákveðið var að tvískipta embætti flugmálastjóra, sem nú er verið að afnema. Þá var það atriði ekki talið mikilsvert. Þá var kostnaðurinn af tvískiptingunni ekki talinn standa í vegi fyrir, að svo væri gert, svo að þetta getur ekki verið veigamikil ástæða fyrir að breyta þessu fyrirkomulagi á ný. Nei, ég held, að þetta, sem ég hef nú verið að rekja, sá algerði skortur á því, að færðar séu fram ástæður, sem hægt sé að nefna því nafni, fyrir nauðsyn á þessari breyt., sé vottur um það, að það er allt annað, sem liggur til grundvallar fyrir flutningi þessa frv., heldur en það, að raunveruleg þörf sé á að breyta stjórn flugmála í það horf, sem lagt er til í frv., vegna flugmálanna sjálfra, heldur sé það annað, sem þar liggur til grundvallar. Ég geri líka í raun og veru ráð fyrir, að hv. þdm. sé um það kunnugt, hvað það er, sem hér liggur til grundvallar og lá eingöngu til grundvallar fyrir þeirri breyt., sem gerð var á stjórn flugmála 1947, þegar embætti flugmálastjóra var skipt á þann hátt, sem þá var gert. Ég býst við, að öllum hv. þdm. sé kunnugt, að þá var stigið fyrsta skrefið til þess að draga úr valdi þessa embættismanns, flugmálastjóra, og rýra áhrif hans á stjórn flugmála, og það, sem nú er gert með þessu frv., er, að það skref er stigið til fulls til að losna á þann hátt við þennan embættismann ríkisins. Ef þetta er viðurkennt, sem í raun og veru er ekki hægt annað en viðurkenna, þá virtist mega ætla, að einhverjar veigamiklar ástæður væru til þess, að losna þyrfti við þennan embættismann, þ. e. a. s. að embættisfærsla hans væri í ólagi og hann hafi gert þau afglöp, sem gerðu það nauðsynlegt, að hann starfaði ekki lengur að þessum málum. En ef það væri, þá þyrfti ekki að fara þessa leið, heldur mætti losna við hann á einfaldari hátt en þennan. En einmitt af því, að þessi maður hefur reynzt fyllilega starfi sínu vaxinn, er það, að hæstv. ríkisstj. fer þessa krókaleið til að losna við hann úr embætti, og það er tilgangur hennar með flutningi þessa frv.

Af þeim umsögnum, sem Alþingi hafa borizt og sendar hafa verið samgmn. og prentaðar hafa verið sem fylgiskjöl með áliti minni hl. samgmn. Nd., þá kemur það líka þvert á móti fram, sem ég nú var að segja, að þessi embættismaður hefur samkv. áliti þeirra aðila, t. d. samkv. umsögn frá stj. annars aðalflugfélagsins hér, Loftleiða, gegnt embætti sínu mjög vel og samvizkusamlega, og það mun þess vegna ekki horfa til bóta, að embætti hans sé lagt niður og honum þar með vikið frá starfi því, sem hann hefur gegnt. Þetta kemur mjög glöggt fram í umsögn þessa flugfélags. Þar er komizt svo að orði, eftir að þeir hafa talað nokkuð um þær framkvæmdir, sem gerðar hafi verið á síðustu árum, eftir að þessi tvískipting var ákveðin á embætti flugmálastjóra: „Að ýmsu þessu athuguðu teljum vér, að nær lægi að gera ráðstafanir til, að lögin frá 1947 verði framkvæmd að öllu leyti, til þess að full reynsla fengist, heldur en að setja ný lög, sem ekki virðast hafa neitt nýmæli til bóta, nema síður sé. Í þessu sambandi viljum vér taka fram, að vér álítum, að núv. flugmálastjóri hafi rækt starf sitt vel, eftir því sem aðstaða hans hefur leyft, og hefur okkur virzt hann algerlega óhlutdrægur og réttsýnn gagnvart flugfélögunum.“ Þetta kemur fram í því, að stjórnir þessara félaga telja, að samþykkt þessa frv. sé miður heppileg og ekki til bóta á nokkurn hátt, heldur hið gagnstæða.

Hið sama kemur fram í umsögn félags flugvallastarfsmanna ríkisins, sem skv. eðli málsins hefur mikinn kunnugleika á starfi flugmálastjóra. Á fundi, sem þetta félag hélt 8. nóv. s. l., gerði það samþykkt varðandi þetta mál. En þar í segir, með leyfi hæstv. forseta: „Fundur haldinn í félagi flugvallastarfsmanna miðvikudaginn 8. nóv. 1950 harmar, að í frv. því til laga um stjórn flugmála, sem ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþingi, það er nú situr, skuli vera gert ráð fyrir að leggja niður embætti flugmálastjóra og þar með svipta flugmálin embættismanni, sem nýtur fyllsta trausts flugvallastarfsmanna fyrir ágæta samvinnu, samvizkusemi, hagsýni og skipulagsgáfu.“

Þegar slíkar umsagnir liggja fyrir sem þessar frá aðilum, sem þetta mál varðar miklu og eru þessu kunnugastir, þá liggur það augljóst fyrir, að ríkisstj. flytur hér frv., sem felur raunar ekkert annað í sér en að losna við slíkan embættismann, sem hér er lýst, og þótt að sjálfsögðu engu verði um þokað varðandi afgreiðslu þessa máls, sem augsýnilega er fyrirfram ákveðin, þá vil ég þó nota þetta tækifæri hér til þess að mótmæla slíkum aðförum sem þessum og tel þær í hæsta máta óviðeigandi.

En ef einhver alvara fylgdi nú þessum málum, sem ríkisstj. segir að sé orsökin til flutnings þessa máls, þ. e. að framkvæma sparnað í rekstri flugmálanna, þá lægi auðvitað beint við að leggja það embætti niður, sem stofnað var til með breyt. 1947, þ. e. embætti flugvallastjóra, en það, að þetta er ekki gert, staðfestir það, að sparnaðurinn er ekki hin raunverulega ástæða, heldur er tilgangurinn sá að losna við þann mann, sem gegnt hefur embætti sínu með samvizkusemi og hagsýni. Og ég þarf áreiðanlega ekki að benda sérstaklega á, hverjar ástæðurnar eru, — ég hygg, að hv. þm. þekki þær fullvel.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frv., en vil ítreka, að ég er andvígur því af þeim ástæðum, sem ég hef nefnt hér, þ. e. a. s., að í því felst engin bót á rekstri flugmálanna né meira öryggi, heldur hið gagnstæða. Það er einungis fram borið í þeim tilgangi að bola frá manni, sem innt hefur starf sitt vel af hendi og framkvæmt merkilegt brautryðjandastarf á sviði flugmála og hefði átt allt annað skilið en það, sem í frv. felst.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Eg sé af nál., að fundur hefur verið haldinn í dag í samgmn. og ég skráður fjarstaddur, en málum er

reyndar þannig háttað, að ég var ekki boðaður á fundinn. En ég spurðist fyrir um það í gær, hvort fundur yrði haldinn í nokkurri nefnd, sem ég á sæti í, en var sagt, að svo yrði ekki. Þannig stendur á fjarveru minni.

Þetta er eitt af þeim málum, sem ríkisstj. ætlar að sýna sinn sparnaðarvilja í. Og ég er alltaf fylgjandi því, að einn embættismaður inni af hendi verk, ef ekki er þörf á tveim, og ef það er óyggjandi, að ekki þurfi nema einn mann til þessa starfs, tel ég þessa till. eiga rétt á sér. En hv. síðasti ræðumaður fullyrti af þeim gögnum, sem lögð hafa verið fram, að sumir álíti, að samþykkt þessa frv. horfi ekki til bóta, og er ég sammála því, að ekkert bendi til þess, að meira öryggi fáist, ef þetta frv. verður samþ., né heldur, að stjórn flugmálanna verði á nokkurn hátt betur borgið. En það er um það að ræða, hvort öryggið geti verið það sama í stjórn flugmálanna, ef lagt yrði niður embætti flugmálastjóra og það falið flugvallastjóra. En ég læt það í ljós, að úr því að ríkisstj. hefur ekki afnumið embætti alls staðar þar, sem störf eru hliðstæð, en framkvæmd af 2—3 embættismönnum, þá finnst mér lykta af þessu frv. það eitt að koma pólitískum embættismanni úr embætti. Enda fer því fjarri, að hróflað hafi verið við ríkisbákninu í sambandi við slíka fækkun. Mér þykir þó ekki rétt að bregða fæti fyrir, að ríkisstj. geti sýnt sparnaðarvilja sinn, og í trausti þess, að alls staðar þar, sem störf, sem einn maður getur framkvæmt, eru innt af hendi af tveim eða fleiri, verði gerður sams konar sparnaður, og mun ég því láta málið afskiptalaust, svo að sparnaðarviðleitni ríkisstj. geti sýnt sig.

Forseti (BSt): Út af ummælum hv. þm. um það, að hann hafi ekki verið boðaður á fund samgmn., vil ég segja það, að hv. þm. er ekki í þessari nefnd. Hér er átt við, að Vilhjálmur Hjálmarsson sé fjarverandi, en hann hefur fengið heimfararleyfi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:3 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9:3 atkv.
Bráðabirgðaákvæðið samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:3 atkv.

Á 44. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, KK, LJóh, PZ, RÞ, ÞÞ, GJ, BSt.
nei: StgrA, BrB, FRV.
HG, HV greiddu ekki atkv.
4 þm. (JJós, VH, BBen, EE) fjarstaddir.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég gat þess í umr. um málið í dag, að það væru veigalitlar ástæður, sem fram eru færðar af flm. þessa frv. og þeim öðrum, sem mælt hafa með framgangi þess. En það mætti kannske segja undir venjulegum kringumstæðum, að ein ástæða væri þar til nefnd, — að það gæti orðið einhver lítilsháttar sparnaður í stjórn flugmálanna með því að fela einum manni þau störf, sem samkv. núgildandi l. eru falin 2 mönnum, flugmálastjórnina annars vegar og flugvallastjórnina hins vegar. Í frv. er gert ráð fyrir, að embætti flugmálastjóra verði lagt niður og starfið falli undir flugvallastjóra. Ég tel miklu eðlilegra, ef á að gera þessi mál einfaldari og fela þau einum manni, að það sé flugmálastjóri. Það embætti er eldra, og sá, sem hefur gegnt því, hefur, eins og ég drap á í dag, hlotið viðurkenningu fyrir að hafa leyst starfið vel af hendi, þ. e. viðurkenningu aðila, sem um þessa hluti ættu að vera dómbærir.

Ég vil þessa vegna leyfa mér að leggja til, að þessum lítils háttar sparnaði, sem þarna gæti verið um að ræða, sé náð með því að leggja niður embætti flugvallastjóra og leggja starf hans á ný undir flugmálastjóra, eins og áður var. Vil ég því leggja fram skrifl. brtt. við 2. gr. frv., í fyrsta lagi, að upphaf gr. orðist svo: „Ráðherra skipar flugmálastjóra ríkisins", í stað þess að í frv. segir: „Ráðherra skipar flugvallastjóra ríkisins". Og til samræmis við þetta, að í stað orðsins „flugvallastjóri" á þremur öðrum stöðum í gr. komi: flugmálastjóri.

Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um þetta. eins og hv. þdm. munu sjá, næst alveg sami árangur hvað sparnaðinn snertir, en aðeins eðlilegri og í meira samræmi við þá venju, sem skapazt hefur, að eldri starfsmaður sé ekki látinn víkja fyrir þeim yngri, ef ekki eru einhverjar alveg sérstakar ástæður fyrir hendi, sem hægt er að taka til greina. En þær tel ég ekki hér fyrir hendi.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 457) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 457 felld með 8:3 atkv.
Frv. samþ. með 8:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 458).

---

25. Tekjuskattur og eignarskattur (stjfrv.).

Á 8. fundi í Nd., 24. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt [41. mál] (stjfrv., A. 62).

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til, að lagt verði niður embætti rannsóknardómara í skattamálum, sem sett var á stofn með l. nr. 20 1942. Það þykir fært að komast af án þess að starfrækja þetta embætti, og mun verða að því nokkur sparnaður.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til fjhn. að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 62, n. 362).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt fyrir hönd hæstv. ríkisstj., og efni þess er það að fella úr gildi 42. gr. í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í þessari grein er ákvæði um það, að dómsmrh. skipi lögfræðing til að hafa á hendi rannsókn í skattamálum. Þetta mun hafa verið sett í lög 1942. Fjhn. hefur athugað þetta frv. og í nál. á þskj. 362 mælir hún með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 41. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í þessu frv. er lagt til, að embætti skattdómara verði lagt niður, og á það að verða til sparnaðar. Reynslan er sú, að þetta er skynsamleg leið, og legg ég til, að frv. verði vísað til fjhn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 62, n. 434).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Um þetta mál er það að segja, að n. ræddi það á fundi sínum í dag og hefur gefið út nál., en það er í prentun og getur komið eftir kortér til hálftíma, og vildi ég heyra álit forseta á því, að þessu máli yrði frestað í bili.

Forseti (BSt): Þessu máli er frestað um sinn.

Síðar á fundinum var nefndaráliti útbýtt og málið tekið til meðferðar.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið til okkar frá Nd. og var athugað þar í n. Það gekk breytingalaust í gegnum deildina. Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar, og voru fjórir nm. sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. hér í deildinni. Einn nm., hv. fyrri þm. Eyf. (BSt), skrifaði undir það með fyrirvara. Það fjallar um fækkun embættismanna. Það getur leikið á tveimur tungum um það, hvort hann mun eiga að víkja eða sé verndaður og ekki lagður hér neinn fullnaðardómur um það. Hæstv. ríkisstj. verður að sjá um þetta og ganga frá þessu. Það verður að telja, að ekki sé fært fyrir nefndina að ákveða, ef á annað borð á að fækka, hvaða embætti á að skera niður. En ef einhvers staðar á að fækka til sparnaðar, fannst okkur vel geta komið til greina að fækka um þennan eina mann. Ég vil, ef þessum eina er gefið högg, að þá sé gengið að þar, sem ekki er talin brýn nauðsyn að hafa embættismenn, og þeim veitt svipað högg. Við vitum vel, að hér í stjórnarráðinu eru allt of margir menn, og við sjáum, að það er miklu meira en nóg skipað á þá jötu. Ég fylgi þessu frv. vegna þess, að ég ber mikið traust til þeirrar ríkisstj., sem nú situr, og geri ráð fyrir, að hún láti ekki staðar numið, heldur haldi áfram með sparnaðarráðstafanir. Og ég vona, að hún taki ekki þennan eina út úr, heldur fækki fleirum. Ég vil taka það fram, eins og ég hef áður getið, að fjhn. hefur ákveðið að leggja til að fá frv. samþ.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Eg hef skrifað undir þetta nál. fjhn. með fyrirvara, en ekki gert frekari ágreining um það. Ég viðurkenni fúslega nauðsyn þess að draga úr kostnaði við ríkisreksturinn. Almennt læt ég í ljós um þetta að varlega verði þó að fara, því að opinberir starfsmenn, einkum ef þeir eru aldraðir, geta átt erfitt uppdráttar, ef þeim er kastað úr embættum. Mér finnst líka vera sparnaður, þó að seinna komi, að hafa því þannig háttað að leggja niður embættin, þegar þau losna. Ég held, að það leiki nokkur vafi á því, hvort nokkur sparnaður er að þessu frv. eða ekki.

Í 61. gr. stjskr. segir svo m. a.: „Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstarf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.“ Nú er ég í vafa um, hvort hægt sé að nefna þetta því nafni, að verið sé að koma nýrri skipan á dómstólana, þó að eitt dómaraembætti sé lagt niður. En þessi dómari, sem frv. fjallar um, hefur ekki umboðsstarf á hendi. Dómsmrh. er því miður ekki viðstaddur, en frsm. er lögfræðingur, og skilst mér, að hann telji þetta vafa bundið. Ég vildi fá að heyra álit hæstv. landbrh., því að hann hefur verið dómsmrh. og er lögfræðingur. Það sem ég efa er, hvort þessi sparnaður sé ekki á móti stjskr. En þetta er ekki yfirlýsing um andstöðu við frv.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er nú svo, að það er ekki alltaf auðvelt að segja með vissu, hvernig á að skilja og skýra lög, og eru ljós dæmi um það. Beztu lögfræðingar

landsins, m. a. einn prófessor og dómari í hæstarétti, fór út í tvö mál, annað, sem snerti hann sjálfan, en hitt, sem hann ráðlagði öðrum að hefja. Hann sótti þessi mál sjálfur, en tapaði þeim báðum. Eitt atriði er aldrei samið svo, að ekki sé hægt að deila um það. Það hefur verið talið, að þetta ákvæði, sem hér um ræðir, ætti við hæstaréttardómara. Hv. 1. þm. Eyf. kom með tilfelli, þar sem um algerlega hliðstætt dæmi er að ræða. Þetta heyrir undir sama atriði, en úr því verður að skera af dómstólunum. Það eru lögð niður embætti dómara og ekki talið, að þeir væru verndaðir af þessu ákvæði, og það eru fleiri embætti en það, sem ég gegndi einu sinni. Sennilega ekki talið, að þessir dómarar hafi umboðsstarf á hendi. Það hefur jafnan verið litið svo á, að það væru dómarar hæstaréttar, sem væru verndaðir af þessu ákvæði.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það skyldi þó ekki fara svo við afgreiðslu þessa máls, að þessi embættismaður verði leystur frá störfum, en verði launaður til æviloka. Ég hef ekki séð það enn þá, en þessi ríkisstjórn ber fram frv., svo að skattsvikarar landsins geti leikið lausum hala. Embættismenn hafa lítið látið til sín taka, en ég skal ekki fara út í það. Þetta er eitt af sex eða sjö ríkisembættum, sem lagt er til, að verði lögð niður. Það sést á fjárl., að embættismönnunum er fjölgað um 10, en ekki fækkað, ef þessu embætti er svo bætt við, þá er nú minna hægt að ræða um sparnað hjá ríkisstj. Ég hefði talið, að í staðinn fyrir að leggja þetta embætti niður ætti að fara aðra leið, að lögbjóða samvinnu milli skattdómara og skattstjóra, og sú sérstaka breyt., að skattdómari hafi sjálfur framkvæmdavald til að höfða mál, ef hann telur, að um skattsvik sé að ræða. Það hefði verið bezta leiðin og ekki ólíklegt, að tekjuskatturinn hefði skilað sér betur og verið hægt að vinna með því upp embættislaun þessa manns. Reynslan sker úr því, hvort hann verður leystur frá störfum, en samt sem áður launaður til æviloka. En ég tel hitt réttara, að herða á ákvæðum um þetta atriði.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Út af ummælum hv. 6. landsk. þm. vil ég segja, að ég geri ekki ráð fyrir, að það verði mikil breyt. á eftirliti með framtali og álagningu skatta, þó að þetta embætti verði lagt niður. Ég skal engan dóm leggja á það, hvernig þetta hefur verið í framkvæmd. En maðurinn hefur verið heilsulaus, og voru til ákveðin lög um starf hans, eins og minnzt hefur verið á áður. En viðvíkjandi því, að breyt. sé gerð til að skattsvikarar geti leikið lausum hala, hefur það auðvitað ekki við neitt að styðjast. Það kann að vera, að það mætti gera á þessu einhverjar breyt. Viðvíkjandi spurningunni um þessa breyt., þá er það skoðun ríkisstj., að hægt sé að leggja þetta niður, en þó réttara að hafa frest, ef svo reynist, að það sé ekki hægt, vegna þess, að þessi dómari væri verndaður, hann fengi þá engin laun á meðan hann lifir. Hann er nú orðinn aldraður, svo að hann fær aðeins sáralítil eftirlaun. Eftir þessi 2 ár, sem hann á eftir að starfa, yrði að borga honum laun, ef litið er svo á, að hann sé verndaður af ákvæðinu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er spaugilegt að heyra, hvernig mælt hefur verið frá byrjun. Það var hæstv. landbrh., sem barðist fyrir því, að þetta embætti yrði stofnað. Síðan veitti hann manni embættið og skipaði hann skattdómara, það var ógilt af næsta ráðh. Það var ekki fyrir góðsemi, að viðkomandi maður fékk ekki dóm á sig til að borga laun allan tímann. Þá var embættið ekki lagt niður, heldur var þeim manni vikið frá, sem búinn var að fá veitingu ráðh. Síðan annar maður fékk embættið hefur hann talið aðalorsökina til, að þetta væri lagt niður, að heilsan hafi verið of góð til að láta þessa menn leika lausum hala. Það stendur styr um að leggja skattalögin niður. Ég legg til á öðru þskj. að leggja þau niður. Það er rétt að leiðrétta þá skoðun hv. 6. landsk., að verið væri að leggja starfið niður. Það er lagt til, að störf hans séu lögð undir héraðsdómara. Mér skilst, að þeir ættu að reynast harðari í rannsókn á þessum málum, til að gera þetta öruggara en það hefur verið. Landbrh. hefur látið setja lög til verndar skattsvikurunum, og nú á að fara að taka þetta af öllum þeim mönnum, sem höfðu þetta á hendi, og setja það undir einn mann. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., af því að þetta er gert af sparnaðarástæðum: Er það vitað, að spöruð sé öll sú upphæð við þessa ráðstöfun, sem felld var niður úr fjárl., — ef ekki, hver er þá áætlaður sparnaður hjá ríkisstj. í sambandi við breyt. á þessum l.? Sé hann eitthvað minni en sú upphæð, hvers vegna er sú upphæð þá ekki tekin inn í fjárlfrv., sem hugsað er að þurfi að greiða þrátt fyrir breyt. á l.? Mér skilst, að þegar tekin var þessi upphæð úr fjárl., þá hafi ríkisstj. fullvissað sig um, að það mætti spara þessa upphæð alla. Hins vegar vil ég benda hæstv. ráðh. á, að það er misskilningur hjá honum að halda, ef þarf að greiða núverandi skattdómara laun á annað borð, að það stöðvist við 65 ára aldurstakmarkið, því að hann á heimtingu á að fá laun til sjötugs, því að það er ákveðið í l., að maður skuli starfa til sjötugs, en megi samkv. eigin ósk hætta 65 ára, en geri hann það ekki, þá hygg ég, að ríkisstj. geti ekki látið manninn hætta. Hér er því ekki um 2 ár að ræða, heldur 7 ár. En hitt er meginatriðið; sparast öll þessi upphæð, sem felld er úr fjárl., ef frv. er samþ.?

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er alveg hrein unun að hlusta á þessa kómídíu hér. Það er sagt, að það fari einhverjir andar hér um salina, þegar líður að því að slíta þingi, og geri menn eitthvað skrýtna, og maður rekur sig á það í afdrifaríkari málum en þessu. Þessi dómari er orðinn svo heilagur, að hann hefur a. m. k. allan rétt sem hæstaréttardómari hefur. En það er þá rétt að upplýsa, hverju sem um er að kenna, að hann hefur tekið fyrir eitt mál, sem aldrei varð neitt úr, allan tímann. Hvað mikið er búið að greiða, get ég ekki fullyrt, en það er mikið. Í annan stað er sagt, að það sé bersýnilegt, að landbrh. hafi útbúið þessi l. og sett mann í þetta starf til þess, öðrum þræði, að skattsvikarar fengju að leika lausum hala, og þá má ímynda sér, hverja hann helzt hugsar um. En aftur á móti segir hv. 6. landsk.: Nú leika skattsvikararnir lausum hala, eftir að hann er farinn. En hann var settur til að

gæta þess, að þeir fengju að leika lausum hala, segir hinn. Finnst ykkur þetta ekki standast vel? Ég ætla ekki að fara inn á umr., sem þetta gefur tilefni til, en það er rétt, sem hv. þm. Barð. sagði, að ég hafði áður en l. voru staðfest lofað því að veita manni þetta starf og venjulega er staðið við slík loforð ráðh., og ég býst við, að hv. þm. haldi því ekki fram, að ég hafi sett þennan mann í embættið til þess að láta skattsvikara leika lausum hala, því að ég setti í þetta ágætan, ungan og duglegan mann, en fékk því ekki ráðið, vegna þess að þeir, sem á eftir komu, ógiltu það og settu í þetta mann, sem tekur fyrir eitt mál. Ætli það geti ekki skeð, að þetta höggvi nær einhverjum heldur en núv. landbrh. og þáv. dómsmálarh.? En einkennilegt má það sýnast, ef þessi dómari, sem ekkert er nema gott um að segja, álítur nú, að þjóðfélagið sé í mikilli hættu vegna þess að flestir Íslendingar séu skattsvikarar, þá hefur honum tekizt undarlega illa að ná í skottið á þeim öll þessi ár. Það mætti þykja furðulegt, að nú fyrst, þegar verið er að leggja embættið niður, þá skuli vera kvartað undan því, að l. séu ekki þannig, að hægt sé að njóta sín við starfið. Hvers vegna benti skattdómari ekki á þetta fyrir 1 eða 2 árum, meðan hann starfaði? Ég held það sé eðlilegt að láta þetta frv. ganga sína leið, og ég held við gerum engum greiða með því að ræða um það frekar, a. m. k. er áreiðanlegt, að fyrrv. dómsmrh. þarf ekki neitt að óttast í þeim umr., því að það var ekki hann, sem setti þennan dómara í starfið, sem situr í starfinu, heldur setti hann dómara í starfið, sem vissulega hefði rækt það mjög vel.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það sýnist vera óþarfi að teygja þessar umr. svona lengi, og það er óþarfi fyrir ríkisstj. að standa ráðalaus fyrir þessu eina embætti, því ef þessi maður er gegn í embætti sínu, sem ég efast ekki um, þá liggur opið fyrir ríkisstj. að þurfa ekki að gera neitt sérstakt sæti dómara fyrir þennan mann, því að það er boðið í stjskr., að það megi færa mann til í embætti. Ég sé ekki annað en það sé hægt að bjóða honum upp á eitthvert gott embætti, t. d. ef ég setti upp tærnar í Dalasýslu, þá má bjóða honum það embætti. Ég held, að ríkisstj. geti vel komizt út úr þessu máli án þess að kosta miklu til, ef áhugi er fyrir að fækka embættum á annan hátt. Nú virðist þetta embætti ekki nauðsynlegt, og bæði af þeim ástæðum og hinu, að ég efast ekki um, að þessi maður ætti að duga í venjulegt embætti, þá sýnist mér vera nokkurn veginn fram úr því ráðið, því jafnvel þó skattdómaraembættið sé stjórnarskrárvarið, þá verður að telja, að aðrir dómarar séu hliðstæðir. Ég get því ekki skilið annað en að með úrskurði stjórnarvaldanna og samkomulagi við þennan skattdómara megi ráða þessu máli til lykta án kostnaðar, sem nokkuð um munar fyrir ríkissjóð.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er hér lagt til af ríkisstj., að dómaraembættið í skattamálum verði lagt niður, en það er búið að vera í 8 ár. Hæstv. fyrrv. dómsmrh. segir, að það sé kominn tími til að leggja það niður, því þessi dómari hafi aðeins einu sinni dæmt í máli. Ég er dálítið hissa á því, að hæstv. ráðh. skuli, úr því hann fer að gefa upplýsingar, ekki fara rétt með staðreyndir, því ég hef hér plögg fyrir framan mig, sem sýna, að hér er um 3 mál að ræða; það gæti líka fleira hallazt í upplýsingum hæstv. ráðh., þegar ekki er hægt að fara rétt með þetta atriði. Það er höfðað mál á kaupsýslumann í Vestmannaeyjum, það er höfðað mál gegn aðila hér í Reykjavík og í þriðja lagi er höfðað mál gegn iðnfyrirtæki í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Ég veit ekki, hvernig þessi mál enduðu, enda hefur hæstv. ráðh. ekki upplýst neitt um það, en hann fullyrðir að ekki hafi verið höfðað nema eitt mál við þetta embætti, en þau eru 3, ef ekki 4. Svo er hér sagt, að skattsvikarar fái ekki að leika lausum hala frekar þó skattdómaraembættið sé lagt niður, af því gefið hafi verið undir fótinn með skattsvik með aðgerðalausum skattdómara. En ég vil halda því fram, að þó það væri aldrei nema það, að skattsvikarar vissu, að þetta embætti væri til, þá gæti það út af fyrir sig gefið gott aðhald. Ég man ekki betur en ríkisstj. fengi undir lok fjárl. að bæta við einum letigarði í landinu af því að barnsfeður, í vanskilum við það opinbera vegna barnsmeðlaga, yrðu skilvísari við það að vita af letigarði, sem gæti tekið við þeim, ef þeir ekki borguðu. Eins er það með eftirlitið með skattsvikum; skattsvikararnir vita nú, að það er enginn skattdómari til lengur, og í þessu tilliti gæti aðgerðalaus skattdómari verkað eins og letigarður, þegar hið opinbera býður upp á vist. Svo segja menn, að störf hans séu ekki lögð niður, heldur fari til héraðsdómara. En góður og gegn héraðsdómari segir mér, að það sé sama sem að ætla málinu enga úrlausn, því það sé ákaflega tafsamt og erfitt í framkvæmd að ætla héraðsdómurum að eltast við skattsvikara, það þurfi að fara úr einu embættinu í annað milli margra héraðsdómara og það verði engin framkvæmd úr því, og ég þykist vera það kunnugur sveitarstjórnarmálum og skattamálum, að ég sé það í hendi mér, að það er alveg rétt, það verður engin framkvæmd í þessum málum með því að ætla héraðsdómurum það, enda er kannske ekki til þess ætlazt. Ég held líka, samkv. upplýsingum hæstv. ráðh., að fari svo, að það verði að greiða þessum dómara full embættislaun vegna ákvæða stjskr., þá geti það ekki kostað ríkið laun nema 2 ár í viðbót. En svo bendir hv. þm. Barð. á, að embættismaður eigi rétt á að sitja í embætti til sjötugs, og sé það rétt, þá eru líkur til þess, að hér sé ekki um 2 ár að ræða, heldur 7 ár. Mér finnst það því miklu betri sparnaðarráðstöfun að endurbæta þetta lagaákvæði þannig, að skattdómari flytji mál og hafi aðstöðu til að starfa þannig, að ríkisskattanefnd sé gert að skyldu að hafa samráð við skattdómara og skattanefndum og skattstjórum út um land sé gert að skyldu að hafa við hann samráð, þegar vafamál er, hvort ekki sé um skattsvik að ræða, og hann fái lagaheimild til þess að höfða mál sjálfur. En samkv. l. hefur hann engan rétt til að höfða mál, og hann hefur aldrei getað farið í mál út af skattsvikum, nema kæra hafi borizt frá einhverri skattanefnd, skattstjóra eða ríkisskattanefnd, en það hefur ekki verið kært oftar en þetta, í 3 eða 4 tilfellum. Þegar skattdómari hefur ekki rétt til að eiga frumkvæðið að l., þá finnst mér böndin berast að skattanefndum og ríkisskattan. frekar en að embættismanni, sem ekki hefur fengið heimild til

þess að höfða mál, og ég fæ ekki betur séð en að það ætti að búa þannig um l., að þessi embættismaður fengi aðstöðu til að starfa og njóta sín. Rétta svarið frá hendi Alþ., þegar hann var búinn að segja, að nærri hver maður á Íslandi væri skattsvikari, finnst mér ekki vera það að leggja embættið niður, nema því aðeins, að meiningin sé að bera blak af skattsvikurunum, heldur hitt, að skapa aðstöðu þessum embættismanni til að taka í taumana. En það hefur ekkert komið fram frá hendi ríkisstj. í þessa átt. Ég fæ ekki séð, hvaða samband er á milli þess, sem hv. þm. Barð. talaði um áðan, að vegna þess að skattal. væru brotin samkv. upplýsingum skattdómara, þá sé það eitt af mörgu, sem hnígi undir það, að það beri að afnema skattal. Vitanlega eru fjöldamörg l. brotin, og dettur þó engum í hug, að það sé sönnun þess, að það eigi að afnema þau. Fyrir mér er það bending um, að það beri að reisa rammar skorður við því, að það sé gert, og þau séu rétt framkvæmd, svo að l. nái þeim tilgangi, sem þeim er ætlað. Þetta átti að gera hér. Það hefði átt að búa svo um hnútana, að skattdómari gæti höfðað mál hvenær sem honum sýndist og kveðið upp dóma í skattamálum, en þessa heimild hefur brostið hingað til og gerir það að verkum, að ekki eingöngu er hægt að sakfella þennan embættismann um vanrækslu í störfum. Það hefur ekki verið búið að honum frá löggjafans hendi sem skyldi, en það bar Alþ. að gera.

Gísli Jónsson: Mér fannst á svari hæstv. landbrh., að hann hefði misskilið mín ummæli. Ég vil taka það fram, að ég hef aldrei ásakað hæstv. ráðh. fyrir að vera með því að koma l. á eða veita þessum manni, sem við erum sammála um, að hafi verið ágætur maður, starfið. Mér fannst einnig í ræðu hans koma fram, að það lægi eitthvað annað á bak við þetta frv. heldur en sparnaður, og ég vil sérstaklega undirstrika það, þegar hann gengur fram hjá beinum fyrirspurnum, sem d. á kröfu á að fá svarað frá hæstv. ríkisstj., og mínar fyrirspurnir voru þannig, að það er engin ástæða til að ganga framhjá þeim. — Ég sé, að hæstv. fjmrh. er kominn í d., og vildi ég því endurtaka þessar fyrirspurnir: Hvaða sparnaður var hugsaður, þegar felldur var niður úr fjárl. kostnaður við skattdómarann? Var hugsað að spara alla þá upphæð, eða var hugsað að spara einhvern hluta af þeirri upphæð, og hvers vegna var þá ekki sá hluti tekinn í fjárl.? Því að það hefur komið fram við þessar umr., að menn eru ekki á eitt sáttir um það, hvort hægt sé að spara nokkuð af upphæðinni. Nú kom það fram hjá hæstv. ráðh., að hann er sammála mér um að leggja þetta embætti niður, af því að viðkomandi maður, sem hefur starfað í 8 ár, hefur ekki fellt dóm nema í einu máli, en tekið fyrir þrjú mál. En hinir ýmsu dómsmrh., sem setið hafa síðan 1942, hafa alltaf haft möguleika til þess, ef þeim hefur þótt vera nægileg ástæða fyrir hendi, að finna að embættisrekstrinum eða setja annan mann í embættið, ef maðurinn hefur verið svo veikur, að hann hafi ekki getað sinnt starfinu, en það fannst mér vera aðalástæðan hjá hæstv. ráðh., að maðurinn hafi verið svo heilsulaus öll þessi ár, að hann hafi ekki getað sinnt þessu starfi betur en gert hefur verið, að honum hefur tekizt að dæma eitt mál, en rannsaka tvö. En þá átti að fara inn á aðra braut, ef þetta var aðalástæðan. En ef ástæðan er sú, að það eigi að spara og þetta sé ein af sparnaðartill. ríkisstj., þá átti að spara þá upphæð, sem var í fjárl., þ. e. laun skattdómara, þá átti að gera ráð fyrir því, að hann væri annaðhvort settur í annað embætti eða gera samkomulag um að taka hann inn á fjárl., eftir að þessi l. verða staðfest. Nú kom hv. 11. landsk. með ágæta till. í þessu máli, að það sé ekkert að gera við þennan mann annað en að setja hann sýslumann í Dalasýslu, eftir að hv. 11. landsk. hefur lagt upp laupana. Ég hef aldrei haldið, að það væri mikið verk að vera sýslumaður í Dalasýslu, en ég hef aldrei haldið, að það væri svo lítið verk, að það væri ekki meira en að dæma eitt mál, en nú lýsir hv. 11. landsk. því yfir, að það sé svo lítið verk að vera sýslumaður í Dalasýslu, að þessi maður geti tekið við af sér, eftir að hann er þá búinn að lýsa Dalamönnum þannig, eins og hann gerði nýlega, að þeir séu allra mestu skattsvikarar landsins. Það hlýtur því eitthvað að liggja á bak við það, að slíkir menn eigi að fá skattdómarann fyrir yfirvald. — Í sambandi við það, sem hv. 6. landsk. sagði, að það væri ekki rétt að leggja til að afnema skattal., þó að þau væru brotin, þá vil ég benda honum á það, að einmitt vegna þess að það er alls staðar orðið viðurkennt, að skattal. eru þannig, að svo að segja hver þegn brýtur þau, eins og skattdómarinn hefur fellt dóm um, þá er eitthvað rotið við slík l. Þau eiga engan rétt á sér hjá þjóðinni, þegar hver maður brýtur þau, og þá er bezt að afnema þau. Þess vegna er engin ástæða til þess að halda skattdómaranum og engin ástæða til að halda skattal., heldur á að afnema hvort tveggja, og þess vegna tek ég þessa afstöðu, að ég vil, að hvort tveggja sé afnumið.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það var út af þessari fyrirspurn hv. þm. Barð., að stj. hefði þann hátt að leggja fram nokkur frv. um sparnað, leggja niður embætti flugmálastjóra, loðdýraræktarráðunautar og skattdómara, og svo stæðu ekki í fjárlfrv. neinar greiðslur til þessara embætta á árinu 1951, og hann spurði, hvernig þetta yrði, þegar það kæmi til framkvæmda. Það má vera, að ríkið þurfi að greiða þessum mönnum nokkra mánuði, og mundi það þá koma eins og önnur útgjöld, sem skylt er að inna af hendi, og má kannske segja, að rétt hefði verið að gera ráð fyrir þessu í fjárl., en af því að óvissa var um, hvernig þetta yrði, þótti rétt að nema burt úr fjárl. laun þessara starfsmanna og annan kostnað við þessi störf. Um skattdómaraembættið er það að segja, að það hefur ekkert gagn að því orðið. Það hefði verið hægt að rannsaka allt að einu þessi þrjú mál og dæma í þessu eina máli, þó að ekki hefði verið fastur maður í því allan þennan tíma, svo að þetta fyrirkomulag hefur alls ekki reynzt heppilegt. Það fæst því ekkert fyrir kostnaðinn við embættið. Hitt er annað mál, að um það má deila, hvort stofna ætti annað embætti í þess stað með öðru verksviði. En það, sem stj. festir sig hér við, er að losna við óþarfa útgjöld. Þetta yrði

þá að athuga um leið og skattal. eru endurskoðuð og koma fyrir öðruvísi málarekstri út af skattamálum.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég ætlaði ekki að segja meira í þessu máli, en ég hef verið að líta kringum mig í kvöld, og mér sýndist hann fjandi uppgenginn fyrir Trítilinn, það voru éljadrög, og kom þruma að lokum hjá hv. þm. Barð. Hann lét sér ekki nægja að ráðast á mína persónu, heldur lagði hann undir sig allt mitt lögsagnarumdæmi. Hann bar það fram, að ég hefði sagt um Dalamenn, að þeir væru mestu skattsvikarar á landinu. Ég hef aldrei talað það, að þeir væru skattsvikarar, ég held þvert á móti, að þeir séu minnstu skattsvikarar landsins. Ég vil benda honum á það, að ég þori að fullyrða, að skattsektir eftir síðustu l. hafa orðið margfalt meiri í Barðastrandarsýslu en í Dölum. Og hvað þýðir það? Það veit allur þingheimur. Ég ætla ekki að drótta því að hv. þm., að hann sé skattsvikari, þó að ríkisskattanefnd hafi kannske ekki þurft að hækka eins mikið á nokkrum manni á landinu og honum, þegar hún fór að rannsaka framtal hans og annarra manna. Mönnum getur skeikað í útreikningum sínum, án þess að það sé gert að yfirlögðu ráði. Við megum því ekki kalla alla skattsvikara, sem geta bilað í sínum útreikningum, þegar þeir eru að telja fram. Það er ekki hægt. Það hefur einu sinni verið hækkað á mér í ríkisskattanefnd, vegna þess að ég taldi ekki þingmannslaun mín til tekna; það er í eina skiptið, sem hefur verið hækkað á mér, en ég hef vitað misjafnt litið á það málefni og að Norðlendingar og þeir austan Fúlalækjar hafi frísprok um það efni.

En um það, að þessi maður, sem hér var gerður að umtalsefni, gæti ekki þjónað sýslumannsembætti, þá hef ég ekki heyrt, að hann hafi verið eða sé neinn vesalingur, andlega eða líkamlega, svo að hann geti ekki gegnt embætti, en allir geta veikzt um tíma. Það hefur ekki verið krafizt meira starfs af honum. Ég tók sem dæmi, að hann mundi geta gegnt sýslumannsembætti í Dölum, því að ég gæti verið talinn sízt líklegur til langlífis af sýslumönnum landsins, en ég efast ekki um, að hann gæti eins þjónað t. d. Barðastrandarsýslu.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Þessar umr. eru nú svo víðfeðmar og háfleygar, að ég treysti mér ekki til að taka þátt í þeim.

Það var ekki mín meining, að hv. 6. landsk. þm. hefði farið rangt með, en það var um mismunandi orðalag að ræða um þau störf, sem þessi dómari hefði framkvæmt. Ég sagði, að hann hefði ekki höfðað mál gegn nema einum manni, en hann sagði, að hann hefði hafið mál, og það er allt annað. Hann er því að tala um allt annað atriði en ég, þegar hann telur málin þrjú. Þetta orðalag er hefðbundið í lögum, og ég vil því ekki fallast á, að ég hafi farið með rangt mál. — Að öðru leyti tek ég ekki þátt í umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 45. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 460).

26. Gengiskráning o. fl. (stjfrv.).

Á 5. fundi í Nd., 19. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. [33. mál] (stjfrv., A. 47).

Á 7. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta er staðfesting á bráðabirgðalögum, gefnum út í sambandi við gengislögin 1950. Er farið var að athuga um framkvæmd á þessum lögum, kom í ljós, að hún mundi verða örðug, ef þessi breyt. yrði ekki gerð: að skattstjórinn í Rvík beri ábyrgð á skattlagningunni. Hún stefnir sem sagt að því að gera framkvæmdina einfaldari og umsvifaminni en ella mundi. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 100).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. Það er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 30. júlí s. l.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 16., 22., 24., 25. og 28. fundi í Nd., 6., 16., 20., 21. og 27. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 47, 158, 205).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. flytur hér brtt. á þskj. 205 snertandi 12. gr. l., sem er um stóreignaskatt. Þessar till. eru fluttar eftir ábendingu skattstjóra og í samráði við fjmrh. og viðskmrh. Í a-lið till. felst skýrara ákvæði um skiptingu á skattgreiðslum, þegar um

er að ræða skatt manna, sem eru hluthafar eða þátttakendur í félagi, hvað maður á að greiða sjálfur og hvað félaginu ber að greiða. Síðasti liðurinn er ákvæði um skiptingu á skatthluta milli félaga í þeim tilfellum, þegar félag á hlutdeild í öðru félagi. Hér er ekki um neina efnisbreyt. að ræða á l., heldur ákvæði um framkvæmdaratriði, og þeir, sem stóðu að lagasetningunni, eru sammála um það, að framkvæmdin eigi að verða með þeim hætti, sem verður, ef till. þessar verða samþ.

Gísli Guðmundsson: Ég hef ekki tekið eftir því, að hæstv. viðskmrh. hafi mælt fyrir till., sem hann flytur hér á þskj. 158 og nú er á dagskrá. En í sambandi við þessa till. hefði ég viljað beina fyrirspurn til hæstv. ráðh. Brtt. 158 er um það að fella niður 1., 2. og 3. málsgr. 11. gr. l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. 1. málsgr. er um það, að lagt skuli framleiðslugjald á verðmæti tiltekinna sjávarafurða, sem nýju togararnir afla, 2. málsgr. um það að leggja framleiðslugjald á hvalafurðir og 3. málsgr. er um það, til hvers þessum tekjum skuli varið, sem þannig eru innheimtar.

1.—3. málsgr. 11. gr. l. hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Framleiðslugjald skal lagt á verðmæti þeirra sjávarafurða, sem nýju togararnir afla, hvort sem þeir leggja afla sinn hér á land eða selja hann erlendis. Ef aflinn er ísfiskur, sem seldur er erlendis, skal gjaldið lagt á aflaverðmæti, sem er umfram £ 8.500 brúttó í söluferð, áður en útflutningsgjöld, tollur og löndunar- og sölukostnaður er frá dregið. Ef sala í tveimur næstu söluferðum á undan hefur numið lægri fjárhæð en £ 8.500 í söluferð að meðaltali, skal heimilt að draga það, sem á vantaði, frá gjaldskyldri fjárhæð. Gjaldið skal nema 25% af því, sem er umfram £ 8.500 sölu. Gjaldið skal tekið af óskiptum afla, þannig að ekki skal reikna aflaverðlaun eða annan hlut af þeim hluta andvirðisins, sem tekið er með þessu gjaldi. Af brúttó verðmæti sjávarafurða nýju togaranna, annarra en ísfisks og síldar, skal greiða 10%. Verðmæti þessa afla skal metið af þriggja manna nefnd, er ríkisstj. skipar, og skal hún miða við gangverð afla upp úr skipi á hverjum stað.

Útflutningsgjald skal lagt á hvalafurðir og nema 10% af útflutningsverðmætinu.

Framangreindu framleiðslugjaldi skal varið samkvæmt fyrirmælum fjárlaga í lánveitingar til hraðfrystihúsa, sem byggð eða endurbyggð hafa verið á tímabilinu frá 31. des. 1945 til 31. des. 1949 og eigi hafa fengið lán úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins. Þegar því er lokið, skal framleiðslugjaldinu varið til að standa straum af og endurgreiða skuldir ríkisins, sem myndazt hafa í sambandi við togarakaup, ábyrgðargreiðslur og aðrar ráðstafanir og framkvæmdir í þágu sjávarútvegsins á liðnum árum, og því næst til að greiða önnur útgjöld ríkisins."

Samkv. þessari gr. er þessu framleiðslugjaldi, sem hér er lagt til að verði fellt niður, ráðstafað á sérstakan hátt, til þess að annast lánveitingar til hraðfrystihúsanna, sem byggð hafa verið eða endurbyggð frá 1945—1949. En þannig er þetta til komið, að hraðfrystihúsin, flest þeirra, munu hafa fengið vilyrði frá nýbyggingarráði um það, að þeim yrði veitt lán úr stofnlánadeild sjávarútvegsins, og svo mun ekki hafa verið hægt að standa við það, sem um var talað í því efni, þar sem fé er ekki fyrir hendi í stofnlánadeildinni, og var þá þetta fé, sem þarna átti að taka, ætlað til þess að bæta úr fyrir þessum aðilum. Það var á sínum tíma talin mikil þörf á því að sjá fyrir lánsfé í þessu skyni, og má benda á það sem sönnun fyrir því, að sú þörf er fyrir hendi, að af hálfu ríkisstj. hefur hvað eftir annað verið tekin upp heimild í fjárl. um ríkisábyrgð á einhverju slíku fé til hraðfrystihúsanna, en það fé hefur ekki verið fyrir hendi, og var því ætlað að vera fyrir hendi að einhverju leyti með þessu ákvæði. Það má vel vera, þó ekki hafi verið gerð grein fyrir þessari brtt., að það hafi verið mikil þörf að fella niður framleiðslugjaldið, a. m. k. á afurðum togaranna; þó skil ég ekki, hvers vegna jafnframt er lagt til að fella niður gjald af hvalafurðum. Í þessu sambandi vildi ég spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvort eitthvað hafi verið hugsað fyrir því, á hvern hátt yrði bætt upp það tjón, sem þeir aðilar, sem þarna eiga hlut að máli, hraðfrystihúsin, verða fyrir við það, að þessi ákvæði eru felld niður, því að ég get ekki séð, að það geti verið framkvæmanlegt að fella þetta ákvæði, framleiðslugjaldið, niður, nema jafnframt sé eitthvað gert til þess að bæta upp þetta tjón.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Út af ræðu hv. þm. N-Þ. vil ég taka það fram, að það hefur komið í ljós, að afkoma togaranna er þannig, að þeim hefur ekki verið kleift að greiða þetta gjald. Eftir því sem ég veit bezt hafa 2 eða 3 skip greitt þetta gjald af öllum þeim skipum, sem lagt hafa afla á land. Þegar l. voru sett, þá var lýst yfir, að það væri ekki tilgangur l. að leggja þetta gjald á taprekstur, en það hafði verið gert ráð fyrir því af þeim, sem l. settu, að afkoma togaranna mundi verða svo góð eftir gengisbreyt., að rekstur þeirra mundi þola gjaldið. En skömmu eftir að l. voru sett urðu ýmsar mjög róttækar breyt. í sambandi við rekstur togaranna, sem öllum eru kunnar og ekki er þörf að fara út í, sem urðu m. a. þess valdandi, að allir íslenzku togararnir hættu nokkuð snemma á vertíðinni að flytja ísvarinn fisk til Bretlands, og þeir reyndu að bjarga sér með því að salta aflann eða leggja hann á land til bræðslu. Þessi till. er fyrst og fremst fram komin af þessum sökum og eins hitt, að við þá samninga, sem gerðir voru milli útgerðarmanna og sjómanna, þá var það einn höfuðþátturinn í þeim samningum, að þetta gjald félli niður, því að öðrum kosti töldu útgerðarmenn sér ekki fært að standa við þá samninga, sem gerðir voru. Það er rétt, að í þessari till. er einnig lagt til, að gjald verði látið falla niður af hvalafurðum og það af þeim ástæðum, að þetta eina félag, sem rekur hvalveiðar hér við land, hefur mjög slæma afkomu. Það er að vísu gert ráð fyrir, að afkoman verði betri á þessu ári, en mér fannst allt mæla með því, að þetta gjald héldi ekki áfram að hvíla á þessari framleiðslu meðan hún bærist í bökkum og ekki er sýnt, hvernig hennar afkoma verður í náinni framtíð.

Einar Olgeirsson: Hæstv. viðskmrh. upplýsti, að þessi till., sem hann hefur flutt, væri flutt

vegna þess, að það hefði verið höfuðþáttur í samningum við togaraútgerðarmenn, að þetta gjald félli niður. Það er ánægjulegt, að þessi till. er komin fram, en betra hefði verið, að þetta hefði aldrei komið inn í l., eins og hæstv. stj. var bent á í vor, en þá vildi hún halda rígfast í þessar álögur, sem eru í 11. gr., en verður nú að viðurkenna, að þessar álögur hafa verið einn þáttur í því, að samkomulag gæti náðst milli togaraeigenda og sjómanna. Ég held, að þegar þessi brtt. kemur fram frá hæstv. viðskmrh., þá gefi það ástæðu fyrir hv. þm. til að athuga, hvort það hefði ekki verið óhætt, þó að sjálf stj. flytti frv., að athuga ofurlítið það, sem stjórnarandstaðan hefur að flytja, en berja ekki málin í gegn af öðru eins offorsi og gert var í vor með gengisskráningarlögin. Það voru önnur lög samtímis fyrir þinginu, l. um hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum. Það er enginn efi á því, að ef þingið hefði borið gæfu til að samþ. þessi l. og ef þessi gr. hefði ekki verið sett, þá hefðum við að líkindum komizt hjá þeirri löngu stöðvun togaranna, sem varð. Ég vil aðeins benda á þetta í tilefni af þessari till. hæstv. viðskmrh. Annars verð ég þessari till. meðmæltur. Hitt er annað mál, að í 3. málsgr. 11. gr. eru ákvæði, sem áttu að stuðla að því, að hraðfrystihús, sem hafa orðið útundan, fengju lán. Sannleikurinn er sá, að ríkinu bar að hjálpa þessum aðilum, og það er hægt að gera það, eins og sýnt hefur verið fram á hér, með því að auka framlag stofnlánadeildarinnar eða með því að láta standa það upphaflega framlag, sem seðlabankinn lagði fram, 100 millj. króna. Það hafa verið flutt frv. um það hvað eftir annað, og hæstv. viðskmrh. hefur m. a. flutt slíkt frv., en það hefur verið stöðvað, af því að stj. vildi ekki láta halda málinu áfram, vafalaust af því að stjórnarandstaðan hefur lagt að hæstv. ríkisstj. að fá þetta mál fram. Við munum, að hæstv. viðskmrh. hefur upplýst, hvaða munur sé á vöxtum, sem ríkið hefur orðið að greiða með því að veita togaraeigendum lán með þeim kjörum, sem stofnlánadeildin veitir, en taka sjálf lánið með víxilvöxtum í Landsbankanum. Ef hv. þm. N-Þ. vill hjálpa hraðfrystihúsunum, þá vil ég benda honum á, að bezta ráðið til þess er að auka stofnfé stofnlánadeildarinnar upp í 100 millj. kr., og það er síður en svo ofvaxið fjárhagslegri getu Landsbankans. Ef við viljum bæta úr þeim skakkaföllum, sem hér hafa orðið, þá er þetta eðlilegasta leiðin, og ég vil gjarnan stuðla að því, að hún verði farin.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að hann hefði sagt fyrir um það, þegar gengisbreytingarlögin voru til umr., að svona mundi fara. Það kann vera, að hann hafi sagt eitthvað slíkt þá, en þá var engin ástæða til að segja það. Þá var allt, sem benti á, að togararnir gætu staðið undir þessu gjaldi, og enginn vissi þá, að togarastöðvunin mundi verða eins löng og raun bar vitni, heldur var gert ráð fyrir, að hún mundi ekki vara nema skamman tíma. En svo varð sú raunin á, að stöðvunin varð miklu lengri en nokkur hafði búizt við, svo að þetta fer fyrir ofan garð og neðan hjá hv. þm. Hann segir eins og fyrr, að ekki hefði staðið á samningum milli sjómanna og útgerðarmanna, ef þessi ákvæði hefðu verið í l. Ég vil lýsa yfir, að þetta er alrangt, vegna þess að ríkisstj. tilkynnti útgerðarmönnum, þegar þetta var til umr., að ef þetta ákvæði stæði fyrir samningum, þá mundi stj. leggja til, að þessi skattur væri afnuminn. Þetta vissu útvegsmenn alltaf, svo að það varð aldrei nein hindrun fyrir, að samningar gætu tekizt.

Finnur Jónsson: Ég hef veitt því eftirtekt, að þessi brtt. frá hæstv. viðskmrh. nær ekki til síðustu málsgr. 11. gr. þessara l., en við hana munu ef til vill liggja fyrir bráðabirgðal. frá hæstv. ríkisstj. Ég hefði talið, af því að ég hygg, að það sé ekki búið að afgr. það mál enn þá, að rétt væri, að þessi till. hæstv. ráðh. næði einnig til síðustu málsgr. Samkv. yfirlýsingum þeim, sem hæstv. ríkisstj. gaf, þegar mál þetta var til afgreiðslu, og hefur ítrekað nú, var ekki ætlunin að leggja þessi gjöld á taprekstur. En þegar ákveðið var bræðslusíldarverð í sumar og einnig þegar ákveðið var verð á síld til söltunar, var gert ráð fyrir, að þetta gjald yrði greitt, og vegna þess var bræðslusíldarverðið ákveðið um 10 kr. lægra a. m. k. á mál og saltsíldarverðið 15—20 kr. lægra á tunnu. Síldarútgerðarmenn og sjómenn hafa því fengið mun lægra verð fyrir síldina en verið hefði, ef þetta gjald hefði ekki verið innheimt á sínum tíma. Það mælir því öll sanngirni með því, að þetta gjald verði endurgreitt til síldarútgerðarmanna og síldarsjómanna. Ég hafði haldið, að í bráðabirgðal. væri eitthvert ákvæði um þetta, en ég hef ekki getað séð það í þskj. og vildi gjarnan mega athuga málið nánar og væntanlega flytja brtt. við þessa eða næstu umr. málsins.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. sagði, að það væri alveg rangt, að þetta hefði verið ein af hindrununum fyrir því, að samningar hefðu náðst á togurunum. Hæstv. ráðh. hefur sjálfur sagt í sinni fyrri ræðu, að þetta atriði hafi verið höfuðþáttur í samningum milli útgerðarmanna og sjómanna. Og þá er nokkurn veginn rökrétt ályktun af því, að það, sem var höfuðþáttur í samningunum, hafi einnig verið höfuðþáttur í því að koma viðkomandi deilu af stað. Eitt af því, sem útgerðarmenn hafa reiknað með, þegar þeir stöðvuðu togarana, er þetta gjald. Þeir reiknuðu með því í sínum rekstrarútgjöldum. Það komu oft til n. og hæstv. ríkisstj. fulltrúar frá botnvörpuskipaeigendum, meðan gengisfellingarl. voru til umr., sérstaklega til að fara fram á að fá þetta ákvæði fellt burt. Það er því gefið, að togaraútgerðarmenn hafa reiknað með þessum útgjaldalið sem einu af því, sem þeir yrðu að standa undir. Hitt er annað mál, að þegar togararnir eru stöðvaðir og stöðvunin er farin að standa nokkurn tíma og valda erfiðleikum, þá segir hæstv. stj. við togaraeigendur, að hún vilji láta gjaldið falla niður. En það kemur ekki í bága við það, að betra hefði verið, ef hæstv. stj. hefði farið þá leið að sníða þennan galla af strax. Ég held því, að það sé ekki rangt til getið hjá mér, að ef þetta ákvæði hefði ekki verið sett í gengisbreytingarlögin, þá væru miklar líkur til, að unnt hefði verið að afstýra togaradeilunni. Ég held, að það sé rétt afleiðing, sem ég dró af því, að það hefði gjarnan mátt taka

meira tillit til þess, sem fram kom frá hendi stjórnarandstöðunnar í máli eins og gengisfellingunni.

Hæstv. viðskmrh. segir svo, að það gæti verið, að ég hefði sagt, að það mundi verða erfitt með ísfiskinn, en það hefði a. m. k. ekki verið hægt að sjá það fyrir. Það var ekkert einstakt þetta með ísfiskinn. Hæstv. ráðh. er kannske búinn að gleyma, hvaða forsendur voru fyrir gengislækkuninni. Þær byggðust ekki aðeins á ísfiskinum, heldur einnig á verði á freðfiski. Í grg. er talað um 93 aura verð á freðfiski. En hvað gerist svo? Þegar gengisbreytingarlögin eru til umr., er upplýst í fjhn. af fulltrúum útvegsins, og það muni verða lækkað verð á fiskinum, sem keyptur er af hraðfrystihúsunum, ekki aðeins í 85 eða 75 aura, sem var fiskábyrgðarverð, heldur jafnvel niður í 65 aura. Hvað gerði hæstv. ríkisstj. í sambandi við það? *Hún ræddi þetta ekki, hún lét sem vind um eyrun þjóta allar staðreyndir um ísfiskmarkaðinn* í Englandi og stöðvun togaranna og yfirvofandi lækkun á freðfiski.

Ég vildi aðeins segja þetta vegna þess, að hæstv. ráðh. vildi láta líta svo út, að það kynni að hafa verið, að einhverjir þm. hefðu sagt eitthvað í þessa átt, en almennt hefði það ekki verið vitað. Jú, það var almennt vitað, en hæstv. ríkisstj. vildi byrgja staðreyndirnar og ekki einu sinni láta þær koma fram fyrir þingmeirihlutann, það var verið að berja hausnum við steininn.

Hins vegar vil ég ítreka það, sem ég sagði viðvíkjandi 3. málsgr. Ég held, að heppilegt væri að eitthvað væri gert til að bæta það, sem ég býst við, að hafi verið tilgangur hæstv. stj., þegar þetta var samþ., að finna einhverja skynsamlega leið til að grynna á skuldum hraðfrystihúsanna.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): *Ég skal ekki* fara út í að deila við hv. 2. þm. Reykv. um gengisbreytingarlögin. Það er mál, sem mundi taka allt of mikinn tíma. En ég vil benda honum á, að freðfisksverðið kemur þessu máli ekki við. Það hefur ekkert að segja um afkomu togaranna í heild. Freðfisksverð og saltfisksverð lýtur öðrum lögmálum en fiskur, sem er verkaður í togurum.

Út af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, skal ég taka fram, að ástæðan fyrir því, að síðasta málsgr. 11. gr. var ekki tekin inn í þetta frv., er sú, að gr. sjálf ber í sér heimild til að lækka þetta gjald. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ef sumarafli skipa, er veiða í snurpinót, er minni en 6000 mál pr. skipshöfn að meðaltali, er ríkisstj. heimilt að lækka gjaldið. Ef afli er minni en 4000 mál pr. skipshöfn að meðaltali, er ríkisstj. heimilt að fella það niður.“ Það er því svo, að ef það kemur á daginn, að útgerðin getur ekki staðið undir gjaldinu, *þá hefur ríkisstjórnin heimild til að fella* gjaldið niður. Hvað endurgreiðslu gjaldsins snertir, þá mun hafa verið einhver ágreiningur um, hvernig slík endurgreiðsla ætti að fara fram til sjómanna eða útgerðarmanna og verksmiðja. Mér er ekki kunnugt um, hvort búið er að taka endanlega ákvörðun um það, enda tilheyrir það ekki mínu ráðuneyti.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það má vel vera, að hæstv. ríkisstj. hafi fulla ástæðu til þess að leggja til, að 11. gr. gengislaganna félli niður. Það mætti samt láta sér detta í hug, að það væri ekki svo nauðsynlegt að fella hana skilyrðislaust niður. Það hefði mátt láta sér detta í hug, að það hefði nægt, meðan togararnir væru reknir með tapi eða verið væri að vinna upp tap, að hæstv. ríkisstj. hefði heimild til að láta niður falla innheimtu á þessu gjaldi. Niðurstaðan af þessu verður sú, ef þessi breyt. verður samþ., að það er kippt til baka því fyrirheiti, sem gefið var í 11. gr. l. um það, að þau frystihús, sem hefðu orðið illa úti í sambandi við lántökur á sínum tíma á árunum 1945—49 eða þar um bil, fengju liðsinni, svo að þau standa þá uppi allslaus og aðstoðarlaus. Eins og hv. þm. N-Þ. tók fram, munu flest þessi frystihús hafa ráðizt í byggingar á þessum tíma samkv. loforði, sem nýbyggingarráð gaf um lán úr stofnlánadeild. Ég vil nú spyrja hæstv. viðskmrh., hvort hæstv. *ríkisstj. hugsi ekki til þess að reyna eitthvað* að ráða fram úr þeim vandræðum, sem þessi frystihús eru í. Það er ekki eingöngu svo, að þessi frystihús hafi loforð frá nýbyggingarráði um stofnfé, heldur sum jafnvel loforð frá hæstv. fyrrv. fjmrh. um fulla fyrirgreiðslu. Eins og tekið hefur verið fram í umr., hefur sú samþykkt verið í fjárl. undanfarandi ára, að ríkisstj. hefur verið á hverjum tíma heimilt að veita þessum frystihúsum ákveðna fjárhæð eða a. m. k. aðstoð til að útvega slík lán. Það væri því æskilegt að heyra, hvað hæstv. ríkisstj. hugsar sér, hvort hún ætlar að láta málið niður falla, svo að frystihúsin verði skilin eftir á því skeri, sem þau hefur borið upp á, án þess að alvarleg viðleitni verði sýnd til að greiða úr vandræðunum, svo að hægt verði að ljúka þeim byggingum, sem ráðizt hefur verið í, og hins vegar hvort hægt sé að gera þau starfhæf, því að þó að hægt sé að ljúka byggingunum, þá hefur það verið svo, að lánin, sem tekin hafa verið, hafa verið svo dýr, að ekki er hægt að hugsa sér, að hægt sé að starfrækja húsin með slíkum kjörum, hvorki að því er snertir vaxtakjör né lengd lánstíma.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Ríkisstj. eru ljósir þeir örðugleikar, sem ýmis hraðfrystihús hafa við að stríða og hv. 2. þm. N-M. gat um. Það hefur ekki tekizt að fá tekjur samkv. þessari lagagrein, og það þýðir ekki, eins og komið er, að vænta, að þessar tekjur komi þaðan í bráð. En stj. hefur fullan hug á að líta á örðugleika þessara aðila og hefur nú í athugun, á hvern hátt sé hægt að bæta úr því, sem þessar tekjur í 11. gr. áttu að gera.

Finnur Jónsson: Ég sé, að þetta er 3. umr. málsins í þessari d. Ég hef þess vegna hugsað mér að leggja fram brtt. á þessum fundi við brtt. hæstv. viðskmrh. *Hæstv. ráðh. hefur skilið eftir eina máls*gr. af þessari gr., en þar stendur, að framleiðslugjald skuli lagt á allar síldarafurðir aðrar en þær, sem fluttar eru út fullverkaðar í smápökkum til manneldis, og skal það nema 8% af útflutningsverðmæti þeirra. Nú hlýtur hv. þm. að vera ljóst, að ef þessi ákvæði eru haldin, verður það til þess að lækka verð þessarar vöru til viðkomandi útvegsmanna og fiskimanna sem þessu gjaldi nemur. Þegar nú hefur orðið aflabrestur eitt sumar enn, virðist ekki vera óþarfi að halda þessari heimild.

Mér virðist það vera óskiljanlegt, að Alþingi sér

réttlæti í því að afnema þetta gjald af öllu öðru en síldarafurðum. Ég þykist vita, að ráðh. verði mér sammála um, að það beri að fella niður framleiðslugjald af síldarafurðum. Ég treysti því, að ég fái stuðning ráðh. og síðasta málsgr. 11. gr. l. falli niður.

Mér er kunnugt um, að það olli ágreiningi í sumar, hvernig haga skyldi endurgreiðslu á þessu gjaldi. Útvegsmenn héldu því fram, að síldarverð til söltunar og bræðslu væri ákveðið með hliðsjón af því, að þetta skyldi greitt í ríkissjóð. Var alveg fullkomlega gert ráð fyrir þessu gjaldi, og lækkaði það verðið til sjómanna á bræðslusíld um 10 kr. málið.

Ég leyfi mér enn fremur að bera fram brtt. um, að endurgreiða skuli síldarútvegsmönnum og sjómönnum framleiðslugjald, sem innheimt hefur verið af fersksíldarverði til söltunar og síldarbræðslu á sumrinu 1950. — Ég byggi það á áætlun S.R., sem ég gæti lagt fyrir Alþingi, en hún sýnir, að útflutningsgjaldið er dregið frá síldarverðinu.

Ég verð að biðja hæstv. forseta að leyfa undanþágu fyrir till., og leyfi ég mér að leggja hana fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 235) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þetta mál kemur við hæstv. sjávarútvegsmálaráðh., og ef til vill hefur hann tekið ákvörðun um það. En þar sem þessi till. kom fram svo skyndilega, óska ég eftir, að málinu verði frestað til þess að hann geti verið viðstaddur umr.

Umr. frestað.

Á 30. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 47, 158, 205, 235).

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég verð að láta í ljós undrun yfir brtt. hv. þm. Ísaf., sérstaklega af því að hann veit, að þessu máli er löngu ráðið til lykta. — Er lögin voru sett, var ákveðið, að lagt skyldi þar gjald á sjávarútveginn. Það er heimilað í l. að láta þetta gjald niður falla, ef meðalafli á nót yrði minni en 3000 mál, en hluta af því, ef aflinn væri undir 6000 málum. Er S.R. voru að taka ákvörðun um, hvað þær vildu greiða fyrir síldina og eftir að ákveðið var að greiða 65 kr. fyrir málið, lýsti framkvstj. S.R. yfir, að ef aflinn yrði minni en 500 þús. mál til S.R., þá mundi atvmrh. fá heimild til að fella niður þetta gjald, og vildi hann, að það rynni til S.R.

Ég sagði honum, að þetta kæmi ekki til mála, því að ef aflinn brygðist, þá mundi það renna til hallarekstrar á bátaútveginum og verksmiðjanna, og hefði það vakað fyrir okkur, að niðurfelling gjaldsins kæmi báðum aðilum til framdráttar.

Framkvstj., Sig. Jónsson, rökstuddi sína málaleitan með því, að ef S.R. fengju ekki þessi 500 þús. mál, þá gætu S.R. ekki staðið undir þessu verði. Ég játaði það, að ef aflinn yrði ekki 500 þús. mál til S.R., þá gætu þær ekki staðið undir verðinu, en bar fram þau gagnrök, að afli bátanna væri þá ekki svo mikill, að þeim veitti af sínu, enda fór landssambandið fram á, að bátarnir fengju allt, en ég sagði, að gjaldinu yrði skipt, en vissi þá ekki, hvernig skiptingin yrði.

Nú þegar aflabresturinn kom í ljós, þá reis þessi spurning að nýju, og ég hef ekki talað um það við neinn eins mikið og hv. þm. Ísaf., og er honum ljóst, að löngu er búið að ákveða þetta, og það, sem atvmrh. hefur gert í þessu, verður ekki tekið aftur.

Mér finnst það ganga úr hófi fram, að hann skuli flytja þessa brtt. Það má færa fullgild rök fyrir því, að útgerðarmönnum veitti ekki af hverjum eyri, en einnig mætti færa fram jafngild rök fyrir því, að S.R. veitti ekki af gjaldinu heldur. Ég var á frumstigi þessa máls búinn að binda mig, en ég hef ekki gögnin við höndina og get ekki gefið skýrslu um, hvaða mánaðardag það var. En ég býst ekki við, að hv. þm. Ísaf. beri brigður á, að þetta var gangurinn í málinu. Þessu er ekki hægt að rifta, en ef menn vildu láta útgerðarmenn fá aukið fé, mætti ræða það sér.

Ég verð að biðja menn afsökunar á, að ég verð að lesa þessa till. aftur, til þess að trúa því, að hún sé frá hv. þm. Ísaf. Mér virðist vera einhver misskilningur í henni, a. m. k. get ég ekki skilið hana. Ef hv. þm. á við það, að endurgreiða eigi það, sem búið er að innheimta, stenzt till. samt ekki, því að ef það hefur verið innheimt, ber að skila því til sömu aðila. Till. getur því ekki staðizt. Mér leikur forvitni á, hvað till. felur í sér, en ég heyrði ekki framsögu hv. þm., en þar getur skýringin e. t. v. hafa komið fram.

Ég afhendi hæstv. forseta till. og bið hann um að koma mér til hjálpar og segja til um, hvað till. þýðir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það var aðeins út af ræðu hæstv. viðskmrh., þar sem hann sagði síðast, að það, sem ég sagði um hraðfrysta fiskinn, stæðist ekki í sambandi við togarana. Þetta er misskilningur hjá hæstv. ráðh., ég nefndi hraðfrysta fiskinn aðeins í þessu sambandi, og stafar það af því, sem sagt er í grg. þeirri, sem fylgir þessu frv. og komið er frá hv. fjhn. þessarar hv. d.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. N-M. sagði um hraðfrysta fiskinn, þá vil ég ítreka það, sem ég sagði, að ef vilji hv. þingmanna og þess flokks, sem hann tilheyrir, er fyrir hendi um að tryggja hag hraðfrystihúsanna, þá er leiðin sú að tryggja þeim meiri lán úr stofnlánadeild sjávarútvegsins, eins og ég benti á í frv., sem ég flutti á þremur undanförnum þingum, ef slík breyting færi fram, þá væri það raunhæf aðgerð til að bæta hag þeirra.

Ákvæði 11. gr. gengislækkunarlaganna hefur aldrei komið að haldi, en hitt væri raunhæft, ef sjóði stofnlánadeildarinnar væri komið upp í 100 millj. króna og síðan bætt við það fé eftir því, sem við væri hægt að koma. — Þetta er vilji þeirra manna, sem vilja bæta hag hraðfrystihúsanna á raunhæfan hátt og bera hag þeirra fyrir brjósti.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það má vera, að það hafi vantað eitt orð í till. mína, og bið ég velvirðingar á því, þar sem hún var skrifuð upp í flýti. Hins vegar vil ég leiða athygli hæstv. ráðh.

að því, að till. er í tvennu lagi, þó að hann virðist ekki hafa séð nema seinni hlutann.

Aðalatriðið, sem fyrir mér vakti, var að breyta till. svo, að öll 11. gr. félli niður. Ég vakti athygli á því í n., að með því að samþ. till. viðskmrh., þá er í 11. gr. heimild til að innheimta framleiðslugjald af síldarútvegsmönnum, en ég taldi óviðeigandi að láta 4. málsgr. 11. gr. standa, eftir að búið væri að fella hinar þrjár niður. Nú höfum við hæstv. atvmrh. oft rætt um þetta mál, svo að honum var eins kunnugt um mína skoðun á þessu máli og mér er kunnugt um hans. En sé nú svo, að búið sé að endurgreiða þetta gjald, þá hefur mín till. reyndar litla þýðingu, en ef hins vegar ekki er búið að því, þá hefur hún mikla þýðingu. Það er augljóst mál, að þetta framleiðslugjald verður dregið frá síldarverðinu, — hins vegar talaði hann um það að endurgreiða útvegsmönnum aftur hluta af þessu framleiðslugjaldi. Mér skilst nú, að um leið og síldarverðið var ákveðið hafi verið ákveðið, hvort endurgreiða skyldi útvegsmönnum þetta gjald eða ekki. Ef nú hæstv. ráðh. gefur skýlausa yfirlýsingu um, að búið sé að endurgreiða þetta gjald, þá er ég fús til að taka aftur seinni hluta þessarar till., ef hann mælir með fyrri hluta hennar.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Já, hv. þm. Ísaf. sagði, að ef ég vildi gefa yfirlýsingu um, að búið væri að endurgreiða þetta framleiðslugjald, þá skyldi hann taka till. sína til baka, enda mælti ég með því. Og hv. þm. veit, að það er löngu búið, strax í þingbyrjun var búið að svara þessu skriflega, og á fundi, sem báðir aðilar sátu, sagði ég, að ég teldi að þessi krafa væri óréttmæt, og með því hafði ég raunverulega bundið mig til þess, en hvort búið er að greiða hverjum manni það, sem honum ber, veit ég ekki, en hitt er augljóst mál, að með þessu hef ég raunverulega bundið mig til að sjá um, að svo verði gert, svo að það er enginn vafi um það efni.

Nú varðandi þessa smáletursgrein, sem mér er nær að halda, að mér hafi yfirsézt um, en hv. þm. telur, að sé aðalefni till. sinnar og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „1. efnismálsgr. orðist svo: 11. gr. laganna falli niður", — þá er mér nú nær að halda, að hv. flm. hafi bætt henni inn á eftir, en hitt hafi upprunalega verið aðalefni till. Er ekki svo? (**FJ:** Nei.) En mikið má nú vera, ef svo er ekki. Og sannarlega er það nú miklu meira efni málefnalega séð, hvort Alþ. vill láta 4. málsgr. gefa ríkisstj. heimild til að fella niður þetta gjald, en þó með takmörkunum, en ef þetta gjald er fellt niður, þá er ekki síður ástæða til að fella það hjá síldarútvegsmönnum. Nú er það svo, að mjög fá skip munu hafa yfir 5000 mála afla, hvað þá 6000 mála, og er þá heimild fyrir ríkisstj. að lækka þetta gjald, og þau ákvæði eru, að hún megi fella það niður, ef aflinn fer niður fyrir 4000 mál, en ég vil ekki kveða á um þetta án samráðs við ríkisstj.

Nú stendur svo á um þessi 10%, sem lögð skulu á sjávarafurðir, að þeim skal varið til að standa straum af og endurgreiða skuldir ríkisins, sem myndazt hafa í sambandi við togarakaup, ábyrgðargreiðslur og framkvæmdir í þágu sjávarútvegsins á liðnum árum og því næst að greiða önnur gjöld ríkisins. Það verður því að viðurkenna, að það stendur öðruvísi á um þetta mál en framleiðslugjaldið að öðru leyti. Og mér finnst þetta varða svo miklu, að rétt sé að athuga það nánar. Að sönnu má taka þetta mál upp í Ed., en ég geri ráð fyrir, að hv. þm. Ísaf. þyki það skipta það miklu máli, að það sé tekið fyrir hér í þessari deild, svo að úr því fáist hér skorið.

Forseti (SB): Ég hef hugsað mér að hafa þann hátt á að ljúka umr. um þetta mál nú, en fresta atkvgr., svo að tími gefist til að prenta þær brtt., sem fram hafa komið, svo að hv. þm. gefist betri kostur á að átta sig á þeim.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins svara þeirri aths. hæstv. ráðh., þar sem hann gaf í skyn, að ég hefði bætt inn í till. eftir að ég fékk hana til athugunar, eftir að honum hafði láðst að athuga fyrri hluta hennar. Og ég vil bera það undir forseta, hvort ég hafi breytt þar nema einu orði, sem af vangá hafði fallið niður. — Ég sé enga ástæðu til að gefa í skyn, að ég hafi fengið till. til þess að breyta henni eftir að hún hafði komið fram.

Forseti (SB): Út af ummælum hv. þm. Ísaf. vil ég taka það fram, að hann breytti till. í engu þann tíma, sem hann hafði hana að láni, enda skildi ég ekki orð hæstv. atvmrh. á þann hátt, og ég býst ekki við, að menn hafi almennt skilið þau svo.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Nd., 4. des., var frv. enn tekið til frh. 3. umr. (atkvgr.).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 8. des., utan dagskrár, mælti

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það er út af 1. dagskrármálinu, sem hefur verið frestað vegna tilmæla frá mér, svo að ríkisstj. gæti rætt till. á þskj. 235 frá hv. þm. Ísaf. Ríkisstj. hefur nú athugað málið, og þar sem hún getur ekki fallizt á till., en hefur í hyggju að flytja till. um málið í hv. Ed., þá óska ég ekki eftir frekari drætti á málinu.

Á sama fundi var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 235,1 felld með 22:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, ÁÁ, ÁS, EOl, EmJ, FJ, GÞG, SG, StJSt.

nei: ÁB, BÁ, BÓ, EystJ, GG, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JörB, KS, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StSt, SB.

4 þm. (StgrSt, JÁ, JR, LJós) fjarstaddir.

Brtt. 158 samþ. með 24 shlj. atkv.

— 235,2 felld með 22:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, EOl, EmJ, FJ, GÞG.

nei: PO, SÁ, SkG, StSt, ÁB, BÁ, BÓ, EystJ, GG, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JörB, KS, ÓTh, PÞ, SB.

4 þm. (StgrSt, JÁ, JR, LJós) fjarstaddir.

Brtt. 205 samþ. með 24 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., 11. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 309).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Ed., 18. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 309, 363, 399).

Forseti (BSt): Ég geri ráð fyrir, að hér verði borið fram skrifl. nál., og verður því of seint útbýtt. Vil ég nú leita afbrigða fyrir því.

ATKVGR.

Afbrigði fyrir skrifl. nál. (sjá þskj. 449) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Hér er fram komin skrifl. brtt. við brtt. 399 frá hæstv. viðskmrh., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 450.]

Þessi brtt. er of seint fram komin og auk þess skrifl., og þarf því tvöföld afbrigði fyrir henni, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar á nokkrum fundum. M. a. hefur n. rætt málið við hæstv. ríkisstj., og hefur n. tekið ákveðna afstöðu til þess. En það hefur ekki gefizt tími til þess að prenta nál., og vil ég því með leyfi hæstv. forseta lesa það. Það hljóðar svo: [Sjá þskj. 449.]

Áður en ég fer lengra, vil ég gera nokkra grein fyrir frv. eins og það kemur frá hv. Nd. og eins og það lá fyrir fjhn. á þskj. 309, því þskj., sem prentað var upp, og bið ég hv. þdm. að athuga það.

1. gr. þessa frv. er um, að framleiðslugjaldið, sem lagt er á samkv. l. nr. 22/1950, er látið falla niður, þ. e. framleiðslugjald á útflutningi. Og jafnframt er tekið fram, að endurgreiða skuli þau framleiðslu- og útflutningsgjöld, sem þegar hafa verið greidd ríkissjóði samkv. 1.—3. málsgr. 11. gr. þessara laga. Þetta kemur fram af því að fyrir ríkisstj. hafa legið fullkomnar sannanir fyrir því á þessu ári, að viðkomandi aðilar hafa ekki haft þann ágóða af rekstri þessum, að þeim sé unnt að greiða þetta gjald. Og þess vegna er lagt til, að þetta gjald falli niður og verði endurgreitt það af því, sem greitt hefur verið fyrr á árinu.

2. gr. frv. er um það, hvernig skuli reikna út þann hluta skatts, sem félagi ber að greiða, hlutafélagi eða samvinnufélagi. Og er það samkv. ósk skattstjóra, að þessi gr. er orðuð þannig.

Í 3. gr. er ákveðið, að skattstjórinn í Reykjavík skuli ákveða skattinn. Var það upplýst af hæstv. ráðh., að ógerlegt væri að láta undirskattanefndir gera þetta úti um allt land, enda dýrara og jafnvel ekki framkvæmanlegt. Og þess vegna var þessi háttur tekinn hér upp.

N. hefur hins vegar ekki viljað fallast á, að fram komnar kærur yrðu endanlega úrskurðaðar af skattstjóranum, heldur óskaði, að inn yrði tekið ákvæði um það, að slíkum úrskurði mætti áfrýja til ríkisskattanefndar, og síðan mættu aðilar einnig áfrýja þeim úrskurði til fjmrn., ef þeir vildu ekki sætta sig við hann. Nú hefur hæstv. fjmrh. bent á, að með þessu orðalagi gæti svo farið, að skattan. hefði fullan rétt til að áfrýja til ríkisskattan. og til ráðun., en hins vegar gæti fjmrh. ekki áfrýjað úrskurði ríkisskattan. Og hefur því verið hugsað að athuga þetta nánar fyrir 3. umr., þar sem eðlilegast þykir, að báðir aðilar gætu leitað úrskurðar dómstólanna í þessum málum. Ég mun því fyrir hönd n. taka sjálfa brtt. aftur til 3. umr., sem hér er borin fram í nál. Og mun n. athuga orðalag brtt. betur áður en 3. umr. um málið fer fram hér í dag.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þessa gr. nánar nú. En hér eru tvær brtt., önnur frá hæstv. viðskmrh., sem hann mun sjálfur gera nánari grein fyrir ásamt annarri skrifl. brtt. Hin till. á þskj. 363 er frá hæstv. atvmrh., og þar sem hann liggur nú veikur, mun ég gera grein fyrir henni eftir beiðni hæstv. ráðh., en þar er gert ráð fyrir, að aftan við 1. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi: „4. málsgr. sömu lagagr. orðist svo: Framleiðslugjald skal lagt á allar síldarafurðir, aðrar en þær, sem fluttar eru út fullverkaðar í smápökkum til manneldis, og skal nema 8% af útflutningsverðmæti þeirra. Ef sumarafli er minni en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið allt endurgoldið útgerðarmönnum og sjómönnum um leið og lokið er veiðitíma. Ef sumarafli er meiri en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið innheimt og renna allt til síldardeildar hlutatryggingarsjóðs bátaútvegsins.“ — Meginbreytingin er sú, að gjald þetta skuli renna til síldardeildarinnar í stað ríkissjóðs, og vænti ég, að þessi breyting verði samþ.

N. hefur ekki enn tekið afstöðu til brtt. þessara, en sjálfsagt fær hún tækifæri til að athuga þær nánar, eða hver einstakur nefndarmaður láti í ljós, hvort hann er með eða móti till. þessum. Ég ræði þetta svo ekki nánar, en legg til, að till. verði samþ., en tek brtt. í nál. aftur til 3. umr.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég á hér brtt. á þskj. 399, um það, að í stað 4., 5., 6. og 7. mgr. 6. gr. gengisbreytingarlaganna komi ný mgr. svo hljóðandi, sem verður þá 1. gr. laganna: „Frá 1. febrúar 1951 skulu laun ekki taka breytingum samkv. ákvæðum þessara laga.“ Breyting sú, sem verður á l., ef þessi till. verður samþ., er því einvörðungu sú, að í stað þess að í l. eins og þau nú eru er miðað við 1. ágúst 1951, en hér er miðað við 1. febr. Að öðru leyti er engin breyting gerð á l., og þetta ákvæði er á engan hátt nokkur binding á kaupgjaldi, heldur er fellt úr gildi að kaup sé lengur tekið samkv. vísi-

tölu, þannig að kaupgjald er ekki lengur lögbundið. Ég er hér einnig með aðra brtt. skriflega, sem ég ætlast til að bætist við hina till., en það stendur svo á henni, að þegar fjárl. voru samþ. nú fyrir helgina, vissi ríkisstj. ekki annað, eftir upplýsingum hagstofunnar, en að vísitalan væri 122 stig, en nú í dag hefur kauplagsnefnd ákveðið, að hún skuli vera 123 stig. En þar sem búið er að samþ. fjárl., sem ganga út frá vísitölu 122 stigum í jan., og vegna þess, að ekki er hægt að breyta fjárl., þá var talið rétt, að ákveðið skyldi í þessum l., að verðlagsvísitala fyrir janúar 1951 skyldi miðuð við 123 stig.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Það væri fróðlegt að vita, hvort þessi till. frá hæstv. viðskmrh. á þskj. 399 er borin fram af honum einum eða hvort hér er um að ræða till. frá hæstv. ríkisstj. í heild. Og hvort hér er um að ræða stefnumál hæstv. ríkisstj. í heild, og hvort flokkar þeir, sem standa að ríkisstj., standa að baki þessarar till. Mér finnst að það þurfi vissa tegund af ofdirfsku til að bera fram slíka till. sem þessa á eftir öllu því, sem á undan er gengið, og enn furðulegra að bera hana þá fram sem smábrtt. frá einum ráðh. á síðasta stigi málsins. Hér er þó um mjög þýðingarmikið atriði að ræða, svo að æskilegt væri að fá að vita, hvort hér er um að ræða stefnumál hæstv. ríkisstj. allrar. Hæstv. viðskmrh. sagði, að hér væri ekki um að ræða lögbindingu á kaupgjaldi, aðeins að verið væri að ákveða, að kaup skyldi ekki lögbundið nema til 1. febr. n. k. Sem sagt er ekki lengur lögbundið að kaup skuli hækka 1. júlí 1951 eftir þeirri vísitölu, sem þá verður í gildi, og þessi réttur launþeganna í landinu afnuminn með lögum. Og til þess að ná rétti sínum verða verkamenn því að fara út í vinnudeilur. Þetta þýðir, að til þess að kaup hækki 1. júlí 1951, þá þarf að segja upp samningum, og það kostar vinnudeilur. Þessi réttur er því tekinn af launþegunum, þeir þurfa að segja upp samningum og neyðast til að fara út í vinnudeilur. Það þarf vissulega nokkra dirfsku til að bera slíkt fram. Þetta er því yfirlýsing um algert skipbrot gengislækkunarinnar og þeirra kenninga, sem hún var byggð á. Þeir, sem hafa haft augun opin fyrir því, sem hefur verið að gerast síðustu mánuðina, vita, að hæstv. ríkisstj. stendur ráðþrota gagnvart öngþveiti því, sem hún hefur komið þjóðinni í. Ýmsar till. munu vera á döfinni um það, hvernig eigi að bregðast við þessum vandræðum, m. a. mun áreiðanlega hafa verið talað um nýja stórfellda gengislækkun til viðbótar við þá, sem nú hefur verið gerð, og raunar vitað, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki komið auga á aðra úrlausn en þessa, ef úrlausn skyldi kalla. Manni verður því á að spyrja, hvort þetta sé fyrsta skrefið á þeirri braut. En hér verður að stemma á að ósi til að fyrirbyggja að nýrri gengislækkun verði bætt á launþega ofan á það, sem þeir þurfa nú þegar að bera. Já, nú munu heimspekingar eymdarinnar halda því fram, að þessar ráðstafanir séu gerðar til þess að gengislækkunin beri árangur, og þá þurfi að girða fyrir frekari kauphækkanir, og í því eru nokkur rök frá þeirra sjónarmiði, því að tilgangur gengislækkunarinnar er sá að velta byrðunum á herðar hins vinnandi fólks. Hér er því um að ræða stórfellda árás á launþegana í landinu og stærri en menn gera sér ljóst í fljótu bragði, og í því skjóli skákar flm. þessarar till. Og jafnvel þó að engin viðbótargengislækkun verði, má búast við gífurlegum verðhækkunum. Þegar gengislækkunarlögin voru sett, voru launþegum tryggðar launauppbætur til 1. ágúst 1951, að vísu eftir stórlega falsaðri vísitölu, en eftir þann tíma var þeim lofað, að ekki yrðu frekari hækkanir á nauðsynjum af völdum gengislækkunarinnar, og því áttu þessar uppbætur að hætta að hækka eftir þann tíma, og á þeim forsendum hafa verkalýðsfélögin sætt sig við allar byrðar hingað til, en ef þessi till. verður samþ., þá er verið að svíkja öll þessi loforð. Og finnst nú ekki hv. þm., að mælirinn sé nú orðinn fullur, þegar þetta bætist ofan á? Á síðasta þingi ASÍ, þar sem stjórnarflokkarnir voru í meiri hluta með tilstyrk Alþfl., voru menn sammála um það, að kjör alþýðunnar hefðu nú rýrnað svo mjög undanfarið, að ekki væri lengur hægt að una við það, og var þar einróma samþ. krafa um það, að vísitöluuppbót yrði greidd mánaðarlega, og var það samþ. sem alger lágmarkskrafa. Ég held, að það sé valt að treysta því fyrir ríkisstj., að þeir, sem nú hafa völdin í ASÍ, muni geta komið í veg fyrir það, að samtökin snúist þannig við þessum málum eins og nauðsyn meðlimanna krefur, það verður nauðsynin, sem hlýtur að ráða, þegar neyðin kreppir að, sú nauðsyn, að verkalýðurinn standi saman og rísi til varnar gegn þessu. Stjórn verkamannafélagsins Dagsbrúnar hefur þegar látið í ljós skoðun sína, þar sem bent er á samþykkt ASÍ og sú krafa, sem þar er sett fram, studd og endurnýjuð, og í öðru lagi segir, að stjórn Dagsbrúnar telji að með samþykkt till. sem þessarar sé verið að stofna til ófriðar í atvinnulífi landsmanna. Hvað snertir starfsmenn ríkisins, sem eru margir lágt launaðir og bannað með l. að gera verkfall, þá er með þessu móti verið að níðast á þeim. Í fjárl. er gert ráð fyrir, að þeim verði greidd laun eftir vísitölu 122 stig, en nú hefur komið á daginn, eftir því, sem hæstv. viðskmrh. sagði, að vísitalan er nú 123 stig. Ég skil raunar ekki, hvernig á því stendur, og væri æskilegt að fá að vita, hvers vegna hún er ekki hærri, þar sem vitað er, að miklar verðhækkanir hafa orðið í nóv., en ekki vitað um neinar lækkanir, sem orðið hafa á þessum tíma. Það er því með þessu móti verið að níðast á þeim, sem lögum samkvæmt mega ekki gera verkfall, en þeir, sem verkfallsrétt hafa, verða að rísa til varnar gegn óréttinum, því að óðum nálgast það, að kaupið hrökkvi ekki fyrir fötum og fæði, og það þó að um stöðuga vinnu sé að ræða, hvað þá þegar vinnan er stopul. Auðvitað verður haldið fram gömlu röksemdinni, sem við höfum svo oft heyrt og stöðugt er endurtekin af þessum mönnum, að þetta sé verkamönnum sjálfum fyrir beztu. Þessu er haldið fram í hvert skipti, sem ráðizt er á lífskjör alþýðunnar, og í hvert skipti er þessi kenning höfuðuppistaðan í röksemdum þeirra, sem að þessu standa. Samkv. þessari speki er öll hagsmunabarátta verkalýðsins byggð á misskilningi. Það er mikil raun fyrir þá menn, sem gera slíka uppgötvun, hve heiminum gengur illa að skilja hana, og að baráttan skuli alltaf harðna. En verkamenn fá nú alveg sérstakt tækifæri til að bera saman spádóma og reynslu. Því var haldið fram þegar

gengislækkunarfrv. var til umr., að þegar fram í sækti, mundi kaupmáttur launanna aukast, útflutningur mundi aukast og næg atvinna verða fyrir alla landsmenn, aukinn gjaldeyrir mundi koma í veg fyrir vöruskort, verzlunin mundi verða gefin frjáls og vöruverð mundi lækka. Við andstæðingar gengislækkunarinnar sýndum fram á, að fyrirsjáanlegt væri, að gengislækkunin leysti ekkert vandamál, heldur væri hún eins og heilaskurður á manni, sem væri með skemmdan botnlanga. Og hver er svo dómur reynslunnar? Um það getur enginn ágreiningur orðið. Útflutningur hefur ekki aukizt, heldur þvert á móti minnkað, en einokun og svartamarkaður farið í vöxt. Kjör manna hafa versnað með hverri vikunni, sem hefur liðið, og atvinnuleysi fer í vöxt, en valdhafarnir virðast ekki sjá nokkur ráð önnur en sömu vitleysuna, að halda gengislækkuninni áfram. Með því að samþ. þessa brtt. hæstv. viðskmrh. er alveg fyrirsjáanlegt, að verið er að stofna til ófriðar í landinu, en ófyrirsjáanlegt, hve slíkt getur orðið þjóðarheildinni dýrt. Hæstv. ráðh. telur sig sjálfsagt geta sparað nokkrar millj. kr. fyrir ríkið með þessu, eins og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. við afgreiðslu fjárl., en það er spurningin, hve margra millj. kr. tap hann bakar þjóðinni með þessu. Sjómannaverkfallið á s. l. sumri kostaði þjóðina um 100 millj. kr. í erl. gjaldeyri. Slík ævintýri eru dýr, og það eru dýrir menn, sem stofna til þeirra, og þeir, sem til slíks stofna, geta ekki skotið sér undan ábyrgð, en það er aftur á móti heilagur réttur manna að verja sig, þegar á þá og heimili þeirra er ráðizt.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara út í deilur við hv. 1. landsk. út af gengisbreytingunni, um það er búið að ræða svo mikið og rita, að varla verður við það bætt, og það er fyrir löngu búið að sýna, að hann fer í þeim efnum með staðlausa stafi. Ef gengislækkunin hefði ekki verið gerð, þá væri ástandið annað og miklu verra heldur en það er í dag, en ég mun ekki fara lengra út í það, því að ég geri ráð fyrir, að hvorugur muni sannfæra hinn. Hv. þm. sagði, að með því að samþ. brtt. mína á þskj. 399 væri verið að stofna til ófriðar í landinu og að réttur væri tekinn af öllum launþegum í landinu og verið væri að binda kaupgjaldið. En hér er ekki verið að binda kaupgjaldið, heldur er verið að gefa það frjálst, og rökin, sem hv. þm. kemur með nú, þegar lagt er til að þetta verði fellt niður, eru nákvæmlega sömu rökin og sett voru fram gegn þessu ákvæði, sem nú er verið að fella niður, þegar það var sett. Það var sagt, að verið væri að taka af verkalýðnum réttinn til að hækka kaup sitt, og verið væri að binda kaupgjaldið, en nú, þegar þetta er fellt niður, þá er einnig verið að taka rétt af verkamönnum, svo að það, sem hv. þm. heldur fram, stangast hvað við annað, því að kaupgjald væri óháð lagasetningunni, þannig að verkalýðurinn hefði sjálfur fullkomið vald til að ákveða verðið á sinni vinnu. Síðasta málsgr. 6. gr. gengisbreytingarlaganna má segja, að hafi stefnt í þá átt að gera kaupgjaldið háð lögunum, þar sem segir, að skilyrði launahækkunar samkv. þeirri gr. séu, að launagreiðslur hækki ekki af öðrum ástæðum en lögin mæli fyrir, frá því sem þær voru 19. marz 1950 eða samkv. síðasta gildum kjarasamningi fyrir þann dag. Þessi gr. hefur heft talsvert frjálsræði verkalýðsins að hækka sitt kaup. Það, sem á að gera núna, er að fella þetta ákvæði burtu, og ég get þá ekki séð, að nokkuð hindri verkalýðinn í að ákveða verð á sinni vinnu. Og hvað er það þá, sem ríkisstj. er að gera til að hefta verkalýðinn? Jú, það er það að lýsa því yfir, að ákvæðisréttur hans í kaupgjaldsmálunum skuli vera óskoraður. Annars skal ég ekki ræða mikið frekar um þetta mál nú, en vil af gefnu tilefni og eftir fyrirspurn hv. 1. landsk. upplýsa, að þessi brtt. er sett fram með vitund og vilja hæstv. ríkisstjórnar.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Samkv. brtt. hæstv. ráðh. á að gera þær breytingar á gengisbreytingarlögunum, að ákvæði þeirra um verðlagsuppbót á launagreiðslur, sem áttu að gilda til 1. ágúst næstkomandi, skuli nú falla úr gildi 1. febrúar næsta árs. Þegar frv. um gengislækkunina var lagt hér fyrir, þá fylgdi því ýtarleg greinargerð og margar og langar ræður voru fluttar til að fylgja því úr hlaði, og rauði þráðurinn, sem gekk í gegnum allan þann málaflutning, var sá, að um það leyti, sem launagreiðsla samkv. vísitölunni yrði felld úr gildi, ætti árangur gengisbreytingarinnar að vera kominn í ljós. Þá ætti það misræmi, sem þá ríkti í atvinnumálum þjóðarinnar, að vera jafnað og jafnvægi komið á. Og það var þá ekki talið fært að fella niður ákvæðin um lögbundið kaupgjald, fyrr en þessum markmiðum væri náð. Skjótt á litið mætti því virðast svo, að hæstv. ríkisstj. hefði verið svo sköruleg og sannspá í þessum málum, að spádómar hennar hefðu rætzt 6 mánuðum fyrr en hún gerði ráð fyrir. Á annan veg er ekki hægt að rökstyðja þessa brtt. hæstv. ráðh., nema þá að það hafi verið markleysa ein allt það, sem fært var fram sem rök með gengisbreytingarlögunum. Það er ef til vill réttast að láta hæstv. ríkisstj. um það að meta, hvor þessara tveggja skýringa er rétt. Ég sagði meta, sem er þó auðvitað ekki rétta orðið í þessu tilfelli, því að reynslan hefur sýnt, að ekkert af þeim spádómum og fyrirheitum, sem fylgdu gengisbreytingarlögunum, hefur rætzt. Og þar verður ekki aðgerðaleysi ríkisstj. eingöngu um kennt, heldur kemur þar einnig til, að þau voru reist á fölskum grundvelli í upphafi. Hver er þá ástæðan til, að hæstv. ríkisstj. leggur þessa brtt. fram, úr því að þessu jafnvægi, sem talið var að þyrfti, hefur ekki enn verið náð? Hún er sú, að nú býst hæstv. ríkisstj. við því, að enn ein ný dýrtíðaralda sé að rísa yfir þjóðina. Þess vegna hyggst hún nú gera ráðstafanir til þess að tryggja það, að hún lendi á þeim, sem að hennar dómi eigi að nota til slíks. Þegar gengisbreytingarlögin voru samþ., þá var það játað af flm. og formælendum þeirra, að þó að horfurnar væru svo glæsilegar og árangurinn svo viss sem þeir létu, þá væri þó ein hugsanleg veila í sambandi við þau, sem gæti komið í ljós, sem sé sú, að verkalýðurinn í landinu hefði ákvæði laganna að engu og mundi knýja fram meiri kauphækkanir en lögin þyldu. Það kom greinilega fram í umr., að meginótti formælenda laganna var sá, að verkalýðurinn mundi ekki láta sér nægja þær kauphækkanir, sem lögin leyfðu. En ef hann gengi

ekki lengra í kröfum sínum, þá væri enginn vafi á því, að ástandið mundi stórum batna og trygging fást fyrir því, að verðlagið héldist óbreytt, vörur yrðu nógar og afkoma útvegsins örugg. Í þessu sambandi er einmitt rétt að rifja upp, að verkalýðsstéttin hefur sýnt furðulegan þegnskap í þessum málum og sætt sig við þau ákvæði, sem í lögunum standa, jafnvel þótt komið hafi í ljós, að áætlanir formælenda gengislækkunarlaganna um það, hve dýrtíðin yrði mikil, hafi reynzt fals eitt, og verðhækkunin, sem átti samkv. þeim áætlunum að nema 11—13% til ágústmánaðar 1951, var orðin í október s. l. 22%, eða um helmingi meiri en hún átti að verða á 15—18 mánuðum. Þrátt fyrir þetta hafa verkalýðssamtökin ekki notað sinn rétt til að brjóta ákvæði laganna um launagreiðsluna. Það er því ekki hægt að segja annað en verkalýðurinn hafi sýnt langlundargeð í þessum efnum og hafi gefið ríkisstj. tækifæri til að sýna ágæti þessara laga. En hvernig er svo ástatt t. d. fyrir þeim atvinnuveginum, sem gengisbreytingarlögin áttu sérstaklega að skapa framtíðaröryggi? Sessunautur minn, hv. þm. Vestm., orðaði það svo á fundi hér fyrir nokkrum dögum, að „vandamál útvegsins hafa aldrei verið til líka svo erfið sem nú". Hafa þó vandamál útvegsins oft verið erfið, en þó segir þessi þm., að þau hafi aldrei verið til líka jafnerfið og nú, eftir að búið er að tryggja varanlegt framtíðaröryggi hans. Hæstv. ríkisstj. hefur gætt þess mjög vel að leyna Alþingi með öllu hugleiðingum sínum um það, hvernig hún ætlaði að fara að því að mæta þessum vanda útvegsins. Að sjálfsögðu mun hún ekki hjá því komast eftir jólafríið að skýra frá ætlun sinni í þeim málum, en grunur minn er sá, að þær ráðstafanir verði ekki almenningi að kostnaðarlausu, og að það sýni sig, að verkalýðurinn hafi ekki ætíð óbundnar hendur um verð á sinni vinnu, þótt þessi brtt., sem hér er verið að ræða um, nái fram að ganga. Ég drap á það áðan, að allar horfur væru á, að ný verðhækkunaralda væri í aðsigi, og að hæstv. ríkisstj. gerði nú þær ráðstafanir, sem henni þætti viðeigandi, til að mæta þeirri hækkun. Ég skal í því sambandi minna á, að húsaleigulögin, sem veitt hafa mörgum manninum vernd gegn óhóflegri húsaleigu og gegn því, að honum yrði fleygt út á götu, eiga nú að syngja sitt síðasta vers og verða brátt úr sögunni. Einnig að verið er að draga meira og meira úr verðlagseftirlitinu og fleiri og fleiri vörutegundir gerðar óháðar því. Vinnumiðlunarskrifstofurnar er ætlunin að leggja niður eða láta þær í hendurnar á pólitískum meirihlutum bæjarstjórnanna. Tryggingarnar á að vísu ekki að skera niður, en þær eiga að nota sjóði sína til að greiða bætur á meðan þeir endast, en hvað svo tekur við, er sjóðirnir eru orðnir þurrir, þori ég varla að spá. En þetta allt er nú ef til vill tiltölulega smátt í augum hæstv. ríkisstj. Hitt verður áreiðanlega til að auka meira á erfiðleikana í framtíðinni. Alheimsástandið er nú þannig, að verðlag fer hækkandi með mánuði hverjum. Einstakar vörutegundir hækka gífurlega og horfur á, að svo verði áfram. Kóreustyrjöldin hefur sín áhrif, og útlitið í alþjóðamálunum er beint framhald af því. Það er því augljóst, að hæstv. ríkisstj. getur ekki dregið það lengur að gera ráðstafanir til þess, að vélbátaflotinn geti hafið veiðar á venjulegum tíma. Ég veit ekki, hvort hún hefur í huga að hefjast handa og hvað þá, en það liggur einhvern veginn í loftinu, að það ráð, sem hún hyggst nota, sé snjallræði, sem hún hafi fengið að láni hjá kommúnistum. Sem sagt, að það eigi að koma á tvöföldu eða breytilegu gengi, og verði það mismunandi á vörunum, eftir því hvaðan þær koma og hvert þær eru seldar. M. ö. o., útvíkkun á gotu- og hrognapeningakerfinu. Ef þessi ráðstöfun er í aðsigi, þá hlýtur öllum að vera það ljóst, að gífurleg verðhækkun er framundan. Loks er svo að minnast á jólagjöf hæstv. ríkisstj., sem er nýjar álögur á alþýðuna, eða hækkun óbeinu skattanna um 9,5 millj. króna eftir áætlun ríkisstj. sjálfrar, en mun í rauninni verða nokkuð hærri upphæð. Þetta eru þær ráðstafanir hæstv. ríkisstj., sem sumpart eru fram komnar og sumpart væntanlegar til að auka verðbólguna í landinu, og þeim til viðbótar kemur svo skortur á viðleitni til að spyrna gegn dýrtíðinni. Hæstv. ráðh. sagði, að verkamönnum væri frjálst að ákveða verðið á sinni vinnu, og svo væri allt í himnalagi. En skyldu það ekki verða fleiri en þeir einir, sem ákveða kaupgjaldið? Ekki sízt, þegar þess er gætt, að framundan er vaxandi dýrtíð, og þess einnig, að einmitt á þeim tíma, sem verðlagsákvæðin um kaupgjald eiga að falla úr gildi, er mjög lítið um atvinnu og sá tími, sem einna erfiðastur er verkamönnum. Enda er auðvelt að haga svo til, að eftirspurn eftir vinnu sé á þeim tíma minni en framboðið á verkafólki. Og ekki er mér grunlaust um, að reyndin verði sú.

Hæstv. ráðh. hefur öðru að sinna en hlýða á mál mitt, svo að ég mun ekki hafa þessa ræðu öllu lengri. En ég vildi aðeins geta þess, að ég tel, að gegn þeim erfiðleikum, sem nú eru framundan, eigi að snúa sér á þveröfugan hátt við þann, sem hæstv. ríkisstjórn beitir. Því að einmitt vegna þess, hve framtíðin er óviss, þá ber að mæta erfiðleikunum með því að láta vísitölubætur á kaupgjaldið koma örar en nú, þannig að það hækki eða breytist mánaðarlega eftir vísitölu næsta mánaðar á undan. Eins og ég sagði áðan, þá er það sýnt, að vísitalan hefur að undanförnu hækkað helmingi örar en gert var ráð fyrir af hæstv. ríkisstjórn, og nú er greitt kaup eftir vísitölunni 115, sem átti að gilda fyrir júlí s. l., þó að hún sé nú 8 stigum hærri. Þetta er beint brot á þeim loforðum, sem gefin voru, er gengislækkunarlögin voru sett. Þess er því að vænta, að úr þessu verði bætt hið fyrsta, og teljum við Alþýðuflokksmenn rétt að koma hér fram með brtt. þess efnis, að vísitölukauphækkunin verði greidd mánaðarlega.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 451) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta frv. með þessu langa nafni, sem forseti lýsti nú, er um gengislækkunarlögin. En það er hins vegar ekki hægt að segja, að sú till., sem hæstv. viðskmrh. flytur við þetta frv., sé langorð, — hún er aðeins ein setning, en hér er um stórmál að ræða. Og ekki væri heldur hægt að segja, að framsöguræða ráðh. hefði verið löng um of.

Lítið er látið fara fyrir þessu máli, og á að fara vel að deildinni og láta líta svo út, að hér sé um

vinsemd í garð verkalýðsins í landinu að ræða. En það er þó verið að skerða hinn skarða rétt launþeganna með þessari breytingu, þann rétt, sem gengislækkunin átti að veita fólki.

Síðari hluta ársins 1950 átti kaup að hækka í landinu, ef verðlag hefði hækkað um 5% og eins ef vísitalan hækkaði frá 1. jan. til 1. júlí 1951, þá átti að greiða kaup eftir vísitölu. Það að ákveða að laun skyldu greidd eftir vísitölu, var byggt á þeirri forsendu, að þá mundi dýrtíðin komast á svo hægt skrið, að ástæðulaust væri að bæta launin upp mánaðarlega, heldur á ½ árs fresti. Spádómsorð formælenda gengislækkunarinnar voru á þá leið, að verðhækkanir yrðu nær stöðvaðar á árinu 1951, og yrði þetta engin veruleg kjaraskerðing, þótt kaup breyttist ekki nema á hálfs árs fresti. Í fylgiskjölum gengislækkunarfrv. var það tekið fram, að höfuðforsendan fyrir gengislækkuninni væri sú, að þjóðin vildi, að sjávarútvegurinn, sem greiddi 90% af innflutningsverðmætunum, yrði rekinn án taps eða styrkja og að þjóðin í heild sinni vilji sætti sig við, að hann fái eðlilegar tekjur fyrir afurðir sínar.

Nú ætti sú öld að vera upprunnin, að hægt sé að reka sjávarútveginn án taps eða styrkja og að hann fái nú eðlilegar tekjur fyrir afurðir sínar. En hver skyldi vilja halda því fram, að þessir spámenn hafi ekki orðið sér til skammar og forsendurnar brostið? Enginn, — ekki einu sinni hæstv. ráðh.

Höfundar gengisl. sögðu, að áhrif ráðstafana þeirra yrðu, að tilfærsla yrði á tekjum til sjávarútvegsins frá þjóðinni í heild, enda féllu þá allir styrkir og fríðindi til hans niður. Sú hækkun átti ekki að nema meir en 11—13%. En svo átti bráðlega að verða tilfærsla á tekjum frá verzluninni og innlenda neyzluvöruiðnaðinum til launþega vegna rýmkunar hafta á innflutningsverzluninni. Útflutningsstyrkur átti svo að falla niður, og yrði þá hægt að lækka skattana.

Skyldu nú ekki tekjur streyma frá verzluninni til launþeganna og skyldi ekki vera komin rýmkun hafta á innflutningsverzluninni? Skyldu ekki útflutningsstyrkirnir hafa fallið niður og skattar lækkað? Nei. En hinn óbeini skattur, sem stafar af nýmyndun dýrtíðar, hefur hann fallið niður? Nei, hann hefur aldrei verið þyngri en í dag. Sem sagt: Allir spádómarnir hafa orðið að öfugmælum og forsendurnar brostið. Og því mun hæstv. ráðh. hafa flutt sína brtt. En ef ráðh. væri sannfærður um, að spádómarnir mundu koma fram 1951, hefði hann ekki flutt þessa brtt. Hæstv. ríkisstj. veit það vel, að von er á geysilegum verðhækkunum á fyrri helming ársins 1951, og þess vegna verður því ekki mótmælt, að till. hæstv. viðskmrh. (BÓ) felur í sér miklar kjaraskerðingar fyrir almenning í landinu, frá því sem gengislækkunarl. ákváðu, þegar þau voru sett. Verkalýðssamtökin mótmæltu því, þegar gengislækkunarl. voru sett, að ekki var gert ráð fyrir, að kaup hækkaði mánaðarlega samkvæmt vísitölu hvers mánaðar, og töldu, að þær réttarbætur, sem fólust í l. launþegum til handa, væru of knappar, þar sem aðeins ætti að greiða uppbætur á laun á 6 mánaða fresti, er fram í sótti. En nú er verið að fella niður þessi mjög svo naumu fríðindi launþeganna, sem í gengislækkunarl. fólust.

Það er ákaflega bagalegt, að hæstv. viðskmrh. (BÓ) skuli ekki gefa sér tíma til að vera hér í d., þegar verið er að ræða þetta mál, þar sem það var ætlun mín að spyrja hann ýmissa spurninga í sambandi við þessa till. hans. Ég vil því leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann sjái til þess, að hæstv. ráðh. megi vera hér við a. m. k. um stundarsakir, svo að ég geti komið spurningum mínum á framfæri við hann.

Því hefur nú verið slegið föstu með afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1951, að laun opinberra starfsmanna skuli greiðast með 122% álagi, og samkv. brtt. hæstv. viðskmrh., sem hann flytur við brtt. sína á þskj. 399, skal greiða verðlagsuppbót á laun þessara starfsmanna miðað við kauplagsvísitölu 123 allt árið 1951, hvað svo sem útreiknaðri vísitölu líður, þegar fram á árið kemur. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja er þannig búið að fá ótvíræða vitneskju um, hvað líði meðlima þess í þessum efnum. Og ég geri ekki ráð fyrir, að nokkur maður í þeim samtökum sé svo bjartsýnn að gera sér vonir um, að hæstv. ríkisstj. takist að halda verðlaginu niðri, þannig mun með þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar óefað verða um geysilega kjaraskerðingu að ræða hjá þessu fólki, þegar fram á árið kemur. Það er að vísu lofsvert við þessar aðfarir hæstv. ríkisstj., að þarna er þó farið beint framan að viðkomandi fólki og því sagt, hvernig launamálum þess verði hagað á næsta ári, en mér er þó nær að halda, að þessi framkoma stafi fyrst og fremst af því, að hæstv. viðskmrh. og ríkisstj. beri ekki þann beyg í brjósti af styrkleika þeirra samtaka, sem hér um ræðir, þar sem annar aðalhöfundur gengislækkunarl. er aðalforsvarsmaður bandalagsins og þess vegna láti hæstv. ríkisstj. sér detta í hug, að það megi bjóða þessu fólki flest — þar á meðal það að binda laun þess, án alls tillits til þess, hvernig verðlagið verður á næsta ári. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. 6. landsk. þm., hvort hann vilji ekki fresta ræðu sinni, þar sem hæstv. viðskmrh. er ekki viðstaddur, enda komið fram yfir venjulegan fundartíma.) Það er til mikils óhagræðis að ræða þetta mál, án þess að hæstv. viðskmrh. sé viðstaddur, og vil ég því mælast til þess við hæstv. forseta að sjá til þess að hæstv. viðskmrh. sé hér mættur, þegar fundi verður fram haldið. [Frh.]

Forseti (BSt): Ég mun verða við ósk hv. 6. landsk. þm. og skal reyna að koma tilmælum til hæstv. viðskmrh. um að mæta hér á fundi d., sem verður frestað til kl. 9 í kvöld. — [Fundarhlé.]

Hannibal Valdimarsson [Frh.]: Herra forseti. Þá tek ég upp þráðinn aftur, þar sem frá var horfið, því að fundi var frestað skv. minni ósk, þar eð mig langaði til að eiga tal við hæstv. viðskmrh., sem flytur þessa brtt. hér. Ég mun ekki rifja neitt upp af því, sem ég sagði í fyrri hluta ræðu minnar. — Í gengislækkunarlögunum lá algerlega ljóst fyrir þetta tvennt: að kaup gat lækkað á árinu 1951, ef dýrtíðin lækkaði, og í öðru lagi: kaup gat hækkað, ef dýrtíðin yxi. Það er óliklegt, að brtt. hæstv. viðskmrh. sé fram komin vegna hins fyrra möguleika. Ég geng þá út frá því, að hæstv. ráðh. sé að nema á brott möguleikann til kauphækkunar. Með þessari brtt. er þá

verið að fyrirbyggja kauphækkun, eftir því sem ég skil brtt., og mun ég hafa það fyrir satt, þar til ég verð fræddur á öðru. Sé þessi skilningur minn réttur, þá blasir þetta nú við öllu *fastlaunafólki*: lögbundið kaup og lögbundin vísitala, hvað mikið sem dýrtíðin kann að vaxa á árinu 1951. Kaupið á að miðast við vísitölu 123, — eins og vísitalan er nú við þessi áramót. Þessar aðfarir þýða það, að hvað sem dýrtíðin kann að vaxa, þá eiga opinberir starfsmenn ekki að fá það bætt að neinu. Ef ríkisstjórnin hefur ekki gert öflugar ráðstafanir, er hamli gegn vexti dýrtíðar, þá eru opinberir starfsmenn bókstaflega ofurseldir óþolandi kjararýrnun. Ég segi því: Vesalings Ólafur Björnsson prófessor. Átti hann nú þetta skilið? Þessi maður, sem samdi gengislækkunarlögin og er forustumaður B.S.R.B. — Og eru þetta svo þakkirnar til hans — að setja launasamtök hans í gapastokkinn? Maðurinn, sem varð að leggja vísindaheiður sinn í sölurnar, er hann samdi gengislækkunarlögin, — fær nú þetta að launum? — Ég fæ ekki betur séð en þessar ráðstafanir þýði á venjulegu mæltu máli: Það er óhætt að lögfesta vísitöluna. Opinberir starfsmenn hafa ekki verkfallsrétt og auk þess eru þessi samtök undir stjórn eins þægasta *manns ríkisstjórnarinnar*, — Ólafs Björnssonar prófessors. Þess vegna þorum við til við þessi samtök og segjum: Þið fáið enga hækkun á kaupi, hvað sem dýrtíðin kann að vaxa. — Um þetta vil ég nú segja: að þarna fer heldur minna fyrir drengskapnum en hreinskilninni.

En nú segir hæstv. viðskmrh., að brtt. hans þýði allt hið bezta gagnvart verkalýðssamtökunum. Það sé verið að rýmka rétt samtakanna, verið að gefa þeim kaupið frjálst. Ég hygg, að þetta þættu ekki illar fregnir, ef örugglega mætti treysta þeim. Og það hefur hæstv. viðskmrh. sagt, að ekki fælist annað í brtt. En þegar litið er á það, að þessi brtt. ráðh. kom fram samtímis því, að binda á kaup opinberra starfsmanna í 123 stigum, þá er ekki óeðlilegt, þó ótrúlegt þyki, að verið sé að rýmka rétt verkalýðssamtakanna. Höfum þetta þó fyrir satt — og víkjum að framkvæmdinni: Getur hæstv. ráðh. ímyndað sér, að ef verkalýðsfélögin færu alfrjáls ferða sinna og næðu kaupi miðað við vísitölu, segjum 140 eða 150 stig, en opinberir starfsmenn sitji með sín 123 vísitölustig, að slíkt sem þetta gæti gengið? Þótt hún sé nú e. t. v. velviljuð verkalýðsfélögunum, hæstv. ríkisstj., þá óttast ég nú samt, að þetta yrði talið ósanngjarnt. Þá má líka gæta að því, að tekizt hefur vaxandi samvinna milli B.S.R.B. og Alþýðusambands Íslands, og þætti mér næsta líklegt, að Alþýðusambandið styddi B.S.R.B. með ráðum og dáð, jafnvel í kaupdeilum, ef stórlega væri á rétt þess gengið. — Ég held, að þetta tvenns konar kaup yrði alveg *óframkvæmanlegt, ef um slíkan feikna mismun* yrði að ræða. — Er hitt ekki hið rétta, að till. þessi er borin fram til að létta þeirri kvöð af hæstv. ríkisstj. að greiða hærra kaup seinni árshelminginn, ef dýrtíðin skyldi vaxa? Ef þetta er rétt, þá er verið að leggja hömlur á launþegasamtökin og fyrirbyggja kauphækkun, en ekki verið að aflétta hömlum, eins og ráðh. hefur sagt hér í hv. deild. — Nú vil ég, til þess að taka af allan vafa, spyrja hæstv. ráðh., *ef till. hans verður samþ.*: Hvað gerist þar, sem samningar verkalýðsfélaga eru í fullu gildi og ekki er hægt að segja þeim upp nema með svo og svo margra mánaða uppsagnarfresti? Hvað gerist, þegar búið er að *fella niður lagaákvæðin um að greiða kaup skv.* vísitölu? Eiga atvinnurekendur eftir 1. febr. að greiða bara grunnkaup, en ekki grunnkaup að viðbættri vísitölu? Ég á við, hvort hægt sé að líta þannig á, að greiða megi kaup án vísitölu? Vonandi er sá skilningur rangur. En við hvaða vísitölu ætti þá að miða kaupgjald eftir 1. febr. n. k.? Þá verður engin vísitala til í lögum til að reikna kaup eftir. Ef það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði í dag, nfl. að þessi brtt. gæfi verkalýðssamtökunum óbundnar hendur um kaupgjaldsákvarðanir, þá er þessi brtt. í rauninni tilboð um kauphækkanir. Er þá ekki viðurkennt þar með, að ekki sé hægt að lifa á kaupi verkamanna eins og það er nú? — Þetta er máske tilboð um kauphækkanir, hliðstætt þeim verðhækkunum, sem urðu á landbúnaðarafurðum á s. l. hausti og námu um 21% — og hliðstæða við álagningarhækkanir á vörum um 15%? Væri ekki heldur ólíklegt, að hæstv. ríkisstj. gerði nú tilboð um kauphækkanir til samræmis við þessar verðhækkanir? (**Viðskmrh.**: Hvorar tveggja hækkanirnar eru nú komnar inn í vísitöluna.) Það *má e. t. v. segja* það, en illa hafa þá þessar hækkanir skilað sér, því að fjöldi þessara hækkana er fyrir utan vísitöluna. Þess vegna er kaup miðað við vísitölu allt of lágt miðað við verðlag. Verkalýðssamtökin hafa sætt sig við og viljað sjá, hvaða blessun gengislækkunarlögin gætu af sér leitt. Ef hæstv. ráðh. hefur mælt af heilindum í dag, að þetta væri gert til að auðvelda framkvæmd samþykktar Alþýðusambands Íslands, sem gerð var fyrir *fáum vikum*, þar sem sagði, að þingið óskaði, að kaup yrði greitt skv. vísitölu hvers mánaðar, þá er ríkisstjórnin að verða við lágmarkskröfum Alþýðusambandsins. Og væri það ekki óeðlilegt, því að þar voru margir fulltrúar, sem styðja hæstv. ríkisstjórn. Sé svo, er það ágætt, en verði hins vegar ekki orðið við þessum lágmarkskröfum, þá er ekki von á friðsamlegri lausn á því, sem á milli ber. En ef það er rétt, að þessi till. sé fram komin til þess að auka frelsi verkalýðsfélaganna, þá er till. vægast sagt ónákvæmlega orðuð. Væri það ætlunin, þyrfti að vera í henni ákvæði, þar sem sagt væri, að kaupgjald skyldi greitt skv. vísitölu hvers mánaðar. Þá væru réttindi veitt með breytingartillögunni og síður en svo hægt að kvarta undan þessari breytingu á gengislækkunarlögunum. Til þess nú að sannprófa þetta, ber ég og hv. 4. þm. Reykv. fram brtt., þar sem lagt er til, að frá 1. jan. 1951 skuli kaup greitt skv. vísitölu hvers mánaðar. Þetta er sú lágmarkskrafa Alþýðusambands Íslands, sem ekki verður frá vikið. Og verði þessi krafa ekki samþ., *þá er það eins víst og dagur kemur eftir þessa* nótt, að enginn friður verður á milli Alþýðusambands Íslands og hæstv. ríkisstj. Íslands.

Ég sagði áðan, að það væri ólíklegt, að hinir opinberu starfsmenn ríkis og bæja mundu sætta sig við að hafa lögbundna vísitölu, allra sízt, ef verkalýðssamtökin gætu hagað sínu kaupi eftir eigin geðþótta. — Það var verið að panta hér ræðu í ljóðum, og mér finnst, að opinberir starfsmenn *hafi ástæðu til að segja* við hæstv. ríkisstjórn:

Við þá, sem vildu þér bezt,
þorirðu til með drambið.

Ríkisstjórnin þorir nú til með drambið gegn sínum ágæta manni, honum Ólafi Björnssyni próf. En vísunni er ekki lokið, framhaldið er þannig:

En jafnan þegar Jón sést,
jarmar í þér lambið.

Og fer það ekki svo hjá ríkisstj., að þegar hún sér Alþýðusambandið, þá jarmar í henni lambið. Nú þykist hún nefnilega segja við verkalýðssamtökin: Gerið þið svo vel að ákveða ykkar kaup eftir eigin geðþótta. Og það er víst, ef hæstv. ráðh. hefur ekki mælt af heilindum í dag og neitað verður um kauphækkanir samfara verðhækkunum, að þá getur verið, að Móri jarmi, þótt ríkisstj. ætlist ekki til þess.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég gat þess hér í dag, að ekki hefði unnizt tími til að gefa út nema skriflegt nál. í þessu máli og að ég tæki þá aftur þá brtt., sem borin var fram í nefndinni. Nú hefur nefndarálitið verið prentað á þskj. 449 og útbýtt. Nú er samkomulag um að bera fram þá brtt., eins og nefnt þskj. sýnir, að í 12. gr. í stað orðanna: „Á árinu 1950" komi: Fyrir febrúarlok 1951. — Eins og lögin eru nú, átti að leggja sérstakan skatt á einstaklinga, en því verki er nú ekki lokið, og þótti því rétt að framlengja frestinn til febrúarloka næsta árs.

Þá hefur einnig orðið að samkomulagi að bera fram eftirfarandi brtt. við 3. gr.:

„Skattur skv. 12. gr. laga þessara skal ákveðinn af skattstjóranum í Reykjavík, sem einnig úrskurðar kærur út af álagningu skattsins. Úrskurði hans má þó áfrýja til ríkisskattanefndar."

Það þótti óeðlilegt að takmarka ákvörðun skattsins af skattstjóra einum. Enn fremur þótti það eðlilegt, að skattgreiðendur og fjmrh. geti hvorir um sig skotið úrskurði ríkisskattan. til dómstólanna, enda ákveðið með reglugerð. Það þótti ógerlegt, bæði fyrir skattgreiðendur og ráðh., að hafa ekki þennan rétt. Það gæti vel farið svo, að skattgreiðandi fengi leiðréttingu sinna mála hjá ríkisskattan., en hæstv. fjmrh. þætti úrskurður hennar ganga ríkissjóði í óhag, og væri þá eðlilegt, að hvor aðilanna um sig fengi úrskurð dómstólanna um, hvort úrskurður ríkisskattan. væri réttur eða rangur. Þetta er auðvitað sérstaklega principatriði, en það var fullt samkomulag í n. um að setja þetta atriði inn. Annað hafði n. ekki sérstaklega við frv. að athuga, en ég vildi aðeins segja við hæstv. ráðh., sem bar það fram, í sambandi við brtt. á þskj. 399, að eðlilegra hefði þótt að fella umræddar greinar alveg úr gildi heldur en gera þær óvirkar, eins og þar er gert ráð fyrir. Þetta er að sjálfsögðu formsatriði, og skal ég ekki fara nánar út í það, þar sem tími er svo naumur.

Ég vil fara örfáum orðum um það, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Reykv. og hv. 6. landsk., þó að ég viti, að ráðh. muni svara þeim fyrirspurnum, sem þar komu fram. Ég tel rétt að gera þetta hér vegna þess, sem rætt hefur verið um þetta í sambandi við afgreiðslu fjárl.

Uppistaðan og fyrirvaf í rökum beggja þessara hv. þm. er, að verkalýðurinn hafi sýnt einhverja óskaplega þolinmæði í sambandi við framkvæmd gengisbreytingarl. og hafi gert það einungis í þeim tilgangi að sýna fram á, að gengislækkunin hljóti að leiða til vaxandi dýrtíðar, enda þótt kaup ekki hækki.

Ég vil í sambandi við þetta benda þeim báðum á, að einmitt þeir mennirnir, sem minnstum mótmælum þurftu að hreyfa, hafa fyrstir orðið til að brjóta þetta boðorð og leitt yfir þjóðina 6 mánaða verkfall, sem hefur valdið tapi svo hundruðum millj. kr. skiptir í erlendum gjaldeyri. Einmitt þeir, sem minnst liðu fyrir breytinguna, urðu fyrstir til að skapa það ástand, sem nú ríkir, og orðið til þess, að ekki var hægt að nota þessa 6 mán. til gjaldeyrisöflunar, um leið og þeir hefðu gefið þeim 4—5 þús. kr. tekjur á mánuði.

Það má vera, að hv. þm. telji þetta engin áhrif hafa á framkvæmd gengisbreytingarl. En ef komizt hefði verið hjá þessu verkfalli, hefði það hlotið að leiða til bætts ástands, sumpart með bættum vöruskiptajöfnuði, sumpart með því að skapa atvinnu, auk þess sem ríkissjóður fer á mis við mikinn erlendan gjaldeyri, sem svo mjög er dýrmætur nú. Þessum rökum er ekki hægt að mótmæla, svo að það er ekki alveg rétt, að verkalýðurinn allur hafi sýnt þolinmæði við framkvæmd gengisbreytingarl., heldur orðið til þess að skapa það ástand, sem ekki mátti skapa, til þess að sanna, að gengisbreytingarl. gætu haldið dýrtíðinni niðri.

Í öðru lagi er þess að geta, að enginn gerði ráð fyrir því, þegar l. voru sett, að annað eins árferði gengi yfir landið og raun hefur orðið á, þar sem síldin brást algerlega í 6. sinn í röð s. l. sumar. Ástandið í landinu hefði orðið allt annað, bæði hvað snertir vöruskiptajöfnuðinn við útlönd og eins hvað snertir atvinnu í landinu sjálfu, ef ekki hefðu komið til þessi tvö atriði, annars vegar það, að síldin brást, og hins vegar það, að togaraflotinn var bundinn í höfn í 6 mánuði. Þetta hlaut að leiða til þess, að ekki var hægt að ná sama árangri af gengisbreytingunni og ætlað var í fyrstu og orðið hefði, ef þetta hefði ekki komið til. Annað þetta atriði var ekki hægt að ráða við, en hinu réðu þeir menn, sem frá upphafi vildu, að gengislækkunin misheppnaðist. En hins vegar má spyrja þá hv. 6. landsk. og hv. 4. þm. Reykv., hvað hefði gerzt hér, ef gengislækkunin hefði aldrei verið gerð. Við hefðum orðið að halda áfram að greiða a. m. k. 45 millj. kr. í uppbætur til útvegsins, kannske tvöfalda þá upphæð. Þetta hefði orðið að taka inn á fjárl., því ekki þarf hv. 6. landsk. að telja mér né öðrum trú um, að það hefði ekki kostað ríkissjóð talsvert fé, ef genginu hefði ekki verið breytt og farið hefði verið eftir kröfum útgerðarmanna, eins og gert var í fyrra. Það hefur sýnt sig, að þessi stefna hefur ekki orðið til þess að stöðva dýrtíðina, og Alþýðuflokkurinn hafði engin ráð til þess önnur en halda áfram eins og gert hafði verið, þangað til gengisbreytingin var gerð. Ofan á öll útgjöldin hefði orðið að taka inn á fjárl. tugmillj. króna til þess að greiða niður vísitöluna og uppbætur til útvegsins, til þess að hægt væri að halda dýrtíðinni niðri, en það var komið svo, að þetta var ekki hægt lengur. Hv. þm. virðist alveg gleyma þessu og heldur því fram, að með gengislækkuninni væri farið inn á því verri braut, en þessi braut hefði reynzt önnur og betri. Ef þessi tvö áföll, sem ég hef rætt um, hefðu ekki orðið, og öðru þeirra á Alþfl. stóran

þátt í, svo stóran, að hann hefur verið stórkostlega ásakaður, jafnvel af sínum eigin mönnum, fyrir að halda þessu svo mjög til streitu, og þær ásakanir eru með svo miklum rökum, að formaður Sjómannafélagsins liggur á sjúkrahúsi, veikur af samvizkubiti fyrir þetta. Já, það er ekki ábyrgðarlaust að halda aðalatvinnutækjum þjóðarinnar bundnum í höfnum í 6 mánuði samfleytt, og það er ekki furða, þó að það sé dálítið þungt í mönnum, sem tapað hafa 4—5 þús. kr. á mánuði á þessu verkfalli. Svo talar Alþfl. um, að láta verði undan svokölluðum lágmarkskröfum verkalýðsins, — en hvað skeður, ef haldið er inn á þessa braut? Fyrst þyrfti að láta undan lágmarkskröfum verkalýðsins, síðan undan lágmarkskröfum starfsmanna ríkis og bæja. Dýrtíðarskrúfan er komin á stað, hver hækkun á laun kallar á nýja hækkun, og þá eru það aðrir, sem verða að segja stopp. Hvað skeður þá, þegar verkamenn hafa enga vinnu, þegar búið er að stöðva atvinnuvegina? Sannleikurinn er sá, að hvað sem líður kröfum þessara manna, þá verða atvinnuvegirnir að geta staðið undir þeim, til þess að hægt sé að verða við þeim. Ef þeir geta það ekki og ekkert fé er til annars staðar frá, þá stöðvast þeir af sjálfu sér, stöðvast eins og vél, sem rafmagnsstraumurinn er tekinn af.

Það eru ekki til nema tvær leiðir í þessu máli. Önnur er sú, að koma í veg fyrir hækkanir á kaupi, eins og gert hefur verið, hin að láta undan þeim kröfum, en fella krónuna að sama skapi, eins og upphaflega var gert ráð fyrir í gengisbreytingarl. Þar var sett inn, að Landsbankinn gæti fellt krónuna, ef brýn ástæða væri til. Launin verða þá að vísu hærri, en krónurnar smærri.

Út af þessu vil ég benda hv. 6. landsk. á, að það er stærsta glappaskot, sem Alþingi hefur nokkru sinni gert, þegar samþ. var að hækka laun starfsmanna ríkis og bæja, ekki vegna ríkissjóðs, heldur vegna þeirra sjálfra, því að þetta er þeim engin launabót.

Í sambandi við fyrirspurn hv. 6. landsk. til ráðh. um það, hvort hann héldi, að starfsmenn ríkis og bæja mundu una því, þegar vísitalan væri bundin við 123 stig, að vinna fyrir óbreytt kaup, þá vil ég segja, að ég get vel hugsað mér það. Starfsmenn ríkis og bæja hafa allt aðra aðstöðu en verkamenn. Þeir hafa örugga atvinnu allt árið, almennt styttri vinnutíma en verkamenn og geta því oft unnið annað með sínum föstu störfum, og þeir eru ef svo má segja, tryggðir frá vöggunni til grafarinnar, og hefur það sýnt sig bezt nú, þegar Árni Sigurðsson fríkirkjuprestur er fallinn frá, þá þarf ríkissjóður að hlaupa undir bagga með ekkju hans, og það enda þótt hinn látni væri ekki í þjónustu ríkisins. Þessir menn hafa allt aðra aðstöðu en verkamenn, ef þeir eru sjúkir, fá þeir sjúkratryggingu, og þegar ellin sækir þá heim, halda þeir fullum eftirlaunum, en verkamenn verða að sætta sig við lítilfjörleg ellilaun eftir 67 ára aldur. Af öllum þessum ástæðum er eðlilegt, að þeir sætti sig við lægri laun en verkamenn. Einnig gæti svo farið, að enda þótt verkamönnum væri frjálst að semja um hærri laun, þá opnuðust augu almennings yfirleitt á því, að honum er enginn gróði að því að pressa launin upp með vísitölunni. Í sambandi við þetta má minna á, að það er einhver mesta bölvun, sem yfir þetta land hefur dunið, að launin og vísitalan skyldu nokkru sinni vera bundin saman. Svo lengi sem það er gert fá verkamenn hærri laun með hærri vísitölu, og þeim er þá alveg sama, þótt dýrtíðin aukist, en um leið og kaupgjald og vísitala væru slitin í sundur skapast grundvöllur fyrir því, að almenningur reyni að þoka niður dýrtíðinni. Þetta frv. er tilraun til þess að fara inn á þessa braut.

Hingað til hafa verkalýðsfélögin alltaf staðið saman um það að hækka launin og styrkt hvert annað, — en á hvern hátt? Þau hafa alltaf gætt þess að semja aldrei öll á sama tíma um sama kaup, heldur hvert í sínu lagi, til þess að alltaf væri aðstaða til þess að krefjast launahækkunar í krafti þess, að aðeins væri um samræmingu að ræða. Þetta kom skýrt fram hjá embættismönnum ríkisins í fyrra, þegar sótt var mjög fast af starfsmönnum landssímans að fá kauphækkun, og lá við sjálft, að verkfall yrði, en þeim gleymdist, að þeir voru búnir að fá kauphækkun skömmu áður en aðrir embættismenn ríkisins fengu hana. Allt þetta svikakerfi er orðið viðbjóðslegt, og ber að slíta það í burtu.

Einnig má minna á, að enda þótt full vísitala yrði greidd, þá yrðu menn ekki ánægðir fyrir það. Full vísitala hefur verið greidd síðan fyrst var byrjað á því að reikna hana út, og samt hafa launin verið hækkuð um ca. 80% á sama tíma. Þeir verða aldrei ánægðir fyrr en þeir eru búnir að skilja, að þetta gengur of langt, að atvinnuvegirnir þola þetta ekki, og það er alveg sama, þó hv. þm. hóti ríkisstj. ófriði af hendi alþýðusamtakanna, þau hafa alltaf verið með ófrið, enda þótt vísitalan hafi fengizt hækkuð í samræmi við verðlag í landinu.

Hv. 6. landsk. spurði, eftir hvaða vísitölu laun yrðu greidd öðrum en starfsmönnum ríkisins, ef þessi till. á þskj. 399 yrði samþ. Mér sýnist það rétt, sem hæstv. ráðh. hefur sagt um þetta, að þegar búið er að samþ. þetta frv., þá sé það hreint samkomulagsatriði milli launþega og launagreiðenda í landinu, hvaða vísitala sé greidd á þau laun, sem samið er um, en það finnst mér alveg sjáanlegt, að ekki sé hægt að krefjast hærri vísitölu en 115. Því að breyting á launakjörum í landinu getur ekki orðið skv. þessum lögum, það væri breyting á lögunum, ef ætti að greiða eitthvað ofan á 115, svo að mér skilst, að ef ætti að fá hærri hundraðshluta uppbót á laun verkamanna í landinu, þá mundi þurfa nýja samninga.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Mér fannst hv. 6. landsk. þm. enda ræðu sína með heldur óvirðulegri samlíkingu fyrir Alþýðusambandið, þar sem hann líkti Alþýðusambandinu við söguna af Móra, sem, ef ég man rétt, jarmaði, þegar búið var að eta hann. Ég get fullvissað hv. þm. um það, að ríkisstj. hefur ekkert slíkt í huga í sambandi við Alþýðusambandið. Hv. 6. landsk. bar fram svo margar fyrirspurnir, að ég geri ekki ráð fyrir, að mér takist að svara miklu af því, enda voru þær þannig lagaðar, að margar krefjast ekki mikils svars. Hann tók sérstaklega fram, að hann mundi bera fram till. um að láta greiða vísitöluuppbót á mánaðarfresti. Ég skal ekki lasta þá gerð hans, en mér sýnist, að með því sé hann að leitast við að lögbinda kaupið að nokkru

leyti. Hann ásamt öðrum, sem svipað tala, eru ekki að reyna að leysa málefni verkalýðsins undan áhrifavaldi löggjafarinnar, heldur koma þeim undir áhrif hennar og binda nokkurn hluta launanna með lögum.

Hv. þm. spurði, hvort þessi till. væri borin fram til að knýja atvinnurekendur til að borga ekki vísitölu á laun, svo að verkamenn ættu eingöngu að fá núgildandi grunnlaun og ætlazt væri til, að atvinnurekendur sviptu þá uppbót á launin. Ég fyrir mitt leyti geri nú ekki ráð fyrir því, að atvinnurekendur muni almennt líta þannig á, að þessi ráðstöfun sé gerð í því skyni, að þeim sé ætlað að svipta sína verkamenn þeirri vísitöluuppbót, sem ríkið ætlast til, að sínir starfsmenn fái. Mér finnst reyndar, að hv. þm. geri ekki mikið úr umönnun ríkisstj. fyrir þeim mönnum, þ. e. hinum opinberu starfsmönnum. En ef þessi breyt. verður samþ., þá er þetta frjálst, það er samningsatriði milli aðila, hvaða kaup er borgað. Það kann vel að vera, að þetta verði til þess, að verkamenn eða Alþýðusambandið annars vegar og vinnuveitendur hins vegar geri með sér samninga, en það er aðeins það, sem gerist bæði hér og annars staðar og er gert á frjálsum grundvelli milli beggja aðila. Hvað vill því hv. 6. landsk. þm. meira frelsi til handa verkamönnum en að þeir hafi óskorað samningafrelsi? Þá segir þm.: „Þetta viljum við ekki", nei, hann segir, að þeir vilji binda það á þann hátt, sem hann tiltekur. Hann ræddi mikið um, að það væri ætlun ríkisstj. að binda kaup opinberra starfsmanna í eitt ár með því að ætla þeim vísitöluna 123. „Það er vitað", segir hann, „að það er mikilla verðhækkana að vænta í landinu, og þess vegna hljóta opinberir starfsmenn að dragast aftur úr". Ég vil fyrst og fremst benda hv. þm. á, að það veit enginn, hver hækkun dýrtíðar verður, og í öðru lagi eru áhrif gengislækkunarinnar á dýrtíðina að mestu komin fram. Ég sé, að hv. 4. þm. Reykv. rekur upp stór augu, þegar ég segi þetta, en ég held því óhikað fram, en hitt skal að fullu viðurkennt, að eftir því ástandi, sem nú er í heiminum og breytist frá degi til dags, getur verðlag alltaf breytzt, sérstaklega á þeim vörutegundum, sem mikið eru notaðar til vígbúnaðar. Hitt getur enginn fullyrt, að opinberir starfsmenn verði á eftir öðrum í kaupi, þó að það sé fest allt árið. Ég vil taka undir með hv. þm. Barð., þar sem hann benti á, að opinberir starfsmenn hefðu fasta og örugga atvinnu, og þegar þeir láta af störfum fyrir aldurs sakir, þá eru þeir á eftirlaunum. Aftur á móti hafa verkamenn ótrygga atvinnu og engin eftirlaun. Þetta er stórkostlegt atriði. Ég verð að segja, að þó að undir erfiðum kringumstæðum, eins og nú, væru sett ákvæði, sem byndu vísitöluna í eitt ár fyrir opinbera starfsmenn, þá teldi ég það enga goðgá. Öryggisleysi verkamanna er miklu meira og verra en það. Þetta er mesti misskilningur hjá hv. þm. Ef embættismenn vildu aðeins líta á málið frá almennu sjónarmiði, þá sæju þeir, að þeir eru ekki settir aftur fyrir aðra launþega í landinu. Hv. 6. landsk. þm. og hv. 4. þm. Reykv. tóku báðir fram, að verkalýðssamtökin hefðu sýnt mikinn þegnskap í sambandi við gengislækkunina. Ég skal ekkert deila á alþýðusamtökin í þessu sambandi, ég vil þó aðeins segja, að Alþýðusambandið hefur ekki þjáðst af ást til núv. ríkisstj. Það er ekki þess vegna, sem ekki hefur vaknað verkfallsalda út af gengislækkuninni. Nei, það er af allt öðrum toga spunnið, það er af því, að þeir ráðunautar, sem Alþýðusambandið valdi sér, ályktuðu, að launahækkun hefði enga kjarabót í för með sér fyrir verkalýðinn. Þetta er ekkert launungarmál, þetta er í prentuðu álitsskjali frá þessum mönnum. Þeir rökstyðja þetta þannig, að ekki verður um villzt, að launahækkun er engin kjarabót fyrir verkalýðinn eins og nú er, því að ástandið tekur þessar kjarabætur jafnóðum burtu. Ég hygg, að þetta hafi valdið því, að Alþýðusambandið tók þá skynsamlegu ákvörðun að fara ekki í vafasama baráttu við ástandið, eins og það er í dag, ég segi reyndar vonlausa baráttu, það sýnir sig bezt, að þegar þarf að hækka kaup opinberra starfsmanna um nokkrar millj. kr., þá verður að sækja þær millj. til alþýðumanna í landinu.

Ég sagði, að þessi breyting gæfi Alþýðusambandinu meira frjálsræði. Núv. ríkisstjórn stefnir að meira frjálsræði bæði í þessu og öðru. Hún stefnir að meira frjálsræði í verzlun og frjálsræði í framkvæmdum í landinu, ég ætla að vona, að það geti komið á daginn áður en mjög langt um líður, að þetta hvort tveggja geti rætzt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Af því að ég fylgi þessu máli og kem til með að greiða atkv. með því hér í deildinni, og af því að ég fylgi því frá öðrum sjónarmiðum en hér hafa komið fram, — og vil m. a. s. ekki láta bendla mig við sum þeirra —, kvaddi ég mér hér hljóðs. Ég gleðst yfir, að nú skuli loks eiga að stíga það spor að láta þann víxlgang, sem hefur verið á kaupi og vöruverði, hætta. Þetta er höfuðástæðan til þess, að ég fylgi frv. Hins vegar er nú fjárhagur ríkissjóðs þannig, þegar á hann er litið annars vegar og hins vegar á atvinnulífið í landinu, og jafnframt haft í huga, hvað á að gera á komandi ári, þegar á að ráðast í þær mestu framkvæmdir, sem gerðar hafa verið á einu ári í landinu, þá er ekkert vit í að fara upp í 123 stig í útborgun vísitölu á laun, hún átti að vera 115 stig við launagreiðslur. Það var heldur ekkert vit í að binda ekki um leið allt kaupgjald í landinu. Þetta hefur ekki verið gert, og kannske hefur enginn viljað gera það. Þetta hefði þó átt að gera, og meira að segja gera sér von um, að það hefði bjargað atvinnuskilyrðunum í næstu framtíð. En því fylgi ég frv., að það slítur þau tengsl, sem voru milli vísitölu og kaupgjalds, og víxlgangurinn er þar með slitinn; ég fylgi því, þó að ég telji, að það eigi eftir að sýna sig á næstu árum, að það hefði þurft að festa allt kaup, bæði hjá launamönnum og öðrum, til þess að frumvarpið næði fullum tilgangi. Þrátt fyrir það fylgi ég því.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. sagði hér í ræðu, sem hann hélt í dag, að hugmyndin um tvöfalt gengi sé frá kommúnistum komin, og á hann þá víst við sósíalista. Ég veit ekki til, að nokkur sósíalisti hafi lagt slíka till. fram eða sambærilega. Hér fer þm. með algert fleipur, — aðrar athugasemdir hef ég ekki við þetta að gera. Annars væri fróðlegt að heyra,

hvað hæstv. ríkisstjórn ætlast fyrir í þessu efni, og það er eiginlega skylda hæstv. ráðh. að gefa þingmönnum upplýsingar um það, en engar slíkar vísbendingar hafa komið fram í ræðu hans. Það mun rétt, að tvöfalt gengi hafi komið til umræðu, en hitt hefur líka heyrzt, að horfið væri frá því nú og helzt sé hugsað að leggja til nýja, almenna gengislækkun, eins og ég var að geta mér til í minni fyrstu ræðu, og þessar till. væru fyrsta skrefið. Ég álít, að þingmenn eigi rétt á að fá þetta upplýst, þó að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki tekið fullnaðarákvörðun enn þá, en það er ekki langur tími til stefnu til að koma útveginum til aðstoðar.

Gengislækkunarmenn hafa verið að reyna að afsaka gjaldþrot sinna kenninga með því, að við Íslendingar höfum orðið fyrir sérstökum óhöppum og skakkaföllum síðan gengislækkunin gekk í gildi. Hvað er nú hæft í þessu? Helztu óhöppin, sem þeir nefna, eru: 1) fyrsta lagi síldarleysi, 2) togaraverkfallið, 3) markaðsleysi.

Hvað fyrsta atriðið snertir, síldarleysið, þá er þetta 6. síldarleysissumarið í röð, og þó hefur verið miklu betri síldveiði í ár en undanfarið, þar sem aflabrestur í sumar hefur verið mikið bættur upp með góðri veiði við Faxaflóa í vetur og haust. Ég geri ekki ráð fyrir, að gengislækkunin hafi átt að koma í veg fyrir aflaleysi, þó að hún ætti að gera mikið! Ég hef ekki heyrt þá halda því fram, og þess vegna er fáránlegt að þrástagast á síldarleysi eins og óvæntum áföllum. Það er hlutur, sem allir hlutu að gera ráð fyrir í sínum útreikningum.

2) Sjómannaverkfallið. Það var sannarlega ekki óhapp, ekkert áfall, sem ekki er mönnum að kenna, heldur var það sjálfskaparvíti og fyrst og fremst afleiðing af gengislækkuninni. Hv. þm. Barð. sagði, að sjómenn hefðu sízt haft þörf fyrir kjarabætur. Sannleikurinn er sá, að með gengislækkunarlögunum var ekki níðzt eins mjög á neinum og sjómönnunum. Á saltfiskveiðar var ekki lengur hægt að fá menn á skipin vegna þeirra kjara og þess óskaplega þrældóms, sem þeir áttu við að búa. Ef ekki hefði verið níðzt á togarasjómönnum með gengislækkunarlögunum, og hefði verið orðið við sanngjörnum kröfum þeirra um vinnutíma strax í vor, þá hefði ekkert sjómannaverkfall orðið. Tjónið af þessu verkfalli, sem hæstv. ráðh. og fleiri telja, að nemi um 100 millj. kr., er því algerlega á ábyrgð núverandi ríkisstjórnar og afleiðing af pólitík hennar.

Í 3. lagi eru það markaðsörðugleikarnir. Það voru reyndar markaðsörðugleikarnir, sem gengislækkunin átti að lækna, það var ekki áfall, það átti að vera verk gengislækkunarinnar að vinna bug á þeim. Þetta hefur ekki tekizt, og í því er einmitt skipbrot kenninganna fólgið. Hv. þm. Barð. sagði, að ef verðlag og kaup héldi áfram að hækka, mundi leiða af því, að atvinnuvegirnir stöðvuðust. Það er augljóst mál, að ef verðlag hækkar, þá hækkar kaup líka, svo lengi sem verkalýðurinn er frjáls, meðan verkalýðurinn hefur ekki völdin, á hann engan annan kost en að hækka kaupið til að firra heimili sín neyð. Verðhækkanirnar eru afleiðing af pólitík ríkisstj., og þær kauphækkanir, sem eru ekki nema lítið brot af þeim verðhækkunum, sem orðið hafa, eru líka afleiðing af þeirri pólitík, og það er þessi pólitík, sem leiðir til að allt stöðvast. Það er rétt og satt, að einu upplýsingarnar, sem ég fékk í ræðu hæstv. viðskmrh., voru, að till. hans væru bornar fram með vitund ríkisstj., og þá ber vitanlega að skilja það svo, að hún standi öll að þeim. Allt hitt, sem hæstv. viðskmrh. sagði, voru eintómir útúrsnúningar. Hann endurtók enn einu sinni þá setningu, sem hefur verið eina vörn gengislækkunarmanna og þeir hafa þrástagazt á síðan ekki varð um það villzt, að kenning þeirra hafði beðið algert skipbrot, en hún er þessi: „Ástandið hefði bara verið enn þá verra, ef gengislækkunarlögin hefðu ekki verið sett.“ Þetta hefur verið uppistaðan í þeim ræðum, sem fluttar hafa verið í kvöld af gengislækkunarmönnum, þetta er guðspjall þeirra.

Nú hefur enginn haldið því fram, að ástandið hefði ekki haldið áfram að versna, þó að gengislækkunarlögin hefðu ekki verið sett, hefði sömu óheillastefnunni verið haldið áfram að öðru leyti, en hinu héldum við andstæðingar þeirra fram, að þau væru byggð á fölskum forsendum, leystu ekkert vandamál, en settu vandamálin í enn þá meiri hnút, og þetta er þegar orðin staðreynd. Þá hélt hæstv. ráðh. því fram, að till. hans gerðu ekki annað en gefa kaupgjaldið frjálst, þetta stefndi að meira frelsi í atvinnulífinu og meira frelsi fyrir verkalýðssamtökin. Er það þá eini tilgangur hæstv. ráðh. með þessum till. að gefa verkalýðsfélögunum meira frelsi?

Þetta er sama ríkisstjórnin, sem undanfarið hefur barizt fyrir bindingu kaupgjalds og talið það allra meina bót, en er nú orðin svo fylgjandi frjálsum kaupsamningum, að ekki má láta bíða næstu mánaðamóta að koma slíku skipulagi á. Það þarf að afgreiða þetta í snarheitum fyrir áramót. Auðvitað er þetta ekki annað en útúrsnúningar og staðleysur. Skv. gengislækkunarlögunum er frjálst að hækka grunnkaup, og þessi till. hæstv. ráðh. breytir þar engu um. Einnig var það sett sem skilyrði, að kaupuppbótin yrði greidd skv. lögum um, að grunnkaup hækkaði ekki upp fyrir ákveðið hámark. Vitaskuld er ekki hægt að setja neitt skilyrði fyrir því, að kaupuppbót sé greidd eftir að búið er að afnema hana. Þetta er sem sagt einhver furðulegasti málflutningur, sem ég hef heyrt lengi. Eina kaupgjald, sem bundið er með gengislækkunarlögunum, er kaupgjald opinberra starfsmanna. Það, sem þessi till. hæstv. ráðh. gengur út á, er að lækka kaupið með l., þ. e. að lækka núverandi samningsbundið kaup með l. Það er ekkert annað, því að samkv. öllum núgildandi samningum skal kaupið hækka 1. júlí 1951 samkv. þeirri verðlagsvísitölu, sem þá gildir. Með þessari till. er sú hækkun numin úr gildi, þ. e. a. s. atvmrh. er leystur undan þeirri samningsbundnu kvöð að þurfa að hækka kaup samkvæmt vísitölu frá þeim tíma, og ríkisstj. er leyst undan þeirri skyldu að greiða starfsmönnum sínum þau laun, sem Alþ. hefur áður tryggt þeim með l. — Ég mun að sjálfsögðu fylgja þeirri brtt., sem borin er fram á þskj. 451 og er þess efnis, að laun skuli hækka mánaðarlega samkvæmt vísitölu hvers mánaðar. Þessi till. er í samræmi við frv., sem flokksbræður mínir hafa flutt í Nd. og liggur nú fyrir þeirri d., og í samræmi við þær kröfur, sem verkalýðssamtökin hafa gert í sínum samþykktum alveg einróma.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. þm. Barð. (GJ) gerði nú heldur lítið úr þeirri þolinmæði, sem verkalýðurinn í landinu hefur sýnt gagnvart gengislækkunarl. Þó hélt hann því ekki beint fram, að félög verkafólks í landinu hefðu torveldað framkvæmd l., — hann fór engum orðum um það, enda væri ekki hægt að benda á slíkt. Hins vegar sagði hann, að það væri ekki hægt að segja það sama um togarasjómenn, sem hefðu þó sízt haft ástæðu til að vera óánægðir með kjör sín. Ég held, að fáir Íslendingar mundu taka undir þessi orð hv. þm. Barð., að sjómenn á togurum hefðu þess sízt þörf að fá leiðréttingu á kjörum sínum. Þeir hafa 16—17 tíma vinnudag, þegar verkalýðnum almennt er lögbundinn 8 stunda vinnudagur og margir þeirra, sem léttustu störfin vinna, vinna aðeins í 6—7 stundir á dag. Á þessu fóru þeir fram á að fá leiðréttingu, um þetta stóð fyrst og fremst togaraverkfallið, sem þm. var að áfellast þá fyrir. Þetta var þungamiðja þeirra krafna, sem þeir gerðu og atvinnurekendur vildu ekki ganga að. Þess vegna er rangt að segja, að togaraverkfallið sýni andstöðu verkalýðshreyfingarinnar gegn gengislækkunarl. Verkfallið var hafið vegna þeirrar argvítugu rangsleitni, sem togarasjómenn áttu við að búa. Hv. þm. sagði, að af þessu hefði framkvæmd l. beðið hinn mesta hnekki, af því stafaði vöruskorturinn og dýrtíðin. Vill hann nú ekki skýra fyrir mér og öðrum þm., hvernig dýrtíðin hafi hækkað í landinu vegna togaraverkfallsins? Það væri svei mér laglega af sér vikið, ef hann gæti útskýrt það, svo að í lagi væri. Nei, dýrtíðin í landinu, sem óx á s. l. sumri, var ekki togaraverkfallinu að kenna. Nú, skýringar hv. þm. á togaraverkfallinu í sambandi við vöruskortinn koma illa heim við skýringu hæstv. fjmrh. í sambandi við afgreiðslu fjárl. Hann sagði, að vöruskorturinn væri afleiðing af því, að kaupgetan í landinu væri meiri en hún ætti að vera, og það orsakaði það, að allar vörur, sem kæmu til landsins, seldust strax upp. Það er ekki enn þá búið að lama kaupgetu almennings nægilega, eftir kenningu hæstv. fjmrh. Það er rétt, að kaupgetan á Íslandi hefði verið meiri, ef togaraverkfallið hefði ekki átt sér stað í sumar. Þá hefði, eftir kenningu hæstv. ráðh., þessi bölvun, sem hann sér í henni, orðið enn þá meiri. Ég heyrði ekki betur en að hann fagnaði togaraverkfallinu, vegna þess að það hafi dregið úr bölvaðri kaupgetunni!!

Hv. þm. Barð. spurði, hvað hefði skeð í þessu landi, ef gengislækkunin hefði ekki verið framkvæmd. Það er eins og hann haldi, að þessi þjóð væri glötuð, ef gengislækkunin hefði ekki komið til bjargar. Það var einhver af ráðh. ríkisstj., sem sagði um daginn, að ef gengislækkunin hefði ekki verið framkvæmd, væri fiskverðið komið niður í 45 aura kílóið. Nú er fiskverðið 75 aurar, þ. e. a. s., að þá hefði þurft að bæta 30 aurum á kg, til þess að sama fiskverðið og er hefði fengizt, en þá er líka víst, að ekki væri nú sú dýrtíð í landinu, sem er og hefur orðið afleiðing gengislækkunarinnar. Þá hefði verið 75 aura verð í þessu landi, minnkandi dýrtíð og ríkissjóður ekki þurft að bæta nema 30 aurum á kg til þess, að útgerðarmenn gætu gert út. En eftir að gengislækkunin var framkvæmd, þarf 55 aura á hvert kg til þess að útgerðarmenn geti gert út, og dýrtíðin miklu meiri en verið hefði, ef gengislækkunin hefði ekki verið framkvæmd. — Raunar er þetta með 45 aura verðið tóm firra, því að sá maður, sem ber bezt skyn á sjávarútvegsmál, hv. þm. Vestm. (JJós), sagði, að verðlækkun á heimsmarkaðinum næmi einungis 5—6%, og um það atriði ætla ég hann fróðari en nokkurn annan úr liði hæstv. ríkisstj. — Nei, ástæðan til þess, að enginn útgerðarmaður treystir sér til að gera út, er afleiðingar gengislækkunarinnar, sem hafa komið fram í 100—150% hækkun á flestum nauðsynjum útgerðarinnar. Það er þess vegna, að vélbátar útgerðarinnar liggja bundnir í höfnum inni og atvinnuleysi gengur í garð. Við þetta værum við lausir, hefði gengislækkunin ekki verið framkvæmd; þá værum við miklu betur á vegi staddir. Hv. þm. sagði: Við vorum komnir í öngþveiti, þegar ríkisstj. réðst í gengislækkun. — Þá spyr ég hann: Gengislækkunin var framkvæmd. Erum við komnir úr öngþveitinu? — Nei, við erum miklu verr staddir en nokkru sinni fyrr, og ríkisstj. treystir sér ekki til að ráða fram úr vandræðunum. Það er alveg rétt, að ríkissjóður hefði þurft að leggja fram milljónatugi til þess að bæta fiskverðið, ef gengislækkunin hefði ekki verið framkvæmd. Er búið að leysa þann vanda núna? Nei, við skulum tala um það eftir áramótin, hvort ríkisstj. þarf ekki að eyða nokkru til þess að koma vélbátaútveginum í gang, í viðbót við gengislækkunina. Er það þó augljóst mál, að eingöngu vegna gengislækkunarinnar hækka útgjaldaliðir fjárl. um 15% — yfirgnæfandi meiri hluti allra útgjaldaliða á fjárl. — vegna gengislækkunarinnar. Ríkisstj. á enn eftir að finna þær milljónafúlgur, sem til þess þarf að koma vélbátaútveginum í gang.

Ég held nú, að þm. Barð. hafi aldrei komizt lengra í ósvífni sinni — og er þá mikið sagt — en þegar hann sagði, að Sigurjón Á. Ólafsson lægi nú sjúkur af samvizkubiti, og kvað hv. þm. hann þjást af því að hafa lagt út í verkföll í landi sínu. Ég veit ákaflega vel, að þm. Barð. er fullkunnugt um, að þetta eru vísvitandi ósannindi, og er það ekki drengilegt að vera með rangfærslur um heilsulausan mann. Sigurjón Ólafsson hefur vissulega með góðri samvizku stjórnað kjarabaráttu sjómanna í seinasta verkfalli, eins og alltaf áður, og ekki minnsta ástæða til að bera honum það á brýn, að hann hafi gegn betri vitund stjórnað þessari hagsmunabaráttu sjómannastéttarinnar. Að hann gaf ekki kost á sér aftur sem formaður sjómannafélagsins, stafaði af engu öðru en því, að hann var þrotinn að heilsu og hafði kennt sér meins um langan tíma, löngu áður en togaraverkfallið hafið. Hann er öllum Íslendingum fremur búinn að slíta kröftum sínum fyrir hagsmunabaráttu sjómannastéttarinnar, og verður aldrei dreginn af honum sá skór, hversu mikið sem reynt verður til þess.

Þá sagði hv. þm. Barð.: Ef kaupuppbætur eiga að greiðast samkv. vísitölu, leiðir af því nýja verðhækkunaröldu. — Já, ekki hefur nú kaup hækkað frá því 1. júlí í sumar. Hefur þá ekki dýrtíðin stöðvazt á sama tímabili? Er kauphækkun orsök dýrtíðarinnar á þessu síðasta misseri? Nei, það er ekki af kauphækkunum, og það er ekki hægt að snúa sannleikanum betur við en með því að fullyrða, að ef kaupið verði bætt samkv. vísitölu, þá

leiði af því nýja kauphækkunaröldu. Verðhækkun verður að vera til staðar sem forsenda til þess að kaupið hækki, og kauphækkun kemur þess vegna sem afleiðing af verðhækkun, sem þegar er komin. Kauphækkun samkv. vísitölu er ávallt afleiðing dýrtíðar, sem þegar er til staðar. — Ég er hræddur um, að hv. þm. mundi missa skólastjóraembætti, ef hann ætti það í húfi, en því er nú ekki til að dreifa. (**GJ**: Nei, sem betur fer.) — Og nú höfum við hv. 4. þm. Reykv. (HG) borið fram till. um það, að kaupgjald skuli bætt með vísitölu hvers mánaðar. Gæti það orðið orsök til kauphækkunaröldu? Segjum, að ríkisstj. tæki rögg á sig og stöðvaði alveg verðhækkanir og dýrtíðina og till. okkar hv. 4. þm. Reykv. yrði samþ. Næsta mánuð á eftir kæmi þrátt fyrir okkar till. engin kauphækkun. Ef ríkisstj. skerpti sig enn þá betur og kæmi dýrtíðinni niður á við, vísitalan yrði lægri í næsta mánuði, þá yrði samkv. till. okkar kaupið að sama skapi lægra. En því aðeins, að dýrtíðin vaxi, kemur það sem afleiðing till. okkar, að kaupgjald hækkar. Ríkisstj. á að hafa forustuna og á að vita, að ef dýrtíðin hækkar, þá hækkar kaupið. En hún veit jafnörugglega, að takist henni að lækka dýrtíðina, þá lækkar kaupgjald í landinu. Þetta er þess vegna ekki það háskaprinsíp, sem hv. þm. Barð. vill vera láta. Þess er kostur að lækka kaup á Íslandi eins mikið og nokkur réttlætisgrundvöllur er fyrir því, einmitt með því að láta kaupgjaldið fylgja verðlaginu. Kauphækkun á Íslandi hefur aldrei verið orsök dýrtíðar, kauphækkun hefur ætíð verið afleiðing dýrtíðar. Verkalýðssamtökin hafa aldrei fengið kaup sitt hækkað fyrr en eftir á, og nú seinustu 6 mánuðina hefur kauphækkunin orðið það eftir á, að nú er mismunurinn á kauphækkun og verðlagsvísitölu 8%, og þetta fæst ekki bætt fyrr en um næstu áramót. — Ég held, að með þessum orðum hafi orðið harla lítið úr þeirri kenningu þm. Barð., að það sé mesta ólán þjóðarinnar, að kaupgjald og verðlag hefur verið bundið saman. Hefði ríkisstj. getað stöðvað dýrtíðina og haldið verðlaginu í skefjum eða fært það niður, væri kaupið nú komið niður á við. (**GJ**: en Alþfl.-stjórnin á sínum tíma?) Hún stóð miklu betur í ístaðinu en hæstv. núv. ríkisstj. í þessum efnum.

En það er annað, sem hv. þm. Barð. minntist ekki á, og það eru tengslin á milli álagningar heildsalanna og kaupmannanna og dýrtíðarinnar. Vegna þess að það er lögbundið, að leggja má 10% á eina vöru, 20% á aðra, 30% á þá þriðju og 40% á þá fjórðu, þá hafa allir kaupsýslumenn brennandi áhuga fyrir því, að verðlagið sé sem allra hæst, fari hækkandi. Það er þetta, sem hv. þm. Barð. heldur ekki fjálglega ræðu um, að þarna er orsök dýrtíðarinnar. Til þess að losna við kauphækkun væri bezt að slíta þessi tengsl, hætta að heita kaupsýslumönnum í landinu hækkandi álagningargróða með hækkandi krónutölu. En á þetta er ekki minnzt, af því að þar yrði að skerða hlut þeirra aðila í þjóðfélaginu, sem hv. þm. Barð. og hæstv. viðskmrh. eru beinir umboðsmenn fyrir.

Hv. þm. Barð. spurði, hvort það væri ekki rétt, að þær kjarabætur, sem hefðu fengizt með kauphækkun, væru að engu orðnar. Jú, mikið rétt. Það er búið að sjá svo um, að kjarabætur kauphækkunarinnar eru að engu orðnar, það er búið að taka þær aftur með verðhækkun. En hvernig hefðu kjör verkalýðsins á Íslandi verið, ef hann hefði unnið fyrir óbreytt kaup, en dýrtíðin verið eins og hún er nú? Því að það er gengið á það lagið, ef ríkisstj. á það ekki víst, að kauphækkun komi á hæla verðhækkunar, — þá tekur einmitt við ábyrgðarleysið í verðlagsmálunum, og reynslan frá síðasta misseri, 1. júlí, sannar þetta. Þegar ríkisstj. vissi, að kauphækkun kæmi ekki í kjölfar verðhækkunar, þá skellti verðhækkunin á skeið, þá var hægt að breikka bilið milli kaupgjalds og verðlags, og það var notað. Það er ekki hægt að knýja hæstv. ríkisstj. til ábyrgðar í þessu efni nema láta hana vita, að hverri verðhækkun, sem hún lætur eiga sér stað, skal fylgja kauphækkun, og á þann hátt einan geta verkalýðssamtökin í landinu knúið ríkisvaldið til ábyrgðar, og á engan kost annan. Ef hv. þm. Barð. og hæstv. ríkisstj. meina það, að hægt sé að lækna ástandið á Íslandi með því að halda kaupinu óbreyttu og jafnvel lækka það þrátt fyrir verðlagsástandið í landinu, þá kemur sú spurning, hvernig fólkið eigi að lifa í landinu. Það er sannarlega enginn hægðarleikur að lifa núna fyrir verkamannafjölskyldu á Íslandi. Meginstofninn í fæðu verkamannafjölskyldunnar er nú orðinn eins og hann var löngum, þ. e. rúgbrauð og smjörlíki og svart kaffi, og stundum fæst nú ekki kaffi, svo dýrt sem það er. Fjöldi fólks verður nú að hætta að kaupa mjólk og margar þær vörutegundir, sem þó verður að kalla lífsnauðsynlegt, að fólk geti veitt sér, og er það þetta tvennt, sem veldur þessu, stórkostlega aukin dýrtíð og skortur atvinnu, atvinnuleysi, sem sannarlega hefur magnazt síðustu 6 mánuðina þrátt fyrir óbreytt kaup. Verður eigi litið fram hjá þeirri staðreynd.

Þá er það hæstv. ráðh. Hann sagði, að mér hefði farizt illa við Alþýðusamband Íslands að líkja því við jarmið í Móra, en þetta er misskilningur hjá hæstv. ráðh. Ég líkti hæstv. ráðh. eða ríkisstj. við bóndann, sem hafði stolið Móra, sauð Þormóðs í Gvendareyjum, taldi ég, að hæstv. ráðh. tæki mjög rangfengin verðmæti af verkalýð landsins, ef launafólkinu í landinu væri meinað að hækka kaup sitt í réttu hlutfalli við vaxandi dýrtíð, og ég sagði, að það gæti farið svo, að játning um, að þessi verðmæti hefðu verið tekin af verkalýðnum, yrði að koma upp úr hæstv. ráðh. nauðugum viljugum, líkt og í þjóðsögunni um bóndann og Þormóð í Gvendareyjum. Nú er helzt á hæstv. ráðh. að heyra, að þessar breyt. séu fluttar fyrir verkalýðssamtökin, til þess að þau geti búið við alfrjálsa samninga, eins og hann hefur endurtekið. Þetta er orðið margstaðfest hér eftir honum, og þessu munu verkalýðssamtökin fagna, ef ekki fylgir því annað. En túlkun hv. þm. Barð. og hæstv. ráðh. er ekki á eina lund, heldur hnígur túlkun háttv. þingmanns í þá átt, að það verði að binda kaupið, því að frjálsri hækkun kaups í réttu hlutfalli við vaxandi dýrtíð verði að afstýra, þar sem það mundi leiða nýja kauphækkunaröldu yfir landið og þjóðina. Hvað er þá orðið um frjálsræðið? Nú segir hæstv. ráðh., að það sé ekkert að óttast verðhækkun, því að nálega allar hækkanir af völdum gengislækkunarinnar séu komnar fram. Ég hygg, að hæstv. ráðh. trúi þessu ekki sjálfur. Að minnsta kosti veit hann, að hækkun af völdum

söluskattsins og fleiri skatta, sem síðan hafa verið samþykktir, á eftir að koma fram. Og það er vitað, að stórkostleg áframhaldandi dýrtíðaralda er að skella yfir þjóðina, og vegna þess að þeir sáu það í ríkisstj., að koma mundi til nýrra kauphækkana í samræmi við vísitöluna, þegar liðinn væri helmingur ársins 1951, ef gengislækkunarl. væri ekki breytt, eru þeir að afnema þessi ákvæði. Þeir hefðu ekki verið að því, hefðu þeir séð fram á verðlækkun. En þegar því er haldið fram, að þetta sé gert fyrir verkalýðshreyfinguna, þá er þar um auðsæja blekkingu að ræða. Verkalýðsfélögin þurfa engar auknar heimildir til þess að geta hækkað kaupið, þau geta gert það í dag, hvenær sem er á síðustu 6 mánuðum, bara með því skilyrði, að þau felli niður kaupuppbót samkv. gengislækkuninni. Hvenær sem ber svo mikið á milli um kaupgjald og verðlag, að þau vilja ekki við una, þá hafa þau að óbreyttum gengislækkunarl. fulla heimild til þess að hækka kaup sitt. Svo að það er einber hræsni, að þarna hafi verið liðkað til fyrir verkalýðssamtökin í landinu. Ástæðan til þess, að verkalýðsfélögin hafa ekki notað sér rétt sinn, er sú, að þau vildu, að í ljós kæmi, hve þessi stefna hæstv. ríkisstj. væri fullkomlega röng, án þess að hún væri brotin niður af samtökum verkalýðsins, en nú er þessi sönnun fyrir hendi, svo að nú er engin ástæða fyrir verkalýðinn að geyma lengur að bæta sér upp þá kjararýrnun, sem hann hefur orðið að þola. Ég fagna því mjög, að þeir hv. þm. Barð. og hæstv. ráðh. skyldu túlka þau auðsæju rök, sem ég sleppti með vilja að minnast á vegna þess að ég vildi, að þeir kæmu fram með þau, en þau voru í því fólgin að benda á það, hversu eðlilegt það væri, að óbreyttum verkamönnum bæri hærri kaupuppbætur en fastlaunuðum starfsmönnum, þar sem embættismenn hefðu örugg laun og fastar tekjur og síðan eftirlaun, þegar þeir eru ekki lengur færir um að gegna starfi sínu, svo að ekki er nema eðlilegt, að þeir fái lægri uppbætur en verkamenn. Nú eiga opinberir starfsmenn að fá laun sín greidd eftir vísitölu 123 stig á árinu 1951, en það er vísitala desembermánaðar 1950. En nú hafa þeir hv. þm. Barð. og hæstv. ráðh. lagt á það áherzlu, að eðlilegt sé, að verkamenn fái kaup sitt greitt með hærri verðlagsuppbót en opinberir starfsmenn. Þeir munu því sennilega ekki kippa sér upp við það, er verkamenn koma til með að heimta kaup skv. hærri vísitölu en opinberir starfsmenn fá. Verkalýðssamtökin geta því beitt orðum þessara manna fyrir sig í baráttunni við atvinnurekendur. Það er hverju orði sannara, að verkamenn hafa miklu verri aðstöðu að öllu leyti heldur en opinberir starfsmenn, og atvinnurekendur hljóta því að ganga inn á, að þeim beri hærra kaup. Ég hlakka bókstaflega til að geta beitt þessum rökum við atvinnurekendur á Vestfjörðum og geta borið fyrir mig ummæli ekki ómerkari manna en þeirra hv. þm. Barð. og hæstv. viðskmrh. Ég veit, að þeir, sem þekkja annálaða íhaldssemi hv. þm. Barð. — og allir kannast nú við þá eiginleika hæstv. ráðh. — hljóta að beygja sig fyrir því, sem þeir segja, að sjálfsagt sé, að verkamenn fái þegar 1. febr. n. k. hærra kaup en opinberir starfsmenn. — Þó að verkamenn fengju t. d. 130—140 stig, væri það sannarlega ekki of mikið frá sjónarmiði þeirra hv. þm. Barð. og hæstv. viðskmrh. Og þeirra sjónarmið er líka mitt sjónarmið í þessu máli. Þessi ágætu rök hafa þessir hv. þm. lagt verkalýðsfélögunum til í baráttu þeirra fyrir bættum kjörum verkalýðsins, og ég er þeim mjög þakklátur fyrir það.

En aftur á móti sló illa í bakseglið hjá hæstv. ráðh., þegar hann fór að vitna í það, sem hæstv. fjmrh. hefur verið að japla á dag eftir dag í um það bil viku, að eins og stæði væru það engar kjarabætur fyrir nokkurn að fá hærra kaup, og það var lokaþátturinn og rökin hjá hæstv. viðskmrh. áðan, því að ástandið tekur aftur allar kjarabætur. „Ástandið“ á stríðsárunum var mikið rætt og slæmt fyrirbæri, en „ástand“ hæstv. viðskmrh. er sízt skemmtilegra fyrirbæri. Hæstv. ríkisstj. hefur skapað þetta síðara ástand, sem er nú orðið óþolandi, og það hefur skapazt af viðleitni hæstv. ríkisstj. til að auka bilið milli verðlags og kaupgjalds.

Síðasti kafli ræðu hæstv. viðskmrh. fjallaði um frjálsræði það, sem hæstv. ríkisstj. vill koma á. Það bólar lítið á þessu frjálsræði í verzlunarmálum, nema þá ef það birtist í álagningu heildsala og kaupmanna. Og frelsið til framkvæmda verður víst ekkert smáræði, eftir því sem ég frétti frá fjárhagsráði í dag. Ég hygg, að það verði ekki margir, sem geta byggt yfir sig á árinu, því að svo grimmilega hefur verið tekið fyrir allt slíkt, að leyfi, sem út hafa verið gefin á þessu ári, munu nú ekki fást framlengd, nema ef til vill að helmingi. Og núverandi vinnumaður hæstv. ríkisstj., hagfræðingurinn, sem lamdi saman gengislækkunarfrv. ásamt Ólafi Björnssyni prófessor, mun nú starfa með fjárhagsráði að því að svipta Íslendinga öllu frjálsræði til framkvæmda, svo að fjárfesting mun nú verða skorin meira niður en nokkru sinni fyrr. Og þegar frjálsræði átti að ríkja á báðum þessum sviðum, þá var ekki nema sanngjarnt, að verkalýðurinn byggi einnig við aukið frjálsræði, og ef þetta er allt ósvikið frjálsræði, þá er ekki nema gott um það að segja, en ekki aðeins frjálsræði innan gæsalappa. En eftir því, hvernig hæstv. ríkisstj. bregzt við þessu, eins fer um viðbrögð verkalýðsins, — því má hæstv. viðskmrh. treysta.

Mig vantar nú illa minn ágæta sessunaut, hv. 1. þm. N-M., því að hann hélt hér áðan ágæta ræðu, þar sem hann lýsti ánægju sinni yfir því, að bundinn væri endi á vixlhækkun kaupgjalds og verðlags. En ég gæti trúað, að þó að vixlhækkun hafi verið stöðvuð, þá muni verðlag halda áfram að hækka, þó að reynt verði að stöðva hækkun kaupgjaldsins, en ég veit ekki, hversu heppilegt slíkt er, og ég veit ekki, hversu ánægður hv. 1. þm. N-M. verður með það, er frá líður, því að þetta er ekki einu sinni góð bændapólitík, — því á hverju lifa bændur nema kaupgetu verkamanna? Ef verkalýðurinn býr ekki við sæmileg kjör og getur ekki keypt framleiðsluvörur bænda, þá er einnig loku fyrir það skotið, að bændur fái sín vinnulaun, svo að þetta er einnig vitlaus bændapólitík, að ráðast gegn eðlilegri hækkun kaupgjaldsins í landinu. Hv. 1. þm. N-M. sagði, að það væri ekkert vit í því að fara með vísitöluna í 123 stig, það hefði átt að binda hana í 115 stigum, og það vildi ég, sagði hv. þm. En ég vildi spyrja þennan hv. þm.: Vildi ekki allur hans flokkur gera þetta, en fékk ekki að ráða því? Var það bara

hv. 1. þm. N-M. einn, sem vildi gera þetta? Ég hef það eftir allgóðum heimildum, að allur Framsfl. hafi fundið þessa vizku, og það hryggir mig mjög, ef Framsfl. er með þessu kominn 8% aftur fyrir Íhaldið í íhaldsemi. Og hv. 1. þm. N-M. upplýsti meira. Hann sagði, að ekki hefði verið horfið að þessu ráði, að binda vísitöluna í 115 stigum, af því að ríkisstj. hefði ekki þorað það. Og það mun vera alveg rétt hjá honum, að ástæðan til þess, að vísitalan var ekki bundin í 115 stigum, var sú, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki þorað að horfast í augu við afleiðingar þess skrefs, en hvernig stendur á því, að jafnágætur maður og hv. 1. þm. N-M. minnist ekki á, að ástæða sé til að hindra hækkanir á álagningu á vörum? Hann minnist ekki frekar á það heldur en hv. þm. Barð. En eins og nú er, má álagning hækka með hækkuðu vöruverði og má leggja sömu prósent-upphæð á upphæðina og áður. Og það er ekki borinn fram neinn boðskapur um, að rjúfa eigi þau tengsl. Ég er sannfærður um það, að nú þegar er búið að skerða svo lífsafkomu verkalýðsins á Íslandi, að ekki verður þoluð frekari kjararýrnun honum til handa af verkalýðssamtökunum. Ef ekki á að bæta kjör verkalýðsins með hærra kaupi, þá verður það gert með því einu, að ríkisstj. skjóti loku fyrir allar nýjar verðhækkanir, og það er sú kjarabót, sem verkalýðurinn kýs helzt. Ef verðlag lækkar eða stendur í stað, mun verkalýðurinn sætta sig við það, sem hann nú hefur, og hann hefur gert tvær kröfur, sem ekki verður vikið frá. Í fyrsta lagi er aukin atvinna; ef enginn litur verður sýndur á því, þá verður verkalýðurinn að verjast með hækkuðu kaupgjaldi. Og í öðru lagi viðnám við vaxandi dýrtíð í landinu, en ríkisstj. verður að hafa frumkvæðið í þessum efnum, og eftir því, hvernig það tekst, verða viðbrögð alþýðunnar í landinu í þessum málum.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það verður ekki á þessum tíma sólarhrings svarað nema fáu af því, sem hér hefur komið fram, en hér hafa þó fallið ummæli, sem ástæða þykir að svara, a. m. k. að einhverju leyti, og þá ekki sízt ummælum, sem hv. 6. landsk. hefur látið hér falla. Það er vitað mál, að þegar sett var í umferð eftir styrjöldina, og raunar fyrr, meira af peningum en vörur voru til fyrir, að svona mundi fara, eins og nú er komið á daginn.

Það var áðan verið að vitna í hæstv. fjmrh., og mun ég svara því að nokkru, af því að hann er ekki hér viðstaddur. Ég held, að það hafi verið í síðustu ræðunni, sem hann flutti áður en hann fór frá völdum, sem hann sagði, að peningaflóðið hlyti að valda gengislækkun fyrr eða síðar. Þetta er ekkert nýtt, heldur það, sem alls staðar skeður, þar sem ástandið er svipað og það var hjá okkur, og þar sem peningar eru gefnir út og settir í umferð fram yfir það, sem framleiðslan þolir. Og þetta var ástæðan til þess, að Eysteinn Jónsson vildi ekki sitja áfram í ríkisstj. Á meðan við áttum mikla peninga erlendis, eða um 600 millj. kr., þá bar ekki á þessu. En af hvaða ástæðu? Jú, þá var hægt að dreifa út peningunum, og þá var hægt að kaupa fyrir þá allt, sem við girntumst, og þá var enginn vöruskortur í landinu. Það, sem svo gerist, er það, að haldið er áfram þessari pólitík, og í stjórnartíð Alþfl. er safnað um 200 millj. kr. skuld og peningunum enn dreift út. Það er gengið í ríkisábyrgð og peningunum dreift út á þann hátt, og niðurstaðan varð svo auðvitað sú, sem alltaf verður, þegar þeim er dreift svo út, að þeir verði verðlausir, vegna þess að þjóðin hefur ekki getu til að flytja út og safna peningum erlendis á móti peningum þeim, sem dreift er út innanlands. En þetta gerði stjórn Alþfl. Ef við hv. 6. landsk. mundum gefa út og dreifa út skuldabréfum upp á ½ eða 1 millj. kr. á okkur persónulega, — hvað mundi þá ske? Ætli það mundi ekki ske, að menn mundu heldur vilja skuldabréf, sem væru stíluð t. d. á hv. þm. Barð., sem menn mundu þá treysta betur? Bréfin mundu því falla í verði vegna þess, að menn mundu ekki treysta því, að við værum borgunarmenn fyrir þeim. Þetta sama hefur gerzt með ísl. peninga, þeim hefur verið dreift út fram yfir það, sem vörur eru til til að standa á bak við þá, og því hafa þeir fallið í verði. Það sama gerðist í Vestur-Þýzkalandi eftir stríðið, þar sem eitt nýtt mark var látið koma á móti 10 gömlum, og í Rússlandi, þar sem 1 rúbla var látin koma á móti 5. Í Bretlandi lækkaði jafnaðarmannastjórnin gengið um 20%, án þess að nokkur uppbót kæmi á móti. Aftur á móti standa svissneskir peningar hátt, af því að þeir hafa stjórnað svo peningamálum sínum, að alls staðar í heiminum er hægt að fá vörur fyrir svissneska peninga. Kanadadollar var skráður lágt, en fyrir nokkru varð að hækka skráningu hans, þar sem landið var orðið svo ríkt, að hann var seldur hærra verði en hann var skráður, því að framleiðslan var svo mikil, að ávísunin var góð. Þegar núv. ríkisstj. tók við eftir ríkisstj., sem fór frá fyrir um það bil ári, þá var þetta raunar þegar skeð, og gengislækkunin var um garð gengin, þegar við tókum við. Ef við hefðum skráð ísl. kr. lægra en hún var skráð, þá hefði hún selzt hærra verði en hún var skráð; ef gengislækkunin hefði ekki verið um garð gengin; þá hefði því ísl. kr. selzt hærra verði en hún var skráð, en það er nú síður en svo, að það hafi skeð, og um það höfum við ljós dæmi. Ef okkur tækist að stjórna framleiðslunni þannig, að hún ykist, þá getur farið svo, að ísl. kr. hækkaði. Það er eftirtektarvert, að þegar fjmrh. Breta fór frá fyrir um það bil mánuði, maðurinn, sem lækkaði gengi pundsins, þá hafði hann rétt fjárhag þjóðar sinnar svo við, að hér um bil jafnmikið gullmagn var á bak við hvert pund og 1939, en hann valdi öfuga pólitík við hv. 6. landsk. Hann fór til verkalýðsfélaganna og sagði: Til þess að það takist að ná þessu, þrátt fyrir gengislækkunina, þá megið þið ekki hækka kaupið. — En síðar samþ. hann þó að hækka kaupið hjá þeim lægst launuðu. Og söm er sú pólitík, sem Norðmenn höfðu, og söm er sú pólitík, sem þeir ráðgjafar, sem A.S.Í. kallaði til, þegar gengisbreytingin var gerð, ráðlögðu.

Og hvað er það svo, sem hagfræðingarnir hafa um þetta að segja, t. d. hagfræðingar eins og Torfi Ásgeirsson og Jónas Haralz? Þeir segja skýrum stöfum þetta: Ef það sýnir sig, að framleiðandinn getur ekki borgað hærra kaup af gróða, þá er það skaðræði fyrir verkalýðinn að hækka kaupið, og annaðhvort skeður, að atvinnutækin stöðvast, eins og t. d. samvinnufélagið á Ísafirði, og svo skapast atvinnuleysi, eða þá hitt, að ríkisstj. grípur í taum-

ana og leggur á nýja skatta. — Þetta er skoðun tveggja hagfræðinga, sem Alþýðusambandið kallaði til að segja sitt álit, og sú skoðun þeirra er í samræmi við ráðleggingar brezku verkamannaflokksstjórnarinnar til síns verkalýðs.

Hv. þm. talaði einnig um, að álagningin væri of mikil, og kenndi hann ríkisstjórninni um það. En ef atvinnulífið ber sig ekki, þá er ekki annað til en að vörurnar séu annaðhvort seldar með óhagkvæmu verði og verzlunin beri sig þá ekki, eða kaupgetu almennings sé meira eða minna ofboðið. Og ég get upplýst hv. þm. um það, að alltaf eru að berast bréf frá verzlunarmönnum, 4. bréfið á skömmum tíma núna á dögunum, sem er m. a. undirskrifað af Kron, þar sem heimtuð er hærri álagning, ef þessi atvinnurekstur eigi að geta borið sig. — Það er líka verðgæzla í landinu, og hún er í höndum flokksmanna hv. 6. landsk., og hann ætti í því efni að geta fengið allar þær upplýsingar, sem hann vill. En ég vil benda honum á, að ef félög eins og Kron treysta sér ekki til að halda uppi sínum atvinnurekstri með þeirri verðlagningu, sem nú gildir, þá er bersýnilegt, að hún er ekki of há.

En þá er það með afurðasöluna. Hvernig er það með afurðasöluna? Er ekki bæjarútgerð bæði hér, á Siglufirði, í Vestmannaeyjum, Norðfirði og á Akureyri? Sigla ekki togararnir til útlanda og selja fyrir hæsta fáanlegt verð hvar sem er, — í Þýzkalandi, í Frakklandi, í Ítalíu og á Englandi? Og hver er útkoman? — Er peningunum máske stolið þar?

Nei. Það vissu allir, að þegar gengislækkunin var gerð, þá var það eina ráðið. Við vitum allir, að þegar hún var í undirbúningi, þá gengu jafnvel flokksmenn hv. 6. landsk., eins og hæstv. forsrh. upplýsti hér í umræðunum, hér um og spurðu: Á ekki að fara að gera gengislækkun? Enda veit allur fjöldi manna, að sjálfar bæjarútgerðirnar voru að stöðvast og þannig t. d. komið á aðra millj. kr. í töp í Vestmannaeyjum og svipað á Siglufirði. Og þrátt fyrir gengislækkunina og þó að togararnir hafi aðstöðu til að selja fyrir rétt verð og hvar sem er, þá halda þeir samt áfram að tapa. Það var engin leið að halda þessum atvinnurekstri gangandi, þegar gengislækkunin var gerð, nema hækka meðgjafirnar. Og það var enginn einasti hagfræðingur, sem leyfði sér að halda því fram, að sú leið eða nokkur önnur væri heppilegri en gengislækkunin. — Eða vill hv. 6. landsk. nefna þann hagfræðing? (**Rödd úr þingsal:** Já, það vil ég; Ólafur Björnsson og Benjamín Eiríksson bentu t. d. báðir á verðhjöðnunarleiðina í sinni álitsgerð.) — Já, en þeir mæltu ekki með henni. Enda fer að verða skammt á milli, ef það þarf t. d. að stimpla hverja sparisjóðsbók, sem er upp á 100 þús. kr., með 50 þús. kr. o. s. frv. Það vita allir, að sú leið er ekki fær með öðru móti. Og hagfræðingarnir voru sammála um, að sú leið væri allt of umsvifamikil í okkar litla þjóðfélagi. Ég skil satt að segja ekki, að hv. 6. landsk. skuli leyfa sér að halda þessu fram, því að ég er sannfærður um, að hann veit vel, að gengislækkunin var eina leiðin. Seðlarnir voru raunverulega fallnir í verði. Og það var ekki um annað að ræða en skrá þá á réttu gengi. Annað þýðir ekki. En gengisskráning er t. d. gerð niður á við á peningum, sem standa í hærra verði, þá seljast þeir eftir sem áður fyrir hærra verð en þeir eru skráðir, t. d. sænskur og svissneskur gjaldeyrir. Það er þannig aldrei unnt að búa til falska gengislækkun. Nei, sannleikurinn er sá, að verðfallið var orðið fyrir þessa gengislækkun; en þar með er ekki sagt, að hún hafi verið neitt þjóðráð. Því hefur aldrei verið haldið fram. Hún var þvert á móti eins og hættulegur holskurður, sem enginn veit, hvort heppnast eða heppnast ekki. En það var í þessu tilfelli ekki um annað að ræða en gera hann, og það er áreiðanlegt, að hv. 6. landsk. getur fengið það álit hjá þeim, sem eru nær honum daglega en þeir, sem hann deilir nú á.

Ég skal nú ekki fjölyrða frekar um þetta eða rekja einstök atriði nánar. En út frá því, sem almennt er vitað, þá verða skiljanleg ummæli hæstv. fjmrh., sem ég efast þó um að séu alveg rétt eftir höfð, að enn væri það svo, að kaupgetan innan lands væri of mikil. Sannleikurinn er sá, að þetta er hægt að laga með aðeins einu móti, eða með því að framleiða nógu mikið til þess að afla nógu mikils erlends gjaldeyris, svo að unnt sé að flytja inn nægar vörur.

Það er vitaskuld rétt, hve oft sem hitt er sagt og hver sem vísitalan er, að verkalýðnum er frjálst að eigast við atvinnurekendur um kaupgjaldið. Við sjáum að vísu ekki fram á, að hægt sé að halda áfram að hækka kaupið á þann vélræna hátt, sem gert hefur verið með vísitölunni hingað til. En við skulum segja t. d., að útgerðarmenn á Ísafirði fengju meira frelsi til að selja sína framleiðslu og kaupfélagið meira frelsi til að kaupa sínar vörur, og þetta geri svo það að verkum, að þessir aðilar geti farið að borga hærra kaup. — Þá gott og vel. — En ef þessir aðilar geta ekki greitt hærra kaup, þá leiðir það aðeins til vandræða fyrir verkamenn að krefjast meiri launa en atvinnureksturinn hefur efni á að greiða. Sú aðferð, sem þar er verið að prédika, er ekki annað en að stinga skildingnum í vasa verkamannsins og taka hann síðan samstundis aftur með sköttum.

Ég skal nú ekki hafa þessi orð miklu fleiri. Ég get sagt vegna þess, sem fram hefur komið hér í umræðum, að það stendur alls ekki til að hafa neitt tvöfalt gengi; um það hefur ekkert verið rætt í ríkisstjórninni.

Þá verð ég að segja, að það undraði mig, þegar hv. 1. landsk., sem venjulega er mjög rökvís maður, er hann vill það við hafa, hélt því fram, að það hefði orðið að reikna með síldarleysi í ár, af því síldin hefði brugðizt undanfarin ár. Það var gert ráð fyrir því af ríkisstj., að það mundi fiskast eins og endranær, og með öðru er ekki hægt að reikna. Eða á maður endilega að reikna með því, að síldarlaust verði að ári, af því veiðin hefur brugðizt undanfarið? Það yrði skrýtin útkoma hjá útgerðarmönnum, ef þeir reiknuðu með því.

Hvað snertir togaraverkfallið, þá eru nú skoðanir manna skiptar um það, hvað valdið hafi. Ég skal ekki fara út í að dæma um það. En af því máli hefur ríkisstjórnin engin afskipti haft, enda sjaldan talið ríkisstjórnum til tekna að skipta sér með valdboði af slíku. En tjónið af þessu tvennu, síldarleysinu og togaraverkfallinu, er talsvert á annað hundrað millj. kr. Og ef ekki væri fyrir þessar sakir, þá væri nú geysilega góð útkoma á

fjárhag ríkisins og við hefðum auknar vörubirgðir í landinu fyrir á 2. hundrað millj. kr. En þetta er einn af þeim hlutum, sem hin hv. stjórnarandstaða vill ekki taka neitt tillit til.

Ég skal nú ekki hafa þessi orð fleiri, en segja að lokum, að það, sem vitanlega veldur því, að það er ekki ástæða til að fara lengra út í rökræður um þetta, er það, að það getur ekki verið, að svo glöggur maður sem hv. 6. landsk. sé í raun og veru á þeirri skoðun, að ekki hefði orðið stöðvun í atvinnulífinu, ef gengislækkunin hefði ekki verið gerð. Enda hafa ræður hans um þetta fremur verið fluttar af utangarnahita en af innri sannfæringu og rökum. Hann veit, að það var ekki um annað að ræða en að gera þetta, og það var þá einnig skoðun hans flokks, Alþfl.; hvað sem hann lætur í veðri vaka nú. Sá hv. flokkur ætti annars að reyna að setja fram einhverja ákveðna stefnu í þessum vandamálum og benda á, hvernig hann vill lagfæra ástandið. Þá væri hægt að taka upp rökræður á alvarlegum grundvelli. En það hefur skort á það hingað til og einnig í þessum umræðum, að hann benti á ákveðna leið; og hann vissi líka heldur lítið um, hvar hann stóð, þegar hann var í ríkisstjórn. Sú stjórn, sem nú situr, fær að kenna á því. Við fáum núna kröfur um milljónir eftir milljónir, sem lofað hefur verið að greiða á vissum tímum af þeirri stjórn, t. d. núna til hraðfrystihúsanna á 3. milljón, sem lofað var að greiða í október 1950. Með þessu móti var hægt að halda áfram að gefa með atvinnulífinu, svo lengi sem unnt var að fá lán. En sá tími er nú liðinn. — [Fundarhlé 15 mín.]

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Meðan ég bíð eftir hæstv. ráðh., sem hér flutti mál sitt áðan, skal ég víkja nokkrum vinsemdarorðum að hv. 1. landsk. Hann er maður málprúður mjög, eins og mönnum er kunnugt, en hafði þó þau orð hér áðan um atriði úr ræðu minni í dag, að það væri marklaust fleipur. En það, sem hann kallaði svo, var það, að ég sagði, að það lægi eins og í loftinu, að ríkisstj. hefði fengið að láni frá flokksbræðrum hans hugmyndina um tvöfalt eða margfalt gengi, um eins konar útvíkkun á gotu- og hrognapeningakerfinu. Hv. 1. landsk. sagði þetta marklaust fleipur, og furðar mig á því, hvaðan honum kemur kunnugleiki á því, hvaða áform hæstv. ríkisstjórn hefur í þessum efnum eða á hvern hátt hún ætlar að hjálpa vélbátaflotanum, sem hann viðurkenndi, að þyrfti hjálpar við, ef hann ætti að komast á veiðar. Hæstv. landbrh. vildi staðfesta þessi ummæli hv. 1. landsk. með því að segja: Það stendur alls ekki til að koma á tvöföldu gengi. — Ég verð þá að segja, að ef svo er, að sá orðrómur er úr lausu lofti gripinn, þá er kominn tími til, að hæstv. ríkisstj. segi okkur ekki einungis, hvað hún ætlar ekki að gera fyrir útveginn, heldur einnig, hvað hún ætlar að gera. Því að ég á bágt með að trúa, að ríkisstj. telji, að þessi breyting á gengislögunum, sem er hér til umræðu, breyti nokkru til hagsbóta fyrir útveginn eða að hún ráði úrslitum um það, hvort veiðar geti byrjað á sínum tíma á næstu vertíð eða ekki. Það liggja fyrir skýlaus ummæli frá útvegsmönnum um það, að hvorki þetta frumvarp né frv. um skuldaskil bátaútvegsins geti haft nokkur áhrif um það, hvort útvegurinn stöðvast eða ekki. Að öðru leyti skal ég láta þessa tvo heiðursmenn um það, hvaðan hæstv. ríkisstjórn fær sínar hugmyndir og hverjar þær eru, en það mun sýna sig, að þær verða hvorugum aðilanum til vegsemdar.

Hæstv. viðskmrh. sagði í ræðu sinni hér í kvöld, að ef brtt. hans yrði samþ., þá kynni það að verða til þess, að nýir samningar yrðu gerðir á milli verkalýðsfélaganna og atvinnurekendanna um kaup og kjör. Með þessu, sagði hann, væri verkamönnum búið sams konar frelsi og ríkisstj. hefði nú í hyggju að veita þeim, sem við verzlun og innflutning fást. Mér skildist á honum, að raunverulega mætti verkalýðurinn vera þakklátur honum fyrir þessa till. hans. Á það hefur verið bent, að hér er ekki um neina bót að ræða í því efni, því að verkalýðsfélögin geta nú sagt upp sínum samningum. Eina breytingin, sem till. hefur í för með sér, er sú, að ákvæðin um vaxandi kaup með vaxandi dýrtíð eru felld úr gildi, þannig að ef flokkur verkamanna vill fá kauphækkun eftir vísitölu, þá er óhjákvæmilegt fyrir hann annað en segja upp samningum og lenda máske út í deilur við atvinnurekendur og verkföll. Og það er því undarlegra, að þessi till. skuli vera komin fram, þar sem viðleitni manna ætti þó að beinast að því að koma í veg fyrir, að til slíkra deilna komi. Og það er alveg rangt, að togaradeilan hafi verið í sambandi við ákvæði gengisbreytingarlaganna um kaupgjald. Hún reis af því, að togaraveiðin kom á annan grundvöll, er togararnir hættu á ísfiskveiðum og byrjuðu saltfiskveiðarnar. Það var þá enginn grundvöllur fyrir þær veiðar, og hlaut að koma til nýrra samninga. Það, sem í raun og veru hvatti mig til að kveðja mér hljóðs aftur, var sú fullyrðing hæstv. viðskmrh., að áhrif gengislækkunarinnar væru nú að mestu komin fram og að ekki þyrfti að vænta meiri hækkana á verðlagi af hennar sökum. Þó gætu verðhækkanir komið fram, sagði hann, en þær yrðu ekki af hennar sökum. Ég furða mig mjög á þessum ummælum hæstv. ráðh. og því meira, er ég hlýddi á málflutning meðráðherra hans, sem telja, að hækkun á kaupi sé þjóðarböl og komi jafnt niður á verkalýðnum sjálfum sem öðrum. Hæstv. ráðh. upplýsti einnig, að um næstu áramót ætti kaup að hækka um 8% vegna gengisbreytingarlaganna, og svo fullyrðir hann, að öll hækkun af völdum gengislækkunarinnar sé komin fram. Er það þá skoðun hæstv. ráðh., að 8% hækkun á kaupi hafi engin áhrif á verðlagið í landinu? Hann og hæstv. ríkisstjórn hafa nýlega fengið samþ. í þessari deild að hækka verðtoll úr 6% í 7% og vörumagnstoll upp í 17%. Heldur hæstv. ráðh., að þetta komi ekki fram á dýrtíðinni og að það dragi ekki aðrar hækkanir á eftir sér? Heldur ekki hæstv. ráðh., að allar óbeinar afleiðingar af því, að dýrtíðin er komin upp í 123 stig, kalli á nýja hækkun í viðbót? Ég veit, að hæstv. ráðh. er ljóst, að það vantar mikið á, að áhrif gengislækkunarlaganna til dýrtíðarauknings séu komin fram.

Allt orðskrúð um það, að tilgangurinn með þessum till. hæstv. ráðh. sé sá einn að láta verkamenn fá jafnt frelsi og aðrar stéttir til að ákveða sitt kaup, eru látalæti ein. Það er vitað og augljóst og margstaðfest í þessum umr., að tilgangurinn er sá og sá einn að reyna að koma í veg fyrir það, með

því að nema þessi ákvæði burtu úr l., að kaup verkamanna hækki, þegar dýrtíðin enn magnast frá því, sem nú er. Ríkisstj. ætlar að afstýra því, að sú hækkun, sem ætti að koma á kaup eftir júlívísitölu næsta ár, nái fram að ganga, hún ætlar að gera kaupið lægra en ella mundi, ef kaup væri óbreytt, um þetta tjáir ekki að deila, og það er barnaskapur og yfirdrepskapur að halda öðru fram. Enda má hæstv. landbrh. eiga það, og reyndar hæstv. viðskmrh. að sumu leyti líka, að þeir hafa ekki farið leynt með þá skoðun, að nauðsynlegt sé að hindra kauphækkanir eða lækka raunverulega kaup móts við vöruverð, því að þeirra kenningar hér í kvöld hafa verið með öðrum og sérstökum hætti, eins og hv. dm. hafa tekið eftir, í skemmstu máli það, að allar kauphækkanir séu til bölvunar, ekki aðeins fyrir þjóðfélagið, heldur fyrir verkamenn, sem kauphækkun fá. Hæstv. landbrh., sem er hagspekingur mikill, orðaði það svo, að þegar framleiðslan væri rekin með tapi, þá væri augljóst, að hver kauphækkun verkalýðsins væri honum til bölvunar. Þessi lærdómur hefur verið fluttur hér nokkuð oft, og ég er ekki alveg frá því, að hæstv. ráðh. sé farinn að trúa þessu. Þetta væri rétt, ef svo væri komið, að öll framleiðsla væri rekin með tapi og tekjuskiptingin í landinu væri jöfn, en meðan svo er ekki, meðan óhagsýni er svo mikil, að ýmis atvinnurekstur býr við fullkomið óhóf, þá er kenningin ekki rétt. Það þótti undarlegt, þegar frv. um gengislækkun var undirbúið og skrifuð með því löng og ýtarleg grg., að þá var ekki einu orði minnzt á það höfuðatriði í þessu sambandi, sem mestu máli skiptir að minni hyggju, það er hvernig tekjuskiptingin innanlands var milli landsmanna. Ef við flettum upp í útsvars- og skattaskránni, þá sjáum við, að einstaklingar og fyrirtæki eru með 30—300 þús. kr. skatta og útsvör og þar yfir. Það þarf því enginn að segja manni, að öll framleiðsla sé rekin með tapi meðan svo er. Það er augljóst og viðurkennt af hverjum manni, sem hugsar nokkuð um þá hluti, að við verzlun og viðskipti í landinu starfa tvöfalt eða þrefalt fleiri menn heldur en þörf er á. Meðan við höfum efni á því að láta einstaklinga hafa svo miklar tekjur, að þeir geti borgað 30—300 þús. kr. í skatta og útsvar, og meðan við höfum efni á því að hafa þrefalt fleira fólk við verzlunina en nauðsynlegt er, þá er ekki sá jöfnuður kominn á, að þessi regla sé rétt. Þetta verður hæstv. ráðh. að viðurkenna, enda er það svo, að allan þann tíma meðan þessi kenning er flutt, þá er breytni ríkisstj. öll önnur. Í orði er þetta svona, en á borði, — hver verður reyndin þar? Ég vildi gjarnan athuga þetta með hæstv. ráðh. Sé það rétt, að hækkað kaup hjá verkamönnum og aukin kaupgeta þeirra sé háski fyrir þjóðfélagið og þeim til bölvunar, eins og nú er ástatt, þá hlýtur engu að síður að vera rétt, að hækkaðar tekjur hjá bændum og aukin kaupgeta af þeirra hálfu sé einnig til bölvunar. Þá hlýtur það líka að vera rétt, að hækkaðar tekjur hjá þeim, sem fást við viðskipti og brask, séu einnig til bölvunar. En mig minnir, að þessi hæstv. ráðh. hafi verið öllum duglegri að berja í gegn hækkun á afurðum bænda. Ég man ekki betur en að í september í haust hafi verið ákveðin 20—30% hækkun á afurðum bænda, sem seldar eru innanlands, samhliða því, sem verð á ull tvöfaldaðist og verð á gærum hækkaði stórkostlega. Hvaða vit er í þessu? Hvaða vit er að auka kaupgetu þessara manna, ekki einungis þjóðfélaginu til ógagns, heldur þeim sjálfum til bölvunar? Það er ekki til neins að prédika svona, að það sé verkamönnum til bölvunar að hækka kaup, en það sé nauðsynlegt að hækka afurðaverð til bænda og tryggja þeim hærri tekjur. Sé það verkamönnum til bölvunar, að kaupgjald hækki eins og nú er ástatt, þá er á sama hátt og í ríkara mæli bændum til bölvunar og þjóðinni til bölvunar, að þeirra afurðir hækki, og hvaða vit er þá í því, í viðbót við hækkun afurðaverðsins, að leggja fram úr ríkissjóði yfir 30 millj. í beinan styrk til þess að auka kaupgetu bænda, auka eftirspurnina eftir vörunni og sprengja vöruna upp til aukins ófarnaðar? Það er ekki heil brú í þessari röksemdafærslu. Ef það er verkalýðnum til óhags, að tekjurnar hækki vegna þess að kaupgetan eykst og framboð nauðsynja svarar ekki til þess, þá á líka það sama að gilda um tekjur þeirra stétta, sem hæstv. ráðh. rembist við að hækka á hverju ári; hann er þá að gera þeim bölvun með þessu. En sannleikurinn er sá, að hæstv. ráðh. veit betur en svo, að hann trúi þessu. Ef kenning hans um að skerða kaupmáttinn er rétt, þá átti að skera niður það 30 milljóna framlag til landbúnaðarins, sem ætlazt er til, að ríkissjóður greiði, og lækka verðlag landbúnaðarafurða, þannig að bændur hefðu minna og séu ekki að sprengja upp verðið hver fyrir öðrum.

Þetta er kjarninn í kenningu hæstv. ráðh. Ég vil því ráða honum til þess, þegar hann vitnar í Torfa Ásgeirsson og Jónas Haralz, að lesa ekki þessa einu setningu í þeirra áliti, heldur líka það, sem er á undan og eftir, en ef hann þá kemst að niðurstöðu, þá skilst mér, að hann megi fara að breyta sinni stefnu. Því fram hjá þeim sannindum kemst hann aldrei, að sé það einni stétt í þjóðfélaginu til óheilla að fá rýmkuð sín lífskjör í bili, þá gildir líka það sama um hverja þá stétt, sem lifir af þeim atvinnurekstri, sem vinnan gefur honum. Ég hef verið þolinmóður að hlusta á þessar hagspekikenningar hæstv. ráðh., og hann er ekki einn um þær, en mér fannst, að nú sé mælirinn fullur hjá hæstv. ráðh., og ég vildi því nota nóttina til þess að benda honum á ósamræmið í þessum kenningum, sem hann tekur við lítt athuguðum einhvers staðar frá og ber á borð sem nýmeti hér, hvað það alls ekki er.

Hugleiðingar hæstv. ráðh. um það, að Alþýðuflokksstjórnin, sem hann kallaði, hafi í rauninni verið búin að koma gengislækkun á, fannst mér satt að segja nokkuð fyrir ofan garð og neðan. Ég man ekki betur en hans ágæti flokkur ætti fulltrúa í þessari Alþfl.-stjórn, sem hann kallar svo. (**Landbrh.:** Alþfl. réð ferðinni.) Færi betur, ef svo hefði verið, en 4 atkv. eru þyngri á metunum en 2, og það mun hafa sýnt sig oft í þeirri samvinnu. Ég hef setið í ríkisstj. með þessum hæstv. ráðh. og minnist þess, að 2 atkv. voru þyngri á metunum heldur en 1. (**Landbrh.:** Við hvað voru atkv. Alþfl. lögð?) Alþfl. er á því, að sömu lögmál eigi að gilda um tekjur bænda og verkamanna, en hæstv. ráðh. er á annarri skoðun. Kenning hans er í stuttu máli sú, að meðan nóg var af peningum, þá hafi verið farið svo gálauslega með þá, að allt sé nú eytt og skuldir komnar í staðinn

og ekkert hafi fengizt í staðinn, og niðurstaðan sé sú, að ekki hafi verið til önnur leið en að gera gengislækkunina síðustu til að bjarga þjóðinni. Björgunin er eins og allir vita, og má vera, að tækifæri verði til að víkja að því síðar. Ég skal játa, að það hefur sjálfsagt verið lítil fyrirhyggja stundum við ráðstöfun á þessu fé, sem við áttum inni í útlöndum, og ég hefði kosið, að meiri fyrirhyggju hefði þar gætt. En ef farið hefði verið að bjargráðum þeim, sem Framsfl. benti á, þá hygg ég, að miklu verr hefði farið heldur en nú, af því að ekki er nokkur vafi á því, að þá hefðu ekki fengizt þau nýju skip og aðrir nýir gagnlegir hlutir, sem keyptir voru fyrir nokkuð af þessu fé, heldur hefðum við geymt peningana þangað til dýrtíðin lækkaði og togararnir í Bretlandi, þangað til búið var að tryggja öruggan rekstur sjávarútvegsins, og ég man ekki hverju fleira átti að bíða eftir. En sú bið hefði ekki orðið á þennan veg. Það hefði að vísu orðið bið á því að setja peningana í eignir, en peningarnir hefðu farið í verzlunarhalla á þeim árum, sem nú eru liðin, en ekkert hefði farið í nýsköpun, ef ráðum Framsfl. og hæstv. landbrh. hefði verið fylgt. Þetta er atriði, sem ekki þarf um að deila. Hæstv. ráðh. veit, að útflutningurinn hefði orðið minni, verzlunarhallinn þeim mun meiri, peningarnir hefðu verið notaðir til innkaupa á lífsnauðsynjum, við hefðum ekki fengið skip, ekki vélar, ekki jeppa til landbúnaðar, heldur hefðum við étið þetta upp á tiltölulega skömmum tíma. Þau tæki, sem nú ætti að fara að kaupa, þegar búið væri að lækka dýrtíðina, eru margfalt dýrari en þegar við keyptum þau. Þetta væri allt horfið; í staðinn fyrir að nú hefur lítill hluti af því farið í óþarfa.

Hvernig er svo þetta bjargráð, gengislækkunin? Hæstv. ráðh. segir, sem sjálfsagt er að viðurkenna, að ekki hafi að vísu allt rætzt, sem spáð var um það, að engin kjaraskerðing væri fyrir verkamenn að gengislækkuninni; það láti nærri að kjaraskerðingin sé 30%. Mér þykir það ótrúlega mikið, en það breytir ekki því, að kjaraskerðingin er veruleg. Út frá þessum hugleiðingum komst hann að þeirri niðurstöðu, að nokkuð öðruvísi hefði farið í Noregi og Bretlandi heldur en hér, það væri einhver munur. Þar væri þetta allt í bezta lagi, þó að þar væri kratastjórn. Hæstv. ráðh. sagði, að nú væri kaupgjald bundið í Noregi og væri ekki borgað til jafns við dýrtíðina. Þetta hallast talsvert á. Í Noregi var kaupgjald hækkað í september í haust, ekki með lagaboði, heldur með samningum milli atvinnurekenda og landssambands verkamanna, og sú hækkun var nokkru meiri en orðið hafði á verðlagi frá því síðast var samið áður. Ef vísitalan hækkar yfir visst mark, þá eru samningar fallnir niður og þá er samið á ný. Samhliða þessu eru svo gerðar ýmsar ráðstafanir, hliðarráðstafanir, til þess að tryggja, að hlutur verkalýðsins sé ekki skertur. Það hefur verið samið um að auka tryggingar, lengja orlof úr 2 í 3 vikur á ári, og fleira mætti til tína. En höfuðatriðið í þessum samningum er, að kaupið er ekki bundið lengur en upp að ákveðnu marki miðað við vísitöluna. Svipað er þetta í Bretlandi. Það er að vísu ekki þannig þar, að einstök félög geti á hverjum tíma sagt upp samningum, því að heildarsamtökin þurfa að standa að slíkum deilum, og það er alveg rétt, að ríkisstj. hefur dregið úr verkalýðssamtökunum að hefja deilur, en verkföll eru daglegt brauð, þó að í smáum stíl sé, og ríkisstj. hefur beitt sínum áhrifum gegn því að langt sé farið í kauphækkunum. Nú hefur ríkisstj. horfið frá þessu, vegna þess að verðlag hefur hækkað og vegna þess bætta hags, sem orðið hefur á seinni árum, ekki sérstaklega vegna gengislækkunarinnar, heldur vegna þess, að viðskiptahorfur eru breyttar í heiminum, þannig að ég hygg, að nú sé samkomulag um það milli verkalýðssamtakanna og ríkisstj., að það sé eðlilegt, að kauphækkun komi fram í Bretlandi. Ef hæstv. ráðh. les svo fjármálatímarit, eins og hann segir, þá hlýtur hann að hafa rekið sig á þetta.

Niðurstaða hæstv. ráðh. var sú, að svo ömurlegt hafi ástandið verið, þegar núv. ríkisstj. tók við, af því að ekki var fylgt leiðum Breta og Norðmanna og Kanadamanna, að íslenzkir bankaseðlar hafi ekki staðið fyrir neinu, ástandið hafi verið svo bágborið 19. marz s. l., þegar gengislækkunin var gerð, segir hæstv. ráðh., að íslenzkir seðlar stóðu ekki fyrir neinu. Þetta hefur víst batnað stórkostlega síðan, því að ríkisstj. upplýsir, að seðlar hafi fallið a. m. k. um 23% síðan. Dýrtíðin hefur aukizt um 23% síðan í marz í fyrra, það segir, að seðlaútgáfan hefur aukizt. En hafi seðlarnir verið einskis virði í fyrra, — hvers virði eru þeir þá nú? Árangurinn af gengislækkuninni er þá sá, að seðlarnir, sem voru einskis virði, hafa fallið um 23%, og ég játa, að það eru talsverð klókindi, sem þarf til að koma slíkri lækkun fram. Ég er ekki viss um, að ég gæti staðið mig eins vel og hæstv. ráðh., að gera það, sem verðlaust er, enn þá verðminna, enda er þetta meira orðaleikur hjá hæstv. ráðh., eins og sumt af því, sem hann lét frá sér fara, þegar hann talaði um þetta efni.

Þegar hæstv. ríkisstj. samþ. þessi gengislækkunarlög á síðasta þingi, þá taldi hæstv. landbrh. og talsmenn Framsfl., að þetta væri að vísu ekki skemmtilegt, en þetta væri ill nauðsyn, en það mætti með ýmsum hliðarráðstöfunum draga úr áhrifum gengislækkunarl. og gera þau þannig bærilegri fyrir fólkið en ella. Hagfræðingarnir, sem undirbjuggu frv., reiknuðu út eftir nákvæma athugun, að verðhækkun af völdum gengislækkunarl. yrði 11—13%. Eins og fyrr segir, þá var allt geirneglt og sá eini galli, sem var hugsanlegur í þessu, var það, ef verkalýðurinn hækkaði kaup meira en gert er ráð fyrir í l.

Verkalýðssamtökin tóku þessu máli með skilningi og leyfðu l. að sýna, hvernig þau reyndust, og gerðu ekki ráðstafanir til kauphækkana almennt, þannig að sú ástæða varð ekki l. til falls. Samt hefur reikningurinn bilað, þannig að hækkunin er tvöfalt meiri en hagfræðingarnir gerðu ráð fyrir, og við nánari athugun hefur komið fram, að aðeins lítið af þessari hækkun stafar af hækkun á erlendum innflutningi til landsins, langmest af þessari nýju dýrtíð er heimatilbúið. Ríkisstj. ætlaði að halda svo vel á spöðunum að láta þetta ekki hækka meira en þetta, ef verkamenn ekki sprengdu upp kaupið. Þetta hefur tekizt svona. Það skal viðurkennt, að hagfræðingarnir, sem gerðu þessar áætlanir, sáu ekki fyrir til fulls, hverjar hliðarráðstafanir ríkisstj. mundi gera til þess að draga úr áhrifum gengislækkunarinnar, og sennilega

hafa þeir ekki reiknað með þeim öllum. Hin eiginlega hliðarráðstöfun var sú að margfalda söluskattinn, til þess að draga úr dýrtíðinni væntanlega. Þetta er fullkomlega heimatilbúið, og að sjálfsögðu átti þetta sinn þátt í að skapa 4—5 stig af dýrtíðinni. Þá var verðtollurinn hækkaður í krónutölu miðað við óbreyttan innflutning. Það voru fleiri hliðarráðstafanir. Húsaleigulögin voru ekki afnumin strax, en þau eiga að falla niður eftir nokkra mánuði, a. m. k. eru þau gerð að litlu gagni. Það hafa smátt og smátt verið felldar undan verðlagsákvæðum ýmsar nauðsynjar, svo sem matsala á veitingahúsum, greiðasala og annað slíkt, allt til að draga úr dýrtíðinni. Landbúnaðarafurðir hafa hækkað, fyrst mjólk 1. júlí og síðan um 20—30% í haust, sem virðist ekki góður leikur gagnvart bændum, að spilla högum þeirra með því að auka kaupgetuna á þann hátt.

Nú á þessu þingi hafa enn verið auknar þessar hliðarráðstafanir, enn er bætt á gömlu Skjónu, enn er söluskatturinn hækkaður. Vörutollurinn er hækkaður um 17% á algengum vörutegundum, rafmagnið í Reykjavík er hækkað um 50% með samþykki hæstv. ráðh., og kaupgjald hefur hækkað um 15%. — A. m. k. þrisvar sinnum fleiri hafa framfæri sitt af verzlun eða öðru slíku, en ekki er haggað við því.

Ég verð að segja, að mér virðist allt benda til, að spá mín, þegar gengislækkunarlögin voru samþ., sé komin fram. Ég sagði, að án sérstakra aðgerða, og það mjög róttækra aðgerða, yrði eini árangurinn af gengislækkunarlögunum, að ný dýrtíðaralda risi, sem væri mun erfiðari en sú fyrri, og yrði meira ósamræmi í innanlandsmálum, sem mundi sennilega verða til þess, að ný gengislækkun yrði óhjákvæmileg og sennilega hafa í för með sér sömu afleiðingar. — Ég fæ ekki betur séð en það sé bókstaflega komið fram að sumu leyti og annað ætli að rætast, sem ég sagði. Hvað sem hæstv. ráðh. segir, þá hef ég ekki trú á því, að hæstv. ríkisstjórn geri nú ráðstafanir til að koma vélbátaflotanum á veiðar. Þetta verður til að rýra gengið á einn veg eða annan og auka enn dýrtíðina í landinu, þrátt fyrir fullyrðingar hæstv. landbrh. um hið gagnstæða. Hæstv. ráðh. segir, að Alþfl. hafi ekki bent á neina leið í bessu máli. Þetta er algerlega rangt. Alþfl. benti á, þegar gengislækkunarlögin voru afgr., að eins og tímarnir voru þá og mikil óvissa ríkjandi, væri ekki vit í að hverfa frá uppbótaleiðinni. Ég skal játa, að þá lá ekkert fyrir um togarana. Vafi lék á því áður, að þjóðin gæti borið þær álögur, sem á væru lagðar, án þess að gengislækkun hefði verið gerð. Hefði henni þá verið léttara að halda áfram sömu braut, þó ill væri. Tilfærsla á tekjum hefði ekki orðið jafnþungbær fyrir almenning og við gengislækkunina. Ekki sízt þegar þess er gætt, að útkoma ársins hefur verið slík, sem reyndin er, því það er augljóst hverjum manni, að þegar viðskipti við útlönd eru þannig, að verðmæti útflutnings í erlendum gjaldeyri eru stórum minni en verðmæti innfluttrar vöru í erlendum gjaldeyri, þá er okkur *tjón að gengislækkuninni.* (**GJ**: Að því *stefndi* flokkur hv. þm. með togarastöðvuninni.) Fyrst og fremst hefur Alþfl. ekki átt hlut að togarastöðvuninni, og mótmæli ég því. Viðvíkjandi því, sem hv. 6. landsk. sagði, þá er það eftir kenningu hv. þm. Barð., að togarastöðvunin ætti að vera hið mesta lán fyrir landið, þar sem hún verki sem kauplækkun og dragi úr kaupgetu. Í öðru lagi var á það bent í þessari deild, og ég ætla, að ég hafi gert það sjálfur, að eins og ástandið væri í þessu máli, væri gersamlega ómögulegt að slíta útflutningsverzlun og innflutningsverzlun í sundur, og að ómögulegt væri að ala þann mikla sæg af fólki, sem lifir á þessum viðskiptum að óþörfu, heldur láta margt af þessu fólki skapa sér sjálft tekjur við önnur störf. Þyrfti að taka verzlun við útlönd í hendur þess opinbera og tengja saman útflutning og innflutning með beinni stjórn þess opinbera. Með því mætti tvímælalaust gera betri innkaup og minnka verzlunarkostnaðinn stórkostlega með fækkun starfsliðs. Mundi það sennilega tryggja betri sölu en nú er og jafna á milli útflutnings og innflutnings, eftir því sem hentast þykir á hverjum tíma. Á það hefur verið rækilega bent, að eftir samþykkt gengislaganna væri sú ráðstöfun óhjákvæmileg, ef gengislækkunarlögin ættu ekki beinlínis að leiða til annarrar og nýrrar gengislækkunar, eins og nú er komið fram. Hitt er rétt, að eftir þær viðtökur, sem við vissum og sumpart fengum upplýsingar um, að við mundum fá hér í þingi, var þetta ekki lagt fram sem fullkomið frumvarp, enda hefði það engu breytt. Hæstv. landbrh. veit vel, að trygging þjóðfélags eins og okkar fyrir því að geta haft stjórn á eigin gjaldeyris- og viðskiptamálum fæst ekki nema með því móti, að málið verði tekið í hendur þess opinbera. Við erum svo lítil eining í allsherjar viðskiptunum, að ef við höfum mikið starfslið við viðskiptin, svo sem fjárhagsráð, verðlagsstjóra, skömmtunarstjóra og því um líkt, megnum við ekki að líta eftir, hvort verzlunin sé rekin með sæmilegum hætti. Reynslan sýnir, að slíku eftirliti er hægt að beita tiltölulega skamman tíma, en sem frambúðarástand kemur það ekki að neinu gagni. Ástandið í viðskiptamálum í heiminum er ekki þannig, að hægt sé að gera verzlunina nú frjálsa. Hún er það hvergi í heimi og getur ekki verið það. — Þær eftirlitsstofnanir, sem við settum hér, hafa umsjón með skömmtun og verðlagi vöru og hverjir eigi að fá innflutningsvöru. Geta þessar stofnanir aðeins komið að gagni sem bráðabirgðaráðstafanir. Það á ekki að telja fólki trú um, að hið ómögulega geti skeð. Það er ekki hægt að gera verzlunina frjálsa. Það er fleipur eitt. Hún er í viðjum í okkar viðskiptalöndum og verður þess vegna ekki gerð frjáls hér. Við eigum að taka verzlunina í hendur þess opinbera, eins og Alþfl. benti á sem eina úrræðið, sem líklegt var, að að haldi kæmi. Það á að hafa sameiginleg innkaup fyrir þessi rúmu hundrað þúsund sálna, en láta ekki hundruð kaupmanna berjast um verzlunina. Hæstv. ríkisstj. verður að játa, að hún hefur ekkert vald í þessum málum, því að þau eru í annarra höndum.

Það er ranghermi, að Alþfl. hafi ekki bent á úrræði. Hann gerði það, en þeim var ekki skeytt. Hitt er rétt, að stjórnarflokkarnir yppta öxlum, þegar um landsverzlun er rætt, og segja, að hún *skipti ekki máli,* — svo er ekkert gert. Þetta er það sama og því miður vill brenna við hjá hæstv. ríkisstjórn og flokkum hennar. Þeir vilja ekki horfast í augu við þann sannleika, sem blasir við, að meinið liggur ekki fyrst og fremst í kaupgetu

verkafólks eða halla af hækkuðu kaupi. Ég skal þó játa, að hækkun á kaupgjaldi getur haft hættu í för með sér. En það er bót á þessu meini, ef hægt er að framkvæma tekjujöfnun í þjóðfélaginu. Menn verða að gera sér ljóst, að fjárhag landsins verður ekki komið á öruggan grundvöll með því að halda núverandi skipulagi.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef hugsað mér að vera stuttorður við þessar umr. hér. Sumu af því, sem fram hefur komið, má þó ekki láta ósvarað. Er það þá sérstaklega viðvíkjandi því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði hér í kvöld mót betri vitund. Hafa þrír þm. talað hér í kvöld, þeir hv. 1. landsk., hv. 4. þm. Reykv. og hv. 6. landsk., og hafa haldið því fram, að togaraverkfallið hafi ekki orsakazt af gengislækkuninni, heldur vegna þess, að sjómönnum hafi verið þrælað út á saltfisksveiðum. Þetta er gott dæmi upp á rökfærslur þær, sem þessir hv. þm. beita hér yfirleitt við málflutning sinn í kvöld. Það er vitað, að ekki var nema ár síðan útgerðarmenn og sjómenn gerðu sín á milli samninga um þetta atriði. Hv. 4. þm. Reykv. þarf ekki að segja mér neitt um þetta mál, því að ég var einn aðili að þeim samningi; af hálfu útgerðarmanna. Það var alveg gengið að öllum kröfum, sem hásetar eða sjómenn gerðu í sambandi við sjálfa veiðina. Um þetta var ekkert ágreiningsefni og gert með opnum augum. Sjómenn vissu, ekki síður en útgerðarmenn, að ekki var hægt að hafa allan flotann á veiðum fyrir erlendan markað, og þó það væri gert, mundi það verða til þess að kolfella markaðinn í Englandi og Þýzkalandi. — Það er vitað, að gengislækkunin hlaut að bæta kjör manna á saltfisksveiðum. Þeir fengu meira fyrir lifrina vegna þess, að hægt er að greiða hærra fyrir lýsi í íslenzkum krónum eftir gengislækkunina.

Annað ákvæði gengislækkunarlaganna, sem kannske orsakaði að miklu leyti, að togarasjómenn sögðu upp samningum, var, að þeir fengu ekki sinn hundraðshluta reiknaðan í íslenzkum kr. með nýja genginu, heldur með gamla genginu. Þetta var sérstaklega gert til að fyrirbyggja það, að yfirmenn, sem voru með laun reiknuð eftir gamla genginu, fengju 60—70% hækkun á launum. Aðalástæðan til þess, að farið var út í verkfall, var þetta. En þegar sýnt var, að stilling sjómanna var að bresta í sambandi við kaupkröfur, og að ekki var hægt að halda frið innbyrðis í sjómannafélögunum, var tekið til þess að stytta vinnutímann, til þess að sætta þá við þau ömurlegu kjör, sem verið var að leiða yfir þá. — Nú er þessu beinlínis snúið við. Nú er sagt, að það hafi eingöngu verið vegna vinnutímans, að togararnir voru stöðvaðir í 6 mánuði. En ef það hefði aðeins verið vegna vinnutímans, hefðu aðrar kröfur ekki verið gerðar en kröfur um að stytta vinnutímann. Hv. 6. landsk. þurfti því ekki að gefa nein ámæli í sambandi við ummæli um formann sjómannafélagsins. Ég hef hvergi á hann hallað eða vanmetið í sínu starfi. Hitt er satt, að hann fékk svo miklar ákúrur frá eigin flokksmönnum fyrir gerðir sínar, sem sumpart mótuðust af skilningsleysi og sumpart af hræðslu við kommúnista, að taugar hans, sem voru farnar að bila, að sjálfsögðu sumpart af því, að hann hafði lagt of mikið starf á sig á undanförnum árum, þoldu það ekki. Þetta er enginn óhróður um þennan ágæta mann, síður en svo.

Mönnum er talin trú um, að togaraverkfallið hafi orðið út af kröfum um styttingu vinnutímans. Það var ekki bundið við það ákvæði í samningunum fyrr en þeir fundu, að þeir voru búnir að tapa leiknum.

Hv. 6. landsk. spurði, hvort ég vildi ekki skýra það, hvernig togaraverkfallið hefði orðið til þess að auka dýrtíðina í landinu. Ég skal gjarnan svara þessu. Dýrtíðin er að ákaflega miklu leyti vegna mikillar vöruþurrðar í landinu. Þess vegna hefur meðal annars þróazt svartur markaður á vörum, keðjuverzlun og of hátt vöruverð. Heldur hv. 6. landsk. þm., að 100 millj. kr. minni framleiðsla í útflutningi hafi minnkað svarta markaðinn hér á landi, eða minnkað eftirspurn eftir erlendum vörum? Ég held, að hv. 6. landsk. þm. þyrfti ekki að verða menntaskólakennari eða rektor til að skilja, að það hlaut að auka svarta markaðinn, hlaut að auka eftirspurn eftir erlendri vöru og hlaut að hækka vöruverð, beint eða óbeint. Það þarf minna til en 100 millj. minnkun á útflutningi til þess að hafa áhrif á dýrtíðina í landinu.

Hv. 6. landsk. þm. hefur haldið því fram og lagt megináherzlu á, að kauphækkun sé ekki orsök dýrtíðarinnar, heldur afleiðing. Ef hann vill halda þessu fram, skal ég lofa honum að standa í þeirri trú svolitla stund. Getur hann þá neitað því, að verðhækkun sé ekki afleiðing kauphækkunar, heldur orsök. Verðhækkun hlýtur að skapa um leið fall krónunnar, nema hægt sé að skapa nægilegan útflutning með hinu hækkaða kaupgjaldi. Þetta er ekki hægt, og eins og hæstv. landbrh. tók fram, þá hefur þetta skapað það hér, að útflutningur hefur ekki staðið undir kostnaði. Og krónan var fallin, þegar gildi hennar var opinberlega viðurkennt með gengislækkunarlögunum, og er hún fallin langt niður fyrir það gildi nú. Verð dollara eru engar 16 kr., heldur 35 kr., eins og hann er seldur núna. Þetta sýnir, að krónan hefur stórfallið. Eina ráðið til að vinna þetta upp aftur er að auka útflutninginn, til þess að hægt sé að halda framleiðslunni áfram, þannig að hagnaður verði af rekstri framleiðslufyrirtækjanna, — hagur að því að þurfa ekki að safna skuldum og geta haldið áfram. Hv. þm. vildi ekki viðurkenna þetta, en hann getur ekki komizt hjá þeirri staðreynd, að svona er þetta. Hv. 6. landsk. þm. sagði, að það gleddi sig að geta fært Vestfirðingum þann boðskap, að ég og fleiri álitum, að fara ætti með kaupgjaldsvísitölu verkafólks langt yfir 123 stig, það væri óhætt og réttlátt. Hvað því viðkemur, að það sé réttlátt, þá er það réttlátt, svo fremi að atvinnufyrirtæki og útflutningur þoli það.

Það er annað, sem þessum hv. þingmönnum er illa við, sem sé, að með þessari breytingu á l. eru þeir settir í þann vanda að hafa ekki lengur ríkissjóðinn til að hlaupa í og láta bæta upp. Hafa ekki ríkissjóð til að borga mismuninn, sem þarf að borga, og ekki ríkissjóð til að halda fyrirtækjunum gangandi. Þeir komast þá í þá aðstöðu að verða að horfast í augu við, að laun verkamanna geti orðið svo há, að vinnustundirnar verði færri og heildarlaunin minni. — Þeir barma sér yfir, að ábyrgðin kemur yfir á þá sjálfa, alveg eins og við togara-

verkfallið. Hv. 6. landsk. þm. boðaði það, að ef það, sem hér um ræðir, yrði samþ., yrði krafa verkalýðsins að fá aukna atvinnu, og dugi það ekki, þá mundi hann heimta hærra kaup. (**HV**: Vafalaust.) Ég held, að nauðsynlegt sé, að þeir menn, sem hafa þennan skilning á þessu, fái það frelsi, sem verið er að gefa þeim hér í kvöld, og ábyrgðina af þeirri stefnu, sem hv. 6. landsk. þm. boðar beinlínis: að krefjast aukinnar vinnu, og ef það dugar ekki, þá hærra kaups. Það er bezt að sjá, hvert sú stefna leiðir og hve mikla bölvun hann leiðir yfir verkalýðinn, sem hann þykist vera að verja, ef hann dregur ekki skýluna frá augunum í þessu máli.

Ég ætla einnig að segja örfá orð í sambandi við það, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði. Hann vildi halda því fram, að það væri rangt hjá hæstv. viðskmrh. að láta orð að því liggja, að öll verðhækkun vegna gengislækkunarinnar væri komin fram, og benti á ýmislegt í þessu sambandi. Þarna blandar hann saman tveimur algerlega óskyldum atriðum, sem sé hækkun vöruverðs í landinu vegna gengislækkunar og hækkun vöruverðs af öðrum ástæðum. Meðal annars er þessi hækkun vegna hækkaðs verðlags erlendis og af þeim ástæðum, sem bent var á, t. d. hækkun skatta í landinu, sem ekkert hefur með gengislækkun að gera. Hækkunin stafar af því, að illu heilli varð einhvers staðar að taka fé til að bæta þau glappaskot, sem gerð voru á síðasta þingi með fulltingi þessara ágætu þingmanna og hefðu aldrei verið gerð, ef þessir hv. þm. hefðu látið það mál afskiptalaust. — Einnig sagði hv. 4. þm. Reykv., að Alþfl. hefði bent á alveg ótvíræð ráð til þess að koma lagi á þessi mál, og það væri að koma á landsverzlun. Já, mér þykir gott að geta sýnt fram á, hvernig það hefði orðið fyrir landslýðinn. Er langbezt að sjá það af dæmum, sem hafa komið fram og ekki er hægt að hrekja. Mér er kunnugt, að á þessu ári, sem er að líða, þurfti stofnun ein að kaupa ákveðið efni til að halda áfram verki, sem sama ríkisstofnun þurfti að sjá um. Jú, jú, það er eðlilegt, að forstjórinn, sem er einn af þm. Alþfl., teldi sjálfsagt að nota innkaupastofnun ríkisins til að fá sem hagkvæmust innkaup á því, sem þurfti að kaupa, og var henni falið að kaupa þetta magn af þessari vöru, sem þurfti. Þetta var þess eðlis, að ekki var hægt að deila um, hvort varan væri verri eða betri. Það var um að ræða ákveðna tegund af timbri. Forstjórinn vildi helzt, að enginn annar maður kæmi þarna nálægt. En þegar tilboðin voru athuguð, hafði innkaupastofnun ríkisins gert tilboð um að kaupa þessa vöru fyrir 52 þús. kr., en annar innkaupaaðili lagði fram tilboð um 30 þús. kr. — Hvernig haldið þið, hv. þingmenn, að verðlag yrði lækkað í landinu, ef slík vinnubrögð ættu að vera í verzluninni og sett yrði á stofn landsverzlun, þar sem þessum manni eða öðrum ágætum alþýðuflokksmanni væri falið það starf að kaupa inn allar vörur til landsins og fyrir hverjar 30 þús. kr., sem gefa þyrfti fyrir vöruna, væru gefnar 52 þús. kr.? Það væri ekki óhugguleg! Þá held ég, að lækkaði dýrtíðin í landinu. — Nú var því haldið fram, að ekkert væri að marka þetta, af því að það hefði aðeins verið gert einu sinni. Svo þurftu þessir ágætu menn að gera önnur innkaup á timbri, að upphæð 80—90 þús. kr. Nú krefjast þeir þess að fá nægan tíma til að leita fyrir sér um víða veröld. Þeir eru búnir að hafa tímann fyrir sér síðan í ágúst í sumar, en neita að taka tilboði frá sama aðila, 20—30% lægra. Mig furðar ekki, þó að hv. 4. þm. Reykv. vilji láta koma verzluninni undir þessa menn. Ég tel það hreint blygðunarleysi að vilja koma verzluninni undir þessa menn. Ég hélt, að þeir vissu, hver reynslan hefur orðið af ríkisrekstri, sem hefur verið í höndum flokksbræðra þeirra. Nú er ekki lengur milljónatap á áætlunarferðunum; ekki milljónatap, sem kemur á ríkissjóð. Á meðan flokkur þessara manna hafði stjórn á þessum ferðum, var milljónatap á þeim rekstri allan tímann. Þá tóku þeir til bragðs að taka í leyfisleysi milljónir af orlofsfé til að hylja þetta tap. Við skyldum ætla, að þeir hefðu ekki gengið á þann sjóð til að hylja tapið. Það er ekki hv. 4. þm. Reykv. að þakka, að það var bætt síðar. Ég vil benda þeim á að athuga gagngeran samanburð á verðlagi í Englandi og hér eftir gengisbreytinguna. Ég hef verið nægilega lengi í Englandi til þess að vera kunnugur þessum málum. Í sept. í haust var verkfall hjá bifreiðarstjórum á strætisvögnum í nokkra daga. Þeir vildu fá laun hækkuð úr 5 pundum í 6 á viku. En þeir töpuðu þessu verkfalli. Við skulum til gamans geta þess, að ein skyrta kostar þar 50 shillinga, og verkamenn þar vinna aðeins fyrir tveimur skyrtum á viku. Hvað haldið þið, að verkamenn hérna segðu, af þeir fengju ekki meira en þetta? Þetta er nú gert í landi Attlees til að halda uppi genginu. Og við getum tekið annað dæmi. Einir kvenskór kosta 5 pund. Þeir eru heila viku að vinna fyrir einum skóm. Nú segja þessir hv. þm., að þar sé það þannig, að ekki sé hægt að hækka launin, nema það sé gert í öllu landinu í einu. En nú hefur staðið kaupdeila við vélvirkja, og er þetta aðeins einn flokkur launþega. Þeir fengu þessu skotið til stjórnarinnar, en hún gaf það svar, að þeir gætu sjálfir deilt um þetta, — við viljum ekki skipta okkur af þessu. Þessi launahækkun var gerð án þess að laun væru almennt hækkuð í landinu. Deiluaðilar hafa talið réttara að semja heldur en halda deilunni áfram. — Ég mun ekki lengja þessar umr. meira, nema á mig verði ráðizt og ég verði að bera af mér sakir.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég verð að sjálfsögðu að beygja mig undir úrskurð forseta og hafa þetta aðeins stutta aths., þó að hæstv. landbrh. og hv. þm. Barð. hafi haldið sína hálftímaræðuna hvor og deilt á mig. Í einu atriði erum við, ég og hæstv. landbrh., sammála, að eina ráðið til að halda uppi genginu sé að styrkja atvinnuvegina. Ég vil þá spyrja: Ætlar hann að beita sér fyrir því að styrkja bátaútveginn til að koma bátunum af stað? Ætlar hæstv. ríkisstj. að veita hraðfrystihúsunum aðstoð? Með þessu eflir ríkisstj. gengið, og þetta eykur atvinnu. Hvers vegna daufheyrist ríkisstj. við að framkvæma þessar ráðstafanir? Þetta er einasta leiðin, sem gæti leyst vandamálin. — Lækkun á kaupgjaldi er til þess að auka neyðina í landinu. Till. liggur frammi frá mér og 4. þm. Reykv. um að laun hækki mánaðarlega með vísitölunni. Kaupgjaldið er afleiðing af dýrtíðinni og hún lögð til grundvallar fyrir hækkun kaupgjalds. Að ósi skal á

stemma, segir í gömlum fræðum, og verður hér að taka fyrir upptök dýrtíðarinnar. Þessi till. er í samræmi við lagabreyt., sem sett var fram á nýafstöðnu Alþýðusambandsþingi. Mér hefur borizt bréf í hendur frá Alþýðusamb., sem er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Rvík, 19. des. 1950.

Á fundi A.S.Í., er haldinn var nú í nótt, var samþ. eftirfarandi:

„Miðstjórn A.S.Í. samþ. eindregin mótmæli gegn framkomnum brtt. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreyt. o. fl., er kveða svo á, að frá 1. febr. 1951 skuli laun ekki taka breyt. samkv. ákvæðum gengisl. um vísitöluuppbót, og telur miðstjórnin, að með þessu sé vinnufriðnum í landinu stefnt að óþörfu í bráða hættu.

Miðstj. samþ. enn fremur að skora á Alþingi þegar í stað að samþ. framkomna brtt. þess efnis, að kauplagsvísitala verði framvegis greidd mánaðarlega á laun, eins og verkalýðssamtökin hafa áður krafizt og síðasta Alþýðusambandsþing samþ. einróma sem lágmarkskröfu sína í þessum efnum."

Miðstjórnin væntir þess, að hið háa Alþ. taki mótmæli þessi og áskorun til greina."

Þessi samþ. Alþýðusamb., gerð á fundi þess í nótt, kemur nógu snemma. Ég vona, að vilji sé fyrir því að samþ. hana, áður en till. hæstv. ráðh. verður samþ. Ríkisstj. á frjálst val, hvort hún vill taka til greina kröfur Alþýðusamb. eða hafna þeim. Lágmarkskrafan er hér á pappírnum, og er engum blöðum að fletta um það, hver hún er. Ég læt að lokum í ljós, að ég tel illa farið, ef ríkisstj. ætlar í stríð við verkalýðssamtökin, jafnaðþrengd og alþýða manna er nú. Afleiðingin er uppreisn atvinnuveganna og síhækkandi verðlag. Þeir telja sig ekki lengur geta þolað bindingu vísitölunnar eða lækkun kaupgjalds. Ef ekkert verður gert til að efla atvinnuvegina, hafa þeir ekki annað ráð en hækka kaupgjaldið.

Ég hef lokið máli mínu og er ánægður með að hafa átt þess kost að bera fram þá aðvörun frá A.S.Í., sem hæstv. ríkisstj. hefur nú til athugunar við afgreiðslu þessa máls.

ATKVGR.
Brtt. 451 felld með 8:5 atkv.
— 399 samþ. með 8:5 atkv.
— 450 samþ. með 8:4 atkv.
Ný gr. (verður 1. gr.) þar með ákveðin.
Brtt. 363 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 449,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 449,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, HermJ, KK, LJóh, PZ, RÞ, ÞÞ, BSt.
HV, HG, StgrA, BrB, FRV greiddu ekki atkv.
4 þm. (JJós, VH, BBen, EE) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:5 atkv.

Á 44. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 456).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞÞ, GJ, HermJ, KK, LJóh, PZ, RÞ, BSt.
nei: BrB, FRV, HV, StgrA.
HG greiddi ekki atkv.
4 þm. (VH, BBen, EE, JJós) fjarstaddir.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:5 atkv. og endursent Nd.

Á 45. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GG, GÞG, HelgJ, JG, JPálm, JR, JörB, KS, PÞ, PO, SkG, StgrSt, BÁ, BÓ, EystJ, SB.
FJ, StJSt, ÁS greiddu ekki atkv.
16 þm. (GTh, HÁ, IngJ, JóhH, JS, JÁ, LJós, ÓTh, SÁ, SG, StSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁB, EOl, EmJ) fjarstaddir.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Mér er svo sem ekkert keppikefli að hefja umr. um þetta mál, en það stóð umr. um það í Ed. í nótt, sérstaklega um tvær till., sem ég flutti við 1. gr.

Aðalbreytingin, sem í þeim felst, er það, að í staðinn fyrir, að frá 1. ágúst 1951 skuli laun ekki taka breytingum, skuli koma 1. febr. 1951. Hér er tíminn þannig færður aftur, en um aðrar breytingar er ekki að ræða. Hér er því verkalýðsfélögunum gefin frjáls höndin um að ráða verði vinnu sinnar, en það er það mark, sem þau hafa keppt að, að engar hömlur væru lagðar á rétt þeirra í þessu efni, og nú eru þessar hömlur numdar úr lögum.

Ég geri ráð fyrir, að þeir stjórnarandstæðingar muni ræða þessi mál töluvert, eins og í Ed., en ég þekki þeirra rök, og ég sé ekki ástæðu til að svara þeim að svo stöddu. Ég vil taka það fram út af því, sem stendur í brtt. við 1. gr., að það kemur til af því, að þegar ríkisstj. sneri sér til hagstofunnar um upplýsingar, þá hafði hún reiknað kaupgjaldsvísitöluna 122 stig, og er sú tala sett inn í fjárlfrv. En þegar kauplagsn. gekk frá vísitölunni, reyndist hún 123 stig, eða 1 stigi hærri en hagstofan hafði reiknað út, og þess vegna er þessi brtt. fram komin.

Einar Olgeirsson: Það er fyrst og fremst sú breyting, sem orðið hefur á þessu frv. í Ed., sem kom mér til að taka hér til máls, og þó ein önnur ástæða.

1. gr. þessa frv. felur í sér ákvörðun um, að kaupgjald skuli ekki hækka samkv. vísitölu frá 1. febr. n. k. að telja.

Í fyrsta lagi bitnar þetta á opinberum starfsmönnum, sem ekki eiga að fá laun sín greidd hærra en miðað við vísitöluna 123, og í öðru lagi gagnvart launþegum, þar sem réttur þeirra til að

hækka sitt kaup er felldur burtu. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta koma úr hörðustu átt, að nú, þegar þm. eru að fara í jólafrí, skuli þessar till. koma fram.

Hér er búið að liggja fyrir þinginu frv. um breyt. á gengislækkunarl. Eru það aðallega breytingar við 6. gr. l., þær, að kaupgjald skuli reiknað mánaðarlega skv. vísitölu fyrra mánaðar. Þetta frv. er borið fram af okkur 6. þm. Reykv., er það 13. mál þingsins og hefur legið hér allan tímann, það hefur verið afgr. af hv. fjhn., en ekki fengið náð fyrir augum hæstv. ríkisstjórnar. Svo kemur nú ríkisstj. við síðustu umr. í Ed. með þessa breytingu, sem var samþ. þar. Þessi breyting, að banna kaupbreytingar, er í algerri mótsögn við allar óskir og kröfur launþegasamtakanna í landinu og opinberra starfsmanna og brigð á öllum þeim loforðum, sem gefin voru, þegar gengisbreytingarlögin voru til umr. í fyrra. Þá var gert ráð fyrir því, að 6 mánuði þyrfti til að jöfnuður næðist og lítil hætta á hækkandi dýrtíð úr því, og því ekki lengur nauðsyn aukinna kaupgjaldshækkana. En nú virðist ríkisstj. óttast og gera ráð fyrir, að dýrtíðin hækki svo mikið, að hún muni ekki fá við hana ráðið, og þegar er vitað, að hún er orðin tvöföld við það, sem reiknað var með fyrir hálfu ári, því að þá var reynt að fá verkalýðssamtökin til að trúa því, að vísitalan mundi ekki hækka nema 11—13 stig. Með öðrum orðum, ríkisstjórnin hefur komið fram með þetta frv. af því, að hún hefur gefizt upp við að hafa hemil á þeirri dýrtíð, þeirri sömu dýrtíð og þessi sama stjórn leiddi yfir þjóðina með gengisbreytingarlögunum. Og þetta er sú sama ríkisstjórn og lýsti því yfir, að það, sem launþegar þyrftu að fá, væru ekki kauphækkanir, heldur að krónan væri þeim sem mests virði. Þetta er bótin á dýrtíðinni og vöruskortinum, sem þessi ríkisstjórn ætlaði að ráða. Og þetta kemur því undarlegar fyrir sjónir, þar sem aldrei hefur nokkur ríkisstjórn talað meira um það, hve mikla umhyggju hún bæri fyrir samtökum launþeganna í landinu. Báðir stjórnarflokkarnir hafa tekið þátt í kosningum til Alþýðusambandsþingsins, og báðir hafa þeir boðað, hve mikinn vinarhug þeir bera til verkamanna og hversu mikið öryggi það væri, að þessir flokkar ásamt Alþfl. fengu meiri hl. verkalýðssamtakanna. Verkalýðurinn sér nú, hvað þessir flokkar meintu með þessu fyrir Alþýðusambandskosningarnar, hvað þeir meintu með þátttöku í kosningunum, og hvað mikils þeir meta þær yfirlýsingar, sem þeir gáfu þá.

22. þing Alþýðusambands Íslands gerði einróma samþykkt í kaupgjalds- og dýrtíðarmálum. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er alger lágmarkskrafa, að þegar í stað fáist kaup í samræmi við útreikning vísitölu hvers mánaðar, og felur þingið væntanlegri sambandsstjórn að fylgja þeirri kröfu vægðarlaust fram við ríkisstjórnina.“

Þessi ályktun var einróma samþ. og borin fram á ábyrgð þess meiri hl., sem þessir flokkar kepptust við að ná. Þessi sami meiri hl. samþykkir að það sé alger lágmarkskrafa, að þegar í stað fáist kaup í samræmi við útreiknaða vísitölu hvers mánaðar. Og það er undirstrikað í allri ályktuninni að hefja baráttu til að vinna upp það, sem tapazt hafi. Það stendur þar, með leyfi forseta:

„Því telur þingið, að verkalýðshreyfingin verði nú að spyrna við fótum, stöðva kjararýrnun þá, er af þessu hefur leitt, og hefja sókn fyrir því, sem tapazt hefur, og batnandi lífskjörum. — Felur þingið hinni væntanlegu sambandsstjórn að setja öllu ofar að sameina verkalýðsfélögin til samstilltra átaka í þessu efni.“

Með öðrum orðum, 22. þing Alþýðusambands Íslands gerir ályktun, þar sem ákveðið er að stöðva rýrnun þá, sem á undan hafi farið, og í öðru lagi að vinna upp það, sem tapazt hafi, og í þriðja lagi, að verkalýðsfélögin efni til baráttu til að ná þessu marki. — Hvert er svo svarið, sem verkalýðsfélögin fá eftir þau hlýju orð, sem Framsókn og Sjálfstfl. létu falla í kosningunum til Alþýðusambandsþingsins? Hvert er svarið, sem Alþýðusamb. fær við þessum lágmarkskröfum? Svarið er komið frá hæstv. ríkisstj., og það er: Í fyrsta lagi, ykkur skal ekki aðeins bætt að engu það tjón, sem þið þegar hafið orðið fyrir. Í öðru lagi, ykkur skal heldur ekki veitt sú lágmarkskrafa að greiða laun skv. mánaðarlegri vísitölu. Þvert á móti, þetta skal af ykkur tekið.

Er það meining hæstv. ríkisstj., að opinberir starfsmenn séu lausir allra mála og megi hefja verkfall til að knýja fram kjarabætur? Er það meiningin, að þeir megi hefja verkfall, þegar þeim sýnist? — Nei, ég held, að það sé nokkuð djarft af ráðh. að segja, að þetta sé allt gefið frjálst.

En óskar ráðh. eftir því, að verkalýðurinn noti þetta frelsi? Hingað til hefur mér nú skilizt, að ráðh. væri heldur á móti svo dýrri baráttu í þjóðfélagsmálum og því heldur kosið að láta undan lágmarkskröfum hans.

Nei, þetta frv. virðist hér aðeins fram borið til að ögra verkalýðssamtökunum og í öðru lagi til að binda starfsmenn ríkis og bæja þrælalögum. Ég verð að segja, að það er hart fyrir þá og harðvítugt af ríkisstj. gagnvart þeim. En e. t. v. verður þetta til að sýna þeim, á hverju þeir mega eiga von, þegar þeir kjósa fulltrúa Sjálfstfl. og Framsfl. til að hafa forustu í málum sínum.

Formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er einn af varaþm. Sjálfstfl., og það er ekki lengra en frá því í fyrra, að hv. þm. talaði djarft um það, að kjör starfsmanna ríkis og bæja væru allt of slæm, og talaði um grunnkaupshækkanir, hvað þá að þeir ættu að fá greidda fulla vísitöluuppbót. En þetta eru svörin, sem starfsmenn hins opinbera fá, þegar þeir glæpast á að ljá einhverjum fulltrúa Sjálfstfl. eða Framsfl. kjörfylgi. Í öðru lagi á þetta að segja verkalýðssamtökunum: Fyrst þið voruð svo þæg að kjósa fulltrúa Framsóknar- og Sjálfstfl., þá skuluð þið vita, að það litla, sem þið höfðuð, skal af ykkur tekið. — Auðsætt er, að stjórn Alþýðusambandsins hefur skilið, hvað í þessum till. felst. Á miðstjórnarfundi, sem haldinn var í nótt, var einróma samþ. þessi áskorun til ríkisstj. með leyfi hæstv. forseta:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþ. eindregin mótmæli gegn framkomnum brtt. við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar o. fl., er kveða svo á, að frá 1. febr. 1951 skuli laun ekki taka breytingum skv. ákvæðum gengislaganna um vísitöluuppbót, og telur miðstjórnin, að með þessu sé vinnufriðnum í landinu stefnt að óþörfu í bráða hættu.

Miðstjórnin samþykkir enn fremur að skora á Alþingi að samþykkja þegar í stað framkomna brtt. þess efnis, að kauplagsvísitala verði framvegis greidd mánaðarlega á laun eins og verkalýðssamtökin hafa áður krafizt og síðasta Alþýðusambandsþing samþykkti einróma sem lágmarkskröfu sína í þessum efnum.“

Þetta er samþykkt frá miðstjórn Alþýðusambands Íslands, þar sem það er blátt áfram lagt við, að vinnufriðnum sé stofnað í bráða hættu með því að samþykkja þetta frv. Og það er ekki af áhuga ríkisstj. fyrir vinnufriðnum, sem þetta frv. er komið fram.

Ég álít, að með þessu sé ríkisstj. alveg að gefast upp við að stjórna atvinnulífinu í landinu, gefast upp við að leyfa nokkrar kjarabætur, allt það, sem sagt var fyrir gengislækkunina, hefur verið svikið af hv. stjórnarflokkum. Og ég lýsi því hér með yfir, að við sósíalistar munum við þessa umr. freista þess, að frv. okkar, 13. mál, nái fram að ganga, og ef hliðstæðar till. koma fram frá öðrum, munum við styðja þær. Og ég lýsi því yfir, að það er ríkisstjórnin ein, sem ber ábyrgðina á því, þó að komi til árekstra, ef þetta frv. hennar verður samþ.

Ég hef nú nokkuð lýst mótmælum Alþýðusambandsins gegn þessu máli, og vil ég nú koma nokkuð að öðrum ráðstöfunum í atvinnumálunum. — Það er meiningin, að alþingismenn fari heim í jólafrí í dag, og ekki er enn búið að afgreiða þau mál, sem áttu að vera undirstaðan undir atvinnulífi þjóðarinnar, ekkert hefur verið gert til þess, að vélbátaflotinn geti hafið veiðar strax upp úr nýárinu. Það var að vísu samþ. í gær frv. um skuldaskil bátaútvegsins, þar sem nánast voru samþ. refsiákvæði gegn útvegsmönnum fyrir að hafa nokkurn tíma gert út. En ekkert hefur verið gert til að útgerð gæti hafizt að nýju.

Ég man eftir því, að eftir síðustu jól voru samþ. l. af þáv. ríkisstj., sem voru sérstök brbl. um fiskábyrgð, og skyldu þau gilda, þar til búið væri að semja önnur l. um þetta sama efni, og áttu þessi brbl. aðeins að gilda til janúar- eða febrúarloka, og síðan var alltaf verið að framlengja þau. Og ég verð að segja það, að mér finnst rétt að reyna nú á seinasta augnabliki að fá meiri hl. Alþ. til þess að skiljast svo við þetta mál, að útgerðin geti a. m. k. farið af stað eftir nýárið. Ég mun því flytja brtt. við það mál, sem hér er til umr., með brb.ákvæði á þskj. 459, sem ætti að tryggja það, að vélbátaflotinn verði gerður út. Ætlunin er, að þetta brb.ákvæði verði aðeins í gildi, þar til hæstv. ríkisstj. er búin að finna sína lausn á þessu máli og fá hana samþ. á Alþ., og þar með væri brb.-ákvæðið afnumið.

Það, sem mundi vinnast með þessu brb.-ákvæði, ef samþ. yrði, að svo miklu leyti, sem útgerðarmönnum fyndist það nægur grundvöllur til þess að geta starfað á, er þá það, að þeir gætu gert sínar ráðstafanir strax og hafið sína útgerð. Ef þetta ákvæði skyldi hins vegar ekki reynast raunverulegur grundvöllur, þá er enginn skaði skeður, en ef það skyldi reynast á hinn bóginn, er sá kostur við það, að vélbátaflotinn mundi a. m. k. fara á veiðar og sá fiskur, sem dreginn yrði úr sjó og tekinn til vinnslu þann tíma, sem hæstv. ríkisstj. er að finna sína lausn, er fundið fé fyrir þjóðina. Það er hins vegar algerlega tapað fé, sá fiskur, sem ekki er veiddur á þessu tímabili, og þeir dagar, sem menn ganga iðjulausir í landi af þessum sökum. Ef hægt er að gera vélbátaflotann út á þessu tímabili í krafti þessa brb.ákvæðis, þá er það m. ö. o. sparað fé fyrir almenning, sem fæst fyrir vinnu við útgerðina, og sá gjaldeyrir sparaður fyrir þjóðina, sem fæst fyrir andvirði þess fisks, sem þannig yrði veiddur, verkaður og fluttur út.

Ég mun ekki fara nákvæmlega út í að skýra þessa till. mína, þar sem hv. þm. geta lesið um innihald hennar. En þeim fiski, sem veiðist á því tímabili, sem ríkisstj. er að finna sína lausn, skal varið til kaupa á ýmsum nauðsynjavörum, sem eru taldar upp í till., þannig að þær nauðsynjavörur, sem yrðu fluttar inn fyrir þennan fisk, væru annars algerlega glataðar og sama sem að við hefðum hent þeim í sjóinn. Það væri því hreint tap fyrir þjóðfélagið og hvern einasta borgara þess, ef við sköpum útgerðinni ekki aðstæður til að gera vélbátaflotann út þann tíma, sem líður þar til ríkisstj. er búin að finna sína lausn.

Það, sem ég legg hér til, er ekkert út í bláinn, þar sem samþykkt liggur fyrir um það frá útgerðarmönnum, að þeir geri ekki út báta sína, fyrr en búið sé að finna lausn á málum þeirra. Þetta er m. ö. o. verkfallsyfirlýsing frá útgerðarmönnum. Og ég er hræddur um, að ef slík yfirlýsing hefði komið frá sjómönnum eða verkamönnum, hefði hæstv. ríkisstj. sagt, að eitthvað þyrfti að gera. Ég fyrir mitt leyti kann ekki við það, að meiri hl. Alþ. geri ekki á síðustu stundu einhverjar tilraunir til að skilja þannig við útgerðina, að henni sé gefinn möguleiki til að gera út, og þótt henni séu að vísu sett þröng skilyrði með mínum till., hygg ég, að hún mundi samt fara af stað, ef þær yrðu samþ. Með till. er ríkisstj. heimilað að setja það að almennu skilyrði fyrir útflutningi, að fyrir fiskinn hafi verið greitt lágmarksverð. Enn fremur er gert ráð fyrir, að um verðlag hinna innfluttu vara gildi venjuleg verðlagsákvæði. Hér yrði ekki um hrognapeninga eða neitt slíkt að ræða. Þegar hæstv. ríkisstj. væri svo búin að finna sína lausn á málinu, hefur hún leið til að afnema þetta brb.-ákvæði.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að meiri hl. Alþ. ber ábyrgð á öllu því þjóðfélagslega tjóni, atvinnuleysi og vöruskorti, sem af því hlýzt, ef útgerðin stöðvast. — Ég álít, að það sé lagalega séð eðlilegt að setja þetta brb.ákvæði aftan við gengislækkunarl., þar sem þau áttu að tryggja rekstur útgerðarinnar. Enn fremur var því lofað í grg. gengislækkunarfrv., að rýmkað yrði um höftin á verzlun og útgerð og þeim gefnar frjálsari hendur, og það væri því í samræmi við þessi loforð að veita landsmönnum nú þetta frelsi, sem í till. minni felst, þótt það stæði ekki nema í einn mánuð, þar sem hæstv. ríkisstj. hefur rétt til að afnema það, jafnskjótt og hún hefur fundið lausn á málinu.

Ég vil þess vegna leyfa mér að vænta þess, að þeir hv. þm., sem hafa einhverja ábyrgðartilfinningu, þar sem Alþ. hefur tekið að sér stj. útgerðarmálanna, komi sér saman um einhverjar ráðstafanir, áður en þ. verður frestað fyrir jól, sem gefi útgerðarmönnum einhvern grundvöll til að starfa á, — a. m. k. eitthvert frjálsræði til að hreyfa sig, þótt ekki sé um neina aðstoð að ræða.

Hins vegar er það ljóst, að aðalmálið, sem hér hefur verið deilt um, er brtt. sú, sem hér hefur verið lögð fram og felur í sér kaupbindingu gagnvart opinberum starfsmönnum og er jafnframt ögrun gagnvart öllum almenningi um að leggja út í harðvítugar vinnudeilur til þess að vinna sinn rétt.

Ég legg því til, að 1. gr. verði felld og frv. síðan fellt í heild.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Þótt ég vilji verða við tilmælum hæstv. forseta um að lengja ekki umr., þykir mér þó rétt að láta nokkur andmæla- og aðvörunarorð falla um það frv., sem hér liggur fyrir til lokaafgreiðslu. Ég á þar sérstaklega við 2. mgr. 1. gr. frv., og er efni hennar á þann veg, að árið 1951 skuli greiða verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna miðað við kauplagsvísitölu 123, og er þetta miðað við launavísitölu 1. des. s. l. Um leið eru felld niður þau ákvæði, sem áður voru í gengislækkunarl. og mæltu svo fyrir, að verkalýðssamtökin og verkamenn fengju uppbætur á laun sín miðað við vísitölu 1. júlí, ef hún hefði hækkað eða lækkað um meira en 5 stig.

Um þetta má tvennt segja. Í fyrsta lagi það, að með þessu ákvæði eru laun opinberra starfsmanna algerlega bundin allt árið 1951, hvert svo sem verðlag verður. Þeir hafa engan rétt að l. til þess að leggja niður vinnu og með samtökum sínum að krefjast réttarbóta sér til handa, ef þeir þykjast vanhaldnir út af launagreiðslum. — Í annan stað er það ákvæði afnumið gagnvart verkalýðsfélögunum, sem fjallaði um uppbætur, sem þau kynnu að fá á miðju eða eftir mitt næsta ár vegna hækkaðrar dýrtíðar á fyrri helmingi ársins. En í sambandi við síðara atriðið lýsti hæstv. viðskmrh. yfir því, sem að vísu er rétt, að verkalýðsfélögunum væru gefnar frjálsari hendur í sambandi við sín launamál. Ég verð að segja, að mér finnst skjóta nokkuð skökku við, hvað þetta atriði snertir og þær röksemdir, sem voru fram fluttar á sínum tíma í sambandi við setningu gengislækkunarl., þar sem þeim var talið til gildis, að verkalýðurinn fengi að verulegu leyti bættar upp þær verðhækkanir á nauðsynjavörum, sem yrðu vegna gengislækkunarinnar, og fyrir þessar sakir var sagt, að verkalýðurinn gæti beðið rólegur og séð, hvort hún hefði ekki einmitt að geyma hagsbætur þeim til handa með aukinni atvinnu í landinu. Nú er það kunnara en frá þurfi að segja varðandi þá spádóma og fyrirsagnir, sem fylgdu gengislækkuninni um að hækkunin mundi ekki nema meiru en 11—13%, að nú við þessi áramót nemur hækkunin helmingi meiru en talið var að hún mundi verða mest, og það sem verra er, að ekkert útlit er fyrir — nema síður sé — að stöðvun verði á verðhækkunum. En eins og ég sagði áðan, taldi hæstv. viðskmrh. þessu ákvæði það til gildis, að verkalýðsfélögunum væru gefnar frjálsari hendur í launamálum en þau að nokkru leyti hefðu áður haft. Þetta er rétt í orði kveðnu, og maður hefur því tilhneigingu til þess að spyrja hæstv. ríkisstj., ef hún telur eðlilegt, bæði vegna þess, sem orðið er, og vegna þess, sem búast má við að verði á næstu tímum hvað verðlag á nauðsynjum snertir, að verkalýðssamtökin hafi frjálsari hendur í launamálum og geti því tekið til sinna ráða til þess að fá kaup sitt bætt upp, hvort hún sé með þessu að sækjast eftir, að þessi samtök taki til sinna ráða í þessum efnum. Ég býst við, að þau telji ekki nema eðlilegt að notfæra sér það frelsi, sem hæstv. viðskmrh. var að tala um, en hvort það væri svo ýkja æskilegt frá sjónarhóli hæstv. ríkisstj., það er aftur önnur spurning.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Alþýðusamband Íslands hélt þing sitt í nóvember s. l. og gerði þar ályktanir í samræmi við álit miðstj. þess og síðasta sambandsþ. Þar er lögð áherzla á, að það muni vera bezt fyrir þjóðarheildina að halda verðlagi svo niðri, að ekki þurfi að koma til kauphækkana. Hins vegar finnst verkalýðssamtökunum, að ríkisstj. hafi gengið svo linlega fram í því að halda niðri verðlagi í landinu, að fyrir þær sakir gæti svo farið, að þau þyrftu að grípa til sinna ráða. Ég tel verkalýðssamtökin hafa sýnt mikla þolinmæði í gengislækkunarmálunum, jafnandstæð sem þau voru þeirri löggjöf, og viljað láta koma í ljós, hvort þeir spádómar rættust, sem forsvarsmenn hennar gerðu, þegar þeir sögðu, að það væri verkalýðnum sjálfum fyrir beztu að gera ekkert til þess að setja úr skorðum þær tilraunir, sem þeir þóttust ætla að gera með gengislækkuninni. Það er síður en svo, að verkalýðssamtökin hafi ekki gefið þessari löggjöf tækifæri til að sýna, hvað hún hefði í för með sér. En nú er það svo, með setningu þessarar löggjafar, sem hér er til umr. og ekki er stór eða margorður, að hér virðist farið inn á nýja braut, sem mér finnst fela í sér allt að því ögrun fyrir verkalýðinn. Mér virðist hæstv. ríkisstj. með þessu beinlínis segja við verkalýðinn: „Nú getið þið hækkað kaupið, en við ætlum ekki að gefa ykkur launauppbætur, þótt vöruverð hækki.“ Þess vegna verð ég að aðvara hæstv. ríkisstj. um það, að ef svo færi í sambandi við þessa löggjöf og einnig í sambandi við aðrar ráðstafanir hennar, að verðlag hækki enn til stórra muna á næsta ári, að mér þykir ekki líklegt, að verkalýðssamtökin sjái sér fært að sætta sig við slíkt, og frá mínu sjónarmiði er þetta hættuleg pólitík, sem hlýtur að hafa í för með sér eina allsherjarorustu út af kaupgjaldi í landinu.

Þá vil ég minnast nokkrum orðum á brtt. á þskj. 459 frá hv. 2. þm. Reykv. (EOl). Því hefur verið spáð, en um það get ég ekkert sagt, að hér ætli hann og hans samherjar að verða fyrri til að boða þá stefnu, sem hæstv. ríkisstj. hyggst fylgja á næsta ári. Ef það reyndist rétt, að það væri að einhverju leyti stefna hæstv. ríkisstj., sem felst í brtt. á þskj. 459, er ég viss um, að slíkt yrði til þess að hækka til mikilla muna verð á mörgum vörum, sem eiga að flytjast til landsins, og gerði þar með launþegum örðugra að lifa við þau lífskjör, sem þeir verða að búa við. Og mér finnst það einkennileg framkoma af hv. 2. þm. Reykv., að samtímis festingu vísitölunnar í 123 stigum vill hann bæta aftan við l. brb.ákvæði, sem óhjákvæmilega hlýtur að hafa í för með sér stórkostlega hækkun á vöruverði í landinu.

Ég vil svo að loknum þessum andmæla- og aðvörunarorðum mínum leyfa mér að bera fram skriflega brtt. um, að síðari mgr. 1. gr. frv. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta: „Frá 1. janúar 1951

mega laun hækka mánaðarlega samkvæmt vísitölu hvers mánaðar.“ (**Forseti:** Ég vil benda hv. 8. landsk. þm. á það, að nákvæmlega sams konar brtt. hefur þegar verið lögð fram af hv. 2. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Reykv.) Það er ágætt og þá óþarfi, að brtt. mín komi fram, og mun ég fylgja brtt., sem fram er komin um sama efni. Ég vil taka það fram, að þessi till. er í samræmi við yfirlýsingar Alþýðusambands Íslands, en ég mun ekki hafa verið í d., þegar sams konar till. var lögð fram.

Að endingu vil ég endurtaka þau aðvörunarorð mín til hæstv. ríkisstj., að ef 1. gr. frv. verður samþ. eins og hún er nú, er hér lagt út á braut, sem ómögulegt er að sjá, hvaða afleiðingar kann að hafa fyrir þjóðina á næstu árum.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þau atriði, sem hv. 8. landsk. þm. (StJSt) ræddi í sambandi við þetta frv., en vil minnast nokkuð á 2. gr. frv. út af væntanlegu útflutningsgjaldi á síld og síldarafurðum.

Í gengislækkunarfrv. var gert ráð fyrir því í 11. gr., að framleiðslugjald skuli lagt á allar síldarafurðir, aðrar en þær, sem fluttar eru út fullverkaðar, og skal það nema 8% af útflutningsverðmæti þeirra, en ef afli er minni en 4000 mál pr. skipshöfn, er ríkisstj. heimilt að fella það niður. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að þessu gjaldi skuli varið til að setja á stofn útlánasjóð, sem rekinn sé aðallega í þágu síldarútvegsins.

Framkvæmd þessa máls varð á s. l. sumri sú, að þegar reiknað var út bræðslusíldarverð og saltsíldarverð, var þetta útflutningsgjald dregið frá því verði, sem sjómenn og útgerðarmenn fengu, þannig að á áætlun síldarverksmiðjanna var sérstakur liður, sem nam rúmum 10 krónum á hvert síldarmál, áætlað útflutningsgjald. Í áætlun síldarútvegsnefndar var gert ráð fyrir, að útflutningsgjaldið yrði 20 kr., og þegar gert var upp við síldarútvegsnefnd, var þetta gjald dregið frá. Síðar var ákveðið, að síldarverksmiðjurnar skyldu greiða helming gjaldsins, en hitt skyldi koma frá síldarútvegsmönnum. Ef þetta gjald hefði ekki verið greitt í sumar, hefðu síldarútvegsmenn fengið 10 kr. meira fyrir síldarmálið og síldarsaltendur 20 kr. meira fyrir tunnuna. — Þegar það er athugað, að s. l. sumar var 6. sumarið í röð, sem hallarekstur var á síldveiðunum, þá sýnist það furðu lítil sanngirni að vilja viðhalda þessu gjaldi. Og þetta gjald verður að greiða, áður en nokkur veit, hvort útgerðin ber sig eða ekki. Ég get ekki skilið þetta háttalag, að leggja gjald á hallærisrekstur útgerðarinnar. Og það er ætlun hæstv. ríkisstj. að viðhalda þessu gjaldi með lítils háttar breytingu. Ríkisstj. hlýtur þó að vera ljóst, að gjaldið er tekið af hallærisrekstri útgerðarinnar, áður en vissa er fengin fyrir því, hvort sjómennirnir verði matvinnungar eða ekki. Nú á að halda áfram með þetta gjald, eins og segir í frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Framleiðslugjald skal lagt á allar síldarafurðir, aðrar en þær, sem fluttar eru út fullverkaðar í smápökkum til manneldis, og skal nema 8% af útflutningsverðmæti. Ef sumarafli er minni en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið allt endurgoldið útgerðarmönnum um leið og lokið er veiðitíma. Ef sumarafli er meiri en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið innheimt og renna allt til síldardeildar hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.“

Á þennan hátt er verið að viðhalda þessu ósvífna gjaldi, sem mun vera einsdæmi í heiminum, — að leggja gjald á atvinnuveg, sem rekinn er með halla. Það er sem ég sæi upplitið á sumum, ef bændum væri gert að greiða gjald, ef þeir öfluðu meira en meðalheyfeng, — og þeir ættu að byrja að greiða þetta gjald strax og fyrstu stráin kæmust í hlöðu. Ætli það væri ekki eins og að nefna snöru í hengds manns húsi að fara fram á þetta? Það hefur heyrzt eitthvað í sumum í sambandi við umr. um aðstoðina á óþurrkasvæðinu. — Hér vil ég geta þess, að það er til önnur veiði síldar en sumarsíldveiðin. Á þá að leggja þetta 8% gjald á Faxaflóasíldina, sem veidd er í reknet? Er nokkur heimild í þessari lagagrein til að endurgreiða gjaldið? Í þessu sambandi má benda á það, að 8% af útflutningsverðmæti er meira en 8% af fersksíldarafla. Það mun láta nærri, að gjaldið sé 15—16% af fersksíldaraflanum. Það er þá gert ráð fyrir, að þessir, sem ekki hafa verið matvinnungar s. l. 6 sumur, eigi að greiða 16% gjald af afla sínum. Ég sakna þess, að hæstv. atvmrh. skuli ekki vera viðstaddur, — hann hefði sannarlega þurft að fá jólahugvekju hér. — Og hið sama gildir um síldina, sem fer til síldarverksmiðjanna. Þar er gjaldið einnig dregið af þeim mönnum, sem verið hafa á þessum bágbornu síldarvertíðum s. l. 6 ár samfleytt. Ég veit satt að segja ekkert dæmi til slíkrar lagasetningar sem þessarar. Og til að mýkja þetta, þá er því lofað, að ef síldaraflinn nemur meiru en 6000 málum á skip, þá skuli gjaldið renna til hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins. Ég vil leyfa mér að segja, að það er harla ólíklegt, að sumarafli síldveiðiskipa verði meira en 6000 mál, og er þá verið að gera leik að því að gera sjómönnum erfiðara lífið, án þess að það komi síldarútveginum að nokkru gagni. — Ég hef áður flutt till. um það, að 4. mgr. 11. gr. falli niður, og get ég því ekki flutt hér brtt., er gengur í sömu átt, og ef þessi brtt., sem hér liggur fyrir, verður ekki samþ., þá standa þau atriði í lögunum, sem eru enn þá ranglátari og vitlausari en ákvæðin í brtt. Af tvennu illu er þó líklega betra að samþykkja þessa brtt., sem hér liggur fyrir, en innheimta gjöldin af sjómönnum áður en þeir eru orðnir matvinnungar, eins og verið hefur. Þar sem ég get ekki flutt brtt. um að fella þetta niður, þá vildi ég mega vænta þess, að þeir, sem hér eru, áttuðu sig á þessu fyrir næsta haust. — Ég vænti þess, að þetta mál verði betur athugað, ef stjórnarflokkunum er það ljóst, að það er verið að innheimta þetta gjald af fólki, sem ekki er matvinnungar.

Skal ég þá ekki hafa mál mitt lengra. Ég er algerlega á móti ákvæðum þessarar greinar, en af formlegum ástæðum hefur ekki verið hægt fyrir mig að leggja fram þessa brtt., eins og ég hef lýst. — Þetta er ekki 8% gjald, heldur 16% gjald af verðinu til sjómanna.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 459, sem útbýtt var á fundinum, og um tvær skrifl. brtt. (sjá þskj. 464 og 465) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég geri ekki ráð fyrir, að það hafi mikið að þýða að færa hér fram rök eða aðvaranir, því að það er búið að ákveða afdrif málsins fyrir utan þingsalina. En eitt atriði vildi ég, að væri athugað. Fyrst þegar brtt. var lögð fram, var vísitalan ákveðin 122, en eftir 4—5 daga er henni breytt í 123. Þetta er forsmekkurinn af því, sem hér hefur komið fyrir. Það væri betra að miða allt við meðalvísitölu ársins, og ef að líkum lætur, verður meðalvísitala seinni helming ársins miklu hærri en hinn fyrri. En svo segir hæstv. viðskmrh., að verkamenn geti hækkað grunnkaup sitt. Með þessu virðist þá vera sagt: Það er búið að ákveða kaup opinberra starfsmanna við vísitölu 123, og verkalýðurinn má krefjast kauphækkana, ef hann þorir. Allt undantekningarlaust í gengislækkunarlögunum hefur verið svikið. Þau áttu m. a. að halda á rétti launafólks og kaup vera greitt skv. vísitölu, en vandræði hafa verið fyrir ríkisstj. að standa við þetta. Lítum til baka. — 1949, þegar kaup verkamanna var hækkað, var svo komið, að ríkisstj. varð að láta undan síga fyrir opinberum starfsmönnum. Þeir ætluðu annars út í ólöglegt verkfall. — En það, sem kom mér til að standa upp, eru mótmæli, sem mér hafa borizt frá verkamannafélaginu Dagsbrún og ég ætla nú að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar mótmælir harðlega þeirri tillögu viðskiptamálaráðherra til breytingar á lögum um gengisskráningu o. fl., er miðar að því að fella niður breytingar á launum samkv. gengisskráningarlögunum vegna aukinnar dýrtíðar frá 1. febrúar 1951.

Um leið og stjórnin mótmælir breytingartillögu viðskiptamálaráðherra, skorar hún á Alþingi að samþykkja þá breytingu á gengisskráningarlögunum, að uppbætur á laun verði greiddar mánaðarlega samkv. vísitölu framfærslukostnaðar, en það er einróma krafa allrar verkalýðshreyfingarinnar, sem nýlega hefur verið staðfest af þingi Alþýðusambandsins.

Stjórnin lítur svo á, að með því að festa vísitöluna nú sé stefnt að ófriði í landinu, þar sem launþegar munu ekki geta sætt sig við óbreytt kaupgjald jafnhliða því, sem allt verðlag hækkar gegndarlaust, en festing vísitölunnar losar stjórnvöldin við það aðhald til að halda verðlaginu í skefjum, sem felst í hækkandi kaupgreiðslum vegna aukinnar dýrtíðar.

Fyrir því skorar stjórnin á Alþingi að fella breytingartillögu viðskiptamálaráðherra, en samþykkja í þess stað, að laun breytist mánaðarlega samkvæmt aukningu dýrtíðarinnar.

Virðingarfyllst
f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrún.
Eðvarð Sigurðsson."

Ég vildi láta þessi mótmæli koma fram. Í hvert skipti þegar alþýðan hefur farið í kjaradeilur, hefur verið sagt, að atvinnuvegirnir rísi ekki undir hærra kaupi, en hvað hefur svo sýnt sig? Nú þarf enginn að afsaka sig með því, að þeir hafi ekki verið aðvaraðir, og þeir gera þetta á sína ábyrgð. Þeir bera ábyrgð á því, ef ekki helzt vinnufriður í landinu. Enginn getur haldið því fram, að viðkomandi valdhafar hafi ekki verið aðvaraðir. — Þessi orð vil ég láta falla, áður en þetta frv. fer í gegn, — og býst ég við, eins og ég tók fram, að það þýði ekki mikið að bera fram þessi mótmæli.

ATKVGR.

Brtt. 464 felld með 16:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, EOl, FJ, SG.

nei: SkG, StgrSt, ÁB, BÁ, BÓ, EystJ, GG, GTh, JG, JPálm, JS, JörB, KS, PÞ, SÁ, SB.

12 þm. (StSt, EmJ, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JÁ, JR, LJós, ÓTh, PO) fjarstaddir.

Brtt. 465 felld með 15.7 atkv.

— 459 felld með 19:4 atkv.

Frv. samþ. með 16:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 466).

27. Bann gegn botnvörpuveiðum.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til laga um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum [20. mál] (stjfrv., A. 20).

Á 3. fundi í Ed., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svo sem kunnugt er gilda sömu sektarákvæði fyrir smábáta, sem brjóta bannið gegn botnvörpuveiðum, eins og fyrir regluleg stór botnvörpuskip. Þetta hefur orðið til þess, að dómsmrn. hefur neyðzt til að leggja til við forsetann, að hann náðaði skipstjóra á smærri skipum, eða færa sektirnar mjög niður. Má segja, að það sé nú viðtekin regla, en er vitanlega óviðunandi til frambúðar, því að til þess eru lagaákvæði að fara eftir þeim. Það er skoðun mín, að sektirnar séu svo háar, að þær séu óinnheimtanlegar, og ef þetta er einnig skoðun Alþingis, þá þarf það að koma fram með lagabreytingu. En ef skoðun Alþingis er sú, að sektirnar séu ekki of háar, þá fellir það náttúrlega þetta frv., en þá hættir dómsmrn. að leggja til, að sektirnar falli niður. — Svipað er að segja um dragnótaveiðarnar, að sektir þar eru hærri en ætlazt var til, en ráðuneytinu fannst ekki ástæða til að bera fram frv. um breyt. á þeim l., fyrr en séð yrði, hvernig Alþingi tæki þessu frv., og væri gott, ef hv. n., sem þetta mál fær til meðferðar, athugaði ákvæðin um dragnótaveiðarnar einnig.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 103).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Stefánsson): Herra forseti. N. tók þetta frv. fyrir á fundi sínum og var sammála

um að leggja til, að það yrði samþ. óbreytt. Einn nm. (GÍG) var fjarverandi, en hinir fjórir nm. leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Það er svo, að l., sem hér á að breyta, eru 30 ára gömul og því mjög aðkallandi að breyta sektarákvæðum þeirra. Þegar þau voru samþ., veiddu aðeins togarar með botnvörpu, en á síðari árum hafa bátar 60—100 smálestir að stærð, sem hafa stundað togveiðar, tekið að nota botnvörpu við veiðarnar. Það er því auðsætt, að þessi litlu skip geta á engan hátt greitt eins háar sektir og mörg hundruð tonna skip. Eins og fram kemur í grg., hefur það orðið svo í reyndinni, að flestir þessir smábátar hafa verið náðaðir frá sektunum. Slíkt er óeðlilegt og óviðunandi til lengdar. N. var því þeirrar skoðunar, að þessu bæri að breyta, lækka sektirnar slíkum bátum til handa, en ætlast þá til þess, að horfið verði frá að náða þá. Þannig leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka n. fyrir undirtektir hennar. Mig minnir, að ég hafi beint því til n. við 1. umr., hvort henni sýndist ekki rétt að breyta einnig að þessu leyti l. um ólöglegar dragnótaveiðar, og er vikið að þessu í aths. við frv. Mér skilst, að fyrst verið er að lækka sektirnar fyrir ólöglegar togveiðar, þá sé eðlilegt að breyta á sama hátt hliðstæðum ákvæðum um dragnótaveiðar.

Frsm. (Björn Stefánsson): Ég vil aðeins geta þess út af fyrirspurn hæstv. dómsmrh., að hjá n. kom ekkert annað til umr. en þetta frv., sem hér liggur fyrir. Hún ræddi aðeins um þær lækkanir á sektum, sem um ræðir í þessu frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 16. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 17. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til þess að fá lækkaðar sektir fyrir ólöglegar botnvörpuveiðar hinna minni skipa, eða báta innan 115 smálesta. Það má vera augljóst, að slík skip standa ekki undir jafnháum sektum sem hin stærri skip, sem stunda botnvörpuveiðar, en við þau er miðað í núgildandi lögum um þetta efni. Það hefur því reynzt ómögulegt að innheimta þessar háu sektir hjá skipstjórum þessara minni báta, og hefur því það ráð verið tekið að lækka sektirnar niður í 5—10 þús. kr. með náðun. Nú er það ljóst, að sá háttur dugir ekki til frambúðar, að breyta refsiákvæðunum með náðun, eins og ill nauðsyn hefur borið til. Það þótti því rétt að flytja frumvarp um að lögfesta þá afstöðu, sem tekin hefur verið upp gagnvart minni skipum í þessu máli og reynslan hefur sýnt, að ekki var hægt að sniðganga. Ég get þó fullyrt, að þrátt fyrir þá lækkun á sektum, sem hér er gert ráð fyrir, þá muni reynast fullerfitt að innheimta þær. En ef þetta frv. nær fram að ganga, þá verður auðvitað lagt allt kapp á að staðið verði við greiðslur á þeim sektum, sem lög þessi kvæðu þá á um. Og ef hv. Alþ. treystist ekki til að samþ. þetta frv., verður hætt að náða eins og gert hefur verið og bátar dæmdir í 70—80 þús. kr. sekt, án þess að tekið verði tillit til stærðar þeirra.

Ed. hefur samþ. frv., og vona ég, að þessi hv. deild geri það einnig.

Þessu frv. fylgir einnig frv. um breyt. á sektum við ólöglegar dragnótaveiðar, og það virðist eðlilegt, að ef hv. Alþ. fellst á þessa breyt. á lögum um botnvörpuveiðar, þá fallist það einnig á frv. varðandi dragnótaveiðar.

Í þessu sambandi mætti geta þess, að það er orðin venja að náða eftir föstum reglum þá, sem hafa ekið bifreið ölvaðir, þannig að í stað 10 daga fangelsisvistar komi 1—8 þús. kr. sekt, og fer sú upphæð eftir efnahag viðkomandi aðila. Hefur verið gripið til þessa ráðs vegna skorts á húsnæði fyrir fanga. Var þá líka miklu betra að veita mönnum náðun en sleppa mönnum alveg, en láta þá eina sitja inni, sem ekki vilja borga. Ef nú þetta frv., sem hér liggur fyrir, nær fram að ganga, þá væri einnig rétt að flytja frv. um breyt. á þessum lagaákvæðum varðandi akstur undir áhrifum áfengis.

Pétur Ottesen: Ég tel, að, sú stefna, sem mörkuð er með þessu frv., sé mjög varhugaverð. Það eru vitanlega til fleiri sjónarmið í sambandi við þetta mál heldur en þau tæki, sem gengið er út frá í frv. Það er það tjón, sem hlotizt hefur af verknaðinum, sem sektirnar eiga að miðast við, og þegar það er vitað, að það tjón, sem smærri skip valda í þessu efni, er engu minna en það tjón, sem stærri skip valda, þá tel ég varhugavert að láta það sjónarmið, sem frv. gengur út frá, verða svo ríkt. Það er vitanlega rétt, að það er mikill verðmunur á skipunum eftir stærð þeirra, en ég vil ekki fallast á þá skoðun, að miða beri sektir, er þau fá, við stærð þeirra, heldur við það tjón, sem þau valda með verknaði sínum. Ég vil því nota tækifærið til að benda á þá stefnu, sem hér er verið að marka, og þá stefnubreytingu, sem hér hefur átt sér stað. Hæstv. dómsmrh. lýsti því yfir, að eiginlega hefði verið farið í kringum lögin með því að lækka sektirnar niður fyrir það, sem lög mæla fyrir. Það getur að vísu verið erfitt að fá lúkningu þessara sekta, en því meiri ástæða er til að láta til skarar skríða og fá þau verðmæti, sem lög segja til um. Hér er um svo alvarlegt mál að ræða, að sízt er ástæða til að slaka til á slíkum lögum, en brot á þeim eru þjóðinni mjög hættuleg, þar sem þau geta leitt af sér minnkandi fiskveiðar. Og það er bráður voði fyrir þjóð, sem byggir af-

komu sína svo mjög sem við gerum á sjávarútveginum, ef slíku vindur fram. Þar eigum við við ramman reip að draga, þar sem er samningur sá, sem Danir gerðu við Englendinga að okkur forspurðum um síðustu aldamót, en sá tími nálgast nú óðum, að við losnum við þann samning. Við ráðum sjálfir, hver viðurlög skuli vera við slíkum brotum gagnvart erlendum og innlendum skipum, og það er mjög varhugavert að slaka nokkuð til frá því, sem nú er í því efni.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þess var að vænta, að svo skeleggur áhugamaður í þessum málum sem hv. þm. Borgf. væri þess ekki fýsandi, að slík löggjöf yrði sett. Ég veit þó ekki, hvernig hefði farið fyrir bátum frá Akranesi, sem teknir hafa verið í landhelgi, ef ríkt hefði verið gengið eftir fullum sektum hjá þeim. Það er erfitt að viðurkenna ekki sanngjarnan málaflutning skipstjóra bátanna, er þeir koma og segja, að atvinnuvegur þeirra verði algerlega lamaður, ef innheimta fullra sekta eigi sér stað. Og það er óvefengjanlegt, að ef gengið yrði hart eftir fullum sektum frá hinum minni bátum, sem teknir eru á ólöglegum veiðum, þá yrði útgerð þeirra stöðvuð fyrir fullt og allt. Það hafa borizt áskoranir úr heilum landshlutum um að afnema landhelgisbann það, sem hér er um að ræða, fyrir þessa báta, en ég tel, að slíkt komi ekki til greina. En hinu held ég fram, að það er óframkvæmanlegt að innheimta 70—80 þús. kr. sekt hjá bátum innan við 100 rúmlestir að stærð. Það mundi ríða útgerð viðkomandi báta að fullu. Ég játa hins vegar, að þetta er álitamál, en ég vil ekki halda uppteknum hætti að náða þá báta, sem ekki geta borgað sínar sektir. Ég tel, að hv. Alþ. eigi að taka afstöðu til þessa máls og kveða á um refsingu fyrir brot á þessum lagaákvæðum, þó að stjórnskipuleg heimild leyfi, að náðun sé veitt í þessum tilfellum. Það er alveg rétt sjónarmið hjá hv. þm. Borgf., að fleira en verðmæti tækjanna, sem beitt er við lagabrotin, kemur til greina. Það ber einnig að líta á það tjón, sem tækið veldur. En eins má segja, að sami tilgangurinn (hinn sami illi vilji) með lagabrotinu sé hjá mönnum, á hvers konar skipi sem þeir eru, og því eðlilegt að beita sömu refsingum. En ef miða á við tjónið, sem skipið veldur, þá er ekki hægt að bera á móti því, að það er minna hjá litlum skipum, því að aflinn hjá stærri skipunum er mun meiri, og ég get ekki séð, eftir hvaða öðrum mælikvarða á að mæla tjónið. Það eru ekki aðeins viðkomandi aðilar, sem hafa leitað til mín um, að náðun ætti sér stað, þegar svona hefur staðið á, heldur og þingmenn hlutaðeigandi kjördæmis, og ég tel rétt, að kveðið sé á um það, hvort svo eigi að fara fram eða ekki. Ég játa, að það getur verið varhugavert að samþ. reglugerð sem þessa, en reynslan hefur sýnt, að svona háar sektir eru óinnheimtanlegar, og það hefur reynzt fullerfitt að ná inn sektum, þegar búið hefur verið að lækka þær ofan í 5—10 þús. kr. Útgerðarmenn segja, að þeir séu svo illa staddir nú, að ef gengið verði ríkt eftir greiðslum, þá stöðvist útgerð þeirra. Ég hef því oft tekið til greina, að samkomulag yrði um, að sektir greiddust á ákveðnum tíma, þegar annað hefur reynzt ómögulegt. Ég kýs fremur, að lög um þetta efni séu þannig, að hægt sé að framkvæma þau, en að þau séu óframkvæmanleg, og sú er ástæða fyrir því, að ég flyt þetta frv. En ef hv. Alþ. kýs annað, þá tjáir ekki að sakast um það, þótt bátar sleppi við refsingu, er mistök í þessum efnum hafa átt sér stað. Ég get þess þó, að ekkert handahóf hefur ríkt í þessum málum, en ráðuneytið hefur skapað sér ákveðnar reglur, sem það hefur beitt jafnt á alla, og kemur þar engin tilviljun til greina.

Það ber að líta á það að hafa sektirnar svo háar, að þær haldi mönnum frá að fremja þessi lagabrot, en þó ekki svo háar, að þær verði dauður bókstafur. Og það meðalhóf er reynt að þræða með þessu frv.

Pétur Ottesen: Það eru aðallega tvö atriði í ræðu hæstv. dómsmrh., sem ég vildi víkja nokkrum orðum að. Hæstv. dómsmrh. hélt fram, að hin háu sektarákvæði l. gætu orðið þess valdandi, að svo og svo mikill hluti bátaflotans stöðvaðist með öllu. Það er ástæðulaust að halda slíku fram, því að þó að sektir fyrir landhelgisbrot reyndust í sumum tilfellum svo þungar, að þeir, sem fyrir þeim yrðu, gætu ekki undir þeim risið, þá er vitanlegt, að það eru til nógir menn, sem mundu taka við rekstri slíkra báta. Enda er algengt, að bátar gangi kaupum og sölum manna á milli, þó þetta komi ekki til greina. Þess vegna er ástæðulaust að halda fram, að jafnháar sektir og hér eru nú verði til þess að stöðva bátaútgerðina. Sektirnar gætu orðið til þess, að eignatilfærsla á bátum ætti sér stað, en ekki til þess að stöðva útgerðina. Auk þess er vitað, að í hópi skipstjóra er svo stór hluti menn, sem virða lögin, en mikill minni hluti landhelgisbrjótar, sem betur fer. Það er fjöldinn af skipstjórum, sem kostar kapps um það að vera löghlýðnir menn í þessu efni sem öðrum og forðast í öllum kringumstæðum að vera valdir að neinum slíkum brotum. Hins vegar eru aðrir menn, sem nota hvert tækifæri til þess að reyna að brjóta landhelgisl., og slíkum hvötum, sem koma fram í því, á vitanlega að reyna að halda í skefjum á allan hátt og með ströngum viðurlögum.

Hæstv. dómsmrh. vildi gera lítið úr því hjá mér, að jafnvel gæti staðið svo á og að því væri svo varið í ýmsum tilfellum, að það tjón, sem minni bátar gera í sambandi við landhelgisbrot, geti verið mun meira heldur en það, sem stærri skipin gera. Það er rétt hjá honum, að yfirleitt er það svo, að aflamagn af nytjafiskum er meira hjá stærri skipunum. En hættan, sem stafar af ólögmætum landhelgisveiðum, er ekki fyrst og fremst fólgin í því, að mikið sé dregið upp af nytjafiski, heldur er hættan miklu meir fólgin í þeirri eyðileggingu og tortímingu, sem verður á fiski, sem er á uppvaxtarskeiði. En smærri bátar eru kannske í flestum tilfellum miklu hættulegri ungfiskinum en stærri skipin, því að smærri bátunum hættir til að vera nærgöngulli en stærri skipin á þeim stöðvum, sem eru klakstöðvar og uppvaxtarstöðvar nytjafiskanna. Þetta er þungamiðjan í málinu. En fiskfæðin í sambandi við botnvörpuveiðarnar stafar fyrst og fremst af því, hver gereyðing uppfæðingum er búin af slíkum völdum, og er tjónið, sem af þessu leiðir, miklu meira en þó nokkuð sé nærri gengið um veiði nytjafiska. Þetta verður fullkomlega að hafa í huga. Og ræða hæstv. dómsmrh.

hefur þess vegna ekkert sannfært mig um það, að hans sjónarmið eigi að vera öðru fremur ríkjandi, þegar um slík mál er að ræða sem þessi.

Hitt get ég verið hæstv. dómsmrh. alveg sammála um, að það ástand, sem nú ríkir í þessum efnum, er gersamlega óviðunandi, að það skuli vera orðið að fastri venju, eins og hann sagði, í meðferð ríkisstj. í þessum efnum að ganga svo gersamlega á bak við skýr og ótvíræð lagafyrirmæli eins og fyrir liggur, að gert hefur verið í þessum hlutum. Slíkt ástand er vitanlega ekki við hlítandi. Og hvaða afgreiðslu sem þetta mál, sem hér liggur fyrir, fær, og eins þó það fái þá afgreiðslu, sem ég tel æskilegri, að þessi ákvæði verði ekki í lög tekin, sem eru í frv., þá ætti það líka að vera fullkomið aðhald fyrir hæstv. ríkisstj. um að fara ekki svo að sem gert hefur verið að undanförnu, að sniðganga lögin. Enda hefur hæstv. dómsmrh. lýst yfir, að ef þetta frv. nái ekki fram að ganga, þá muni hér eftir verða farið að lögum um þessa hluti.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég bjóst nú ekki við því, að mér mundi takast að sannfæra hv. þm. Borgf., því að hann þarf nú meira til þess heldur en slíkan málflutning af minni hálfu. Sem betur fer erum við oftast sammála, hv. þm. Borgf. og ég. En mér virðist erfitt að breyta hans skoðun, ef hún er röng frá upphafi. Nú segi ég ekki, að skoðun hans sé röng í þessu máli, því að þetta er mikið álitamál, hvernig með þetta eigi að fara. — En það, sem gaf mér tilefni til að standa upp, var það, að hv. þm. Borgf. talaði eins og ég hefði gefið í skyn, að bátaflotinn yrði yfirleitt stöðvaður, ef innheimtar væru sektirnar fyrir landhelgisbrot, eins og þær hafa verið ákveðnar, og að meiri hluti skipstjóra væri sekur í þessum efnum. Mér hefur ekki dottið í hug að segja þetta, og hafi ég sagt eitthvað í þá átt eða sem hefði mátt skilja þannig, þá vil ég leiðrétta það. (**PO:** Stöðvun fyrir fullt og allt). Já, einstakra báta. Og því vil ég halda fram, að ekki mundu menn ginnkeyptir til þess að taka við útgerð allra þeirra báta — þeir eru svo margir —, sem orðið hefur að gefa eftir sektir fyrir landhelgisbrot á undanförnum árum. Þeir eru svo margir, að eins og útgerðin hefur gengið treglega undanfarið, þá hefði auðvitað þurft að selja bátana alla, sem í þetta komust, og koma þeim í verð, ef innheimta hefði átt sektirnar til nokkurrar hlítar, því að þá hefði ríkið tekið sitt og skipin verið boðin upp. — Mér virðist, að menn eigi að reyna að finna þann refsiramma, sem sé framkvæmanlegt að fara eftir, hvort sem það er það, sem lagt er til í þessu frv., eða eitthvað hærri sektir, en þó vægari fyrir báta en fyrir stærri skipin. En ég hef ótrú á því að ætla að hafa lögin þannig, að þau í raun og veru séu óframkvæmanleg. Og þess vegna hefur skapazt venjan, sem farið hefur verið eftir, að lögin hafa þótt óframkvæmanleg. Því að það að ætla sér að pína 70 til 80 þús. kr. sektarupphæðir út úr útgerð báta fyrir afbrot sem þessi, það er að mínu viti ekki framkvæmanlegt. — Ég legg til, að frv. verði vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 239 og 269).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Frv. því, sem hér er til meðferðar á þskj. 20, var vísað til sjútvn. þessarar d., en n. varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Minni hl., hv. þm. Borgf., er andvígur frv. og hefur lagt fram sérstakt nál. á þskj. 239. Meiri hl. n. er frv. meðmæltur og hefur gefið út nál. á þskj. 269, þar sem hann mælir með samþykkt frv.

Hæstv. dómsmrh. fylgdi frv. þessu úr hlaði við 1. umr. og færði fram þau rök, sem gera það nauðsynlegt, að áliti meiri hl. sjútvn., að þessar brtt. verði gerðar á l., sem frv. er um.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Ég hef á þskj. 239 gert nokkra grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, þeirri afstöðu, að ég gat ekki verið hv. meiri hl. sjútvn. sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. En samkv. frv. á að lækka í verulegum mæli sektir fyrir brot gegn l. um bann gegn botnvörpuveiðum, ef brotin eru framin af skipum, sem eru allt að 115 rúmlestir að stærð. En að öðru leyti, eða ef brotin eru framin af stærri skipum, eiga sektarákvæðin, sem nú gilda, að haldast óbreytt.

Ég lít á þetta mál miklu meir út frá því sjónarmiði, að sektirnar eigi að miða við það tjón, sem hlýzt af brotunum, sem framin hafa verið. Og í þeirri löggjöf, sem gilt hefur nú um 30 ár um þetta atriði, þá hefur þarna ekki verið gerður munur á. Og af þeim kunnugleika, sem ég hef af slíkum landhelgisbrotum — og svo mun yfirleitt vera dómur þeirra manna, sem þar þekkja nokkuð til — þá er vitað, að það er í mörgum tilfellum sízt minna tjón, sem hlýzt af þeim brotum, sem framin eru af skipum af þessari minni stærð heldur en af skipum, sem eru stærri. Og á þetta alveg sérstaklega við þá rányrkju, sem framin er innan landhelginnar, að því er snertir ungviði fisksins. Því að það blandast engum hugur um það, í sambandi við þá fiskifæð, sem við horfumst nú í augu við, að hún er e. t. v. einn af hinum geigvænlegustu hlutum fyrir íslenzku þjóðina, sem byggir afkomu sína að svo verulegum hluta á sjávarútvegi. Og þá er rányrkjan fyrst og fremst það atriði, sem ber að gjalda varhuga við. Það er sjálfsagt hægt að ganga með of mikilli veiði svo nærri nytjafiskistofninum, að þar geti stafað nokkur hætta af. En miðað við aðstæður við strendur landsins stafar enn meiri og geigvænlegri hætta af því gegndarlausa drápi, sem framið er á uppfæðingnum hér við strendur landsins, einmitt innan landhelginnar. Og í því efni stafar engu minni hætta af botnvörpuveiðum og dragnótaveiðum hinna smærri skipa heldur en þeirra, sem stærri eru. Og þess vegna, þegar litið er á málið frá þessu sjónarmiði, þá get ég ekki fallizt á það sjónarmið, sem hér kemur fram, að gera þarna mun á. Þá má enn

fremur benda á það, eins og gert er líka í nál., að við Íslendingar erum ekki einir um slíka veiðiaðferð á smærri skipum eða skipum einmitt af þessari stærð, sem lækkun sektanna á að taka til, því að hér er mikill grúi erlendra manna, sem sækir á miðin og stundar botnvörpuveiðar og dragnótaveiðar einmitt á stærð þeirra skipa, sem hér koma til greina. Og það er í nál. bent á það, að t. d. á einum stað hér — annars er þessi floti dreifður alls staðar meðfram ströndum landsins —, en það kveður svo rammt að þessum veiðum síðari hluta vetrarvertíðar á Vestmannaeyjamiðum, að útlendu bátarnir, sem þar eru að veiðum, skipa sér löngum svo þétt á beztu miðin, að heimamenn í Vestmannaeyjum koma veiðarfærum sínum þar ekki í sjóinn, sem aflavænlegast er. Svona mikill grúi er löngum síðari hluta vetrarvertíðarinnar þarna. Enda er það frá ekki færri en fjórum eða fimm þjóðlöndum, sem skip sækja hingað að ströndum landsins til slíkra veiða. Og þessi veiðiskapur fer árlega í vöxt af hálfu útlendinga. Það er líka alkunna, að þessir útlendingar, sem stunda hér botnvörpuveiðar á þessum skipum, eru oft nærgöngulir við landhelgina. Og ég verð að segja, að það horfir frá mínu sjónarmiði harla einkennilega við að fara að gera sérstakar ívilnanir gagnvart yfirtroðslum af hendi slíkra manna, eins og hlyti að verða afleiðingin af samþykkt þessa frv. Þetta er líka verulegt atriði í þessu sambandi, sem verður að taka tillit til nú við afgreiðslu þessa máls.

Það er í þriðja lagi bent á það í nál., að það skjóti nokkuð skökku við, að nú skuli koma hér fram till. um lækkun á þessum sektum, þar sem ekki er lengra liðið um en frá 1948, síðan sektir fyrir brot á fiskveiðalöggjöfinni voru hækkaðar verulega, fimm- til tífaldaðar, og til grundvallar fyrir sektum eru ákveðnar gullkrónur þá, alveg eins og gert er nú um sektir fyrir brot gegn l. um bann gegn botnvörpuveiðum.

Af þessum ástæðum öllum, sem ég hef nú lýst, hefur mótazt afstaða mín til þessa máls, sem er sú, að ég leggst gegn því, að þetta frv. verði samþ.

Nú er gert ráð fyrir því í brtt. hv. meiri hl. sjútvn., sem hv. frsm. láðist að geta um, að stærðartakmark þessara skipa sé fært úr 115 upp í 200 rúmlestir. Og þá náttúrlega bætist þarna eitthvað við af skipum, sem sleppa eiga léttar frá sektum en nú er ákveðið í l., og bætir það sízt úr frá mínu sjónarmiði.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í sambandi við lagafrv. þetta á þskj. 20, þá hefur það reynzt nær óframkvæmanlegt að innheimta þessar háu sektir hjá ýmsum minni bátum, sem hafa stundað botnvörpuveiðar hér við land.

Ég held, að það sé ekki rétt fram tekið hjá hv. þv. Borgf., að það sé mikið af slíkum brotum, sem framin eru af erlendum skipum af þessari stærð, sem um getur í frv., sem stunda botnvörpuveiðar hér við strendur landsins. A. m. k. minnist ég ekki þess, að þeir bátar hafi verið teknir í landhelgi að ólöglegum veiðum. Enda er þessi till. frá hæstv. dómsmrh. um breyt. á l. komin fram sökum þess, að það hefur sýnt sig, að ekki hefur þótt tiltækilegt að beita þessum sektum, og hefði slíkt í flestum ef ekki öllum tilfellum kostað gjaldþrot viðkomandi báta. Ég tel því, að hér sé með þessu frv. stefnt í rétta átt, því að það er ekki heppilegt að hafa þá löggjöf í gildi, sem er ekki framkvæmd. Og eins og kemur fram í grg. frv., þá hefur þessi löggjöf ekki verið framkvæmd, hvað við kemur sektarákvæðunum, heldur munu venjulega viðkomandi skipstjórar hafa fengið náðun með því að greiða miklu minni sekt.

Það var rétt fram tekið hjá hv. frsm. minni hl. sjútvn., að mér láðist að geta þess, að meiri hl. sjútvn. hefur lagt til, að gerð verði sú breyt. á frv., að stærð skipanna verði miðuð við 200 rúmlestir í stað 115, sem gert er ráð fyrir í frv.

Umr. frestað.

Á 35. og 36. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 12. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég tel það í raun og veru nokkurt áhyggjuefni, hvernig því er varið með bátaflota okkar, hve mörg skip í bátaflota okkar eru í raun og veru á vissan hátt, ef segja mætti, hvorki fugl né fiskur. Það eru skip, sem geta verið heppileg til síldveiða fyrir Norðurlandi þá þrjá mánuði ársins, sem um síldveiðar er að ræða, en reynslan virðist þó hafa sýnt, að séu óheppileg til þorskveiða. Þegar svo er ástatt, þá virðist vera um tvennt að velja viðkomandi þessum bátum, annaðhvort að láta þá vera ónotaða allt að níu mánuði ársins eða setja þá á togveiðar, sem fjöldi þeirra er alls ekki fær til, ef þeir eiga að stunda togveiðar þar sem þeir hafa rétt til, ég meina utan landhelginnar. Ég hygg því, að það sé nokkurt sannmæli, sem hv. minni hl. sjútvn. heldur fram, að bátatogveiðarnar séu víðs vegar í kringum landið á grunnmiðum eins og sakir standa hættulegri heldur en togveiðar togaranna, og það liggi í því, að togbátarnir hafi yfirleitt ekki aðstöðu til að nota sér þau togveiðimið, þar sem togarar stunda veiðar yfirleitt með góðum árangri. Þegar á þetta er litið, þá má kannske virðast undarlegt, að meiri hl. sjútvn. leggur til, að samþ. verði frv. það, sem hér liggur fyrir, þ. e. sá hluti þess, þar sem gert er ráð fyrir, að togbátarnir búi við lægri sektarákvæði en togarar, þegar um brot á landhelgisl. er að ræða. En sú ástæða, sem þar er á bak við, er sú alkunna staðreynd, sem reyndar er vikið að í grg. frv., að þau sektarákvæði, sem nú eru í gildi í l. um bann gegn togveiðum í landhelgi, hafa alls ekki verið gerð gildandi gagnvart togbátunum. Og mun það jafnvel hafa verið svo, að þó að sektin hafi verið ákveðin, þá hefur í ýmsum tilfellum ekkert verið innheimt af sektinni. Og það er frá mínu sjónarmiði alveg óþolandi. Það er vitað, að ýmsir landhelgislögbrjótar á togbátunum hafa þessi lög og framkvæmd þeirra að athlægi, og háttalag þeirra í ýmsum tilfellum í sambandi við veiðar í landhelgi er þannig, að það virðist sem þeim finnist, að það sé ekki mjög mikið í húfi fyrir þá, hvort þeir hafi lögin í heiðri eða ekki. Þetta ástand er vitanlega, eins og vikið er að í grg. þess frv., sem hér er til umr., algerlega óviðunandi. Og meiri hl. sjútvn. fellst á það

atriði frv., að togbátarnir yfirleitt búi við lægri sektarákvæði viðkomandi brotum gegn landhelgisl. heldur en togarar, og mælir með því, að það verði samþ. En það er byggt á því, — og ég geri ráð fyrir, að ég tali þar fyrir hönd allra í meiri hl. sjútvn., — að l. eins og þau verða, ef þetta frv. er samþ., verði þá gerð skilyrðislaust gildandi og framkvæmd þannig, að togbátar, sem sannir verða að sök um að brjóta landhelgisl., verði í hverju tilfelli dæmdir í þá hæstu sekt, sem um getur verið að ræða, og að sú sekt verði innheimt tafarlaust í hverju tilfelli. Ef þetta frv. verður gert að l. og ef lögunum verður framfylgt á þennan hátt, sem ég hef vikið að, þá hygg ég, að það megi segja, að hér sé í raun og veru um þyngingu að ræða á sektarrefsingum gagnvart togbátum, sem veiða í landhelgi, en ekki léttingu frá því sem nú er. Hitt er svo annað mál, hvort það væri ekki ástæða til þess að bæta við vissum ákvæðum í sambandi við þetta frv., þeim ákvæðum, sem gerðu það að verkum, að skipstjórar á togbátum ættu meira í húfi heldur en nú er, ef þeir verða sannir að sök um landhelgisbrot. Ég á þar við, að ég tel, að það gæti vel komið til mála, að þeir ættu yfir höfði sér strax við fyrsta brot einhverja réttindaskerðingu og jafnvel einhverja hættu í sambandi við fangelsisvist strax við fyrsta brot. Og ég tel, að hv. sjútvn. mætti gjarnan athuga þetta betur en hún hefur þegar gert, hvort ekki væri rétt fyrir 3. umr. þessa máls að koma fram með brtt. í þessa átt.

Hvað við kemur brtt. meiri hl. sjútvn. um það atriði að hækka rúmlestatölu eða stærð skipa þeirra, sem falla undir lægri sektarákvæðin, úr 115 lestum upp í 200 rúmlestir, þá ætla ég, að þar með vilji meiri hl. sjútvn. reyna að setja í einn og sama flokk alla þá báta, sem stunda togveiðar, og sé þar með sama sekt fyrir brot þessara báta, hvort sem þeir eru stærri eða minni, alveg eins og það hefur verið og er gert ráð fyrir, að það verði áfram sama sektarfjárhæð á hendur togara, sem brjóta landhelgisl., hvort sem togararnir eru stærri eða minni.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Það er aðeins fáorð ath., sem ég vil gera út af ummælum hv. frsm. meiri hl. sjútvn., þegar mál þetta var til umr. hér síðast. Hv. frsm. meiri hl. n., þm. Snæf., gat þess, að það hefði reynzt að undanförnu óhjákvæmilegt að gefa eftir nokkurn hluta af sektunum, sem átti að greiða lögum samkv. vegna brota á landhelgisl., sem framin hefðu verið af smærri bátum. Við ræddum nokkuð um þetta við 1. umr. þessa máls, ég og hæstv. dómsmrh. Og ég vil aðeins endurtaka það, sem ég hélt þá fram, að að sjálfsögðu hefði átt að láta jafnt yfir alla ganga í þessu efni og ganga jafnríkt eftir sektum fyrir brot á landhelgisl., sem framin eru af smærri og stærri skipum. Og rökstuddi ég það þá, eins og ég hef enn þá gert, með því, að sektir og sektarákvæði á að miða fyrst og fremst við það tjón, sem leiðir af framkvæmd verksins. Og ef svo yrði, eins og ég legg til, að þetta frv. nái ekki fram að ganga, þá geri ég fastlega ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. eða sá ráðh., sem hefur þessi mál með höndum, framkvæmi lögin eftir orðanna hljóðan.

Hv. frsm. meiri hl. n. vildi álíta, að ég hefði gert of mikið úr því, hve mikið væri hér af erlendum skipum kringum landið að veiðum af þessari stærð, sem frv. tekur til. Það er fjarri því, að ég hafi gert nokkuð of mikið úr þessu atriði. Það er fjöldi sjómanna víðs vegar kringum landið, sem ég hef talað við um þetta, og þeir hafa sagt mér af sinni reynslu í þessu. Og það dæmi, sem ég tók hér af Vestmannaeyjum, er rökstutt hér með því að vitna til samtala við marga formenn, sem stundað hafa veiðar við Eyjar. Og það er því vitanlegt, að svona, eins og ég lýsti við umr. hér fyrr, er ástandið um ásækni þessara erlendu botnvörpuskipa oft síðari hluta vetrarvertíðar við Vestmannaeyjar. Hv. frsm. meiri hl. sjútvn. vildi gera lítið úr því, að þessi erlendu skip, sem stunda hér botnvörpuveiðar, hefðu gerzt brotleg við landhelgislöggjöfina. Við vitum, að okkar landhelgisgæzlu er ákaflega áfátt, þannig að það er ekki nema lítill hluti af þeim brotum, sem framin eru, sem kemst upp um. Þetta liggur í því, að sú landhelgisgæzla, sem við höfum á að skipa, er ákaflega ófullnægjandi, miðað við það stóra svæði kringum allt landið, sem skipin eiga að vera til gæzlu á. Og þess vegna er það, að það er ekki nema lítill brothluti þeirra brota, sem raunverulega eru framin, sem hægt er að koma undir lög og dóm. Og þetta tekur vitanlega líka til þeirra erlendu skipa alveg eins og íslenzku skipanna, sem þessar veiðar eru stundaðar á hér við land. En þó er það alls ekki svo, að ekki hafi nokkrir bátar af þessum stærðum verið staðnir að brotum á landhelgisl. og tekið út sinn dóm, hvernig svo sem farið hefur um innheimtu sektanna. Það er mér ekki kunnugt um út af fyrir sig, hvernig farið hefur. En það leiðir af sjálfu sér, að við þá niðurfærslu, sem hér er gert ráð fyrir, að verði á sektunum, þá kemur það til greina gagnvart þeim útlendu skipum af þessari stærð, sem hér yrðu að veiðum, náttúrlega alveg eins og þeim íslenzku skipum, sem brotleg yrðu. Og tel ég, að þá linkind, sem þarna er um að ræða, beri ekki að sýna gagnvart innlendum skipum, og þá náttúrlega ekki frekar gagnvart þeim erlendu skipum, sem gera oft hér svo mikinn usla á miðunum, að allmikil hætta stafar af, þrátt fyrir það, þótt þeir, sem lögin brjóta, verði kannske ekki staðnir að lagabrotunum.

Þá er það líka svo um upphæð sektanna hjá okkur í þessu sambandi, að það, að hún er svona há, er miðað við það, hversu áfátt er okkar landhelgisgæzlu, þannig að það er gert ráð fyrir, að sektarhæðin ein út af fyrir sig dragi nokkuð úr fýsnum manna til þess að fara inn í landhelgina til ólöglegra veiða. Þetta er viðurkennt, og meira að segja hafa af skipstjórum verið látin viðurkenningarorð falla um, að það sé ekki óeðlilegt, að sektir séu allverulega miklu hærri hér en annars staðar í löndum fyrir landhelgisbrot, vegna þess að aðstæðurnar, sem eru fyrir hendi hjá okkur, eru þannig, að erfiðleikar eru mjög miklir á að gæta þess, að landhelgisl. séu í heiðri höfð.

Skal ég svo ekki eyða fleiri orðum um þetta mál. Ég þykist hafa gert, bæði í nál. og í umr., grein fyrir þeim ástæðum, sem afstaða mín til frv. þessa er byggð á.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta misskilning í ræðu

hv. þm. Borgf., minni hl. sjútvn., þar sem hann sagði, að ég hefði sagt hér í ræðu, þegar þetta frv. var hér áður á dagskrá, að erlend skip, sem væru við botnvörpuveiðar hér við land, mundu ekki gera sig sek um landhelgisbrot. Þetta er ákaflega rangt farið með, því að ég sagði, að fá erlend skip af þeirri stærð, sem gert er ráð fyrir, að þetta frv. eigi að ná til, væru að veiðum hér við land með botnvörpu, þ. e. skip allt að 200 rúmlestir að stærð.

Og ég vil taka undir mál hv. 2. þm. N-M., að það er aðeins til þess að gera þessa löggjöf jákvæðari, að þessarar breyt. er óskað á l., sem sé með því að færa sektarfjárupphæðina niður, þannig að þá verði reynt að framfylgja sektarákvæðum l., svo að þeir bátar, sem sekir kynnu að gerast um brot á landhelgisl., verði þá látnir greiða sektirnar. Og ég held, að þessi breyt. á l. verði til þess, að minna verði um landhelgisbrot af hálfu þessara báta, eftir að þetta frv. er lögfest, er þeir eiga á hættu, að gerð verði gangskör að því, að sektirnar verði innheimtar.

ATKVGR.
Brtt. 269 samþ. með 17:2 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17:2 atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 38. og 46. fundi í Nd., 13. des. og 9. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 12. jan., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 360).

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Ég vil fyrir hönd sjútvn. mælast til þess við forseta, að hann taki 7. og 8. málið út af dagskrá að þessu sinni, en þau verði svo tekin fyrir á mánudag.

Forseti (SB): Samkv. ósk hv. form. sjútvn. verða 7. og 8. málið tekin af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 15. jan., var frv. enn tekið til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur samþ. að koma fram með brtt. við þetta frv., svo hljóðandi: „Við 1. gr. Á eftir orðinu „rúmlestum" í 1. málsgr. og „rúmlestir" á einum stað í 1. málsgr. og tveimur stöðum í 2. málsgr. bætist: brúttó." Sem sagt, að í sambandi við sektarákvæðin er gert ráð fyrir því að færa niður sektir í sambandi við smærri skip, þannig að við teljum réttara, að þetta sé miðað við stærð skipanna. Vil ég biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari skrifl. brtt.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt fram komna brtt. Hún er skrifl. og auk þess of seint fram komin, og þarf afbrigði fyrir henni, sem ég vil leita.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 488) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 488 samþ. með 27 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 23:1 atkv. og endursent Ed.

Á 50. fundi í Ed., 16. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 489).

Á 51. fundi í Ed., 17. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er upphaflega flutt af ríkisstj., en nú hefur því verið breytt þannig, að miða skal við skip, sem eru 200 tonn, en áður var miðað við 115 tonna skip. Út af fyrir sig játa ég, að mér finnst þessi breyt. ekki neitt til bóta, nema síður sé, þó að ég hins vegar sjái ekki ástæðu til að gera neinar athugasemdir við það.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 501).

---

28. Bifreiðalög (viðurlög).

Á 17. fundi í Sþ., 22. nóv., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941** [107. mál] (stjfrv., A. 194).

Á 24. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Og skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í 38. gr. bifreiðalaganna eins og þau eru nú er kveðið svo á, að hver, sem ekur bifreið eða reynir það, er hann er undir áhrifum áfengis, fær öðrum manni, sem er undir áhrifum áfengis, stjórn bifreiðar, ekur bifreið, eftir að hann hefur verið sviptur ökuleyfi eða réttindum til að öðlast það, misnotar merki það, sem rætt er um í 1. gr. 5. mgr., eða notar skrásetningarmerki á aðra bifreið en til er ætlazt, skuli sæta varðhaldi eða fangelsi, nema um alveg sérstakar málsbætur sé að ræða. — Þetta ákvæði hefur leitt til þess, að hér um bil allir þeir, sem teknir hafa verið fyrir ölvun við bifreiðaakstur, hafa verið dæmdir í varðhald, oftast nær 10 daga. Hins vegar hygg ég, að frá því löginn voru sett hafi reynslan lengstum orðið sú, að allmargar náðanir hafi átt sér stað um þessa menn. En eftir að ég varð dómsmrh., tók ég upp þann hátt að leggja ekki til, að náðanir væru veittar nema eftir sérstökum reglum. Mikill hópur manna hafði ekki fengið rúm í fangelsum til að taka út refsingu sína, og dómstjórnin hafði þá ekki heldur sótzt eftir, að þeir tækju út refsingu. Og því var tekin upp sú regla samkv. 38. gr. bifreiðalaganna að kynna sér efni þeirra og ástæður og þessir dæmdu menn þannig flokkaðir eftir efnahag og 10 daga fangelsi venjulega metið frá 1000 kr. og upp í 8000. Var reynt að veita náðanir eftir ákveðnum reglum með hliðsjón af efnahag hlutaðeigenda.

Töluverður hópur manna hefur fengið náðun samkv. þessum reglum. Og ég þori að fullyrða, að ef þeir hefðu allir átt að sitja af sér refsinguna, þá hefðu orðið fullkomin vandræði með fangelsi í landinu. Því að þótt þessar náðanir hafi átt sér stað, hefur mjög brostið á, að hægt væri að láta menn taka út jafnóðum refsingar fyrir afbrot af þeim sökum, að fangelsisrúm hefur skort. Nú mætti segja, að eðlilegt væri að stækka fangelsisrúmið. Og það er vitaskuld rétt. En eins og til háttar nú í landinu á síðustu árum, að ekki hefur verið unnt að reisa nóg af sjúkrahúsum eða skólabyggingum vegna skorts á byggingarefni af gjaldeyrisástæðum, þá hef ég talið réttara að láta nýjar fangelsisbyggingar sitja á hakanum. Þá er líka á það að líta, að refsing af þessum sökum er óeðlilega ströng, miðað við refsingar af öðrum tilefnum. Með því er ég ekki að mæla því bót, ef menn aka bifreiðum undir áhrifum áfengis. En ef menn verða sekir um að valda sérstökum slysum, er svo stendur á, fá menn líka af sjálfu sér þyngri refsingu, og í engu slíku tilfelli er um náðanir að ræða. Það hafa eingöngu verið menn, sem ekki hafa valdið slysum eða manntjóni, sem fengið hafa refsingu sinni breytt. Oft er hér um lítið saknæmt athæfi að ræða og viðkomandi aðilar oft svo að segja allsgáðir. Og yfirleitt er það nú svo í öðrum löndum, að mönnum er ekki refsað fyrir það að aka bifreið, er svo stendur á. Hins vegar tel ég nauðsynlegt, að strangari reglur gildi í þessu efni hér á landi. En þegar litið er á eðli afbrotsins og þá staðreynd, að við höfum ekki nægu fangelsisrými á að skipa, þá held ég verði að teljast rétt að breyta refsilögunum eins og hér er lagt til og staðfesta þannig það, sem áður hefur tíðkazt um náðanirnar. Og ég vil leggja áherzlu á það, að í öllum tilfellum, þar sem um verulega sök er að ræða, þar kemur til varðhaldsrefsing, svo að breytingin er þannig á engan hátt neitt varhugaverð frá öryggissjónarmiði. Þá eru ákvæðin um réttindamissinn óbreytt, en það er hann, sem allir, er bifreiðum aka, setja hvað mest fyrir sig.

Ég leyfi mér því að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. Það má deila um, hvort málið eigi að fara til samgmn. eða allshn., en þar sem hér er um að ræða refsiákvæði, þá finnst mér eðlilegt, að því verði vísað til allshn.

Á eitt vildi ég svo að lokum minnast og vildi biðja n. að athuga það, hvort ekki þætti ástæða til, ef skipstjóri hefur t. d. verið sviptur réttindum til skipstjórnar vegna áfengisneyzlu, að hann væri þá einnig sviptur rétti til að aka bifreið eða stjórna flugvél. Og eins, hvort ekki væri rétt, að bifreiðarstjóri, sem sviptur hefur verið ökuréttindum af þessum sökum, skuli einnig missa rétt, ef hann hefur slík próf, til að stýra skipi eða stjórna flugvél. Hér er um svo skyld störf að ræða, að mjög er athugandi, hvort hið sama á ekki að gilda um þau öll. Ég hef ekki lagt til neinar breyt. í þessa átt að svo stöddu, en vildi biðja n. að hugleiða þetta, og mætti þá ræða það nánar við 2. umr., hvað sýnast kynni um þessa hugmynd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 194, n. 219).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Allshn. hefur rætt þetta frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 194.

Varðandi það, sem hæstv. dómsmrh. vísaði til n. til athugunar, hvort réttindamissir fyrir bifreiðar skyldi ná til þess, að samfara kæmi réttindamissir um stjórn flugvéla og skipa og svo öfugt, þá tók n. þetta atriði til umr., og komst að þeirri niðurstöðu, að þrátt fyrir það, þó að hér mætti segja, að í nokkrum tilfellum væri mjög svipað, sem lægi til grundvallar fyrir broti í hvorum tveggja tilfellum, annars vegar í sambandi við akstur bifreiða og hins vegar í sambandi við stjórn skipa og flugvéla, þá væri það nú þannig, að dæmi hefðu sýnt, að það mundi ekki ætíð koma út rétt, ef þetta væri tekið upp nákvæmlega á sömu línu. Enn fremur væri hitt, að ef um stórvægileg brot er að ræða, t. d. í sambandi við akstur bifreiða, þá væri viðkomandi búinn að missa rétt til skipstjórnar. Með tilliti til þessa, sem ég hef greint, treysti n. sér ekki að svo komnu máli að gera neina ályktun um þetta efni né til að taka þetta upp.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka hv. n. fyrir góða afgreiðslu og greiða á þessu máli. Ég get eftir atvikum verið sammála þeim aths., sem hv. frsm. n. kom með, að efni þeirra aths., sem ég hreyfði við 1. umr., þyrfti frekari athugunar við, áður en það sé fært í lagabókstaf, sem ég talaði um, þó ég hins vegar telji, að þar sé um mjög athyglisvert atriði að ræða. Eðlilegast mun vera, að ríkisstj. athugi á lengri tíma, hvað henni sýnist rétt í því, þar sem hér er um það mál að ræða, sem gæti orðið til þess, að menn lentu í óþörfu hnjaski af þessum sökum.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 219 ber með sér, þá var ég ekki mættur á þeim fundi n., þar sem þetta mál var afgr. Og þó að sá fundur hafi verið haldinn 23. nóv. eða sama dag og málið var afgr. hér til n., þá hefur nál. um það ekki verið útbýtt fyrr en nú á þessum fundi, og mér því verið ókunnugt um afgreiðslu n. á málinu. — Hins vegar er ég ekki á sama máli og meiri hl. hv. n., sem undirritað hefur nál. og vill samþ. þetta frv. eins og það liggur fyrir.

Ég lít þannig á — og ég tel líklegt, að þannig muni almennt verða litið á, — að með þessu frv. sé verið að létta refsingar fyrir ölvun við akstur bifreiða. En ég álít hins vegar, að það mál, ölvun við akstur bifreiða, sé svo alvarlegt mál, að ekki sé rétt af löggjafanum að gefa mönnum neitt undir fótinn um það, að refsingar fyrir slík brot verði vægari heldur en verið hefur. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það eða útlista það, hver hætta felst í því, ef menn aka bifreiðum undir áhrifum áfengis. Reynslan er ólygnust um þá hluti. Það er öllum kunnugt, að mjög mörg slys

hafa hlotizt af því. Og ég álít, eins og ég hef sagt, að löggjafarþingið eigi ekki að gefa á neinn hátt undir fótinn með það, að dregið verði úr refsingum fyrir það, sem hefur slíka hættu í för með sér, bæði fyrir ökumanninn sjálfan og þá farþega, sem hann kann að vera með í það og það sinn, og ekki aðeins það, heldur líka fyrir alla umferð, þar sem slík tilvik geta valdið árekstrum og slysum.

Ég er af þessum ástæðum andvígur því, að refsingar fyrir slík brot verði á nokkurn hátt léttar. En það tel ég, að felist í þessu frv. Mun ég þess vegna greiða atkv. á móti frv. og mundi hafa tekið afstöðu gegn frv. í n., ef ég hefði setið fundinn, er málið var til meðferðar.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Ég vil geta þess í sambandi við fjarveru þessa hv. þm., sem síðast talaði, af fundinum, að það gera þau tíðu mannaskipti, sem eru í hv. þd. og nefndum, að svo fór sem fór, að þessi hv. þm. var ekki viðstaddur á þessum nefndarfundi. Þessi hv. þm. tók sæti í n. vegna þess, að Brynjólfur Bjarnason veik frá þingstörfum, en varamaður hans var boðaður á þennan umrædda fund. En hv. þm., sem síðast talaði, tók svo sæti BrB í n.

Það er nú gerð grein fyrir því í grg. frv., hvers vegna frv. er borið fram, að það er bara af framkvæmdaástæðum, að farið er fram á þessa breyt., sem hér er gert ráð fyrir. Og það var sjónarmið n. og skoðun mín, að hér sé meir um smáatriði að ræða en að það sé svo ákaflega mikið verið að létta refsingar. Það verður nú kannske meir en áður lagt á vald dómara — aðeins meir en áður — hvenær skuli beita fangelsisrefsingu. En í raun og veru eru ákvæðin skýrari með þessari breyt. heldur en áður. Svo að það má um það deila, hvort í þessu felist linun refsingarinnar. Ég hygg, að n. hafi öll verið sammála um, að ekki væri ástæða til að draga úr refsingum fyrir þessi brot. En þessi breyt. þótti fara í rétta átt, m. a. vegna framkvæmdaörðugleika á þessum málum.

Ég vil svo geta þess út af því, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að n. tók í raun og veru ekki afstöðu til þess, sem þar var um að ræða, heldur var það, að henni virtist málið of viðurhlutamikið að svo komnu til að gera till. um þau atriði, sem hæstv. dómsmrh. minntist á. En n. mun að sjálfsögðu vera til viðræðna um það, sem hæstv. dómsmrh. ræddi um, hvenær sem tiltækilegt þykir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 28. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 31. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 32. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 46. fundi í Nd., 9. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 194, n. 372, 282).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Meiri hl. allshn. leggur til á þskj. 372, að þetta frv. sé samþ., en einn nm., hv. þm. Ísaf., er þó á móti því. Í grg. frv. eru rökstuddar ástæðurnar fyrir því, að þetta frv. er sett upp, og breyt. er, ef þetta frv. verður samþ., í því fólgin, að það verður á valdi dómara, hvort tiltekið brot í fyrsta sinn skuli valda varðhaldi, fangelsi eða vægari refsingu. Það brot, sem þarna er um að ræða, er aðallega, ef menn stjórna bifreið undir áhrifum áfengis, og samkv. gildandi ákvæðum varðar það við fyrsta brot fangelsisrefsingu, en það hefur verið allmikið af þessum brotum. Reynslan hefur verið þannig, að það hefur ekki verið rúm í þeim fangelsum, sem fyrir eru, fyrir þá dæmdu, og kveður svo rammt að þessu, að til þess að því sé ekki algerlega frestað, að menn taki út refsingu, þá hefur þessum fangelsisdómum með náðun verið breytt í sektir, sem miðaðar eru við efnahag sökunauts, og vegna þess að ekki er fyrirsjáanleg breyt. á þessu, þá hefur meiri hl. n. fallizt á, að þessu sé breytt. Þetta þýðir ekki það, að það geti ekki valdið fangelsisrefsingu við fyrsta brot, ef um ölvun við akstur er að ræða. En breyt. á 38. gr. bifreiðal., sem í þessu frv. er fólgin, er sú, að það sé ekki skilyrðislaust, að menn skuli sæta fangelsisrefsingu við fyrsta brot, en það skuli fara eftir því, hve stórt brotið kann að vera.

Hv. landbn. hefur flutt brtt. um það, að færa aldurstakmarkið til þess að mega stjórna bifreið niður í 17 ár. Ég skal ekki víkja að því sérstaklega, n. hefur ekki fallizt á það og styður ekki þá till. En með þessu hef ég gert grein fyrir afstöðu n. og þeirri till., sem hún hefur fram að færa.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki getað fylgt þeim 3 meðnm. mínum, sem leggja til, að þetta frv. sé samþ., og ég hygg, að 4. meðnm., hv. þm. Siglf., hafi ekki verið á fundi þegar frv. var afgr. Á sínum tíma var breyt. þessi, sem nú er verið að afnema í bifreiðal., gerð með mjög ráðnum huga og eftir till. frá hæstaréttardómara, sem var til kvaddur að endurskoða bifreiðal. og taldi nauðsynlegt að setja þetta ákvæði í þau til þess að reyna að koma í veg fyrir þau mjög tíðu bifreiðaslys, sem eiga sér stað mjög mörg af völdum áfengisneyzlu. Ég hygg, að það sé ekki ofsagt að þessi ákvæði hafi orðið til þess að hamla nokkuð upp á móti þeim vanda, sem það yrði öllum vegfarendum að hafa menn undir áhrifum áfengis akandi á vegunum. Má vera, að eitthvað hafi dregið úr því í seinni tíð, vegna þess að ekki

hafi verið fangelsi til þess að setja alla inn, sem gerðust sekir og voru dæmdir fyrir að aka bifreið undir áhrifum áfengis, og á seinni árum hefur verið tekinn upp sá háttur að náða menn frá þessum dómum, jafnvel svo hundruðum skiptir, og breyta refsingunni í sekt með tilliti til efnahags viðkomandi manns. Nú veit ég ekki til þess, að nokkurs staðar sé fordæmi fyrir því í l. né heldur réttur til þess samkv. þeim, að sekt fyrir brot á umferðarreglum megi fara eftir því, hver efnahagur manna er, heldur mun það vera föst regla, að sekt fari eftir því, hversu brotið er metið af hálfu dómstólanna. Ég hygg þess vegna, að þessar ráðstafanir, þar sem mönnum eru gefnar eftir fangavistir eftir því hvað þeir borga mikinn skatt í ríkissjóð, séu eins dæmi í okkar réttarfarssögu, og verð ég að harma, að hæstv. dómsmrh. er ekki viðstaddur til þess að gefa skýringu á þessu fyrirbæri. Þetta er kapituli út af fyrir sig. En það, sem ég tel alvarlegast, er, að í stað þess að reyna að bæta úr þeim mikla skorti, sem er á fangelsum í landinu, þá er fangelsiskostur okkar alls ekki miðaður við þann fólksfjölda, sem hér er í landinu. Ég hygg, að afnám þessa ákvæðis geti valdið því, að menn verði nokkru kærulausari en þeir hafa verið áður um akstur á vegum, og er þó sannarlega ekki á bætandi, og ég hygg, að það hefði verið nær að leita einhverra ráða til þess að reyna að leysa þetta mál á annan hátt en með því að flytja þetta frv., sem hér er fram borið, — ég hygg, að það hefði í alla staði verið meiri trygging í því fyrir öryggi almennings. Einnig verð ég að finna að því, að þessu frv. er hraðað í gegnum Alþ. án þess að leitað sé umsagnar þeirra manna, sem mest hafa með þessi mál að gera, svo sem sakadómara og þeirra hæstaréttardómara, sem á sínum tíma voru hafðir í ráðum um samningu á þessari breyt. Ég verð að lýsa óánægju minni yfir því, að ekki hefur verið leitað annarra ráða til þess að reyna að bæta úr þessum vandræðum, þó að ég skilji fyllilega þann vanda, sem hæstv. dómsmrh. er í gagnvart þeim skorti, sem ríkir um fangahúsakost hér á landi.

Annars gætu einmitt ástæðurnar fyrir þessu frv. orðið til þess, að það vaknaði hjá mönnum sú spurning, hvort það mundi ekki vera nauðsynlegt að breyta ýmsu öðru í okkar löggjöf vegna þess, að okkur vantar fangelsi. En það fer þá að verða einkennilegur grundvöllur undir okkar réttarríki, ef það verður að ákvarða refsingu eftir því, hvort til eru fangahús eða ekki. Mér finnst full ástæða til þess að varpa þessum spurningum fram til hæstv. dómsmrh. í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hlustaði ekki á allar umr., en þykist renna grun í, hvað mönnum kemur hér ekki saman um. Ég skil út af fyrir sig þær aths., sem hv. þm. Ísaf. bar hér fram, og vitanlega verður það mjög að fara eftir mati, hvaða refsingu er talið fært að leggja niður og breyta af þeim sökum, sem hér er talið. En ég geri ráð fyrir, að flestir finni að hér er um alveg takmörkuð tilfelli að ræða, a. m. k. er það svo, að það hafa safnazt fyrir á undanförnum árum refsingar þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli, sem kemur af því, að talið hefur verið eðlilegt, að aðrar refsingar yrðu teknar út fyrst. Nú vil ég engan veginn stuðla að því, að ýtt sé undir, að menn undir áhrifum áfengis aki bifreið, ég tel það hættulegt og refsivert, og ætlunin er sú, að það sé haldið áfram að refsa fyrir það með tilfinnanlegu móti. En reynslan hefur sýnt, að þessar fangelsisrefsingar hafa yfirleitt ekki náð tilgangi, vegna þess að til undantekninga má telja, öll þau ár sem þær hafa verið í gildi, að þeim hafi verið framfylgt, þó að það hafi verið gert stundum. Ég hef þess vegna talið rétt að horfast í augu við þessa staðreynd og láta heldur beinar sektargreiðslur koma strax til og hafa þann möguleika, eins og verið hefur, að taka tillit til efnahags sakbornings, og ef þeir greiða ekki sektina á tilsettum tíma, þá verður að láta þá sitja hana af sér í fangelsi, eins og venja er til. En ég tek hins vegar undir það með hv. þm. Ísaf., að ég tel brýna nauðsyn á því, að fangarúm verði aukið, til þess að hægt sé að fullnægja dómum nokkurn veginn jafnóðum, og ég geri ráð fyrir því, að ég muni reyna á þessu ári, ef ég sit áfram, að undirbúa það mál, þannig að Alþ. eigi kost á því að taka til þess afstöðu, þegar það kemur saman til reglulegs fundar á ný. Hins vegar hef ég litið þannig á undanfarin ár, þegar skortur hefur verið mikill á byggingarefni til brýnna nauðsynja, svo sem óhjákvæmilegra íbúða og sjúkrahúsa, að þá væri þó réttara að láta viðbótarfangabyggingar bíða, auk þess sem það mál er ekki einfalt til úrlausnar, því að ég efast um, að það sé hagkvæmt, sem sumir telja, að auka beinlínis við Litla-Hraun. Ég lét gera teikningu af viðbót við Litla-Hraun fyrir 2 árum, það gerði þáverandi húsameistari ríkisins, Guðjón Samúelsson, og þegar maður sá þær teikningar og það fyrirkomulag eins og það var gert, þá var ljóst, að sú tilhögun var ekki heppileg lausn á því máli, og ég efast um, að það sé frambúðarlausn að ætla að auka mjög fangarúmið á Litla-Hrauni sjálfu. Það væri sök sér, að það væri gert með sérstakri byggingu, en vitanlega er það mjög óheppilegt að rugla svo saman brotamönnum sem þar er gert, því að brotin eru venjulega mjög óskyld, og þess verður að gæta, að fangelsi verði ekki beinlínis uppeldisskóli fyrir hættulega afbrotamenn, en viðbúið er, að svo verði, ef þeim, sem lítilvæg afbrot fremja, er blandað saman við meiri háttar afbrotamenn. Er þetta mjög erfitt fyrir okkar fámennu þjóð. Þetta fangamál er ekki auðleyst, og ekki er nóg að hrúga upp viðbótarbyggingu á Litla-Hrauni. Ég get skilið, að úr því að hindra verður byggingu smáíbúða, þá verði fangelsisbyggingin að sitja á hakanum. En vitanlega geta menn ekki tekið þá aðstöðu eina til greina, ef afbrotið er slíkt, að fangelsisrefsing eigi ein við. Nú getur fangelsisrefsingu ekki verið fullnægt. Væri því betra að setja um þetta ákvæði, svo að dómarar geti ekki ákveðið refsingu eftir eigin geðþótta, þannig að handahóf komi til greina, heldur viti menn fyrirfram, hvaða refsing liggi við broti þeirra.

Jón Pálmason: Herra forseti. Landbn. flutti brtt. á þskj. 282 og fer þar fram á, að lágmarksaldur bifreiðarstjóra verði færður úr 18 árum í 17 ár. Þannig er málinu háttað, að fyrir 2 eða 3 árum var samþ. till. að miða bifreiðarstjórapróf við 17

ára aldur. Álítur bifreiðaeftirlitið, að óhætt sé að miða við þann aldur. Þetta hafði aðeins þau áhrif, að menn fengu próf 17 ára, en lögin eru óbreytt og réttindi til að aka bifreið eru bundin við 18 ár. Kemur þetta sér illa í sveitum, þar sem notkun véla fer stöðugt í vöxt. Meðal annarra sagði skólastjórinn á Hvanneyri, að komið hefðu fram miklar kvartanir um, að þetta valdi miklum óþægindum, því að víða á sveitabæjum sé aðeins einn ungur maður.

Nú mætti segja það helzt á móti þessari brtt., að vera kynni, að af því stafaði minni gætni en ella. En eftir því, sem mér hefur verið tjáð, þá er því ekki til að dreifa, að þeir séu neitt verri bifreiðastjórar á 17 ára aldri en síðar. Væri miklu fremur ástæða til að setja hámarksaldur, t. d. þegar 50 ára menn fara að læra á bifreið, en menn eru hvað öruggastir og liprastir um 18 ára gamlir. — Vera kann, að þetta sé annað í kaupstöðum en sveitum: þar er nægilegur fjöldi, sem ekur bifreiðum, enda er till. flutt vegna sveitanna. Er ósamræmi í því, að menn hafi rétt til að taka próf 17 ára, en aka 18 ára.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Nefndin vildi ekki samþ. þessa umræddu till. Með þessu móti mundi vera í kaupstöðum miklu meira af unglingum, sem færu með bifreiðar, og mundi stafa af því aukið öryggisleysi. En sveitirnar eru fáliðaðar og gott að hagnýta vinnuaflið og láta menn nota bifreiðar. Þetta er alveg sérstakt, og er ekki um að sakast, þó að notaðir séu unglingar við búreksturinn, þó við vélknúin landbúnaðaráhöld séu. Úti í sveitum stofnar það ekki almenningi í hættu, þótt unglingar fari með bifreiðar, þar sem vegir þar eru fáfarnir. Rök hv. þm. A-Húnv. eru skiljanleg, en afstaða okkar nefndarmanna er óbreytt.

Varðandi það, sem hv. þm. Ísaf. vék að, vil ég vekja athygli á því, sem ég sagði í fyrstu ræðu minni, að við brot manna við akstur á að miða refsinguna við brotið hverju sinni. Hitt er staðreynd, að minni háttar brot hafa verið afplánuð í sektum. Varðandi það, að það sé sérstaða, að sagt er í grg. frv., að miða skuli sektir við efnahag, þá held ég, að það sé á misskilningi byggt. Gert er ráð fyrir því, og er sem almenn regla í hegningum að hafa til hliðsjónar efnahag sakbornings, sbr. 51. gr. almennu hegningarlaganna: „Þegar upphæð sektar er tiltekin, skal höfð hliðsjón af efnahag sakbornings, auk annarra ástæðna, sem áhrif hafa á refsihæðina, og innan þeirra takmarka, sem lögin setja um lágmark og hámark sektar við brotinu.“ Hv. þm. Ísaf. vék að því, að þetta væri einsdæmi, þegar um umferðarbrot væri að ræða. Hér getur verið um stórkostleg brot að ræða.

Ég held, að ekki hafi fleira fram komið varðandi löggjöf um bifreiðaakstur, sem gefi ástæðu til að ræða frekar.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það virðist aðeins geta orðið skammgóður vermir fyrir löggjafarvaldið að breyta refsingu í sekt vegna skorts á fangahúsum, því að næsta stig yrði, að menn mundu neita að greiða sektir, og yrði þá ekkert fangahús til handa þeim, sem neita að greiða sektirnar. Gætu af þessu stafað almenn samtök um að neita að greiða sektir, og þar sem ekki væru til fangahús, yrði næsta stig, að ekki væri hægt að beita sakborninga nokkurri refsingu. Þetta veit ég, að okkar ágæti og glöggi dómsmrh. sér.

Nú er ég ekki að halda því fram, að nauðsynlegt sé að beita hörðum refsingum, og er ég ekki talsmaður þungra refsinga. — Það er rétt hjá hæstv. dómsmrh., að vafasamt er, hvort viðbygging á Litla-Hrauni mundi bæta úr þessari þörf. Og meðan skortur er á byggingarefni til sjúkrahúsa o. fl., þá er ekki óeðlilegt, að fangelsisbygging sé látin sitja á hakanum. En við megum ekki láta þetta ganga svo langt, að þeir, sem dæmdir eru til fangelsisvistar, verði látnir sæta óviðunandi aðbúð. — Bætt hefur verið fangelsið á Skólavörðustíg, en það nægir ekki. Líklega hafa ekki verið meira en 70 þús. manns hér á landi, þegar það var byggt. Það skortir á, að vistin sé eins og nauðsyn krefur. Sama má segja um Litla-Hraun, þótt þar sé haldið uppi svo góðri reglu sem húsrúm leyfir. En það er til skammar, hvernig fangaklefarnir eru hér í lögreglustöðinni. Þetta veit ég, að hæstv. dómsmrh. hefur séð. — Slíkt er tæplega samboðið réttarþjóðfélagi. Væri miklu líkara, að það væri í lögregluríki en hér.

Ég hygg, að tími sé til kominn, að við tökum þessi mál þeim tökum, sem sæmir landi okkar. Því að þeir, sem lenda í því óláni að vera dæmdir, þurfa að fá góða aðbúð, engu síður en þeir, sem verða fyrir því óláni að verða sjúkir. Það þyrfti að fara fram rannsókn á því, hvernig þessum málum er háttað hjá nágrannaþjóðunum. Hygg ég, að Danir séu þar fremstir.

Ég tel vafasamt að breyta refsingu í sekt vegna skorts á fangahúsum, því að af því mundi leiða, að menn gerðu með sér samtök um að greiða ekki sektirnar, og þá, eins og ég hef áður sagt, yrði næsta skrefið, að ekki væri hægt að koma við neinum refsingum vegna húsnæðisleysis.

Viðvíkjandi því að færa ökuréttindi niður í 17 ár, þá er nefndin því mótfallin. Hún telur, að það yrði til þess að minnka það öryggi, sem menn hafa á vegum úti. Þar með er ekki sagt, að 17 ára menn séu ekki fullfærir um að stjórna bifreið, og jafnvel eru þeir betri en þeir eldri. En gjarnan vill unglinga skorta varúð eldri manna.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þetta er mál, sem þýðingarlaust er um að þræta, hvort það sé minna öryggi, ef 17 ára heldur en 18 ára maður ekur bifreið. En bifreiðaeftirlit ríkisins, sem hefur mikið með málið að gera, segir, að ungir menn séu betri en eldri. — Hv. 5. þm. Reykv. viðurkenndi, að þetta ákvæði ylli óþægindum í sveitum, einkum eftir að jepparnir komu á annan hvern sveitabæ. Erfitt er að hafa önnur ákvæði í sveitunum, og undanþáguákvæði eru ekki til. Unglingar eru sektaðir, þó að þeir geri ekki annað en aka jeppa á vegum innan síns sveitarfélags.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta, en minnast á ágreining, sem kom fram varðandi frv. sjálft. Ég varð hissa að heyra hv. þm. Ísaf. segja, að nauðsynlegt væri að hafa fangavist, það er nú betrunarhúsvist. Ég álít, að bezt væri að komast hjá þeim refsingum, ef hægt er að koma öðrum refsingum við. Eru önnur refsingarákvæði til, sem eru harðari, þegar um akstur undir áhrifum áfengis

er að ræða, og það er að svipta ökumennina réttindum. Tel ég rétt og eðlilegt að beita því. Þess vegna álít ég að þetta frv. eigi fullkominn rétt á sér.

Skúli Guðmundsson: Mér þótti fróðlegt að hlýða á ræður hv. þm. Ísaf. og hæstv. dómsmrh., og verð ég að segja, að mér finnst ekki óeðlilegt, að það komi fram athugasemdir og óskir um skýringar.

Ég vil minnast á eitt atriði í greinargerð frv. Þar er upplýst, að sakir þrengsla í fangelsum landsins hafi ekki reynzt mögulegt að fullnægja öllum þeim varðhalds- og fangelsisdómum, sem upp hafa verið kveðnir fyrir þessi brot. — Þetta kemur manni ekki á óvart. — Og grg. frv. heldur áfram: „Sá háttur hefur verið hafður á, að breyta þeirri refsingu með náðun í sektir, er miðaðar hafa verið við efnahag sökunauts.“ Nú hef ég litið svo á, — að vísu er ég ófróður um efnið, — að sektir ættu að vera ákveðnar af dómurum í landinu, en ekki af einstökum deildum í ráðuneytinu, en mér skilst, að nú sé farið út á þá braut. Hitt er kunnugt, að hæstv. ráðh. og yfirvöldin hafa leyfi til að náða og gefa upp sakir, ef ástæða þykir til. En það kemur einkennilega fyrir sjónir, að ráðuneyti hafi ákveðið sektir. Væri gott að fá skýringu á þessu.

Þótt þetta frv. verði samþ., skilst mér, að vera muni jöfn nauðsyn á að auka við fangarúm. En ég er ekki talsmaður þess, að menn, sem gerast brotlegir við lögin, eigi fyrst og fremst að fara í fangelsi. En það er rétt hjá hv. þm. Ísaf., að ef farið er út á þá braut að ákveða sekt í staðinn fyrir fangelsisvist, þá er þarna verkefni fyrir nýtt stéttarfélag. Sakborningarnir taka sig saman um að neita að borga sektir og skáka í því hróksvaldi, að ekki er hægt að láta þá sæta fangelsisrefsingu, þar sem fangelsi eru ekki til. — Það er rétt hjá hæstv. dómsmrh., að skortur er á efni til nauðsynlegustu bygginga, og geta því yfirvöldin ekki ráðizt í byggingu nýs fangahúss. En ég vil benda á, að það getur verið, að mögulegt sé að kaupa hús, sem mætti breyta, svo að hægt væri að nota það til þessara hluta. — Á fjárlögum var veitt nokkur upphæð til rekstrar slíks hælis, sem Reykjavíkurbær ætlaði að reka vestur á landi. Gæti ekki verið hægt fyrir ríkið að fá eitthvert hús og nota til að bæta úr fangahúsaskortinum?

Ég vil koma fram með þá spurningu, hvort ekki sé ástæða til að leita umsagnar þeirra manna, sem sömdu þessi lög, sem nú er verið að breyta, áður en frv. verður afgreitt. Það er líklegt, að þing standi nokkuð enn, og finnst mér eðlilegt að fresta málinu um stundarsakir og athuga allt betur.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það má segja, að nú opnist ýmsir atvinnumöguleikar fyrir fyrrv. kaupfélagsstjóra sem forvígismenn þeirra manna, sem dæmdir hafa verið í sekt, en neita að borga. En sízt skal ég gera lítið úr fjáraflamöguleikum þeirra og ekki svipta þá þeirri von, því að það væri illa gert.

En svo að talað sé í alvöru, þá er það mitt álit, að það sé frekast ein röksemd, sem er góð, en ef henni er fylgt út í hið ýtrasta, má færa hana út í öfgar. Þar ræður reynsla sú, að í stað þess að áður var látið dankast að refsa afbrotamönnum, sem ekki höfðu greitt tilskilda sekt, þá hefur ríkissjóður fengið fé, sem nemur hundruð þúsundum króna. Kaus ég þann kost að leggja meira upp úr reynslunni en bókstafnum einum saman. Allur þorri manna hefur greitt þær sektir, sem þeim hafa verið úrskurðaðar. Þeir, sem ekki hafa greitt þessar sektir, hafa tekið út sína refsingu með því að sitja hana af sér í fangelsi. Ríkið er ekki svo illa stætt, að ekki sé hægt að beita fangelsun, ef menn neita að greiða sektina. Mér skilst, að það hafi yfirleitt verið undir handahófi komið, hvort menn hafi verið látnir sitja af sér þessa refsingu eða hvort einstaka vildarvinir ráðh. hafi verið teknir út úr og náðaðir. Mér finnst slíkt óheppilegt — og eðlilegt, að einhver regla sé látin gilda, þó að hún sé vægari en pappírsreglan, ef það er þá framkvæmanleg regla. Þess vegna hef ég alveg neitað að taka einstaka menn út úr og náða þá. Hv. þm. Ísaf. hafði orð á því að taka tillit til efnahags einstaklingsins, þegar dæmt er til fjársektar. Benti hv. 5. þm. Reykv. réttilega á, að sektina á að leggja á eftir efnahag. Hv. þm. V-Húnv. hefur á þessu lítinn skilning. Hér er um að ræða lagaákvæði. Samkv. stjskr. hefur forsetinn heimild til að náða menn, sem er í því fólgin, að breyta má strangri refsingu í væga refsingu. Það, sem gerzt hefur, er, að dómsmrh. hefur lagt til við forseta að breyta fangelsisrefsingu í sektarrefsingu.

Hafi menn einhverra hluta vegna ekki getað tekið út fangelsisrefsinguna, var það iðulegt, að þeir, sem áttu að losna við að sitja hana af sér, fengu sér læknisvottorð. Og stundum átti það sér jafnvel stað að láta þessa menn losna alveg við refsinguna. En menn, sem voru dæmdir fyrir minna brot, urðu að greiða sína sekt að fullu.

Hér er um sjálfsagða stjórnskipun að ræða, og ég held því fram, að óhyggilegt sé að breyta því. Ég get haldið þessu áfram á meðan ég er ráðherra, en taldi hitt heppilegra og réttara, að þingið tæki afstöðu til þess áður. Ef þingið samþ. ekki frv., verður með einhverju móti reynt að framfylgja lögunum, eins og gert hefur verið. Dómsmálastjórnin getur ekki framfylgt lögum, sem hún hefur ekki möguleika til að framkvæma. Það hefði vissulega mátt gera meira til að koma þessu í lag, og ætla ég ekki að draga mig undan. Mér skildist, að nóg væri komið af fjárveitingum frá ríkinu, þó að þessu væri ekki bætt við. En þegar ég heyri hljóðið í þm., ýtir það undir mig að bera fram till. um þetta á næsta þingi. Þá held ég, að betra sé að hafa lög, sem hægt er að framfylgja og breyta, en að láta þau verða að dauðum bókstaf og framkvæmd með hlutdrægni.

Það, sem dómsmrn. hefur gert, er að skapa reglu, svo að menn slyppu ekki við að borga sektina. Refsifræðin telur, að þessi fangelsisrefsing sé sú misráðnasta refsing, sem til er; ég hygg að það sé byggt á reynslu.

Eins og hv. þm. A-Húnv. sagði réttilega, hefur það mest áhrif að svipta menn réttindum til aksturs. Ég hef haldið fast við þá reglu að stytta aldrei umfram heimild þann tíma, sem menn hafa verið dæmdir til ökuleyfismissis. Það versta við að framfylgja þessu er, að áður var þessum ökuleyfismissi breytt með náðun. Ég tel þetta óheillaráð, og hefur verið staðið á móti því.

Ég hef oft þurft að taka á, þegar menn hafa

komið og sagt, að með þessu væru þeir sviptir atvinnu sinni. Oft eru þessir menn sjúklingar, sem ekki geta stundað hvaða vinnu sem er, auk þess að hæfileg sektargreiðsla er sanngjörn.

Hv. þm. V-Húnv. minntist á, hvort ekki væri hægt að útvega heppilegt hús til þessara nota. Ég hef haft þetta í huga og hef gert út fróðan mann til að athuga ýmsar byggingar í þessu skyni. Reynslan hefur sýnt, að fáar af þeim byggingum, sem fáanlegar eru, séu þess eðlis, að þær séu heppilegar til kaupa. Nú hefur Reykjavíkurbær keypt jörð á Snæfellsnesi, sem af ýmsum hefur verið mælt með til þessara nota. Eftir landslögum á ríkið sjálft að standa undir þessu, og hefur verið borin fram till. af hálfu ríkisins um fjárveitingu til þess að reka heimilið. Ég álít, að ekki sé rétt, að ríkið kaupi þessa eign að svo stöddu, því að ég tel, að hér sé naumast um framtíðarlausn að ræða. En ef reynslan leiðir hið gagnstæða í ljós, þá finnst mér sjálfsagt, að ríkið kaupi hana. Það er ágætt, að bærinn reyni þetta fyrst. Ég tel víst, ef slíkur staður er til, verði það til þess að greiða fyrir innheimtu ógreiddra barnsmeðlaga. Að líkindum verður þessi staður ekki alltaf setinn til fulls, og opnast þá möguleiki til þess að skjóta inn mönnum til að afplána sektir. Það er beinn vinningur fyrir ríkið, ef bærinn vill gera tilraun með þetta, og yrði þetta mikill léttir á þessum málum eins og sakir standa.

Ég játa, að lögreglustöðin sé orðin úrelt, en sem betur fer eru fangaklefarnir þar ekki ætlaðir til langdvalar. Mennirnir, sem gista þennan stað, eru oft í því ástandi, að þeir eiga ekki góðra kosta völ, enda eru þeir oft ölóðir. Kjallarinn er þó ekki æskilegur staður fyrir þessa menn, en málið verður naumast leyst nema með því að byggja nýja lögreglustöð.

Hvað viðvíkur hinum ölóðu mönnum, þá hefur Alþingi gert ráðstafanir til þess, að nokkur hluti af áfengisgróðanum verði notaður til þess að hlúa að þessum mönnum með því að koma upp sjúkrastofu fyrir þá. Nú hafa verið sett lög um þetta, og hefur nokkurt fé safnazt í þennan sjóð. Hæstv. forsrh. hefur ýtt á eftir því, að framkvæmd verði hafin í málinu, og léttir þetta í vissu atriði á fangelsinu.

Ég vona, að málið skýrist við þessar umr., en ég tel það ekki gagna að senda mönnum úti í bæ það til umsagnar. Að mínu áliti hafa þeir menn bezta innsýn í þetta mál, sem standa í daglegu sambandi við það. Hitt er svo matsatriði, hvort setja eigi þessa menn inn í tíu daga eða svo, en ég tel, að það sé engin sáluhjálp. Ef það kæmi á daginn, að einhver sáluhjálp væri í stofnun samfélags þessara manna, væri ekki annað að gera en að kaupa jarðir í Húnavatnssýslu fyrir þá. Þetta er allt saman álitamál, og eins er það með till. landbn. Það er áhorfsmál, hvort ökuleyfisaldur skuli vera 17 eða 18 ár. Það er býsna vont að gera greinarmun þar á milli, og finnst mér, að fara mætti eftir atvinnunni. Þess vegna segi ég við hv. þm. A-Húnv., að þó að ég vilji ekki gerast talsmaður till., mun ég ekki setja mig á móti henni. En ég vil geta þess, að af hálfu bifreiðaeftirlitsins hefur komið fram till. um að taka upp strangara eftirlit með notkun landbúnaðarverkfæra, vegna þess að slys hafa hlotizt af þeim. Þeir vilja láta bifreiðalögin ná meir til þessara tækja en verið hefur, og hefur þetta verið tekið til athugunar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það kom fram í upphafi ræðu hæstv. dómsmrh., eins og vænta mátti, að hann ber umhyggju fyrir því, að allir landsmenn hafi atvinnu. En mér virtist skorta, að hann gæfi skýringu á því, hvernig það mætti verða til tekjuöflunar fyrir einstaka menn, þó að sakamenn mynduðu með sér félag. Mig vantaði betri skýringu á því, hvernig það mætti verða, að aðrir menn gætu haft tekjur af þessu. Þetta yrði aðallega til hagræðis fyrir þá menn, sem dæmdir hafa verið í sektir, en ekki til tekjuöflunar fyrir þá. Að því er varðar þetta, sem í grg. stendur um breyt. á refsidómum, kemur engin tilvitnun í lög, sem gera ráð fyrir því, að framkvæmdavaldið ákveði sektir. Hins vegar talaði hæstv. ráðh. um gömlu regluna, sem hann hefur einnig fylgt, að beita náðunarheimild þannig, skildist mér, að breyta þyngri refsingu í aðra léttari, enda séu mörg fordæmi fyrir því, sem þarna hafi verið gert. Mér skilst, að framkvæmd á þessu sé þannig, að þarna sé um nokkurs konar verzlunarviðskipti að ræða, þó að ekki séu kaupfélagsstjórar við þá verzlun. Það virðist vera sagt við þessa menn: Ef þið viljið borga svo og svo mikið, þá skuluð þið fá náðun. — Og „prísinn" er settur nokkuð mismunandi, eftir því hvað álitið er um efnahag viðkomandi manns. Ég lasta það ekki út af fyrir sig í þessu tilfelli, en þetta er nokkuð annar verzlunarmáti en er nú yfirleitt í landinu á öðrum sviðum, að ákveða verðlag eftir efnahag manna. En sem sagt, ég lasta þennan verðlagsmun ekki. Hins vegar vil ég halda fram, eins og áður, að það sé óeðlilegt að hafa í l. ákvæði um refsingar, sem ekki er hægt að beita þegar til kemur, þ. e. a. s., að nauðsynlegt sé að bæta þannig úr, að hægt sé að framkvæma fangelsisdóm. Og ekki einasta fyrir brot á bifreiðalögunum, heldur fyrir brot á öðrum l. Nú kom ekki fram hjá hæstv. ráðh., hvort þannig hefði verið að farið eingöngu þegar um er að ræða brot á bifreiðalögum, að náða gegn því að borga einhverja sektarupphæð. En mér finnst slíkt ætti þá einnig að koma til greina við önnur brot. Við skulum segja, að einhver væri dæmdur til fangavistar fyrir smávægilegt hnupl. Gæti ekki komið til greina að sleppa honum við fangelsisvist, ef hann borgaði eitthvað, eftir því sem um semdist, í staðinn, eins og þeir, sem aka bifreið undir áhrifum áfengis og valda tjóni á verðmætum og lífi eða limum manna. En út af því, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta, að hann hefði þegar leitað fyrir sér um möguleika til að fá húsnæði til afnota fyrir fangelsi, þá er það gott. En mér skildist hann hafa aðallega falið mönnum að líta eftir slíku úti um land. Hann nefndi Húnavatnssýslu til dæmis. En nú er öllum kunnugt, að byggðin er mest hér í höfuðstaðnum og grenndinni. Finnst mér, að einnig mætti leita fyrir sér þar, sem landsbyggðin er þéttust, og væri þar meiri árangurs að vænta af slíkri leit.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég get huggað hv. þm. V-Húnv. með því, að nokkur athugun á þessu hefur farið fram í höfuðstaðnum, — að vísu frekar um stað til þess að koma í veg

fyrir hina margumtöluðu og illræmdu kjallaravist á lögreglustöðinni. En það hefur ekki fundizt hagkvæmur staður. Enda þarf fangelsi að vera nokkuð afskekkt, eða a. m. k. með þeim hætti, að hægt sé að halda þeim mönnum einangruðum, sem þar eru. Og þess vegna var það, sem ég nefndi, að við hefðum látið athuga staði úti um land. (**SkG:** Ekki er nú afskekkt á Skólavörðustígnum!) Satt er það. Ég er kunnugur í næsta nágrenni þar frá barnæsku og veit því, að þetta er ekki hagkvæmur staður, eins og löngum hefur verið að búið, að fangahússgarðurinn var allt að því leikvöllur barnanna í nágrenninu. Þetta er einn helzti gallinn á fangelsinu á Skólavörðustígnum, að það er komið inn í þétta byggð og ekki hægt að einangra fangana eins og skyldi. Hefur þetta komið oft og einatt að beinni sök, t. d. varðandi gæzlufanga, þannig að þeir hafa komizt í ólöglegt samband við sína sakarfélaga úti og orðið til þess að gera örðugra að koma upp afbrotinu.

Varðandi þá fyrirspurn, hvort ekki mætti alveg eins náða fyrir önnur afbrot en þau, sem hér um ræðir, er alveg rétt, að það mundi að meginstefnunni til vera heimilt og hefur e. t. v. verið gert áður fyrr, ég skal ekki um það segja. En ég hef aldrei gert það, þegar ég hef gegnt störfum, og mér vitanlega hefur það aldrei komið til greina á mínum starfstíma. Ástæðan til, að þessi háttur er valinn með þessi tilteknu afbrot, er sú, sem hv. þm. veit, að óþolandi er að láta í l. standa ákvæði, sem ekki er hægt að framfylgja. Reglan var orðin sú að láta einfaldlega dragast, að menn tækju út þær fangelsisrefsingar, sem þeir eru dæmdir til, og þess vegna sluppu þeir algerlega við refsingu, þar sem aftur á móti maður, sem hafði framið minna afbrot og fengið fjársektardóm, varð að greiða sína sekt. Ég taldi, að þessi háttur væri með öllu óviðunandi og betra að breyta refsingunni í fjársekt og innheimta hana. Þetta er það, sem hér hefur skeð, og má hver ámæla, sem vill. Ég tel, að eftir því, sem um var að ræða, hafi þetta verið heppilegri framkvæmd heldur en sú, sem áður var.

En tilefni þess að ég stóð upp var það, sem hv. þm. sagði í þá átt, að þeir, sem væru ölvaðir við akstur og hefðu valdið fjártjóni og e. t. v. manntjóni, hefðu verið látnir sleppa við sekt. Þetta er alger misskilningur. Þetta hefur aldrei verið gert þann tíma, sem ég hef verið dómsmrh. Allir þeir, sem hafa valdið einhverju tjóni við akstur og verið ölvaðir, hafa orðið að taka út einhverja refsingu eins og lög standa til. Það getur verið, að einhver hluti refsingar hafi verið gefinn eftir með skilorði, eins og oft á sér stað með refsingar. Það, sem er einungis hér um að ræða, er það, að ef menn aka bíl og hafa smakkað áfengi, þannig að talið er, að þeir séu undir áfengisáhrifum og brotið er sannað, án þess að þeir valdi nokkrum skaða, slíkir menn sleppa þá við sekt. Í flestum löndum er það þannig, að fyrir þetta eru menn ekki refsiverðir, þ. e. þó að þeir smakki áfengi og fari beint frá áfengisneyzlunni til að aka bíl, ef þeir aka forsvaranlega. En hér á landi er þetta talið refsivert. En ég flyt frv. vegna þess, að ég tel það eftir atvikum nóga refsingu, að menn séu dæmdir til ökuleyfissviptingar. Það mun nú vera framkvæmt minnst til sex mánaða, og sektargreiðsla er eitt til tíu þúsund krónur. Ef þeir valda einhverju tjóni, eru þeir vitanlega dæmdir í meiri refsingu en hér um ræðir. Og eins og ég sagði áðan, hefur verið tekinn sá háttur upp að náða að þessu marki fyrir þessi brot, en ekki önnur, vegna þess að þessi brot eru svo ákaflega tíð. Og ég efast um sannast að segja, að til væri nokkur sá dómsmrh. — ég vil ekki hafa mig undantekinn —, sem hefði kjark í sér til þess að beita undantekningarlaust fangelsisrefsingu fyrir þessi brot. Ég hygg, að segja megi um alla þá dómsmrh., sem hafa verið hér, að þeir hafi valið þarna á milli og sleppt sumum. Ég tel, að þeir líti þannig á, að brotið sé ekki alvarlegra en svo, að ef það eru þeirra kunningjar, þá sé hægt að náða þá. Ég tel slíka réttargæzlu ákaflega óheppilega. Ég vil ekki gera mig betri en aðra. Getur verið, að ég hefði fallið í sömu freistingu, ef á mig hefði reynt. En ég hef tekið upp almenna reglu í stað handahófsins, sem leiddi til þess, að lögunum var alls ekki framfylgt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Nd., 11. jan., var frum haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 282 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, StSt, ÁÁ, ÁB, BÁ, EOl, HÁ, IngJ, JG, JPálm, JS, JÁ, PO, SÁ, SG, SB.

nei: StgrSt, EmJ, FJ, GG, GÞG, HelgJ, JörB, KS, PÞ, SkG.

EystJ, GTh, JR greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁkJ, ÁS, BÓ, JóhH, LJós, ÓTh) fjarstaddir.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 20:1 atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26:1 atkv.

Á 50. fundi í Nd., 16. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 471, 473).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 473 um að í frv. komi ný grein, sem feli í sér breyt. á 39. gr. bifreiðalaganna. Í upphafi þessarar lagagr. segir: „Bifreiðarstjóri, sem ekur bifreið undir áhrifum áfengis eða neytir áfengis við bifreiðaakstur, skal sviptur ökuleyfi sínu um ákveðinn tíma, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot er að ræða.“

Ég legg til, að í stað 3 mánaða komi 2 ár. Enn fremur legg ég til, að annar málsl. 1. málsgr. sömu lagagr. falli burt. Í þessum málsl. er möguleiki til að sleppa þessum mönnum við að missa ökuleyfi. Þessi málsl. þarf að falla niður, svo að ekki geti verið um undanþágu að ræða. Ég álít þetta svo alvarlegt brot, ef ekið er undir áhrifum áfengis, að það eigi að varða missi ökuleyfis a. m. k. í 2 ár. Ég hygg, að málið sé hv. þm. ljóst, og þurfi ekki að skýra það nánar.

ATKVGR.

Brtt. 473,a felld með 11:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KS, PÞ, PO, SG, SkG, ÁB, EOl, FJ, GG, HÁ, JG.

nei: JPálm, JR, JörB, SÁ, StJSt, ÁÁ, EmJ, GTh, GÞG, IngJ, SB.
JS, JÁ, BÁ, EystJ, HelgJ greiddu ekki atkv.
8 þm. (LJós, ÓTh, StSt, StgrSt, ÁkJ, ÁS, BÓ, JóhH) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Jón Pálmason: Herra forseti. Það mun vera algengt við svona brot, að bifreiðarstjórar séu sviptir ökuleyfi í 6 mánuði eða ævilangt, og getur verið rétt. En hér er víða um smábrot að ræða, og eftir því sem hæstv. dómsmrh. segir, varða slík brot ekki einu sinni hegningu erlendis. Mér finnst ekki ástæða til að breyta þessum lágmarkstíma og segi því nei.

Brtt. 473,b felld með 10:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KS, PÞ, PO, SG, SkG, ÁB, ÁS, EOl, GG, HÁ.
nei: JPálm, JR, JörB, SÁ, StJSt, ÁÁ, EmJ, GTh, IngJ, SB.
JS, JÁ, BÁ, EystJ, FJ, GÞG, HelgJ, JG greiddu ekki atkv.
7 þm. (LJós, ÓTh, StSt, StgrSt, ÁkJ, BÓ, JóhH) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 19:1 atkv. og endursent Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar (A. 471).
Á 51. fundi í Ed., 17. jan., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 502).

---

29. Ábúðarlög.

Á 10. fundi í Sþ., 1. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til ábúðarlaga [65. mál] (stjfrv., A. 107).

Á 13. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það þarf ekki langt mál um þetta. Örstutt greinargerð segir allt, sem segja þarf um þetta mál, áður en því er vísað til landbn. Það, sem veldur því, að þetta frv. er borið fram, eru þær breyt., sem gerðar voru á ábúðarlögunum 1945. Aðeins vil ég taka eitt fram og biðja þá, sem sæti eiga í landbn., að athuga. Hér stendur í 55. gr. um jarðir, sem hafa verið í óslitinni ábúð frá 1. jan. 1934: „án þess að nýtt" o. s. frv. Eftir nánari athugun hef ég séð, að svo getur farið, að þetta orðalag útiloki ekki allt það, sem það á að útiloka. Það ætti því að standa þannig: „um jarðir, sem verið hafa í óslitinni ábúð frá gildistöku laga frá 1933" o. s. frv.
Ég er reiðubúinn að ræða þetta við hv. landbn. Ég sé ekki ástæðu til að fara inn á þær skýringar, sem þarf að gefa til að Alþingi geti séð, hvað um er að ræða.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Tímanlega í sumar sendi landbrh. Búnaðarfélaginu samþykkt, sem gerð var í N.-Ísafjarðarsýslu, og bað Búnaðarfél. Ísl. að athuga málið og ef það sæi ástæðu til að gera till. til breytinga og athuga, á hve miklum rökum till. sýslunefndar N.-Ísafjarðarsýslu væru reistar. Ég fór því og skrifaði öllum eða flestöllum hreppstjórum landsins og setti þar, hvaða jarðir voru í eyði, og bað þá um að leiðrétta það, ef rangt væri. Ég hef fengið svör frá þeim flestum og leiðrétta tölu eyðijarða, og jafnframt hafði ég beðið þá að segja orsakir til þess, að þær hefðu farið í eyði, og hvað hefði átt að gera til úrbóta. Nokkrir af þeim komu með aths., bæði um orsökina og það, hvað gera ætti til úrbóta. Á föstudag gerði ég svo útdrátt úr svörum þeirra og lagði það fyrir Búnaðarfélagsstjórn, og átti hún að senda sams konar útdrátt um ábúð á jörðum annars vegar til ráðherra og hins vegar til búnaðarþings, og láta bændur taka niðurstöðurnar til athugunar, og hvernig ætti að breyta ábúðarlögunum. Nú vildi ég gjarnan fá upplýsingar hjá hæstv. ráðh., hvort hann óskar eftir, að landbn. fari nú að kryfja þetta til mergjar og athuga, hvernig ætti að breyta ábúðarlögum í samræmi við þetta, eða hvort hann getur sætt sig við þá afgreiðslu, að breytingar á frv. verði látnar bíða, þangað til búnaðarþing verður búið að hafa það til athugunar. Ef þetta yrði ákveðið núna, mundi ég láta gera ráðstafanir strax í kvöld þess efnis, að Búnaðarfélagsstjórnin athugaði málið nánar. Ég sá, að tillögur hreppstjóranna voru ýmiss konar, og þyrfti því að kryfja þetta vel til mergjar.
Ég mundi samt fara í það að athuga þetta nánar en ég hef gert, ef þess er óskað í sambandi við þetta frv.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Landbrn. hefur ekki undirbúið neina endurskoðun á ábúðarlögunum; til þess var ekki tími, því að það þurfti að snúast við ýmsu öðru, sem er aðkallandi. Þess vegna er það svo, að þó að það sé skoðun mín, að það þyrfti að breyta ábúðarl., þá taldi ég ekki rétt að gera annað en það að koma þessum ákvæðum þannig fyrir, að breyt., sem gerð var 1945, verði felld inn í l. og þau gefin út í heild. Ef farið yrði út yfir þessa markalínu, þá kæmi margt til greina, bæði þetta, sem hv. 1. þm. N-M. spyr um, og ýmislegt annað. Eins og ég tók fram, verður að leggja það á vald þingsins, hvort það vill fara út í frekari breyt., og er það þá fyrst og fremst á valdi þeirrar n., sem rannsakar málið, að athuga, hvort hægt er að koma þeim breyt. fram án þess að setja í hættu, að hægt sé að koma fram mest aðkallandi breyt.; það verða þessir aðilar að meta, og það verður stjórn Búnaðarfélagsins einnig að meta. — Varðandi það ákvæði ábúðarl., sem skyldar jarðeiganda til að losa jörðina, þá er vel

frá því ákvæði gengið, svo að það getur ekki verið jarðeigandans sök, ef jörð er ekki í ábúð, því að það er beinlínis lagt á vald hreppsnefndar að gera ráðstafanir til að auglýsa jörðina fyrir viðunandi kjör án þess að jarðeigandi hafi nokkuð um það að segja, svo að það er ekki jarðeigandans sök, heldur hreppsnefndarinnar, ef jarðir fara að óþörfu í eyði. Þetta hygg ég, að sé rétt, svo að ég efast um, að nokkuð þurfi að breyta þessum ákvæðum ábúðarl., þau eru nú, eins og vera ber, allströng í garð jarðeiganda, og þess vegna er það, eins og einhver hefur orðað það, einhver hættulegasta eign að eiga jörð, ef hún er ekki fullbyggð, því að það hvílir slík skylda á jarðeiganda, bæði um það atriði að byggja jörðina og byggja upp á henni, sem er mjög eindregin og í eina átt. Ég efast því um, að nokkur þörf sé á að breyta ábúðarl., því að það verður sjálfsagt ekki komið í veg fyrir, að jarðir fari í eyði, ef hreppsnefnd ekki gerir skyldu sína, því að það er ekki hægt að koma í veg fyrir það með lagaákvæði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 107, n. 142).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Eins og grg. þessa frv. ber með sér, er hér ekki um neinar efnisbreyt. að ræða á gildandi löggjöf, heldur er frv. flutt hér í heild vegna samræmingar og lagfæringar.

Landbn. hefur haft þetta mál til athugunar, og við þá athugun kom í ljós, að nauðsynlegt þótti að gera nokkru skýrari ákvæði 55. gr. heldur en í frv. N. bar sig saman við hæstv. landbrh. út af þessum atriðum og flutti í samráði við hann brtt. þá, sem hér liggur fyrir á þskj. 142 við 55. gr. frv.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða neitt um þetta. Sem sagt, landbn. leggur til, að frv. verði samþ. með þessari einu breyt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hv. frsm. landbn. tók fram, að þetta frv. til ábúðarlaga felur ekki í sér neinar breyt. frá gildandi lagaákvæðum. En vegna þess að frv. til ábúðarl. er til umr., þá fyndist mér ekki óeðlilegt, að tekið væri nokkurt tillit til þeirrar reynslu, sem fengizt hefur af ábúðarl. eins og þau nú eru og gerðar væru þær efnislegu breyt. á frv., sem rétt þætti.

Ég vil í þessu sambandi benda á, að ég flutti hér á Alþ. árið 1943 frv. um breyt. á ábúðarl., sem er að finna á þskj. 27 frá 1943, þar sem farið var fram á það, að breytt yrði allverulega leigumála á þeim jörðum, þar sem greitt væri eftir jarðirnar með dún eða öðrum vörum, sem framleiddar eru á jörðunum og stórkostlega hafa hækkað í verði. Skal ég hér, með leyfi hæstv. forseta, lesa 1. gr. frv. þess, sem ég flutti 1943, um að aftan við 36. gr. l. kæmi ný málsgr., svo hljóðandi:

„Þegar jörð hefur verið byggð eða leigð með þeim skilmálum, að jarðarafgjaldið skal greiðast í hlunnindum, skulu þau reiknast til peninga með sama verði og þau voru reiknuð á árið 1939. Er landeiganda óheimilt að taka hærra afgjald af jörðinni en sem nemur þeirri upphæð, svo lengi sem það ástand ríkir hér í verðlagsmálum, að hömlur eru settar með lögum um verðlag eða að launþegar fá uppbætur á laun sín samkvæmt vísitölu. Þó má hækka þetta gjald, ef nauðsynlegt er, upp í 4% af samanlögðu fasteignamati jarðarinnar og þeirra húsa, er landeigandi á og lætur fylgja jörðinni.“

Þessu máli var vísað frá með rökst. dagskrá, sem er að finna á þskj. 371 frá 1943 og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem telja verður fullvíst, að frv. þetta, þótt að lögum yrði, næði eigi þeim tilgangi sínum að bæta kjör þeirra leiguliða, sem nú greiða jarðarafgjöld í hlunnindum, og þar sem breytingar á ábúðarlögunum þurfa vandaðan undirbúning, sem ekki er líklegt, að fáist á þessu þingi, telur deildin ekki ástæðu til frekari afgreiðslu frv. nú og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Síðan þetta skeði hafa ábúðarlögin verið endurskoðuð, m. a. 1945, og þó hefur ekki fengizt, að gerð væri á þeim þessi nauðsynlega breyt., sem ég tel, að þurfi að gera á l. Og ég vil beina því sumpart til hv. landbn. og hæstv. landbrh. og svo til hæstv. forseta d., hvort ekki væri rétt að fresta þessari umr. á þessu stigi og taka þetta mál til athugunar á ný. Ég tel, að reynslan hafi sýnt, að ekki svo fáar jarðir hafi farið í eyði beinlínis vegna þess að þessi breyt. hefur ekki fengizt á ábúðarl. Ég vil benda m. a. á, að á Breiðafirði hafa prýðilegustu jarðir farið í eyði beinlínis vegna þess, að engu hefur fengizt um þokað í sambandi við afgjaldið af jörðunum. Það er t. d. svo um Hergilsey og Bjarnareyjar. Og ég hygg, að víðar sé það svo á landinu, að hlunnindajarðir hafi farið í eyði vegna þess að afurðirnar hafi hækkað svo stórkostlega í verði, að ekki hafa verið tiltök að búa á jörðunum með óbreyttum ákvæðum um leigumála af þeim. Og eigendur hlunnindajarða hafa séð sér hag í því að láta jarðirnar vera í eyði og hirða það, sem hægt er af hlunnindunum, með tiltölulega auðveldum hætti. En þá fer svo um jarðirnar, að þær grotna niður, sem endar með því, að hvorki verða þar hlunnindi, svo sem dúntekja eða selveiði, né heldur gras.

Mér þætti einmitt eðlilegt, að þetta atriði væri tekið til athugunar nú á þessu stigi málsins. Vil ég því mælast til þess, að umr. um málið verði frestað og hv. landbn. taki málið til athugunar og athugaði það þskj., sem ég benti á og gerði grein fyrir.

Og ég bendi á, að eins og 3. gr. nú er í frv., þá mun hún tæplega hafa náð þeim tilgangi, sem ætlazt var til. Það var meiningin með ákvæðum 3. gr., þegar þau voru sett, að það væri hægt að knýja landeigendur til þess að byggja eyðijarðir, og ef þeir ekki fengjust til þess, þá að viðkomandi sveitarstjórnir tækju á sig röggsemi og byggðu jarðirnar sjálfar eftir fyrirmælum þessarar gr. Nú hefur reynslan sýnt, að ef svo er viðkomandi eyðijörð, að jarðeigandinn er í hreppsnefnd, og sérstaklega ef hann er oddviti, þá hefur þessum fyrirmælum 3. gr. ábúðarl. ekki verið hlýtt. (PZ:

Samanber Vattarnes). Já, samanber Vattarnes og fleiri jarðir. Og ef eigandi eyðijarðar hefur ekki setið í hreppsnefnd, en hann á þar vini eða vandamenn, þá hefur þessum ákvæðum ekki heldur verið hlýtt. Og ég veit, að þetta hefur sums staðar skapað það ástand, að það hefur ekki verið til hagsbóta fyrir sveitirnar. Það er spursmál, hvort þessu eigi ekki að breyta þannig, að ef eigandi hefur ekki leigt eyðijörð eða afhent hana t. d. hreppsnefnd til þess, að fenginn yrði á hana ábúandi, þá ætti jörðin að falla til hreppsins endurgjaldslaust. — Mér er m. a. ákaflega vel kunnugt um það, að jörðin Vattarnes hefur nú legið í eyði og ónotuð upp undir tíu ár. Landssímastöð, sem þar er, hefur ekki verið starfrækt. Og fyrir það, að ekki hefur verið búið á þessari jörð, liggur við, að næsta jörð við hana fari í eyði. Og ef svo fer, er ekkert annað fyrir ríkissjóð að gera en að taka þessar jarðir og setja upp ríkisbú þar. Því að það verður að hafa þarna byggð vegna póstsamgangna. — Ég vildi því biðja hv. n. líka að athuga, hvort ekki væri rétt að gera einhverjar breyt. á 3. gr., til þess að tryggja, að slíkar jarðir séu ekki látnar vera í eyði árum og áratugum saman, þar sem vitað er, að fleiri en einn aðili og fjöldamargir aðilar hafa sótzt eftir að fá þessar jarðir til að búa á þeim, en hafa ekki getað fengið þær vegna mótþróa eigendanna.

Ég skal ekki á þessu stigi ræða þetta meira, en óska, að hæstv. forseti taki til athugunar, hvort ekki sé rétt að fresta umr. nú vegna þessara atriða, sem ég minntist á.

Forseti (BSt): Áður en ég tek ákvörðun um að fresta umr., vil ég heyra álit hv. landbn. á því.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Eins og ég gat um við 1. umr. málsins, þá samþ. sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu ýmsar till. viðvíkjandi ábúð jarða, og sérstaklega voru þær stílaðar á það að reyna að koma í veg fyrir, að jarðir færu í eyði, og sendi sýslunefndin þessar till. til hæstv. ríkisstj. s. l. vetur eða snemma á síðasta vori. Mér sem búnaðarmálastjóra voru sendar þessar till. seint í júní og ég beðinn að athuga, hvort í sambandi við þær væri ástæða til að gera breyt. á ábúðarl. og reyndar fleiri lögum. Því að þessar till. frá sýslunefndinni hnigu líka að því að fyrirbyggja, að tekið væri tillit til matsverðs eyðijarða, þegar gjöldum væri jafnað niður á hreppa sýslnanna, svo sem sýslusjóðsgjöldum, sýsluvegagjöldum, tryggingagjöldum o. fl. Í tilefni af þessu bréfi voru hreppstjórum á öllu landinu sendar fyrirspurnir út af þessum ábendingum og þeir beðnir allir að senda upplýsingar um allar eyðijarðir og ekki eyðijarðir í hverjum hreppi og af hvaða ástæðum jarðir, sem í eyði væru, væru það, og hvort þeim fyndist ástæða til að breyta ábúðarl. vegna þessara eða annarra hluta, og hverjar breyt. þeir teldu, að gera þyrfti á þeim, og enn fremur, hvort þeir vildu koma með ákveðnar till. um það, hverjar breyt. þyrfti að gera í sambandi við þessar till., sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu samþykkti. Mjög mikill meiri hluti hreppstjóranna, — óvenjulegur meiri hluti í slíkum tilfellum —, líklega upp undir 90% af þeim hafa svarað þessu bréfi og gefið upplýsingar um, hve margar eyðijarðir séu í þeirra hreppum. Enn fremur hafa þeir sent álit sitt um, hvernig þeir teldu, að þyrfti að breyta ábúðarl. og öðrum lögum í sambandi við þetta. Það eru ákaflega margvíslegar breyt., sem þeir leggja til, og m. a. þær, sem hv. þm. Barð. minntist á. Þegar ég hreyfði síðar þessu máli hér, sagði hæstv. ráðh., að það vekti fyrir honum að samræma þessi lög. Og stjórn Búnaðarfél. Ísl., sem ég hef talað um málið við, áleit réttara, að bændur í landinu og þeir sérstöku bændafulltrúar, sem á búnaðarþingi sætu, legðu fram umsögn sína um það, hverju þeir teldu réttast að breyta í lögunum, áður en við í búnaðarfélagsstjórninni gerðum okkar till. í þessu efni. Og ákváðum við að senda búnaðarþingi, sem væntanlega kemur saman í febrúar í vetur, þessar till. til þess að vinna úr þeim og til þess að gera uppkast að breyt. á ábúðarl. Á þetta féllumst við í landbn. þessarar hv. d. Og við féllumst á, að eins og sakir stæðu nú, þá væri ekki ástæða til annars en að samþ. þetta frv. eins og það liggur fyrir og bíða eftir því, hvað búnaðarþing legði til um frekari breyt. á ábúðarl., sem væntanlega er hægt að vita um í vetur, og þá kannske taka málið alveg aftur upp á ný. Þess vegna held ég, að öll hv. landbn. sé sammála um að taka ekki upp frekari till. um breyt. á þessum l. nú. Ég veit, að sumir nefndarmenn í hv. landbn. Nd., t. d. hv. 2. þm. Skagf., hann var mjög að hugsa um að taka upp till. um miklu meiri breyt. á ábúðarl. En ég held, að hann sé horfinn inn á sömu stefnu í þessu efni og landbn. hér. Og ég held, að ég megi segja, að landbn. þessarar hv. d. óski á þessu stigi ekki að gera frekari breyt. á þessum l. nú heldur en þessa samræmingu, sem með frv. þessu á að gera, en bíða og sjá, hvað búnaðarþing finnur ástæðu til að leggja til, að tekið sé upp af till. hreppstjóranna, sem að mínum dómi eru sumar réttmætar, aðrar vafasamar, en sumar mjög fáránlegar. T. d. get ég sagt hv. 4. þm. Reykv., sem hér er hjá mér, það, að þrír af hreppstjórunum eru þeirrar skoðunar, að aðalástæðan fyrir því, að jarðir leggist í eyði, séu ákvæðin í 112. gr. almannatryggingal., um tryggingarskyldu verkafólks. Svo að sumar till. eru á litlum rökum byggðar. En landbn. telur miklu réttara að láta búnaðarþing fara í gegnum þessar till., af því að á búnaðarþingi væru menn, sem ekki væru málum þessum síður kunnugir heldur en hreppstjórarnir, sem gerðu þessar till. — Ég held því, að það hafi ekki þýðingu að vísa frv. þessu til n. nú til frekari athugunar.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Eftir að hv. 1. þm. N-M. hefur lokið máli sínu, þarf ég raunar ekki mikið að segja. Eins og fram kemur í grg. fyrir frv., er frv. fyrst og fremst, og raunar eingöngu, flutt til þess, að hægt sé að fella breyt. á ábúðarl. inn í ábúðarl. sjálf, en það verk reyndist óframkvæmanlegt án þess, að flutt væri um það sérstakt lagafrv. Vitanlega koma ýmsar fleiri breyt. til greina, og þó að þessi tvö atriði séu nefnd til viðbótar, þá eru margar fleiri breyt., sem þarf að athuga, og því er bent á þetta í grg. frv., að það er vilji ráðuneytisins að vekja athygli á því, að þetta frv. er eingöngu til samræmingar á lagaákvæðum þeim, sem nú gilda. En ef fara ætti út í það að endurskoða l. í heild og taka þá

endurskoðun upp í sambandi við þetta, þá er það efa undirorpið, að þetta frv. komist fram í vetur, því að mörg atriði í þessu sambandi eru mjög umdeild. En ef þetta frv. nær nú fram að ganga, þá hefur maður ábúðarl. samfelld, og síðan er hægt að byrja á þeirri miklu vinnu að endurskoða lögin í heild, en það má ekki tefja fyrir þessu frv., og að þeirri sömu niðurstöðu hefur n. komizt, og er ég henni þakklátur fyrir það. Það er svo hins vegar mín skoðun, að jarðir fari ekki fyrst og fremst í eyði af því, hvernig ábúðarl. eru, en ég fer ekki nánar inn á það, því að þá væri ég að brjóta mína eigin reglu um það, að þetta frv. eigi að afgreiða sem leiðréttingu og nokkurn veginn þegjandi og hljóðalaust, en taka síðan fyrir breytingar á ábúðarl. alveg sérstaklega.

Forseti (BSt): Eftir að hafa heyrt yfirlýsingar hæstv. ráðh. og hv. n., þá sé ég ekki ástæðu til þess að fresta umr. nú. Þetta er 2. umr., og við 3. umr. hafa hv. dm. að sjálfsögðu tækifæri til að bera fram brtt., og skal ég sjá til þess, að 3. umr. fari ekki fram alveg á næstunni.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eftir að hafa hlýtt á hæstv. ráðh. og hv. 1. þm. N-M., get ég lýst yfir því, að ég mun ekki bera fram brtt. við 3. umr., og þarf hæstv. forseti því ekki að fresta þeirri umr. mín vegna, en ég leyfi mér að óska þess, að hv. 1. þm. N-M. láti þá taka málið fyrir á næsta búnaðarþingi og þá sérstaklega þau tvö atriði, sem ég benti á. Læt ég svo þessi orð nægja og skal ekki tefja málið, því að ég viðurkenni með hæstv. ráðh. nauðsyn þess, að það nái nú fljótlega fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
11.—18. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
19.—34. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
35.—36. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
37.—39. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
40.—43. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
44. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
45.—53. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
54. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 142 samþ. með 10 shlj. atkv.
55. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
56. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 154).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 22. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 25. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 26. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 22. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 154, n. 497).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv. til ábúðarl., sem hér liggur fyrir, er í raun og veru engin breyt. frá þeim lagaákvæðum, sem nú eru í gildi, heldur samfærsla á l. eins og þau voru samþ. á sínum tíma og samþ. breyt., sem á þeim hafa verið gerðar síðan. — Það varð samkomulag í landbn. um að mæla með því, að þessar formbreyt. verði nú samþ., til þess að hafa þessi mál í einu lagi. Hins vegar óskar hún eftir því, að efnisleg endurskoðun á ábúðarl. fari fram, og væntir þess, að ríkisstj. leggi fram frv. um þetta efni fyrir næsta Alþ. Það eru sum ákvæði í ábúðarl., sem orka tvímælis, og önnur, sem aldrei hafa verið framkvæmd, eins og húsabótaskylda á jörðum, og þar er það ríkið sjálft, sem mesta sök á varðandi vanrækslu á byggingu á jörðum, sem það sjálft á. Bæði þetta og margt annað gerir nauðsynlegt, að athugun fari fram á l., en landbn. taldi sér ekki fært að gera núna efnislegar breyt. í málinu og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
11.—18. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
19.—34. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
35.—36. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
37.—39. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
40.—43. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
44. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
45.—53. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
54.—56. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 548).

30. Ríkisútgáfa námsbóka.

Á 12. fundi í Nd., 30. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 82/1936, um ríkisútgáfu námsbóka [56. mál] (stjfrv., A. 90).

Á 13. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 14. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Hér er lagt til með þessu frv., að námsbókagjaldið sé hækkað upp í 15 krónur á heimili. Það hefur verið 7 krónur allt frá árinu 1940. Á þessum tíma hafa sem kunnugt er orðið miklar verðhækkanir, enda kemur það fram í reikningum námsbókaútgáfunnar, að hallinn á útgáfunni s. l. ár hefur verið röskar 90 þús. kr. Það er gert ráð fyrir, að ríkissjóður hafi ekki sérstök útgjöld vegna þessarar útgáfu og ekki heldur hagnað, en það ber að stefna að því, að útgáfan standi undir sér, en það gerir ekki betur en svo sé með því að ákveða gjaldið 15 krónur. — Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 23., 24., 25. og 26. fundi í Nd., 17., 20., 21. og 23. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 90, n. 167, 179).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Í lögum nr. 82/1936, um ríkisútgáfu námsbóka, er svo fyrir mælt, að ríkið annist útgáfu námsbóka og ríkisprentsmiðjan prenti þær. Vegna þess kostnaðar, sem af þessu leiðir, eru jafnframt ákvæði um að innheimta gjald af hverju heimili, þar sem nemandi er, og nemi það 7 kr. á hvert heimili, og hefur þetta verið þannig undanfarin ár, eða allt frá 1940.

Frv. þetta fjallar um það að hækka þetta gjald, svo að það nemi 15 kr. á heimili.

Rökin fyrir því eru, að útgáfukostnaður hefur hækkað svo mjög síðast liðin 10 ár, svo að óhjákvæmilegt er að vega á móti því með hækkun á námsbókagjaldinu. Menntmn. hefur rætt þetta og féllst á, að óhjákvæmilegt væri að taka tillit til hins aukna kostnaðar, og mælti með, að frv. yrði samþ. En jafnframt því, að lögin nr. 82/1936 feli í sér fyrirmæli um útgáfu námsbóka vegna barnaskólanna, fela þau einnig í sér heimild um, að það megi láta bækur í té til annarra skóla, svo sem héraðs- og gagnfræðaskóla. Ef til þessarar heimildar er gripið, má hækka gjaldið í 15 kr. Í þessu verður því ósamræmi nema heimildinni sé breytt samhliða. Menntmn. leggur því til, að brtt. sé felld í þetta frv., sem er á þá leið, að ráðh. megi hækka námsbókagjaldið í 20 kr. á hvert heimili, sem sendir nemendur bæði í barna- og gagnfræðaskóla. Brtt., sem fjallar um þetta atriði, er á þskj. 167.

Einn nefndarmanna vildi gera breytingu á öðru atriði og hefur lagt fram brtt. á sérstöku þskj., og mun hann gera grein fyrir þeim.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef, eins og hv. frsm. sagði, flutt brtt. við tvö atriði þessa frv., eru þær prentaðar á þskj. 179.

Öllum hv. þm. er kunnugt, að er lögin voru samin 1936, var skólaskyldualdurinn til 14 ára aldurs. Síðan hefur verið gerð víðtæk breyt. á þessu, og með nýju skólalögunum frá 1946 var gerð sú breyt., að barnaskylda var til 13 ára aldurs, síðan unglingadeild og loks framhaldsdeild fyrir ofan þetta. — Brtt. mín fjallar um það, að þar sem búið er að hækka skólaskylduna í 15 ár, þá skuli rétturinn ná til þessa sama stigs, þannig að hver nemandi skuli fá bækur fyrir þetta gjald. Sé þessi brtt. ekki samþ., þá er búið að lækka réttindi þau, sem ákveðin voru með l. frá 1946, um eitt ár, og það er staðreynd, að í lögunum er ekki raunverulega heimild til að láta börn fá bækur nema til 13 ára aldurs.

Í till. minni er lagt til, að í stað „barnafræðslunnar" í fyrri málsl. 1. gr. laganna komi: barna- og unglingafræðslunnar.

Breytingar mínar eru þær, að veita skuli öllum börnum og unglingum, sem stunda nám skv. skólaskyldunni, rétt til að fá þessar bækur.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm. færði í tal í nefndinni það sjónarmið, sem hann nú hefur gert grein fyrir. Hins vegar gat meiri hl. n. ekki fallizt á hans tillögur, að ríkinu sé skylt að láta unglingafræðslunni líka bækur í té. Eins og kunnugt er, er svo til ætlazt í skólalöggjöfinni, að gagnfræðastig nái yfir fjögur námsár. Tvö hin fyrri námsár er um unglingafræðslu að ræða og eftir það er lokið unglingaprófi, þá miðskólanám og loks eftir hið fjórða skólaár ljúki nemendur gagnfræðaprófi. En nú er þessu svo háttað, að mestur hluti þeirra bóka, sem notaðar eru á gagnfræðastiginu, eru notaðar fleiri en einn vetur. Ef ætti að breyta þessu samkv. till. hv. 5. landsk., þá liggur það í augum uppi, að þetta yrði ekki framkvæmanlegt nema komin væri á alger skipting, þannig að sérstakar bækur væru notaðar fyrir unglingastig og sérstakar fyrir gagnfræðastig að öðru leyti. Og þó að svo yrði, er ljóst, að í gagnfræðaskólum og héraðsskólum yrði niðurstaðan sú, að sumir nemendur þessara skóla fengju bækur ókeypis frá ríkisútgáfunni, en aðrir yrðu að kaupa þær.

Það er eðlilegasta skipunin, að skyldan í þessu efni nái til barnafræðslunnar, en heimildin, sem jafnframt er í lögunum, nái til gagnfræðastigsins alls.

Af þessum ástæðum vildi meiri hl. n. ekki fylgja brtt. á þskj. 179.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð út af því, sem hv. frsm. sagði. — Hv. þm. vildi færa rök fyrir því, að sumar

bækurnar væru notaðar fleiri vetur en einn. En það mun vera fullkomlega eins mikil skipting neðar hjá barnafræðslunni. Mér finnst ekki nægileg rök gegn því, að þeir unglingar, sem skólaskyldunám stunda, fái ekki bækurnar. Rétt er það, að sumir nemendur fengju ókeypis bækur, en aðrir ekki. En ég tel eðlilegast, að þeir, sem gagnfræðanám stunda, eigi að fá bækur eins og þeir, sem barnanám stunda.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Nd., 27. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 179,1—2 felldar með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FJ, GÞG, MK, SG, ErlÞ, ÁÁ, ÁS, EOl, EmJ.

nei: EystJ, GG, GTh, HÁ, IngJ, JóhH, JG, J-Páll, JS, JR, JörB, KS, PÞ, SÁ, StgrSt, BÓ, SB.

9 þm. (HelgJ, LJós, ÓTh, PO, SkG, StSt, ÁkJ, ÁB, BÁ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 19:3 atkv.

Brtt. 167 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 17:2 atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 29. og 31. fundi í Nd., 28. og 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., 4. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Eftir að menntmn. hafði gefið út álit um þetta mál og gert brtt. við frv., en það var flutt af hæstv. ríkisstj., þá barst inn til n. bréf frá skólaráði barnaskólanna hér í Reykjavík, sem fjallar um málið. Aðalefni þess er það, að skólaráðið leggur til, að námsbókagjaldið verði ákveðið ekki 15 kr., eins og í frv. stendur, heldur 25 kr., og heimild verði gefin til að hækka það í 50 kr., ef námsbækur eru látnar í té vegna unglingafræðslunnar að einhverju leyti. Þessa till. rökstuddi skólaráðið í bréfi sínu með því, að útgáfukostnaður hefði aukizt mjög mikið síðan árið 1940, svo að hann megi nú teljast fjórfaldur á við það, sem þá var. Enn fremur með því, að þörf sé á að gefa út nýjar námsbækur, sem að ýmsu leyti taki hinum eldri fram, því að alltaf þurfi endurskoðunar við í þessum efnum, en ef til þess komi, hljóti útgáfa námsbókanna að kosta miklum mun meira en að endurprenta eingöngu þær námsbækur, sem nú eru notaðar. Þessu bréfi fylgdi þó engin áætlun um það, sem fyrir lægi að framkvæma á þessu sviði á næstunni, og engin nánari skilagrein heldur um ríkisútgáfuna að einu eða neinu leyti, meiri en ég hef nú greint frá, að fram er dregið í þessu bréfi.

Þar sem engin áætlun liggur fyrir, og það, sem skólaráðið bendir á, liggur ekki nægilega ljóst fyrir á þessu stigi, að áliti menntmn., þá gerir n. ekki till. um að breyta frv., eins og það liggur nú fyrir, en mun á hinn bóginn gera menntmrn. nánari grein fyrir þessu nýja viðhorfi, og það m. a. með tilliti til þess, að málið á eftir að ganga gegnum hv. Ed.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 31. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 220, n. 511).

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af hæstv. menntmrh. og lagt fyrir Nd. Felur það í sér þá breyt. frá gildandi l., að námsbókagjald á að hækka úr 7 kr. í 15 kr. fyrir hvert heimili, þar sem skólaskylt barn er; en það hefur verið óbreytt síðan 1940, enda þótt útgáfukostnaður námsbóka hafi á þeim tíma nær fimmfaldazt. N. ræddi málið á allmörgum fundum, og barst henni erindi frá ritnefnd ríkisútgáfu námsbóka, afrit af álitsgerð skólaráðs barnaskólanna. Enn fremur mættu að eigin ósk á fundi í n. þeir Helgi Elíasson fræðslumálastjóri og Jónas Jósteinsson, formaður ritnefndar ríkisútgáfu námsbóka. Var það skoðun þessara aðila, er þeir gerðu grein fyrir, að hækkun sú, er ráðgerð væri í frv., væri ófullnægjandi, og nauðsyn væri að hækka gjaldið upp í 25 kr. á ári. Nokkra tilhneigingu hafði n. til að verða við þessum tilmælum; en hún ræddi einnig við hæstv. menntmrh., og tók hann þannig í málið, að hann taldi, að þetta mundi bjargast, þótt gjaldið yrði ekki hærra en 15 kr., og sá n. sér ekki fært að ganga lengra í þessu efni en ráðh. lagði til.

Kostnaðurinn við ríkisútgáfu námsbóka nam á s. l. ári 163500 kr., en tekjurnar af gjaldinu aðeins 70 þús. kr., og er hallinn því um 90 þús. kr. á s. l. ári. Með 15 kr. gjaldinu yrðu tekjurnar um 150 þús. kr., og yrði þá enn nokkur halli; en ráðh. telur, að hægt muni verða að sjá ráð við því. Hins vegar var n. ljóst, að bráðlega þarf að endurskoða meginhlutann af námsbókum barnafræðslustigsins, sem flestar eru orðnar um 10 ára gamlar og svara ekki auknum kröfum vegna hinna nýju fræðslulaga, og hníga þau rök vitanlega að réttmæti hins hærra gjalds.

Í 12. gr. l. um ríkisútgáfu námsbóka er heimild til að hækka gjaldið með það fyrir augum að mæta auknum útgjöldum vegna unglingastigsins, og í 2. gr. frv. er heimilað, að ráðh. megi hækka gjaldið samkv. 12. gr., en þó ekki nema sem svarar 20 kr. á hvert heimili, þar sem unglingur er á þessu stigi.

Þetta féllst n. einnig á, og er till. hennar, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Nd.

Hv. 2. þm. Árn. og hv. 7. landsk. voru á fyrstu fundum n., en voru fjarstaddir sökum veikinda, er málið var afgr. af meiri hl. n., sem leggur til, að frv. sé samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 549).

---

31. Loðdýrarækt.

Á 9. fundi í Sþ., 26. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 30. september 1947, um loðdýrarækt [47. mál] (stjfrv., A. 81).

Á 10. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það kemur ljóst fram í grg. þessa frv., hvers vegna það er borið fram og hvert er efni þess. Og það er þá skemmst af því að segja, að frv. er flutt vegna þess, að það þykir naumast þörf á því að hafa ráðunaut í loðdýraræktarmálum, þar sem sá atvinnuvegur, loðdýraræktin, hefur að verulegu leyti dregizt saman og raunar á ýmsum sviðum lagzt niður hér á landi. Þetta er aðalástæðan til þess, að þetta frv. er borið fram, þar sem gert er ráð fyrir, að þetta starf loðdýraræktarráðunautarins verði lagt niður og að Búnaðarfélag Íslands taki að sér að annast hans verk. — Í öðru lagi er lagt hér til, að gerð verði sú breyt. á lögunum um loðdýrarækt frá 1947, að gerðar eru sérstakar kröfur um geymslu á minkum, eins og kemur fram í frv. Þó er gert ráð fyrir í frv., að gefa megi undanþágu frá þessu ákvæði, þar sem eigendur dýranna eiga sérstaklega góð minkabú. En eins og fskj., sem fylgir þessu frv., ber með sér, bréf frá Búnaðarfélagi Íslands til ráðuneytisins, þá er það skoðun stjórnar Búnaðarfél. Íslands, að nokkru nánar þurfi að ganga frá þessu atriði. Frv. var að sjálfsögðu sent til umsagnar Búnaðarfél. Íslands, og það féllst á, að ráðunautsstarf þetta verði lagt niður og að taka að sér þau störf, sem ráðunauturinn hefur haft með höndum. En stjórn Búnaðarfél. Íslands telur, að þessu ákvæði frv. um geymslu minkanna þurfi að breyta, og kemur sérstaklega fram, að stjórn Búnaðarfél. Íslands vill ganga enn lengra í þessu atriði en í frv. er gert ráð fyrir. Þess vegna koma fram a. n. l. tvær skoðanir í þessu bréfi, og vil ég láta þessa greinargerð um það fylgja með frv. til þeirrar n., sem tekur málið til meðferðar. Mun þá n. að sjálfsögðu velja þá leið, sem hún telur heppilegasta í þessu máli, og má nú gera ráð fyrir, að álit n. verði fremur á þá leið að gera öryggið enn þá meira.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum og hygg þess ekki þörf. Efni þessa frv. er ekki flókið og liggur ljóst fyrir af grg. og fskj., bréfi frá Búnaðarfél. Íslands. Vil ég óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég sé, að samkv. þessu frv. er hugsað að leggja niður starf loðdýraræktarráðunautsins og að þetta starf sé afhent Búnaðarfélagi Íslands, eins og hæstv. ráðh. hefur lýst. Frv. sjálft segir ekkert um það, hvort greiða skuli fyrir þetta til Búnaðarfél. Íslands né hve mikið. Og í bréfi frá Búnaðarfélagi Íslands, sem prentað er hér sem fskj., segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnin getur samþykkt þessa ráðstöfun sem leið til sparnaðar, þó gengið sé út frá, að Búnaðarfélag Íslands fái nokkra þóknun fyrir þetta starf."

Ég vildi heyra, hvort ráðh. hugsaði sér, að Búnaðarfélag Íslands tæki þóknun fyrir þetta og hvað mikla. Ef upphæðin yrði álíka mikil, sé ég ekki, að hún yrði til sparnaðar. Mér skilst, að það sé krafa frá Búnaðarfél. að fá þóknun fyrir þetta starf. Á fjárl. er gert ráð fyrir framlagi til loðdýraræktarfélags Íslands. Mundi þetta hafa áhrif á þetta framlag?

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Út af þessari fyrirspurn vil ég geta þess, að eins og frv. ber með sér, þá er gert ráð fyrir, að eitthvert starf þurfi að inna af hendi, t. d. að ákveða í lögum um örugga geymslu minka. Ekkert er enn samið um, hver þóknunin verður, en fullljóst er þó, að hún verður ekki neitt svipuð launum embættismanns.

Loðdýraræktunin hefur gengið svo saman undanfarið, — t. d. refarækt og minkarækt jafnvel einnig, — að þessi atvinnuvegur, sem menn bundu svo miklar vonir við, hefur gengið svo mjög saman, að ekki er þar starf fyrir einn mann. Ég geri ráð fyrir, að þóknunin verði aðeins lítill hluti af launum.

Um það, hvort lækkað verði framlagið af þessum styrk, sem loðdýraræktarfél. hefur fengið, þá hefur engin ákvörðun verið tekin um það. Það er vitanlega á valdi þingsins að taka ákvörðun um það.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 81, n. 332, 333).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv. felur í sér þá breyt. að leggja niður starf loðdýraræktarráðunauts og fela það Búnaðarfélagi Íslands, að svo miklu leyti sem þess er þörf, því að fátt er nú orðið um loðdýr í landinu. N. hefur gert brtt. við 1. gr., og er breyt. fólgin í því, að við tökum skýrt fram, að ráðh. eigi að vera æðsti aðili í þessum efnum, en ekki Búnaðarfélag Íslands, en ráðh. hefur haft æðsta vald í þessum málum hingað til, og er n. öll sammála um þessa brtt.

Hin brtt. n. er annars eðlis. Í frv. segir, að öll loðdýr skuli geymd í fulltryggum girðingum og búrum og minka megi aðeins ala í steinsteyptum búrum, og skuli það vera undir dómi Búnaðarfélags Íslands, hvenær minkageymslur séu nægilega góðar. N. hefur flutt við þetta brtt., sem er innifalin í því, að óheimilt sé að reisa ný minkabúr eftir að l. þessi koma til framkvæmda. Hins vegar er þeim, sem eiga löglega umbúin minkabúr, önnur en steinsteypt, þó heimilt að láta þau standa allt að þrem missirum eftir gildistöku l. Þetta þýðir það, að minkaeldi í öðrum búrum en steinsteyptum er algerlega bannað eftir gildistöku l., og er þar komið á móti óskum þeirra manna, sem ekki mega sjá minka nema villta. Það eru líklega veiðimenn, sem ekki þola að sjá minkana í búrum. Móti þeirra vilja er hér komið með þessari brtt. Ef minkarnir voru í steinsteyptum búrum, mátti eftir stjórnarfrv. ala þá þar endalaust. Í brtt. n. er gert ráð fyrir, að slíkt megi aðeins gera í 5 ár og þurfi eftir þann tíma að framlengja leyfið, eins og t. d. gert er, þegar skattfrelsi Eimskipafélags Íslands er framlengt frá ári til árs og fleira slíkt. Við nm. höldum, að þegar svona sé um hnútana búið og minkaeldið gert svo tímabundið, þá muni nást sættir í þessu máli við þá menn, sem ekki mega sjá minkana í búrum. Annars er óhætt að segja, að nm. voru hér ekki alls kostar sammála. Ég gekk inn á 5 ára ákvæðið, af því að það má framlengja, en ég tel það glapræði, ef banna á þá atvinnugrein með öllu, sem ber sig nú kannske bezt allra atvinnugreina.

Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar að svo stöddu, en n. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem við leggjum til, enda þótt nm. séu misjafnlega ánægðir með þann sáttabikar, sem hér er verið að reyna að bera á borð fyrir menn.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef kannske átt nokkurn þátt í þeim sáttatilraunum, sem hér hefur verið rætt um, en ég gerði það ekki með það fyrir augum, að leyfið til minkaeldis verði framlengt eftir 5 ár. Við vildum sumir, að leyfið væri aðeins 3—4 ár, en sættum okkur þó við 5 ár, því að með því væri minkaeigendum gefinn svo langur frestur til að koma þessum fénaði í verð, að ekki mundi vera hægt að sækja ríkissjóð til skaðabóta, þótt minkaeldi yrði að þeim tíma liðnum bannað. Hv. 1. þm. N-M. upplýsti, að skaðabæturnar, sem vofðu yfir, ef ráðizt væri í eyðileggingu aliminkanna nú, gætu numið á 2. milljón króna, og vildi ég því láta þetta koma fram, að við teljum minkaeigendur ekki eiga kröfurétt á hendur ríkissjóði, ef svona verður farið að.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Það er vitað, að minkarnir hafa verið mikill ófögnuður og valdið miklum usla og orðið til mikils tjóns fyrir bændur. Mér ber því að standa við fyrri afstöðu mína um það að vilja banna minkaeldi með öllu. En eftir að séð verður, að varla verður lengra komizt í þá átt en gert er með þessu frv., og þar sem samkv. frv. virðist gætt fyllstu varúðar um meðferð minka í vörzlu, þá get ég til samkomulags fallizt á að samþ. þetta frv. með þeim breyt., sem við í landbn. höfum gert.

ATKVGR.
Brtt. 333,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 333,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
6.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 377).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 40. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 41. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 25. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 377, n. 521, 522, 523, 524, 534, 535).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Eg tel ekki ástæðu til að hafa langt mál um efnishlið þessa frv., sem hér liggur fyrir, vegna þess að það hefur verið svo þrautrætt hér áður, að menn hafa efalaust gert sér fulla grein fyrir afstöðu sinni til þess. En aðaldeilumálið er, hvort leyfa skuli minkaeldi í landinu eða banna það. Mér hefur heyrzt á sumum hv. þm., að þeir teldu, að allflókið væri að leysa úr till. n., en ég held, að það sé næsta auðvelt, ef menn lesa málsskjölin. En ég skal nú skýra bæði vinnubrögð nefndarinnar og hvað er í till. hennar auk þess, sem hv. þm. hafa þegar kynnt sér. Á þessu þingi hafa komið fram

tvö frv. um loðdýrarækt og loðdýraeldi. Annað er borið fram af hæstv. ríkisstj. í Ed., þar sem gert er ráð fyrir að leyfa minkaeldi í landinu framvegis, en lögð aðaláherzla á aukið eftirlit með því. Hitt frv. kom fram á svipuðum tíma í Nd. og er borið fram af þeim hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Árn., sem í aðalatriðum felur í sér bann við eldi minka og að öllum aliminkum sé lógað og breyta reglum um eyðingu villiminka. Þessu frv. var vísað mjög fljótlega eftir að það kom fram til landbn. Nd. N. athugaði málið og virtist nokkuð óeðlilegt, að tvö frv. um sama efni væru til umr. í þinginu á sama tíma, þar sem annað bannaði eldi aliminka, en hitt leyfði það. Eðlilegast var því að sameina umr. um málið og töldum við, að skoðanir með og móti minkaeldi gætu komið fram við umr. um hvort málið sem væri. Við ákváðum því að bíða eftir afgreiðslu frv. þess, sem lá fyrir Ed. Frv. gekk í gegnum Ed. með nokkrum breyt., sem leyfa minkaeldi með nokkrum takmörkunum næstu fimm árin, en þá skal lóga öllum aliminkum og hætta minkaeldi. Það voru einkum þrjú atriði, sem rætt var um í þessu sambandi í nefndinni, en það var: ráðunautsembætti í loðdýrarækt skyldi lagt undir Búnaðarfélag Íslands og þar með lagt niður sem sjálfstætt starf, og mun það hafa nokkurn sparnað í för með sér. Allir nm. voru sammála um annað atriðið, að gera eins róttækar ráðstafanir og mögulegt væri til útrýmingar á villiminki, og um það varð enginn ágreiningur í n. En ágreiningur varð fyrst og fremst innan n. um þriðja atriðið, hvort banna skyldi minkaeldi. Meiri hluti n. var sammála um það, að slíkt væri ekki heppilegt, heldur bæri að vinna að því öllum árum að útrýma villiminkinum. Meiri hl. taldi ekki, að öll hættan lægi hjá þeim minkum, sem nú væru í eldi, og mætti búa svo um, að þeir slyppu ekki úr vörzlu og þó að minkur og minkur slyppi, þá væri það ekki nema einn á móti hundruðum eða þúsundum villiminka. En á síðari árum hefur það getað verið arðvænlegt að ala minka, og hefur afkoma þeirrar atvinnugreinar batnað síðan gengið var breytt. Einnig er það kunnugt, að minkaalendur hafa lagt í allmikinn kostnað til að fá góð dýr til landsins, og má búast við nokkrum tekjum af því á næstu árum. Og við álitum, að á meðan ekki væri sýnt, að takast mætti að útrýma villiminkum úr landinu, þá væri gott að geta fengið nokkrar tekjur af aliminkum. En hv. minni hl. var á annarri skoðun í þessum efnum, en hann mun sjálfur gera grein fyrir henni hér á eftir. Minni hl. vildi láta útrýma villiminkum, en hann taldi það ekki nægilegt, heldur vildi hann einnig banna eldi minka og lóga þeim dýrum, sem nú væru til í landinu. Þetta er meginágreiningurinn á milli nm., og í samræmi við það eru till. nefndarhlutanna. Þannig stendur n. öll að og ber fram brtt. um útrýmingu villiminka, og eins og till. bera með sér, eru þær mjög svipaðar till. þeim, sem þeir hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Árn. báru fram í sínu frv. og aðeins um orðalagsbreytingar að ræða frá þeim. Hins vegar ber meiri hl. fram till. á þskj. 522, þar sem hann leggur til, að frv. sé fært í sama form og frv. ríkisstj. var í, þegar það var borið fram í Ed., sem sé ekki tekið fyrir leyfi manna til að ala minka. Minni hl. ber fram sínar till. á þskj. 523, þar sem lagt er til, að allt minkaeldi skuli bannað í landinu frá 1. jan. 1952. En það er, eins og ég sagði, höfuðágreiningsefnið innan n. og yfirleitt, þegar um þessi mál er rætt. Ég held því, ef menn athuga málið vel, að það komi mjög ljóst frá n. Það er um, hvort minkaeldi skuli bannað samkvæmt till. minni hluta, eða leyft, þó með nokkurri skerðingu, samkv. till. meiri hl.

Þetta mál hefur nú verið svo þrautrætt, að ég sé ekki ástæðu til að ræða það frekar, en vildi með þessum orðum skýra afstöðu n.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. Mýr., að mál þetta hefur verið svo mikið rætt hér, að ekki er þörf frekari umræðna um það, en ég vil ræða skoðun minni hl. landbn. nokkuð. Ég vil einnig taka undir með hv. þm. í því, að málið er það ljóst, að menn ættu að geta gert sér grein fyrir því. En eins og frv. nú er, er það ekki eins og frv. þau, sem legið hafa fyrir undanförnum þingum, heldur fjallar þetta frv. um loðdýrarækt almennt og er því ekki minnzt á minka í stjfrv. eins og það var lagt fyrir Ed. En Ed. tók inn ákvæðin um minkaeldi til að frv. gæti fullnægt og yfirtekið frv. það, sem lá fyrir Nd. um minkaeldi. En ég tel, að stjfrv. hafi batnað nokkuð í meðförum Ed., þannig að bann er sett við minkaeldi eftir 5 ár, þannig að þeir, sem hafa dýrin nú í venjulegum vírgirðingum, megi hafa þau þar í 1½ ár, en verði þá að flytja þau í steinhús, þar sem þeir mega hafa þau í 3½ ár, en þá verða þeir að lóga þeim öllum. En Ed. hefur ekki skerpt ákvæðin um útrýmingu villiminka. Þegar stjfrv. kom hingað, þá klofnaði n. ekki um frv. sjálft eins og það lá fyrir, heldur hvort ákvæði þess skyldu skerpt hvað snerti tíma þann, sem leyfa skyldi minkaeldi, eða þau felld niður, eins og meiri hl. vildi. Ég þarf ekki að fjölyrða um till. minni hl., því að þær eru að mestu samhljóða þeim till., sem bornar hafa verið fram í þessu máli á undanförnum þingum, þ. e. að banna minkaeldi, en þó er breytt um tímatakmark og miðað við 1. jan. 1952, svo að breyting okkar hv. þm. Dal. frá stjfrv. er ekki mikil í þessu efni, þar sem þar var gert ráð fyrir, að ala mætti dýrin í 1½ ár í venjulegri girðingu, en við miðum við 1 ár, en við teljum ófært að láta menn byggja steinhús yfir dýrin og skipa þeim síðan að lóga þeim eftir 3½ ár, og teljum við því heppilegra að láta slátra þeim eftir árið. Svo er annað atriði, sem fram kom í n. og hæstv. ríkisstj. verður að athuga, en það er um bætur til eigenda aliminka. Í bréfi, sem landbrn. fékk frá loðdýraræktarráðunautnum, er gert ráð fyrir, að verð minkabúanna muni nema um tveim millj. kr. Ég hef að vísu ekki sannanir fyrir því í höndunum, að þetta sé fullhátt áætlað, en ég hef fengið ýmsar upplýsingar, sem benda til þess að svo sé.

Vitanlega verður að gera ráð fyrir, að það verði að greiða tjónið skv. lögum um eignarnám. En til þess að létta þetta af ríkissjóði höfum við þm. Dal. borið fram brtt. á þskj. 523, og í b-lið þeirrar till. leggjum við til, að þeir menn, sem eiga minka nú og þurfa ekki að slátra þeim öllum fyrr en 1.

jan. 1952, megi nota og ráðstafa gjaldeyrinum sjálfir, — ekki aðeins þeim, sem þeir fá fyrir skinnin, heldur líka þeim, sem þeir fá fyrir þau dýr, sem þeir geta selt úr landi, og falli þá skaðabótaskylda ríkisins niður að nokkru eða öllu leyti. Slagurinn um gjaldeyrinn, sem ríkisstj. hefur til ráðstöfunar, er svo mikill nú, að sýnt er, að það muni þykja mjög mikið hagsmunamál að fá þennan gjaldeyri til umráða. Og vil ég benda á, að slagurinn um gjaldeyrinn milli ríkisstj. og framleiðendanna er svo mikill, að framleiðendurnir hafa stöðvað gjaldeyrisframleiðsluna. Mikilsvert er því fyrir eigendurna að fá þennan gjaldeyri til afnota, og líkur eru til, að samningar geti tekizt milli þeirra og ríkisstj. um, að skaðabótagreiðslur féllu niður að miklu leyti, og gæti það minnkað útgjöld ríkissjóðs í þessu tilliti.

Þessi till. gengur í sömu átt og 6. liður till. landbn. á þskj. 524, þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Heimilt er þeim mönnum, sem vinna að eyðingu villiminka, að ráðstafa að eigin vild þeim gjaldeyri, er fæst fyrir skinn þeirra dýra, sem þeir vinna.“ — Landbn. er sammála um, að til þess að skapa meiri árangur í útrýmingu villiminka beri að vekja almennari áhuga í þessum efnum, og það ætti að gera með því að gefa mönnum kost á að ráðstafa sjálfir gjaldeyrinum, sem fyrir skinnin fæst. Gæti þetta þá e. t. v. orðið sport margra manna, sem mundu þá taka þátt í því að útrýma villiminkunum.

Við hv. þm. Dal. álítum, að banna eigi minkaeldi hér á landi, og teljum, að ekki sé hægt að stemma stigu við útbreiðslu þessara dýra, meðan dýr eru alin í búrum. Þó að það sé rétt, að aðeins 1 minkur á móti 1000 sleppi úr búri, þá er það þessi eini, sem breiðir út afkvæmi sín, og allir þeir villiminkar, sem breiðzt hafa um landið, eru afkvæmi hinna tiltölulega fáu dýra, sem úr búrum hafa sloppið.

Ég tel svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta að sinni, vegna þess að málið hefur verið þaulrætt hér áður.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það má vel vera, að ekki sé ástæða til þess að tala langt mál um þetta, því að það er rétt, að þetta mál ætti að vera orðið nægilega þekkt. En það er þó sjáanlegt, að ekki hafa allir þingdeildarmenn kynnzt málinu svo vel enn, að þeir hafi áttað sig á því til fulls; og á ég þar aðeins við hv. meiri hl. landbn. Ég mun því fara nokkrum orðum um málið hér, en sérstaklega þó vegna þess, að mér sýnist hv. minni hl. landbn. ekki hafa aðgætt nægilega vel, hvernig ástatt er um málið í Ed.; en ég tel, að það skipti sérstaklega miklu um afgreiðslu málsins hér. — Nd. afgr. þetta mál til Ed. nærri einróma og með afdráttarlausri neitun á minkaeldi — 4 atkv. á móti —, en till., sem gengur í aðra átt, fengu lítinn byr.

Í því frv. voru gerðar enn meiri ráðstafanir til útrýmingar villiminkum en eru í gildandi lögum. Við hv. þm. Borgf. hefðum helzt kosið, að það hefði fengið afgreiðslu á þessu þingi. En hv. Ed. stöðvaði málið, vegna þess að fylgi við það var eitthvað stirðara í þeirri hv. deild en í þessari deild, þótt vissa sé fyrir því, að breyting hafi orðið á í Ed. hvað þetta mál snertir. Og er það ekkert óeðlilegt. Því að eftir því sem menn kynnast því betur, hver vágestur og skaðræðisgripur þetta ránd ýr er, þá er ekki undarlegt, að afstaða manna breytist gagnvart þessu máli hér á Alþingi. Og það gegnir furðu, að til skuli vera nokkrir bændaþingmenn, sem vilja minkaeldi, og það er enn furðulegra, er þess er gætt, að sumir þessara þingmanna eru frá héruðum, sem hlotið hafa miklar búsifjar af þessum dýrum, eins og t. d. hv. þm. Mýr., og ætla ég að nefna eitt dæmi um búsifjar í sveit þessa þm., en þar hefur einn bóndinn fengið 6000 kofur í einni eyjunni, en nú er þetta alveg horfið. Um veiðitjón í ám og vötnum ætla ég ekki að fjölyrða, en aðeins minna á eina sveit á Snæfellsnesi, þar sem menn hafa selt silung í stórum stíl og haft drjúgar tekjur af, en s. l. sumar var þar engin veiði. Og nú fjölgar þessum dýrum meir og meir og þau breiðast út um landið. Nú eru þau komin í Húnavatnssýslu, og þaðan er stutt í Skagafjörðinn. Héraðabönnin, sem sýslun. þar hefur sett á, hafa vafalaust lítið að segja, enda kemur það fram í áliti landbn. Hann er kominn til Eyjafjarðar og í Þingeyjarsýslurnar og vestur á Breiðafjörð. Og einnig er hann kominn norður á heiðar fyrir einu ári og mun fljótlega heilsa upp á varplöndin fyrir norðan og brátt leggja undir sig allt landið; og máske þarf að fara svo, til þess að öllum þingmönnum megi verða ljóst, hvílíkt skaðræðisdýr hann er.

Allir vita, hvernig komið er með alifuglaræktina, — hún hefur sums staðar lagzt niður, en annars staðar hefur dýrunum verið haldið í haldi, og eykur það mjög fóðurbætiskostnað. Býst ég við, að mönnum þyki það enginn hégómi í samanburði við sportið, sem menn hafa af því að drepa villiminkana og eltast við þá um allt.

Sem dæmi um það, hve ótryggt það er að geyma hænsnin í húsum, get ég minnzt á atburð, sem nýlega skeði austur í sveitum. Þar hafði villiminkur nagað sig gegnum ytri hurðina, en komizt inn um innri hurðina, vegna þess að hún reyndist hviklæst. Þarf auðvitað ekki að geta þess, að hann slátraði álitlegum hóp hænsna. Fer vel á því, að sveitaþingmenn gefi mönnum von um það, að þessu verði haldið áfram!!

Það kom fram hjá hv. frsm. meiri hl., að hægt væri með góðu eftirliti að koma í veg fyrir, að minkarnir slyppu út. En hann bætti við, að ekkert gerði til, þótt einn og einn slyppi út! Þarna kom það þá!! En á meðan menn eiga von á því, fæst enginn til þess að leggja á sig erfiði og fyrirhöfn við útrýmingu þessara villidýra, þar sem það mundi algerlega vera unnið fyrir gýg. En á meðan þessi ófögnuður er látinn viðgangast, liggur það ljóst fyrir, að landsnytjar munu ganga saman, fuglalíf eyðileggjast, æðarvarp ganga saman, veiði í ám og vötnum rýrna o. s. frv. Þessi atriði ollu því, að Ed. breytti sinni afstöðu.

Fyrir þessari deild lá frv. okkar þm. Borgf. um, að hert yrðu ákvæðin um útrýmingu minkanna, svo að það er eðlilegt, að hv. Ed. hefur búizt við, að frv. okkar þm. Borgf. kæmi ekki í lakari búningi til þeirra nú en í fyrra. Út frá þessu sjónarmiði mun það hafa unnizt á, að sett hafa verið ákvæði í frv. ríkisstj. þess efnis, að allt minkaeldi

skuli bannað í landinu eftir 5 ár. Og lengra í þessu mun ekki hægt að komast, því að þetta mun orðið samkomulag í deildinni.

Hv. frsm. sagði, að n. hefði viljað bíða og sjá, hverri afgreiðslu málið sætti í Ed. En landbn. tók okkar frv. fyrir á öndverðu þingi, er það kom frá Ed., og þá brá svo við, að meiri hl. landbn. tók afstöðu gegn frv. Af því má sjá, hver afstaða meiri hl. til þessa máls er. Honum nægir ekki, að meiri hl. deildarinnar sé fylgjandi banni við minkaeldi, heldur vill hann eyða málinu og fella þau bannákvæði úr stjórnarfrv., sem Ed. hefur sett í það.

Það er engin trygging fyrir því, að minkarnir sleppi ekki út úr búrunum, þótt þau séu gerð úr steinsteypu. Því að svo er þetta dýr hyggið, að það þarf lítið út af að bregða, svo að það sjái sér ekki leik á borði og notfæri sér það. Og mér þótti vænt um, að frsm. meiri hl., sem er á móti banni við minkaeldi, lét það koma fram í sinni ræðu, að e. t. v. sleppi nú einn og einn út úr búrunum. En hann lét þess nú einnig getið, að það gerði svo sem ekkert til, vegna þess að fjöldi villiminka væri svo mikill! — En hér gengur landbn. ekki hreint til verks, vegna þess að það eru engin rök fyrir því, að það eigi ekki að banna minkaeldi, að búranna sé betur gætt nú. Og það er broslegt að hugsa til þess, að þetta skuli koma frá manni, sem hefur ástæðu til að kynna sér þetta mál betur. Þetta var líka alltaf sagt áður. En hvað hefur tíminn leitt í ljós? Á þó nokkuð mörgum stöðum hafa unnizt dýr, sem sloppið hafa út úr hinum betri búrum.

Mér þótti rétt að láta þetta koma fram, svo að Alþingi gæti gert sér grein fyrir, hversu þetta mál er vaxið, áður en það greiðir atkv. um málið. Þessi ummæli mín eiga við meiri hl. nefndarinnar.

En svo að ég víki nú að minni hl., þá vill hann taka undir ákvæði í okkar frv., þ. e. a. s. láta banna frekara minkaeldi og gera ráðstafanir til útrýmingar villiminkum. En minni hl. hefði ekki átt að binda bagga sína með meiri hl. Og mér finnst það kaldhæðni, að í nál. meiri hl. segir, að minni hl. sé sammála honum! Það er þá meiri hl., sem á að hafa forustuna! Og þá geta menn verið vissir í sinni sök, að það verði ofan á að halda minkastofninum við, til þess að menn geti þá haft það sér til augnayndis að horfa á og elta þessar skepnur um allt landið. Það má vel vera, að einhverjir hafi gaman af að elta þessi rándýr um allt upp á sport. En það munu bara ekki vera þeir, sem eiga að útrýma þessum dýrum, sem munu hafa ánægju af þessu sporti.

Ég hefði kosið, af því að okkur og minni hl. landbn. ber ekkert á milli, — og þakka ég þeim fyrir grundvallarafstöðu þeirra —, að þeir hefðu fylgt því frv., sem kom frá Ed., því að 4—5 ár eru ekki lengi að líða, og skárra er að ganga að þessu en hafa allt í óvissu um þetta mál. Og ég verð að segja hv. minni hl., að eftir því sem ástandið í málinu er núna, þá er bezt að samþ. það frv. óbreytt, því að stutt er til þingloka og lítil von til þess, að það nái fram að ganga, ef það byrjar að hrekjast á milli deilda.

Við þm. Borgf. sjáum okkur ekki fært að gera nú þann háskahlut að breyta frv., því að það yrði aðeins til þess, að málið dagaði uppi. En það er auðvitað áform meiri hl., að svo fari, — bæði segja þeir það í orðum og sýna það í verki. Hann hefur bæði tekið afstöðu gegn þeim ákvæðum, sem sett voru í frv. í Ed., og flutt brtt. til þess að taka þessi ákvæði í burtu, og er það af ásettu ráði gert, til þess að málið nái ekki fram að ganga. Mér er kunnugt um hug manna í þessum efnum, og þó að lagaákvæðin séu ekki ýtarleg, þá er víst, að menn munu gera allt sem þeir geta til þess að útrýma villiminkunum. Höfuðatriðið er að endir verði bundinn á, að dýrunum sé haldið við, m. a. með ráðstöfunum, sem útiloka að þau sleppi úr búrunum. — Hvað áhrærir skaðabæturnar má segja það um fyrrv. loðdýraræktarráðunaut, að hann lætur ekki sitt eftir liggja. Hann kemur hér fram með ágizkanir í þessum efnum, og er óvarlegt af honum að varpa slíku fram, sem hann er búinn að gera. Nú er stofninn um 1000 dýr, og ætla ég, að ekki sé hægt að segja, að af því verði mikill skaði, þótt þeim verði lógað, og þessir kumbaldar, sem dýrin eru í, geta ekki verið svo mikils virði, svo að áætlun hans um skaðabæturnar nær ekki nokkurri átt. Mér finnst, að hv. d. geti fallizt á frv. eins og hv. Ed. hefur gengið frá því. Ríkið kemur til með að greiða þær skaðabætur, sem endilega þarf að greiða, og hvorki meira né minna, og það verða dómkvaddir menn, sem verða látnir meta þetta, þegar þar að kemur, og þar sem dýrin eru ekki fleiri en þetta, hygg ég, að ekki geti orðið um svo mikil útlát að ræða fyrir ríkissjóð. Ég vil líka á það benda, að þessum fjármunum er ekki á glæ kastað, hér er þvert á móti um stórkostlegan sparnað að ræða, og gegnir furðu, að bændur skuli af þessum ástæðum vilja víkja frv. frá sér. Hversu mikils virði fyrir okkur er silungsveiðin í öllum ám landsins og dúntekja af æðarvarpi? Hafa menn gert sér ljóst, hversu mikil verðmæti minkurinn er þarna að eyðileggja? Og svo er verið að tala um, að minkurinn færi okkur gjaldeyri. Hvar er að finna skýrslur yfir slíkar gjaldeyristekjur? Hins vegar væri hægt að nefna álitlegar tölur í sambandi við silungsveiði og dúntekju. Annars er það sama og að tala við steininn að sýna hv. meiri hl. fram á okkar rök, en hins vegar nær það, sem ég hef nú verið að tala um, ekki til hv. minni hl.

Um brtt. ætla ég ekki að fjölyrða. Ég get lýst því yfir, að við hv. þm. Borgf. sjáum okkur ekki annað fært — og gengur okkur það eitt til af umhyggju fyrir málinu — en að fylgja frv. óbreyttu eins og það kemur frá hv. Ed. Við munum því greiða atkv. gegn öllum brtt. og viljum ekki gera neitt af okkar hálfu til þess að sú afgreiðsla, sem náðst hefur í Ed., verði eyðilögð. Ég vil og vænta þess, að hv. d. taki þann sama kostinn og greiði atkv. gegn öllum brtt., og þess vegna hefði ég líka viljað vænta þess af hv. minni hl., að hann fylgdi okkur nú í þessu, sérstaklega þegar búið er að upplýsa, hvernig ástatt er um afstöðu hv. Ed. til málsins. Afgreiðsla málsins þar er byggð á samkomulagi innan d., og lengra varð þar ekki komizt varðandi útrýmingu dýranna, en ef landbn. fær brtt. sínar samþ., þá er búið með afgreiðslu málsins á þessu þingi. Ég hygg, að hv. minni hl. n. hafi komið fram með sínar till. af því, að hann hafi gert sér vonir um, að hv. Ed. mundi vera þeim fylgjandi, en mér er kunnugt um, að engin von er til þess, sérstaklega þegar komið er að

þinglokum og þegar það er enn fremur haft í huga, að hv. Ed. vissi um frv. okkar hv. þm. Borgf., sem við bárum fram um eyðingu minka snemma á þessu þingi, og þess hefði mátt vænta, að málið hefði verið afgr. frá Ed. í þeim búningi, sem er á okkar frv., væri hún samþykk málinu í þeirri mynd. Það er því fyrirsjáanlegt, að aðra eða betri afgreiðslu verður ekki hægt að fá á málinu í hv. Ed. en er í frv. óbreyttu.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Það er ekki ástæða til að fjölyrða út af ræðu hv. 1. þm. Árn. (JörB), sem ég ætla, að ég sé að hlusta á frá orði til orðs í tíunda skiptið. Það er mála sannast, að meginhlutinn af ræðu hans kom málinu ekkert við, og það er eins og hann gangi út frá, að það sé einhver leyniþráður á milli þeirra dýra, sem eru í búrunum, og hinna, sem leika lausum hala, og um leið og búið sé að lóga síðasta minknum í búri, þá sé búið að útrýma öllum minkum í landinu. Mín skoðun er sú, að það verði að herja á sjálfan villiminkinn eins og hægt er, og þess vegna berum við í n. fram till. um sérstakar ráðstafanir til útrýmingar villiminki. Ég þekki villiminkinn eins vel og hv. 1. þm. Árn. og veit, hve mikill vágestur hann er bæði í ám og varplöndum, og á sjálfur eyju, sem hann hefur eyðilagt allt fuglalíf í. En það er rangt hjá hv. þm. að ætla, að villiminkaplágan sé gengin yfir um leið og eldisminkurinn sé úr sögunni. Þess vegna kom sá langi kafli ræðu hans, sem gekk út á að lýsa, hversu mikið háskadýr villiminkurinn væri, ekkert málinu við, því að allir eru sammála um að vilja gera allt, sem hægt er til þess að útrýma þessum skaðræðiskvikindum.

Hv. 1. þm. Árn. er óánægður yfir því, að við í n. skyldum leggja málið þannig fyrir, að þau sjónarmið fái að koma fram við atkvgr., sem í till. felast, og talaði mikið um afstöðu hv. Ed., og vitanlega hefði hún orðið sú sama, þótt hans frv. hefði verið þar. En við vildum nú gera hans frv. svo hátt undir höfði, að við vildum fá atkvgr. um það, sem hann hefur sjálfur borið fram, og finnst mér, að við ættum frekar skilið fyrir það þakkir hv. þm. en aðfinnslur.

Eins og málum er nú komið, finnst mér, að það verði að leggja aðaláherzluna á útrýmingu villiminksins, og er ég sammála hv. 1. þm. Árn. um það, að ég vildi óska, að sá atburður hefði aldrei gerzt, að þessi kvikindi voru flutt inn í landið, en úr því sem komið er finnst mér það vera að bæta gráu ofan á svart, ef á að meina mönnum að gera sér tekjur af eldisminki, meðan við stöndum máttlausir gagnvart villiminkinum. Ef við aftur á móti sæjum fram á, að við réðum við villiminkinn, þá væri ég miklu frekar til viðtals um útrýmingu eldisminksins, en finnst það vera að hafa hausavíxl á hlutunum, ef við byrjuðum á því að lóga þeim kvikindum, sem eru undir lás.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa þetta mörg orð, því að hv. 1. þm. Árn. hefur gert svo glögga grein fyrir afstöðu okkar, sem snemma á þessu þ. fluttum frv. um breyt. á l. um loðdýrarækt og um útrýmingu villiminksins. Þetta frv., sem féll í þann góða jarðveg að vera vísað til hv. landbn. d., er nú búið að liggja þar hátt á 3. mánuð og fær svo að lokum þá afgreiðslu hjá n., að það er notað sem meðal til þess að eyðileggja ákvæðin í því frv., sem hér liggur fyrir frá hv. Ed., sem ganga í sömu átt og eru í frv. okkar. Hv. þm. Mýr. (BÁ), frsm. meiri hl. n., ætlast kannske til þess, að við hv. fyrri þm. Árn. föllum á kné fyrir honum og n., fullir auðmjúks þakklætis fyrir slíka fyrirgreiðslu á þessu máli. Nei, svo djúpt erum við ekki fallnir, að við viljum þannig falla í duftið fyrir þá, sem gera tilraun til að koma góðu máli fyrir kattarnef.

Hv. fyrri þm. Árn. hefur gert því full skil, hvernig þetta mál liggur hér fyrir, og það er einungis sú hliðin, sem ég vil fara nokkrum orðum um. Hitt er sýnilegt, að því er snertir hv. þm. Mýr., að það er engan veginn þess vert að eyða kröftum í það að ætla sér að færa honum heim sanninn um, hvaða leiðir verður fyrst og fremst að fara til þess að vinna bug á minkaplágunni, sem sé að það verður að taka fyrir allt minkaeldi í búrum. Hann þverskallast við rökum okkar jafnt þótt hann viðurkenni í öðru orðinu, að ekki sé hægt að ganga svo örugglega frá búrunum, að það geti ekki komið fyrir, að minkur sleppi úr búri. Almenningur hefur einmitt af þessari ástæðu ekki gert gangskör að því að nota þau tæki, sem til eru til útrýmingar á villiminki, þar sem menn vita, að þeir eru að vinna fyrir gýg, meðan verið er að halda lífinu í þessum kvikindum í búrunum. Þetta er stærsti þátturinn í þessu máli, og það er alveg sama, hvernig þetta er útlistað fyrir hv. þm., þá þrjózkast hann stöðugt við að fallast á þetta, þótt hann í öðru orðinu viðurkenni, að ekki sé hægt að hafa svo öruggan útbúnað á búrunum, að dýrin geti ekki sloppið út.

Eins og hv. fyrri þm. Árn. tók fram, samþ. þessi hv. d. á síðasta þingi ákvæði um að banna minkaeldi, en málið náði þá ekki fram að ganga, var stöðvað í hv. Ed., sem vildi ekki fallast á ákvæðin um bann við minkaeldi. Nú bar svo við, að hæstv. ríkisstj. leggur fram á þessu þingi í hv. Ed. frv. um breyt. á l. um loðdýrarækt, en aðaltilgangur þess var að leggja niður embætti loðdýraræktarráðunauts. Þó voru tekin inn í frv. ákvæði um að torvelda minkaeldi í búrum. Var frv. þetta í Ed. borið fram um svipað leyti og okkar frv. í Nd., og vissum við ekkert um frv. í Ed. Hún hefur nú gengið þannig frá málinu, að þar eru að vísu ekki ákvæði um, að minkaeldi skuli bannað strax eða frá næstu áramótum, heldur skuli minkaeldi enn leyft um nokkur ár, en að því árabili liðnu skuli það vera bannað. Þess vegna er það augljóst, að ekki er hægt að komast lengra hvað snertir slíkt bann hjá hv. Ed. heldur en felst í þessu frv., og af þessu leiðir það nú, að við hljótum að gerast stuðningsmenn að frv. Ed. og hvetjum aðra til að standa með okkur til þess að fá það samþ. óbreytt, því að ef það verður að l. eftir 3. umr. þess, teljum við, að mikið hafi á unnizt eftir þeim atvikum, sem eru til málsins á Alþ. Þess vegna heitum við á stuðning hv. Nd., sem áður hefur veitt okkur mikið lið í þessu máli, með því að samþ. frv., en til þess að svo geti orðið, verðum við fyrst og fremst að stuðla að því sjálfir, að þær till., sem við höfum áður flutt, verði felldar, og biðjum aðra, sem svipaða afstöðu hafa, að ljá því lið. Ég heiti því á hv. þm. að standa að því, að þessi

till. verði samþ. Það er það næstbezta í málinu, næst frv. okkar hv. 1. þm. Árn., og eins og málum nú er komið, er það bezta lausnin, sem völ er á, því það er rétt, að í frv. eru ákvæði, sem gætu stuðlað að útrýmingu minkanna.

Hv. þm. Mýr. var eitthvað að fara á fjörurnar um það í sinni ræðu, að við hv. 1. þm. Árn. hefðum farið í gegnum sjálfa okkur og snúizt gegn okkar fyrra sjónarmiði og með hans með því að fylgja þessu frv. og falla frá frv. okkar um að banna minkaeldi í landinu. Við leggjum jöfnum höndum áherzlu á þetta hvort tveggja. Og í því sambandi vildi ég spyrja: Hvaðan eru þær till. runnar, sem herða á eftirliti með minkaeldi í landinu? Eru þær runnar frá hv. þm. Mýr.? Nei, þær eru ekki runnar frá honum, en óhætt er að segja hv. þm. það til hróss, að hann hefur ekki staðið í gegn þeim, en hann hefur hins vegar verið þröskuldur í vegi fyrir því, að minkaeldi væri bannað í landinu. Meðan svo stendur, að stöðugt er hætta á, að minkar sleppi úr búrum, er ekki hægt að ráðast á villiminkinn, svo að til úrslita geti dregið. Ég þekki vel til þessarar útrýmingar, því að ég hef búið við þessa plágu um fjölda ára, bæði í varplandi og við aðrar kringumstæður, og ég er sannfærður um, að ef hægt er að nema í burtu þennan ótta í mönnum við að minkar sleppi úr búrum, þá er hægt að ná mikilsverðum árangri í þessari baráttu. Menn hafa fundið ýmis ráð til þessarar útrýmingar. Menn hafa alið upp töluvert af hundum, sem drepa mink, náð tækni í eitrun og leggja gildrur fyrir þá og margs konar önnur ráð til þess að ráða bót á þessum ófögnuði. Það er fyrst og fremst hættan á því, að minkar sleppi úr búrum, sem stendur í vegi fyrir því, að ráðizt verði til úrslita gegn þessari meinvætti.

Það er merkilegt, hve mörgum greindum mönnum, eins og hv. þm. Mýr. er og unnandi landbúnaði og þeim gæðum, sem landbúnaðurinn hefur upp á að bjóða, svo sem dúntekju, fuglalífi, lax- og silungsveiði, — það er undarlegt, að þeim skuli geta sézt svo hatramlega yfir um það, að þetta sé annað aðalatriðið til þess að hægt sé að vinna bug á þessum vágesti. Ég held, að Íslendingar telji sig fátækari eftir, þegar búið er að vinna bug á fuglalífi, silungi og laxi, auk þess sem vitað er, að til eru byggðarlög, sem beinlínis eiga tilveru sína undir því, að hægt sé að forða þeim frá og vinna bug á þessari plágu.

Ég skal ekki fara lengra út í þetta mál, en það er leiðinlegt, hve fáir eru viðstaddir í hv. deild, þegar þetta er rætt, því að það er um mikilsvert atriði að ræða, að hægt verði að bjarga því, sem bjargað verður í þessum efnum, þ. e. a. s. að frv. frá hv. Ed. nái fram að ganga, því að þar er lagður grundvöllurinn að útrýmingu minkanna. Það er ekki aðalatriðið, að útrýmingin fari fram strax, heldur hitt, að grundvöllurinn verði lagður að því, að útrýmingin fari fram á næstu árum.

Hv. 1. þm. Árn. hefur gagnrýnt réttilega fullyrðingar þær, sem felast í bréfi frá loðdýraræktarráðunautnum sáluga. Ég tala um hann sem slíkan, en ekki sem mann, því að ég vona honum endist líf og heilsa enn um langan aldur til þess að vinna landi sínu gagn, en úr þessari stöðu sakna ég hans hins vegar ekki. Fullyrðingar hans í þessu bréfi ná ekki nokkurri átt, og það hlýtur því að vera sent í illum tilgangi. Annað getur ekki legið til grundvallar svo fjarstæðukenndra fullyrðinga.

Meiri hl. hv. landbn. flytur brtt., sem miðar að því að fella niður þau ákvæði, sem ég hef nú minnzt á og miða að því að banna eldi minka. Miðað er við það, að minkaeldi haldist, en hv. þm. Mýr. túlkaði afstöðu meiri hl. þannig, að hann vilji stuðla að því, að sem bezt yrði séð fyrir búrum. Ég vil í þessu sambandi benda á, að ekki er öruggt, að minkar sleppi ekki úr búrum, jafnvel þótt steypt séu í hólf og gólf. Ef t. d. tréhurð er fyrir búrunum, þá er það ekki langrar stundar verk fyrir minkinn að grafa gat á hana. Ég frétti um atburð austur í Árnessýslu fyrir tveimur dögum. Bóndi hafði þar minka, og var tréhurð fyrir búrunum. Einn morgun, þegar að var komið, var komið gat á hurðina og minkurinn hafði drepið 20—30 hænsni.

Þó að það verði að viðurkenna, að ekki verði lengra komizt en að hafa búrin steypt í hólf og gólf, þá er það samt engan veginn öruggt. Hv. meiri hl. leggur til að gera þetta ákvæði að engu með því að veita mönnum heimild til þess að geyma dýr í búrum, sem Búnaðarfélag Íslands hefur samþykkt. Búnaðarfélag Íslands hefur haft þetta eftirlit, sem hefur verið falið ýmsum mönnum, og reynslan samt orðið sú, að minkar hafa alltaf smogið úr búrum, en nú er lagt til, að haldið verði áfram eldi þeirra í þessum búrum. Það er ekki hætt við, að menn fari að leggja út í kostnað við að byggja rammlegri búr, þegar heimild er fyrir hendi til þess að nota gömlu búrin. Mér finnst, að í þessu felist öryggisleysi og það verði að taka öllum fullyrðingum þessara manna með mestu varúð. Það er hægt að sigla fram hjá þessu, ef hv. deild vill verða við tilmælum okkar hv. 1. þm. Árn. og samþ. frv. óbreytt eins og það kom frá Ed. Ég vildi mega vænta þess, að þeir hv. þm., sem hingað til hafa verið andvígir minkaeldi, standi með okkur nú um þessa einu mögulegu lausn í málinu, að fella allar brtt. við það og afgreiða það nú strax eftir helgina sem lög frá Alþingi.

Ég vil aðeins drepa á eitt atriði í ræðu hv. þm. Mýr., þar sem hann bar loðdýraræktarráðunautinn fyrir því, að ekkert hafi fundizt af minkum af hinum nýrri stofni meðal þeirra villiminka, sem veiðzt hafa. Ég hef haft tal af manni, sem mikið hefur unnið að útrýmingu minka og þekkir vel muninn á þessum tveim stofnum, og hann fullyrti, að hann hefði orðið var við dýr af nýrri stofninum meðal villiminkanna, og þetta sýnir vitanlega ekkert annað en það, að minkarnir halda áfram að sleppa úr búrunum, enda sagði sá vísi maður, Guðmundur Bárðarson náttúrufræðingur, að aldrei væri hægt að búa svo um minkana, að öruggt væri að þeir slyppu ekki úr haldi. Þessi aðvörun er líka alltaf að rætast, og hún mun halda áfram að rætast svo lengi sem minkaeldi er leyft í landinu, hvaða viðleitni sem er sýnd til þess að halda í hemilinn á þessum dýrum. Þegar þess er gætt, hversu gersamlega þýðingarlaust minkaeldi er fyrir afkomu þjóðarinnar og hins vegar hver verðmæti eru í voða af þessum vágesti, þá

er það undarlegt, að til skuli vera andstaða gegn því, að gerð verði alvarleg tilraun til þess að ráða niðurlögum þessarar plágu.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég get ekki neitað því, að mér finnst minkafrv. það, sem hér liggur fyrir hv. deild, talsvert undarlegt plagg, og ég undrast yfir afstöðu þeirra hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Árn. til þessa máls. Ég gat skilið þeirra frv., það var hreint frá gengið, í því fólst að banna minkaeldi með öllu. Ég held, að þó það frv., sem hér liggur fyrir, yrði samþ. og lögfest, þá sé það engin trygging fyrir því, að minkaeldi verði bannað að 5 árum liðnum. Það er ekki lengra síðan en á vorþingi 1950, að rjúpan var alfriðuð, en affriðuð aftur á haustþinginu. Gæti ekki skeð, að það sama yrði um minkinn, að þó að bannað yrði minkaeldi eftir 5 ár, þá yrði það leyft að þeim tíma liðnum? En það er annað verra í sambandi við þetta mál, og það er andi þessa frv. Það er illt, að fyrst er Alþingi búið að gangast fyrir því, að minkar verði fluttir inn í landið, búið að veita mönnum styrk og beinlínis narra menn til að gera þetta að atvinnurekstri, og svo skuli það læðast að þessum mönnum og gera atvinnurekstur þeirra að engu. Það urðu allmiklar umræður um frv. þeirra hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Árn. á vorþingi 1950. Það frv. náði þá samþykki þessarar hv. deildar, en ekki hv. Ed. Ég mælti þá á móti því frv. sökum þess, að það eru ekki minkarnir í girðingunum, sem valda spjöllum, en hins vegar fellst ég á það, að fram hafa komið svo háværar raddir um þetta mál, að full ástæða er til að verða við þeim og banna minkaeldi í landinu, en Alþingi á að gera það á þann hátt, að það geti varið það. Ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, yrði samþ., þá væri það vansæmandi fyrir hv. Alþingi. Það væri að ræna þá, sem hafa lagt í mikinn kostnað fyrir hvatningu frá Alþingi til þess að koma þessum búum upp. Svo þegar búið er að leggja í þennan kostnað, þá er lagt til, að búin verði lögð niður bótalaust. Þessa afgreiðslu tel ég vansæmandi fyrir hv. Alþingi. Þá er frv. þeirra hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Árn. betra. Þar er hreint gengið að verki, og færi betur á, að það frv. yrði lögfest.

Ég vil aðeins geta þess, að það var ofmælt í ræðu hv. 1. þm. Árn. áðan, að villiminkur væri kominn um allar Breiðafjarðareyjar. Hann er hvergi kominn í eyjar á norðanverðum Breiðafirði. (**PO:** Hann er áreiðanlega kominn í nógu margar eyjar á Breiðafirði.) Það er alveg rétt, en betra er að hafa það heldur, er sannara reynist. Ég mun því frekar greiða atkvæði brtt. á þskj. 523, frá hv. þm. Dal. og hv. 5. landsk., þar sem gert er ráð fyrir, að minkaeldi verði bannað nú þegar; þar er hreint gengið að verki. Þó að þetta frv. verði samþ., þá er það engin trygging fyrir því, að minkaeldi verði ekki leyft að 5 árum liðnum.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Snæf. fyrir afstöðu hans í þessu máli, því að hún er nú önnur en hann hafði til þessa máls fyrir ári síðan. Svo lítið var þá ekki að græða á minkaeldi í landinu. — Ég ætla aðeins að minnast á þrjú atriði í þessu máli.

Í fyrsta lagi að í brtt. frá hv. 5. landsk. og mér er gert ráð fyrir að banna minkaeldi algerlega í landinu frá ársbyrjun 1952, eða nákvæmlega það sama og stóð í frv. þeirra hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Árn. Ég hefði ekki trúað því, að þeir breyttu þessari afstöðu sinni og samþykktu, að minkarnir skríði út næstu 5 árin.

Í öðru lagi viðvíkjandi því, hvort við viljum ekki taka brtt. okkar til baka, þá vil ég taka það fram, að við munum ekki gera það, en falli hins vegar brtt. okkar, þá munum við fylgja frv. því, sem hér liggur fyrir, þó að við efumst um, að það sé lögfræðilega rétt, þar sem gert er ráð fyrir eignarnámi án endurgjalds.

Ég kem svo að lokum að 3. atriðinu, en það er afstaða hv. meiri hl. landbn. um það að banna ekki minkaeldi. Ég þarf ekki að fjölyrða um það tjón, sem minkarnir valda landsmönnum. Aðalástæðan til þess að banna ekki minkaeldi virðist vera sú, að það sé svo dýrt að greiða bætur fyrir dýrin. Það má vel vera, að það sé mjög dýrt, en ég hygg, að það séu ekki minni verðmæti, sem fara í þessi dýr árlega hjá einstökum landsmönnum, og ég vil benda á, að einmitt sá tekjumissir hjá þessum mönnum verður einnig tekjumissir fyrir það opinbera, og það verður álitamál, áður en mörg ár líða, hvort ekki mundi margborga sig að leggja nokkra fjárhæð í það að drepa aliminkana fyrst og fremst og hefja svo skelegga baráttu fyrir eyðileggingu villiminkanna eins og auðið er.

Ég vil endurtaka ósk mína um, að till. okkar hv. 5. landsk. verði samþ., en fari svo, að það verði ekki, mun ég fylgja frv. eins og það kom frá hv. Ed.

Pétur Ottesen: Ég vil mjög taka undir með hv. þm. Dal. (ÁB), að það er mjög gleðileg sú hugarfarsbreyting, sem orðið hefur hjá hv. þm. Snæf. (SÁ) til frv. okkar hv. 1. þm. Árn. um bann gegn minkaeldi. Sama frv. lá fyrir síðasta þingi, og þá barðist þessi þm. á móti því með oddi og eggju, sá ekki ljósan blett í því, en nú hefur hann lýst því yfir, að ef frv. lægi hér fyrir, — sem það raunar gerir, — þá mundi hann greiða því atkvæði. Þetta er geysileg afstöðubreyting, enda mun hv. þm. hafa fengið þá lexíu heima í sínu héraði, sem hafi bent honum á rétta leið, en hann hefur þá líka verið maður til þess að taka sönsum. En hv. þm. taldi öll tormerki á því að framfylgja frv. eða ljá frv. Ed. atkvæði sitt og að því er mér skildist vegna þess, að það mundi ekki vera gengið nógu skelegglega til verks í þessu, þar sem málið yrði fyrst endanlega leyst að fimm árum liðnum. Bæði þessum hv. þm. og öðrum hlýtur að vera það ljóst, að við hv. 1. þm. Árn. hefðum allan tímann, sem við höfum verið að berjast fyrir þessu máli á Alþ., auðvitað helzt kosið að knýja þetta mál í gegn á sem allra skemmstum tíma, og það er enginn vafi á því, að ef Alþ. yrði einhvern tíma gagnrýnt fyrir að hafa samþ. slíkt frv., mundi sú gagnrýni eingöngu snúa að því, hvað það hefði lengi dregizt fyrir Alþ. að taka ákvarðanir um, að minkaeldi skyldi bannað. Hitt skilja svo allir menn, að þegar ekki er hægt að koma því bezta fram, þá er eðlilegt, að menn taki það næstbezta, og það er það, sem fyrir liggur hér og það eina, sem fyrir liggur í þá átt að fá afgreiðslu

á þessu þingi, eins og hv. 1. þm. Árn. gerði mjög rækilega grein fyrir í ræðu sinni áðan. Ef þess vegna hv. þm. vill vera trúr þeirri stefnu, sem hann nú hefur tekið og áreiðanlega fellur mjög vel saman við skoðanir manna heima í hans héraði, á hann nú að styðja þann málstað á þinginu, sem getur fleytt þessu máli áleiðis, þ. e. styðja þær till., sem eru beztar í þessum efnum. Hann þarf ekki að óttast, að það verði nein stefnubreyting í þessu að 5 árum liðnum, og þess vegna getur hann með beztu samvizku greitt atkv. með þessu frv. og staðið á móti þeim tálsnörum, sem hér eru lagðar á leið þess. — Þetta vildi ég mjög benda hv. þm. á.

Hv. þm. Snæf. sagði, að leyfður hefði verið innflutningur á minkum, en ég man ekki eftir slíku. Það var fyrir nokkrum árum, að nokkrir minkaeigendur sóttu um það til fjvn. að fá innflutningsleyfi fyrir minkum, en því var ákveðið synjað.

Við flm. viljum, þegar við getum ekki komið fram okkar frv., sem við auðvitað teljum það bezta í þessum efnum, — þegar það tekst ekki, tökum við að sjálfsögðu sem sannir og raunhæfir menn í þessu máli þann kost að styðja annað, sem næst gengur því, sem okkar till. lúta að, og við heitum á stuðning hv. d. og þar á meðal hv. þm. Snæf. að styðja einmitt þær till., sem helzt geta orðið tilgangi okkar til framdráttar.

Það er náttúrlega rétt hjá hv. þm. Snæf., að þeir minkar, sem eru geymdir í girðingum, gera engan skaða, en það eru minkarnir, sem sleppa úr girðingum, sem hafa gert og gera skaða, — þetta mikla tjón, sem á rætur sínar að rekja til þess, að minkar hafa sloppið úr girðingum og tímgazt ört. Og þá vofir þessi hætta alltaf yfir, og reynslan hefur sýnt og það greinilega, að það er ekki hægt frekar hér en annars staðar að búa þannig um búrin, að ekki vofi alltaf sú hætta yfir mönnum, að dýrin sleppi. Þess vegna er það, að þeir, sem hér vilja stemma á að ósi, ganga hreint til verks og beita sér fyrir því, að minkaeldi verið bannað með öllu og styðja að því með hugsanlegum ráðum, að gengið verði að útrýmingunni með fullum krafti, og það verður áreiðanlega gert, þegar búið er að kippa úr vegi þeim þröskuldum, sem eru á þeirri leið.

Þó að fáir hafi verið við þessar umr. hér, ber ég þó það traust til manna, þó að þeir hafi ekki hlýtt á rök með og móti þessu máli hér, að þeir sjái, hvað eru aðalatriði þessa máls, og velji þau að leiðarstjörnu fyrir sig, en hengi sig ekki í aukaatriði eða lendi í þeim snörum, sem nú er verið að leggja með ýmsum brtt. fyrir þetta mál.

Sigurður Ágústsson: Það eru aðeins örfá orð út af ummælum hv. þm. Borgf., að ég hefði vegna þeirrar lexíu, sem ég hefði fengið hjá mínum kjósendum, tekið stefnubreytingu í þessu máli. Snæfellingar eru nú yfirleitt prúðir menn og gætnir og lítið fyrir að gefa sínum þm. lexíu, en hitt er annað mál, að ég tel það yfirleitt skyldu alþm. að láta sínar prívatskoðanir víkja, þegar þeir finna, að vilji alþjóðar fer í allt aðra átt. Þeir eru umboðsmenn síns kjördæmis og eiga að fara eftir því, sem samþykktir í héruðunum ganga. Ég tók það skýrt fram áðan, að ég mundi aldrei geta fylgt þessu frv. eins og það er komið frá Ed. Því er þannig háttað, eins og hv. þm. Dal. (ÁB) tók fram, að það er tvísýnt, hvort Alþ. getur samþ. það, og ég er þess vegna undrandi á jafngreindum og gætnum manni og hv. þm. Dal., að hann skyldi þó lýsa því yfir, að hann ætlaði að fylgja frv., ef brtt. hans og hv. 5. landsk. yrði ekki samþ.

Ég tel óþarft að fara fleiri orðum um þetta mál. Það hefur engin stefnubreyting orðið hjá mér í þessu máli, en ég vil segja, að þegar um tvennt erfitt er að ræða, tek ég að minnsta kosti það, sem ég tel mér vera skapi nær, þ. e. frv. þeirra hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. Borgf. Ég mundi frekar greiða því atkv. en því frv., sem hér er til meðferðar, sem ég hef ákveðið að greiða mótatkv. Ég skil ekki í jafngreindum manni og þm. Borgf., að hann skuli líkja þessum tveimur frv. saman, frv. hans og hv. 1. þm. Árn. annars vegar og svo hins vegar þessu frv. hér, því að þau eru á svo margan hátt ólík, nema aðeins að því leyti, að það er gert ráð fyrir í báðum, að að lokum skuli verða bannað minkaeldi á Íslandi.

Ég tel svo óþarft að ræða þetta frv. meira að sinni. Ég geri ekki ráð fyrir því, — eða er það ætlun hæstv. forseta, að atkvgr. fari fram núna?

Ásmundur Sigurðsson: Ég vil aðeins taka fram, í tilefni af ummælum hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Árn., þar sem þeir skora á mig og hv. þm. Dal. að verða á móti þeim till., sem við flytjum, eða taka þær aftur, að frv. það, sem þessir hv. þm. fluttu á síðasta þingi, hafði inni að halda þau ákvæði, sem felast í brtt. okkar nú, og verð ég að segja, að ég kann alls ekki við, að hv. þm. skuli tala á þennan hátt, þar sem þeir börðust einmitt fyrir þessum sömu breyt. á síðasta þingi. Munum við hv. þm. Dal. ekki taka brtt. okkar aftur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., 29. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 523,a felld með 15:6 atkv.
— 522 felld með 16:6 atkv.
5. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Brtt. 523,b tekin aftur.
— 524,I felld með 15:10 atkv.
6.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 524,II felld með 16:9 atkv.
9.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 534 og 535 teknar aftur.
11. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 377).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég sé nú, að eftir atkvgr. við 2. umr. muni lítið þýða

að ætla sér að koma með nokkrar till. til skynsamlegra úrræða í þessu máli, eftir þeim vilja að dæma, sem þar kom fram. Nú er málið komið í það horf, að ákveðið er, að ísl. þjóðin verji næstu 5 árum ævi sinnar til að murka lífið úr þessum minkum, sem ekki ættu að vera neinn voði fuglum loftsins, fiskum sjávarins eða dýrum merkurinnar, eftir þeim fyrirlestrum að dæma, sem við höfum heyrt, en það eru ekki hreyfðar hendur né fætur til að skerpa sóknina gegn villiminknum, sem öll hættan stafar af. Málið er nú í því horfi, að ég vil ekki eiga neinn þátt í að ljá því atkv. mitt. Hins vegar eru í þessu frv. önnur ákvæði, sem ég tel rétt að komi fram og vil ekki setja mig gegn. Því mun ég ekki greiða atkvæði.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StSt, ÁB, EystJ, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JR, JörB, KS, PÞ, PO, SkG.

nei: ÁS, EOl, JPálm, JÁ, SÁ, SB.

StgrSt, BÁ, EmJ, JS, SG greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁkJ, ÁÁ, BÓ, FJ, GG, GTh, JóhH, JG, LJós, ÓTh, StJSt) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram, að búið er að gera málið að því afskræmi hér á þinginu, að ég held, að ekki sé hægt að samþ. það. Hins vegar eru ákvæði í því, sem ég álít, að eigi fram að ganga, og mun ég því velja þá leið að sitja hjá.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég lýsti því yfir við umr. um daginn, að ef þær till., sem við hv. 5. landsk. bárum fram, næðu ekki fram að ganga, mundi ég fylgja frv. eins og það kæmi frá Ed.; þó að ég teldi það ekki góða lausn, þá væri það kannske sú næstbezta. Hins vegar voru þær till., sem hv. landbn. bar fram, algerlega felldar, og það tel ég til stórra lýta að láta slíkt frá sér fara. Í þeirri von, að þetta atriði málsins horfi til bóta á næsta þingi, segi ég já.

Ásmundur Sigurðsson: Þegar ég greiddi atkv. með 5. gr. þessa frv. við 2. umr., — þrátt fyrir það, að búið væri að fella brtt. mína og hv. þm. Dal., — þá gerði ég það í því trausti, að samþ. yrðu hinar sameiginlegu brtt. hv. landbn. Nú hafa þær verið felldar, og þá virðist mér frv. vera í því formi, að verra sé að samþ. það en ekki, og því segi ég nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 585).

32. Fjáraukalög 1947.

Á 12. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1947 [80. mál] (stjfrv., A. 132).

Á 13. fundi í Sþ., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hér liggur fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1947; það er samið upp úr ríkisreikningnum 1947. — Ég vil leyfa mér að leggja til, að þessu máli verði vísað til fjvn. að lokinni þessari umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er venja, að fjáraukalög koma í sameinað þing, hins vegar kemur landsreikningurinn fyrir deildir, en á milli þessara tveggja mála er náið samband. Nú er það svo, að á hverju ári síðan ég kom á þing hafa legið fyrir aths. við landsreikninginn, sem enda á þessa leið: vísað til aðgerða Alþingis. Hins vegar hefur Alþingi aldrei skipt sér neitt af þessu. Þegar ég hef minnzt á þetta í Ed., hefur verið viðkvæðið: Fjárl. eru afgr. í sameinuðu þingi og það á ekki við að ræða þetta hér. — Ég vil nú beina því til hv. fjvn., hvort hún vildi ekki athuga, hvaða liðum hér er farið fram á aukafjárveitingu fyrir, sem endurskoðendurnir hafa gert þá aths. við að vísa þeim til aðgerða Alþ.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Sþ., 24. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 132, n. 531, 532).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjvn. hefur athugað frv. það til fjáraukalaga, er hér liggur frammi, og leggur til, að það verði samþ. með þeim breytingum, sem prentaðar eru á þskj. 532. Ég get þess fyrst, að það hafa orðið smámistök í prentun brtt., þannig að í f-lið átti talan, sem stendur í talnadálkinum aftast, ekki að koma þar, heldur fylgja meginmálinu og koma strax á eftir: „tekjur urðu".

Þetta frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1947 er æði síðbúið, eins og oft áður hefur verið með slík lög, og hefur fjvn. áður bent á, hve það er óviðkunnanlegt, að fjáraukalög hvers árs liggja ekki fyrir Alþingi, fyrr en 3—4 árum eftir að þau ættu að geta verið tilbúin. Það má segja, að það hefði verið hæfilegt, að nú lægju fyrir þinginu fjáraukalög fyrir árið 1949, en ekki fyrir árið 1947, eins og raunin er. Ég tel ekki ástæðu til að fara langt út í þetta atriði, því að það mun sennilega verða rætt betur síðar, og það skal viðurkennt, að nú mun vera á leiðinni nokkur leiðrétting á þessu, því að nú er búið að útbýta frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1948, og má ætla, að ekki líði mörg ár, þar til þetta mál er komið í viðunandi horf.

Ef litið er á þetta frv., þá vekur það nokkra athygli, hve fjáraukalögin fyrir þetta ár eru há, og ef þau eru borin saman við fjárlög sama árs, þá kemur í ljós, að þau hafa farið prósentvís mjög mikið fram úr áætlun. Þetta er því miður orðin nokkuð föst venja, að greiðslur fara allmikið fram úr áætlun fjárlaganna. Þær greinar, sem hafa farið mest fram úr áætlun, eru 20. gr., sem hefur orðið á ríkisreikningum um 72,5 millj. króna, í stað 17,5 á fjárlögunum, og aukningin því 55 millj. Næst

kemur 19. gr. 1, og mun hafa verið sem endranær mjög erfitt 1947 að áætla hana nær hófi, enda hefur hún farið þá um 35 millj. fram úr áætlun. Aðra liði tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða um, þó að ýmsir liðirnir í frv. séu athyglisverðir, m. a. 9. liður 2. gr., sem sýnir, að rekstrarhalli skipasmiðju landssmiðjunnar hefur verið um 2 millj. kr., en tekjur hennar um 48 þúsundir. Mun þar verið að mæta mistökum liðinna ára, en verður til að hækka fjáraukalögin verulega. Einnig má benda á, að ríkisbúin valda töluverðri hækkun, en þau eru tekin upp á þessum fjáraukalögum, án þess þó að þau hafi verið tekin inn á fjárlög tilheyrandi árs. Ég hefði ímyndað mér, að ríkisstj. væri það nokkuð metnaðarmál á hverjum tíma að hafa ekki fjáraukalögin hærri en nauðsyn krefði, og því virðist mér það hefði verið æskilegt að taka þau inn á fjárlögin, en hafa þau ekki utan þeirra, eins og nú er. Það mætti ef til vill segja, að fjvn. geti á hverjum tíma gert kröfu til þess, að þau séu tekin inn á fjárlögin, ef hún telur það æskilegt, en ég verð að ætla, að það sé fremur í verkahring fjmrh. að ákveða slíkt, þar sem um rekstur ríkisbúanna er að ræða.

Um þetta frv. út af fyrir sig vil ég segja það, að mér finnst það furðulega flausturslega samið og frágangurinn slæmur af hálfu fjármálaráðuneytisins. Ég á þar við, að það er hvimleitt, að það skuli þurfa að vera verkefni nefndar á Alþingi að gera á því tölulegar leiðréttingar, því að eins og sést á þskj. 532, eru þær furðu margar. Slíkt ætti auðvitað ekki að koma fyrir. Þær leiðréttingar, sem nefndin þurfti að gera, eru á þskj. 532,a, b, d, e og f liður, en það víkur aftur á móti öðruvísi við með c-lið, og má segja, að þar sé um principielt atriði að ræða, varðandi viðtækjaverzlun og viðgerðarstofu ríkisútvarpsins. Ráðuneytið mun líta svo á, að þar sem þessi fyrirtæki hafa skilað arði, þá sé það nóg, og hefur það sett nettóútkomuna af reikningum þeirra yfir á reikning ríkisútvarpsins. En fjvn. hefur ekki getað fallizt á þetta og hefur því leyft sér að bera fram 2 brtt. um umframgreiðslur til þessara stofnana. Afleiðingin af þessu er sú breyting, sem kölluð er b á þskj. 532, og er það eini liðurinn í brtt., þar sem um lækkun er að ræða, og er það í sambandi við það, að ráðuneytið tók hærri rekstrarhalla inn á ríkisútvarpið en fjvn. telur nauðsynlegt. Viðtækjasmiðjan er í fjárlögum fyrir árið 1947, og þar sem rekstrarkostnaður hefur ekki farið fram úr áætlun, þá á rekstrarhallinn ekki skylt við aðalútkomuna, og þarf því ekki að leita sérstakra heimilda fyrir þá greiðslu.

Ég vildi svo að lokum víkja lítils háttar að því formi, sem fjáraukalögin hafa verið í undanfarin ár. Ég ætla, að tilgangur þeirra sé sá að leita heimildar Alþingis fyrir allar umframgreiðslur, sem hafa verið viðhafðar á viðkomandi ári, og til skamms tíma mun sú aðferð hafa verið viðhöfð að leita heimildar fyrir hvern þann lið, sem farið hefur fram úr áætlun. En nú um nokkurt skeið hefur verið breytt til að tilhlutun fjmrn., þannig að það hefur leitað heimildar fyrir hverja grein fjárlfrv., sem farið hefur fram úr áætlun. Um ríkisstofnanirnar hefur þó verið viðhafður sami háttur og áður í aðalatriðunum, að leitað hefur verið leyfis fyrir hverja umframgreiðslu. Þetta virðist máske í fljótu bragði eðlilegur háttur, þar sem hver niðurstöðugrein getur gefið tilefni til umræðna, en þegar betur er að gætt, kemur í ljós, að það er raunar ótækt, ef ríkisstj. þarf ekki að leita leyfis á sínum tíma fyrir hvern lið, sem fer fram úr áætlun. Ef tekið er dæmi, þá mætti hugsa sér, að einn liðurinn hefði farið 100 þús. kr. fram úr áætlun og aðrir um önnur 100 þús., eða samtals um 200 þús. kr. umframgreiðslur, en um leið hafi tekizt að spara í einstökum lið um 100 þús., svo að heildarútkoman hefði ekki orðið nema 100 þús. kr. fram úr áætlun. Ef þessi aðferð væri viðhöfð, þá þyrfti ríkisstj. ekki að fá heimild fyrir hverri umframgreiðslu, heldur aðeins niðurstöðugreinunum. Nú væri hægt að hugsa sér, að nýir liðir yrðu teknir upp innan ákveðinnar greinar og háar upphæðir greiddar út án þess að heimild væri til þess í fjárl. En ef ríkisstj. tekst að spara svo í heild, að greinin fari ekki fram úr áætlun, þá verður niðurstaðan sú, að ríkisstj. þarf ekki að leita heimildar hjá Alþingi, þótt hún leggi út í kostnað, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárl. Væri þá látið nægja að fá samþykki Alþingis á útkomu greinarinnar í heild.

Ég tel því, að ástæða væri til að óska þess, að fjmrn. og hv. yfirskoðunarmenn hér á Alþingi fái því áorkað, að sá háttur á þessum málum verði ekki hafður á framvegis sem hingað til. Það mætti máske spyrja, hví fjvn. hefði ekki gert formlega athugasemd við þetta mál nú, en það liggur í því, að þá þyrfti að gerbreyta fjáraukalögunum og að hún telur æskilegra að gera raunhæfar breytingar og koma reglu á þetta mál í framtíðinni.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að hafa þessi orð fleiri, en eins og ég gat um í upphafi, þá leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem prentaðar eru á þskj. 532.

ATKVGR.
Brtt. 532,1 samþ. með 30 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 532,2 samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 31. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 560).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 594).

---

33. Skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Á 12. fundi í Ed., 31. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 11. júní 1938, um breyt. á l. nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa [58. mál] (stjfrv., A. 94).

Á 14. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það þarf ekki mörg orð um þetta litla frv. Það er aðeins fram borið til að gera innheimtu á skipulagsgjöldum öruggari en verið hefur, með því að hægt sé að tryggja innheimtuna með lögveði í húsum, sem um er að ræða. — Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Mál sem þetta munu venjulega hafa verið í heilbr.- og félmn. til meðferðar, og ég legg til, að frv. verði vísað til þeirrar hv. n., að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 94, n. 150).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigða leitað að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu **já:** LJóh, PZ, RÞ, VH, IF, BBen, EE, BSt.
9 þm. (StgrA, BrB, FRV, GJ, HV, HG, HermJ, JJós, KK) fjarstaddir.

Forseti (BSt): Átta hv. dm. hafa sagt já, en níu eru fjarstaddir. Deildin er því ekki ályktunarfær, og er málið tekið af dagskrá.

Á 20. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Aðaltilgangur frv. þessa er að tryggja með lögum skipulagsgjald af nýbyggingum, og skal gjaldið reiknast af brunabótaverði nýbygginganna. — Heilbr.- og félmn. hefur rætt frv. þetta á fundi og mælir með, að það verði samþ.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Ég gat þess, er frv. var afgr. í n., að ég vildi hafa óbundnar hendur með að leggja fram brtt. við það. Ég hef þó ekki gert það, vegna þess að ég varð var við, að skipulagsstjóri hefði hug á að koma fram með breytingu. Veit ég til þess, að hann hafi nú gert það, og býst ég við, að n. athugi þær einhvern daginn, en frsm. lét þess ekki getið.
Ég er samþykkur frv. svo langt sem það nær. En gjaldið leggst aðeins á nýbyggð hús og með sívaxandi þunga fyrir þá, sem byggja, og í annan stað er þetta ótryggur tekjustofn. Þetta hygg ég, að skipulagsstjóra sé ljóst, og því vill hann fá breytingar á frv.
Ég mælist til, að það verði athugað að nýju í n. í samráði við skipulagsstjóra, og áskil ég mér rétt til þess að flytja brtt. við frv. við 3. umr.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. þetta var samið í samráði við skipulagsstjóra. En er n. hafði gengið frá áliti sínu, komu skilaboð um það frá skrifstofu hans, að hann ætlaði að athuga þetta nánar, og sagði ég þá, að tími væri til þess milli 2. og 3. umr., og geng ég út frá því, að þetta verði svo. — Ég sá ekki ástæðu til þess að geta þess nú, en hvað sem kemur nýtt fram í málinu, verður tekið til athugunar milli 2. og 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 53. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 54. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð um þetta frv., en það er, eins og menn muna, komið frá Ed. og hefur legið þar lengi. Þar voru gerðar smávægilegar breyt. á lögum um skipulag kauptúna og sjávarþorpa. Það hefur verið mjög erfitt að innheimta gjöld af lóðunum vegna tiðra eigendaskipta. — Ég vænti þess, að hv. deild geti fallizt á þetta frv., og þó að liðið sé á þingið vona ég, að málið fái afgreiðslu. — Að lokum legg ég svo til, að frv. verði vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 94, n. 582).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, er komið frá Ed. og hefur fengið athugun í heilbr.- og félmn. þessarar deildar. Þar er lagt til, að lögfest sé sú litla breyting, að hið svokallaða skipulagsgjald, sem er 3‰ af hverri nýbyggingu í þeim bæjum, þar sem byrjað er að vinna að skipulagi, verði tryggt með lögveði. Einnig er til þess ætlazt, að gjaldið sé miðað við brunabótavirðingu hverrar nýbyggingar. — Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 627).

34. Sveitarstjórar.

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um sveitarstjóra [49. mál] (stjfrv., A. 83).

Á 12. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Frv. það til l. um sveitarstjóra, sem borið er fram á þskj. 83, er ekki nýr gestur hér á Alþ. Með þáltill., sem samþ. var á Alþ. 1949, var félmrn. falið að semja frv. um þetta efni, og í samræmi við það var á síðasta Alþ. borið fram frv. til l. um sveitarráðsmenn. Frv. þetta náði ekki samþykki Alþ., en hraktist milli d. og dagaði loks uppi. Félmrn. lítur svo á, að þingvilji muni vera fyrir því, að frv. í þessa átt verði samþ. hér á Alþ., og því hefur rn. látið endurskoða frv. það, sem lá fyrir í fyrra, og gert á því nokkrar breyt. í samræmi við þann vilja, sem þá kom fram á þinginu um málið. Er frv. nú borið fram í þessari nýju mynd, og leyfi ég mér að væntą þess, að það fáist samþ. á þessu þingi sem næst því, sem það er hér borið fram. Ég vil taka fram, að ég er fús til að ræða málið við þá n., sem fær það til athugunar, en ég hygg, að í meginatriðum sé gengið til móts við þær óskir, sem sérstaklega stóðu í vegi fyrir, að frv. næði samþykki í fyrra. — Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið við þessa umr., þar sem það er nokkuð kunnugt hv. þm. og ýtarleg grg. fylgir frv., og leyfi ég mér að leggja til, að því verði vísað til hv. heilbr.- og félmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 83, n. 241).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta mál til athugunar, og liggur álit nefndarinnar fyrir á þskj. 241. N. leggur til, að frv. verði samþykkt, en vill gera á því nokkrar breytingar, sem eru prentaðar á þskj. 241. Fyrsta brtt. n. er á þá leið, að n. telur eðlilegt, að lög, sem sett eru um þetta efni, feli í sér heimild fyrir hreppa með fleiri en 500 íbúa til að taka upp þá skipan, sem frv. gerir ráð fyrir, en ekki að þeim verði gert að skyldu að ráða sérstakan sveitarstjóra. — Önnur brtt. er aðeins orðalagsbreyting á 2. gr. frv. og er bein afleiðing af breyt. á 1. gr. — Þriðja brtt. fjallar svo um að breyta orðalagi á 3. gr. frv., og að í stað þess, sem í frv. stendur, að ekki sé heimilt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil sveitarstjórnar né önnur ákveðin takmörk, komi, að ekki sé skylt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil sveitarstjórnar o. s. frv. N. finnst þessi breyt. eðlileg. — Í 7. gr. frv. er mælt svo fyrir, að sveitarstjórn sé heimilt að ákveða þóknun til oddvita, þegar sérstaklega stendur á, en til þess þurfi samþykki félmrh. N. leggur til, að orðin „að þar til fengnu samþykki félmrh." falli brott, þar eð hreppsnefnd ber ábyrgð á þóknun, sem hér um ræðir, og þar sem hún er líka greidd úr sveitarsjóði. — Fimmta brtt. n. er við 8. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir, að félmrh. hafi íhlutun um ágreining, ef upp kemur, á milli sveitarstjóra og hreppsnefndar, en n. leggur til, að þarna verði gerð breyt. á, þannig að íhlutunarvald félmrh. verði meira takmarkað en gert er ráð fyrir í frv. — Sjötta brtt. fjallar um það, að 9. gr. falli burt, en það er eðlileg afleiðing af brtt. við 1. gr., að lögin feli í sér heimild fyrir hreppa með íbúafjölda yfir 500 að taka upp það skipulag, sem hér um ræðir. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þær brtt., sem eru prentaðar á þskj. 241, nema þá sérstakt tilefni gefist.

ATKVGR.
Brtt. 241,1 (ný 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 241,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 241,3 (ný 3. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 241,4 samþ. með 21 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 241,5 (ný 8. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 241,6 (9. gr. falli burt) samþ. með 21 shlj. atkv.
10. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 262).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., 5. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 32. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð um þetta frv. Þetta frv. lá fyrir í fyrra og var samið að tilhlutun Alþingis, til að ráða fram úr erfiðleikum framkvæmdastjórnar í sveitarfélögum. Þá náðist ekki samkomulag um frv., og lét félmrn. endurskoða það og lagði það svo fyrir Nd. Á frv. hafa verið gerðar breyt. í Nd. Helzta breyt. er, að sveitarfélögum var samkv. frv. gert skylt að hafa sérstakan sveitarstjóra, þ. e. a. s. í þeim þorpum og sveitarfélögum, sem telja yfir 500 íbúa. En eins

og það stendur núna, er þetta aðeins heimild fyrir sveitarfélögin. Ég tel þessa breyt. síður en svo til bóta. Í sumum sveitarfélögum er full nauðsyn að kjósa slíkan sveitarstjóra, en ekki hægt að leggja framkvæmd allra mála á herðar oddvitans. Hitt hefði ég vel getað hugsað mér, að hámarkinu væri breytt og miðað við t. d. 600 íbúa. Ég vil taka það fram, að ég mun ekki setja fyrir mig, þó að breyt. yrði gerð. En ég vildi mælast til fyrir mitt leyti, að frv. yrði afgr. héðan í því formi, sem það nú er. Og hér er um hrein heimildarlög að ræða. Að lokum legg ég svo til, að frv. verði vísað til hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 54. og 55. fundi í Ed., 23. og 25. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Ed., 26. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 262, n. 519 og 527).

Frsm. meiri hl. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Eins og segir á þskj. 519, hefur heilbr.- og félmn. klofnað um þetta mál. Minni hl. hefur ekki getað orðið sammála meiri hl. um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm. var fjarverandi, er málið var afgreitt.

Þetta frv. var borið fram á síðasta þingi og er hv. þdm. kunnugt síðan þá, en forsaga þess er sú, að það var á sínum tíma samþ. hér á Alþ. þáltill. í þá átt að skora á ríkisstj. að athuga, á hvern hátt stjórn stærri kauptúna yrði haganlegast fyrir komið. Það er þannig nú orðið, að stjórnir stærri kauptúnanna hafa svo margháttaða starfsemi með höndum, t. d. vatnsveitu, rafveitu, hafnarmannvirki o. fl., að það er orðið allt of mikið starf fyrir oddvita, sem venjulega gegnir öðru föstu embætti, að hafa þetta fyrir aukastarf. Þess vegna virðist óhjákvæmilegt, að þessir staðir eigi þess kost að taka upp aðra skipun á þessum málum, þ. e. að fá starfsmann, sem tæki þessi störf að sér.

Eins og ég sagði áðan, þá hefur þetta mál á síðasta þingi gengið í gegnum þessa deild og út úr henni aftur, svo að það er mjög kunnugt. Ég vil þó aðeins geta þess, að málið, eins og það kemur nú til deildarinnar, er mjög fært í þá átt, sem hv. minni hl. vildi breyta því og fékk því breytt með sínum brtt. á síðasta þingi, en þó ekki fullkomlega, en mér virðist þó, að hv. deild ætti að geta sammælzt um það, eins og það kemur frá hv. Nd. Eins og það var í byrjun, þá var það gert að skyldu, að hreppar, sem höfðu yfir 500 íbúa, skyldu fela sérstökum sveitarstjóra stjórn og framkvæmd hreppsmála. Þessu er breytt í Nd., svo að nú er aðeins um heimild að ræða. Einnig hefur orðið allmikil breyting á því frá því, sem var á síðasta þingi, í þá átt að skerða afskipti félmrn. af þessum málum, og geri ég ráð fyrir, að flestir telji þær breytingar til bóta. Enn er eitt atriði, sem breytt hefur verið. Áður var gert ráð fyrir, að laun sveitarstjóra væru ákveðin, nú hefur það verið fellt niður, svo að það er tiltölulega lítið orðið eftir af því, sem sérstakur ágreiningur var um á síðasta þingi.

Ég vænti þess, að hv. deild sjái sér fært að samþ. frv. eins og það er komið frá Nd., og hef svo ekki fleiru við þetta að bæta.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef ekki getað orðið samþykkur meiri hl. um afgreiðslu málsins og hef því gefið út sérstakt nál. á þskj. 527.

Það er rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að frv. er nú mjög fært í það horf, sem hv. deild gekk frá því á síðasta þingi, en því var þá breytt aftur í Nd. Hæstv. félmrh. hefur nú látið undirbúa málið fyrir þetta þing, og farið mjög inn á þá braut, sem þessi hv. deild fór í fyrra, en það eru þó ekki tekin upp öll þau atriði, sem þá voru samþ., og því vil ég ekki, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, en vil fá á því þær leiðréttingar, sem fengust í fyrra, og þær eru bornar fram á þskj. 527.

1. brtt. er við 5. gr. og er um, að í stað þess, að fyrirskipað sé með lögum, að sveitarstjóri fari með störf oddvita, þá sé það heimilt, á sama hátt og heimilt er að ráða sveitarstjóra. Þannig var gengið frá þessu ákvæði í fyrra, og er hér tekið orðrétt upp eins og það var þá samþ. Þetta er þá á valdi hverrar sveitarstjórnar á sínum tíma, og þykir mér það eðlilegra en að það sé ákveðið með lögum.

B-liður 1. brtt. er um, að 2. málsgr. 5. gr. falli niður, en sú málsgr. hljóðar þannig: „Að öðru leyti skal starfssvið sveitarstjóra og verkaskipting milli hans og oddvita nánar ákveðin í samþykkt um stjórn málefna sveitarfélagsins, sem hreppsnefnd semur, en félmrn. staðfestir.“ Ég álít, að þetta eigi að vera í samningnum milli sveitarstjórnarinnar og sveitarstjórans og starfssvið sveitarstjórans ákveðið þar, en ekki hér. Þess vegna legg ég til, að þessi málsgr. falli niður.

2. brtt. mín er við 6. gr., um að 2. málsgr. falli niður. Um þetta var mikið deilt á síðasta þingi, en málsgr. er þannig: „Nú er hreppsnefndarmaður kjörinn sveitarstjóri, og fellur þá niður umboð hans sem hreppsnefndarmanns þann tíma, er hann gegnir sveitarstjórastarfi, en varamaður hans tekur sæti í hreppsnefndinni.“ Ég sé enga frambærilega ástæðu til, að maður víki úr hreppsnefnd, þó að hann sé kjörinn sveitarstjóri, frekar en maður, sem kjörinn er oddviti. Mér finnst þvert á móti eðlilegt, að hann sitji áfram í hreppsnefnd, þó að honum sé falin stjórn og reikningshald ýmissa mála.

Síðasta brtt. mín er við 8. gr. frv. og er um, að hún falli niður úr lögunum. Ég skal viðurkenna, að það er eðlilegt, að slíkur maður verði að víkja úr embætti sínu fyrir ítrekaða vanrækslu, en það á að vera samningsatriði og ekki þurfa lagaákvæði til, enda stendur það ekki í lögum um aðra embættismenn. Það er hins vegar í lögum, að ýmsir menn, sem sérréttindi hafa, t. d. bílstjórar, verði að sæta ábyrgð eða víkja frá starfi, ef þeir t. d. aka undir áhrifum áfengis, en líkt ákvæði og þetta stendur hvergi um embættismenn. Ég vil þó endurtaka, að ég er ekki að mæla með, að þessir menn vanræki störf sín eða að það verði látið óá-

talið, ef þeir verða fundnir sekir um hirðuleysi.

Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða málið nánar. Það var þrautrætt á síðasta þingi, og í mínum till. er ekkert, sem ekki var samþ. þá, og legg ég til, að þær verði samþ. aftur núna. Að öðru leyti er ég frv. sammála, þó að ég telji, að það breyti ákaflega litlu.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Vegna þess, að ég er eiginlega upphafsmaður að því, að þetta mál er fram komið, sé ég ástæðu til að þakka n. fyrir afgreiðslu þess. Þó að nokkur ágreiningur sé í n., þá sé ég ekki, að hann sé svo stórvægilegur, að það ætti að verða málinu að falli.

Ég álít, að mál þetta sé, a. m. k. í sumum sveitarfélögum, langtum meira hagsmunamál en kannske virðist í fljótu bragði, og þess vegna er mjög þýðingarmikið, að það nái fram að ganga, enda er kominn tími til þess. Sumir hafa að vísu haldið fram, að hrepparnir gætu án sérstakrar heimildar ráðið aðstoðarmann oddvita og látið hann hafa svipuð störf og hér er gert ráð fyrir, en það er mjög vafasamt, að það sé löglegt að borga slíkum aðstoðarmanni úr sveitarsjóði, og auk þess væri aldrei hægt að fela slíkum manni alveg sams konar störf og hér er gert ráð fyrir að sveitarstjórinn hafi.

Sá ágreiningur, sem orðið hefur í n., finnst mér heldur smávægilegur. 1. og 3. brtt. hv. þm. Barð. virðast mér það smávægilegar, að ég sé ekki nauðsyn á, að þar fari breyting fram. T. d. 3. brtt. um að fella niður 8. gr., þar sem tekið er fram, að víkja megi sveitarstjóra frá, ef hann sýnir vanrækslu og hirðuleysi í starfi. Þetta liggur í hlutarins eðli og á við um alla starfsmenn, sem hirðuleysi og vanrækslu sýna, þeim má víkja frá starfi, og má því kannske segja, að óþarft sé að hafa þetta í lögunum, en að það sé skaðlegt, get ég ekki séð. Þess vegna finnst mér, að þessar tvær brtt. hv. þm. Barð. séu þýðingarlitlar. Öðru máli gegnir um 2. brtt. hans, sem er um að fella niður 2. málsgr. 6. gr. frv., sem fjallar um, að sé hreppsnefndarmaður kjörinn sveitarstjóri, þá falli niður umboð hans sem hreppsnefndarmanns. Ég sé ekki neina ástæðu til, að umboð hreppsnefndarmanns falli niður, þó að hann sé kjörinn sveitarstjóri. Ef hreppsnefndarmaður yrði kjörinn sveitarstjóri, þá yrði það í flestum tilfellum oddvitinn, enda væri annað óeðlilegt. Nú má spyrja, hvort það hafi nokkra þýðingu að vera að kjósa oddvita fyrir sveitarstjóra, þar sem hann á hvort sem er að annast þessi störf. Jú, það getur einmitt haft þýðingu. Ágætur maður, sem er kannske búinn að fá æfingu í oddvitastarfinu, fæst oft ekki til að gegna því lengur vegna launakjaranna. Það mun vera í fáum hreppum, sem oddvitinn getur lifað á sínum oddvitalaunum, hann verður að hafa annað aðalstarf til að lifa af. Ég get vel hugsað mér, að hreppur leggi svo mikla áherzlu á að halda oddvita sínum, að hann vilji leggja á sig aukagjöld til þess, en lagaheimild er ekki til, sem leyfir að borga oddvita meira en sveitarstjórnarlögin ákveða. Auðvitað mætti breyta sveitarstjórnarlögunum hvað þetta snertir, en þar sem nauðsyn er til af öðrum ástæðum að setja lög um sveitarstjóra, vegna þess að það er ekki víst, þó að þörf sé á slíkum starfsmanni, að neinn hreppsnefndarmanna sé fáanlegur til þess, þá finnst mér alveg eins handhægt að ganga svo frá lögunum um sveitarstjóra, að möguleiki sé á, að hreppsnefndarmaður, t. d. oddviti, gegni sveitarstjórastörfum. Þó að það sé mjög freistandi af því, hvað mjög er liðið á þingtímann að því er menn halda, að samþ. frv. óbreytt, svo að það geti nú loksins orðið að lögum, þá finnst mér, að 2. málsgr. 6. gr. frv. sé svo meiningarlaus, að ég get ekki annað en mælt með 2. brtt. hv. þm. Barð. um, að þessi málsgr. falli niður. Ég veit, að verði þetta frv. að lögum, þá mundi hreppur, sem ég þekki til í, óska eftir, að oddvitinn tæki þessi störf að sér, og því ætti það ekki að vera leyfilegt? Því ætti hann endilega að hrökklast úr hreppsnefndinni fyrir það? Er hann ófærari til að hlutast til um málefni hreppsins fyrir það? Það fæ ég ekki skilið.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja umræðurnar lengi, þetta mál hefur verið rætt svo mikið hér í deildinni áður.

Ég var ekki staddur á fundi heilbr.- og félmn., en ég var samþykkur hv. þm. Barð. í fyrra um brtt. við frv., og ég geri ráð fyrir, að ég hefði orðið það líka nú.

Það er rétt, að það er nokkurt tilefni til að gera breytingar á gildandi ákvæðum sveitarstjórnarlaganna um framkvæmdastörf sveitarstjórnar. Af þeim sveitarfélögum, sem hafa verulega íbúatölu, eða yfir 500, eru þess dæmi, að sveitarfélög eru til, sem ekki eru kaupstaðir, en hafa þó yfir 1500 íbúa, og þar hefur það komið í ljós, að erfiðleikar eru á framkvæmd sveitarstjórnarmálefnanna, ef litið er mjög á bókstaf sveitarstjórnarlaganna eins og þau eru nú. Því er einfalt mál, að breyta má sveitarstjórnarlögunum svo, að það standi á engan hátt fyrir sveitarfélögum, þó að þau vilji koma stjórn sinna mála öðruvísi fyrir. Ég veit ekki til, að það standi fyrir neinni sveitarstjórn, sem vill koma framkvæmdastjórn sinna mála öðruvísi fyrir en gert er ráð fyrir í lögum, að fá þær breytingar fram með samþykki viðkomandi sýslunefndar. Ég veit ekki til, að neitt af þeim sveitarfélögum, sem hafa yfir 500 íbúa og óskað hafa eftir breytingu á framkvæmdastörfunum, hafi óskað eftir neinum ákvæðum, sem svipuð væru þeim, sem eru í þessu frv. Aðalatriði þessa frv. voru að gera það lögbundið, að öll sveitarfélög, sem höfðu vissa tölu íbúa, áttu að vera skyld til að ráða sérstakan embættismann. Það var að mínum dómi fráleitt. Enn fremur var ákveðið, að launakjör hans skyldu alls staðar vera hin sömu, og væri hreppsnefndarmaður kjörinn sveitarstjóri, þá átti umboð hans sem hreppsnefndarmanns að falla niður. Öll þessi ákvæði voru algerlega fráleit. Og ég skil ekki í því, að hæstv. félmrh. skuli hafa flutt slíkt frv. á ný inn í þingið, eftir að Alþ. breytti því eins og það gerði á síðasta þingi, en nú er þetta aðeins í heimildarformi, svo að það er mun aðgengilegra en það var, en betra hefði þó verið að gera aðeins breytingar á ákvæðum sveitarstjórnarlaganna. Hv. 1. þm. Eyf. benti á, að ákvæði þeirra laga væru þröng í þessum efnum, en ég held, að nú séu á leiðinni breytingar á þeim ákvæðum l., sem eru orðin úrelt, en það eru mörg ákvæðin, sem eru orðin það. En ég held, að það hefði verið hægt að notast við þau enn um

stund með því móti, að sýslunefndirnar hefðu verið hliðhollar í þessum efnum.

Af brtt. hv. þm. Barð. held ég að 2. till., um það að fella niður það ákvæði í frv., sem kveður svo á, að hreppsnefndarmaður verði að leggja niður það umboð, sem kjósendur hafa gefið honum, ef hann gerist sveitarstjóri, sé sjálfsögð, og ég mun einnig fylgja hinum brtt. hans.

Að síðustu vil ég segja það, að mér finnst miklu eðlilegra að breyta sveitarstjórnarlögunum, bæði hvað þetta snertir og eins þeim ákvæðum þeirra, sem úrelt eru orðin, heldur en koma fram með þetta frv., en engu að síður mun ég geta fellt mig við þetta í heimildarlagaformi, ef brtt. hv. þm. Barð. ná þá fram að ganga.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það er að vísu rétt, sem hv. 7. landsk. sagði, að það má ná öllu því, sem í þessu frv. felst, með breytingu á sveitarstjórnarlögunum, en ekkert frv. liggur nú fyrir um breytingar á þeim, og þó að slíkt frv. væri flutt nú, vita allir, að það nær ekki fram að ganga á þessu þingi. Öðru máli gegnir með þetta frv., sem komið er til 2. umr. í síðari deild, svo að það nær sennilega fram að ganga. Þetta er þýðingarmikið mál fyrir sum sveitarfélög og því rétt að samþykkja það, þó að ég játi, að því sama mætti ná með breytingu á sveitarstjórnarlögunum. Aftur á móti er það misskilningur hjá hv. þm., að sýslunefndir geti heimilað hreppsnefndum það sama og þetta frv. heimilar þeim. Það getur oft staðið svo á, að enginn hreppsnefndarmaður getur gegnt oddvitastarfi á viðunandi hátt, en ég held, að sýslunefnd geti ekki heimilað utanhreppsnefndarmanni að gegna því. Ég held sannast að segja, að það þurfi að túlka lögin dálítið frjálslega til þess að fá slíkt fram. Ég held einnig, að sýslunefnd geti ekki heimilað hreppsnefnd að hækka laun fyrir þetta starf meira en lög mæla nú fyrir, en að vísu má oft heimila hærri innheimtulaun á ýmsum gjöldum, en þó ekki nema að vissu takmarki. En ef sveitarstjórnarlögin verða endurskoðuð, þá held ég að vel færi á því að fella þessi lög inn í þau og afnema þau þar með sem sérstök lög.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að tvær af brtt. mínum væru lítils virði, og vil ég því skýra þær nánar.

Þá er það fyrst 1. brtt. Það var eðlilegt, að 5. gr. hljóðaði svo í frv. á þskj. 83, ef frv. hefði verið samþ. eins og það var lagt fram, því að þar voru hreppsnefndir skyldaðar til að ráða sérstakan mann til að hafa með höndum framkvæmd sveitarmálefna og hreppsnefndin hafði enga völ um, hvort hún framkvæmdi þetta eða ekki, en nú er aðeins um að ræða heimild fyrir hana til að ráða sveitarstjóra. Nú hefur þetta breytzt svo, að hreppsnefnd getur ráðið til sín mann án þess að fela honum framkvæmd allra sinna mála, eins og gert var ráð fyrir í 1. gr. frv. eins og það var lagt fram hér í þinginu. En þar sem þetta skyldu-ákvæði hefur nú verið fellt burt úr frv., en í stað þess sett heimildarákvæði, þá finnst mér, að hreppsnefndin eigi að hafa óskorað vald til að ákveða, til hvaða starfa hún ræður sér mann. Það getur verið hagnaður að því fyrir sveitarfélagið að ráða sérstakan mann til að hafa með höndum hin ýmsu sveitarmál, svo sem vatnsveitu, rafveitu, hafnarmál, togaraútgerð, frystihúsrekstur o. s. frv., þó að hún vilji ekki láta hann hafa með höndum framkvæmd allra sinna mála. Það er því rökrétt, þegar um heimildarákvæði handa hreppsnefnd er að ræða, að hún þurfi ekki að ráða mann til að sjá um framkvæmd allra sinna mála, heldur aðeins hluta þeirra, ef henni sýnist svo. Og finnst mér því, að þessi brtt. sé síður en svo þýðingarlaus.

Viðvíkjandi brtt. minni við 8. gr., þá má ekki skoða hana svo, að ég vilji ekki hafa fullan hemil á því, að menn vanræki ekki störf sín, en mér finnst undarlegt að taka þetta fram í þessu frv. um heimild fyrir sveitarfélög til að ráða sér starfsmann, þegar þetta er látið afskiptalaust um embættismenn ríkisins, en ég er þessu ákvæði hins vegar fylgjandi, ef það væri látið ná til allra embættismanna, en það er síður en svo, að það sé gert. Það er alkunna, að sumir starfsmenn ríkisins hafa setið í embættum í tugi ára, þó að þeir hafi stórlega brotið af sér í starfi sínu, og dæmi eru til, að þeir hafi eftir slíkan embættisferil verið leystir frá störfum með fullum eftirlaunum eða jafnvel fullum launum. Því er þá verið að setja þessi ákvæði um þennan eina flokk manna, þegar þau eru ekki látin ná til annarra, sem sitja í miklu þýðingarmeiri embættum og hærra launuðum? Það er af þeim ástæðum, sem ég ber fram till. mína, að ég vil láta jafnt yfir alla ganga í þessum efnum.

Viðvíkjandi brtt. minni við 6. gr. þarf ég ekki að ræða við hv. 1. þm. Eyf., því að þar er hann sammála mér, en ég tel þetta þýðingarmikið atriði, og ef því verður ekki breytt, þá held ég, að fá sveitarfélög munu nota sér heimild þessara laga, ef þau verða bundin við þessi ákvæði. — Ég vil því mælast til, að 1. og 2. brtt. verði samþykktar. 3. till. byggist á því einu, að mér finnst óeðlilegt, að slíkt ákvæði sé í þessum einu lögum, án þess að þetta sé upp tekið sem almenn regla um embættismenn.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram, að mér finnast ákvæði 8. gr. óþörf, ekki vegna þess, að þau séu ekki sjálfsögð, heldur vegna þess, að ég tel meginefni þeirra svo sjálfsagt, að ekki þurfi að taka það fram í frv. Öllum ráðningum er þannig háttað, að víkja má hlutaðeigandi fyrirvaralaust frá starfi, ef hann gerist sekur um hirðuleysi eða vanrækslu í starfi sínu, án þess að slíkt þurfi að taka sérstaklega fram í samningi eða skipunarbréfi. Aftur á móti finnst mér, að taka þyrfti sérstaklega fram, ef maður mætti halda stöðu eftir að hafa gert sig sekan um slíka vanrækslu í starfi sínu. Ég tel því 8. gr. óþarfa. Það er ekki rétt, að hér sé verið að skapa neina sérstöðu gagnvart öðrum embættismönnum með þessum ákvæðum í 8. gr. Það eru til margir dómar fyrir því, að menn hafa orðið að víkja úr embættum, ef vanrækslu eða hirðuleysi í starfi hefur sannazt á þá, en hitt er rétt, sem hv. þm. Barð. sagði, að slíkum ákvæðum hefur ekki alltaf verið beitt — og má segja of sjaldan, og dæmi munu vera til þess, að menn hafi setið í

embættum í mörg ár og brotið af sér í starfinu, án þess að þeir hafi verið látnir svara til saka fyrir það. En um slíkt ber ekki að kenna löggjöfinni, heldur þeim, sem hafa framkvæmd hennar með höndum. Ég tel 8. gr. því algerlega óþarfa og að menn þurfi ekkert að óttast, að það verði tekið sem forsenda í máli, sem út af slíku kynni að rísa, að ekkert væri tekið fram um slíkt í lögunum, þar sem margir dómar eru fyrir því, að menn hafa orðið að láta af starfi, ef vanrækslu eða hirðuleysi hefur sannazt á þá. En fyrir utan það, að greinin er óþörf, þá er hún óljós, ef ekki fjarstæð, því að þar stendur: „Nú verður sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu eða skeytir ekki áminningu hreppsnefndar, og getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum.“ Með því að nota þarna orðið „eða“ er „áminning hreppsnefndar“ sett sem nokkurs konar andstæða eða annar liður en „stórfellda og ítrekuð vanrækslu eða hirðuleysi“, og virðist eftir því orðalagi, að hreppsnefnd geti losað sig við sveitarstjóra með því móti að gefa honum áminningu án þess að tilgreina sakir á hann, þannig að hreppsnefnd geti losað sig við samvizkusaman starfsmann, sem hún kann að vera mótfallin, með því einu móti að áminna hann. Ef áminning hreppsnefndar á að koma vegna vanrækslu og hirðuleysis, þá ætti að standa þarna „og“ í staðinn fyrir „eða“, því að það væri alger nýjung í lögum, ef hægt væri að losna við starfsmann á þennan hátt. Þetta er því ekki einungis óþarft, heldur fjarstætt, þar sem það er auk þess tekið fram í frv., að ráða megi starfsmanninn til viss tíma, og þá ætti einnig að vera hægt að setja inn í ráðningarsamninginn, að segja megi honum upp, þegar hreppsnefndin vill, þó að enginn vilji auðvitað ráða sig með slíkum kjörum.

Frsm. meiri hl. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af brtt. hv. minni hl.

Þá er fyrst brtt. hans við 5. gr. Hv. minni hl. telur hana vera í samræmi við þá breyt., sem búið er að gera á frv. Ég held, að það geti ekki staðizt, heldur sé hér aðeins um að ræða nánari skilgreiningu á því, hvaða störf sveitarstjóranum skulu falin. Sá maður, sem mundi vera ráðinn til þess eins að veita forstöðu togaraútgerð sveitarfélagsins, hafnarmálum, vatnsveitu eða slíku, mundi aldrei vera kallaður sveitarstjóri. — Þá vill hv. minni hl. einnig láta fella niður það ákvæði, að starfssvið sveitarstjóra og verkaskipting milli hans og oddvita skuli ákveðið með samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, en þetta er sambærilegt og þegar lög eru ekki tæmandi og nánar kveðið á í reglugerð. — Þá hefur nokkuð verið rætt um 2. málsgr. 6. gr., um það, hvort heppilegt sé, að umboð hreppsnefndarmanns falli niður, ef hann gerist sveitarstjóri, eða ekki. Mér finnst eðlilegt, að sá maður, sem fær jafnmikið vald og sveitarstjóri, sitji ekki áfram í hinum fámennu hreppsnefndum. Ég get ekki séð, að slíkt sé neinum vandkvæðum bundið og að varamenn geti auðveldlega tekið við af aðalmanni, sem gerist sveitarstjóri, en sessunautur minn, hv. 2. þm. S-M., var að skjóta því að mér, að í sumum sveitarfélögum væru engir varamenn og mundi þá þetta fyrirkomulag reynast óheppilegt á þeim stöðum, þ. e. stöðum, þar sem ekki er kosið í hreppsnefnd með hlutfallskosningu. — Viðvíkjandi því, sem bent hefur verið á orðalag í 8. gr., þá er þar um beint eftirtektarleysi að ræða, að þar skuli standa „eða“ í staðinn fyrir „og“, og mun ég leggja til, að því verði breytt, ef það verður áfram í frv. En viðvíkjandi því að fella niður þá grein, þá finnst mér það ekki alveg sjálfsagt, ef sveitarstjóra er sagt upp, að þá taki oddviti við starfi hans, unz annar verður ráðinn í hans stað, en það þarf á einhvern hátt að sjá þessu borgið og eitthvað verður að koma í staðinn, ef þessi grein verður felld niður, en ég get fallizt á það, sem hæstv. dómsmrh. sagði um fyrri hluta þessarar greinar, en um það, hver taki við starfi sveitarstjóra, ef hann fer frá, verða að vera einhver ákvæði.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það voru orð hæstv. dómsmrh., sem gáfu mér tilefni til að standa upp, en hann sagði, að óþarfi væri að taka fram í l. ákvæði eins og þau, sem standa í 8. gr. þessa frv., um að segja megi upp sveitarstjóra, sem gerist sekur um vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu, heldur sé slíkt svo sjálfsagt, að óþarfi sé að taka það fram í lögum. Ég vil því segja frá tveimur eða þremur tilfellum, sem fyrir mig hafa komið, og spyrja hæstv. ráðh., hvort ekki sé þar um vítaverða vanrækslu að ræða hjá viðkomandi embættismönnum. Ég þurfti að fá lán fyrir mann, og sá maður hafði fengið jörð að erfðum fyrir 24 árum, en sýslumaður hafði ekki fært það inn í bækur sínar. Eftir að ég hafði fengið hann færðan inn, fékk ég veðbókarvottorðið. Í annað skipti, þegar ég þurfti á vottorði að halda, kom í ljós, að ekki var farið að skipta búi konu nokkurrar, sem dó 1902 eða 1903, svo að jörðin var enn á hennar nafni. Ef til vill hefur ekki verið kært út af þessu, en ég held, að rn. sendi annað slagið út menn til að fylgjast með embættisrekstri sýslumanna. Hér virðist vera um að ræða vanrækslu og hirðuleysi í starfi, sem hæstv. ráðh. sagði, að sjálfsagt væri að refsa með brottrekstri, og hæstv. ráðh. hlýtur að vera kunnugt um tilfelli eins og þessi, þar sem hann sendir menn til að athuga embættisfærsluna hjá sýslumönnum. Ég vildi nú fá að vita hjá hæstv. ráðh., hvort hann teldi ekki að í þessum tilfellum, sem ég nefndi, hefði verið um vítavert hirðuleysi og vanrækslu að ræða.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hæstv. forseti er þegar búinn að svara því, sem ég hefði svarað, að þetta, sem hv. þm. N-M. ræddi um, varðaði ekki málið, sem hér er til umr. Það ætti frekar heima í lögfræðilegum spurningatíma heldur en að það heyri undir umr. um það frv., sem hér er um að ræða. Það er auðvitað algert matsatriði í hvert sinn, eins og hv. 1. þm. N-M. tók fram, sem hann spurði um. Nú hef ég að vísu miklar mætur á þessum hv. þm. og met hann mikils, en ég er þó svo lífsreyndur, að ég vildi heyra hinn aðilann skýra sína hlið málsins, áður en ég mundi kveða upp endanlegan dóm um þessi tilfelli, sem þessi hv. þm. vitnaði til. — En ég mundi vilja spyrja hv. þm. á móti, hvort hann teldi ekki vítavert hirðuleysi af þm., ef hann t. d. vitnaði í ákveðnar umr. á Alþ. og segði, að til-

tekinn maður hefði tekið þátt í þeim, og að það sannaðist svo, að sá hv. þm. hefði ekki verið þá á þingi, og hvaða viðurlögum ætti að beita gagnvart þessum hv. þm., sem þannig hefði farið að ráði sínu.

Haraldur Guðmundsson: Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál, sem er þrautrætt og hvorki frv. né brtt. gefa tilefni til langra umr. Vildi ég þó segja út af 1. brtt. á þskj. 527, þar sem segir: „Sveitarstjóra má fela störf þau, sem oddvita eru falin í sveitarstjórnarl., önnur en stjórn á fundum hreppsn., og hefur hann þá á hendi framkvæmd þeirra málefna hreppsins", að mér þykir þetta fráleitt, eins og hv. flm. brtt. sýndi fram á með rökstuðningi sínum fyrir till., því þó að menn séu ráðnir til þess að stjórna ýmsum fyrirtækjum, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum o. s. frv., þá er það alls ekki starf sveitarstjóra, hvorki eftir almennum stjórnarháttum í slíkum málum né eftir þessu frv. Það eru hin almennu málefni sveitarstjórnar, sem koma inn í starfssvið þeirra manna, sem eftir þessu frv. nefnast sveitarstjórar. — Viðkomandi brtt. við 6. gr., um að 2. málsgr. falli niður, þá er hér um það atriði að ræða, sem var í frv., sem lá hér fyrir þinginu í fyrra, sem sagt um það, hvort sveitarstjórar ættu að vera pólitískir eða ekki, þá var það upphaflega svo, meðan þetta átti að vera skylda, en ekki heimild, að í vissum tilfellum skyldu sveitarstjórar vera fastir starfsmenn sveitarfélaganna, sem gætu aldrei starfað sjálfir sem hreppsnefndarmenn. Þetta eru leifar frá því, að frv. var í þessari mynd, og ég sé ekki, að það skipti miklu máli, hvort þessi síðari hluti málsgr. er eða ekki. — Út af því, að hæstv. dómsmrh. taldi 8. gr. óþarfa, vil ég segja, að ég er ekki viss um, að þetta sé rétt skýring hjá hæstv. dómsmrh. Ég held, að vanræksla og hirðuleysi sé nokkuð teygjanlegt orð, þannig að mjög hæpið sé, að það yrði metið eftir almennum lagaákvæðum eða réttarreglum afgerandi, hvort hægt væri, samkv. þessum l., ef frv. verður samþ. óbreytt, að víkja manni úr sveitarstjórastöðu fyrir þessi afbrot. Nú skulum við segja, að svo fari, að sveitarstjórn telji, að sveitarstjóri hafi gert sig sekan um ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi og ekki skeytt áminningu, og þá skilst mér, að ef þessi gr. stendur í l., geti sveitarstjórn svipt sveitarstjóra starfi fyrirvaralaust. En sé þetta ekki í l., efast ég um, að hún geti það, nema að undangengnum dómi, sem sannaði, að sveitarstjóri hefði brotið af sér með vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu. Hins vegar er augljóst mál, að hafi sveitarstjóri ekki framkvæmt ályktanir sveitarstjórnar og vanrækir að gera það eða hirðir ekki um það, þá getur ekkert samstarf þarna verið á milli. Í stuttu máli, með því að hafa gr. svona í l., þá er það sveitarstjórnar að meta, hvort vanrækslu eða hirðuleysi í þessu er fyrir hendi. Ef svo kemur til dómstóla um það, hvort rétt hefði verið að víkja manni frá starfi, þá geta þeir kannske orðið skaðabótaskyldir, sem véku honum frá, en þeir hefðu þó mátt víkja honum frá samkv. þessari gr., ef hún stæði í l.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það má lengi deila um það, hvað sé í l., og sízt vildi ég segja neitt um það nú, hvernig dómstólarnir litu á í þessum efnum í einstökum tilfellum, en mér dettur ekki annað í hug en að sveitarstjórnin hefði heimild til þess að víkja manni frá starfi fyrirvaralaust, þó að ekki væri tekið neitt fram um það í l. En hann gæti fengið skaðabætur dæmdar sér, ef honum hefði verið ranglega vikið frá, — eða ef til vill fengið sig settan í starfið aftur, en til þess að það geti orðið, að hann fái skaðabætur, þá þyrfti hann að fá aðstoð dómstólanna til þess. En yfirleitt mundi verða talið mjög hæpið, að hann gæti fengið sig settan í starfið á ný, jafnvel þó að honum hefði verið vikið án gildra ástæðna úr starfi, þó að ekkert sé að vísu um þetta í þessu frv., því að með dómi öðlast maður vitanlega ekki rétt til þess að rækja þetta starf, og sá aðili, sem hann ræður, er ekki skyldugur til þess að láta hann vinna starfið, ef hann álítur, að sveitarstjóri hafi ekki rækt starfið nógu vel.

Ég skal ekki segja, hvernig dómstólarnir mundu líta á þetta, en það er rétt, sem hv. þm. sagði, að gr. er ekki óþörf, af því að hún ákveður um, í hvaða tilfellum má víkja sveitarstjóra fyrirvaralaust. En hreppsnefndir mundu sennilega ekki deyja ráðalausar, þó að þetta væri ekki berum orðum tekið fram í l.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Mér fannst svar hæstv. dómsmrh. hér áðan ófullnægjandi. Ég spurði hann, hvort sá skilningur minn væri ekki réttur, að samkv. 8. gr. gæti sveitarstjórn vikið sveitarstjóra úr starfi fyrirvaralaust, ef um vanrækslu væri að ræða af hans hálfu, en þá gæti hann sótt rétt sinn til laga á venjulegan hátt og fengið þessa gerð ónýtta og látið dæma sér skaðabætur. Ráðh. vildi ekki svara þessu og sagði, að um þetta giltu almenn ákvæði. En mér skilst, að ef þessi grein fellur niður, geti sveitarstjórn ekki sagt honum upp starfi án fyrirvara. En samt hygg ég, að þó að meiri hluti sveitarstjórnarinnar líti svo á, að um vanrækslu sé að ræða, þá gæti sveitarstjóri neitað að afhenda bækur og annað slíkt nema að undangengnum dómi. Þetta getur vissulega komið fyrir, og tel ég því rétt að hafa þetta ákvæði í greininni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Ed., 30. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 527,1 felld með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, LJóh, BBen, SÓÓ, GJ.

nei: HV, RÞ, StgrA, VH, ÞÞ, BSt.

6 þm. (HG, HermJ, KK, PZ, BrB, FRV) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 527,2 samþ. með 9:2 atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 527,3 felld með 5:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, SÓÓ, FRV, GJ, HV.
nei: ÞÞ, HG, JJós, RÞ, BSt.
StgrA, VH, LJóh greiddu ekki atkv.
4 þm. (BrB, HermJ, KK, PZ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Mér virðist þessi grein vera svo sjálfsögð, að það megi víkja þeim manni úr embætti, sem hefur gerzt sekur um stórfellda vanrækslu í starfi, að ég sé mér ekki fært að fella hana niður og segi því nei.

8. gr. samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, JJós, LJóh, RÞ, VH, ÞÞ, BSt.
nei: HV, BBen, SÓÓ, FRV, GJ.
StgrA greiddi ekki atkv.
4 þm. (HermJ, KK, PZ, BrB) fjarstaddir.
9. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 1. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 587, 588).

Frsm. meiri hl. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Meiri hl. heilbr.- og félmn. leggur fram 2 litlar brtt. á þskj. 588. Hin fyrri er við 8. gr., að fyrir orðin „eða skeytir ekki" komi: og skeytir ekki. — Seinni brtt. er við 9. gr., að í stað-inn fyrir „Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1951" komi: Lög þessi öðlast þegar gildi.

ATKVGR.
Brtt. 588,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 588,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 7:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VH, SÓÓ, HV, KK, PZ, RÞ, BSt.
nei: ÞÞ.
BBen, GJ greiddu ekki atkv.
7 þm. (StgrA, BrB, FRV, HG, HermJ, JJós, LJóh) fjarstaddir.
Frv. endursent Nd.

Á 36. fundi í Sþ., 2. febr., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 607).
Á 63. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 628).

---

35. Náttúrugripasafn Íslands.

Á 12. fundi í Nd., 30. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um Náttúrugripasafn Íslands [55. mál] (stjfrv., A. 89).

Á 13. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Forseti (SB): Hv. dm. eru beðnir um að hinkra við, áður en málið er tekið fyrir, vegna þess að hæstv. menntmrh. er upptekinn við umr. í Ed. — [Fundarhlé.]

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 14. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Í byrjun ársins 1947 tók ríkið við rekstri náttúrugripasafnsins, og síðan hefur nauðsynlegur kostnaður við rekstur þess verið settur á fjárlög. Sérstök lög gilda um landsbókasafnið og þjóðskjalasafnið, og þykir því hlýða, að svipuð lög gildi um þetta safn einnig. Ég tel óþarft að fara um þetta fleiri orðum, en óska, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 32. fundi í Nd., 4. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 89, n. 230).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af hæstv. ríkisstj. og er þess efnis, að sett séu l. um náttúrugripasafnið, hliðstæð l., sem gilda um önnur hliðstæð söfn. Gert er ráð fyrir í frv., að náttúrugripasafnið verði jöfnum höndum stofnun, sem vinni að söfnun og geymslu náttúrugripa, og stofnun, sem hins vegar vinnur að almennum rannsóknum á íslenzkri náttúru. Frv. gerir ráð fyrir starfskröftum sams konar og gert var í öndverðu, þegar ríkið tók við safninu. Gert er ráð fyrir, að við safnið vinni þrír sérfræðingar: dýrafræðingur, grasafræðingur og jarðfræðingur. N. hefur athugað frv. og rætt það við hæstv. menntmrh. og dr. Finn Guðmundsson, aðalstarfsmann safnsins, og eftir þessar umræður hafa nm. verið sammála um að mæla með, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og segir í áliti n. á þskj. 230.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 32. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 1. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 89, n. 589).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, er eiginlega engin ný breyt. frá því, sem áður var, það er aðeins staðfesting á þeim gerðum, sem ríkisstj. er búin að skipuleggja áður. Við náttúrugripasafnið, sem er í rauninni og þarf að vera víðtæk stofnun og mikilsverð fyrir ríkið, er nú þegar búið að fullráða og í rauninni skipa sem embættismenn 2 prófessora, annar hefur prófessorsnafnbót og líklega eru báðir á prófessorslaunum. Því miður hefur n. ekki tekizt að ná tali af menntmrh., sem nú er veikur, og mun réttara, áður en málið kemur til 3. umr., að því sé kippt í lag, sem ábótavant er, ef eitthvað er. En sem sagt, það eru þegar starfandi við safnið fastráðnir 2 starfsmenn, sinn við hvora deild, en grasafræðideild hefur að vísu ekki fastráðinn mann enn þá, en það stendur til bóta og liggur fyrir að ráða hann þá og þegar, og er ekki neitt við því að segja að það verði.

Hv. Nd. hefur verið einhuga um það, bæði n. og d., að leggja með frv. þessu óbreyttu. — Í 5. gr. frv. er þess getið, að fasta starfsmenn, fleiri en þessa þrjá, eigi ekki að ráða, nema til eins árs í senn, og því vildum við ekki breyta, jafnvel þó að í grg. sé þess getið, að búið sé að ráða aðstoðarstúlku við safnið. Ég held það sé rétt að gera það að skilyrði, því að það horfir ekki svo vænlega fyrir ríkissjóð að fara frekar í fjáreyðslu en kröfur standa til hjá forstöðumönnum stofnana, og þess vegna höfum við í nál. tekið fram, að við treystum því, að ekki sé fjölgað starfsmönnum við safnið, nema brýn nauðsyn sé á því. Við viljum láta þetta koma fram og teljum, að það sé ekki hægt að gera það nema leita til þingsins, en sú óvenja er við flestar stofnanir, að það er gert eftir geðþótta forstjóranna, með leyfi stj., ef þess er leitað, að fjölga eftir því, sem í fljótu bragði virðist vera þægilegt. En n. var öll sammála um það nú við þessa umr. að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, en ef eitthvað kemur fram og við getum náð í frekari upplýsingar milli umr., þá verður það borið fram fyrir d. við 3. umr. En okkur þótti ekki rétt, þar sem áliðið er þingtímans, að tefja þessa umr., svo að málið þyrfti ekki að daga uppi nú á þessu þingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., 5. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 632).

---

36. Bifreiðalög (ökukennsla).

Á 32. fundi í Ed., 8. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 5. apríl 1948, um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941 [132. mál] (stjfrv., A. 300).

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að taka þetta mál á dagskrá, svo að hægt sé að koma því áleiðis til n.

Eins og menn muna, voru 1948 sett l. um, að menn þyrftu að ganga undir sérstakt próf til þess að fá réttindi til bifreiðakennslu. Ekki hefur samt orðið úr því, að þessum l. væri framfylgt til hlítar, vegna þess að þeir bifreiðastjórar, sem meira próf höfðu, risu mjög eindregið upp til andmæla og bentu á, að það væru einsdæmi, að með lagaákvæðum væru tekin af mönnum réttindi, sem þeir hefðu þegar öðlazt, og þar sem þeir hefðu haft réttindi til bifreiðakennslu, væri óverjandi að taka þau réttindi af þeim. Annað mál væri það, að héðan í frá væri krafizt sérstaks prófs af þeim, sem vilja taka að sér bifreiðakennslu. Ríkisstj. taldi vera nokkuð til í þessu, en benti á, að þá yrðu þeir of hart úti, sem þegar hafa innt af hendi allhátt gjald til þess að gerast ökukennarar. Hins vegar er ljóst, að óhæft er, að l. séu í gildi, en ekki fylgt til hins ýtrasta. — Til þess að koma skipan á þetta mál er frv. þetta flutt. Samkvæmt því er gert ráð fyrir, að þeir, sem hafa tekið meira próf fyrir lok þessa árs, haldi réttindum sínum til bifreiðakennslu, en hins vegar þurfi þeir að endurnýja réttindi sín á sama hátt og þeir, sem öðlast réttindin með sérstöku ökukennaraprófi. Með þessu virðist ekki á meiraprófsmenn hallað, en hins vegar ekki hægt að láta þá njóta meiri réttar en þá, sem innt hafa af höndum sérstakt próf, og virðist því frv. vera sanngjörn millileið. — Ég vil að lokum leggja til, að frv. verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 300, n. 559).

Of skammt var liðið var útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. þetta, sem er stjfrv., og orðið sammála um að leggja til, að deildin samþ. það. Eins og frv. ber með sér, er það borið fram til að bæta úr framkvæmd laga frá 1948, sem hafa mætt allmikilli óánægju innan bifreiðastjórastéttarinnar. Áður en þau lög tóku gildi, var þessum málum þannig háttað, að hver, sem hafði lokið meira prófi, hafði heimild til að kenna á bíl, en við gildistöku þeirra laga voru sett þau skilyrði, að til þess að öðlast ökukennsluréttindi þyrfti að ganga undir sérstakt próf. Út af þessu reis nokkur óánægja meðal bifreiðastjóra, og hefur það orðið til þess, að lögin hafa ekki komið til framkvæmda að fullu. Nefndinni þótti því rétt að verða við beiðni stjórnarinnar, þannig að bifreiðastjórar, sem tekið höfðu meira próf fyrir 31. des. 1950, geti haft rétt til bifreiðakennslu, eins og þeir höfðu áður eða mundu hafa fengið, ef lögin frá 1948 hefðu ekki komið í veg fyrir það.

Annars er hæstv. dómsmrh. hér í deildinni og mun væntanlega geta gefið frekari upplýsingar um þetta mál, ef þess verður óskað.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. allshn. hefur gert grein fyrir, þá hafa orðið nokkur vandkvæði á framkvæmd laganna um þetta efni frá 1948. Bifreiðastjórar hafa sýnt fram á, að ákvæði þessara laga um kennsluréttindi eru að ýmsu leyti óvenjuleg, þar sem skilyrði til meira prófs voru þrengd, en um leið tekin af mönnum með slíkt próf réttindi, sem því fylgdu, og játa ég, að mér hefur fundizt skoðun þeirra á málinu studd svo mikilli sanngirni, að ég hef ekki treyst mér til að framkvæma þessi lagaákvæði að fullu, og er ég að sjálfsögðu vítaverður fyrir það, en ég hef kosið, frekar en lenda í illdeilum við bifreiðastjóra, að láta lögin ekki koma til framkvæmda. Nú má segja, að það gagni lítið fyrir bifreiðastjóra að fá þessi ákvæði afnumin, er fjöldi þeirra, sem fá nú þessi réttindi, eykst mjög. En því er til að svara, að með þessu frv. hafa bifreiðastjórar ekki möguleika til að öðlast réttindi til kennslu nema til 1. apríl þessa árs, og auk þess þurfa þeir að láta endurnýja sín skírteini, og mun því þessi stóri hópur minnka bráðlega. Því tel ég ástæðulaust að óttast það, að hópur þeirra, sem fær ökukennsluréttindi, ef þetta frv. verður samþ., verði of stór. Þess skal getið, að bifreiðaeftirlitið mun vera mótfallið þessari breytingu, og er það eðlilegt, þar sem núgildandi lög í þessu efni eru frá því runnin. En þrátt fyrir það verður því ekki neitað, að bifreiðastjórar verða fyrir óvenjulegri hörku, ef svipta á þá réttindum til kennslu, sem nú hafa þau, og því mæli ég með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 300, 569).

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er aðeins út af brtt. á þskj. 569. Brtt. er um það, að lögin öðlist gildi þegar í stað. Það hafði gleymzt að ákveða það í frv. upphaflega, en mér var bent á þetta alveg réttilega af hv. 1. þm. N-M. Það er að sjálfsögðu rétt, að brtt. verði samþ. og málið gangi sína leið.

ATKVGR.
Brtt. 569 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 58. fundi í Nd., 30. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 577).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 577, n. 610).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. N. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ákvæði 1. gr. eru nokkur rýmkun á ákvæðum laganna viðvíkjandi því, að menn hafi rétt til að kenna á bifreið. Það virðist ekki ástæða til, að þeir menn, sem hafa haft rétt til að kenna í 10—20 ár, fari að ganga undir próf til að öðlast hann á nýjan leik. Ákvæði 2. gr. eru þau, að þeir, sem fengið hafa löggildingu á ný, skuli fá endurgreitt leyfisgjaldið. Mér sýnist þetta sjálfsagt og tel, að með samþykkt þessara ákvæða sé á engan hátt stefnt í neinn voða í umferðaröryggi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Á 64. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 635).

37. Ríkisreikningurinn 1947.

Á 12. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1947 [81. mál] (stjfrv., A. 133).

Á 19. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 133, n. 533).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. hefur lagt fram nál. á þskj. 533 og leggur til, að ríkisreikningurinn 1947 sé samþ. Á það er bent í nál., að eins og í fyrri reikningum sé nokkurt ósamræmi í reikningum einstakra sjóða, sem eru ríkiseign, og sjálfum ríkisreikningnum. Ábendingar um þetta munu einnig vera í aths. yfirskoðunarmanna, og vill fjhn. enn benda á, að æskilegt væri, að þessu væri komið í réttara horf framvegis, þannig að samræmi verði í reikningum hinna einstöku stofnana og sjóða og sjálfum ríkisreikningnum. Þessi ríkisreikningur, sem hér liggur fyrir, fyrir árið 1947, mun hafa hærri tölur að geyma en nokkur annar, sem samþ. hefur verið. Samkv. sjóðsyfirliti fjárl. fyrir þetta ár, 1947, var gert ráð fyrir því, að greiðslur ríkisins yrðu á því ári um 214 milljónir, en eins og reikningurinn, sem hér liggur fyrir, ber með sér, hafa þessar heildargreiðslur ríkissjóðs 1947 numið 327,7 millj., eða farið rúmlega 113 millj. fram úr áætlun fjárl., og er það meira en 50% sem greiðslurnar hafa numið fram yfir fjárl. Og samkv. þessum reikningi hafa lausaskuldir ríkisins á árinu 1947 hækkað um það bil 66 millj. króna.

Eins og venjulega hafa þeir yfirskoðunarmenn, sem Alþ. hefur kosið til að fara yfir þennan ríkisreikning, gefið út nokkrar aths. við reikninginn, sem síðan hefur verið svarað af ráðh., og yfirskoðunarmenn síðan gert till. til úrskurðar samkv. venju. Ég hef litið yfir þessar aths. yfirskoðunarmanna, og eftir að hafa kynnt mér þær nokkuð, finnst mér ástæða til að beina þeirri fyrirspurn til þeirra, því að tveir af yfirskoðunarmönnum eiga sæti í þessari hv. d., hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. A-Húnv., eftir hvaða reglum þeir framkvæma sín störf, eða hvort ekki séu til einhverjar reglur um það, skráðar eða óskráðar, en þessir tveir þm., sem ég nefndi, hafa verið yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna um langan tíma. Mér fyndist fróðlegt að heyra frá þeim, hvort ekki hafi verið, þegar þeir byrjuðu sín störf, neinar slíkar reglur um framkvæmd verksins, eða, ef svo hefur ekki verið, hvort þeir hafi þá aldrei sett sér sjálfir neinar ákveðnar starfsreglur til að fara eftir við yfirskoðun og athugasemdaflutning í því sambandi. En miðað við þessar aths. hefur mér virzt það nokkuð handahófskennt, hvað yfirskoðunarmenn taka í sínar aths. við ríkisreikninginn, og vil ég nefna nokkur dæmi um það.

Ein aths., sem þeir gera, er um reikninga póststofunnar í Reykjavík. Þeir segja, að reikningarnir beri með sér, að mikið sé um aukavinnu í þeirri stofnun, og geta þess, hvað mörgum starfsmönnum hafi verið greitt, hverjum fyrir sig, fyrir aukavinnu, og segja síðan, að það virtist rétt að athuga, hvernig háttað er störfum við stofnunina. — Ég dreg ekki í efa, að réttar séu þær tölur, sem þeir birta til upplýsinga um þetta, en ég veiti því athygli, að greiðslur til póststofunnar, sem þeir nefna hér, eru 25 af hundraði umfram fjárlagaáætlun. Til samanburðar kom ég auga á, að önnur stofnun, sem virðist nokkuð hliðstæð, bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði, er með umframgreiðslur hér um bil nákvæmlega jafnmikið, 25 af hundraði. Hins vegar er nokkru meiri viðskiptavelta hjá bæjarsímanum en hjá póststofunni, þar er um hærri fjárhæðir að ræða, bæði tekjur og gjöld. — Það er síður en svo, að ég sé að gera aths. við það, þó að hér sé vakin athygli á umframgreiðslum hjá póststofunni eða aukavinnu, en mér fyndist ekki óeðlilegt, að einnig væri minnzt á hina stofnunina, þar sem umframgreiðslur umfram fjárl. eru jafnmiklar hlutfallslega hjá báðum stofnununum.

Þá er hér 14. og 15. aths. hjá yfirskoðunarmönnum. Sú 14. er þannig, að rekstrarhagnaður af Reykjabúinu með gróðurhúsum og garðrækt nemur kr. 35.300,88, aðalhagnaðurinn er af gróðurhúsunum, og 15. aths., rekstrarhalli Hvanneyrarbúsins, nemur kr. 19.108,27. Annað er ekki um þetta sagt, og svör ráðh. um þetta eru á þá leið, að þessi aths. gefi ekki tilefni til svars. Ég fæ ekki séð, hvernig ráðh. getur svarað þessu á annan veg. — En nú hef ég athugað í ríkisreikningnum, hvernig þetta er með önnur ríkisbú, hvort það eru sléttir reikningar hjá þeim fyrir þetta ár, en svo er ekki. Hér er t. d. Vífilsstaðabúið. Þar er rekstrarhagnaður kr. 31.525,95, en hins vegar er þess að engu getið í aths. og virðist heldur ekki ástæða til, en þetta vildi ég benda á til samanburðar, vegna þess að getið er um rekstrarhagnað Reykjabúsins, 35.000 kr. — Þá er Kleppsbúið, þar er rekstrarhagnaður 11.600 kr., og Bessastaðabúið, þar er rekstrarhalli 27.214 kr. Hvernig stendur á því, að þetta er ekki tekið upp í aths.? Hins vegar er tekinn í 15. aths. rekstrarhalli Hvanneyrarbúsins, 19.108,27 kr. — Nú finnst mér nokkuð handahófskenndar slíkar aths. Það er sem sagt aðeins nefnd útkoman hjá 2 búum í aths., ég veit ekki af hverju.

Þá er 16. aths. hjá yfirskoðunarmönnum, sem er nokkru umfangsmeiri en þetta; það er um atvinnudeild háskólans. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Til starfsemi Atvinnudeildar háskólans hefur verið varið allmiklu fé. Starfsemi stofnunarinnar er margþætt og allumfangsmikil.“ Síðan er talið upp, hver gjöld hafi verið hjá iðnaðardeildinni, fiskideildinni og búnaðardeildinni. En ef maður fer að athuga reikninga þessara stofnana hér í ríkisreikningnum, þá kemur í ljós, að gjöld allra þessara undirdeilda, sem hér eru taldar í aths., eru lægri en áætlað var í fjárl. Þá segja þeir hér, að sameiginlegur kostnaður sé 161.593,75 kr., en

mér sýnist á reikningnum, að hann sé 159.441,60 kr., og þessi sameiginlegi kostnaður muni vera lítið eitt hærri en fjárl. gerðu ráð fyrir, sameiginlegur kostnaður 159 þús. kr., en var áætlaður 123 þús. kr. — Þá er talað um að gjöldin á tilraunabúunum á Hesti og Úlfarsá hafi farið fram úr áætlun. En ef við tökum þessar stofnanir, atvinnudeildina og þar með talin þessi bú, á Hesti og Úlfarsá, þá kemur í ljós, að heildarkostnaður við atvinnudeildina er 124.000 kr. lægri en áætlað var í fjárl. En yfirskoðunarmenn sjá ástæðu til þess að gera þessa stofnun sérstaklega að umræðuefni. Það er rétt hjá þeim, að þetta eru mikil útgjöld, en hins vegar má telja það heldur til undantekninga, ef ríkisstofnun á þessu ári hefur eytt minna en áætlað var í fjárl., þær eru flestar hinum megin við markið, þær hafa eytt meira fé en áætlað var í fjárl. Þess vegna er það nálega dularfullt fyrirbrigði, að yfirskoðunarmenn skuli taka upp í sínar aths. sérstaklega þá ríkisstofnun, eina af þeim sára fáu, sem hefur komizt af með minna fé til rekstrarins en fjárl. gerðu ráð fyrir. Það væri fróðlegt að fá á þessu skýringu hjá yfirskoðunarmönnum.

Þá finnst mér hins vegar, frá mínu leikmannssjónarmiði, ástæða til að bera fram aðrar aths., sem þarna er sleppt að nefna. Á 20. gr. reikningsins er ákaflega mikil umframgreiðsla umfram það, sem áætlað var í fjárl. Það var gert ráð fyrir greiðslum á 20. gr. 17½ milljón króna, en þær hafa orðið yfir 72 milljónir. Einn liður á þessari 20. gr. eru keypt verðbréf fyrir 1.027.500 kr. — Ég vil spyrja, — ég geri ráð fyrir, að yfirskoðunarmenn hafi athugað þennan lið, — hvort það muni vera nokkurs staðar heimild fyrir ríkisstj. til að kaupa þessi bankavaxtabréf; í viðkomandi fjárl. hef ég ekki getað komið auga á það.

Þá er annar liður, einn af þeim stærstu í 20. gr., það er 27. gjaldaliðurinn. Þar stendur: Veitt lán úr ríkissjóði 10.987.826,39 kr. — Ég var að kynna mér í ríkisbókhaldinu, hvaða upphæðir væri þarna um að ræða. En það kennir margra grasa í þessum lið, og mikið af þessum greiðslum er vegna ýmissa ríkisframkvæmda, sem ákveðnar hafa verið með l., en eru á því stigi framkvæmda, að þeim hefur ekki verið lokið eða a. m. k. ekki reikningsskilum lokið, þegar reikningurinn var gerður upp, og þær upphæðir, sem búið er að verja til þessara framkvæmda, eru færðar undir þennan lið: veitt lán. En einnig er stór liður á reikningnum, greiðslur af lánum, sem ríkið hefur ábyrgzt, og nema þær yfir 4 millj. króna. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að gera grein fyrir þessum upphæðum. Síldarverksmiðjur ríkisins hafa fengið vegna ábyrgðar 3 millj. 248 þús. kr. og rafveita Siglufjarðar 728 þús. kr., hafnargerðin á Skagaströnd 136 þús. kr., samvinnubyggingarfélag í Ólafsvík 18 þús. og hafnargerðin á Húsavík 12 þús. kr. Mér hefur fundizt, að ekki væri minni ástæða til fyrir yfirskoðendur að víkja að þessu máli og athuga, hvort ekki væri hægt að komast hjá þessum greiðslum og kippa í lag því, sem ríkið hefur orðið að greiða. Það sést í ríkisreikningnum, að ábyrgðargreiðslurnar hafa orðið miklar, og hefur þó bætzt við síðan. Það er ástæða til að minnast á þetta ekki síður en þó að nokkur þús. kr. hagnaður sé af tveimur ríkisbúum. Það er ein lánsupphæð undir þessum lið, sem sé til hafnargerðar á Ólafsfirði, ½ millj. kr. Hefur þetta verið heimilað á Alþingi? Skv. 13. gr. ríkisreikn. hefur verið varið 280 þús. 500 kr. til hafnargarðs á sama stað. En nú hefur ríkisstj. lánað ½ millj. kr. til viðbótar til þessa staðar. Nú vil ég spyrja endurskoðendurna, hvort heimild sé fyrir þessu.

Ég er enginn sérfræðingur í að endurskoða reikninga, en mér hefur fundizt, að þegar um er að ræða stórar fjárhæðir umfram heimild, þá væri það mál, sem yfirskoðendur ættu að vekja athygli á. Þetta er það, sem ég hef komið auga á í reikningunum og þætti fróðlegt að heyra um.

Ég minntist á atvinnudeildina og finnst mér það vafasamt að gera aths., þegar svona stendur á og þegar þeim stofnunum er sleppt, sem eyða miklu fé umfram heimild.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að hér á Alþingi hefur verið samþ. till. frá mér og hv. þm. N-Ísf. um samþykkt á ríkisreikningnum. Sú till. felur í sér, að reikningarnir séu samþ. á Alþingi árið eftir að þeir eru samdir. Þegar við fluttum þessa till. árið 1945, vorum við orðnir 4 ár á eftir tímanum, og get ég sagt, að áunnizt hafi 1 ár síðan þessi till. var flutt. Gera þm. sér nú ljóst það ósamræmi að vera nú að samþ. reikninga fyrir árið 1947? Það er líkt með þjóðarbúið og önnur fyrirtæki. En nú vil ég spyrja endurskoðendurna, hvort þeir hafi gert allt, sem í þeirra valdi stóð, til að kippa þessu í lag og koma því í það form, sem Alþingi hefur samþ. Ef þeir hafa gert það, hvernig stendur þá á því, að það er ekki hægt að koma viðunandi skipulagi á þetta?

Það er hlægilegt, að við skulum vera að ræða árið 1951 um reikninga fyrir árið 1947, sem hafa farið 50% fram úr áætlun. Ég endurtek athugasemdir mínar um þetta og finnst þetta óviðunandi og skil ekkert í því, að ekki sé hægt að hraða ríkisreikningunum meira en gert hefur verið. Bókhald ríkisins verður að komast í viðunandi form, svo að hægt sé að ræða reikningana án þess að þeir séu í svo mikilli fjarlægð, að menn séu búnir að gleyma þeim. Þegar um er að ræða, að liðin séu 3—4 ár frá því ári, sem reikningarnir eiga við, er sá háttur oft hafður á að samþ. þá, þó að þeir hafi farið langt fram úr áætlun. Á þskj. 533 leggur fjhn. til, að reikningarnir verði samþ., þó að hún hafi margt við þá að athuga. Þegar reikningarnir liggja fyrir Alþingi, getur það ekki annað en samþ. þá. Ég vil skora á endurskoðendur ríkisreikninganna að gera nú tilraun til ekki aðeins að vinna upp 1 ár, heldur eiga þeir eftir að vinna upp 2 ár. Væri nú um að ræða reikninga fyrir árið 1949, mætti segja, að þetta væri viðunandi. Reikningar fyrir árið 1950 eiga að liggja fyrir Alþingi 1951. Þetta er sú krafa, sem Alþingi gerir og er í samræmi við þá samþykkt, sem gerð var fyrir 5 árum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er út af því, sem fram kom um endurskoðun ríkisreikninga og hvernig þetta hefur legið fyrir Alþingi til samþykktar.

Ástandið hefur verið alveg óviðunandi, en reikningar hafa verið lagðir fram fyrir árið 1948, og finnst mér vera nokkur bót að því, en það er ekki nægilegt. Ég hef ekki haft tíma til að rannsaka

þetta mál til hlítar, en get sagt af því, sem ég hef séð, að það er aðallega þrennt, sem er ábótavant.

Í fyrsta lagi er reikningunum lokað of seint; þeim er haldið allt of lengi opnum. Ég hef rætt þetta við endurskoðendurna og athugað, hvort ekki sé hægt að loka þeim fyrr en gert hefur verið hingað til. Ég hygg þess vegna, að þetta sé ekki hægt í bili, en verð að láta flýta fyrir þessu verki og loka reikningunum fyrr. Svo vona ég, að reikningunum verði lokað fyrr fyrir árið 1950, svo að endurskoðun geti farið fram.

Í öðru lagi er það, að fjármálaráðuneytið leggi reikningana inn í endurskoðunardeild, sem skoði alla reikningana og geri skilagrein og yfirlit yfir þá, sem aðalendurskoðendurnir byggi svo niðurstöður sínar á. Endurskoðunin hefur verið langt á eftir tímanum síðustu árin, en því þarf nauðsynlega að kippa í lag. Endurskoðun á tekjunum hefur að vísu verið í lagi, en hvað gjöldin snertir hefur endurskoðun þeirra dregizt aftur úr. Ég hef gert ráðstafanir til þess að láta semja um, að endurskoðunarskrifstofa taki það, sem fyrir hefur legið, og vil ég það heldur en að bæta fleiri mönnum í endurskoðunina, og hefur þessu verki miðað allvel áfram. En helzt þyrfti þetta að vera þannig, að skoða reikningana jafnóðum, og þannig hefur það verið áður, að endurskoðendurnir taki til strax og reikningum er lokið, en það þótti erfitt. En þannig þarf þetta að vera, ef þetta á að fylgjast að. Endurskoðunin hefur dregizt hjá aðalendurskoðendunum, en landsreikningunum þarf að ljúka sem fyrst. Þetta þarf að fylgjast að, en það má ekki láta reikningana safnast fyrir. Endurskoðendurnir þurfa að vera reiðubúnir til að starfa að þessu og taka aðalstarfið á sig yfir sumartímann. Þá gætu þeir lokið athugunum sínum í september. Með þessu móti væri hægt að fá reikningana strax fram, og gengi þetta þá mun fljótar fyrir sig, og gætu reikningarnir þá komið fyrir þingið. Ég segi ekki, að þetta takist, en ég hef hug á þessu og trúi ekki öðru en hægt sé að komast langt með þessu.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég held, að ég verði að snúa mér að hv. 2. þm. Rang.

Hann minntist á ályktun, sem hann flutti fyrir 5 árum ásamt öðrum þm., og er það rétt, sem hann sagði. Ég tel, að það mætti taka þetta fyrirkomulag upp til þess að auðvelda endurskoðunina. En þetta er háð umboðslegu endurskoðuninni, og eru til skýr lagafyrirmæli um þetta, sem við höfum þegar brotið. En nú stendur á umboðinu og erum við um sum atriði mörg ár á eftir tímanum. Ef þetta ætti að framkvæma, yrði reikningum að vera lokið, svo að umboðsmenn geti tekið til starfa, svo að endurskoðendurnir gætu lokið sínu starfi áður en komið er langt fram á haust. En þegar till. kom fram, var hún óframkvæmanleg. Það er nærtækt dæmi, að ef reikningum fyrir árið 1950 ætti að vera lokið 1951 og Alþingi ætti að koma saman 1. febrúar, ættu reikningarnir að liggja til umræðu um miðjan febrúar. Ég er hræddur um, að þessi breyt. sé ekki framkvæmanleg og held, að þetta takist ekki fyrr en í fyrsta lagi í október árið eftir. Það má segja, að eitt af frumskilyrðum fyrir því, að hægt sé að flýta endurskoðuninni, sé að útvega til þess húsnæði. Ég er sízt að undrast yfir því, að mönnum þyki þetta vera seinagangur. Það hefur tafið mjög fyrir þessu máli, að mánuðum saman hafa endurskoðendurnir ekki haft neitt húsnæði til að starfa í. Alþingi lét þetta sig engu skipta, og eitt árið vorum við húsnæðislausir á fjórða mánuð og urðum að leigja herbergi á hóteli. Í annað skipti urðum við að vera í herbergi Jóns Sigurðssonar, innan um muni, sem við máttum ekki snerta og sízt af öllu skemma. Um leið og við gengum frá skjölunum urðum við að binda utan um böggulinn, og voru þetta erfiðar aðstæður, því að mörg skjölin þarf að bera saman. En þetta hindrar í því að taka reikninginn fyrir eins og við hefðum viljað og þurft hefði og skila fljótt af okkur. Þegar við skiluðum af okkur reikningnum fyrir 1948, var hinni umboðslegu endurskoðun á honum ekki nærri lokið. Það er raunar ekki enn búið að útbýta þeim reikningi, en það hefur þegar verið gengið frá honum til prentunar, svo að menn sjá, að þetta er allt að nálgast, þó að æskilegra væri, að þetta gæti gengið hraðar fyrir sig heldur en verið hefur á undanförnum árum. Þegar við skiluðum af okkur reikningnum fyrir 1948, voru enn eftir um 60 stofnanir, sem hin umboðslega endurskoðun átti eftir að skila endurskoðuðum reikningum frá. Ég er ekki með þessu að ásaka stofnunina, því að hún hefur unnið vel, en ég vonast til, að þetta fari að vera við hóf, en þá von mína byggi ég á því, að breyting mun nú verða gerð á því, sem var um skeið, um lokun ríkisreikningsins. Hv. 2. þm. Rang. minntist á ríkisbókhaldið, en það er búið með sinn þátt í þessu máli um leið og ráðuneytið lokar reikningnum, og ég veit ekki til annars en að þar sé allt í fyllsta lagi. Þegar einhverju skeikar, þá stafar það ekki frá ríkisbókhaldinu, heldur af því, að það hefur ekki verið látið vita um einhverjar færslur, en það er ekki þess sök, heldur hefur því ekki borizt vitneskja um þessi atriði, svo að sé eitthvað ekki á hinn eina rétta hátt, þá er ekki hægt að ásaka embættismann þann, sem þetta hefur með höndum. Það eru líkur til þess, að búið verði að ljúka við reikninginn fyrir árið 1949 á komandi hausti, en um reikninginn fyrir árið 1950 fer eftir því, hve snemma honum verður lokað og hvenær umboðslega endurskoðunin getur lokið sínu starfi, en það mun ekki standa á okkur yfirskoðunarmönnunum, þegar hægt verður að láta okkur hafa gögnin í hendurnar, en það væri ekki úr háum söðli að detta, þó að eitthvað skorti á það, en eðlilegast og æskilegast væri samt að geta fylgt lagafyrirmælum um þetta efni. En um hitt, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, að reikningurinn fyrir 1950 ætti að vera tilbúinn um miðjan febrúar, þá getur það auðvitað ekki heppnazt, og það jafnvel þó að hann væri sjálfur ráðherra. En þessi mál gætu verið í sæmilegu lagi, þó að ríkisreikningurinn væri ekki svo snemma tilbúinn, en hvort hann gæti verið til í haust, það er annað mál. Hvað viðvíkur reikningnum fyrir 1949, þá er rétt byrjað að prenta hann, en það er tvíverknaður að endurskoða hann áður en hann er prentaður og þurfa síðan að athuga hann aftur eða a. m. k. að bera saman heildarniðurstöðurnar. En það er langt síðan handritið að honum kom í prentsmiðjuna, og það er annaðhvort farið að prenta hann eða þá verið rétt í þann veginn að byrja á því.

Hv. þm. V-Húnv. vék að ríkisreikningnum og

spurði, hvort við yfirskoðunarmennirnir hefðum engar reglur til að fara eftir í starfi okkar, eða hvort við hefðum engar slíkar reglur sett okkur sjálfir. Þar er því til að svara, að engar reglur eru til um þetta atriði, nema í lagastafnum, en þar segir, að yfirskoðunarmenn skuli sannfæra sig um, að tekjur og gjöld landsins séu rétt fram talin, og að tekjur landsins séu þar allar taldar, og hvort nokkru hefur verið varið af þeim án heimildar í lögum, og að uppgjörið sé rétt. Þá eiga skoðunarmenn að víkja að því, sem þeir telja að vanti eða miður fari í þessum efnum. Ég hef gefið yfirlit um þær skráðu reglur, sem til eru um þetta og einnig um framkvæmdina, en í henni höfum við hv. þm. A-Húnv. orðið margbrotlegir, en ég vona, að hv. þm. afsaki þau brot, því að við sáum okkur ekki fært að bíða lengur með að endurskoða reikningana og ekki hægt að gera annað en við gerðum í þeim efnum, en ég vona, að þetta lagist allt á næstunni. — Hv. þm. V-Húnv. fannst ekki vera samræmi í athugasemdum okkar og nefndi dæmi um það. Þetta er alveg rétt hjá honum, og ég veit það vel, en það yrði ekki svo lítill doðrant, ef fara ætti út í allt, sem við teldum að betur mætti fara eða athugunar þyrfti við, auk þess, sem um slíkt eru ærið oft skiptar skoðanir. Hv. þm. vék að ýmsum aths. okkar, sem hann taldi athugaverðar. Hann gat þess, að við nefndum aukagreiðslur þær, sem væru hjá póststofunni í Reykjavík, en nefndum ekki aukagreiðslur hjá bæjarsímanum í Reykjavík og Hafnarfirði. Þessar greiðslur fyrir yfirvinnu hjá bæjarsímanum komu til umr. á síðasta þingi, og ég man það ekki fyrir víst, en mig minnir, að þær væru taldar nauðsynlegar til að afgreiða símasamtöl. — Viðvíkjandi búum þeim, sem hv. þm. minntist á, þá er aðeins smávægilegt hvað varðaði Reykjabúið, en við vildum láta koma fram, að gróði sá, sem orðið hafði af búinu, stafaði frá gróðurhúsunum. Það hefði auðvitað mátt vera ógert að drepa á þetta, en það var gert til þess, að menn sæju, af hverju þessi hagnaður stafaði. Hvað snertir Hvanneyrarbúið, þá hafði verið mikill halli á því á undanförnum árum, en við tókum það sem dæmi til að sýna, að breyting hafði þar á orðið, en það bar að sjálfsögðu enga nauðsyn til að nefna það. — Viðvíkjandi því, sem getið er um atvinnudeildina, þá hefur kostnaður við einstakar deildir þeirrar stofnunar farið í vöxt. Hv. þm. V-Húnv. sagði, að það væri aðeins til hins verra að vera að vekja athygli á þessu, þegar þessi stofnun væri ein af þeim fáu stofnunum, sem í heild eyddi minna fé en gert væri ráð fyrir á fjárl. En við vildum aðeins vekja athygli á því, hve dýr þessi stofnun væri orðin og hvort þjóðin hefði efni á, að hún væri svo dýr í rekstri. Þá vék hv. þm. að því, að það hefði verið þýðingarmeira að minnast á ábyrgðir, og það er rétt, vegna þess að þar er um hærri upphæðir að ræða, en ég ætla, að ég muni það rétt, og hv. þm. A-Húnv. man það eflaust, að það hafi verið árið 1946, að við lögðum sundurliðaða skýrslu um ýmsar greiðslur fyrir Alþ., og það var gert til þess, að Alþ. gæti gert þær ráðstafanir, sem það teldi nauðsynlegar í þessum efnum, en það voru engar ráðstafanir gerðar í þessu skyni af Alþ., og þegar við vorum búnir að benda á þetta og þrásinnis um sum atriðin, þá ætti enginn að þurfa að vera í vafa um, að Alþ. hefði átt að vera í lófa lagið að fylgjast með þessu, t. d. um byggingu síldarverksmiðjanna, sem þingið hafði þá til athugunar, en við vöktum aftur athygli á því, hvort ekki væri rétt, að gefnar væru skýrslur um framkvæmdirnar, en það var ekki gert. Hv. þm. V-Húnv. er í fjhn., og þetta mál varðaði þá n., en hér var um mikið að ræða, og ef til vill full ástæða fyrir Alþ. að gera athugasemd við þetta. Við bentum á, að full þörf væri að athuga vel um greiðslur ríkissjóðs, en ég veit ekki til, að það hafi verið gert, hvorki af þinginu í heild né fjhn. En ég get tekið undir með hv. þm. V-Húnv., að full þörf sé að athuga ýmsar þessar greiðslur.

Þá var minnzt á lán til Ólafsfjarðar, en mig minnir, að sú fjárveiting eigi stoð í l., hvort sem það er undir fjárveitingu til hafnarmála eða einhvers annars, það man ég ekki fyrir víst, en mig minnir þetta. Um þetta almennt og till. þær, sem við gerum í þessum efnum, þá verð ég að segja, að slíkt verður alltaf skoðunarmál og matsatriði og getur ekki orðið meira. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta fram yfir það, sem ég hef þegar gert.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfáar fyrirspurnir til yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins og þá aðallega í sambandi við 19. gr. fjárl. Ég er ekki fróður um þessi mál, en ég hef haldið, að sú grein væri til þess ætluð að taka á móti því, sem ekki ætti annars staðar heima á fjárl. Ef við lítum yfir þessa grein, þá kennir þar margra grasa. Þar á meðal er bifreiðakostnaður stjórnarráðsins rúmlega 117 þús. kr. Ég vildi nú spyrja um, hvort þessi liður ætti þarna heima. Annan kostnað við ráðuneytið er að finna á öðrum stað, og ég hefði ætlað, að þetta ætti þar einnig heima. Það er auðvitað ekki við að búast, að yfirskoðunarmennirnir fari að gera aths. út af þessu, þar sem svo langt er um liðið og tilgangslaust að fara að rifja það upp, en ef yfirskoðunarmennirnir vildu gefa upplýsingar um, hvort hér væri um allan bílakostnað stjórnarráðsins að ræða eða aðeins einhvern hluta hans, þá þætti mér vænt um það, en ég undrast, að þessi liður skuli vera í 19. gr. — Þá er í sömu grein að finna greiðslur fyrir prófdómarastörf, 25 þús. kr., og er það líklega við ríkisskóla, en eðlilegast er, að þessar greiðslur hefðu verið undir viðkomandi skóla eða skólum. Þá er kostnaður í sambandi við skattdómara, en sá liður er annars staðar, og virðist því eðlilegast, að þessi kostnaður hefði einnig verið þar, en hér er sennilega um að ræða kostnað, sem ekki hefur verið búizt við. En ég hefði löngun til að vita, hvernig á því stendur, að þessir liðir eru í 19. gr., og hvort yfirskoðunarmennirnir telja ekki, að þessir liðir eigi að koma á sína réttu staði.

Þá er í 19. gr. getið um kostnað við reikningsúrskurði, en ég veit ekki, hvað við er átt með því, en það má ætla, að um sé að ræða úrskurð á því, hvort greiða skuli vissa reikninga, sem á ríkissjóð berast, en slíkt finnst mér, að eigi heima í fjármálaráðuneytinu.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Árn., yfirskoðunarmaður ríkisreikningsins, hefur talað hér langt mál, m. a. út af því, sem ég hef

sagt um þetta mál. Hann sagði, að endurskoðunin væri háð hinni umboðslegu endurskoðun, en það er endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, og hún sæi um hina tölulegu endurskoðun, en þeir menn, sem Alþ. kysi til þessara starfa, væru einnig tölulegir endurskoðendur, en þó aðallega krítiskir endurskoðendur. En til hvers ætlast Alþ. af þessum endurskoðendum? Það ætlast til þess, að þeir hafi ríkisreikninginn alltaf tilbúinn á næsta ári, þ. e. að ríkisreikningur fyrir árið 1950 sé tilbúinn endurskoðaður fyrir þingi 1951, og hv. 1. þm. Árn. þarf ekki að vera að afbaka það, sem ég sagði. Hann veit það ósköp vel, að nú á annan áratug hefur reglulegt þing ársins byrjað að haustinu, þó að í lögum sé svo kveðið á, að það skuli hefjast 15. febr., og hann veit, að till. okkar miðast við, að þing hefjist að haustinu. Og hv. þm. veit vel, að nú á þessu þingi verður samþ., að reglulegt þing fyrir 1951 komi saman í haust. En hvað er átt við með krítiskri endurskoðun? Það er átt við það, að endurskoðendurnir eigi að sannfæra sig um það, að í sambandi við fjárreiður ríkisins hafi vilji Alþ. verið framkvæmdur og engar greiðslur farið fram af hálfu ríkissjóðs nema heimild væri fyrir því. En mér leiðist að þurfa að segja það, að hinir þingkosnu krítisku endurskoðendur hafa ekki staðið í stykkinu. Tóku hv. þm. eftir því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði, að ríkisreikningurinn fyrir 1948 væri tilbúinn, en eftir væri að endurskoða um 60 ríkisstofnanir? — Satt að segja óska ég, að þessi hv. þm. hafi mismælt sig, vegna þess að enginn maður getur í raun og veru tekið mark á þessu plaggi, ef svo er ekki.

Annar endurskoðandinn, hv. fyrri þm. Árn., segir: Þið fáið þetta til samþykktar, en 60 ríkisstofnanir hafa þó enn ekki verið endurskoðaðar. — Það er að vísu vitað, að skrípaleikurinn í endurskoðun ríkisreikninganna hefur verið afskaplegur, en að hann hafi komizt á þetta stig, hefur engum manni dottið til hugar; og mér hefði aldrei dottið til hugar, að það ætti eftir að verða hlutskipti þessa þm. að gera slíka játningu hér á Alþingi og þá, sem hann viðhafði hér áðan. Mér þykir of vænt um þennan þm. til þess, að ég geti unnað honum þessa vafasama hlutskiptis.

Alþingi kýs krítiska endurskoðendur til þess að unnið sé skv. samþykkt, gerðri fyrir 5 árum, og ætlast til þess, að þeir sjái um, að breytingarnar á starfskerfi endurskoðunarinnar yrðu settar á, en svo hefur ekki orðið enn. Í stað þess játa endurskoðendurnir syndir sínar fyrir Alþingi og segja: Við látum ríkisreikningana fyrir árið 1948 koma nú, þótt 60 ríkisstofnanir hafi ekki verið endurskoðaðar. — Þetta er dálagleg mynd og ég held stórt spor aftur á bak, því að þetta hefur aldrei átt sér stað. Og þótt þetta hafi komið fyrir í þetta sinn, finnst mér, að sjá verði um, að þetta geti ekki endurtekið sig. En ég býst við, að ríkisreikningarnir fyrir árið 1948 verði teknir til sérstakrar athugunar, og endurskoðendurnir geta þá gert fyllri grein fyrir því, hvers vegna þeir leyfa sér að láta reikningana fara til Alþingis til samþykktar án þess að 60 ríkisstofnanir hafi verið endurskoðaðar. Eða ætlast endurskoðendurnir til, að Alþingi leggi blessun sína yfir reikningana og segi: „Þeir eru réttir, og við skulum samþ. þá og láta kíkinn fyrir blinda augað og gleyma þessum 60 stofnunum"? — En það er alls ekki hægt að gera þá kröfu til okkar.

Ég veit, að hv. 1. þm. Árn. er bæði að öllu góðu kunnur og allur af vilja gerður til þess að bæta úr þessu, og því fyrirgefst honum mikið. En ef það er rétt, sem hann sagði hér áðan, að ríkisreikningarnir fyrir 1948 væru lagðir hér fram til samþykktar af hinum umboðslegu endurskoðendum án þess að 60 ríkisstofnanir hafi verið endurskoðaðar, þá hefur hann gengið lengra en honum sæmir.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki undarlegt, þótt meiri eða minni umr. fari fram um afgreiðslu ríkisreikninganna, því að afgreiðsla þeirra er skilagrein á því, hvernig sú ríkisstjórn hefur staðið sig, sem með völd hefur farið á því tímabili, sem reikningarnir ná yfir. En sannleikurinn er sá, að þótt við yfirskoðunarmenn höfum gert aths. við ríkisreikn., þá hefur Alþingi alltaf samþ. þá umyrðalaust og látið allar aths. fljóta án þess að gera neitt veður út af þeim. Ég get t. d. nefnt það, að ein ríkisstofnun, útvarpið, hefur í öll þau 11 eða 12 ár, sem við 1. þm. Árn. höfum gegnt þessu starfi, farið fram úr heimild fjárl. um útgjöld, og höfum við gert aths. við það, en Alþingi aldrei tekið þær til greina, og svo er í fleiri tilfellum.

En ég hefði kosið að ræða meir um afgreiðslu ríkisreikn. fyrir árið 1948 en þá, sem hér liggja fyrir, af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess, að við yfirskoðunarmenn höfum gengið nánar út í ýmis atriði í sambandi við reikningana 1948, — og í öðru lagi vegna þess, að ég á minni þátt í endurskoðun þessara reikninga en vanalega vegna ýmissa ástæðna, t. d. var ég bundinn í ráðherrastarfi, svo að endurskoðunin var aðallega í höndum 1. þm. Árn.

En varðandi þær aths., að við hefðum verið á eftir áætlun, þá vil ég víkja að því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði, — að sökin væri engan veginn hjá okkur yfirskoðunarmönnum, og því vildi ég, að hv. 2. þm. Rang. og aðrir, sem halda, að við séum í sök fyrir þetta, vissu, að sökin er ekki okkar. Þvert á móti. Vegna þess að að svo miklu leyti sem segja má, að við höfum brotið, þá er það brot þannig, að við höfum skilað aths., áður en hægt var að búast við. Okkar starf er tvíþætt: Í fyrsta lagi að yfirfara og endurskoða skýrslur hinnar umboðslegu endurskoðunar, og í öðru lagi að krítisera, ef farið er út fyrir hinn markaða ramma fjárlaganna. Nú er það svo með tilliti til þessa, þá ættu skýrslur ráðh. að liggja fyrir, en svo hefur ekki verið, svo að við höfum tekið þann kostinn að skila okkar aths., áður en skýrslur fjmrh. hafa legið frammi. Og af því að hv. 2. þm. Rang. gerði mikið úr þessu atriði, vil ég segja það, að það er hárrétt, sem hann sagði, að við vorum ekki búnir að fá skýrslur fyrir 60 ríkisstofnanir, þegar við skiluðum aths. okkar við ríkisreikningana fyrir árið 1948. Ég vil benda á, að hér er ekki um neitt smáatriði að ræða, því að um 200 stofnanir heyra undir okkur, og fjmrh. er alltaf á eftir áætlun með sínar skýrslur. Þess vegna er það svo, að þetta er alltaf nokkuð á eftir áætlun, og ef við ættum að bíða með að endurskoða allar stofnanirnar til fullnustu, þá væri afgreiðslu ríkisreikninganna fyrir árið 1948 ekki lokið enn þá. Endurskoðunar-

deild ráðuneytisins skilar skýrslum sínum til yfirskoðunarmanna, en hún er alltaf á eftir áætlun, og í þetta sinn er það gert í samræmi við óskir ríkisstj., að við skilum okkar aths., þótt endurskoðunardeild ráðuneytisins hafi ekki lokið sínu hlutverki hvað þetta snertir. Ég vænti þess því, að það verði ekki talin okkar sök, að reikningarnir eru svo seint tilbúnir.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. V-Húnv. sagði um ósamræmið í starfi okkar varðandi reikninginn fyrir árið 1947, ætla ég ekki að segja margt, því að hv. 1. þm. Árn. hefur svarað því að mestu. En mér finnst ekkert undarlegt, þótt ókunnugum finnist gæta ósamræmis þar, vegna þess að við verðum að fá allar okkar upplýsingar frá ráðuneytinu og ríkisbókhaldinu, og til þess geta legið ýmsar orsakir, að við gerum ekki aths. við þetta eða hitt, — t. d. um borgaðar ábyrgðir ríkissjóðs. Og það er engin ástæða til þess að ásaka ríkisstj. fyrir það að hafa ekki borgað þessar ábyrgðir.

Sama máli gegnir t. d. um atvinnudeildina. Það er stofnun, sem okkur hefur virzt, að hafi ekki annað því hlutverki, sem efni standa til, og þess vegna höfum við gert okkar aths. þar að lútandi, og viðvíkjandi stofnuninni að Úlfarsá, þá er sett of mikið fé til hennar, en að því er atvinnudeildina snertir, þá hefur verið lítilli yfirstjórn fyrir að fara þar undanfarin ár, en ég lét bæta úr því í minni ráðherratíð og skipaði þar yfirmann, sem ágætlega hefur verið starfi sínu vaxinn. (**BÁ:** Ég skipaði þennan mann.)

Varðandi það, sem hæstv. fjmrh. sagði, þá talaði hann um það m. a., að yfirskoðunarmenn hefðu dregið sitt starf á langinn. En hann játaði hins vegar, að reikningarnir hefðu verið of seint tilbúnir. En það er nú ekki rétt, að yfirskoðunarmenn hafi dregið starf sitt fram yfir það, sem ástæða var til, heldur skiluðu þeir aths. sínum jafnvel áður en efni stóðu til.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. N-M. spurðist fyrir um ýmis atriði, þá getur ýmislegt af þessu auðvitað orkað tvímælis, eins og t. d. hvort setja eigi bifreiðaútgjöld stjórnarráðsins á 19. gr. eða 10. gr., en þar eru sett öll rekstrargjöld stjórnarráðsins. En það hefur að vísu ekki neina praktiska þýðingu. — Svo er það viðvíkjandi prófdómarakostnaðinum. Þetta er ekki venjulegur prófdómarakostnaður, heldur kostnaður við prófdóma, sem sérstaklega eru keyptir aukalega. — Um kostnaðinn við skattdómaraembættið er það að segja, að hann er þarna færður inn sérstaklega, og um reikningsúrskurðinn er það að segja, að það er enginn reikningsúrskurður ákveðinn af fjmrh. til hækkunar nema hann sé færður á 19. gr., og er það mjög eðlilegt.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða þetta að öðru leyti, en vil aðeins víkja að okkar aðalstarfi. En það er í 1. lagi fólgið í því að yfirfara og endurskoða skýrslur hinnar umboðslegu endurskoðunar, og í 2. lagi að gera aths., ef ríkisstj. fer út fyrir hinn markaða ramma fjárlaganna. Og ég vil benda á það, að okkur mundi ekki endast allt árið um kring, ef um tölulega endurskoðun væri að ræða í sambandi við starf okkar, og sökin er ekki hjá okkur, þótt ekki sé búið að endurskoða þessar 60 ríkisstofnanir.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég mun ekki að þessu sinni flytja endurskoðendunum neina ástarjátningu, eins og hv. 2. þm. Rang. hefur gert. Hann sagðist vilja fyrirgefa þeim mikið. Kærleikurinn umber allt. — Ég skaut hér fram spurningum til yfirskoðunarmannanna viðvíkjandi einstökum liðum reikningsins, sem þeir hafa engar aths. gert við. Ég spurði t. d. um bankavaxtabréfin, sem ríkisstj. keypti á þessu ári fyrir h. u. b. 930 þús. kr. Þeirri spurningu minni hafa þeir ekki svarað, og býst ég við, að þeir hafi ekki svarið á reiðum höndum, svo að þetta mætti athuga fyrir 3. umr. frv. Ég hef ekki heldur fengið nein svör við spurningu minni um ½ millj. kr. lánveitingu til Ólafsfjarðarhafnar. En sessunautur minn, hv. 1. þm. Árn., segir mér, að sig minni, að heimild til þessarar lánveitingar sé í hafnarlögunum. En ég held, að hér sé aðeins um ríkisábyrgð að ræða, ef ég man rétt.

Hv. 1. þm. Árn. viðurkenndi, að það vantaði samræmi í aths. yfirskoðunarmanna, og sagði, að bollaleggingarnar um tvö ríkisbúin ættu e. t. v. ekkert erindi í aths. En það hefði kannske mátt benda á, að búið í Ölfusi hefur haft þá sérstöðu, að það hefur aðallega hagnazt af gróðurhúsunum, en af búinu að Hvanneyri hefur verið halli og farið minnkandi hin síðari ár, og sér hefði fundizt ástæða til að geta þess, að hallinn hafi farið minnkandi með hverju ári. En eins og þetta er sett fram, get ég ekki séð, að þetta eigi erindi í umsögn þeirra.

En ég kem nú aftur að atvinnudeildinni og því, sem ég minntist hér á áðan í því sambandi. Þá gerði ég grein fyrir því, að við heildaruppgjör hefðu útgjöldin orðið lægri en gert var ráð fyrir á fjárlögunum. Þetta verðlauna yfirskoðunarmennirnir með því að átelja sérstaka eyðslu við þessa stofnun og vekja athygli á henni á þeim grundvelli. Það gerir kannske ekki mikið til, vegna þess að ekkert sé gert með þetta, en þó hygg ég, að það sé lesið upp í útvarpið og þar vakin athygli á því, að þessi stofnun fari illa með fé, þótt hún hafi notað minna fé en henni var ætlað á fjárlögunum. En um það eru fá dæmi, og er hitt venjulegra, að meira fé sé notað en áætlað er á fjárlögum, t. d. notaði utanríkisþjónustan tæpl. 70% meira en áætlað var.

Hv. þm. A-Húnv. lagði áherzlu á, að ríkisútvarpið hefði notað fé fram yfir áætlun fjárl., og er það rétt. En þar skilar reksturinn 1,3 millj. kr. hagnaði fram yfir það, sem áætlað var á fjárl. Hv. þm. segir, að það sé m. a. hlutverk yfirskoðunarmanna að gera aths., ef ríkisstj. fer út fyrir hinn afmarkaða ramma fjárlaganna. Og ég fann að því í þessu sambandi, að mér þætti einkennilegt, að þeir skyldu ekki gera aths. við kaupin á bankavaxtabréfunum og lánið til Ólafsfjarðarhafnar.

Það kom fram í ræðu hv. 1. þm. Árn., að starfsreglur yfirskoðunarmanna séu ófullkomnar. Mér finnst satt að segja, þar sem þessir menn eru búnir að vera meira en áratug við þessi störf, að þeir hefðu átt að vera búnir að setja sér ákveðnar starfsreglur, því að þá væru störf þeirra ekki eins flaustursleg og raun ber vitni. Þeir hafa lýst yfir, að þeir hafi haft slæm starfsskilyrði, en að nú hafi

eitthvað verið bætt úr því, þannig að þau væru orðin þolanlegri. Það má auðvitað segja, að ég, sem hef setið lengi á þ. með þessum yfirskoðunarmönnum, byrji nokkuð seint á að yfirskoða þeirra yfirskoðun og minna á þessi atriði, en þetta mun þó ekki vera í fyrsta skipti, sem ég geri aths. við það, sem frá þeim kemur í sambandi við ríkisreikninginn. Það væri æskilegt, að þessu starfi væri hagað á annan veg en nú er, þannig að minna flausturs gæti við framkvæmd yfirskoðunarinnar, en nú lítur út fyrir, að störf yfirskoðunarmanna fari eftir því, hvernig andi kemur yfir þá þennan eða hinn daginn, sem þeir eru að störfum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta, því að, — eins og áður hefur verið tekið fram af öðrum ræðumönnum, — þá er ekki annað að gera en að samþ. reikninginn eins og hann er, þótt ýmislegt athugunarvert kunni þar að þykja.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Bjarni Ásgeirsson: *Herra forseti.* Ég ætla ekki að ræða málið efnislega en aðeins að leiðrétta það atriði í ræðu hv. þm. A-Húnv. (JPálm) varðandi skipun ákveðins embættismanns, og var þar áreiðanlega átt við Þorbjörn Sigurgeirsson framkvæmdastjóra atvinnudeildar háskólans. Ég hringdi upp á atvinnudeild til þess að fá úr þessu skorið og fékk þar þær upplýsingar, að mín undirskrift var á embættisráðningu hans, enda var hv. þm. A-Húnv. ekki orðinn ráðh., þegar þessi maður var ráðinn til starfa.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa þetta langa ræðu, þar sem hv. þm. A-Húnv., samstarfsmaður minn, hefur svarað ýmsum þeim aths., sem fram hafa komið.

Ég vil aðeins minnast á það, sem kom fram hjá hv. 2. þm. N-M. (HÁ), að það er í sjálfu sér eðlilegt, að sá kostnaður, sem hann ræddi um, færist á 10. gr., en hins vegar er ómögulegt fyrir yfirskoðunarmenn að eltast við hverja smáupphæð á ríkisreikningnum eða hvar þær skuli færðar. Þá minntist hann á greiðslur til hinna einstöku gjaldinnheimtumanna hins opinbera, sem fjmrh. úrskurðar eftir þeim reikningum, sem frá þeim koma. Hér er um að ræða fjármuni, sem þeir sjálfir eiga, t. d. mistalningarfé, þar sem þeim hefur verið greitt meira en þeim ber o. s. frv.

Þá svaraði hv. þm. A-Húnv. því, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Rang. (IngJ). Mér þykir leiðinlegt, ef hann er óánægður með þessi mál, en það verður ekki úr þessu bætt, og það er ekki á okkar valdi að gefa fyrirmæli um það til ráðun., hvernig haga beri endurskoðun fjmrn. Það eina, sem við getum gert, er að ganga eftir skýrslum og gögnum þaðan, og það höfum við — ekki einu sinni eða tvisvar, heldur margsinnis — gert, og ég álít, að það hafi verið skylda okkar gagnvart þ. að vekja athygli á því, hve seint þetta hefur gengið. Hitt er mesti misskilningur hjá hv. 2. þm. Rang., ef hann heldur, að ástandið í þessum efnum sé eitthvað verra en það hefur áður verið. Það hefur færzt í betra horf, þótt það að vísu sé ekki komið í það lag, sem það á að vera. Og hv. þm. verða að gera sér ljóst, að við yfirskoðunarmennirnir getum ekki framkvæmt okkar skoðun eins og umboðslega endurskoðunin, þ. e. athugað sérhvert fylgiskjal og lagt saman alla reikninga o. s. frv., því að við kæmumst ekki yfir nema nokkurn hluta af því verki, þótt við sætum við það allt árið. Það getur því aðeins verið um heildaryfirlit að ræða hjá okkur yfirskoðunarmönnunum. Það mun hafa verið hv. 1. þm. S-M. (EystJ), sem setti löggjöf um þessi efni á sínum tíma, og þau fyrirmæli, er þar finnast, koma til viðbótar því, sem er í stjskr. um störf okkar yfirskoðunarmanna.

Hv. þm. V-Húnv. (SkG) þótti aths. okkar yfirskoðunarmanna við ríkisreikninginn vera nokkuð handahófskenndar, en ég hygg, að það muni ætíð verða skiptar skoðanir um svo margþætt og yfirgripsmikið mál sem ríkisreikningurinn er. Út af þeim ummælum hv. þm., að störf okkar virtust fara eftir því, hvernig andinn kæmi yfir okkur í það og það sinnið, verð ég að segja það, að mér lízt ekki á hans vinnubrögð, ef þau eru ekki unnin, þegar andinn kemur yfir hann, og í tilefni af þessu vil ég hér minnast á mál, þar sem andinn virðist ekki hafa verið yfir honum nema öðru hverju, en það er út af endurskoðun reikninga vegna byggingar síldarverksmiðja á Siglufirði og Skagaströnd. Á sínum tíma var þetta gert að þingmáli út af þeirri vitneskju, sem þ. barst, og var okkur falin athugun á málinu. Fjhn. fékk reikningana frá okkur til athugunar, en niðurstöður af henni höfum við ekki fengið frá n., þótt við höfum ítrekað það við hana, og hlýtur þetta að stafa að einhverju leyti af því, að andinn hafi aldrei komið yfir hv. þm., og vona ég nú, að hann komi, svo að við getum fengið vitneskju um þetta mál. Á þetta er minnzt til þess að sýna, hver atvik geta legið til þess um ýmis mál, hvernig þau ganga til. Þarna mun víst ekki flaustrinu um að kenna, en þetta er þó óneitanlega léleg afgreiðsla, þar sem málið er í sama farinu hjá n. og þegar það var lagt fyrir hana.

Þá lét hv. þm. í ljós undrun sína yfir því, að við yfirskoðunarmenn hefðum ekki sett okkur skráðar starfsreglur til að vinna eftir, en ákvæði l. og stjskr. eru skýr um þetta efni. Ég tel líka vafa á því, hvort hægt væri að hafa skráðar reglur um þessi störf, því að málið er þannig í eðli sínu, að því verður að haga eftir því, hvernig á stendur um hvert einstakt atriði, og get ég ekki farið út í að rökstyðja það nánar, þar sem það væri of langt mál. — Þá minntist hv. þm. á húsnæðismálin og fannst þau vera skopleg. Það kann að vera, að þau séu skopleg í hans augum, en víst er, að hann hefur ekki sýnt neina samvizkusemi umfram aðra í þeim efnum.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Nd., 25. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Síðast þegar þetta frv. var til umr. hér í d., talaði ég og gerði örfáar aths. við ræðu hv. 1. þm. Árn. um þetta mál. Hann minntist á síldarverksmiðjur ríkisins, þó að mér virtist þær ekki koma málinu við. Ef ég man rétt, mun ríkisstj. hafa falið nefnd að athuga byggingarreikninga síldarverksmiðjanna, og mun það hafa verið þetta, sem hann átti við.

Ég hef ekki orðið var við, að ríkisstj. hafi lagt fram neina skýrslu um þessa endurskoðun. Fjhn. þessarar deildar hefur ekki verið falið að endurskoða þessa reikninga, og kemur þetta því fjárhagsnefndarmönnum ekki meira við en öðrum þingmönnum. Hann hafði það eftir mér, að endurskoðendur þyrftu að hafa skráðar reglur til að fara eftir. Ég spurði bara, hvort þeir hefðu ekki reglur, skráðar eða óskráðar, en ég tel þær jafngóðar, hvort sem þær eru skráðar eða óskráðar. Þá skildist mér á honum, að hann vildi halda, að ég væri að skopast að þeim fyrir að vera í húsnæðishraki, en það er langt frá því. Um kostnaðinn við endurskoðunina skal ég ekki fara mörgum orðum; tel hann ekki svo mikinn, að ástæða sé til að ræða um það, ef yfirskoðunin er framkvæmd á þann hátt, sem upphaflega var til ætlazt. — Ég mun ekki hafa fleira að taka fram um þetta, en ég ítreka, að endurskoðendurnir þurfi að hafa ákveðnar reglur til að fara eftir, svo að þetta sé ekki gert af handahófi í hvert sinn.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég skal hafa þetta stutt, enda þarf ég ekki að bera af mér neinar sakir. Það er út af tveimur atriðum, sem ég mundi ekki greinilega, og þá fyrst viðvíkjandi þessari ½ millj. kr., sem var veitt til hafnargarðsins í Ólafsfirði, hvort heimild hafi verið fyrir því eða einhver ástæða. Heimild var ekki fyrir hendi, en skemmdir höfðu orðið á höfninni, svo að ef ekki var bætt eins fljótt úr og gert var, mátti búast við, að höfnin eyðilegðist. Bærinn hafði ekkert fé undir höndum til að greiða þetta, svo að ríkið ákvað að greiða þetta til að spilla ekki framkvæmdunum meira og tók þetta af fjárveitingu til hafnarinnar á næsta ári. Frekari aðgerðir voru aðkallandi, svo að það gat ekki tekið það af því, sem það hafði þegar veitt, en meiningin var að gera það eins fljótt og unnt væri. — Viðvíkjandi hinu atriðinu, bankaverðbréfunum, þá tók ríkið lán árið 1926 hjá Statsanstalten for Livsforsikring. Það lán var bundið við það, að viss upphæð lægi hjá bankanum. Nú vildi svo til árið 1946, að það vantaði mörg bréf í bankann, svo að ríkisstj. kaupir bréfin og fær af þeim vexti. Upphæðin minnkar, en bréfin voru fyrr dregin út en upphaflega var gert ráð fyrir. Það er ekki ástæða til að fara frekar út í þetta, og geta allir séð það á ríkisreikningum.

Ég drap á síldarverksmiðjurnar, en það gat ekki verið öðruvísi, því að ríkið fékk það mál til meðferðar. Síðan hefur farið fram rannsókn, og höfum við spurt, hvað þessu líði, en ekkert hefur komið fram. Þetta er sameiginlegt fyrir fjhn. og yfirendurskoðendur, og ætla ég, að það halli sízt á endurskoðendurna.

Viðvíkjandi því, hvaða reglum við yfirskoðunarmennirnir förum eftir í starfi okkar, þá vil ég benda hv. þm. á það, sem ég hef áður gert í umr. um þetta mál, að um það eru ákvæði bæði í stjórnarskránni og lagafyrirmælum frá 1935 eða '36, og ég hef áður getið um það, eftir hvaða reglum við færum í starfinu, og sé ég svo ekki ástæðu til að orðlengja um þetta.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af orðaskiptum okkar hv. þm. Mýr. fyrir nokkrum dögum um yfirstjórn á fjárreiðum atvinnudeildar háskólans. Þetta er lítilvægt atriði, en hér er um að ræða tvær stofnanir, sem sami maður veitir forstöðu, og það er rétt hjá hv. þm. Mýr., að hann skipaði Þorbjörn Sigurgeirsson formann rannsóknaráðs ríkisins tveim dögum áður en hann fór úr ráðherrastóli, en ég ákvað, að atvinnudeildin skyldi einnig hlíta yfirráðum hans, svo að við höfum báðir nokkuð til okkar máls.

Út af fyrirspurn hv. þm. V-Húnv. um það, hvort við yfirskoðunarmennirnir hefðum ekki einhverjar reglur til að fara eftir í starfi okkar, þá vil ég taka fram, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði, að við höfum sérstakar reglur að fara eftir samkv. stjskr., og svo hafa yfirskoðunarmennirnir einnig vissar venjur, sem þeir fara eftir. Hv. 1. þm. Árn., sem er nokkru eldri en ég í starfinu, fór fyrstu árin nokkuð lengra í endurskoðuninni heldur en við höfum gert síðari árin, en því var tekið heldur illa, og Alþ. tók ekki mark á þeim aths., sem gerðar voru, svo að samkomulag varð um það okkar á milli að fara ekki lengra í þessum efnum en við værum skyldir til samkv. stjskr. En það er margt, sem miður hefur farið, svo að full ástæða væri fyrir fjhn. og Alþ. að fara út í frekari athugun á því, en það hefur ekki verið gert, og snýr margt af því að þinginu, svo sem fjáreyðsla, sem engar heimildir eru til fyrir, o. s. frv.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Mér kemur nokkuð á óvart að heyra það, sem hv. 1. þm. Árn. sagði hér, að hvorki yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins né fjhn. hafi orðið varir við, að endurskoðun reikninga vegna byggingar síldarverksmiðjanna á Skagaströnd og Siglufirði væri lokið. Mér er kunnugt, þar sem ég hef stundum setið sem varamaður í síldarútvegsnefnd, að þessari endurskoðun er fyrir löngu lokið. Það var framkvæmt svo, að fyrst voru þeir endurskoðaðir af tveim hæstaréttarlögmönnum og síðan af þeim Sigurði Jónssyni, fjármálalegum framkvæmdastjóra síldarverksmiðja ríkisins, og Erlendi Þorsteinssyni, og sú endurskoðun leiddi til þess, að tvö fyrirtæki — og ég held raunar þrjú, vélsmiðjan Héðinn, Almenna byggingarfélagið og rafmagnsfirmað Jóhann Rönning, — endurgreiddu síldarverksmiðjunum nær 1 millj. kr. Mjölhússagan frá Siglufirði hefur áður verið rakin svo rækilega hér, að ég sé ekki ástæðu til að fara út í hana nánar, og vegna hennar endurgreiddi vélsmiðjan Héðinn nokkra tugi þúsunda. Og alls nam endurgreiðsla þessara þriggja fyrirtækja um 1 millj. kr. á reikningum, sem byggingarnefndin var búin að samþykkja. Ýmislegt fleira kom fram við þessa endurskoðun, svo sem að ýmsir menn voru taldir hafa unnið mánuðum saman í sambandi við byggingarframkvæmdir, sem síðar kom í ljós við athugun, að þeir hefðu ekki unnið. Og niðurstaðan var sú, að eftir að hæstaréttarlögmennirnir og þeir Sigurður og Erlendur höfðu yfirfarið reikningana, þá var endurgreidd um 1 millj. kr. Það liggja fyrir skýrslur um þessa endurskoðun bæði frá hæstaréttarlögmönnunum og þeim Sigurði og Erlendi, svo að mér kom nokkuð spanskt fyrir, þegar ég heyrði, að yfirskoðunarmönnunum var ekki kunnugt um,

að endurskoðun væri lokið, og að fyrir lægju skýrslur um þetta, eins og ég hef nú gert grein fyrir.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 57. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 64. og 65. fundi í Ed., 5. og 6. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 66. fundi í Ed., 8. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 133, n. 592).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. form. og frsm. fjhn. (BSt) er veikur, og hef ég lofað að taka þessa framsögu til að tefja ekki málið.

Nefndin hefur, eins og venja er til, athugað frv. og borið það *tölulega saman* við *ríkisreikninginn* fyrir árið 1947, og ekkert fundið við það að athuga. En nefndin hefur einnig athugað athugasemdir yfirskoðunarmanna, svör ráðuneytanna við þeim og tillögur yfirskoðunarmanna að fengnum svörum ráðuneytanna, og í sambandi við það vill nefndin gjarnan fá upplýst hjá *hæstv. fjmrh.*, hvort nokkuð hefur verið gert í þessu máli síðan.

Það hefur verið venja frá ári til árs, að sú aðferð hefur verið höfð hjá yfirskoðunarmönnum landsreikninganna, að þeir senda sínar aths. til ríkisstj., ráðuneytið sendir sín svör við aths., síðan gera endurskoðendurnir aths. við þau svör og senda þær aths. annaðhvort til Alþingis — en því er reyndar löngu hætt, vegna þess að það hefur upplýstst, að það er þýðingarlaust, þetta mál er aldrei tekið til meðferðar þar, — eða þeir gera aths. um, að þetta sé til „athugunar" eða „eftirbreytni framvegis". Nú vil ég fyrir hönd fjhn. Ed. bera fram nokkrar fyrirspurnir til hæstv. ráðh. út af þessu máli.

Hér er fyrst aths. um eftirstöðvar hjá hinum ýmsu innheimtumönnum. Svör ráðh. eru m. a. að torveldara sé orðið um innheimtu á tekjum ríkissjóðs. Yfirskoðunarmenn gera svo sína till.: „Nauðsyn ber til, að verið sé vel á verði um innheimtuna, og er málið því til athugunar framvegis." Út af þessu vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hafa nokkrar sérstakar ráðstafanir verið gerðar til að fyrirbyggja, að slíkar aths. komi á hverjum landsreikningi? Þetta er aths., sem orðið er föst venja að setja á hvern landsreikning, án þess að nokkur breyt. verði á því.

Önnur aths. hljóðar svo: „Yfirskoðunarmenn álíta, að unnt verði að komast af með minni kostnað við póstþjónustuna og telja, að athuga beri um starfsemi hennar. Er aths. því til athugunar framvegis." Svar ríkisstj. er þannig, að þar er birt svar póststjórnarinnar einnar, en ekkert kemur fram um, hvert er álit ríkisstj. sjálfrar á málinu, og það segir aðeins í svari póststjórnarinnar, að hún álíti, að svona þurfi þetta að vera. Það hafa komið aths. frá fjvn. um, að áætlunin hafi ekki staðizt fyrir þessa stofnun. Þegar nú ekki koma önnur svör frá ráðuneytinu en þau, sem stofnunin sjálf gefur, langar mig til að spyrja hæstv. ráðh.: Hafa ráðstafanir verið gerðar til þess að yfirskoðunarmenn landsreikninganna þurfi ekki að gera þessa sömu aths. ár eftir ár?

3. og 4. aths. er eitt af því, sem yfirskoðunarmennirnir telja „til athugunar framvegis". Í 3. aths. segir, „að samkvæmt reikningi raforkumálastjóra skulda jarðboranir í árslok 1947 kr. 400.670,-68. Árið 1946 námu skuldirnar kr. 277.869,18 og árið 1945 voru þær kr. 84.011,68. Í árslok 1947 nema þessar skuldir samtals kr. 762.551,54. Þar sem hér er bundið allmikið fé raforkumálasjóðs, ber nauðsyn til þess, að alvarleg gangskör verði gerð að innheimtu þessa fjár." (**Fjmrh.:** Þetta er það, sem jarðboranirnar eiga útistandandi, en eru ekki skuldir.) Þessu svarar svo ráðuneytið, að allt kapp sé lagt á að innheimta þetta fé o. s. frv., og yfirskoðunarmenn telja það „til athugunar framvegis". Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort þessu hafi verið kippt í lag.

Í sambandi við þetta atriði vil ég benda á, að í reikningi raforkusjóðs er innstæða hjá skrifstofu *raforkumálastjóra* talin kr. 13.846.150,22, og það, sem mér þykir enn einkennilegra, er, að á landsreikningnum árið 1948 er þessi upphæð orðin kr. 15.944.515,66. Ég hef ekki getað fengið þetta upplýst, og mér finnst einkennilegt, að þetta skuli vera fært þannig á landsreikninginn, að hjá skrifstofu *raforkumálastjóra séu nærri 16 millj.* kr. Ef við lítum t. d. á reikning fiskimálasjóðs, sést, að þar eru peningar í sjóði, og þetta er eini sjóðurinn, sem færður er þannig upp, að innstæða sé hjá skrifstofunni. Það ætti að sundurliða, hvar fé þetta er.

Um 5. aths. er ágreiningur milli yfirskoðunarmanna og ráðuneytisins. Hjá yfirskoðunarmönnum segir: „Á RR er raforkumálasjóðurinn talinn kr. 14.670.350,02, en á reikningi raforkumálastjóra er sjóðurinn talinn kr. 16.170.350,02, eða 1.500.000 kr. hærri. Þessi mismunur mun stafa af því, að raforkumálastjóri telur, að sjóðurinn eigi hjá ríkissjóði 1,5 millj. kr. frá árinu 1946. Það ár var veitt á fjárlögum kr. 500 þús. Raforkulögin, er öðluðust gildi 2. apríl 1946, ákveða árlegt framlag til sjóðsins 2 millj. kr., og mun raforkumálastjóri telja, að ríkinu beri að greiða sjóðnum þessa upphæð ...." Þessu svarar svo hæstv. ráðuneyti: „Í fjárlögum fyrir árið 1946 voru raforkumálasjóði ákveðnar 500

þús. kr. Ráðuneytið taldi sér ekki heimilt að greiða sjóðnum hærri upphæð en Alþingi veitti.“ Yfirskoðunarmenn álíta, að raforkumálasjóði beri eigi að síður þessar 1.500.000 kr., og er því aths. „til eftirbreytni“. Nú vildi ég spyrja, hvernig hefur verið farið með þetta atriði, hvort raforkumálasjóður á þetta fé, eins og yfirskoðunarmenn álíta, eða ríkissjóður, eins og ráðuneytið virðist álíta.

7. aths. hljóðar svo: „Samkvæmt rekstrarreikningi útvarpsins nema laun starfsmanna samtals kr. 1.438.455,57. Fyrir útvarpsefni er greitt kr. 564.368,04, skrifstofukostnaður kr. 304.953,06, eða samtals kr. 2.307.776,67 ...“ Svo spyrja endurskoðunarmenn: „Er ekki hægt að draga verulega úr þessum gífurlega kostnaði?“ Svar ráðuneytisins byrjar þannig: „Útvarpsstjóri svarar þessari aths. á þessa leið:“ — og síðan kemur ekkert svar annað en svar útvarpsstjóra. Hér virðist forráðamaður stofnunarinnar sem sé einráður um, hve miklu fé hann sóar fram yfir það, sem ákveðið er í fjárlögum. Tillögur yfirskoðunarmanna eru svo: „Yfirskoðunarmenn telja, að það beri að gera sérstakar ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur útvarpsins. Athugasemdin er því til athugunar framvegis.“ — Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hefur þetta verið gert? Hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir til að draga úr þessum kostnaði? Er útvarpsstjóri sjálfráður um, hve miklu fé hann sóar eftirlitslaust? Það hefur verið gagnrýnt og margítrekað í sambandi við fjárlögin, að ekki þætti ástæða til, að sú stofnun sói fé ríkissjóðs eftirlitslaust, og það kemur í ljós, að yfirskoðunarmenn landsreikninganna eru á sama máli.

Svo koma aths. 8—11. Þar segja yfirskoðunarmenn í till. sínum: „Með svarinu eru gefnar ýmsar upplýsingar um rekstur fyrirtækisins, og er að sjá, að viðleitni hafi verið sýnd til umbóta. Er þess að vænta, að þeirri viðleitni verði haldið áfram, og er athugasemdin til athugunar framvegis.“ Þetta á við stofnanir landssmiðjunnar. Það mun hafa verið eftir að þessi aths. kom fram, sem skipt var um forstjóra fyrirtækisins, svo að aths. hefur sennilega verið tekin til greina af ríkisstj., en þetta er ein af þeim aths., sem ég taldi mér skylt að benda á.

Í sambandi við 12. aths. segja yfirskoðunarmenn: „Yfirskoðunarmenn telja þessa ráðstöfun ekki rétta, en eftir atvikum verður við svo búið að standa.“ Mér þykir dálítið einkennilegt, að þeir segja, að við svo búið verði að standa. Hafi ekki verið rétt að afhenda Svifflugfélagi Íslands bifreiðina R 480, þá á sannarlega ekki við svo búið að standa.

Í sambandi við nr. 18 segir: „Upplýst með svarinu. En gera verður ráðstöfun til þess, að fiskimálasjóður telji ekki á efnahagsreikningi sínum, að hann eigi þetta fé hjá ríkissjóði. Er athugasemdin til athugunar framvegis.“ En aths. nr. 18 er á þessa leið: „Samkvæmt efnahagsreikningi fiskimálasjóðs telur sjóðurinn sig eiga hjá ríkissjóði kr. 279.741,96 vegna leiguskipa 1945. Á RR er upphæðin ekki talin. Rétt virðist, að þessi viðskipti milli ríkissjóðs og fiskimálasjóðs verði gerð endanlega upp.“ Ríkisstj. hefur svarað þessu þannig: „Ráðuneytið telur, að viðskipti þessi séu að fullu uppgerð, og beri fiskimálasjóði ekki að telja fjárhæðina sér til eignar í efnahagsreikningi. Sjútvmrn. er á sömu skoðun og fjmrh. í þessu efni.“ — Því vil ég spyrja: Er þetta mál gert upp milli þessara tveggja aðila? Það er ekki svo að sjá, enda segir svo í aths.: „til eftirbreytni framvegis“.

Ég hef drepið hér á nokkur atriði í sambandi við ríkisreikninginn og flutt þessar fyrirspurnir í nafni hv. frsm. fjhn., sem væntir þess, að tekið verði fullt tillit til aths. yfirskoðenda ríkisreikninganna, að öðrum kosti væri sú endurskoðun óþörf og væri þá bezt að leggja hana niður og spara ríkinu þann kostnað, sem endurskoðunin hefur í för með sér. Það er ófært að sjá þessar aths. ganga aftur á hverju einasta ári án þess að fá nokkrar upplýsingar í sambandi við þær eða Alþ. sjái nokkra ástæðu til að taka þessi mál upp og fá þeim komið í rétt horf.

Að öðru leyti leggur nefndin til, að ríkisreikningarnir séu samþ. tölulega, eins og nál. ber með sér, en hún vildi koma þessum aths. á framfæri.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. frsm. sagði fyrir hönd n., að hann vildi fá að vita, hvað væri gert út af þeim atriðum, sem yfirskoðunarmenn hefðu sent til athugunar í sambandi við landsreikninginn 1947. Það má segja, að það sé vanræksla af mér að búa mig ekki undir að svara þessu, vegna þess að þetta stendur í nál. og nokkur tími er liðinn síðan það kom fram, en ég hef ekki búið mig undir að svara þessu lið fyrir lið. Mér finnst ekkert athugavert, þó um þetta sé spurt, en mér finnst sú skylda hvíla fyrst og fremst á yfirskoðunarmönnum að gera sér grein fyrir því næsta ár á eftir, hvað gert hafi verið út af aths. næsta ár á undan; mér finnst það þeirra skylda árið eftir, þegar þeir fara í gegnum reikninga fyrir það ár, að líta á aths. frá árinu áður og sjá, hvað hefur verið gert með þær. Svo ættu þeir að láta koma fram aths. árið eftir, ef þeim þætti eitthvað athugavert.

Hv. frsm. gat um ýmsar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið almennt, þó ekki í sambandi við þessar aths. Ég skal fúslega játa, að ég hef ekki rannsakað nákvæmlega reikninginn fyrir árið 1947, ég hafði gert ráð fyrir, að fyrirrennari minn í þessu starfi mundi hafa gert það, því aths. hafa væntanlega verið komnar á þeim tíma, sem hann hafði þetta með höndum, því að hlutaðeigandi ráðherrar eiga að gæta þess, að íhugað sé um þessar aths. og hvað hægt sé að gera til þess að koma á móti þeim. Ég ætla samt að gefa nokkrar upplýsingar, og verður þá að bíða til 3. umr. að minnast á hitt, sem ekki er hægt eftir eðli málsins að svara án þess að kíkja í einhver plögg. Fyrst er það þá um eftirstöðvarnar. Á hverju ári er aths. um eftirstöðvarnar, og það er ekkert einkennilegt, því að það er ómögulegt annað en það verði eftirstöðvar. Það er aldrei hægt að vera búið að innheimta allan tekjuskattinn og eignarskattinn 1. janúar, og söluskattinn, og síðan hann bættist við, hafa þessar eftirstöðvar verið mjög háar um hver áramót, og endurskoðendurnir telja það skyldu sína að skora á ríkisstj. að reyna að lækka þær. Það, sem hefur verið gert í þessu máli síðan ég kom í ráðuneytið, er fyrst og fremst að láta hafa samband við alla innheimtumenn út af söluskattinum á miðju sumri í sumar, um það, hvernig innheimta hans stæði.

Þetta stóð þá þannig, að erfitt var um innheimtu skattsins, og lét ég þá hafa samband við hvern sýslumann og bæjarfógeta, þar sem sérstök ástæða virtist til, og eggja lögeggjan um innheimtu skattsins. Af þessu varð verulegur árangur, þannig að innheimtan síðari hluta ársins varð betri en áður. Það sýndi sig í sambandi við þetta, að ekki var hægt að innheimta skattinn með óbreyttu fyrirkomulagi. Þess vegna beitti ráðuneytið sér fyrir lagabreyt., til þess að reyna að tryggja innheimtuna, sem kemur til framkvæmda á þessu ári, og er von til þess, að innheimtan gangi mun betur eftir það. Þetta verður fært í svipað horf eins og er í nágrannalöndunum, og vona ég því, að þær endurbætur á innheimtu söluskattsins gefi góða raun.

Varðandi tekjuskattinn er það að segja, að þar hefur engin breyt. orðið önnur en sú, að setja aftur í l. dráttarvextina, sem hafa fallið niður um tíma, en sú ráðstöfun fann hins vegar ekki náð fyrir augum hv. þm. Barð., því að hann var óánægður með þessa dráttarvexti. Svo hafa innheimtumenn verið hvattir til þess að gera gangskör að innheimtunni.

Um 2. aths., sem er kostnaður við póstþjónustuna, er það að segja, að núverandi ráðh. póst- og símamála hefur það verk með höndum, síðan hann tók við þeim málum, að athuga með sínum mönnum, hvort hægt er að gera ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við þessa starfrækslu, og hv. þm., sem er form. fjvn., er það jafnkunnugt og mér, hvað gert hefur verið í þeim málum. Það hafa ekki ennþá verið gerðar verulegar breyt. á póstþjónustunni til sparnaðar eða lækkunar á kostnaði, og ég efast ekki um, að það er fyrir það, að þessi hæstv. ráðh. hefur ekki séð, að það væri mögulegt, a. m. k. ekki nema með meiri undirbúningi, að koma slíku við.

Um jarðboranir ríkisins er það að segja, að málefni jarðborananna hafa verið tekin til gagngerðrar endurskoðunar, og ríkja þar aðrir starfshættir en var, þegar þessar miklu útistandandi skuldir söfnuðust, eftir því sem fjmrn. hefur fengið upplýsingar um hjá þeim, sem þau mál hafa með höndum. Þeir segja, að gerðar hafi verið ráðstafanir til þess, að þetta sé tryggt miklu betur en áður hefur verið, og telja ekki verulega hættu á því, að ekki fáist inn greiðslur fyrir borana, þannig að á því verða gerðar verulegar endurbætur.

Þá er 5. liðurinn, að ekki sé svarað ágreiningsatriði milli endurskoðenda og ráðuneytisins um það, hvort raforkumálasjóður fái 1½ millj. Ég get látið athuga það mál fyrir 3. umr.

Um útvarpið, sem er 7. liður, er alveg það sama að segja og um póstþjónustuna, að ráðh. þeirra mála hefur þann rekstur til íhugunar og hvort hægt er að gera eitthvað til sparnaðar, og það er engum kunnara en form. fjvn., hvernig unnið er að þeim málum og leitazt við að finna möguleika til þess að draga saman og spara, en ég þori ekki að fullyrða, að ennþá séu neinar verulegar ráðstafanir gerðar til þess í þessari stofnun. En mér er kunnugt um, að hæstv. menntmrh. hefur þau mál til meðferðar, hvort hægt sé að koma við sparnaði, og mér er óhætt að segja, að því er gaumur gefinn af hans hendi.

8.—11. liðurinn eru aths. um landssmiðjuna. Þar hafa verið gerðar gagngerðar breyt., eins og hv. þm. minntist á, og af því er kominn sá árangur, að landssmiðjan er nú rekin með hagnaði og allur hennar efnahagur er betri en var.

Varðandi 12. lið þá finnst hv. frsm., að það megi lesa úr þeirri aths., að rangt hafi verið að gefa Svifflugfélaginu þessa gömlu bifreið. Mig minnir, að þetta hafi verið gert af þeirri ríkisstj. í heild sem sat 1947, að sýna Svifflugfélaginu þessa viðurkenningu. Þetta er félag áhugamanna, sem leggja mikið að sér til þess að stunda þessa íþrótt, og hefur sára lítinn stuðning af því opinbera. Því ákvað ríkisstj. á sínum tíma að sýna þeim viðurkenningu með því að gefa þeim gamlan bílskrjóð, sem Áfengisverzlun ríkisins átti. En hv. þm. virtist álíta, af því að endurskoðendunum finnst þetta ekki beinlínis heimilað, að það ætti að taka bílinn af Svifflugfélaginu. Það getur varla verið, að hann meini þetta alvarlega, því að þetta er ekki stórvægileg ráðstöfun innan um allt annað, sem gert er af hendi ríkisstj., þó að þessu félagi væri sýnd þessi viðurkenning, að gefa því þennan bílskrjóð.

18. liðurinn hygg ég, að sé einhver bókfærsluatriði milli fiskimálasjóðs og ríkisstj., og skal ég athuga það fyrir 3. umr., ef hv. þm. leggur áherzlu á þann lið, og einnig greiðsluna til raforkumálasjóðs.

Gísli Jónsson: Til að fyrirbyggja misskilning skal ég taka það fram, að þær aths., sem ég flutti fyrir hönd fjhn., eru ekki gerðar sem nein ásökun, hvorki á núv. né fyrrv. fjmrh., heldur er það aðeins gert vegna þess, sem fram hefur komið í reikningnum.

Í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði, að rétt væri, að endurskoðendur spyrji um þetta næsta ár, þá tel ég betra fyrirkomulag, að endurskoðendur og ríkisstj. komi sér saman um endanleg svör, áður en ríkisreikningurinn er lagður fram, en ekki sé verið að skjóta þessu til næsta árs, eins og hæstv. ráðh. talar um. Auk þess vil ég benda á í sambandi við 1. lið, eftirstöðvar, að á reikningnum 1948 hafa eftirstöðvarnar hækkað stórkostlega á þessu ári, og hafa þó endurskoðendur fylgt þeirri reglu, sem hæstv. ráðh. talaði um, að finna að því næsta ár á eftir; það mun hafa verið fundið að þessu frá ári til árs. Hér á reikningnum fyrir árið 1948 hafa eftirstöðvarnar hins vegar aukizt um milljónir. Nú má ekki skilja þessi orð mín þannig, að ég telji nokkuð óeðlilegt, að eftirstöðvar aukist frá ári til árs, en hitt er annað atriði, að ég tel sjálfsagt, að endurskoðendur geti um þær aths. í reikningnum 1948, því að þá eru stórkostlega auknar útistandandi skuldir um áramót.

Hæstv. ráðh. talaði um, að það hefðu verið settir á dráttarvextir, sem ég hefði ekki verið glaður við. Ég vil biðja hæstv. ráðh. að blanda því ekki saman, hvort verið er að setja dráttarvexti til þess að innheimta eða eins og hér, þar sem eru hærri vextir en hjá verstu okurkörlum, og Alþ. hefur búið til l., þar sem þessu er misbeitt. Rök mín fyrir því að hafa ekki dráttarvexti eins og þeir eru settir í frv. eru þau, að ríkissjóður tekur 12½%, en þegnarnir fá ekkert, þegar þeir hafa ofgreitt, og það er áreiðanlegt, að ef ekki er til nein önnur

leið en þessi rangláta leið til þess að ná inn tekjum í ríkissjóð, þá er betra að fá aðra betri leið en dráttarvextina.

Í sambandi við svar hæstv. ráðh. út úr póstsjóði vil ég einnig benda á, að þessi sama aths. gengur aftur í gegn 1948, virðist því ekki hafa tekizt að bæta neitt um í þeirri stofnun í rekstri. — Hið sama gildir um útvarpið, það er þessi sama aths. um útvarpið 1948, og hafði þá þessi ráðh. einmitt með þau mál að gera á þeim tíma, sem aths. er gerð, og það virðast ekki enn hafa verið gerðar ráðstafanir til þess af þeim, sem standa fyrir þessari stofnun, að fara sjálfir í þau mál til þess að athuga, hvernig hægt er að láta þennan rekstur bera sig betur en verið hefur.

Það er nokkur misskilningur hjá hæstv. ráðh. í sambandi við bílskrjóðinn, sem hann talaði um. Ég lét engin orð liggja að því, að það hefði átt að taka þennan gamla bílskrjóð af Sviffflugfélaginu. Ég benti aðeins á þær aths., sem koma fram við reikninginn hjá yfirskoðunarmönnum. Þeir telja þessa ráðstöfun ekki rétta, og kemur það ekkert málinu við, hvort um er að ræða minni eða stærri upphæð. Hvort rétt var að gera þetta eða ekki, er ekki minn dómur, heldur endurskoðenda. Ef ríkisstj. hefur á sínum tíma ekki fengið endurskoðendur til þess að fallast á þetta, þá er það ekki sök frsm. fjhn.; það var mál milli þessara 2 aðila, og var eðlilegt, að það væri gert upp áður en reikningurinn var gefinn út og prentaður, svo að ekki þyrfti að koma til deilna um þetta smáatriði hér í þinginu. En ég taldi mér skylt að benda á þau atriði, sem aths. eru gerðar við, hvort sem upphæðirnar eru stórar eða smáar. Ef hér vantaði heimild til þess að ráðstafa ríkisins fé, þá átti að afla þeirrar heimildar. Annars viðurkenni ég, að það eru smámunir hjá ríkisstj., þó slíkt sé látið af hendi, því að ég sé ekki betur en að hún hafi látið af hendi á annað hundrað milljónir án þess að spyrja um heimildir og engra heimilda var leitað fyrir, fyrr en ef verið er að gera það nú.

Ég læt þetta svo nægja, en ég vil vænta þess, að þessi mál verði betur upplýst milli ráðuneytanna annars vegar og endurskoðenda hins vegar, svo að Alþ. þurfi ekki að vera að taka þessi mál til umr.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 660).

---

38. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1951.

Á 66. fundi í Nd., 12. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1951 [177. mál] (stjfrv., A. 653).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það er sýnilegt, að þessu yfirstandandi þingi verður ekki lokið áður en hinn lögákveðni samkomudagur reglulegs Alþ. fyrir 1951 rennur upp, og af þeim ástæðum er þetta frv. hér borið fram. Er það tillaga ríkisstj., að reglulegt Alþ. á þessu yfirstandandi ári skuli kvatt saman eigi síðar en fyrsta dag októbermánaðar, ef hæstv. forseti Íslands hefur eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

Við vitum það öll, sem setu eigum á Alþ., að þessi venja er orðin nokkuð rótgróin að breyta þessum lögákveðna samkomudegi Alþ., sem er 15. febr. Eru ýmis atriði, sem hafa valdið því, að sú venja hefur skapazt, og hefur sú venja eiginlega verið föst nú í kringum tíu ár a. m. k., að svo sé að farið. Að undanförnu hefur samkomudagurinn oft verið nokkru síðar en þetta á árinu, 10. eða 11. okt. Það er með það í huga, sem ríkisstj. leggur til, að samkomudagur Alþ. verði ekki síðar en 1. okt., að það megi verða meiri möguleikar til þess að ljúka störfum Alþ. fyrir næstu áramót á reglulegu Alþ. fyrir þetta ár heldur en annars væri. Það heppnaðist á síðasta ári að ljúka afgreiðslu fjárlaga fyrir áramót, þó að Alþ. kæmi ekki saman fyrr en 10. okt. En það var mjög erfitt að ljúka því. Og það er víst, að ef ekki er nema svo skammur tími til stefnu, getur alltaf orkað tvímælis, hvort hægt er að ljúka fjárlagaafgreiðslu og Alþ. þá einnig fyrir áramótin. Ég lít því svo á, að það sé heppilegra, að hinn lögákveðni dagur, sem Alþ. má síðast koma saman á þessu ári, verði ekki ákveðinn síðar en 1. okt.

Ég skal taka fram, að þessi háttur, sem nú hefur orðið að venju, að breyta þannig samkomudegi Alþ. árlega með lögum, hann er að mínum dómi lítt heppilegur. Ég álít, að Alþ. hljóti að standa gagnvart því mjög fljótlega að taka til athugunar, hvort ekki eigi að gera ákvörðun um eitthvert frambúðarskipulag á þessu máli, þannig að ekki þurfi að breyta þessu árlega. En það verður ekki gert nema með nokkrum undirbúningi og með því, að hægt sé að fá nokkurn veginn samkomulag meginþorra Alþ. um það, á hvern hátt slík breyt. ætti að verða, hvort e. t. v. ætti að breyta fjárhagsárinu, þannig að það væri ekki bundið við almanaksárið, og ákveða svo, hvenær Alþ. kæmi saman, í samræmi við það, eða hvort ætti að fara aðrar leiðir. Þó að ég nefni þetta hér, ætla ég ekki frekar að fara út í bollaleggingar um það að þessu sinni.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er svo einfalt, að ég mun ekki gera að till. minni, að því verði vísað til n., enda er tími skammur, þangað til

málið þarf að vera afgr. frá hæstv. Alþ. Ég leyfi mér því að leggja aðeins til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr., og vil að öðru leyti leyfa mér að beina því til hæstv. forseta, að hann flýti göngu þess gegnum þessa hv. d. eins og hann frekast sér sér fært.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 653, 669).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu brtt. 669. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér, ásamt hv. þm. Borgf., að bera fram brtt. um, að Alþ. þurfi ekki að koma saman fyrr en 10. okt. 1951, og er það í samræmi við það, sem hefur tíðkazt um langt skeið. Ég hef heyrt frá hæstv. forsrh., eins og menn hafa vafalaust almennt álitið fyrr, að það sé tilætlunin að reyna að ljúka þinginu fyrir hátíðar. En ég vildi vona, þó að þingið kæmi ekki saman fyrr en nokkrum dögum síðar, að þá mætti það heppnast, ef eindreginn vilji væri fyrir því, sem maður gæti ætlað að væri fyrir hendi, og ef engin sérstök atvik koma í veg fyrir, að það megi takast. Að byrja um mánaðamót sept. og okt. á þinghaldi er óþægilegt þeim mönnum, sem hafa mikið að sýsla uti um sveitir landsins, eins og t. d. bændur. Þá standa smalamennskur yfir, og fjárslátrun stendur einnig yfir á þessum tíma, en er lokið rúmlega viku af október. Það er, eins og menn vafalaust sjá, óþægilegt fyrir bændur að geta þá ekki verið heima við. Þess vegna er það æskilegt, ef hægt væri að þoka samkomudeginum til, svo að þetta mætti takast.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frekar, það liggur mjög ljóst fyrir. Það er ekki meining okkar flm. þessarar brtt. að koma í veg fyrir það, að þinginu mætti verða lokið fyrir hátíðar, en ef eindreginn vilji er fyrir því að ljúka þinginu fyrir hátíðar, þá held ég að það mætti takast, þó að það kæmi seinna saman en 1. okt.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það var út af þessari brtt. frá hv. þm. Árn. og hv. þm. Borgf., sem ég vil nú taka þetta fram:

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. flm. brtt., að það hefur verið venja undanfarin ár, að þingið byrji ekki fundi fyrr en 10.—11. okt. Hitt er líka rétt, og mér er það ljóst, að þetta er óhentugur tími fyrir bændur, sem eiga að sitja á þingi, einmitt þegar sláturtíðin stendur yfir. En þess er að gæta, að sláturtíðin er langt komin um mánaðamót, eða nokkuð áleiðis, svo að óhætt er að segja, að þeir yrðu ekki alveg sviptir því að vera við búið þann tíma. En það, sem fyrir ríkisstj. vakir, er það að fá meiri tíma til þess að ljúka störfum Alþ., fyrst og fremst fjárl. og helzt öllum störfum, fyrir áramót. Nú er öllum ljóst, að tíminn frá 10. okt. er ekki langur til slíkra hluta, þó að það heppnaðist nú að ljúka fjárl., en ekki afgreiðslu á málum að öðru leyti. Þetta er aðalástæðan fyrir því, að ríkisstj. hefur lagt til, að samkomudagurinn verði 1. okt. 1951, og ég fyrir mitt leyti vil ekki falla frá því, að svo verði. Að vísu má segja, að ríkisstj. hafi það að nokkru leyti í hendi sér að kalla þingið saman, en það mun nú trauðla vera gert, ef Alþ. ákveður samkomudag 10. okt., og slík ákvörðun mundi verða til þess, að ríkisstj. notaði sér það síður að kalla þingið saman fyrr. Af þeirri ástæðu vil ég vænta þess, að flm. brtt. gætu fallizt á þann samkomudag og að þessi hv. d. vildi samþ. frv. óbreytt eins og það liggur fyrir.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er aðeins vegna framkominnar brtt., að ég vil láta koma fram úr hópi stuðningsmanna ríkisstj. eina rödd, áður en gengið verður til atkvgr. um þá till. ríkisstj., að Alþ. skuli koma saman 1. okt. n. k. Það er ljóst, að það er ekki hægt að loka augunum fyrir því, sem fram kom hjá hv. 1. þm. Árn. varðandi aðstöðu bænda. En vegna þess sjónarmiðs, sem fram kom hjá hæstv. forsrh., að það sé um verulegt atriði að ræða, einmitt að flytja samkomudaginn frá 10. okt. til 1. okt., og það sé einmitt gert með það fyrir augum að reyna að taka upp þann nýja hátt að ljúka þinginu fyrir áramót, sem mjög langt var komið á þessu þingi, þá er það svo veigamikið atriði, að ég vil taka undir það, að þingið fallist á þá till. frv., þó að ég viðurkenni, að ekki beri að loka augunum fyrir því sjónarmiði, sem hv. flm. brtt. hefur lagt fram fyrir sinni till.

ATKVGR.
Brtt. 669 felld með 16:6 atkv.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 69. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hæstv. forsrh. er hér ekki viðstaddur, en þetta mál skýrir sig sjálft. — Það er ljóst, að störfum þessa Alþ. mun ekki verða lokið fyrir 15. febr., og þarf því að ákveða með l. annan samkomudag reglulegs Alþingis 1951 fyrir þann tíma. Eins og menn sjá, er lagt til í þessu frv. að ákveða samkomudag reglulegs Alþ. fyrr en gert var í fyrra, sem sé 1. okt., og er það gert með það fyrir augum, að auðveldara verði að ljúka fjárl. fyrir jól en annars yrði, og eru þannig meiri líkur til, að þinghaldi geti orðið lokið fyrir jól, heldur en ef það kæmi saman þann 10. okt. Það er líka eðlilegt, að þing komi fyrr saman nú, þar sem það þing, sem nú er að enda, verður miklu styttra en það í fyrra, og verður þannig langtum lengra milli þinga nú heldur en þá.

Ég leyfi mér að vænta, að frv. fái greiðan framgang hjá hv. d.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég gleðst yfir því að heyra þau orð frá hæstv. dómsmrh., að þetta þing sé senn á enda og verði því miklu styttra en síðasta þing. En ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs, var sú, að það er orðin lenzka hér að halda haustþing, og er því borið við, að það sé nauðsynlegt að halda þing seint á fjárhagsárinu, því að fyrr sé ekki hægt að afgreiða fjárl. en seint á fjárhagsárinu. Einnig hefur það seinkað samkomudegi Alþ. á haustin, að margir þm. utan af landi, sem landbúnað stunda, eiga erfitt með að koma til þings fyrr en sláturtíð er um garð gengin og aðrar þær annir, sem bændur þurfa að ljúka undir veturinn. En nú hefur hv. Nd. sætt sig við, að Alþ. komi saman 1. okt., og tel ég að því mikla bót frá því, sem verið hefur. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að halda haustþing, og vil því láta breyta fjárhagsárinu og láta það enda um mánaðamótin júní—júlí og semja þá annaðhvort fjárl. fyrir hálft árið, til 1. júlí, eða einhvern tíma á þingi til 1½ árs og breyta fjárhagsárinu í samræmi við það. Ég vil, að þinghald fari alltaf fram eftir áramótin, hefjist helzt fyrri hluta janúar, því að það er áreiðanlega bezti tíminn fyrir alla, og þá yrði þingi líka að ljúka seint á fjárhagsárinu. Þetta vil ég biðja hæstv. ríkisstj. að taka til alvarlegrar athugunar, því að af þessum haustþingum hefur leitt það, að þing hefur setið fram yfir áramót og við höfum verið fjárlagalaus með því móti. Ég er sannfærður um, að þetta er miklu betra fyrirkomulag en það, sem nú er, því að það er til skammar að halda þing ársins 1950, þegar komið er fram á árið 1951, þótt að vísu sé búið að afgreiða fjárl. og þetta þing sé að því leyti skárra en verið hefur undanfarin ár.

Ég leyfi mér að vænta, að hæstv. ríkisstj. taki þessa till. mína til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 677).

---

39. Eignakönnun.

Á 25. fundi í Sþ., 13. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun [144. mál] (stjfrv., A. 359).

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það nægir að mestu að vísa til athugasemda, sem fylgja frv. Ég vil þó taka það fram, að þegar l. um eignakönnun voru sett, þá var gert ráð fyrir, að andvirði skuldabréfanna rynni til ríkissjóðs. Síðar var samið um það milli þáverandi stjórnarflokka, að því fé skyldi skipt milli ríkissjóðs og bæjar- og sveitarfélaga. Ekkert varð þó úr þessum skiptum, og töldu forráðamenn bæjar- og sveitarfélaganna óeðlilegt að fá ekkert af andvirði bréfanna. Var þetta mál til meðferðar í ríkisstj. þeirri, er þá sat, og sýna skilríki í ráðuneytunum, að ríkisstj. hafði beitt sér fyrir því, að skipta skyldi til helminga því fé, sem inn kæmi í peningum, enda yrði þá fallið frá því að skipta andvirði bréfanna. Síðan eru liðin tvö ár, og ekkert hefur verið gert í málinu, og því er nú hafizt handa um breyt. á l., en efni frv. er það, að skipta skuli eignakönnunarskatti samkv. II. kafla l. til helminga, milli ríkissjóðs annars vegar og bæjar- og sveitarfélaga hins vegar. Þykir þetta sanngjarnt, þar sem bæjarfélögin hafa tapað möguleikanum á að leggja útsvör á undandregnar tekjur manna. — Ég leyfi mér að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki leggja stein í götu þessa frv., en vil þó segja um það nokkur orð. Ég vil leyfa mér að benda á, að skattur sá, sem hér um ræðir, er ekkert hærri en venjulegur tekjuskattur, svo að í raun réttri á ríkissjóður hann allan, og þó er skattsvikurum stórlega ívilnað. Bæjar- og sveitarfélög eiga engan rétt á þessum skatti. Hins vegar áttu þau kröfu á því að leggja á undandráttinn, sem uppvís varð, og gerðu þau það mörg, en ekki þau, sem voru undirstungin af ríkisstj. um það, að þeim yrði greiddur helmingur skattsins. Sem meðlimur í ríkisskattanefnd hafði ég í höndum margar kærur og spurði þá þáv. hæstv. fjmrh., sem nú situr hér í hv. d., hvort nokkuð væri til í því, að menn ættu ekki að borga útsvör af undandregnum tekjum. Hæstv. fjmrh. þáv. svaraði þessu engu, en borgarstjóri taldi, að um þetta væru samningar við ríkisstj., og svo mikið er víst, að niðurjöfnunarnefnd lagði ekki á undandráttinn, meðan sveitarfélög austur í Árnessýslu og raunar víðast hvar gerðu það. Það er því búið að fremja ranglæti á þegnunum með því að láta suma borga af þessu, en suma ekki, vegna leyndar á þessum málum og baksamninga við þáv. ríkisstj. Ég vil því undirstrika það, að þótt þetta frv. verði að lögum, þá er þetta alger gjöf til sveitarfélaganna, sem ekki hafa notað rétt sinn til að leggja útsvör á undandregnar tekjur, og þá fyrst og fremst til Reykjavíkur. Það er því verið að ívilna skattsvikurum með þessu frv. og ekkert annað.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 359, n. 418.)
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur legið fyrir fjhn., og hefur hún orðið sammála um að leggja til, að það nái fram að ganga. Það skal tekið fram um þetta atriði, að svo virðist sem allur kostnaður við útreikning þessa skatts, sem um ræðir í þessum kafla, sé tekinn af þessu fé, og mun það sennilega heldur rýra hag bæjar- og sveitarfélaga, en þarna mun sennilega vera erfitt að setja takmörk. En þetta hefur sem sagt ekki legið fyrir til umr. á nefndarfundi, og getur þá verið ástæða til, að það komi fram við 3. umr. En það getur verið, að ríkisstj. hugsi sér að hafa þessa skipun eins og minnzt hefur verið á. Mér skilst, að þetta atriði sé svona, og ef það er ekki rétt, þá mun hæstv. fjmrh. gefa skýringu á því.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að mestallur kostnaðurinn við þennan kafla er að bjóða þessi bréf út til sölu, og er sá kostnaður sáralítill. Auk þess er það ekki nema sanngjarnt, að ríkið fái að einhverju leyti greiddan þann kostnað, sem er við það að leggja þennan hluta skattsins á.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 43. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er gerð grein á þskj. 359 fyrir þeim ástæðum, sem voru til þess, að þetta frv. er flutt, og þarf ég ekki að skýra það nánar. Vil ég þó rifja það upp, að þegar sambræðslustjórn þriggja flokka var mynduð snemma á árinu 1947, þá var gengið frá l. um eignakönnun og samið um það mál og þá samið um það, að skipta skyldi á milli ríkis og bæjar- og sveitarfélaga því fé, sem inn kæmi fyrir sölu skuldabréfa. Þessi skipting var þó aldrei gerð. Þá komu háværar raddir frá bæjar- og sveitarfélögum um, að ef þetta væri ekki gert, þá væri sanngjarnt að skipta því, sem innheimtist í peningum vegna eignakönnunarinnar. Þetta var byggt á því, að það fé, sem ekki hefði verið talið fram undanfarið, væri að jöfnu tekjustofn ríkis annars vegar og bæjar- og sveitarfélaga hins vegar. Þessar till. sýndust eðlilegar. Og niðurstaðan varð sú, þegar þetta mál var til meðferðar fyrir tveimur árum síðan, að þáverandi ríkisstj. lýsti því yfir við forráðamenn Reykjavíkurbæjar, að hún mundi beita sér fyrir og sjá svo um, að þessu fé yrði skipt til helminga á milli ríkissjóðs og bæjar- og sveitarfélaga. Aftur á móti var ekkert í því gert að koma þessu á framfæri við Alþ. En þessi skipting gat ekki gerzt nema með lagasetningu. — Þetta lá fyrir, þegar ég kom í ráðuneytið, og var sýnt, að það yrði að gera þessa skiptingu með lagasetningu. Og með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að skipta þessu fé til helminga á þann veg, sem ég tók fram. Og það er um það, að þegar frá hefur verið dreginn kostnaður við eignakönnunarskattinn, skuli skipta því, sem inn kemur nettó, til helminga á milli ríkissjóðs annars vegar og bæjar- og sveitarfélaga hins vegar. — Óska ég, að þessu máli verði vísað til fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 359, n. 584).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég ætla að biðja um, að þetta mál verði tekið út af dagskrá. Umr. voru um það í fjhn. fyrir helgi, og afgreiddi nefndin málið á fundi, sem haldinn var, en ég var ekki viðstaddur sökum veikinda. Óska ég þess, að málinu verði frestað, svo að mér gefist kostur á að ræða við nefndarmenn.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Sem framsögumaður nefndarinnar fellst ég á, að málið sé tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.
Á 63. fundi í Nd., 5. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Ég legg til fyrir hönd n., að þessu máli verði vísað til 3. umr. og þær athuganir, sem fram þurfa að fara, verði gerðar af n. milli 2. og 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég verð því miður að óska þess enn, að umræðum um þetta mál verði frestað, þar sem mér hefur ekki tekizt að ganga frá því samkomulagi, sem ég hafði von um, að mundi kannske nást um breyt. á þessu. Ég hef rætt það við einstaka nm. og form. fjvn. Hér er ekki um neitt deiluatriði að ræða, heldur aðeins annað form á skattinum, sem hér er um að ræða, og þess vegna hafði okkur talazt þannig til, form. fjvn. og mér, að ég ræddi málið áður við fjmrh., en frá honum er frv. komið. En því miður hef ég ekki getað komið því við að eiga þessar viðræður við hann nú, og þess vegna ber ég enn fram þessa ósk um frestun, en vona, að það geti legið fyrir á næsta fundi.

Forseti tók málið af dagskrá, og á sömu leið fór á 65., 66. og 67. fundi í Nd., 8., 12. og 13. febr.

Á 68. fundi í Nd., 13. febr., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 359, 656).

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þar sem ég þarf nú að fara af fundi, vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að umr. um þetta mál verði frestað.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil segja nokkur orð um þetta, því að það var eftir minni beiðni, að meðferð þessa máls hefur verið frestað, og frá því að þess var óskað, hefur komið fram brtt. frá hæstv. fjmrh., á þskj. 656, sem hann flytur í samráði við mig og ég, eftir að málum er svona komið, vil sætta mig við, og geri ég ekki ráð fyrir, að hún mæti andstöðu annarra nm. í fjhn. Þessi brtt. er flutt í samræmi við þær óskir, sem lágu fyrir frá mér, fyrst þegar málið var rætt, að fá þarna nánari ákvæði um skiptingu milli bæjar- og sveitarfélaga. Að vísu er till. flutt í öðru formi en ég hefði helzt kosið, en ég vil þó fallast á hana og mælist til þess, að hv. þdm. ljái henni fylgi sitt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og hv. 5. þm. Reykv. drap á, er þessi brtt. flutt til þess að kveða nánar á um skiptinguna milli bæjar- og sveitarfélaga, þar sem komið hafa fram aths. um, að það gæti valdið ágreiningi, hvernig þessari skiptingu skyldi háttað. Ég flyt því þessa brtt. til þess að fyrirbyggja, að af þessu gæti risið nokkur ágreiningur, og vildi ég mælast til þess, að hv. þdm. léðu henni fylgi sitt.

ATKVGR.

Brtt. 656 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 42. fundi í Sþ., 14. febr., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 678).

Á 72. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 689).

---

40. Meðferð opinberra mála.

Á 2. fundi í Sb., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um meðferð opinberra mála [18. mál] (stjfrv., A. 18).

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Á tveimur síðustu þingum lá fyrir þessari d. frv. um meðferð opinberra mála, og í hvorugt skiptið skilaði n. áliti, en skilst mér þó, að störfum hafi verið langt komið. Ég veit þó ekki gerla, hver niðurstaða n. hefur verið, en það hefur legið í loftinu, að aðalmótbáran gegn frv. væri sú, að þar er gert ráð fyrir stofnun nýrra embætta, aðallega embætti saksóknara ríkisins og skiptingu sakadómaraembættisins í Reykjavík. Eins og nú er háttað, skal það játað, að það blæs ekki byrlega um stofnun nýrra embætta, og reyna ber að koma fram nauðsynlegum umbótum á þessum málum án þess að ný embætti séu stofnuð, nema brýna nauðsyn beri til. Ætla mátti, að ekki yrði mikill kostnaður samfara skiptingu sakadómaraembættisins, en þó má segja, að þetta leit ekki alls kostar vel út á pappírnum á tímum, þegar allir góðir menn viðurkenna, að spara ber ríkisfé. Mikilsverðari var stofnun embættis saksóknara ríkisins og rannsóknarstjóra, en þó er það svo, að verulegum réttarbótum er unnt að koma fram um meðferð opinberra mála, jafnvel þó að þessi embætti séu ekki stofnuð.

Eins og menn kannast við, eru ákvæðin um meðferð opinberra mála nú mjög á tætingi og sum orðin harla gömul, jafnvel frá 17. öld, og er auðsætt, að þau réttarákvæði, sem sett eru fyrir 200—300 árum, eigi ekki lengur við. Það er því brýn nauðsyn á því, að nýrri skipun verði komið á þessi mál. Um sumt verður ekki umflúinn einhver nýr kostnaður, en koma má því fram, sem mestu máli skiptir, jafnvel þó að ný embætti séu ekki stofnuð, því að unnt er að láta rn. fara með málin samkv. hinum nýju reglum, en hitt má geyma, að stofna embætti saksóknara ríkisins og rannsóknarstjóra.

Þessar ráðstafanir urðu þess valdandi, að mér þótti rétt að gera enn þá eina tilraun til að fá þennan lagabálk um meðferð opinberra mála lögfestan, en með þeirri breyt., að tekin eru burt ákvæðin um stofnun þessara nýju embætta, en sett er jafnframt fram frv. um saksóknara ríkisins og rannsóknarstjóra, sem ekki þarf að samþ. frekar en verkast vill. Ég taldi eðlilegt, að frv. væri lagt fram til hliðsjónar, til þess að menn gætu séð, hvernig frambúðarskipulag þessara mála yrði, en ég legg áherzlu á, að ég ætlast ekki til, að það frv. verði samþ. á þessu þingi. Á hitt legg ég mjög mikla áherzlu, að nú verði samþ. breyt. á l. um meðferð opinberra mála, en undirbúningur þess máls hefur kostað allmikla vinnu af hendi þeirra manna, sem um það fjölluðu. Mér virðist ekki ósanngjarnt að ætlast til, að n., sem fær þetta mál

væntanlega til meðferðar, geti nú skilað áliti til-tölulega fljótt, því að hún mun vera að miklu leyti skipuð sömu mönnum sem fyrr. Ég veit, að allir, sem til þekkja, játa, að ákvæði þau, sem nú gilda í þessum efnum, eru mjög á víð og dreif og ærið úrelt sum hver, svo að brýn þörf er verulegra umbóta.

Það *má að sjálfsögðu deila um einstök atriði* þessa frv., eins og það liggur fyrir. Það er samið af hæfustu mönnum, sem mesta hafa reynslu af þessum málefnum hér á landi, og ég hef ekki orðið var við neina gagnrýni á sjálfu frv. aðra en varðandi hina nýju embættaskipun, en ég geri mér fastlega von um, að þingið geti afgr. þetta frv., hvað sem pólitískum deilum líður. Ég hygg, að fá merkari mál liggi fyrir þinginu en einmitt þessi lagabálkur og þingið *mundi geta sér góðan orð*stír, ef það gæti afgr. þetta mál í verulegum atriðum á þann veg, sem hér er lagt til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 186, 200).

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er ekki nýtt af nálinni og hefur legið fyrir nokkrum þingum. Það hefur verið gerð grein fyrir því af hálfu dómsmrh. við 1. umr. nú og reyndar áður, og þegar frv. upphaflega var flutt, á þskj. 12 1948, fylgdi því mjög ýtarleg grg., sem vísað er til í núverandi grg. frv. Ég þarf þess vegna ekki að hafa mörg orð um frv. fyrir hönd n., sem hefur haft það til meðferðar, en allshn. hefur skilað um það áliti á þskj. 186. Mæla 4 nm. með því, að frv. verði samþ., en áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma, en 5. nm. tók sáralítinn þátt í afgreiðslu málsins og undirritaði ekki nál., en það stafaði af því, að mannaskipti urðu á víxl í n. frá þeim flokki, sem átti þann fulltrúa í n., *undir meðferð málsins.*

Þær brtt., sem þessir 4 nm., sem þátt tóku í afgreiðslu málsins, hafa komið sér saman um að flytja, eru mjög smávægilegar, í raun réttri að mestu leiðréttingar, sem skýra sig að mestu leyti sjálfar, og skal ég ekki fjölyrða um þær. Meiri hl. n. mælir sem sagt með því, að frv. nái fram að ganga.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hér er um mjög merkilegt mál að ræða, og vona ég að það nái fram að ganga á þessu þingi. Ekki stóð ég þó upp til þess að ræða þetta mál sérstaklega, heldur til þess að beina þeirri fsp. til hv. frsm. n., hvort n. hafi ekki jafnframt tekið til athugunar og fyrirgreiðslu annað frv., þ. e. frv. um saksóknara ríkisins og rannsóknarstjóra, og hvaða von megi telja til þess, að það mál fái afgreiðslu frá n. svo snemma, að það gæti náð fram að ganga. Það er eðlilegt, að þessi tvö mál fái jafnhliða athugun og afgreiðslu.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Út af fsp. hv. 3. landsk. þm. skal ég upplýsa það, að allshn. hefur ekki enn þá tekið til meðferðar þetta umrædda frv., um saksóknara ríkisins og rannsóknarstjóra, og stafar það af því, að nærri allur tími n. hefur farið í að fara í gegnum frv. um meðferð opinberra mála, sem er mikill lagabálkur. Og þó að allshn. hafi áður farið í gegnum frv., þegar það var lagt fyrir upphaflega 1948, hafa síðan orðið *mannaskipti í n., og einnig við hinir, sem þá fór*um yfir það, töldum ástæðu til að fara ýtarlega gegnum það að nýju, og þó að það hafi ekki leitt af sér sérstakar brtt., þá hefur það hins vegar kostað mikinn tíma að fara í gegnum málið, þannig að þessi tími hefur nú verið látinn fara í það að endurskoða það að nýju. En ég vil segja það sem mína skoðun, og mun standa á því innan n., að þetta umrædda frv. skal verða tekið nú án *tafar til meðferðar og afgreiðslu í n.* Hins vegar blandast inn í afgreiðslu málsins, þegar þar að kemur, um fjárhagshliðina, sem að sjálfsögðu þarf að koma til athugunar og ræða þarf um við fjvn. í sambandi við afgreiðslu fjárl., vegna þess hvernig efni þessa máls er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 200,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
14.—47. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 200,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
48. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
49.—138. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 200,3 samþ. með 20 shlj. atkv.
139. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
140.—162. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 200,4 samþ. með 20 shlj. atkv.
163. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
164.—202. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 211).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 30. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 211, n. 640).

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Þegar litið er á 202. gr. frv. þessa, sem er listi yfir þau lög, sem falla eiga úr gildi við setningu þessara laga, er ekki að furða, þótt nauðsyn sé á nýrri löggjöf. Elzt þessara lagaboða mun vera frá 1683, en þau, sem nokkru skipta, eru yngri en frá 1841. Löggjöf þessara mála er því orðin úrelt á nútímamælikvarða og eðlilegt, að myndazt hafi réttarreglur í þessu efni. Þetta hefur mönnum verið ljóst í lengri tíma, en það var ekki fyrr en mig minnir 1930, að gerð var tilraun á Alþingi að koma nýrri skipan á mál þessi, en þá dagaði frv. uppi. — Árið 1947 skipaði dómsmrh. þá Einar Arnórsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson í nefnd til að semja frv., og má efalaust telja, að ekki hafi verið kostur á hæfari mönnum. Sömdu þeir svo ýtarlegt frv., og var það lagt fyrir Nd. Alþingis 1948, en dagaði þar uppi í nefnd. — Í þessu frv. er allt málið tekið til meðferðar frá rótum í samræmi við meðferð opinberra mála, er tíðkast hjá öðrum þjóðum, án þess að vera ofviða okkur. — Í þessu frv. var gert ráð fyrir, að sakadómurum í Reykjavík yrði fjölgað í allt að 5 og að sérstakur opinber ákærandi verði settur, og álitið var nauðsynlegt að setja sérstakan rannsóknarstjóra, sem sagt að aðskilja ákæruvald og dómsvald. Þetta frv. fékkst ekki samþ. í Nd., aðallega vegna kostnaðar, sem af þessum embættum mundi leiða. Því tók dómsmrh. málið aftur til meðferðar og lét taka út úr frv. þau ákvæði, sem tálmuðu því, að það næði fram að ganga, og var þá borið fram annað frv. um rannsóknarstjórann.

Frv. þannig breytt hefur nú fengið afgreiðslu í Nd. og síðan vandlega athugun hjá allshn. þessarar deildar. N. er sammála, þótt hún telji ekki breyt. á frv. til bóta frá því, sem áður var, um að leggja til, að það nái fram að ganga með örfáum breytingum, því með frv. er stigið stórkostlegt spor í rétta átt. — Frv. þetta er meira en 200 gr. og er því ómögulegt að taka hverja grein út af fyrir sig til umræðu í framsöguræðu, og ætla ég því að stikla á stærstu atriðunum.

Frv. var sent til umsagnar til héraðsdómarafélagsins og Lögmannafélags Íslands; — það eru þeir aðilar, sem helzt geta dæmt um þetta mál, og ætla ég að minnast á helztu greinarnar, sem ágreiningur er um.

Aðalákvæðin, sem Lögmannafélag Íslands leggur áherzlu á að fá breytt, eru í 4. og 15. gr., sem sé, að fulltrúar sakadómara fengju sérstaka löggildingu og væru algerlega sjálfstæðir. Rökin, sem færð eru fyrir þessu, eru þau, að sakadómarinn komist ekki sjálfur yfir að fylgjast með rannsókn allra þeirra mála, sem til hans koma, og eðlilegra sé, að sá, sem rannsakar málið og skrifar dóminn, beri fulla ábyrgð á því. Þetta er í samræmi við frv. eins og það var upprunalega. En þar sem skipun sakadómara er haldið eins og nú er og án löggildingar sérstakra fulltrúa, bendir n. á, að ekki kæmi til mála, að hann kvæði upp dóm, sem hann sjálfur væri óánægður með. En allshn. sá sér ekki fært að breyta þessu ákvæði.

Ákvæðið, sem var í 32. gr. frv., gerir ráð fyrir, að sakadómarinn fari með stjórn þeirra lögreglumanna, sem skipa rannsóknarlögregluna. Það var álitið til baga, að stjórn lögreglunnar væri tvískipt. Ég skal játa, að þetta er frá fræðilegu sjónarmiði dálítið óviðeigandi, enda er þá gert ráð fyrir, að sú deild væri þá undir höndum rannsóknarstjóra ríkisins. En eins og málum er nú hagað, virðist varla verða hjá þessu komizt, og gat n. ekki fallizt á þessar breyt.

Hinar breytingarnar, sem máli skipta, eru við 100. gr., út af eiðfestingunni í 12. kafla. Eins og 100. gr. ber með sér, er lagt til, að horfið verði frá því fyrirkomulagi að láta drengskaparheit ekki fara fram fyrr en eftir á. Það er reiknað með, að menn séu eiðfestir fyrir fram, og sagt með réttu, að það muni spara fyrirhöfn, og ýmsir halda, að vitnin segi betur frá. Hins vegar eru margir þeirrar skoðunar, að það sé fyrir það fyrsta ekki hagkvæmt né viðeigandi að eiðfesta menn í öllum málum. Ef til vill í flestum málum, sem það yrði viðhaft, er það óþarft. Það gæti þá kannske orðið álíka eiðsklásúla og nú tíðkast með skattaskýrslur.

Þetta er skoðun héraðsdómarafélagsins, og sama kom fram hjá lögmannafélaginu, og voru nm. þessu svona frekar meðmæltir. Það varð úr, eftir að hafa rætt um þetta við ýmsa aðila, sem telja verður, að hafi einna mesta reynslu í þessum efnum, að n. ákvað að bera fram brtt. við þessa gr., þar sem heimilað er að láta heitfestingu fara fram eftir á, og hljóðar brtt. svo, sem leyfi hæstv. forseta:

„Við 100. gr. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Dómari getur frestað heitfestingu þar til á síðara stigi málsmeðferðar, og auk þess getur hann látið heitfestingu niður falla, ef sönnunaratriði máls má telja vafalaus. Nú fer heitfesting fram eftir á samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, og breytir dómari þá heitstaf til samræmis við það.“

Þetta er ákaflega mikið vandamál, en ég hygg, að með því að hafa þarna opna leið til þess fyrir dómara að skera úr, hvort hann telur heppilegra í einstökum tilfellum og með tilliti til einstakra vitna, að þá sé fundin nokkuð góð lausn á þessu máli.

Í 112. gr., síðustu málsgr., er nýmæli, sem hefur vakið talsverðan efa, og það er um að veita lögreglumönnum sektarvald í minni háttar brotum, svo sem í sambandi við umferðarlög og bifreiðalög. Þetta er nýmæli í því frv., sem nú hefur verið lagt fyrir, og var ekki í upphaflega frv. Ýmsir hafa dregið í efa, hvort lögreglumönnum yfirleitt sé trúandi fyrir þessu, og eins hitt, hvort það mundi ekki draga úr athygli þeirra við önnur störf. En þessari reglu hefur verið fylgt í ýmsum löndum, og sé ég ekki annað en að skaðlaust væri að reyna hana, og hefur því n. fallizt á að taka upp heimild fyrir dómsmrh. til að ákveða, hvort lögreglumönnum skuli heimilt að beita þessu sektarvaldi. Það er enginn vafi á því, ef þetta heppnaðist, að það mundi leiða til þess að koma í veg fyrir ýmis óþægindi, bæði þeirra, sem kynnu að brjóta umferðarlögin, og eins fyrir dómstólana, og vill n. því ekki leggja til, að þetta verði fellt niður úr frv.

Að lokum taldi n. rétt að gera breyt. í sambandi við áfrýjun mála. Eftir núgildandi lögum á

dómfelldur alltaf rétt til að krefjast þess, að máli hans sé skotið til hæstaréttar. Þetta er náttúrlega dýrmætur réttur, en hefur talsvert mikinn kostnað í för með sér fyrir ríkið, og þetta er miklu víðtækari réttur hér en er, óhætt að segja í flestum, ef ekki öllum öðrum tilfellum. Þetta hefur verið mjög mikið misbrúkað, þar sem menn, sem dómfelldir hafa verið fyrir brot, hafa notað sér þetta ákvæði til þess eins að fá frest á refsingu. Það er auðvitað, að fyrir hæstarétt fer einmitt fjöldi mála, sem raunverulega ættu ekki fyrir þann rétt að fara, jafnmörg mál og hann hefur til meðferðar, þar sem mörg mál eru þannig vaxin, að enginn vafi getur leikið á um úrslit þeirra og þeim aðeins áfrýjað til þess að fresta úttöku refsingar. Í frv. eru settar ýmsar hömlur á rétt til áfrýjunar mála, þegar ekki leikur neinn vafi á um þau, en sé einhver vafi um það, hvort lagaboði hafi verið rétt beitt, eða hallað á sakborning, þá er dómsmrh. skyldugur að áfrýja samkv. 175. gr. l., en þegar þetta er ekki fyrir hendi, þá er samkv. upphaflega frv. dómsmrh. ekki gert að skyldu að áfrýja eftir kröfu sakbornings, nema dæmd refsing nemi 3 þús. kr. sekt fyrir fyrsta brot, 5 þús. kr. sekt fyrir ítrekað brot eða þá refsivist. — N. þótti fullmikil takmörkun gerð á þessu og áleit, að stökkið væri of stórt frá því, sem áður hafði verið framkvæmt. Hún leggur því til, að 2. mgr. 175. gr. verði breytt í það horf, að maður, sem er dæmdur fyrir fyrsta brot, hafi alltaf skilyrðislausan rétt til þess að krefjast áfrýjunar.

Það er sjálfsagt ýmislegt, sem ástæða væri til að fara nánar inn á. En ég sé ekki á þessu stigi málsins ástæðu til þess að taka fleira fram, og leyfi mér fyrir hönd n. að leggja til, að frv. verði samþ. með þessum breyt., sem ég hef nú tekið fram.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vil leyfa mér að þakka hv. n. fyrir afgreiðslu þessa máls. Þetta er mikið frv., sem fyrir liggur, og tekur langan tíma að athuga það, svo að vel sé. N. hefur ekki haft meir en svo tíma til meðferðar málsins, og tel ég það mjög þakkarvert, að hún skuli nú vera búin að skila af sér.

Ég vil geta þess, að ég tel þær brtt., sem n. flytur, ekki mjög miklu máli skipta. Þó að um þær megi deila, sé ég enga ástæðu til að setja mig upp á móti þeim. Ég vil aðeins geta þess út af því, sem hv. frsm. sagði um lögregluna hér í Rvík og starfshætti hennar, að ætlun mín var með orðalagi 2. mgr. 32. gr., að lögreglumenn allir yrðu í raun og veru fyrst og fremst undir stjórn lögreglustjóra og eins þeir, sem starfa hjá sakadómara. Og það er eingöngu varðandi þau störf, sem undir sakadómara heyra, sem hann fer með yfirstjórn þeirra, en þar fyrir utan er það ætlun mín, að þeir lögreglumenn, sem vinna að rannsókn mála hér í bænum, séu hópur í lögreglu Rvíkur og skyldugir að hlíta fyrirmælum lögreglustjóra varðandi þá almennu löggæzlu, þar með taka þátt í æfingum og gegna störfum við jafnvel götugæzlu, ef svo ber undir og nauðsyn er talin á. Þannig að það er ekki ætlazt til þess, að þeir séu teknir úr því almenna lögregluliði og gegni eingöngu störfum hjá sakadómara.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
4.—19. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
20.—24. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
25.—31. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
32.—42. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
43.—47. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
48.—58. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
59.—65. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
66.—72. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
73.—78. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
79.—88. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
89.—99. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 640,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
100. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
101.—107. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
108.—110. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
111.—120. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
121.—138. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
139.—144. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
145.—149. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
150.—158. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
159.—163. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
164.—169. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
170.—174. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 640,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
175. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
176.—189. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
190.—199. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
200.—202. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 72. fundi í Ed., 15. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 661).

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Það kom í ljós við athugun, að þörf er lagfæringar á einni gr. frv., en það er 47. gr., þar sem rætt er um símahlustanir. Eins og frv. var samþ. til 3. umr. og það var í sinni upphaflegu mynd, hljóðaði gr. svo: „Dómari getur úrskurðað hlustanir í síma, sem sökunautur hefur eða ætla má hann nota, enda varði brot minnst tveggja ára refsivist.“ Við nánari athugun kom í ljós, að sérstök ákvæði í l. nr. 30/1941 ganga að ýmsu leyti lengra en hér er gert ráð fyrir, án þess að þau séu felld niður með 202. gr. þessa frv. En þar er gert ráð fyrir, að dómsmrh. geti leyft símahlustanir þrátt fyrir ákvæðin um þagnarskyldu starfsmanna fjarskiptaþjónustunnar. Þessi ákvæði geta varla staðið hvort við annars hlið. Meiri hl. allshn., þ. e. þeir nm., sem til náðist, hefur því í samráði við hæstv. dómsmrh. ákveðið að bera fram brtt. við 47. gr. og viðbótartill. við 202. gr. Ég tel sjálfsagt að samþ. þessar till. n., því að með l. þessum er verið að tryggja menn gegn framkvæmdarvaldinu. Og með þessari breyt. er gert ráð fyrir, að dómari, en ekki dómsmrh., úrskurði, hvort símahlustanir geti átt sér stað. — Ég hef ekki fleira um þetta að segja, en legg hér fram brtt. meiri hl. allshn.

Forseti (BSt): Mér hafa borizt svo hljóðandi skriflegar brtt. frá meiri hl. allshn.:

„1. Við 47. gr. Greinin orðist svo: Dómari getur, þegar öryggi ríkisins krefst þess eða um mikilsvert sakamál er að ræða, úrskurðað hlustanir í síma, sem sökunautur hefur eða ætla má hann nota.

2. Við 202. gr. Inn í greinina bætist á undan næstsíðustu málsgr. ný mgr., svo hljóðandi: Lög nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, 19. gr. 2. mgr."

Brtt. eru skriflegar og of seint fram komnar og þarf því afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 687) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 687,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 687,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 70. fundi í Nd., 16. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 688).

Á 71. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Skúli Guðmundsson: Þetta frv. er komið hingað aftur frá Ed. Mér hefði þótt eðlilegast, að sú n., sem hafði þetta mál upphaflega til athugunar, hefði einnig athugað þær breytingar, sem urðu á frv. í hv. Ed., og gæti síðan gefið okkur einhverja skýringu á þeim. Ég vil fara fram á það, að umr. verði nú frestað, svo að deildarmönnum gefist að minnsta kosti kostur á að kynna sér breytingar Ed.

Forseti (SB): Það verður orðið við þeirri ósk að fresta umr., og er málið tekið út af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 20. febr., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 706).

---

41. Hlutatryggingasjóður bátaútvegsins.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Eins og grg. ber með sér, þá var ástæðan fyrir því, að ríkisstjórnin taldi nauðsynlegt að setja þessi lög á s. l. sumri, sú, að síldveiðarnar höfðu þá brugðizt í 6. skipti í röð, eða virtust þá mundu bregðast, og ríkisstj. taldi sér skylt að tryggja það, að skipin stöðvuðust ekki í ágústbyrjun, á meðan enn var mikið eftir af síldveiðitímanum. Til þess hafði hún ekki önnur úrræði en þau að afla til þess lánsfjár, þar sem ríkissjóður hafði ekki til þess handbært fé. En hér bar ríka nauðsyn til, þar sem margir útvegsmenn voru svo staddir, að þeir gátu ekki greitt sjómönnunum lögboðna tryggingu. Varð því að leita til lánsstofnana, og var ákveðið að veðsetja til þess handbært fé í hlutatryggingasjóði, 490 þús. kr., og auk þess skyldi síldveiðideildin fá nokkurn hluta stofnfjár sjóðsins. En til þess þurfti lagabreytingu. Efni málsins er, að samkv. þessum l. má ekki skerða stofnfé sjóðsins, og með 12. gr. l. nr. 22 1950 voru sjóðnum tryggðar 5 millj. kr.; en af þeim átti nú síldveiðideildin að fá 2½ millj. kr. Þessum l. um að ekki mætti skerða stofnfé sjóðsins var nauðsynlegt að breyta, svo að hægt væri að afla þess fjár, sem þurfti; en meiningin er að endurgreiða lánið með því fé, sem handbært var í sjóðnum, er l. voru sett, og því sem honum áskotnast á árinu.

Nú veit ég ekki með vissu um það, hve mikil lán útvegsmenn hafa fengið; líklega hafa þau reynzt minni en ráð var fyrir gert, og er það vel; en ég hygg það verði þó langur vegur frá, að 490 þús. kr. nægi, og lagasetning þessi er því eftir sem áður nauðsynleg. — Ég er svo annars reiðubúinn til að afla upplýsinga um það, hvað búið er að lána í þessu skyni, en sé ekki ástæðu að sinni til að fara um þetta fleiri orðum. Ég leyfi mér svo að æskja þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn. að lokinni umr.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það hefur ekki leikið neinn vafi á því, að á þeim tíma, sem ríkisstj. gerði þessar ráðstafanir, hefur verið nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að síldarflotinn stöðvaðist og skipin færu heim á miðju sumri. En þetta er 6. árið, sem síldveiðarnar hafa brugðizt.

Nú má gera ráð fyrir, að allflestir sjómenn hafi fengið greiddan um helming tryggingarinnar um síldveiðitímann, en hún er sem næst 3000 kr. fyrir 2 mánuði. En þar frá dregst svo fæðisgjald, svo að tekjur sjómanna að fæðinu frádregnu munu í hæsta lagi vera um 2000 kr., en þar af hafa þeir flestir aðeins fengið um 1000 kr. Nú stendur svo á, að verulegur hluti skipa hefur snúið sér til skilanefndar sjávarútvegsins, sem starfað hefur á annað ár, og á meðan svo stendur, hafa hásetarnir enga möguleika til að innheimta sjóveðskröfur sínar hjá útgerðarmönnum. En allir sjá, hve óheppilegt þetta er, og ég veit, að hæstv. atvmrh. er þetta ljóst, að það er óvenjulegt og óæskilegt ástand, að Alþingi og ríkisstjórn banni mönnum þannig að innheimta kaupgjald sitt.

Ég vil því beina þeirri fsp. til hæstv. atvmrh., hvort hann ætli ekki að gera ráðstafanir til þess, að skipverjar á síldveiðiflotanum fái sem fyrst það, sem eftir stendur af kaupi þeirra. Annað væri rangt, og það er ákaflega hætt við, að fáir fáist til að fara á síldveiðar lengur, ef þessu heldur áfram. Mér er ljóst, að það eru mikil vandræði hjá ríkissjóði; en hér er um að ræða mikið misrétti, og ég vil treysta því, að hæstv. atvmrh. geri sitt til að bæta úr því, og vænti þess, að hann gefi upplýsingar um afstöðu sína til þessa máls.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það er nú að sönnu svo, að þeir, sem hlut eiga að

þessu máli, hafa gert sér grein fyrir því, er þeir réðust í þessa atvinnu á s. l. sumri, að þeir gætu ekki gengið að sjóveðinu, ef til kæmi. Þeir eiga þannig ekki kröfu á ríkissjóð um það, að hann hlaupi hér undir bagga með greiðslur. Hitt er svo jafnrétt, að meiri hl. þessara manna á erfitt með að komast af án þess fjár, sem þeir eiga kröfu til, og ber á það að líta. Ég býst nú við, að það liggi fyrir næstu daga, hvað skilanefndin hefur gert af athugunum varðandi útveginn og ástand hans, og mun hún leggja fyrir mig sínar tillögur um þessi efni; það kann jafnvel að hafa komið frá henni eitthvað til ráðuneytisins núna yfir helgina. En í sambandi við það verður þetta athugað, hvað hægt verður að gera fyrir sjómennina. Mér er ljós sú þörf, sem hér er fyrir hendi. Og mér eru enn fremur ljósir erfiðleikar ríkisstj. á því að útvega handbært fé. En um endi þessa máls er mér ekki auðið að segja í dag. Og eins og hv. þm. veit, þá steðja nú erfiðleikarnir að úr öllum áttum.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra, að von skuli vera á tillögum frá skilanefnd á næstunni. En mér þykir samt rétt að rifja upp, að það stendur hér alveg sérstaklega á miðað við það, sem annars staðar tíðkast. Eftir alþjóðalögum mega sjómenn setja skip föst til tryggingar greiðslum á kaupi sínu, og ég veit ekki til, að á þeim lögum hafi nokkurs staðar verið gerðar breytingar nema hér á Íslandi, og sú breyt. gildir aðeins um síldveiðiskipin og áhafnir þeirra. Þá geta þeir innheimt sitt kaup að alþjóðalögum. En þeir sjómenn, er stundað hafa síldveiðar undanfarin sumur, bera miklu minna úr býtum og verða fyrir misrétti, meira misrétti en áður en Alþingi fór að skipta sér af málum þeirra. Áður höfðu þeir möguleika til að ráða sínum launum, en með setningu þessara laga hefur Alþingi tekið þann rétt af sjómönnum. Og Alþingi getur ekki látið svo ganga ár eftir ár, að sjómenn séu verr staddir en allir aðrir. Áður fyrr töldu veðhafar sér skylt að sjá um, að sjómenn næðu rétti sínum, en með setningu þessara laga hefur Alþingi tekið þann möguleika frá sjómönnum.

Ég treysti því og veit, að hæstv. atvmrh. veit, að þetta ástand og misrétti má ekki haldast. Ég treysti því, að Alþingi greiði úr þessum vanda. Með setningu þessara laga hefur Alþingi bundið sér þær skyldur að sjá um, að sjómenn beri ekki skarðan hlut frá borði. Ég treysti því, að Alþingi leysi þær hömlur, sem þessir sjómenn einir sinnar stéttar verða að bera.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég ber ekki á móti því, að þeir sjómenn, sem síldveiðar hafa stundað, eru illa staddir, og hv. þm. Ísaf. veit, að það greinir ekki á um það, að hér þarf úrbóta við. Ég fellst í verulegum efnum á þá skoðun hv. þm., að þeim, sem hefur gert hlut þeirra verri, beri skylda til að greiða vandann. En af því leiðir, að sá, sem þessi lög setti, á að greiða vandann. Mér er ekki kunnugt um, hver á hér hlut að máli. Ef til vill er það sjútvn., en þar hefði hv. þm. verið í lófa lagið að koma í veg fyrir þetta misrétti, þar sem hún starfar undir alsjáandi auga hans. Og sé svo, á sú nefnd að eðlilegum hætti að taka á sig ábyrgðina.

Annars vakir það ekki fyrir okkur að leita upp ágreiningsatriði, heldur leiðir til úrbóta. Málið er í rannsókn hjá skilanefnd bátaútvegsins og stjórn hlutatryggingasjóðs er að athuga möguleika til úrbóta og hve brýna nauðsyn ber til að létta hlut þeirra, sem verst hafa orðið úti, og á hvern hátt það er hægt. Og ég fyrir mitt leyti er hlynntur því, að slík athugun fari fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 12. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 2, n. 442, 445).

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til meðferðar á þskj. 2, hefur verið til athugunar hjá sjútvn., og gaf hún út nál. á þskj. 442. Varð n. sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþ., en einstakir nm. áskildu sér rétt til að flytja eða styðja brtt. Raunverulega er hér aðeins um staðfestingu á bráðabl. frá í sumar að ræða, sem samþ. voru til þess að hlaupa undir bagga með síldarútveginum og voru gefin út 19. ágúst. — Því miður reyndist það svo enn við rannsókn, að síldarútvegurinn gaf erfiða afkomu 6. árið í röð, og varð því hæstv. atvmrh. að leggja til við forseta Íslands að gefa út bráðabl., sem heimiluðu að skerða stofnfé síldveiðideildar til styrktar síldarútvegsmönnum, sem sjáanlegt var, að mundu verða að stöðva útgerð sína, ef ekki hefði verið komið til hjálpar. Síðar kom á daginn, að þrátt fyrir, að eytt væri stofnfé síldveiðideildar, sem nam 2,5 millj., og tekjum sjóðsins til 1. des. s. l., sem námu 0,5 millj., þá voru aðeins greidd 30% af þeim kröfum, sem lágu hjá síldarútvegsmönnum í sambandi við hlutagreiðslur háseta. Það hljóta því allir að sjá, hversu alvarlegt þetta mál er, þegar menn verða fyrir því að fá önnur eins aflaleysisár og 6 undanfarin ár. Það má því vera hverjum þm. ljóst, að það verður að leysa þennan vanda útvegsins í sambandi við að tryggja tekjur hlutatryggingasjóðs heldur en að kalla á aðstoð ríkissjóðs til að takast á hendur greiðslur sjóveða. Því höfum við hv. þm. Borgf. flutt brtt. á þskj. 445 til þess að afla honum meiri tekna, og mun hv. þm. Borgf. fylgja þeim úr hlaði. En ég vil beina því til hv. alþm., að það mun heppilegri leið að sjá hlutatryggingasjóði fyrir eðlilegum tekjum, svo að hann megi standa undir þeim kröfum, sem á hann kunna að falla í erfiðu árferði, heldur en leitað sé á náðir ríkissjóðs um greiðslur þeirra skulda, sem útvegsmenn eiga að standa skil á.

Eins og ég tók fram í upphafi, þá varð sjútvn. sammála um að mæla með samþykkt þessa frv., en hv. þm. Borgf. mun fylgja úr hlaði þeim brtt., sem við höfum flutt. — Að svo komnu tel ég óþarfa að fara fleiri orðum um þetta mál.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það er auðséð, að það er sjávarútvegsmál, sem er hér til umr., því að það vantar marga þm., og enginn ráðh. er

viðstaddur. Nú er það vanalega svo, þegar eitthvað það er á dagskrá, sem varðar sjávarútveginn, þá eru fáir áheyrendur á ræðumenn, sem áhuga hafa á umr.

Það er líka átakanlegt dæmi um hirðuleysi og vanrækslu hæstv. ríkisstj. í sjávarútvegsmálum, að það þurfi að grípa til stofnsjóðs síldveiðideildarinnar til þess að fá menn til að halda áfram síldveiðum. Það er þrifið til aflatryggingarsjóðs og menn með honum ginntir til að halda áfram vertíðinni. En aflatryggingarsjóður átti að vera frambúðarstofnun fyrir sjávarútveginn til þess að afstýra vandræðum vegna aflaleysis.

Í lögum aflatryggingarsjóðs, sem þessi bráðabirgðalög voru flutt um, var ákveðið, að stofnfé sjóðsins mætti ekki skerða. Lögin um aflatryggingarsjóð voru ekki nema rúmlega ársgömul, þegar hæstv. ríkisstjórn tók sér fyrir hendur að eyða meira en stofnfé hans. Í reglugerð, sem gefin var út um þetta efni, var svo ráð fyrir gert, að lögð væru til grundvallar 5 aflaleysisár. Og aflaleysið í sumar munar svo miklu, þó að talið væri, að reglugerðin miðaðist við 5 ár, að það mun vanta 4 millj. upp á, að síldveiðideildin geti staðið við skuldbindingar sínar skv. reglugerð, sem ekki var þó hærra risið á en að 5 aflaleysisár voru lögð til grundvallar.

Nú má segja, að mikil vandræði hafi verið á höndum í sumar, er síldveiðin brást í 6. sinn. Enda var þá gripið til þess örþrifaráðs að éta upp — og meira til — þá stofnun, sem átti að vera til frambúðarstyrktar sjávarútveginum. Nú er það svo, að þó að gripið væri til þessa ráðs, þá hefur ekki aflatryggingarsjóður nægt til að greiða ⅔ af þeim kröfum, sem óleystar voru. Allar till. hér á Alþingi í þá átt að leysa þessar kröfur hafa verið hundsaðar af stjórnarflokkunum, ýmist ekki verið ræddar, mælt á móti þeim eða vísað frá. Um þetta efni komu fram fleiri en ein till. við umr. fjárlaga, en þær hafa síðan legið í salti hjá hv. fjvn.

En allt kom fyrir ekki. Hæstv. ríkisstjórn lét sér sæma að svipta síldveiðisjómenn eina allra rétti til þess að innheimta kaup sitt með lögsókn, án þess að sjá svo um, að ríkið leysti út sjóveðin til bráðabirgða. Þetta er ömurlegasta meðferð, sem höfð hefur verið á nokkurri stétt, og bæði ríkisstj. og öllum, sem að henni stóðu, til skammar. Enda er það svo, að jafnvel þótt einhver samkomulagsleið fyndist milli ríkisstj. og bátaeigendanna, þá eru það þessar óleystu sjóveðskröfur, sem standa í veginum fyrir því, að allur þorrinn mundi ekki heldur fara á veiðar.

Ég lét í ljós í sumar við stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna, að ég teldi mjög varhugavert að taka aflatryggingarsjóð til þessara nota, sem ráð var fyrir gert í bráðabirgðalögunum. Þá var látið í veðri vaka, að ríkisstj. mundi sjá sjóðnum fyrir öðrum tekjum. Ég lét þá í ljós vantrú mína, sem og er nú komið á daginn, að var ekki ástæðulaust.

Það er vissulega mjög virðingarvert af 2 hv. þm. að bera fram á þskj. 445 till. um að afla sjóðnum aukinna tekna, en enn er óvíst, hverju fylgi þær eiga að fagna hér á Alþingi. En á meðan ekki er annað sýnt, þá verður að halda, að þær séu frekar fram bornar í góðri meiningu heldur en til að sýnast og til þess að bera blak af ríkisstj. fyrir aðgerðaleysi hennar í þessum málum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að tala hér öllu lengur yfir tómum bekkjum, enda hef ég sagt sumt af þessu hér áður, en það má segja um þetta mál, að aldrei verður góð vísa of oft kveðin. Og í því dæmalausa sinnuleysi, sem ríkir um útvegsmál, er sannarlega ekki vanþörf strangra áminninga. — Ég mundi lýsa yfir fylgi mínu við till. á þskj. 445, um leið og ég lýsi mig andvígan frv. í heild. En ég hafði ætlað mér að spyrja hv. flm. nokkurra spurninga út af till., en það er nú farið að þynnast hér um sjávarútvegsforsvara Sjálfstfl. Ég vildi mega leyfa mér að spyrja út af því, sem stendur í 3. tölul. á þessu þskj.: „Framlag ríkissjóðs á móti 1. og 2. lið.“ Er átt við, að það framlag sé til jafns? (**PO:** Samkv. lögum er það svo.) Já, ég vil lýsa fylgi mínu við þessa till., um leið og ég lýsi yfir andstöðu minni við frv. í heild. Og ég vona, að hv. flm. þessara till. beiti áhrifum sínum hér á þingi í þá átt, að þær nái fram að ganga.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Nd., 15. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Við hv. þm. Snæf. eigum hér brtt. við þetta frv. á þskj. 445, sem er við 9. gr. frv., og er brtt. eingöngu um tekjuöflun fyrir sjóðinn.

Hv. þm. Snæf., sem var frsm. sjútvn. um þetta mál, gerði grein fyrir frv. og afstöðu sjútvn. til þess. Þetta eru, eins og hann gerði grein fyrir, bráðabirgðal., sem ríkisstj. hafði sett og voru í raun og veru komin til framkvæmda, þegar málið var í meðferð n. Þessi bráðabirgðal. fólu í sér að breyta l. þannig, að heimilt yrði að ráðstafa stofnfé sjóðsins þá þegar, eða á s. l. ári. En stofnfé sjóðsins var 2½ millj. kr., og var þá til ráðstöfunar á síðasta ári stofnféð, 2½ millj. kr., og tekjur sjóðsins, þ. e. gjald af síldarútflutningi á árinu, sem mun hafa numið upp undir 300 millj. kr. útflutningurinn. Hann var 285 millj. kr. orðinn í nóvemberlok s. l. Sakir sjóðsins standa þá þannig nú fyrir áramótin, að í þessari deild hans, síldveiðideild hlutatryggingasjóðs, er ekkert fé. Og er náttúrlega ekki efnilegt að leggja út á þetta ár viðkomandi framtíðarstarfsemi sjóðsdeildar þessarar þannig, að í henni sé ekkert fé fyrir hendi og ekki séu heldur gerðar ráðstafanir til fjáröflunar þessari deild sjóðsins til handa, aðrar en þær, sem í l. felast, sem eru, að greiða skuli hálfan af hundraði af útflutningi síldar og síldarafurða, sem ekki var þó á s. l. ári fyrir meira en um 300 millj. kr., og í þeim útflutningi átti ekki svo lítinn hlut sú síldveiði, sem varð á síðasta hausti hér við Faxaflóa. — Nú hefur þessu fé, sem sagt, öllu verið ráðstafað, og nam það þó ekki nema um 30% af því, sem síldveiðideild sjóðsins hefði átt að inna af hendi á s. l. ári, miðað við þann grundvöll, sem starfsemi þessarar sjóðsdeildar er reist á.

Snemma á þeim tíma, er mál þetta var í meðförum nefndar, bárust n. till. frá stjórn Fiskifélags Íslands um tekjuöflun handa sjóðnum. Og það eru einmitt þessar till., sem við hv. þm. Snæf. höfum tekið upp og flutt hér á þskj. 445. Og breyt., sem í þessum till. felast frá því, sem er í gildandi ákvæðum, eru aðallega tvær. Í fyrsta lagi, að út-

flutningsgjald af öllum útfluttum síldarafurðum skuli verða aukið um hálfan af hundraði, — úr hálfum af hundraði í einn af hundraði. Svo eru ákvæði um það, að helmingsframlag komi þar fram frá ríkinu, óbreytt frá því, sem nú er í gildandi l. um þetta efni.

Í öðru lagi leggjum við til, að lagt verði á innflutningsgjald, einn af hundraði af öllum innfluttum vörum, og reiknist það á sama hátt og verðtollur og af sömu vörum. — Ég hef aflað mér upplýsinga um það, að innflutningur á árinu 1950 nam í nóvemberlok 458 millj. kr. Og gert var ráð fyrir því, að á árinu mundi allur innflutningurinn ekki verða undir 500 millj. kr. Og miðað við það, þá mundi þetta gilda fyrir hlutatryggingasjóðinn í heild um 5 millj. kr., og gert ráð fyrir því, að þetta skiptist jafnt á milli tveggja deilda sjóðsins, þ. e. síldveiðideildar og þorskveiðideildar sjóðsins.

Ég vil aðeins skírskota til þess, að tilætlunin með þessum l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins var vitanlega sú að reyna að efla sjóðinn þannig, að hann gæti gert bátaútveginum kleift að komast nokkurn veginn klakklaust yfir, þó að nokkurt misræmi yrði í aflabrögðum. Það var náttúrlega vitað, að til þess að mæta verulegum skakkaföllum í þessum efnum, þurfti sjóðurinn að eflast verulega frá því, sem til hans var stofnað í upphafi. Og þess vegna var það, að við setningu l. voru þau ákvæði sett í l., að ekki mætti skerða stofnfé sjóðsins. En það hefur nú orðið að grípa til þess ráðs, að í fyrsta skipti, er til útborgunar kom úr sjóðnum, þá hefur stofnfé síldveiðideildarinnar ekki aðeins verið skert, heldur eyðzt að öllu leyti. Með tilliti til þess mikla hlutverks, sem sjóðnum er ætlað að gegna, og hins vegar með hliðsjón af því, hversu ástatt er um síldveiðideild sjóðsins, þá leggjum við flm. þessarar brtt. til, að þessar breyt. verði gerðar á l., sem ég hef greint, og þannig sýnd viðleitni til þess, að sjóðurinn geti orðið verulegur þáttur í framtíðinni í því að inna af hendi það hlutverk, sem honum er ætlað að vinna.

Þegar frv. að þessum l. lá hér fyrir Alþ. 1949, þá voru bornar fram í hv. Ed. till., sem gengu í þá átt, að nokkurt gjald til sjóðsins yrði tekið af innflutningnum. En ekki var þó horfið að því ráði í meðferð hv. Ed. á málinu, heldur eingöngu lagt gjald til sjóðsins á útfluttar sjávarafurðir, sem svo kom jafnmikið framlag á móti frá ríkissjóði. En eins og þessi mál horfa nú við, erum við flm. þessarar brtt. sammála stjórn Fiskifélagsins í, að ekki séu önnur ráð líklegri til þess að efla sjóðinn en þau, sem í þessum brtt. felast. En nauðsynin á því, að sjóðurinn verði efldur, getur ekki dulizt neinum. Því að það að skilja við síldveiðideild sjóðsins í því ástandi, sem hún nú er í, án þess að sýna viðleitni í að ráða þar á nokkra bót, teljum við, að ekki sé fært fyrir hæstv. Alþ. að gera. — Að svo mæltu leggjum við þessa till. okkar, sem er tilraun til þess að efla sjóðinn, á vald hv. þd.

Umr. frestað.

Á 51. og 52. fundi í Nd., 17. og 18. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 30. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að óska þess, að þetta frv. verði ekki afgr. hér að þessu sinni við þessa umr. Ég hef að vísu orðið að óska þess áður. En ástæðan er sú, að ríkisstj. hefur ekki enn þá tekið afstöðu til þessa máls. En hér er um svo stórt mál að ræða, að það er óhugsandi, að það verði afgr. hér, án þess að ríkisstj. hafi tekið afstöðu til málsins. En það er þannig ástatt, að hæstv. sjútvmrh., sem þetta mál snertir sérstaklega, er veikur og getur af þeirri ástæðu ekki verið hér við heldur; og þegar það bætist við, þá er það mjög eindregin ósk mín, að málið verði ekki afgr. nú. Það er að sjálfsögðu á valdi hæstv. forseta, hvort umr. fara fram um málið á þessu stigi í þessari hv. d.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að þetta frv. felur í sér staðfestingu á brbl., sem hæstv. ríkisstj. gaf út á milli þinga, og ég ætla, að það hafi verið annað eða þriðja málið, sem lagt var fram í byrjun Alþ. af hálfu ríkisstj. Nú er búið að framkvæma það, sem í þessum brbl. fólst, þ. e. að mega verja stofnfé síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs til greiðslu á tjóni, sem síldveiðimenn biðu á s. l. sumri. Nú má samkv. l. um hlutatryggingasjóð ekki skerða stofnfé sjóðsins. En eftir framkvæmd þessara brbl. þá stendur hagur síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs þannig, að þar er ekki einn eyrir til í sjóði og ekkert upp á að hlaupa nema væntanlegar tekjur sjóðsins á yfirstandandi ári, sem eru ½% af útflutningsverðmæti síldarafurða og hefur gefið, þegar um litla síldveiði er að ræða, ákaflega litlar tekjur. Þær brtt., sem ég og hv. þm. Snæf. höfum flutt við þetta frv., eru miðaðar við það að bæta úr því öngþveiti, sem komið er í fyrir þessari deild hlutatryggingasjóðs, og afla sjóðnum nokkru frekari tekna en gert er ráð fyrir í l. og bæta honum þannig upp afleiðingar þeirra örþrifaráða, sem hér hefur verið gripið til með því að breyta l. sjóðsins svo, að hægt væri að nota til greiðslu allt stofnfé hans, sem l. ákváðu, að ekki mætti undir neinum kringumstæðum skerða. Með tilliti til þess annars vegar, hvernig ástatt er fyrir sjóðnum í þessum efnum, og þess hins vegar, hve mikilsvert hlutverk hlutatryggingasjóðurinn á að vinna, þá höfum við nú borið fram þessar brtt., sem hér liggja fyrir og stjórn Fiskifélags Íslands hefur sent sjútvn.

Nú er búið að taka þetta mál æðioft af dagskrá hér við fyrstu afgreiðslu þessa máls, og enn ber hæstv. forsrh. fram ósk um, að svo verði gert. Og vitanlega er ærin ástæða fyrir því, þar sem hæstv. sjútvmrh., sem þetta frv. heyrir sérstaklega undir, er nú veikur og getur ekki mætt hér, og ég tel, að það verði að greiða svo fyrir því og að því leyti sé þessi ósk frambærileg. Hitt leiðir af sjálfu sér, að það verður að láta til skarar skríða með þetta mál áður en þingi verður slitið, vegna þess að stjórnin verður að fá staðfestingu á því gagnvart þeirri framkvæmd, sem hún hefur látið gera á grundvelli þessara brbl., og ganga úr skugga um, hvort á að skilja við síldveiðideild hlutatryggingasjóðs í því ástandi, sem hún nú er í, þannig að ekki er einn eyrir fyrir í sjóðsdeild þessari og ekki annað upp á að hlaupa í framtíðinni en það,

sem þessi fáu prósent af útflutningsverðmæti síldarafurða kunna að geta gefið. — Ég viðurkenni, að það er réttlát ástæða hjá hæstv. forsrh. að fara fram á það nú sökum veikinda, að málinu verði frestað að þessu sinni. En ég vildi vekja athygli hæstv. forseta og hv. þdm. á því, hversu komið er um afgreiðslu þessa máls.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Nd., 20. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 445 felld með 14:6 atkv.

1. gr. samþ. með 16:7 atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:1 atkv.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 76. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 743).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Mönnum er það í fersku minni, að þó að síldveiðar hafi brugðizt 6 undanfarin ár, þá var þó aflabresturinn langsamlega hörmulegastur s. l. sumar, svo að langt er síðan slíkt hefur átt sér stað. Það var því svo komið þá, eins og kunnugt er, að flotinn var að stöðvast, þar sem útgerðarmenn bátanna gátu ekki einu sinni fengið nauðsynlega úttekt lengur til skipanna. Því var það, að ríkisstj. skarst í leikinn með því að veita útvegsmönnum hjálp í formi lána eða ábyrgðar fyrir lánum til þeirra, til þess að þeir gætu haldið rekstrinum áfram. Í sambandi við þessar ráðstafanir ríkisstj. voru gefin út tvenn bráðabirgðalög. Önnur voru frv. það, sem nú var verið að senda til Nd., um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast allt að 2,250 millj. kr. lán til útvegsmanna, er stunduðu síldveiðar á s. l. sumri. Hin eru þau brbl., er hér liggja fyrir til umr., — um breyt. á l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins; og innihaldið er það, að stjórninni sé heimilað að skerða stofnfé síldveiðideildar sjóðsins, að fengnu samþykki ráðh. Er svo ráð fyrir gert í hinum l., að yrði ríkissjóður fyrir tapi vegna ábyrgðar sinnar, þá megi endurgreiða það af fé síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs. Þessi mál eru þannig samhangandi, enda þótt þau séu borin fram sitt af hvorum ráðherra. Og nú hefur verið gerð ýtarleg grein fyrir þessu máli af hv. frsm. fjhn. þessarar d., og get ég sparað mér að fara inn á það.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er eins og áður er sagt staðfesting á brbl. frá 19. ágúst s. l., og hefur sjútvn. athugað það og vísar til nál. fjhn. á þskj. 732 og mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt með tilvísun til þess nál. og þá alveg sérstaklega til síðustu málsgr. þess, er hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. síðustu málsgr. 10. gr. l. nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, má aldrei ganga nær sjóðnum en svo, að eftir standi stofnfé hans. Var lögð á það rík áherzla, þegar lögin voru til umræðu í þinginu, að einmitt þetta ákvæði næði fram að ganga og síðan virt í framkvæmd. Nú hefur þótt brýn nauðsyn bera til þess að gera undanþágu frá þessu ákvæði fyrir árið 1950. Skal það út af fyrir sig ekki gert hér að umræðuefni. Hitt er ljóst, að þótt nauðsynlegt hafi þótt að skerða stofnfé sjóðsins, þá er og rík nauðsyn til þess að afla sjóðnum tekna á ný, svo að stofnféð sé a. m. k. aftur fyrir hendi svo fljótt sem verða má. Í trausti þess, að ríkisstj. láti athuga þegar á þessu ári, á hvern hátt haganlegast verði að afla sjóðnum tekna til að mæta greiðslum þeim, sem hér hafa farið fram úr sjóðnum, samkvæmt ákvæðum bráðabirgðalaganna, mælir nefndin með því, að frv. verði samþykkt óbreytt."

Sjútvn. vill leggja áherzlu á það, sem þarna segir í nál. fjhn., og mælir með frv. í sama trausti og fjhn. mælir með hinu frv. En nú hafa tveir nm. fyrirvara, þeir hv. þm. Vestm. og hv. 6. landsk., eins og frá er skýrt í nál. á þskj. 743; en sá fyrirvari er á þá leið, að fylgi þeirra við málið sé bundið því skilyrði, að yfirlýsing fáist frá ráðh. við meðferð málsins í d. um að tekin verði upp í næsta fjárlfrv. hæfileg fjárhæð til endurgreiðslu á fé því, sem tekið hefur verið af stofnfé síldveiðideildar sjóðsins. Við hinir nm. tveir, sem undir nál. skrifum, höfum talið nægilegt það, sem sagt er í nál. fjhn., og ég vil aðeins í því sambandi benda á, að vel gæti verið, að hægt væri að taka upp einhvern hluta á næsta fjárlfrv. af því, sem eytt kann að hafa verið úr sjóðnum, þó ekki yrði hægt að taka alla upphæðina, og þar með gefið fyrirheit um, að ekki yrði hægt að hætta við fyrr en búið væri að bæta sjóðnum að fullu. En fyrirvari þessara 2 hv. þm. virðist vera um það, að þeir ætlist til, að upphæðin sé tekin á næsta fjárlfrv. — Hv. 4. landsk. þm. var ekki viðstaddur, þegar málið var afgr. í n., og er því ekki kunnugt um hans afstöðu til þess.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Þessi hjálp til síldarútvegsmanna, sem veitt var af ríkisstj., átti sér fordæmi, að ég held, í tvö skipti a. m. k. áður, og í bæði skiptin minnir mig, að ég væri þar forsvarsmaður af hálfu ríkisstj. til þess að leggja til þetta fé, og þá var það ríkissjóður, sem stóð á bak við, og það var ekki leitað annarra bragða til þess

að styðja þetta, og skakkaföll af vangreiðslum hafa þess vegna lent á ríkissjóði og reiknast náttúrlega með öðrum þeim stórsyndum, sem ég sem fjmrh. hef drýgt á því tímabili. Ég álít samt sem áður, að þetta hafi verið eina leiðin, sem við gátum farið á þeim tíma, því að tilgangurinn var augljós og sá, að síldveiðin strandaði ekki fyrir kreppu sakir, þegar helzt var von að fá eitthvað úr sjónum, og í bæði skiptin hefur þessi viðleitni ríkisstj. borið árangur, enda var hún sammála um að gera það, og ég geri ráð fyrir, að það sama hafi átt sér stað hjá núv. ríkisstj. En þar sem sú leið er farin að éta upp stofnfé síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs, þá tel ég, að það verði að bæta og megi ekki fara þannig að, að eyða stofnfénu án þess að það sé bætt, og þess vegna var ég með því í n. og geri það að skilyrði fyrir mínu atkv. við þessa ráðstöfun. Út af fyrir sig tel ég óheppilegt að ráðast á þennan sjóð, en þetta er hægt að bæta, og ég er fús til samkomulags við ríkisstj. í þessu efni, sé það fyrirheit gefið, að sjóðnum verði bættir peningarnir aftur á þá leið, sem ég benti á eða við bendum á þessir tveir þm., sem virðist vera eðlilegt, að upphæðin verði tekin upp í fjárlfrv. fyrir næsta ár.

Hv. frsm. minntist á það, að það væri ekkert um það talað, hvort ætlazt er til, að þetta sé gert í einu lagi eða gert tröppu af tröppu. Ég skal játa, að það var ekki rætt, og mig skiptir ekki öllu máli, hvort þessu er skipt á tvö ár eða eitt, meginatriðið finnst mér vera, að áreiðanlegt sé, að hlutatryggingasjóður eða sú deild úr honum, sem þarna hefur verið svipt fé, fái það bætt, og ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. skilji það sjónarmið og þann tilgang, sem liggur á bak við hjá okkur, en hann er sá, að síldveiðideildin þurfi ekki að verða krypplingur, heldur geti hún orðið starfhæf áfram, en það getur hún því aðeins orðið, að hennar stofnfé fái að halda sér. Ég vona þess vegna, að sá hæstv. ráðh., sem hér á hlut að máli, sem er sennilega hæstv. fjmrh., sjái sér fært að hafa þennan sama skilning og við og treysti sér til að gefa fyrirheit í þessu efni.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Út af því, sem hv. þm. Vestm. ræddi, þá vil ég aðeins taka það fram, að það er mín skoðun, að mikil nauðsyn sé, að unnt væri að láta aftur í sjóðinn fúlgu, sem svaraði til þessarar, sem þarna er varið strax af stofnfénu. Eins og hann tók fram, þá var æskilegt, að ekki hefði þurft að skerða stofnféð strax. Um þetta vil ég segja það, að ég get ekki nú gefið yfirlýsingu um það að þetta yrði tekið á fjárl. næst, t. d. að það verði athugað þegar líður á árið og allar kringumstæður skoðaðar, hvort slíkt væri mögulegt eða ekki. Yrði þá á næsta þingi að taka það til meðferðar, hvort hægt væri að gera ráðstafanir út af þessu. Ég get ekki á þessu stigi gefið bindandi yfirlýsingu um þetta, en tel æskilegt að hægt væri að greiða úr fyrir sjóðnum með því að bæta honum upp þennan skaða.

Jóhann Jósefsson: Ég hef hlustað á það, sem hæstv. ráðh. sagði í þessu efni, og þykir mér vænt um að heyra, að hann er í sjálfu sér sömu skoðunar og ég og sá annar hv. þm., sem gerir þetta að skilyrði, þar sem hann segist telja æskilegt, að þetta yrði hægt að gera, sem sé að taka upp tilsvarandi fjárhæð á næsta fjárlfrv. til þess að bæta síldveiðideildinni þetta. Mér þykir leitt, að hæstv. ráðh. treystir sér ekki til að gefa ákveðin fyrirheit í þessu efni, en þætti nokkurs um vert, ef hæstv. ráðh. vildi segja sem svo, að hann mundi mæla með því innan ríkisstj., að þetta yrði gert.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og ég tók fram, þá tel ég æskilegt, að hægt væri að bæta sjóðnum þetta, en ég get á þessu stigi ekki sagt annað eða meira en það, að það verður að fara eftir því, hvernig ástatt er þegar næstu fjárl. verða undirbúin, hvort menn telja mögulegt að leggja til, að þetta sé tekið á þau eða ekki. Við vitum ekki, hvernig ástatt verður þá, og það getur verið, að það verði ekki mögulegt. Þess vegna vil ég ekki gefa um það yfirlýsingu, en það eitt get ég sagt, að ég teldi mjög æskilegt að bæta sjóðnum þetta, því að ég vil fremur segja minna en meira um þetta mál fyrirfram, þannig að það verði ekki hægt að segja, að það hafi verið gefin heit, sem ekki hafi verið staðið við.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég er annar þeirra nm., sem setti það skilyrði fyrir atkv. mínu við frv., að slík yfirlýsing fengist hjá hæstv. fjmrh. Nú hefur hann að vísu lýst yfir, að hann telji mikla nauðsyn, að síldveiðideild hlutatryggingasjóðs fái bætt það fé, sem tekið hefur verið úr síldveiðideildinni, en að hann treysti sér ekki til að gefa yfirlýsingu um þetta. Þetta þýðir það, að ég treysti mér ekki til að greiða atkv. og tel, að það öryggi, sem síldveiðideild hlutatryggingasjóðs átti að veita síldarútvegsmönnum, sé ekki fyrir hendi, þegar svo hefur verið farið að við sjóðinn að taka stofnféð til bótagreiðslna, og ég tel sjóðinn gagnslítinn, þegar farið er inn á þá braut og ekki gengið inn á, að það verði bætt, svo að sjóðurinn sé starfhæfur. Því mun ég greiða atkv. á móti málinu.

Gísli Jónsson: Ég er dálítið undrandi yfir þessum fyrirvara, sem þessir tveir þm. hafa gefið, og ég sé ekki á þessu stigi, hvað unnið er með því, ef t. d. meiri hl. d. skyldi stöðva frv. af þessum ástæðum. Í fyrsta lagi er engin trygging fyrir því, að sjóðurinn fengi þessa upphæð, þó að ráðh. lýsti þessu yfir, að taka þetta á fjárlfrv., það þarf að sjálfsögðu meiri hl. alþm., þegar þar að kemur, við afgreiðslu fjárl. til þess að tryggja það, þó að þetta væri tekið í frv.

Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að það var einróma ósk ríkisstj., að 750 þús. kr. væru settar í Rif á Snæfellsnesi á síðasta ári, en hv. 6. landsk. var með því að lækka þá upphæð í 500 þús. kr., sem sýnir, að ekki er trygging fyrir því, að sjóðurinn fái þetta, þó að það væri tekið upp í fjárlfrv.

Svo er önnur hlið á þessu máli, og hún er sú, að það hefur verið tekið úr sjóðnum í gegnum ákvæði l. með því að gefa út brbl., en aðeins úr síldveiðideild, og þetta fé hefur verið lagt til þeirra manna, sem hafa stundað síldveiðar, og þannig aukið til þeirra framlag eða styrkur fram yfir það, sem hinn hlutinn, þorskveiðideildin, átti í sjóðnum, — þeir hafa ekki fengið neitt úr sjóðnum móts við

þá, sem stunduðu síldveiðar. Þeir hafa m. ö. o. orðið að komast af með sína veiði, án þess að fá styrk. Þess vegna er það sýnilegt, að ef tekin er inn á fjárlfrv. næsta ár og samþ. þessi upphæð hér, 2½ millj. kr., sem endurgreiðsla úr ríkissjóði inn í þennan sjóð, þá verður það ekki ágreiningslaust, að það fari ekki eitthvert fé í hina deildina. Svo að málið er ekki eins auðvelt og þessir tveir hv. þm. hafa látið í skína hér. Því að það er sýnilegt, að þá er verið að mismuna þessum útvegsmönnum, annars vegar þeim, sem stunda síldveiðar, og hins vegar þeim, sem eingöngu stunda þorskveiðar. Þetta hefur ekki gengið í þorskveiðideildina, þótt hægt sé að sanna, að þeir menn hafa engu síður þurft á þessu að halda, svoleiðis að ég segi það strax, að ég gæti ekki verið með því, að þetta fé færi allt úr ríkissjóði í þessa deild, án þess að eitthvað færi til hinnar deildarinnar. Ég held a. m. k., að þeir, sem standa að ríkisstj., ættu að geta látið sér nægja við afgreiðslu þessa máls það, sem hv. frsm. undirstrikaði, að í trausti þess, að það verði athugað, á hvern hátt væri hægt að ná aftur þessari greiðslu í sjóðinn, þá geti verið ýmsar leiðir til þess.

Það var í Nd. borin fram á þskj. 445 brtt. við frv., þar sem gerðar eru sérstakar till. um að láta endurgreiða í sjóðinn frá þjóðinni allri. Það átti að leggja á 1% útflutningsgjald af öllum útfluttum síldarafurðum, ½% útflutningsgjald af útfluttum sjávarafurðum öðrum en síldarafurðum, svo og þeim, sem koma frá botnvörpuskipum, hvalveiðum og selveiðum, og framlag ríkissjóðs á móti 1. og 2. lið. Þetta voru till., sem öfluðu sjóðnum tekna, en þetta fékkst ekki samþ. í d., en ég hygg, að hæstv. sjútvmrh. hafi lýst því yfir við afgreiðslu málsins, að hann mundi beita sér fyrir því, að uppfylltar væru þær óskir, sem fram koma á þskj. 732, þ. e. að láta athuga gaumgæfilega, hvort hægt er að mæta sanngjarnlega þessum greiðslum á næsta ári. Því er ég nokkuð undrandi yfir afstöðu þessara 2 þm., því að ef málið er fellt hér í d., þá er málinu ekki borgið og það allt sett í öngþveiti, og það hygg ég, að þm. vilji ekki vera með í að gera.

Jóhann Jósefsson: Það þyngist undir fótum fyrir málinu, þegar form. fjvn. fer að gefa yfirlýsingu um afstöðu sína og spár fram í tímann um það, hvernig þessu yrði tekið, og mér finnst veðurspáin ekki sérlega glæsileg. En hv. þm. verður að viðurkenna það með okkur, að það er síldveiðideildin, sem hefur orðið fyrir árásinni, ef svo má að orði komast, þetta eru hennar peningar, en ekki hinnar deildarinnar, og það hafa ekki verið gerðar kröfur til að bæta annað en það, sem brotið hefur verið. Þetta er sannast að segja ekki stærra atriði en það, að það væri leikur á borði að heita því, ef ríkisstj. hefði nokkurn vilja í þessu efni, að þetta yrði gert, ef hægt væri. Ég fór fram á það við hæstv. fjmrh., að hann gæfi fast fyrirheit um þetta, en það var ekki einu sinni hægt að toga út úr honum, að hann mundi mæla með því. En það vita allir, að fjárl. eru þannig útbúin nú, að tekjuöflunarvonir ríkissjóðs eru a. m. k. betri en þær hafa verið undanfarið, og þegar þess er gætt, að mikið á að rýmka til um verzlunina, þá er ekki útlit fyrir, að svo hart sé á, að vegna þeirra hluta verði ómögulegt fyrir ríkisstj. að bæta sjóðnum þessa tiltölulega litlu upphæð. En ég hef enga löngun til þess að fella þetta frv. og vildi því gera tilraun til þess að fá það bundið fastmælum, að sjóðnum verði bættir þessir peningar, og ég hef ekki getað fengið, hvorki fyrirheit né heldur loforð um, að hæstv. ráðh. mundi mæla með því á sínum tíma. Ég mun þess vegna ekki greiða atkv. um þetta mál, — það getur verið að ég greiði ekki atkv. á móti því, en þegar svo dauft er tekið í svona hluti eins og gert er, þá liggur opið fyrir að fara millileið, eins og hæstv. ráðh., sem segir, að þetta sé æskilegt, en vill engu lofa, hvort það verði gert.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það er lítið, sem ég vil segja, en ég vildi aðeins bæta litlu við það, sem hv. þm. Barð. tók fram. Ég vil einmitt láta sömu undrun í ljós og hann yfir afstöðu þessara 2 meðnm. minna, vegna þess að eftir því, sem ég skil hæstv. ráðh., þá finnst mér, að þess megi vænta, að till. komi fram um að bæta sjóðnum það, sem hann varð að láta af mörkum í þessu skyni, því að honum fórust orð á þá leið, að hann teldi rétt og mundi vinna að því eftir því, sem mögulegt væri. Mér virðist ekki vera hægt að skilja orð hans öðruvísi, því að hann taldi þetta æskilegt og mundu verða gerðar ráðstafanir til þess, ef hægt væri. Hins vegar tók hann það fram, að hann vildi ekki binda sig ákveðnum loforðum.

En svo er annað, sem ég vildi benda á. Ég veit ekki, hvernig þessir 2 þm. hugsa sér, að farið verði með þetta mál, ef þetta frv. yrði fellt. Við erum hér í d. í dag nýbúnir að samþ. annað mál, sem er þessu ákaflega skylt, og ef ég man rétt, þá er í 3. gr. þess frv. svo ákveðið, að það, sem ríkissjóður kann að greiða vegna ábyrgða til síldarútvegsmanna, skuli honum endurgreitt af síldveiðideild hlutatryggingasjóðs. Það má búast við, eftir því sem Nd. afgr. þetta mál til okkar, að frv., sem við vorum að senda Nd., verði samþ., og þá er það eitt l. um þetta, sem í rauninni má skoða sem svipaða heimild eins og þá, sem hér er farið fram á, en hin l. eru felld. Ég held, eins og hv. þm. Barð. sagði, að málið kæmist þá í undarlegt öngþveiti og væri bágt að segja, hvaða heimildir væru þá fyrir hendi, því að það er tvímælalaust samkv. því frv., sem við vorum að samþ. til Nd. áðan, heimilt að taka fé og endurgreiða ríkissjóði ábyrgðirnar úr síldveiðideild hlutatryggingasjóðs. Eftir mundi þá standa að vísu í l. hlutatryggingasjóðs, að ekki mætti skerða stofnfé hans, en þegar ekki er fé í sjóðnum neitt að ráði fram yfir stofnfé, þá er óskiljanlegt, hvar ætti að taka fé til þess að fullnægja hinum lögunum. Annars vona ég, að það komi ekki til þess, og ég vona, að meiri hl. d. sjái sér fært, í samræmi við það, sem d. er nú þegar búin að gera á þessum fundi, að samþ. þetta frv.

Gísli Jónsson: Hv. þm. Vestm. sagði, að það þyngdist undir fæti fyrir þessu máli, úr því form. fjvn. væri því andvígur. Ég vil í fyrsta lagi segja það, að það er ekkert víst, hver verður form. fjvn.,

þegar þetta mál verður til umr. á næsta þingi. En ég vildi leyfa mér að gera grein fyrir því, hvernig þetta mál er, og vildi ég, að það gæti orðið til þess að skýra málið fyrir hv. þm. Vestm.

Málið liggur þannig fyrir, að búið er að taka út 2¼ milljón til þeirra manna, sem áttu þennan stofnsjóð, af því að þeir urðu fyrir svo stórum áföllum fyrir veiðibrest, að það þótti alveg nauðsynlegt að ráðstafa fénu þannig, þrátt fyrir skýr ákvæði laganna. Á sama tíma hefur ekkert verið tekið úr hinum hluta sjóðsins, sem einnig hefur fengið stór áföll, jafnvel ekki minni, en þeir fengu ekkert fé og enga aðstoð frá ríkinu og urðu að taka sín áföll bótalaust. Þetta veit hv. þm. Ef því ríkissjóður einn á að taka að sér að veita þetta fé, þá er það veitt til þeirra aðila, sem áttu í sínum sjóði 2¼ milljón fram yfir það, sem átti að ganga til hinna, en það er ranglátt. Það kemur því til greina, komi framúrskarandi síldveiði á þessu ári, að hækka framlagið af síldarafurðum í síldveiðisjóð til þess að endurgreiða þannig einhvern hluta af þessu fé.

Ég veit, að nú er verð á lýsi hækkandi. Það hefur stigið úr 115 £ tonnið í 165—185 £, og er því ekki lítil von bundin við ágóða af síldveiðum, ef meðalverð á lýsi yrði 165—185 £ tn., og þá standa vonir til þess, að þeir menn, sem eiga þennan sjóð, verði betur settir en hinir, sem aldrei fengu neitt úr þorskveiðasjóði. Þetta ber að taka til athugunar, og þess vegna er fram komin ósk hv. fjhn. um, að tekið verði til athugunar, hvernig endurgreiðslum skuli háttað. Þessir menn eru ekki að styrkja neina aðra með því, heldur eru þeir að byggja upp sinn eigin sjóð. — Þetta er eitt atriði. Svo er annað. Hvernig færi nú, ef frv. yrði fellt, ef svo margir sætu hjá, að það fengi ekki nægan stuðning? Hvað skeður þá? Það er þegar búið að framkvæma lögin, og í 1. gr. þeirra segir: „Þó er sjóðsstj. heimilt á árinu 1950 að skerða stofnfé síldveiðideildarinnar, að fengnu samþykki ráðherra.“ — Samkv. þessu er ekki heimilt að skerða stofnféð á neinu öðru tímabili en árinu 1950, og ég hef upplýsingar fyrir því, að enda þótt frv. yrði fellt, þá stæði þetta. Ég get ekki skilið annað en að ábyrgðin til endurgreiðslu hvíli á ríkissjóði.

Þegar nú er búið að samþ. frv., þá skulu skv. því 67% af tekjum hlutatryggingasjóðs fara til þess að endurgreiða þetta 2¼ millj. kr. lán, og allan þann tíma er því ekki hægt að byggja upp sjóðinn, og ekki stendur sjóðurinn sig við það, ef illa fer um aflabrögðin. Það er því fjarstæða að gera að skilyrði, eins og nú standa sakir, nokkra bindingu um að efla sjóðinn. Hitt er svo annað atriði, að það þarf að efla sjóðinn, en það verður að gerast eftir öðrum leiðum. Ég vil efla sjóðinn, og ég var einn af þeim, sem börðust fyrir því, þegar lögin um hlutatryggingasjóð voru sett, að aldrei mætti skerða stofnfé hans, og þykir mjög verr farið, að það hefur verið gert. En hitt er verra, að hér er farið inn á hættulega braut, sem aldrei er hægt að vita, hvenær tekur enda, því að maður veit ekki, hvenær bankarnir krefjast þess næst, að fé sé tekið af stofnfé sjóðsins, og þetta er kannske það versta í málinu, því að það er mjög hættulegt, þegar farið er inn á þá braut að skerða stofnfé sjóðsins, án þess að ríkissjóður bæti það aftur á fjárlögum.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég vil aðeins benda hv. frsm. á það, hvort hann geti ekki fallizt á eftir atvikum að biðja hæstv. forseta um að fresta málinu um stund og eiga síðan tal við hæstv. ráðh. um það, hvort hann vilji ekki beita sér fyrir því, að tekinn verði upp á næsta fjárlagafrv. liður til endurgreiðslu á stofnfé sjóðsins, svo framarlega sem eitthvað alveg sérstakt kemur ekki til. Ég skýt þessu aðeins fram, ef hv. frsm. vildi taka það til athugunar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég tek það aðeins fram, að ég treysti mér ekki til að segja meira um þetta mál en ég nú þegar hef sagt. Ég get ekki gefið aðrar yfirlýsingar um þetta mál en ég þegar hef gert, né heldur bundið það fastmælum, að þessi fúlga verði tekin upp á næsta fjárlagafrv. Það getur margt komið til á þeim tíma, og mér finnst ekki ástæða til, að þetta sé bundið fastmælum. Hins vegar geta þeir, er þetta vilja, komið fram á næsta þingi og barizt fyrir því þá, að þetta sé tekið inn á fjárlög, — en sem sagt, ég treysti mér ekki til að ákveða nú, hvort það verður í fjárlagafrv. eða ekki.

Forseti (BSt): Ég tek það fram út af því, sem hv. þm. Vestm. sagði, að eftir að hafa heyrt yfirlýsingu hæstv. fjmrh., virðast mér engar líkur til þess, að frestun á málinu breyti nokkru um, enda óvíst, eftir því sem mér skilst, að hæstv. ráðh. geti gefið nokkur loforð um þetta mál, því að vitað er, að ríkisstj. öll er með í ráðum um fjárlagafrv. En ef hv. deild vill og virðist það vera leið til samkomulags, þá hef ég ekki á móti því, að málinu sé frestað um stund, en ég sé ekki, að það breyti neinu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:3 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 772).

---

42. Ríkisreikningurinn 1948.

Á 49. fundi í Nd., 15. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1948 [151. mál] (stjfrv., A. 483).

Á 50. fundi í Nd., 16. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Og skammt er liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Nd., 5. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 483, n. 586).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. fjhn., mælir hún með því, að þetta frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir 1948 verði samþ. — Eins og frv. ber með sér, hafa tekjur ríkissjóðs skv. rekstrarreikningi þetta ár numið 264,7 millj., eða um 22 millj. kr. meira en næsta ár á undan. Gjöldin á rekstrarreikningi hafa numið 256,5 millj. um það bil, og er það svipað og greitt var 1947 samkv. ríkisreikningnum, aðeins 1 millj. kr. hærra síðara árið. En greiðslur úr ríkissjóði, þar með talin 20. gr., hafa numið 1948 samtals rúmlega 345 millj. kr. samkv. ríkisreikningnum, og er það 18 millj. kr. hærra en árið 1947. En vegna þess, hve lítill munur er á tekjum og gjöldum, eða um 7—8 millj., hefur orðið mikill greiðsluhalli á ríkisreikningnum 1948, og samkv. því yfirliti, sem birt hefur verið í reikningunum um greiðslujöfnuð það ár, hefur hallinn orðið um 69 millj. kr., sem mætt hefur verið með lántöku, og skuldir því hækkað sem því nemur.

Fjhn. hefur borið niðurstöður reikningsins saman við frv., og virðast upphæðirnar þar rétt færðar. — Yfirskoðunarmenn hafa gert nokkrar aths. við reikningana, ráðherra svarað þeim og yfirskoðendur síðan gert tillögur út af aths., en engri þeirra er sérstaklega skotið til úrskurðar Alþingis.

Ég mun ekki gera þessa reikninga að umtalsefni í heild, en um eitt atriði vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum, sem ég tel, að sérstök ástæða sé til að vekja athygli á. — Samkv. efnahagsreikningi er talið með eignum ríkissjóðs í árslok 1948 ábyrgðarlán, 11 millj. og 254 þús. Það mun vera fé, sem ríkið hefur lagt út vegna ábyrgða fyrir ýmis fyrirtæki, og hefur þessi eignaliður hækkað um 6—7 millj. á því ári, því að hann nam í árslok 1947 4—5 millj. Þetta finnst mér ískyggilegt, hvernig ríkið þarf stöðugt að borga fyrir þá aðila, sem ríkisábyrgð hafa fengið til lántöku. Ég hef fengið þetta sundurliðað hjá ríkisbókhaldinu, og mér finnst ástæða til að gera grein fyrir því, hverjar eru stærstu útistandandi skuldir ríkisins vegna ábyrgðanna. Stærstu upphæðirnar eru vegna síldarverksmiðja ríkisins. Hefur verið greitt vegna þeirra samtals í árslok 1948 7,636 millj., og hefur sú upphæð hækkað verulega frá árinu áður. Ég hef síðan fengið vitneskju um, að hún hefur og hækkað á árinu 1949 um 2 millj. kr. og er því í árslok 1949 komin upp í 9,6 millj., enda hefur hagur verksmiðjanna farið versnandi síðustu ár, og munu nú varasjóðir þeirra uppétnir og tap þar að auki ógreitt.

Þá er næsta upphæð greiðslur til Siglufjarðarbæjar vegna Skeiðsfossvirkjunarinnar, og nemur sú upphæð í árslok 1948 1.350 millj. kr., og hefur enn bætzt við þá upphæð 1949, svo að hún er í lok þess árs 2.084 millj. kr.

Þá er Andakílsárvirkjunin í Borgarfirði, en þó að þar sé um stórar greiðslur að ræða, eru þær minni en það, sem greitt hefur verið vegna Skeiðsfossvirkjunarinnar. Sú greiðsla hefur í árslok 1948 verið 262 þús., en hefur hækkað, svo að í árslok 1949 nemur hún 881 þús.

Ég álít, að ráðstafanir verði að gera, svo að svona haldi ekki áfram. Þessi fyrirtæki verða að vera þannig rekin, að þau geti borgað vexti og afborganir af lánum, enda mun því hafa verið haldið fram, þegar þessar ábyrgðir voru veittar, að þær hefðu enga áhættu í för með sér fyrir ríkissjóð.

Þá er h/f Búðanes í Stykkishólmi, sem mun vera útgerðarfélag og fékk á sínum tíma ábyrgð til kaupa á togara. Greiðsla vegna þeirrar ábyrgðar nemur 71 þús. kr. og hefur hækkað mjög árið 1949 og er í lok þess árs orðin 471 þús. kr. Nú hef ég ekki getað aflað mér upplýsinga um, hvort búið er að gera félag þetta upp eða selja skip þess fyrir áföllnum skuldum.

Þá er ábyrgðargreiðsla vegna Húsavíkurhafnar, sem nam í árslok 1948 203 þús. kr., en hækkar 1949 upp í 331 þús.

Þá er Siglufjarðarbær vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku, greidd ábyrgð 1948 101 þús., sem síðan hækkar 1949 upp í 413 þús.

Vegna samvinnubyggingarfélags í Ólafsvík eru greiddar árið 1948 96 þús., og við það bætast árið 1949 tæpar 3 þús.

Þá er ótalin Skagastrandarhöfn, en vegna þeirrar ábyrgðar eru greiddar 468 þús. 1948, sem hækkar síðan í 701 þús. næsta ár.

Þá er Stykkishólmshreppur, ábyrgð vegna rafveitu 99 þús. 1948, en skuld hreppsins lækkar næsta ár niður í 77 þús.

Enn er á þessum lista ábyrgð vegna síldarútvegsins, 625 þús., en sú upphæð er næsta ár færð á annan reikning.

Eins og ég gat um áðan, nema þessar ábyrgðarlánagreiðslur í árslok 1948 11,25 millj., en hækka 1949 upp í 15 millj., en hvað þar við bætist svo 1950, er enn óupplýst. En við athugun þessa virðist mér ljóst, að hér verði að taka í taumana, eftir því sem unnt er, svo að ríkissjóður verði ekki þannig að greiða fleiri millj. árlega, ef nokkurs annars er kostur. — Mér fannst fullkomin ástæða til að vekja athygli á þessu, þar sem þessi greiðsla er ósundurliðuð á efnahagsreikningnum.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. — Um eitt atriði viðkomandi reikningnum hef ég gert fyrirspurn í Sþ. og sé því ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál að sinni.

Umr. frestað.
Á 65. fundi í Nd., 8. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Út af ræðu hv. þm. V-Húnv. vil ég gera hér nokkur atriði að umtalsefni, er rætt var hér um ríkisábyrgðir um daginn og þau fjárútlát, er ríkið hefur orðið fyrir vegna þeirra. — Við umræðurnar um fjárlögin á s. l. hausti gerði ég grein fyrir því, að þessar ríkisábyrgðir væru orðnar vandamál. Ég ætla, þótt ég geti ekki sagt það með vissu, að það tap, sem ríkið verður fyrir vegna þessara ábyrgða, muni nú nema

um 5½ millj. króna, og það bendir til þess, að þessi upphæð sé nú að nálgast þá upphæð, sem veitt er til nýrra akvega á landinu. Er þetta vissulega háskalegt fyrir ríkissjóð. Þessar ábyrgðir eru margs konar, og hafa þær verið veittar mörgum fyrirtækjum, — oftast er um að ræða fyrirtæki bæjar- eða sveitarfélaga. Við í fjmrn. höfum nú haft til athugunar, hvað er hægt að gera til þess að draga úr þessum háska, og hefur athugun okkar beinzt að einstökum málum, og við höfum rannsakað, hvort allir þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, hafi gert sitt ýtrasta til þess að þessar ábyrgðir skelli ekki á ríkinu.

Hv. þm. V-Húnv. minntist á 9 tiltekin mál, og vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um hvert þeirra, því að ég hygg, að þau geti verið fulltrúar fyrir önnur mál, sem eru í uppsiglingu og þingmenn æskja að fá vitneskju um.

1. Tvær síldarverksmiðjur hafa fengið ríkisábyrgðir, það eru Síldarverksmiðjur ríkisins og Rauðka. S. R. hafa fengið ríkisábyrgðir fyrir á 2. tug millj. kr., en ábyrgðir Rauðku eru ekki nema smáfjárhæðir hjá þessu. Við þessu er nú ekkert hægt að gera, aðeins að bíða eftir því, hvort síldin komi. Á s. l. sumri var ekki nema 1 vinnsludagur hjá Rauðku, svo að það er ekki að furða, þótt verksmiðjan standi ekki undir lánum, en ekki mun hún þurfa mjög marga vinnsludaga til að greiða sínar fjárhæðir.

2. Virkjanir. Það má skipta þeim í vatnsvirkjanir og dieselstöðvar. Í sambandi við vatnsvirkjanir er um tvær virkjanir að ræða: Andakílsárvirkjun og Skeiðsfossvirkjun. — Um Andakílsárvirkjunina er það að segja, að til hennar hefur verið lagt stórfé. Skiptir það nú yfir 2 millj. kr., og hefur virkjunin lítið sem ekkert getað greitt af lánum sínum. Við höfum athugað þetta mál í samráði við raforkumálastjóra með þeim árangri, að rafmagn yrði látið hækka, en svo sanngjarnt gæti talizt, og væri þar séð fyrir hagsmunum beggja. Nú þegar þessi hækkun er komin á, mun Andakílsárvirkjunin geta staðið undir nokkrum hluta lána sinna, úr því að þessu ári sleppir. Það mun ekki hætta á, að þarna bætist við nýjar greiðslur. Hins vegar er ekki gott að sjá, hvenær virkjunin getur farið að borga til baka. — Til Skeiðsfossvirkjunarinnar hefur líka verið greitt stórfé, en þar er aðalatriðið það, að hún er of lítil og hægt er að selja meira rafmagn. Siglufjörður verður nú að leggja mikið í kostnað til að framleiða rafmagn handa íbúum sínum og þó með halla. Við höfum endurskoðað rafmagnsverðið, og það mun ekki duga að hækka það. Þessi virkjun mun vera áfram baggi á ríkinu, nema því aðeins, að hægt verði að bæta við nýrri vélasamstæðu, en kostnaður við það mundi nema nokkrum millj. króna. Það mætti ef til vill segja, að hlutaðeigandi bær hefði getað greitt einhvern hluta af ábyrgðum sínum, ef allar endurbætur hefðu verið stöðvaðar og fé hefði ekki verið varið til fyrirhugaðrar stækkunar. En stjórnin getur ekki rekið þá pólitík. Þessi virkun á enga framtíð fyrir sér, nema hún verði stækkuð, og mundi þá ríkissjóður losna við mikinn bagga.

3. Hafnargerðir. Til Skagastrandar- og Húsavíkurhafna hefur verið lagt stórfé — og reyndar til fleiri. Skagaströnd hefur nú um mörg ár ekki greitt neitt af lánum sínum. Þessi lán þar eru mörg til skamms tíma og þung. Við höfum endurskoðað hafnarreglugerðina á staðnum til að sjá, hvort lögð hafa verið á nægilega há hafnargjöld og hvort þeir gætu ekki staðið undir þyngri gjöldum. Sú athugun hefur gert það að verkum, að þeir á Skagaströnd hafa sjálfir gert uppástungu um hækkun á tekjustofnum hafnarinnar. Ég vil ekki fullyrða, hversu miklu hér gæti munað, en augljóst er, að á meðan síldin er dauf verður halli á þessari höfn, nema eitthvað nýtt komi til. — Húsavíkurhöfn er í athugun hjá okkur, en inn í það blandast það atriði, sem ég veit ekki, hvort Alþingi er vel ljóst. Þegar það var á döfinni að byggja höfn á Húsavík, og þegar kom til að leggja fé í hana, spurðust þeir fyrir um það, hvort byggja ætti þar síldarverksmiðju. Þá fengu þeir þá yfirlýsingu, að þar skyldi byggð síldarverksmiðja og því mundi óhætt að leggja fé í höfnina, því að þar af mundu koma tekjur, en nú halda Húsvíkingar því fram, að þeir eigi hönk upp í bakið á ríkissjóði, þar sem ekki er farið að byggja neina síldarverksmiðju. Hvað sem öðru líður, er ekki fullrannsakað um hafnargjöldin þar, og ef gjöldin eru lægri en fjármálaráðuneytinu þykir nauðsynlegt, þá mun það gera kröfu um að hækka þau. Þess vegna get ég ekki fullyrt um, hvort von er til, að úr þessum greiðslum dragi. — Það er mjög áþekkt, sem ég get sagt um fleiri hafnargerðir, þótt miklum mun minna hafi verið varið til annarra hafna. Þá má t. d. nefna landshöfnina í Keflavík. Hún átti að standa undir ⅔ stofnkostnaðarverðs síns, og hefur ríkissjóður lagt út mikið fé fyrir þá höfn, en hún hefur ekki greitt nema mjög lítið enn þá. Það er í athugun, hvort hægt er að hækka hafnargjöldin þar. Hið sama má segja um fleiri hafnargerðir. Það er verið að athuga, hvort hafnir þessar geti ekki staðið betur undir greiðslum sínum til ríkissjóðs.

4. Rafveitur. Hér ræði ég um dieselrafstöðvar. Hv. þm. V-Húnv. minntist á eina rafstöð, rafstöðina í Stykkishólmi. Athugun á því máli er ekki komið svo langt, að ég geti gefið fullnægjandi upplýsingar, en ég verð að segja það, að mér lízt þunglega á það mál. Þessar rafveitur koma nú hver af annarri og tilkynna, að þær geti ekki staðið undir lánum sínum, og mun fjmrn. taka upp rannsókn á verðlagi rafmagns og rekstri þeirra og vita, hvað hægt er að gera.

5. Byggingarsamvinnufélög. Hv. þm. V-Húnv. minntist á eitt þeirra, byggingarsamvinnufélagið í Ólafsvík. Það mun vera eina félagið, sem hefur verið leyst upp; annars hefur ábyrgð byggingarsamvinnufélaga ýmist verið greidd eða næstum því það og ekki bakað ríkissjóði neitt tjón.

Þá er hér sérstakt mál, þ. e. a. s. útgerðarfélag í Stykkishólmshreppi. Mál þetta horfir nú þannig við, að skip félagsins hafa verið auglýst á uppboði um næstkomandi mánaðamót, og ekki er hægt að segja, hvernig þessu máli lýkur.

Ég vildi nú nota þetta tækifæri, þar sem hv. þm. V-Húnv. minntist á þessar ábyrgðir, til að segja örfá orð um það, hvernig stendur á um þessi mál, sem hann drap á, og þá frekar til þess að leiða athygli hv. þm. að þessu vandamáli, með ábyrgðirnar, og leitast við að bregða upp mynd af þeirri baráttu, sem í þessu málefni er háð daglega í ráðuneytinu.

Það er þýðingarlaust að loka augunum fyrir því, að þessar miklu ábyrgðir ríkisins, þar sem ríkið á oft mest eða jafnvel allt í hættu, verða þess valdandi, að hætt er við, að það geti orðið til þess, að menn leggi í ýmis hæpin fyrirtæki, sem erfitt er að láta bera sig, og þegar kreppir að mönnum, er hætt við, að menn láti sitja á hakanum að láta peninga upp í þau lán, sem ríkisábyrgð er fyrir. Er því þörf á að hafa mjög strangt eftirlit í þessum efnum og ganga fast fram í þessu og leggja fast að mönnum að standa í skilum með ríkisábyrgðarlán. Horfurnar eru ekki glæsilegar í þessum efnum, og bólar orðið hérna á þeim hugsunarhætti, að menn hugsi sem svo: Ríkið gerir mikið að því að leggja út í ábyrgðir, það eru stórkostlegar fjárhæðir, svo að skiptir hundruðum þúsunda eða jafnvel milljónum, sem renna í einstök pláss eða staði með þessu móti. — Og ef ekki verður höfð á þessu mikil gát, þá er hætt við, að niðurstaðan geti orðið sú, að menn blátt áfram láti sér hægt um greiðslu á þessum lánum, til þess að vera ekki að reyta sig, ef nágrannarnir gera það ekki. Ég vildi nota tækifærið til að beina því til þm., sem áreiðanlega hafa mjög mikið um það að segja, hvernig þessi mál verða í framtíðinni, að þeir reyni að hjálpa ríkisstj. til þess að halda þessu máli í viðunandi horfi, því að ef þetta fer allt úr böndunum, veldur það því, fyrir utan öngþveitið, sem af því stafar, að ekki verður jafnhægt að nota ákveðin úrræði til stuðnings góðum málum og verið hefur. Ég vil þess vegna mjög eindregið biðja hv. þm. að hafa gát á þróuninni í þessum efnum og hafa holl áhrif, hver á sínum stað, til þess að koma í veg fyrir það, að jafnilla fari í þessum efnum og horfir nú í dag.

Pétur Ottesen: Já, ég kvaddi mér hljóðs í sambandi við gagnrýni hv. frsm. fjhn., þm. V-Húnv., út af því, að ríkissjóður hefði orðið að hlaupa undir bagga og inna af hendi fyrir Andakílsárvirkjunina nokkrar greiðslur í sambandi við þær ábyrgðir, sem ríkissjóður hefur tekið á sig fyrir þetta fyrirtæki. Fjmrh. hefur nú þegar að miklu leyti tekið af mér ómakið að gefa skýringu í sambandi við þetta, og ég get því skírskotað til þess, sem hann sagði. Ég vil aðeins til viðbótar við það bæta því við, að orsökin til þessa liggur í því, að ekki hefur verið hægt að fá markað fyrir nema tiltölulega lítinn hluta af því mikla rafmagni, sem framleitt er á þessum stað. Fyrst eftir að þessi virkjun hóf starfsemi sína, voru það eingöngu Akranes og Borgarnes, ásamt Hvanneyri, sem fengu rafmagn frá þessari virkjun, og þá var þannig ástatt á þessum stöðum, að ekki var hægt að hagnýta nema tiltölulega lítinn hluta aflsins, því að það vantaði þau tæki, sem nota þurfti. Þá er einnig þess að geta, að á Akranesi eru þrjú hraðfrystihús og fiskimjölsverksmiðja, og það liðu 2—3 ár, áður en hægt væri að skipta um rekstrarafl í þessum stóru fyrirtækjum, þannig að nota mætti rafmagn í stað olíu, þar sem ekki fengust fyrr innflutningsleyfi fyrir stórum rafmagnsmótorum, en hjá einu þessara frystihúsa mátti þó sýna fram á, að verð mótora, sem þurfti að kaupa handa því, nam ekki meiru en olíuverðinu til orkurekstrar þeirra véla, sem þar voru fyrir, árlangt. En þetta er ein orsökin til þess, að ekki hefur verið hægt að nota nema svona lítið af aflinu. Síðan hefur nú úr þessu rætzt nokkuð, auk þess sem hafin hefur verið lagning á línum úti um héraðið, og hefur það vitanlega orðið til þess að bæta aðstöðu þessa fyrirtækis, en þó er ekki lengra komið en svo, að enn er ekki notað nema tæplega 60% af því rafmagni, sem framleitt er í stöðinni. En samkv. þeim upplýsingum, sem hæstv. fjmrh. gaf hér, standa sakir þó þannig hjá fyrirtækinu, að á þessu ári eru ekki neinar líkur til þess, að grípa þurfi til þeirra ráðstafana, að ríkið greiði áfram af láninu fyrir fyrirtækið, og líkur eru til, að á næsta ári verði hægt að byrja að endurgreiða ríkinu það fé, sem það hefur þegar orðið að inna af hendi fyrir þetta fyrirtæki, svoleiðis að fyllstu vonir standa til þess, að ríkið verði ekki þarna fyrir neinum halla í sambandi við ábyrgðina, heldur muni ekki líða langur tími, þar til þetta fyrirtæki geti greitt ríkinu aftur það fé, sem það hefur þegar orðið að leggja út fyrir það. Og þetta stendur þannig af sér, að ríkisstj. hefur það nokkuð í hendi sinni, að fyrirtækið geti komið þessu í kring á tiltölulega skömmum tíma, með því að stuðla að því, að það fé, sem lagt er til lagningar raflína og dreifingar rafmagns, verði aukið á þessum stað, því að það er vitanlega sá ráðh., sem þau mál heyra undir í ríkisstj., sem staðfestir eða samþykkir þær till., sem raforkuráð ber fram í hverju tilfelli, svoleiðis að ríkisstj. hefur þetta nokkuð í hendi sinni, hvað það tekur langan tíma fyrir Andakílsárvirkjunina að inna að fullu af hendi greiðslu á þeirri skuld, sem þar er komin við ríkið. Og ég vildi mjög vænta þess, að það þyrfti ekki að taka langan tíma að ljúka þessum greiðslum.

Ég vildi aðeins gefa þessar upplýsingar í sambandi við þennan sérstaka lið. Hins vegar má fullkomlega taka undir það, bæði með frsm. og fjmrh., að það þarf náttúrlega að gæta fullrar varúðar í sambandi við ábyrgðir af hálfu ríkisins, og það, sem hér hefur skeð í því efni, gefur náttúrlega meðal annars fullkomlega aðvörun um það.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Það var í sambandi við ræðu hæstv. fjmrh., sem ég vildi gefa nokkrar frekari upplýsingar í sambandi við viðskipti Stykkishólmshrepps við fjmrn. Það var skuld, sem myndaðist við ráðuneytið á þann hátt, að 1947 var stofnað hlutafélag í Stykkishólmi, sem keypti togara fyrir 1,2 millj. kr., og af þeirri upphæð tók ríkissjóður ábyrgð á 850 þús. kr. af kaupverði skipsins, og var sú ábyrgð tryggð með 1. veðrétti í skipinu. Ég vil aðeins gefa hv. þm. þær upplýsingar, að það er síður en svo, að þetta hlutafélag hafi ekki reynt að gera það, sem í þess valdi stóð, til þess að standa undir þessari skuldbindingu, því sem ríkissjóður hefur lagt út vegna þessarar ábyrgðar, bundið við kaupin á skipinu. En hinn mikli rekstrarhalli á skipinu 1947 og 48 hefur að mestu verið greiddur af hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, og svo hefur allt hlutaféð sömuleiðis verið afskrifað. Hér er því raunverulega um upphæð að ræða, sem ríkissjóður hefur lagt út vegna þessa hlutafélags, en ekki vegna Stykkishólmshrepps, og verður sjálfsagt að álíta, að það sé tryggt, þar sem ríkissjóður hefur 1. veðrétt í skipinu, sem kostaði 1200 þús. kr.

Ég vildi bara gefa hv. þm. þessar upplýsingar út af hinum sérstöku hugleiðingum hæstv. fjmrh. um, að það bæri að brýna mjög fyrir þeim aðilum, sem fengju slíkar ábyrgðir ríkissjóðs, að þeir reyndu eftir fyllstu getu að standa í skilum með sínar skuldbindingar. Ég tel, að þetta hlutafélag hafi gert allt, sem í þess valdi stóð, til þess að standa við skuldbindingar sínar og kannske miklu meira en það, og ég tel, að ríkissjóður þurfi ekki að óttast mikið tap vegna þessarar ábyrgðar, eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðh., enda þótt hann hafi orðið í bráð að leggja nokkurt fé út fyrir hlutafélagið.

Í sambandi við þá upphæð, sem talið er, að ríkissjóður hafi í árslok 1947 lagt út vegna rafveitu Stykkishólms, vil ég taka fram, að sú upphæð var greidd að fullu árið 1949. En eftir upplýsingum, sem ég hef nýlega fengið frá rn., þá mun Stykkishólmshreppur í dag skulda um 77 þús. kr. vegna ábyrgða, sem ríkissjóður er í fyrir rafveituna og vatnsveituna. En þess ber að gæta í sambandi við þessar greiðslur ríkissjóðs vegna Stykkishólmshrepps, að þá á þessi hreppur í raun og veru kröfur á hendur Alþ. og ríkissjóði um greiðslu til vatnsveitu Stykkishólmshrepps, sem mun vera álíka há og sú upphæð, sem Stykkishólmshreppur skuldar ríkissjóði. Svo að þegar Alþ. hefur samþ. fjárveitingu til hreppsins vegna vatnsveitu, sem hreppurinn á í rauninni kröfu á samkv. gildandi l., tel ég, að hreppurinn geti greitt að fullu þær upphæðir, sem ríkissjóður hefur lagt út vegna þessara fyrirtækja, sem sé vatnsveitunnar og rafveitunnar. — Ég vildi aðeins gefa hv. þm. upplýsingar um þetta efni, því það hefur orðið töluvert tíðrætt um það, fyrst frá hv. þm. V-Húnv. og nú í ræðu hæstv. fjmrh.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það hafa orðið nokkrar umræður, eins og raunar við mátti búast, út af því, sem ég sagði fyrr við umr., þar sem ég minntist á þær greiðslur, sem ríkissjóður hefur á undanförnum árum orðið að inna af höndum vegna ábyrgða. Mér þótti ástæða til að vekja athygli á þessu í sambandi við afgreiðslu ríkisreikningsins, ekki sízt fyrir það, að þess er ekki getið í aths. yfirskoðunarmannanna að þessu sinni. En eins og þessi reikningur ber með sér, þá hafa þessar greiðslur í árslok 1948 numið samtals um það bil 11,25 millj. kr. og voru komnar einu ári síðar í rúmlega 15 millj. kr., og er hér vitanlega um alvarlegt mál að ræða. Það hefur komið fram hér í ræðu hæstv. fjmrh., að rn. hefur gert ráðstafanir út af þessu máli og gert sér far um að fylgjast með þessu og afstýra tjóni fyrir ríkissjóð, eftir því sem unnt er, og tel ég ástæðu til að fagna því, að þar sé verið á verði í þessum efnum, eftir því sem hægt er, því að eins og hæstv. ráðh. gat um, er þess mikil þörf, meðal annars vegna þess, að svo getur farið, að vanskilamennirnir verði fleiri eftir því, sem tímar líða, ef ekki verður gert allt, sem unnt er, til þess að komast hjá greiðslum úr ríkissjóði vegna ábyrgða, en ábyrgðirnar í heild eru mjög miklar, og þarf því mjög vakandi eftirlit með þessu máli. Rn. þarf að vera mjög vel á verði um það að greiða ekki út upphæðir vegna ábyrgða, nema óhjákvæmilegt sé og eftir að hafa athugað það mál til hlítar, að viðkomandi skuldunautar séu ekki færir um að inna greiðslurnar af höndum á þeim tíma, þegar greiðslurnar eiga að fara fram, og einnig í öðru lagi að gera það, sem unnt er, til þess að tryggja endurgreiðslu á því fé, sem ríkissjóður verður að inna af höndum á vissum tíma vegna ábyrgða. Ég fagna því, að komið hefur fram í ræðu hæstv. ráðh. vilji fyrir því að koma þessu máli í viðunandi horf, til þess að afstýra þarna tapi fyrir ríkissjóð vegna ábyrgða, eftir því sem frekast er unnt. Og það var einmitt það, sem fyrir mér vakti með því að hreyfa þessu máli, að vekja menn til umhugsunar um það, hversu alvarlegt það væri, ef færu hækkandi greiðslur úr ríkissjóði vegna ábyrgða.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Áður en þessi ríkisreikningur fer hér út úr þessari hv. þd., þykir mér rétt að segja örfá orð, ekki sízt vegna þess, að hv. frsm. fjvn. flutti hér a. m. k. hálfrar klst. ræðu út af fylgihnetti þessa ríkisreiknings, fjáraukalögunum fyrir árið 1948, í hv. Sþ., og hefði þá, eftir því sem útlit var fyrir við þá umr., farið allur sá dagur í umr. um það mál, ef umr. hefði ekki verið frestað um málið. — Nú er það svo, eins og kunnugt er, að fjáraukalög fylgja hverjum ríkisreikningi, og er það orðið talið sjálfsagt, og hefur samþykkt þeirra laga ekki neina praktiska þýðingu, heldur er hún til þess að fylgja formi. En ríkisreikningurinn sker úr um það, hvernig farið hefur verið með fé af hálfu ríkisstj. á því ári, sem um er að ræða.

Ég hef nokkuð orðið þess var, að sumum mönnum finnst, að við yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins höfum verið nokkuð vægir í aths. út af þessum ríkisreikningi, enda er hann sá hæsti, sem nokkurn tíma hefur verið lagður fram hér á hæstv. Alþ. En fyrir því, að við höfum ekki gengið harðar að í aths. út af ríkisreikningnum, eru nokkuð margar ástæður, og ekki sízt sú, sem við höfum rekið okkur á, að á undanförnum árum hefur yfirleitt ekki verið gert neitt með aths. yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins hér á Alþ. Í öðru lagi eru þessir reikningar, eins og fleira, orðnir nokkuð á eftir áætlun. Í þriðja lagi er það, að sú ríkisstjórn, sem hlut á að máli og var ráðandi yfir þetta tímabil, sem reikningurinn fjallar um, er dauð sem slík — og svo er oftast, þegar ríkisreikningarnir eru afgr. hér á Alþ.

Aðalatriði í þessum ríkisreikningi eru þau, að umframgreiðslur umfram fjárlög eru nokkuð yfir 100 millj. kr., og skuldir hafa á þessu ári, sem reikningurinn tekur til, safnazt um 70 millj. kr. Það er því út af þessum reikningi nokkurt tilefni til athugasemda. Og þó ekki sé ástæða til að lengja þetta mál hér, vil ég víkja að einu atriði, sem gerði það að verkum, að ég kvaddi mér hljóðs. — Það hefur á undanförnum árum nokkrum sinnum verið kastað hnútum að okkur yfirskoðunarmönn-

um ríkisreikningsins fyrir það, hve við værum seint fyrir með okkar aths. Við höfum svarað þessu alltaf á undanförnum árum með því, sem eðlilegt er, að við gætum ekki hlaupið alveg á undan hinni umboðslegu endurskoðun. Nú höfum við þó gert það og birtum um það skýrslu, sem er í aths., sem ég geri ráð fyrir, að hv. alþm. hafi lesið. Þannig stendur þetta, samkv. þessari skýrslu, sem þar er prentuð, að það eru 154 stofnanir og starfsgreinar, sem heyra undir okkar yfirskoðun, og teljum við, að þá sé allt talið. Þegar við lukum yfirskoðun í nóvembermán. s. l., þá var umboðslega endurskoðunin búin um 79 stofnanir og starfsgreinar fyrir árið 1948. Í 8 stofnunum var endurskoðunin langt komin, en í 67 stofnunum og starfsgreinum var hún ókláruð, og í sumum þeirra lengra á eftir. Þetta sýnir það nokkurn veginn glöggt, að við höfum hér e. t. v. gengið lengra en okkur bar að gera. En það er nú gert samt, eins og ég hef tekið hér fram áður við annað tækifæri, í samráði við hæstv. fjmrh. að skila þessum aths., þó að svona sé ástatt.

Hv. fjhn. leggur nú til, að ríkisreikningurinn verði samþ., og væntanlega verður það gert. En ég tel — og við yfirskoðunarmennirnir höfum hvað eftir annað gert aths. og flutt fram áskoranir um það, — að það verði að koma á þetta öðru lagi heldur en nú er. Og ég neita því fyrir mig og mína samstarfsmenn, að þessi dráttur sé okkur að kenna.

Að öðru leyti skal ég ekki fara mörgum orðum um þennan reikning, enda þótt ástæða væri til þess, margra hluta vegna, bæði vegna þess, hver eyðslan hefur verið, og líka vegna þess, hvernig sum svörin hafa verið, sem við höfum fengið frá hæstv. ríkisstjórn.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 68. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 483, n. 702).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv. og borið það saman við ríkisreikninginn 1948. Eru allar tölur úr ríkisreikningnum rétt teknar upp í frv. og því ekkert við frv. að athuga í því efni. Enn fremur hefur nefndin kynnt sér aths. endurskoðenda við reikninginn sem og svör ráðh. og till. yfirskoðunarmanna, og óskar n. eftir nánari upplýsingum frá ráðh. um þær aths. endurskoðenda, sem þeir telja „til eftirbreytni" eða „athugunar framvegis". Ég sé ekki ástæðu til þess hér að rekja aths. endurskoðenda nákvæmlega, því að menn hafa fyrir sér ríkisreikninginn 1948 og geta lesið þar og kynnt sér athugasemdirnar, svör ráðh. og till. yfirskoðunarmanna. Ég skal þó aðeins drepa á, hvað það er, sem n. óskar sérstaklega nánari upplýsinga um. Það er þá fyrst í sambandi við 2. aths. endurskoðenda, sem er um það, að allmikið fé var óinnheimt af tekjum ríkissjóðs. Um þetta segja yfirskoðunarmenn: „Þess er að vænta, að alúð verði lögð við innheimtuna, og er aths. því til athugunar framvegis." Nú er það spurning n.: Hvað hefur verið gert af hálfu stj. til að bæta horfur í sambandi við innheimtu á tekjum ríkisins?

4. aths. endurskoðenda er viðvíkjandi útvarpinu, þar sem bent er á það, að það hafi notað allmiklu meira fé en gert var ráð fyrir á fjárlögum sama árs. Um þetta segja yfirskoðunarmenn sem ályktun: „Yfirskoðunarmenn telja, að stofnunum ríkisins beri að fara eftir fjárlögum til hins ýtrasta, og er athugasemdin til eftirbreytni framvegis." Nefndin óskar enn fremur upplýsinga um það, hvað lagazt hefur í þessu efni. — 5. aths. endurskoðenda er svo varðandi stjórnarráðið, en þar hafa umframgreiðslur numið um ½ millj. króna, eða 564.847,89 kr. Um þetta segja endurskoðendur: „Yfirskoðunarmenn telja, að ráðuneytinu beri að fara eftir ákvæðum fjárlaga, svo sem kostur er, og er aths. til eftirbreytni." Það er sama spurningin af hálfu nefndarinnar um þetta atriði og ég hef áður getið. Þá gerðu yfirskoðunarmenn aths. út af utanríkismálum, en til þeirra var veitt nokkru meira fé en áætlað hafði verið í fjárlögum, eða kr. 1.436.073,21 fram úr áætlun. Þeir segja svipað um þetta atriði og hin fyrri: „Þess er að vænta, að fyllsta hóf verði haft á greiðslum í þessu skyni, og er aths. til athugunar framvegis." — Sama er að segja um dómgæzlu og lögreglustjórn, að þar hafa umframgreiðslur numið um 1½ millj. króna, og hafa yfirskoðunarmenn svipuð ummæli um þau. Sama er að segja um 8. og 9. aths., sem er um ýmiss konar opinbert eftirlit. Greiðslur umfram fjárlögin hafa og verið þar miklar, og telja yfirskoðunarmenn, að það beri að halda sig við ákvæði fjárl. eins og framast er unnt, og er því aths. til eftirbreytni. — Út af 11. aths., sem er varðandi strandferðirnar, þá er þess óskað, að komið verði á heppilegra fyrirkomulagi á starfseminni, og er því aths. til athugunar framvegis. Þess er enn fremur vænzt, að upplýsingar fáist hér um það, hvað hefur verið unnið í þá átt, að lagfæring geti orðið í þessum efnum. Þá er það í sambandi við kennslumál, en þar hafa umframgreiðslur numið á árinu yfir 2 millj. króna. Yfirskoðunarmenn telja þessar auknu greiðslur athyglisverðar, og er aths. til athugunar framvegis. Ég geri ráð fyrir, að hér megi einkum um kenna, að greiðslur til þessara mála hafi ekki verið nægilega áætlaðar í fjárlögum, því að þessar greiðslur fara eftir lögum, og það er ekki gott að komast hjá að framfylgja þeim. — 14. aths. yfirskoðunarmanna er um nefndakostnað ríkisins. Þessar nefndir, sem oft hafa verið skipaðar til ýmiss konar hluta, hafa löngum verið mikill ásteytingarsteinn manna, og einkum hefur það verið mikið áhugamál þeirra, sem eru að byrja þátttöku sína í stjórnmálum, að slátra þess-

um nefndum. Og vitanlega er það eðlilegt, að óskað sé eftir því, að sem fæstar nefndir séu á launum, þótt auðvitað verði að hlíta því, er Alþingi ákveður svo um, að nefnd skuli sett til þessara og þessara starfa. Um þetta atriði segja yfirskoðunarmenn: „Yfirskoðunarmenn viðurkenna, að ekki sé með öllu unnt að komast hjá nefndaskipunum, en telja, að gæta beri meira hófs um greiðslur fyrir slík störf, og er aths. til athugunar framvegis." Þess er nú jafnframt óskað, að fá upplýsingar um það, hvað úr þessu svo kallaða nefndafargani hefur dregið. — Þá er 15. aths. endurskoðenda um það, að of mikið hafi verið gert að því að veita styrki til utanfara. Slíkt er auðvitað alltaf álitamál, en í gjaldeyrisvandræðum ber að sjálfsögðu að hafa alla gát í því efni. — Þá kvarta endurskoðendur yfir því í 16. aths., að reikningur fyrir áætlunarferðirnar til Hafnarfjarðar hafi ekki legið fyrir og telja það til athugunar við ríkisreikninginn 1949, og mundi þá verða nógur tími til að ræða það, er sá reikningur liggur fyrir Alþingi. — Þá er 17. aths. út af landhelgissjóði og bókfærslu landhelgissjóðs og ríkissjóðs, sem ber ekki saman. Um þetta segja yfirskoðunarmenn: „Rétt virðist, að ráðstafanir verði gerðar til breytingar á bókfærslufyrirkomulaginu. Er málið til athugunar framvegis." Mætti þá um það spyrja, hvort bókfærslufyrirkomulagi landhelgissjóðs hafi verið breytt til samræmingar við bókfærslufyrirkomulag ríkissjóðs.

Ég hef nú aðeins drepið á það, sem nefndin óskar eftir að fá skýringu á, um leið og ríkisreikningurinn er afgr. Þess ber þó að gæta, að yfirskoðunarmenn hafa ekki vísað neinum af sínum aths. til aðgerða Alþingis, og því hefur fjhn. ekki séð neina ástæðu til að gera nokkrar till. út af þessum aths., en leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Þess skal þó getið, að hv. 1. landsk. var ekki viðstaddur, er málið var afgr. af nefndinni, og er því ekkert vitað um afstöðu hans til þess.

Það er óneitanlegt, að Alþ. hefur ekki undanfarið tekið ríkisreikninginn og yfirleitt reikningsskil hæstv. ríkisstj. þeim tökum, sem mundi sennilega rétt vera. Yfirskoðunarmenn hafa t. d. oft vísað mörgum aths. til aðgerða Alþ., en það hefur engan árangur borið. Ég get í fljótu bragði ekki séð, hver ætti að hafa frumkvæðið að því, að Alþ. gerði ráðstafanir út af slíkum málum. Umframgreiðslur, sem ekki hafa sérstaka heimild á bak við sig í fjárlögum, eru venjulega settar á fjáraukalög, og ef ástæður eru til þess, að gerðar verði ráðstafanir út af reikningsskilum ríkisstj., þá virðist mér í raun og veru, að þær ráðstafanir ætti að gera í sambandi við afgreiðslu fjáraukalaganna, því að samþykkt á ríkisreikningnum er ekkert annað en staðfesting á þeim tölum, sem í honum eru, að þær séu réttar. En ef sú aðferð er ekki viðhöfð að gera ráðstafanir í sambandi við fjáraukalögin, þá sýnist mér, að það standi engum nær að bera fram till. um þetta efni en þeim yfirskoðunarmönnum, sem eiga sæti hér á Alþ., en það hafa þeir aldrei gert mér vitanlega. En á þetta þyrfti að komast betri skipan, og það verður að vera vitað, hverjum ber skylda til að ganga fram í þessum málum. Ég nefni þetta nú vegna afgreiðslu Alþ. á ríkisreikningi og fjáraukalögum í mörg ár og frá upphafi vega, en ekki vegna þess, að ríkisreikningurinn 1948 gefi sérstakt tilefni til að ræða um þessa hluti, því að eins og ég sagði áðan, hafa yfirskoðunarmenn ekki vísað neinu úr honum til aðgerða Alþ. Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta mál, en vænti svara frá hæstv. fjmrh., þótt hann kunni að standa illa að vígi að svara fyrir ríkisreikning þessa árs, þar sem hann var ekki fjmrh. þá. En Alþ. hefur ekki til annars að snúa sér í þessu efni.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vildi segja nokkur orð út af fyrirspurnum hv. frsm. fjhn. í sambandi við aths. endurskoðenda við ríkisreikninginn. Það er þá fyrst spurningin um það, hvað hafi verið gert til að bæta innheimtufyrirkomulag á tekjum ríkisins. Þessu atriði var svarað, þegar ríkisreikningurinn 1947 lá hér fyrir deildinni, en hv. frsm. mun þá hafa verið fjarverandi. En þá greindi ég frá því, að á síðasta ári voru gerðar ráðstafanir til að bæta innheimtuna á söluskatti með löggjöf, sem um þetta var sett. Það lítur því út fyrir, að sú löggjöf muni bæta innheimtuna, en þó er ekki komin nein reynd á það enn þá. Hins vegar verð ég að hryggja hv. þdm. með því að upplýsa, að innheimta á tekjuskatti og söluskatti hefur gengið heldur illa, þrátt fyrir það, að ég hef fylgt því hart eftir, að ekki verði slakað til í þessum efnum. Væntanlega mun þó nýja löggjöfin koma þarna til hjálpar. Um rekstur útvarpsins, stjórnarráðið, utanríkismálin, dómgæzlu og löggreglustjórn og opinbert eftirlit vil ég taka fram, að það hefur verið reynt að koma í veg fyrir umframgreiðslur á þessum greinum og öðrum á síðasta ári, og hefur það borið nokkurn árangur, en um það munu koma nánari upplýsingar eftir nokkra daga. Ég get ekki svarað öðru um þessi atriði en því, er ég nú hef gert. Ég geri ráð fyrir, að þessar umframgreiðslur hafi að einhverju leyti stafað af því, að menn hafi ekki áætlað rétt, hvað kostnaður við hina ýmsu starfsemi mundi verða. T. d. mundi þá umframgreiðslan til utanríkismála stafa að einhverju leyti af því, að menn hafa ekki gert sér nægilega ljóst, hvað þyrfti að ráða af fólki við utanríkisþjónustuna og hvaða stofnunum þyrfti að koma upp. Annars hafa ekki verið rannsökuð þessi atriði frá 1948 og get ég ekki farið lengra út í það.

Um strandferðirnar er það að segja, að þær eru reknar með 2 stórum skipum og 2 smærri, og er sýnilegur halli á rekstrinum á því ári, og er líklegt, að á s. l. ári sé hann meiri en gert var ráð fyrir á fjárlögum, en þetta mun verða reynt að lagfæra. Annars á skipaútgerðin í vök að verjast. Það er keppt við hana bæði á landi og í lofti, og er afleiðingin sú, að skipin fara sama sem farþegalaus í kringum landið. En menn vilja samt hafa ferðirnar, og verður Alþingi að gera upp við sig, hvort halda eigi uppi ferðum og hve miklu það vilji verja til þess.

Um nefndaskipanir skal ég geta þess, að reynt er að draga úr nefndum og n. hætta störfum og eru lagðar niður, en lítið er gert af að bæta nýjum nefndum við. En það er ómögulegt að komast hjá því að láta nefndir starfa að ýmsum verkefnum.

Varðandi það, að endurskoðendur vísa til aðgerða Alþingis, þá er ekkert við því að segja. Það er líklegt, að ef stjórnin, sem nú situr, væri sammála, gerði hún till. einnig að sinni till. En það

er ekki víst, að stjórnin sé á sama máli, og þá er ekkert við því að segja. Ef það er ekki þannig, er ekki von, að till. komi frá ráðh., og er ekki um annað að ræða en þetta detti dautt niður, eða endurskoðendur fái það tekið upp á Alþingi. Ef endurskoðendurnir eru ekki þingmenn, geta þeir fengið þingmenn til að taka málið upp á Alþingi.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er vegna þeirra aths., sem fram hafa komið, að ég ætla að segja nokkur orð. Er það þá fyrst viðvíkjandi utanríkismálum. Það er bent á í aths. endurskoðenda, að umframgreiðsla sé röskar 1400 þús. kr. Það er nú vakin athygli á því í svari ráðuneytisins, að þessi aths. fær ekki staðizt. Þarna er sleppt 500 þús. kr. lið, sem var talinn með í áætlun fjárlaga og kom fram, en var færður öðruvísi í ríkisreikningnum. Það kom fram við fyrri meðferð málsins, að mönnum var ljós sú skekkja, sem þarna var gerð. Bróðurparturinn af því, sem eftir er, er kostnaður við húsnæði handa sendiráðunum í London og París. Í London var, eins og kunnugt er, hús, sem þurfti stórkostlegra endurbóta við, og var ekkert áætlað á fjárlögum til þeirra endurbóta, en það var ekki hægt að láta það standa eins og það var. Hér er því í raun og veru ekki um rekstrarkostnað að ræða, heldur endurbót á eign. Svo er það húsnæði sendiráðsins í París. Þegar þátttaka okkar í Efnahagssamvinnustofnuninni varð eins mikil og raun bar vitni um, varð að auka starfskraftana í París og kaupa leigurétt til nokkuð margra ára. Var það óhjákvæmileg ráðstöfun og gert með samþykki ríkisstj. Enn fremur kemur fram, að margir tugir þúsunda, sem eru skrifaðir hjá utanríkisþjónustunni, tilheyra henni alls ekki. Það eru önnur ráðuneyti, sem hafa ráðstafað þessu, án nokkurs samþykkis, og kemur það henni ekki við. Loks kemur í ljós, að 75 þús. kr. hækkunin við sendiráðið í Moskva er vegna hækkunar á rúblunni, en sú gengisbreyting var ófyrirsjáanleg.

Þegar þetta allt er athugað, sjá menn, að þær umframgreiðslur, sem orðið hafa, eru í rauninni minni en þær sýnast. Það er ef til vill hægt að segja, að ekki hefði átt að ráðast í húsakaupin í París og London. Í París var það alveg óhjákvæmilegt, og í London lá húsið undir skemmdum, ef ekki hefði verið við það gert.

Svo er það varðandi aths. endurskoðenda um umframgreiðslu vegna dómgæzlu og lögreglustjórnar. Um það vildi ég segja, svo að vitað verði, hvað um er að ræða, að meiri hlutinn af þessari 800 þús. kr. umframgreiðslu kemur ekki dómgæzlunni við, heldur varðgæzlunni á sjó. Heyrir það undir annað ráðuneyti, en ekki dómsmrn. En þegar sagt er svona skýringalaust, að um umframgreiðslur sé að ræða, er það villandi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ástæðurnar fyrir því, að fjhn. þessarar deildar hefur óskað eftir umræðum um ríkisreikningana, eru tvær, — annars vegar af löngun til að fá bót á þessu fyrirkomulagi. Ef þetta á að haldast, er það sýnilegt, að eftir ár er þetta allt þýðingarlaust. Þá er þýðingarlaust að hafa nokkra fjvn. Það er sýnilegt, að fyrir árið 1948 eru greiðslur á annað hundrað millj. kr. fram hjá fjárlögum, alveg án heimilda. Frá mínu sjónarmiði er of mikið starf lagt í afgreiðslu fjárlaga á hverju ári. Það sitja 9 menn minnst 2—3 tíma á dag vikum saman og reyna að komast að samkomulagi, svo þegar búið er að koma fjárlögunum í gegnum Alþingi með mesta erfiði, virðast dyr vera opnar fyrir ríkisstj. til að nota fé takmarkalaust. Þetta á að athuga síðar meir, sumpart við afgreiðslu aukafjárlaga og sumpart í sambandi við ríkisreikninginn. En það þykir hótfyndni að vera að fást um þetta. Nú eru aðrir menn komnir að völdum og þá víst hinir úr ábyrgð, og þá á bara að samþykkja þetta möglunarlaust. Það er hægt að hafa þá aðferð að vísa málinu til aðgerða Alþingis, en það er bara þýðingarlaust. Það finnur enginn hjá sér hvöt til að gera neitt í þessu. Nú má segja, að hver einstakur þm. hafi rétt til að taka málið upp og bera fram breytingar á einstökum atriðum. En þetta er ekki mál einstakra þm., heldur mál allrar ríkisstj. Er þetta ekki sagt sem nein ásökun á ríkisstj. Þetta hefur verið í mörg ár svo, og er alls ekki sæmandi að láta þetta ganga svona lengur. Það hlýtur að veikja afstöðu og tilraunir fjvn. og fjárhagsráðs til að semja skynsamleg fjárlög, ef þetta á að festa rætur. Meðal annars er reynt að sjá um, að fjárlög séu ekki afgr. á annan hátt en að fengin sé full jöfnun á gróða og þau séu talin viturleg. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvaða trygging er frá Alþingi fyrir því, að ekki verði farið langt út fyrir þennan ramma. Er nokkur trygging fyrir því, að ekki komi stórfelldar greiðslur? Svo er aldrei gert neitt í þessu, því að viðkomandi menn eru á bak og burt og aðrir komnir í þeirra stað. Ef þessu fyrirkomulagi verður ekki breytt, er allt þetta til einskis. Vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann vildi beita sér fyrir því, að hér verði hafður á annar háttur.

Þetta er önnur ástæðan fyrir því, að fjvn. óskaði umræðna. Hin er sú, að svör ráðuneytanna eru alveg út í bláinn og varla sæmandi fyrir þau að láta slík svör fara frá sér. Þetta hefur verið rætt í n., og var ég að hugsa um að setja þetta á sérstakt nál., en gerði það ekki, því að ég gat alveg eins látið aths. koma hér fram. Hv. frsm. fór lítið út í þetta og ekki í að ræða athugasemdirnar, auk þess sem hann gekk fram hjá einu atriði.

Ætla ég þá fyrst að fara inn á aths. Þar gera endurskoðendur aths. við kostnað við rekstur útvarpsins. Hvernig svarar svo ráðuneytið? Þessu er svarað þannig, að útvarpsstjóri svarar. Nú vill svo til, að núv. fjmrh. fór þá með útvarpsmálin. Hvers vegna er útvarpsstjóri látinn svara? Hvers vegna ekki ráðuneytið? Það er ráðuneytið, sem á að bera ábyrgðina. Það er óviðeigandi og óhæft, að forstjóri fyrirtækisins, sem endurskoðendur eru að gagnrýna, sé látinn svara án aths. frá ráðuneytinu, að láta undirmann ráðuneytisins svara því, sem ráðun. ber ábyrgð á. Það er ekki að furða, þó að haldið sé áfram í þessu sukki, þegar þessir aðilar hafa ekkert aðhald úr ráðuneytinu. Mér er kunnugt um frá fjvn., að við höfum þann sið að kalla þessa menn til okkar, ræða við þá, óska eftir samvinnu og reyna að lækka gjöldin. Ég veit, að við erum taldir gagnrýnendur af þeim. En jafnskjótt sem þeir eru komnir út fyrir dyrnar í fjvn., finnst þeim þeir vera komnir í skjól ráðuneytisins og geta haldið sukkinu áfram. — Þetta sýnir sig

bezt, ef við athugum svörin. Í nr. 5 er aths. við kostnað stjórnarráðs. Er bent á, að eytt hafi verið fram yfir fjárlög nærri 565 þús. kr. Hvert er svar ráðun. við þessu? Svar ráðun. er, að þetta gefi ekki tilefni til svars. Ég verð að segja, að ef notuð er meira en ½ millj. kr. umfram fjárlög og sagt, að það gefi ekki tilefni til svars, er ekki von, að hægt sé að laga þetta mál. Hver einasti starfsmaður sér, að í þessu svari er lögð blessun ráðun. yfir allt sukkið, sem — ég segi ekki að þurfi að vera, — en kann að vera þar. Þá er ekki von, að spyrnt sé við fótum. Ég er ekki með ásökun um, að hægt sé að komast af með minni greiðslur, en ráðun. gerir ekki tilraun til að athuga það. Það ættu að koma fram skýringar eins og frá hæstv. dómsmrh. við aths. nr. 6. En slíkar skýringar er ekki komið með, heldur leggja ráðun. blæju blessunarinnar yfir eyðslu fyrirtækisins og kalla þannig fram áframhaldandi eyðslu. Frsm. gerði aths. við nr. 6. Verð ég að segja, að svör hæstv. dómsmrh. skýrðu, hvers vegna kostnaður hefði farið fram úr áætlun, en svörin við nr. 5 er ekki hægt að taka gild.

Þá ætla ég að snúa mér að nr. 7, en það er aths. við dómgæzlu og lögreglustjórn. Hæstv. dómsmrh. hefur gefið skýringu á þessu, en í landsreikningnum kemur fram, að þetta gefi ekki tilefni til svars, en hæstv. dómsmrh. skýrði frá því, af hverju umframgreiðslan stafaði. En ef þetta svar, að aths. gefi ekki tilefni til svars, hefði farið til endurskoðenda, hefðu þeir eflaust tekið það til greina, svo vaða þeir í sömu villu eftir sem áður, þar sem ekki er gefið upp, hvers vegna greiðslur fara fram úr áætlun. Nú hefur það verið upplýst af hæstv. dómsmrh., að þetta stafi af sukki og eyðslu hjá strandferðaskipunum. Væri ekki hægt að gera ráðstafanir til að athuga, hvort koma á athugun á rekstri strandferðaskipanna og strandgæzlunnar og reka á annan hátt? Þetta er ekki sagt sem ádeila á neina stofnun, heldur væri það heppilegt fyrir alla aðila. Mér skilst, að þessi athugun hafi verið stöðvuð, og furða ég mig ekki á því, þar sem þetta gefur ekki tilefni til svars, eftir því sem stendur við athugasemdina.

Í nr. 9 er talað um, að fjárhagsráð hafi farið um 1½ millj. kr. fram úr áætlun. Hverju er þessu svarað? Með nokkrum línum frá fjárhagsráði sjálfu, en ekki frá ríkisstj. Það væri gaman að fletta upp og sjá, hvað endurskoðendurnir segja. Jú, þeir segja, að þetta sé ágætt til eftirbreytni framvegis. Þessi virðulega og ástkæra stofnun, sem þjóðin hefur elskað frá byrjun og elskar sjálfsagt enn! En þetta er alvarlegt mál og ekki til að hlæja að. Þetta eru fjármál þjóðarinnar, fjöregg þjóðarinnar. Það hefur aldrei verið hugsað, að ríkissjóður bæri einnar krónu kostnað af þessari stofnun. Mig undrar — og ég trúi ekki fyrr en ég tek á, — að gjöldin séu 3½ millj., en tekjur 2 millj. Það hefur ávallt verið ætlað, að stofnunin standi sjálf undir sér, og hefur hún ekki heimild til að taka krónu úr ríkissjóði. Nú hefur hún tekið 1½ millj. kr. og ríkisstj. virðir endurskoðendur ekki svars. Er stofnuninni gefið ákveðið vald til að svara út í hött í þessu máli?

Þá kem ég hér að 12. aths., sem er um fjárveitingu til kirkjumála. Þar hefur verið varið kr. 4.129.552,30, sem er 855.002,30 kr. umfram það, sem veitt var til þessara mála á fjárlögum. Hverju svarar svo hæstv. ríkisstjórn þessu? „Gefur ekki tilefni til svars.“ Gefur ekki tilefni til svars! Ég hygg, að þessi hæstv. ráðh. hafi þá farið með þessi mál. Ég veit ekki, hvort hann hefur samið svarið, en hann hefur haft þá skoðun, að heimilt væri að eyða þarna tæpri millj. umfram fjárlög, athugasemdalaust og án þess að gera Alþ. nokkra grein fyrir því. Síðan segja yfirskoðunarmenn: „Verður við svo búið að standa.“ Þeim er ljóst, að það verður ekki komið fram ábyrgð á hendur ráðh. síðar meir.

Svo er það 11. aths., sem er um strandferðirnar. Þar er önnur umframgreiðsla, sem nemur kr. 1.674.838,99. Til þeirra hefur alls verið varið kr. 4.565.326,63, og er það kr. 2.165.326,63 umfram fjárlög. Þessu svarar ríkisstj. ekki neinu öðru en því, að hún tekur upp svar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins við aths., en sjálf ríkisstj. hefur ekkert um málið að segja. Með þessu er ríkisstj. raunverulega að leggja blessun sína yfir það fjármálasukk, sem á sér stað í þessari stofnun. Nú sagði hæstv. ráðh. áðan, að þetta kæmi til af því, — þ. e. tapið af strandferðunum, — að það væri svo mikil samkeppni við bílana og flugfélögin, það væri meginástæðan fyrir þessu tapi. Nú vil ég spyrja, ef þetta er rétt, hvort ekki sé ástæða til að láta fara fram verulega athugun á rekstri þessarar stofnunar, ekki til þess að leita að einhverjum smávægilegum misfellum eða gá að, hvort eitt eða annað hefði mátt fara betur á undanförnum árum, — það er aukaatriði, — heldur til að koma sér niður á, hvort ekki sé hægt að reka þessi mál á annan og hagkvæmari hátt, svo að ekki þurfi að eyða stórfelldu fé til að greiða halla á rekstrinum á hverju einasta ári. Hæstv. ráðh. sagði, og það kemur einnig fram í svari forstjóra Skipaútgerðarinnar, að þeir fái minni greiðslu af matvörum og öðrum vörum en önnur skipafélög, en það fæst ekkert upplýst, hverju þetta nemur, en það hafa þó endurskoðendurnir spurt sérstaklega um, en þeir fá ekkert svar. Það er aðeins sagt, að um mörg ár hafi strandferðaskipin orðið að flytja fyrir miklu lægra verð fyrir önnur skipafélög, líklega S. Í. S., en það er ekkert sagt um, hve miklu þessi upphæð nemur, sem þarf hér að gefa eftir.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Þykir honum ekki eðlilegt, að gefnu tilefni frá Alþ., að nánari athugun verði látin fara fram á þessum málum öllum, athugun á, hvort ekki sé hægt að reka Skipaútgerðina og strandgæzluna á annan og hagkvæmari hátt en gert er, og hvaða raunverulegar ástæður liggi fyrir þessu? Ég get bent á, að á hverju ári höfum við fengið upplýst, að á uppskipun í Reykjavík hafi verið 400—500 þús. kr. rekstrarhalli á hverju ári. Er útilokað, að hægt sé að koma þessu máli svo fyrir, að þessi halli geti horfið? Mér er kunnugt um, að upp- og útskipun annars staðar á landinu er ekki rekin með neinum halla. Þar eru það einstaklingar, sem taka þetta að sér, og þeir mundu ekki hafa það ár eftir ár, ef það væri rekið með tapi. Það hefur meira að segja þótt svo góður atvinnuvegur, að það hefur verið gerð tilraun til þess af Alþingi að tryggja ákveðnu bæjarfélagi rétt til að hafa upp- og útskipun á hendi, meðan það sjálft greiðir halla af því í sjálfri höfuðborginni. Það er eitthvað bogið við slíkt fyrir-

komulag. Það er ekki hægt að taka afsökun þeirra manna, sem svona stjórna, gilda í alvöru. Ég vil því mjög óska þess, að hæstv. ráðh. lýsi hér yfir, að hann vilji stuðla að því, að athugun fari fram á rekstri Skipaútgerðar ríkisins og landhelgisskipanna á þeim grundvelli, hvort ekki sé hægt að láta starfræksluna halda áfram með minni útgjöldum, t. d. með því að skapa samvinnu milli þeirra aðila, sem hafa svo erfiða samkeppni og baka útgerðinni stórfellt tjón.

Ég vil leyfa mér að upplýsa, að eins og hæstv. ráðh. minnist, var skipuð hér árið 1943 milliþinganefnd til að skipuleggja strandferðirnar. Í þeirri nefnd var fullt samkomulag, og áætlun lá fyrir um, að ef Skipaútgerðin fengi þann skipakost, sem hún óskaði eftir, væri hægt að láta þá smábáta, sem hún hafði á sínum vegum, hverfa. Ég veit, að þær tekjur, sem þar voru lagðar til grundvallar, hafa aukizt, þó að gjöldin hafi auðvitað aukizt líka. En allar þessar vonir hafa brugðizt, skipaútgerðin hefur fengið þann skipastól, sem hún taldist þurfa, en rekstrartapið hefur aukizt. Það þarf því að rannsaka þessi mál til þess að sjá, hvort ekki sé hægt að koma betra rekstrarfyrirkomulagi á. Annað aðalskipið hefur verið tekið og sett í millilandasiglingar mikinn hluta ársins. Það hefur ekkert verið gefið upp um, hvort þær millilandasiglingar hafa borgað sig, hvort þetta er sérrekstur, né neitt annað í því sambandi. Þetta þyrfti einnig að rannsaka. Ég vildi því, að hæstv. ráðh. lýsti hér yfir, að hann vildi stuðla að því, að þetta yrði gert.

Næst kemur 13. ath., sem er um kostnað við kennslumál. Þar var áætlunin kr. 27.355.313,00, en kostnaðurinn varð kr. 29.517.489,84, en ríkisstj. svarar: „Gefur ekki tilefni til svars.“ Það gefur ekki tilefni til, að endurskoðendum sé svarað, hvernig 2½ millj. hefur verið eytt.

19. ath. Það er einmitt sá kaflinn, sem hv. frsm. gekk fram hjá, annaðhvort viljandi eða af því, að hann hefur veigrað sér við að ræða um það. Ég vil athuga það dálítið nánar. (**BSt:** Það er hvorki „til eftirbreytni“ né „athugunar framvegis“.) — Aths. 19 hljóðar svo, með leyfi forseta:

„J. P. og S. Á. Ó. gera svofellda aths. um stofnun bús í Skálholti:

Á árinu 1948 hefur verið stofnað ríkisbú í Skálholti. Stofnkostnaður í árslok nam kr. 310.323,95. — Rekstrarkostnaður á árinu hefur orðið, að meðtöldum greiðslum til framkvæmdastjóra Skálholtsnefndar (H.G.) og nefndarinnar sjálfrar samtals kr. 84.696,09. — Kaup framkvæmdastjóra (H.G.) er kr. 24.000,00. — Kaup bústjóra og verkafólks hefur numið samtals á árinu kr. 22.191,50. Var nokkur nauðsyn að stofna þetta bú, áður en búnaðarskólinn tók til starfa?“

Og í sambandi við 20. aths. kemst hv. fyrri þm. Árn. jafnvel ekki hjá að gera aths. við þessi mál. Hann segir svo:

„J. B. vill taka fram eftirfarandi:

Eftir að stofnað var til búreksturs í Skálholti á vegum ríkisins hefur ríkisbókhaldinu engin skilagrein borizt um þann rekstur. — Það fé, sem greitt hefur verið úr ríkissjóði til starfseminnar í Skálholti, hefur verið ávísað og fært sem stofnkostnaður bændaskólans í Skálholti.

Öllum ríkisstofnunum ber að senda ríkisbókhaldinu skilagrein yfir, hvernig fé ríkisins er varið, og er þetta fyrirkomulag, sem hér hefur átt sér stað, aðfinnsluvert.

Þá sýnist og ekki vert að færa þá fjármuni, er varið er úr ríkissjóði til búrekstursins, sem stofnkostnað hins nýja skóla.

Óskað er eftir, að ráðin verði bót á þessu framvegis.“

Ég verð að segja, að það verða víst mörg ár þangað til Skálholtsskóli kemst upp, ef öllu því fé, sem til hans er veitt, er varið til að bæta upp rekstrartap á búinu í Skálholti. Ég veit ekki, hvað hv. 2. þm. Árn. segði, ef hann sæti á þingi og fengi upplýst, að öll hans barátta fyrir Skálholtsskóla hefur farið í tóma vitleysu við búrekstur þar. Hann er sannarlega heppinn að vera fjarverandi til að þurfa ekki að líða þær þrautir, sem því hefðu verið samfara að hlýða á þetta.

Ráðuneytið svarar þessum aths. svo þannig, fyrst varðandi 19. aths.:

„Landbúnaðarráðuneytið svarar þessari aths. þannig:

„Á undanförnum árum hefur kostnaður við Skálholtsnefnd og framkvæmdir þær, er nefndin hefur látið gera í Skálholti, ávallt verið greiddur af fé því, sem á fjárlögum hefur verið ætlað til Skálholtsskóla. Hefur nefndinni verið ávísað fénu, en hún gert grein fyrir notkun þess með reikningum, er hún hefur lagt fram árlega. Hefur nefndin ávallt afhent reikningana í tvíriti og hefur ráðuneytið afhent endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins annað eintakið.

Er keyptar voru eignir Jörundar Brynjólfssonar í Skálholti fyrir kr. 173.700,00, voru þær ekki greiddar af fé því, sem veitt var til Skálholtsskóla, en í þess stað voru þær látnar bætast við jarðeignir ríkisins, en til þeirra taldist Skálholt áður. Var hið keypta fært þar til eignar með fasteignamatsverði, kr. 28.600,00“.“

Hér er þá upplýst, að það hefur hent hæstv. ráðh. Framsfl. á sínum tíma að kaupa eign fyrir kr. 173.700,00, sem virt er í fasteignamati á kr. 28.600,00. Það er eitthvað annað en sú afstaða þess flokks nú, er hann hefur tekið til slíkra kaupa, en þm. hans hafa verið með alls konar persónulegar svívirðingar á mig, — þeir ættu að kynna sér, hvernig þeir hafa farið með þessi mál á kostnað ríkissjóðs, eytt fé hans óleyfilega til þessa, en það er víst allt í lagi.

Í svarinu við 19. aths. segir enn fremur:

„Á fundi Skálholtsnefndar, sem haldinn var 11. maí 1948, fól landbrh. Skálholtsnefndinni að reka bú í Skálholti, er jörðin losnaði úr ábúð Jörundar Brynjólfssonar í fardögum á því sama vori.“ (Hvers vegna er ekki sagt rétt frá? Það vita allir, að Jörundur var keyptur af jörðinni.) „Ráðherrann beindi því til n. að hafa það sem höfuðsjónarmið við væntanlegan búskap í Skálholti, að reka þarna svo alhliða búskap sem kostur væri á, vanda sem mest val á búpeningi, svo að væri ofan meðallags, bæta húsakost, ræktun og umgengni þannig, að allt þetta mætti vera samboðið þessum merka sögustað. Enn fremur benti ráðherrann á, að nefndin þyrfti að hafa hugfast, að búið þyrfti að vera orðið það fullkomið, er bændaskólinn yrði reistur í Skálholti, að það gæti talizt gott kennslutæki í verklegri fræðslu við skólann.

Búið í Skálholti var selt á leigu frá því í fardögum 1950, og er því eigi lengur um búrekstur á vegum ríkisins á staðnum að ræða.“

Þetta eru deilurnar um Skálholt. Þar hefur verið eytt stórkostlegu fé til þess að bæta sams konar fjárstofn og varið er milljónum til þess að skera niður annars staðar. — Ráðh. hefur gengið út; hann hefur ekki þolað að hlusta á þessar umræður. — Að hugsa sér að fara þannig með fé ríkissjóðs, að leyfa sér að taka í óleyfi það fé, sem verja á til að byggja fyrir skóla, og kaupa fyrir það bústofn, sem vitað er, að skera á niður á næstu árum, og láta það standa undir búrekstrartapi. Þarna er sannarlega gengið lengra en nokkur ráðh. hefur áður gengið. Það ætti að kalla hann til ábyrgðar um meðferð á fé ríkissjóðs, ef hægt væri.

Ráðh. segir enn fremur í sambandi við 20. aths.: „Athugasemdin er að nokkru svar við næstu athugasemd á undan. — Það er rétt að finna að því, að reikningar Skálholtsnefndar hafa ekki verið sendir ríkisbókhaldinu, en hins vegar hafa þeir árlega verið afhentir landbúnaðarráðuneytinu og endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.“

Svo að landbúnaðarráðuneytið hefur átt að hafa endurskoðun á sínum eigin gerðum!

Enn segir: „Í athugasemdinni er bent á, að ekki sýnist vert að færa fjármuni þá, er varið er úr ríkissjóði til búreksturs í Skálholti, sem stofnkostnað hins nýja skóla. — Færslur þessar eru gerðar samkv. fyrirmælum hlutaðeigandi ráðherra. Telur ráðuneytið, að þær séu í samræmi við þá ákvörðun um búrekstur í Skálholti, sem getið er hér að framan í sambandi við aths. 19. Ef það taldist nauðsyn að efna til búreksturs í Skálholti þá þegar, vegna stofnunar skólans, jafnvel þótt skólahald drægist nokkuð, verður að teljast eðlilegt, að kostnaður við þá framkvæmd sé greiddur af fé því, sem ætlað er til stofnunar skólans.“ — Sannleikurinn er sá, að Alþ. hefur aldrei tekið neina ákvörðun um, að það ætti að byrja búrekstur í Skálholti áður en skóli verður settur þar upp. — „Hins vegar telur ráðuneytið, að betur hefði farið frá upphafi að skipta útgjöldum varðandi undirbúning stofnunar skóla í Skálholti þannig, að það eitt hefði verið fært sem stofnkostnaður, er telja má eign skólans til frambúðar, en nefndarkostnaður, rekstrarhalli á búi o. fl. hefði verið fært á annan hátt.“ — Það er mikið, að ráðuneytið kemur auga á þetta, en það er líklega af því, að það er kominn annar ráðherra. — „Með því að nota af fé því, sem veitt var í fjárlögum til bændaskóla í Skálholti, til að greiða hinn margvíslega undirbúning að skólastofnun, sem fram hefur farið, var ekki tekin nein ákvörðun um að telja þær framkvæmdir allar og tilkostnað til stofnkostnaðar. Að svo hefur orðið, stafar eingöngu af þeim mistökum, að ríkisbókhaldinu hefur ekki verið látin í té árlega skýrsla um notkun fjárins í einstökum atriðum.“

M. ö. o., þetta svar hæstv. ráðh. gefur tilefni til að halda, að viðkomandi þáv. ráðherra hafi af ásettu ráði falið þessa reikninga fyrir ríkisbókhaldinu, svo að ekki væri hægt að stöðva þetta óhóflega fjármálasukk, og það er þetta, sem hér hefur verið gert af viðkomandi landbúnaðarráðuneyti.

Alls hafa verið veittar til Skálholtsskóla kr. 1.925.000,00. Nú vildi ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hve miklu af þessu er búið að eyða í sukk í sambandi við þennan búskap? Alþ. á heimtingu á að fá að vita, hve mikið af þessari upphæð, kr. 1.925.000,00, sem búið er að veita á fjárlögum, er til. Skólann er ekki farið að reisa. Það vita allir menn. Mér þótti full ástæða til að láta þessi mál koma til umræðu við afgreiðslu landsreikningsins. Ég fullyrði, að það hefur ekki verið nein heimild fyrir ráðuneytið til að taka þetta fé, sem um getur í 20. gr. og veitt er til skólabyggingar, og eyða því í alls konar sukk í Skálholti.

Þær aths., sem ég hef minnzt á, eru þess eðlis, að það er ekki von, að neinn maður vilji koma með tillögur eða halda uppi baráttu til úrbóta, meðan þær mæta ekki meiri skilningi en þetta frá ráðuneytinu. Fyrsta skilyrðið til að koma þessu í horf er, að hæstv. ríkisstj. taki upp aðrar aðferðir, og ég vona, að hún beiti sér fyrir því, að málin verði ekki höfð framvegis eins og hingað til. Ég er ekki að kenna neinum sérstökum ráðh. um þetta. Þessi svör koma frá hinum ýmsu ráðuneytum og virðist hafa verið sameiginleg skoðun þeirra, þetta er því ekki ásökun á einn frekar en annan, en ef hafa á nokkur tök á fjárlagaafgreiðslunni annars vegar og fjármálum ríkisins hins vegar, þá á ekki að hafa sama hátt á og verið hefur.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég ætla að byrja á síðasta atriðinu, sem hv. þm. minntist á, þ. e. 19.—20. aths. Endurskoðunarmenn gera þar aths. um, að kostnaður við að koma upp búi í Skálholti eftir að Jörundur Brynjólfsson fluttist þaðan, sé færður á reikning Skálholtsskóla. Fyrir þessu er gerð grein í svarinu, þar sem segir, að þarna eigi að reka alhliða búskap og koma á fót góðu búi, sem geti orðið skólabú. Þetta er sem sé rökstutt, og mér finnst svarið gefa tæmandi upplýsingar um afstöðu landbúnaðarráðuneytisins í þessu efni. Hitt er annað mál, að menn getur greint á um, hvort þarna hafi átt að setja á stofn búskap, og um það er ég ekki dómbær, en mér sýnist, að það hafi verið óhjákvæmilegt að koma þarna á fót búskap, sem gæti orðið samboðinn skólanum. Ég hef hér ekki á reiðum höndum svar við því, hve miklu fé hefur verið varið til að koma þarna búi á fót, ég hafði ekki hugmynd um, að þessi fyrirspurn mundi koma, það getur vel verið, að það hafi verið varið til þess meira fé en er á ríkisreikningnum 1948, en í honum stendur, hve miklu fé búið var þá að verja til þess, en það er sjálfsagt, að ég upplýsi það seinna, ef hv. þm. hafa áhuga á því. Hv. þm. Barð. gerðist nokkuð harðorður í sambandi við þetta og sagði, að þessu „sukki“ hefði verið leynt með því að fella reikningana ekki strax inn í ríkisbókhaldið. Ég get ekki séð neina afsökun fyrir þessum stóru orðum hv. þm. Það hefur verið farið hér öðruvísi að en á að gera, það á að senda slíka reikninga inn í ríkisbókhaldið, en það gefur ekki tilefni til að viðhafa slík stóryrði og hv. þm. hafði. Reikningur, sem kemst í endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, kemst í bókhaldið. Mér skilst, að hér hafi verið um að kenna ókunnugleik þeirrar nefndar, sem gerði reikningana, á, hver hin rétta boðleið er, en annað hafi ekki gerzt.

Hv. þm. sagði, að óleyfilegu fé hafi verið varið

til að kaupa eignirnar í Skálholti, og varð þá einnig stóroröur, en ég vil benda hv. þm. á, að þetta er byggt á misskilningi hjá honum. Skálholt var ákveðið í lögum sem skólastaður, og þaðan þurfti ábúandinn að víkja. Þegar fráfarandi fer frá jörð, á hann heimtingu á, að eignir hans á jörðinni séu keyptar af eiganda hennar, ef þær eru ekki keyptar af öðrum. Nú vildi ríkið nota jörðina sjálft, og þá varð það að kaupa þessar eignir eftir mati, svo að hv. þm. hefur talað af sér í þessu sambandi, og ég veit, að hann sér þetta, þegar honum er bent á það.

Þá kem ég að öðrum aths. Ýmislegt af því, sem hv. þm. sagði, finnst mér hafa við rök að styðjast, en ég vil benda honum á, að athugasemdirnar, margar hverjar, eru lélegar. Svörin eru reyndar léleg líka, — það fer hvort eftir öðru. Flestar aths. eru þannig, að svo og svo miklu hafi verið eytt fram yfir fjárlög. Þetta er það, sem allir sjá, sem lesa reikningana, það er sagt, að þetta fé hafi verið notað svona og svona, og svo er spurt: Hver er ástæðan? — Hvað á ráðuneytið að gera, þegar það fær aths. eins og þá, sem þarna er um kennslumálin, og á ríkisreikningnum eru hundruð undirliðir? Ég tek það fram, þó að það skipti engu máli í þessu sambandi, að ég var menntmrh. og kirkjumrh. 1948, og þá voru þessi svör ráðun. ekki borin undir mig, heldur voru þau gerð af ráðuneytinu nú fyrir jólin. Ég játa, að ég stúderaði ekki, hvernig þessi svör eru vaxin. Ég bjóst við, að þau væru sómasamleg. En ég veit ekki, hvort á að lá menntmrn., þó að það svari aths. eins og ég sagði áðan, að hún gæfi ekki tilefni til svars. Það getur verið, að það hefði verið réttara fyrir ráðun. að skýra nánar, hverjar umframgreiðslurnar voru. Mér finnst þessi svör ófullkomin, en aths. er líka þannig, að það er ekki hægt að svara þeim nema hálfgert út í hött. Ég veit, að hv. þm. Barð. er mér sammála um það, þó að hann kysi heldur að draga fram gallana á svörunum. Það var ekki óeðlilegt frá hans sjónarmiði, þó að hann legði áherzlu á það í sinni ræðu.

Við 5. gr., þar sem umframgreiðslur eru kr. 564.847,89, er aths. „gefur ekki tilefni til svars". Hv. þm. finnst þetta lélegt svar. En athugum nú, hvernig þetta liggur fyrir. Endurskoðendurnir vita, hver kostnaðurinn er, og í stað þess að gagnrýna einstaka liði, þá segja þeir bara, hvað umframgreiðslurnar eru samtals. Hvernig á nú að svara þessu? Það eru 6 ráðun., sem hlut eiga að máli, og mörg hundruð undirliðir, og aths. um þetta er bara, að samtals séu umframgreiðslur þessar. Endurskoðendurnir þurfa ekki að gera grein fyrir því, hverjar af umframgreiðslunum hafa verið óumflýjanlegar. Og mér finnst það nokkurt vorkunnarmál, þó að svörin hafi orðið á þessa lund, því að ég sé ekki, hvernig hægt var að svara þessu öðruvísi.

Um aths. við fjárhagsráð er það að segja, að þeim er svarað af fjárhagsráði sjálfu. Fjárhagsráð bendir á, að þessi kostnaður hafi reynzt eins og hann var áætlaður fyrir fram, en sú áætlun var ekki tekin til greina. Þegar aðilar svara sjálfir, eins og fjárhagsráð, og engin aths. fylgir til viðbótar frá ráðun., þá verður að líta svo á, að ráðun. hafi engu við að bæta. Ef ráðun. hefur annað um þetta að segja, þá á það að taka það fram, annars verður að líta svo á, að ráðun. taki gildar þær ástæður, sem forstöðumenn greina frá. Í þessu tilfelli lítur það svo út, að það hafi ekki verið hægt að komast hjá því að hafa kostnaðinn eins og hann var.

Hv. þm. ræddi nokkuð strandferðirnar í þessu sambandi. Ég vil benda honum á, að strandferðakostnaðurinn hefur farið minnkandi, og ber það ekki vott um, að illa sé haldið á þeim málum, heldur hið gagnstæða. En það mun vera vegna þess, að Alþ. og ríkisstj. hafa lagt til tvö ágæt skip, sem reynzt hafa vel, og í þessu hafa menn notið framsýni góðra tillagna frá forstöðumanni stofnunarinnar. En það er sjálfsagt að athuga, hvort ekki er hægt að koma þessu enn betur fyrir, og eru sjálfsagt stjórnin og forstöðumaður sífellt að athuga það. En ég sé ekki, að sérstök ástæða sé til að rannsaka þann rekstur umfram það, sem gert er, nema síður væri. — Ég held, að ég hafi minnzt á höfuðatriði í ræðu hv. þm. Ég mun reyna, í samráði við mína starfsmenn og stjórn, að vinna að því að laga þessi mál. Árangurinn verður að sýna sig, þegar þar að kemur.

Það er tvennt, sem þarf til þess að koma á samræmi milli fjárl. og landsreiknings. Annað er, að undirbúningur fjárl. sé góður og nákvæmlega upplýst, hvað þarf að greiða og ekki verður hægt að komast hjá að greiða, og taka það til greina. Menn kinoka sér við að taka á fjárl. það, sem fyrirsjáanlegt er, að þarf að greiða. — Hitt er það, að gera ekki nýjar ákvarðanir um greiðslur utan fjárl., nema ekki sé hægt með nokkru móti að komast hjá því, þar til ný fjárl. yrðu gerð. Vinna að því með atorku, að hver starfsgrein fáist til þess að leggja sig fram með að fara ekki fram úr fjárl. Þessu er ekki hægt að koma í kring, nema með miklum fortölum og samvinnu milli allra ráðuneytanna og embættismanna. Til þess að þetta geti orðið framkvæmanlegt, þarf beinlínis að fá nýjan anda í þetta allt, ef það á að heppnast.

Ég verð að segja það, að mínir samstarfsmenn í ríkisstj. hafa verið skilningsgóðir í þessum efnum. Ég hef ekki heldur yfir embættismönnunum að kvarta í þessu sambandi, og ég vil undirstrika það, að mér finnst vera löngun hjá þeim til þess að bæta úr, einmitt í þessari grein, frá því á undanförnum árum.

Ég vil svo fara þess á leit við hæstv. forseta, að þessari umr. verði frestað.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þeirri aths., sem hv. þm. Barð. gerði við mína framsögu. Hann taldi, að ég hefði veigrað mér við að minnast á 19. og 20. aths. í ríkisreikningunum, og átti það víst að vera vegna þess, að þær aths. kæmu einhverjum þeim illa, sem mér væri annt um, því að ekki gæti þessi aths. snert mig persónulega á neinn hátt.

Þetta er nú misskilningur hjá hv. þm., því að ég talaði hér eingöngu fyrir n. hönd. Og það, sem n. fól mér að gera, stendur í nál., sem hv. þm. Barð. hefur sjálfur skrifað undir. — Í 2. málsgr. nál. stendur: „Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Hins vegar óskar hún eftir upplýsingum frá ráðh. í sambandi við þær aths. endurskoðenda, sem þeir telja „til eftirbreytni" eða „at-

hugunar framvegis"." — Í sambandi við þessi orð í nál. minntist ég eingöngu á þær aths. endurskoðenda, sem þeir að fengnum svörum ráðh. telja til eftirbreytni eða athugunar framvegis. En ályktun yfirskoðunarmanna út af 19. og 20. aths. er á þá leið: „Verður við svo búið að standa." — Ég taldi það ekki mitt hlutverk sem frsm. n. að ræða sérstaklega um þessa aths. Ég mundi vel eftir því, að hv. þm. Barð. hreyfði því í n., að honum þættu svörin við þessari aths. ófullnægjandi, en svona er þetta í nál. — Ég skal nú játa það, að mig brestur þekkingu á þessu Skálholtsmáli, til þess að ganga inn á það efnislega. Sumt af því, sem hv. þm. Barð. sagði um þetta mál, fannst mér nú nokkuð hart að orði kveðið og dálítið vafasamt, en vitanlega talaði hv. þm. frá eigin brjósti, en ekki fyrir hönd n., enda vil ég ekki, að það sé skilið svo, að allt, sem hv. þm. sagði um þetta, hafi verið frá n. hendi sagt. Ég skal aðeins benda á eitt atriði, þar sem hann minntist á kaupverð og fasteignamatsverð, að það muni æði miklu á því. Ég held, að það sé venjulegt, að það muni miklu á fasteignamatsverði og kaupverði og meira en um er að ræða á þeim eignum, sem þarna eru í Skálholti.

Ég veit mörg dæmi þess, að fasteignir hafi verið seldar meira en 10-földu fasteignamatsverði, enda sá Alþ. það t. d. í sambandi við stóreignaskattinn, að það þótti ekki annað fært en að hækka fasteignamatið til þess, að það kæmi nokkur rétt mynd eða í áttina við rétta mynd af sannri eign manna. Það vita allir, að fasteignir eru miklu meira virði en þær eru metnar til skatts. Þess vegna verður annaðhvort að fella það niður að taka fasteignamatsverðið til skatts eða að breyta því í samræmi við verð eignarinnar.

Ég skal ekki leggja dóm á það, hvort rétt hefði verið að stofna til búrekstrar í Skálholti eða ekki. Ég get gengið inn á það, að það mundi hafa verið mjög vafasamt. Það hefði verið hægt að leigja jörðina, þar til búnaðarskólinn tók til starfa. (**GJ**: Hún var í leigu.) Að vísu var hún í leigu, en hún var í lífstíðarábúð, og það var ekki hægt að losa hana hvenær sem var. Það gat verið erfitt að fá mann til að leigja jörðina til eins eða tveggja ára. Þrátt fyrir það, þó að mér finnist þetta vafasamt, þá held ég, að sumt hafi verið ofsagt hjá hv. þm., eins og t. d. hvað hann lagði þungan dóm á það að kaupa bústofn, sem vitað var, að ætti að skera niður. Ég er ekki viss um, að niðurskurður á Suðurlandi hafi verið svo ákveðinn, þegar þetta var gert, og allur bústofninn verður meira en sauðfé, en það var sauðfé, sem átti að skera niður.

Hvað snertir það, sem hv. þm. Barð. lagði áherzlu á, að óviðeigandi væri að forstjórar svöruðu aths. yfirskoðunarmanna, þá vil ég ekki heldur, að svo einhæfur skilningur á þessu komi fram fyrir hönd n., því að mér fannst það eðlilegt, þegar aths. komu fram, að ráðh. sneri sér til forstjóra viðkomandi stofnana til að fá upplýsingar. — Hitt er annað mál, ef ráðh. hefur ekki viljað bera ábyrgð á svörum forstjóranna, þá átti hann, um leið og hann birti þeirra svör, að gefa sjálfur út sitt eigið álit. — Að öðru leyti er ég, eins og fram kom í minni framsöguræðu, sammála hv. þm. Barð. um margt. T. d. er aðalatriðið, að það þarf að fá eitthvert fast form á það, með hverjum hætti fjhn. á að kvitta fyrir meðferð ríkisstj. á fjármálum ríkisins, og þetta hefur frá því að Alþingi fyrst fékk fjárveitingavald verið ófullnægjandi. Eiginlega hefur allri ábyrgðinni verið varpað yfir á yfirskoðunarmennina, og þegar þeir hafa svo vísað til Alþingis, þá hefur ekkert verið að gert. Og mér finnst það vafasamt, að það sé ríkisstj. að gera till. til aðgerða í þessu. En það er líka rétt, að einstakir þm. geta tekið málið upp, en það er nú svo, að ef engum ber skylda til að taka það upp, þá er engin trygging fyrir því, að það verði gert. Þess vegna á að slá því föstu, að það séu vissir aðilar, sem eiga að taka þessi mál upp. Og mér finnst, þegar svo stendur á, að yfirskoðunarmenn eiga sæti á Alþingi, þá mætti vænta þess, að þeir gerðu það. Eða hverjum stendur það nær? Nú er það vitað, að það er engin skylda að kjósa sem yfirskoðunarmenn alþingismenn, og þá hlýtur það að vera skylda fjvn. eða fjmrh. að skipa viðeigandi aðila að þessu máli.

Það hafa nú farið fram óvenjumiklar umr. um þetta mál, þó að engu væri sérstaklega vísað til Alþingis. Ég vona, að upp úr þeim umr. komi, að því verði á einhvern hátt slegið föstu, hvernig með þessi mál eigi að fara, þegar þeim er vísað til Alþingis, því að það er nauðsynlegt, að slík mál falli ekki niður, því að ég minnist þess ekki, að nokkurn tíma hafi orðið málarekstur út af skilagrein á fjárreiðum ríkisins, og þó hefur það verið frá upphafi vega, að greitt hefur verið yfir fjárlög, — í smáum stíl fyrst, meðan tekjur og greiðslur voru minni, en svo hækkandi með hækkandi reikningum, og þá er það oft álitamál, hvort ástæða er til þess að greiða fram yfir það, sem fjárlög heimila til þess. Og það er sjálfsagt, úr því að Alþingi hefur fjvn. og á að kvitta ríkisreikninginn, að það sé vitað, að ráðh. og ríkisstj. geti átt eitthvað á hættu, ef ekki er staðið við sett fjárlög. Um þetta erum við hv. þm. Barð. sammála, og ég vildi gjarnan ræða það atriði nánar við hann, t. d. í fjhn. þessarar hv. d., því að mér finnst það nauðsynlegt, að föstu skipulagi sé komið á þetta.

Umr. frestað.

Á 76. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., 26. febr., var frv. aftur tekið til frh. 2. umr.

Forseti (BSt): Þau boð liggja fyrir frá hæstv. fjmrh., að hann geti ekki mætt, en hann hefur sent skýrslu viðvíkjandi Skálholti og biður fyrir hana til frsm. fjhn.

Gísli Jónsson: Mér þykir leitt, ef hæstv. forseti sér sér ekki fært að fresta þessari umr. um 5. dagskrármálið, þar til hæstv. fjmrh. er við, sumpart vegna þess, að hæstv. ráðh. óskaði mjög eftir því sjálfur að vera við þessa umr., og sumpart vegna þess, að hér vildi ég ræða um sérstakt mál, sem ég sé ekki annað en að sé sjálfsagt að hæstv. ráðh. sé við. Það er ákaflega leiðinlegt að vera neyddur til að ræða svona mál án þess að viðkomandi ráðh. sé til að svara fyrirspurnum og öðru í sambandi við málið. En úr því hæstv. forseti vill flýta málinu, þá á ég ekki annars kost en að ræða það við hann sem frsm., ef hann vill taka að sér að flytja

þær aths., sem ég geri, til ráðh. Ég vil þó enn gera þá fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort hann telur ekki sjálfsagt að fresta málinu, þar til hæstv. ráðh. verður við. Hér er um að ræða fleiri hundruð þúsund kr. greiðslur án nokkurrar heimildar, og það er ákaflega leitt, ef ekki er hægt að fá að ræða það mál opinberlega við viðkomandi ráðh. Hér hefur 245 þús. kr. verið eytt og aldrei verið gerð tilraun til að leita samþykkis Alþ. fyrir þeirri greiðslu, og ég geri það ekki nema ég sé neyddur til að tala yfir tómum ráðherrastólum, þegar svo stendur á. Ég vil því eindregið beina því til hæstv. forseta, að hann fresti þessu máli, þar til hæstv. ráðh. verður við til að svara fyrir þessi mál.

Forseti (BSt): Ég vil taka það fram eins og hv. þm. veit, að það er ekki sérstaklega þægilegt fyrir forseta að ábyrgjast, á hvaða tíma hæstv. ráðh. geti verið við. En ég get orðið við því í þetta sinn að taka málið af dagskrá, því að það er nógur tími til að afgr. það enn, en ég tek ekki að mér neina ábyrgð á því að geta dregið hæstv. ráðh. hingað nauðugan.

Gísli Jónsson: Ég vil þakka hæstv. forseta og biðja hann að flytja hæstv. ráðh. þau boð, að ég muni ræða um þetta atriði hér, að teknar hafa verið úr ríkissjóði 245 þús. kr. án heimildar, og ég mun gera hæstv. ráðh. og þáv. ríkisstj. ábyrg fyrir slíkri ráðstöfun og tel, að það eigi að ræða undir afgreiðslu ríkisreiknings.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Ed., 1. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil leiðrétta þann misskilning hæstv. forseta, að ég hafi ekki átt eftir nema aths. í þessu máli, því síðast þegar málið var til umræðu hér í hv. deild, var umræðu frestað vegna fjarveru hæstv. ráðh., og þá var ég einmitt rétt byrjaður á minni ræðu. — Hæstv. ráðh. sagði hér við umr. um daginn í sambandi við aths. mína um kaupin á Skálholti, að hún væri byggð á misskilningi, þar sem ég hefði sagt, að óleyfilegt hefði verið að kaupa eignirnar af ábúanda. Ég fór ekki út í það atriði, svo að misskilningurinn er hæstv. ráðh. megin, en ég hélt því fram, að engin heimild hafi verið fyrir að kaupa eignirnar af ábúanda fyrir 173 þús. kr. eða á rúmlega 6-földu fasteignamatsverði. Hins vegar hef ég aldrei talið það neina goðgá, að ríkið keypti jarðir. Ég skal ekki fara lengra út í þá sálma, en í þessu sambandi má minna á það, að flokksblað hæstv. ráðh. hefur, vafalaust með hans vitund og jafnvel undirróðri, haldið uppi árásum á mig fyrir að hafa selt ríkinu jörð á 6-földu fasteignamatsverði, svo í því sambandi væri hægt að segja: „Maður, líttu þér nær.“ Ég held því fram, að hér hafi farið fram greiðslur í heimildarleysi, og skal nú sýna fram á það með því að rekja sögu málsins.

Upphaflega er veitt heimild til þess að kaupa Skálholt til almenningsnota fyrir tilstilli Jörundar Brynjólfssonar, og það gert. Síðan er það gert í algeru heimildarleysi af núv. hæstv. landbrh., Hermanni Jónassyni, að byggja þessum sama manni jörðina ævilangt. Það var búið að kaupa jörðina til almenningsnota og mátti því ekki leigja hana ævilangt. Það næsta í málinu er svo, að sett eru lög um búnaðarskóla Suðurlands og ákveðið, að hann skuli reistur í Skálholti. Þá er þessi hv. sami þm. keyptur af jörðinni á 6-földu verði fasteignamats jarðarinnar. Það mál er allt ólöglegt, og var farið þar allt aðrar leiðir en lög segja fyrir um. Það voru m. a. s. valdir sérstakir matsmenn, en ekki samkv. lögum, til þess að fá þetta mat nógu hátt, en ég er ekki að finna að því, það er aukaatriði, hitt er aðalatriðið, að eignirnar eru keyptar á sexföldu fasteignamati, eða 173 þús. kr. Í þessu sambandi væri fróðlegt fyrir hæstv. ráðh. að kynna sér skýrslu um ástand eignanna, sem þessir 3 matsmenn hafa gert og er undirrituð af þáv. búnaðarmálastjóra, núv. hæstv. forsætisráðh., og hinum 2 matsmönnunum. Það hefði þótt nokkuð mikið sagt, ef ég hefði sagt, að ekki væri hægt að ríða heim traðirnar fyrir drullu nema í hörkufrosti, og það hafi orðið að reka kýrnar fleiri kílómetra veg upp í fjöll, til þess að komast í vatnsból, en þetta eru ekki mín orð, heldur stendur þetta í skýrslunni, sem ég gat um áðan. (**Fjmrh.:** Er það nú víst?) Ef hæstv. ráðh. vill vænа mig um, að ég fari rangt með, þá skal ég leggja þessi skjöl á borðið. Það væri sannarlega fróðlegt fyrir hæstv. ráðh. að kynna sér þessa skýrslu, en þessi skýrsla var send hv. fjvn. — Ég held nú áfram. Hér í reikningnum eru 2 upphæðir, sem engin heimild er fyrir. Önnur er 20 þús., sem er greiðsla til Jörundar Brynjólfssonar fyrir að standa upp af jörðinni, og er engin heimild Alþingis til fyrir þessari greiðslu. Hin er 225 þús. kr., líka til Jörundar Brynjólfssonar fyrir að hreinsa Kaldaðarnes. Ekki er heldur til nein heimild fyrir þessari greiðslu, og aldrei hefur verið litið eftir því, hvort þetta fé hafi verið notað til þess að hreinsa landið. Ég þykist ekki hafa ofmælt, er ég sagði, að þetta væri allt gert í heimildarleysi. Ofan á þetta allt saman bætist svo það hneyksli, er hæstv. ráðh. átti mesta sök á, að með Kaldaðarnesi fór hæli, sem kostaði ríkissjóð um 1 millj. kr. Hæstv. ráðh. veit, að hann átti sök á þessu, og allt er þetta gert til þess eins að hækka þingfararkaup eins framsóknarþingmanns. Í veðri er látið vaka, að þessar breytingar hafi verið nauðsynlegar vegna skólabúsins í Skálholti, en það er sjáanlegt, að þetta er ekki gert í neinum öðrum tilgangi en að fá tækifæri til þess að greiða þúsundir króna úr ríkissjóði til ákveðins flokksmanns.

Nú vil ég gjarnan athuga enn fremur, hvað þessi skóli hefur kostað ríkissjóð. Til skólastofnunarinnar eru greiddar á árunum 1945—1948 kr. 104.502,25, og þetta er greitt til skóla, sem ekki er farið að byggja, því ekki er farið að gera annað en leggja veg, og það er greitt af öðru fé, og búið er að moka með jarðýtu nokkrum hlössum, en það kostar á 2. hundrað þús. krónur. Kostnaðurinn við Skálholtsbúið er 225.177,29 kr., auk þeirra ca. 135 þús. króna, sem áður eru taldar. Þetta er kostnaðurinn við tilraunabúið í Skálholti, og allt er þetta gert til þess eins að hækka þingfararkaup Jörundar Brynjólfssonar. Þar að auki kemur kaup framkvæmdastjóra, 99.200 kr., svo að búið í Skálholti

hefur kostað í allt 340—350 þús. úr ríkissjóði. Svo ætlar hæstv. ráðh. að telja Alþingi trú um, að fyrir þessu hafi verið heimildir.

Skálholtsnefnd hefur fengið greitt úr ríkissjóði 76.719,11 kr., auk 10.719,50 kr., eða í allt rúml. 87 þús. krónur. Ja, dýr verður skólinn allur, ef það kostar um 80 þús. kr. að moka nokkrum hlössum ofan af klöppunum, þar sem skólinn á að standa. Þetta eru ráðstafanir Framsfl. á kostnað ríkisins, — hver króna í heimildarleysi. Þetta hefur kostað ríkissjóð á 2. millj. kr., og hæstv. fjmrh. blygðast sín ekki fyrir það og heldur því fram, að fyrir þessu hafi verið heimildir. Ég segi bara, að ef Sjálfstfl. stæði ekki betur að greiðslum úr ríkissjóði en þetta, þá yrði útkoman ekki skemmtileg, en hans ábyrgðartilfinning er, sem betur fer, meiri en Framsfl., en þetta sýnir, hversu skefjalaust þeir fóru niður í ríkiskassann, meðan þeir fóru með völd. Í þessu sambandi er gaman að spyrja: Hvað hefur verið gert fyrir Skálholtsskóla? Hæstv. núv. forsrh. lýsti því í umr. fyrir 2 árum, að þessi skólastofnun væri hinn stóri draumur bændanna á Suðurlandi, hugsjón, sem aldrei væri of mikið á sig lagt til að uppfylla. En hvað hefur þetta verið? Ekkert annað en kjötbein fyrir Framsfl. til að naga, og þetta kjötbein hefur kostað ríkissjóð á 2. millj. kr. Þetta er baráttan fyrir hugsjón bændanna á Suðurlandsundirlendinu. Ég vildi nú gjarnan mega vænta þess, að eins og hæstv. ráðh. kom því til leiðar, að ég ekki snuðaði ríkissjóð, og réttilega féllst á mína till., að ég tæki eignirnar til baka, svo ríkissjóður skaðaðist ekki um eina krónu á þeim kaupum, það veit hæstv. ráðh., þá vildi ég nú vænta þess, að hann beitti sér fyrir því á sama hátt í þessu máli og þessi kaup væru öll látin ganga til baka, fé greitt aftur ríkissjóði, þannig að ríkið tapaði ekki á þessu máli. Það væri mest sæmd fyrir hann og hans flokk og Jörund Brynjólfsson, en þessi endalok á málinu eru ekki neinum til sóma og ekki æskilegt, að mál þróist svo eins og ýmis mál, sem sá flokkur stendur að.

Hæstv. fjmrh. sagði einnig, að aths. mínar í sambandi við rekstur skipaútgerðarinnar væru byggðar á andúð í garð skipaútgerðarinnar, og að ég væri sífellt með aths. um þann rekstur, sem væri svo góður, eftir því sem mér skildist á hæstv. ráðh., að ekki væri á betra kosið, og væri alltaf að batna. Í þessu sambandi vil ég í fyrsta lagi benda á það, að ég hef aldrei gert tilraun til að vinna gegn skipaútgerðinni, en ég benti á það, hvort hæstv. ráðh. gæti ekki látið rannsaka, hvort ekki væri hægt að reka útgerðina á hagkvæmari hátt, en hæstv. ráðh. sagði þá, að reksturinn hefði batnað og væri nú góður, en slíkt vekur tortryggni um, að hér sé verið að leyna einhverju, sem ekki á að leyna. En ósk mín byggist á því, að árlega er stórhalli á út- og uppskipun hjá skipaútgerðinni hér í Reykjavík, og það, að fram kemur minna rekstrartap á reikningum, er hrein blekking, þar sem teknar eru rúmar 900 þús. kr. frá olíuflutningaskipinu Þyrli til að bæta upp þennan halla. En það er engin ástæða til og á ekki að líðast að taka nær 1 millj. kr. frá þessu skipi útgerðarmanna úti á landi til að bæta halla, sem verður á strandferðunum. Þessir menn eiga nú sannarlega við svo mikla erfiðleika að stríða, að ekki er fært að bæta ofan á það, en ég tel fulla þörf að athuga rekstur skipaútgerðarinnar, og stafar sú ósk mín ekki af óvild til skipaútgerðarinnar eða forstjóra hennar, heldur af hinu, að ég tel nauðsyn að athuga, hvort ekki sé hægt að koma þeim rekstri í betra horf en nú er, eins og t. d. með Hafnarfjarðarleiðina, sem ríkið lagði niður rekstur á, þó að ég sé ekki með þessu að gefa í skyn, að leggja beri strandferðirnar niður.

Í 18. lið aths. við ríkisreikninginn er sagt, að 6. nóv. hafi verið lokið umboðslegri endurskoðun hjá 79 stofnunum og starfsgreinum, hjá 8 stofnunum var endurskoðuninni að mestu lokið, en í 67 stofnunum og starfsgreinum var endurskoðuninni ekki lokið, og mér hefur skilizt á endurskoðendunum, að endurskoðun hafi ekki farið fram í mörg ár hjá þessum 67 stofnunum. Það er sagt, að hjá skipaútgerðinni sé einn maður, sem annist endurskoðun og það í hjáverkum, og nú er þessi maður orðinn gamalmenni. Það á því ekki að neita að láta athuga slíkt. Ég vildi því gjarnan heyra hjá hæstv. ráðh., hvaða 67 stofnanir þetta eru, sem eftir er að endurskoða hjá, og hvers vegna það er ekki gert. (**Fjmrh.**: Hvernig á ég að geta það? Ég hef ekki verið í þessu starfi á undanförnum árum.) Svör hæstv. ráðh. við 18. aths. eru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er réttilega tekið fram í aths., að umboðslega endurskoðunin hefur undanfarið gengið miklu hægar en æskilegt hefur verið. Á þessu ári hefur þó unnizt töluvert á, og það er stefnt að því, að endurskoðun reikninga ríkisstofnana geti framvegis farið svo fljótt fram, að enginn bagi verði að drættinum."

Þetta er hin umboðslega endurskoðun, en það vantar hina reikningslegu endurskoðun. Hvaða ástæða er til þess, að hún hefur dregizt í mörg ár? Og ég vona, að það verði sem fyrst bætt úr því, og ég er hræddur um, að hæstv. fjmrh. hefði fundizt það einkennilegt, ef einkafyrirtæki hefðu ekki sent endurskoðaða reikninga sína til skattstofunnar, þegar hann var skattstjóri. — Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, en hæstv. ráðh. viðurkenndi hér í fyrri umr. um málið, að koma þyrfti betra skipulagi á þessi mál, og vona ég, að hann láti bæta úr þeim ágöllum, sem nú eru á þessum málum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins segja hér nokkur orð út af ræðu hv. þm. Barð. — Það er nú auðheyrt, að það er þungt í hv. þm. út af því, að gagnrýnd voru kaup hæstv. fyrrv. ríkisstjórnar á Otradal fyrir hærra verð en matsverð jarðarinnar nam, en við því, að jörðin væri keypt hærra verði en nam mati, var auðvitað ekkert að segja, en engin heimild var til fyrir kaupunum, og því var þetta gagnrýnt, en þau voru svo látin ganga til baka eftir beiðni hv. þm. Barð. sjálfs, en samt sem áður er þessi hv. þm. mjög móðgaður út af þessu máli. Honum er því mjög í mun sumpart af þessum ástæðum að reyna að sýna, að fleira hafi verið gert í heimildarleysi en kaupin á Otradal. En gagnrýni hv. þm. er byggð á misskilningi. Skálholt er keypt samkv. þingheimild og sömuleiðis það að veita ábúandanum erfðaábúð þar, en hann hafði setið jörðina lengi undir hinum erfiðustu kringumstæðum. Og svo spyr hv. þm. um ástæðuna til þess, að Jörund-

ur Brynjólfsson flutti burt frá Skálholti, en hv. þm. veit vel, að það stafaði af því, að þar átti að byggja bændaskóla, og þess vegna var gangskör gerð að þessu. Ég býst við, að Jörundur Brynjólfsson hafi ekki verið ofsæll af því verði, sem hann fékk fyrir eignir sínar í Skálholti, og þeim viðskiptum öllum saman. — Þá sagði hv. þm., að skólinn hefði ekki enn verið byggður og búið væri að byggja jörðina öðrum manni. Ætlunin var að hefja byggingu skólans fyrir tveim árum, en þá fékkst ekki fjárfesting til þeirra framkvæmda, og eru framkvæmdir ekki enn hafnar þar, en þegar svo fór, að ekki fékkst fjárfesting til skólabyggingarinnar, þá reyndi Skálholtsnefndin að búa í haginn fyrir skólann og notaði nokkuð af fé skólans í því skyni, og gerði hún það ekki í heimildarleysi, því að það var tekið af fé skólans og geta því talizt byrjunarframkvæmdir að skólastofnuninni. Það sýnir ekki, að jörðin hafi verið leyst að ófyrirsynju, þó að ekki hafi enn verið byggður þar skóli, en nefndinni þótti hagfellt, þegar liðin voru tvö ár án þess að hafizt væri handa um skólabygginguna, að byggja jörðina í stað þess að reka þar búskap sjálf, því að slíkur búskapur hefur ekki gengið vel. Nefndin taldi því heppilegra að leigja jörðina til tveggja ára, og það kemur fram í skjölum n. Nefndinni var óhætt að byggja Skálholt til tveggja ára, þar sem ekki er enn byrjað á framkvæmdum við skólastofnunina, því að slíkar stórbyggingar taka að jafnaði langan tíma. Ég sé því ekki annað en þetta sé allt með eðlilegum hætti, og að þessi gagnrýni sé byggð á misskilningi. Hv. þm. hafði stór orð um þetta og talaði í því sambandi um fjársukk og beindi því til mín, en ég hef ekkert haft með þessi mál að gera. Eftir því, sem stendur í skýrslunni um þennan undirbúning og Skálholtsnefndina, þá sé ég ekki betur en að um misskilning sé að ræða, þegar hv. þm. Barð. er að tala um, að búið sé að eyða á aðra milljón kr. í þetta, en mér skilst, að hann hafi þar tekið skakkar tölur, en til þessara mála hafa nú verið greiddar 515 þús. kr. og til fyrirhugaðs skólastjóra 104 þús. kr. (**GJ**: Ég meinti, að það kostaði þetta, þegar með væri talið ævintýrið um Jörund.) Ég held nú samt, að hv. þm. hafi sagt hitt. Þá er einnig kaup nefndarinnar og framkvæmdastjóra hennar og enn fé til endurbóta á bústöðum og undirbúningur undir skólastofnunina. Ég held, að hv. þm. Barð. muni leiðrétta sig í því, að hér sé um sérstakt sukk að ræða. Nefndarkostnaðurinn og laun til framkvæmdastjóra, 24 þús. kr., sýnist vissulega nokkuð hár, en þar sem ég veit ekki, um hve mikið starf hér er að ræða, þá get ég ekki um það dæmt, hvort það er of hátt.

Ég skal ekki ræða hér um Kaldaðarnesmálið, það hefur verið svo mikið rætt hér í þinginu, að ástæðulaust er að innleiða hér um það umræður að nýju. Hv. þm. Barð. sagði, að varið hefði verið fé til hreinsunar á landinu í Kaldaðarnesi, en slík ummæli stafa af þekkingarleysi. Þegar heilbrigðisstjórnin tók að sér hælið, þá tók hún að sér þessa hreinsun, og þegar Jörundur Brynjólfsson tók við Kaldaðarnesi, þá tók hann að sér hreinsunina, og var það metið í sambandi við kaupin, svo að ég sé ekki annað en ummæli hv. þm. stafi af því, að hann hafi ekki kynnt sér málið nægilega.

Þá minntist hv. þm. á upp- og útskipunina hjá skipaútgerðinni. Ég hafði rætt þetta mál við hluteigandi aðila, því að ég hef áhuga á að þetta sé rekið hallalaust hér eins og annars staðar, því að víða taka menn slíkt að sér í hagnaðarskyni. Og nú var farið fram á að hækka taxta við upp- og útskipun, en nú skilst mér, að það hafi ekki fengizt, en ég hélt, að þetta væri komið í lag, og mun ég nú athuga, hvort ekki sé hægt að kippa þessu í lag.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í þetta mál, en ein setning hjá hv. þm. Barð. var þess eðlis, að ég vil benda hér á tvær staðreyndir. Hann sagði, að meiningin með skólabyggingunni í Skálholti væri sú að finna kjötbein handa framsóknarþm. til að naga. Skálholtsnefndin var skipuð af Pétri Magnússyni, þegar hann var landbrh., og í henni sitja sjálfstæðisbændur í Árnessýslu, sem báðir hafa verið í framboðum fyrir Sjálfstæðisflokkinn, og framkvæmdastjóri, sem er sjálfstæðismaður í Árnessýslu, hefur tekið 105 þús. kr. fyrir starf sitt í sex ár. Ég skal ekki um það dæma, hvort þetta er of hátt, en það eru þá fleiri en framsóknarþm., sem naga bein í sambandi við Skálholt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram, að ég er ekkert móðgaður út af Otradal. Hæstv. ráðh. veit, að ég seldi jörðina síðar og fékk sama verð fyrir hana og ég ætlaði að selja ríkissjóði hana fyrir, og er það sönnun þess, að ég ætlaði ekkert að draga af ríkissjóði í þessum viðskiptum. — Hæstv. ráðh. sagði, að Jörundur Brynjólfsson hefði verið vel að erfðaábúðinni í Skálholti kominn. Ég neita því ekki, en það var samt sem áður lögleysa og var ein hnútan, sem Framsfl. veitir gæðingum sínum. Það var ólöglegt að veita manni æviábúð á jörð, sem ríkið ætlaði að nota til eigin þarfa, og það var hægt að gera vel við Jörund í Skálholti þangað til hann væri kominn á þann aldur, að hann drægi sig í hlé frá störfum, án þess að veita honum þar erfðaábúð, en það þurfti að nota þetta sem fleira sem kjötbein handa framsóknarþingmanni. Ég var ekki að gagnrýna, að fé væri veitt til undirbúnings skólahaldi í Skálholti, en ég gagnrýndi það, að búið er að verja á aðra millj. kr. í sambandi við þetta Skálholtsævintýri í heild. Og þessi hæstv. ráðh. hefur lagt hvað mest fram í sambandi við það hneyksli. Síðan var hann með útúrsnúninga í sambandi við það, sem ég hafði sagt, en þessi hæstv. ráðh. veit, að það er engin rangfærsla, að þetta ævintýri er búið að kosta á aðra millj. kr., og hann veit einnig, að allt það fé, hver einasti eyrir, hefur verið tekið úr ríkissjóði í heimildarleysi. — Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, þar sem ég er búinn með tíma minn, en ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að þegar neitað er um hækkun á taxta við út- og uppskipun, þá er full þörf rannsóknar, þegar tap við þetta nemur 400—500 þús. kr. og það er dómur verðlagseftirlitsins, að þetta sé rekið í sukki, og það verður að teljast hæstaréttardómur í þessu efni, og þetta er strangari dómur en ég hef lagt á það.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég gleymdi að taka það fram, að þegar Skálholt var

keypt, þá var það gert að erfðaábúðarjörð, því að l. um bændaskóla í Skálholti voru ekki sett fyrr en síðar. Hv. þm. Barð. sagði, að ég hefði sem ráðh. gefið hælið í Kaldaðarnesi, en slíkt er rangt, eins og allir vita. En það var ekki hægt að halda uppi hæli þarna lengur, og það var því hagkvæmara fyrir ríkið að láta hælið og jörðina í skiptum en láta allt drabbast niður, eins og annars mundi hafa orðið, en því verða ekki gerð nánari skil hér í bili.

Hv. þm. Barð. sagði, að það væri harður dómur, að það var ekki samþ. af verðlagseftirlitinu að hækka gjöld af upp- og útskipun hjá skipaútgerðinni, og sagði, að það væri harðari dómur en hann hefði kveðið upp. . . . . .

Forseti (BSt): Háttv. 6. landsk. hefur að vísu kvatt sér hljóðs, en þar sem hann er ekki við og enginn annar hefur kvatt sér hljóðs, þá er umr. lokið, og verður leitað atkv.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hér hafa orðið langar og harðar umræður um landsreikningana, og var ekki óeðlilegt, þótt athugasemdir væru gerðar við ýmsa liði þeirra. Af þessu skal ég nú ekkert endurtaka. En ég vil benda á það, að þær aths., sem gerðar hafa verið, hafa haft við rök að styðjast, og mest af þessu hefur verið viðurkennt af hæstv. ríkisstj. og hefur verið þess eðlis, að ástæða hafi verið til að gagnrýna og það harðlega. Þess er að vænta, að allt þetta verði tekið til athugunar og slíkt komi ekki fyrir aftur. Ég vil ekki vera að rekja hér þær deilur, sem hér hafa orðið, en vil undirstrika það, að ég vænti þess, að ríkisstj. sjái til þess, að það komi ekki fyrir, að greiddar verði úr ríkissjóði fjárfúlgur í heimildarleysi, eins og hér hefur komið fyrir. — Og þykir mér ekki þörf að ræða þetta mál að öðru leyti.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 774).

---

43. Ríkisborgararéttur.

Á 12. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar [79. mál] (stjfrv., A. 127).

Á 17. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fram um veitingu ríkisborgararéttar, er sniðið eftir þeirri reglu, að veita þeim réttinn, sem annaðhvort eru af íslenzku eða norrænu bergi brotnir. Það hefur orðið að samkomulagi að sneiða hjá fólki af öðru þjóðerni. Ég hygg, að það sé skoðun manna, að ekki sé til góðs, að frv. verði eins og það var orðið í Nd. í fyrra, og sú meðferð sýni, að ekki sé alls kostar heppilegt að fara út í víðtæka veitingu slíks réttar sem þessa, eins og nú standa sakir. Og þegar út í slíkt er farið, er um svo marga vafasama aðila að ræða, að erfitt er að gera upp á milli þeirra eða ákveða, hvar takmörkin skuli vera. Ég held því, að það eina rétta sé að halda sig við menn af íslenzkum og norrænum uppruna. Öðrum, sem hér dvelja, er enginn óréttur gerður, og fólk, sem er í fastri atvinnu og hefur verið hér lengi, á ekki á neinni hættu að verða rekið úr landi. En það er erfitt að gera upp á milli þessa fólks, ef lengra er farið en hér er gert, og í fyrra var farið út í miklar öfgar í Nd., og ber að varast slíkt í framtíðinni. — Ég vænti þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 5. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 127, n. 601, 603).

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Allshn. hefur lagt mikla vinnu í þetta frv. Það bárust feikilega margar umsóknir um veitingu ríkisborgararéttar, og þurfti nefndin að athuga, hverja leið bezt væri að fara í þessum efnum. Hún byrjaði á að bera saman frv. dómsmrh. við umsóknirnar og samþ. allar þær umsóknir, sem þar voru. Því næst flokkaði nefndin niður aðrar umsóknir og tók fyrst inn í frv. alla þá menn, sem voru af íslenzkum ættum og höfðu skjöl sín í lagi. En nefndin lagði þó ekki til, að konur, sem ekki höfðu gengið frá skilnaði sínum, yrðu teknar inn í frv. Þá tók nefndin einnig einn mann af dönskum uppruna, sem dvalizt hefur hér í 10 ár, inn í frv. En allir þeir norrænu menn, sem teknir voru í frv., fullnægðu skilyrðunum um ríkisborgararétt, eins og lög gera ráð fyrir. Um þessa menn alla hefur nefndin orðið sammála.

En er hér var komið, gat n. ekki verið á einu máli um þær umsóknir, sem eftir var að taka afstöðu til, og út frá þessu skapaði n. við afgreiðslu þessa máls þá reglu, að leggja til að taka nú eingöngu í þetta frv. menn af íslenzkum ættum og þá norræna menn, sem ég nú hef getið hér um. Eins og nefndin tekur fram í nál., er hér ekki um neina allsherjarreglu að ræða. En málið liggur þannig fyrir nú, að óvenjumargir menn af ísl. bergi brotnir óska eftir því að öðlast ríkisborgararétt. En ef ganga ætti lengra í þessum efnum, eins og ýmsir mundu vafalaust vilja, þá yrði að fara út í einstaklingsmat. Þess vegna vill nefndin ekki fara lengra í þessum efnum að svo stöddu, því að hún telur, að frv. næði frekar fram að ganga, ef ekki væri farið út í einstaklingsmat. Þess vegna hyggur hún, að betra sé að hafa frv. í þeim búningi, sem það nú er í.

Það má til sanns vegar færa, að rétt sé að taka menn af skandinaviskum uppruna fram yfir aðra, en þannig mun það vera á hinum Norðurlöndunum. Og þess vegna leyfir n. sér að vænta þess, að hv. deild og Alþingi veiti frv. brautargengi eins og það er lagt hér fyrir.

Við höfðum samband við allshn. Nd., til þess að kynna henni sjónarmið okkar, og litum við svo á, að með því móti gengi málið hraðar í gegnum þá hv. deild. Með þessum formála leyfi ég mér svo að vænta þess, að málið fái skjóta afgreiðslu í þessari hv. deild.

ATKVGR.
Brtt. 603 (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 629, 630).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Eftir að málið var afgr. við 2. umr., barst allshn. umsókn frá Ingvald Förelund, fæddum í Noregi, um veitingu ríkisborgararéttar. Hann uppfyllti þau skilyrði, sem n. hefur sett sér um veitingu þessa réttar, og er því á þskj. 630 lagt til, að þessi umsækjandi verði tekinn inn í frumvarpið.

ATKVGR.
Brtt. 630 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 39. fundi í Sþ., 7. febr., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 636).

Á 65. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 74. og 75. fundi í Nd., 23. og 26. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 1. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 636, n. 708, 725).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég get að mestu látið nægja að vísa til nál. á þskj. 708. Þó að allshn. legði til, að frv. yrði samþ. óbreytt eins og það barst þessari hv. d. frá Ed., þá er það engan veginn sakir þess, að n. sé ánægð með þá afgreiðslu, sem frv. fékk í hv. Ed., heldur mælir n. með samþykkt frv. í því formi sem það er eingöngu vegna þess, hve áliðið er orðið þingtímans, og n. sýndist að ef breyt. yrði gerð á frv., þá mundi það orsaka það, að málið gengi ekki fram í neinni mynd, og n. vildi ekki stuðla að því af sinni hálfu — og sérstaklega þá vegna þess, að á síðasta þingi varð engin afgreiðsla á þessum málum hér á Alþ.

Þó að það í sjálfu sér varði ekki miklu, — eða jafnvel má kannske segja, að það varði engu gagnvart ríkinu, — hvort slík mál fái afgreiðslu á þessu þinginu eða hinu, þá er því þó þannig háttað um það fólk, sem dvalið hefur hér langdvölum og sækir um ríkisborgararétt, að það á í raun og veru ekkert föðurland orðið, en þar sem það hefur dvalið hér lengi, hefur það tekið ástfóstri við þetta land og skoðað það sem sitt föðurland. Og ef það er þekkt að góðu einu og ekkert út á framferði þess eða hegðun að setja, þá er það ekki nema sjálfsagt og eðlilegt að veita því þessi réttindi. Ekki á það sízt við um það fólk, sem dvalið hefur hér langdvölum, og þar sem um menn er að ræða, sem kvæntir eru íslenzkum konum, og fólk, sem á hér uppkomin börn, sem notið hafa uppeldis og fræðslu hér á landi og eru hér orðin fulltíða og fullvinnandi fólk og eins gott og gagnlegt þessu þjóðfélagi og þess eigin þegnar, og þegar svo er, tel ég í raun og veru ekki hægt annað af siðferðislegum ástæðum en að veita þessu fólki þau þegnréttindi, sem það óskar eftir. En þessi regla hefur nú alls ekki gilt um meðferð þessa máls í hv. Ed., heldur hefur þar verið farið eftir þjóðerni og fólk, sem er af íslenzku bergi brotið, tekið upp í frv. — og slíkt er ekki aðfinnsluvert — og svo hefur verið tekið með fólk, sem ættað hefur verið af Norðurlöndum, ef um það hefur verið gott eitt að segja, og er það heldur ekki aðfinnsluvert. En lengra hefur það ekki náð hjá hv. Ed., því að umsóknum þess fólks um íslenzkan ríkisborgararétt hefur verið synjað, sem er af öðru bergi brotið. Erindum þess fólks hefur af hv. Ed. ekki verið sinnt.

Allshn. þessarar hv. d. getur ekki á þetta sjónarmið fallizt, og það hefur ekki heldur gilt sú regla, það sem ég þekki til, þegar um veitingu slíkra mannréttinda hefur verið að ræða á hæstv. Alþ. Ég tel, að það sé hvorki réttmætt né æskilegt, að sá háttur verði hafður á um afgreiðslu þessara mála í framtíðinni. En það er aðeins af þeirri ástæðu, sem fram kemur í nál., að ef breyta ætti frv. nú, mundi enginn öðlast ríkisborgararétt á þessu þingi, að allshn. þessarar hv. d. beygir sig og leggur til eftir atvikum, að frv. verði samþ. óbreytt og ekki bætt nöfnum þarna við, sem mundi þýða stöðvun málsins á þessu þingi.

Á þskj. 725 er borin fram brtt. við frv. af hv. þm. N-Ísf. Ég get þegar tekið fram, að ég efast ekkert um, að það séu góðar og gildar ástæður fyrir því að veita þessu fólki ríkisborgararétt, sem sá hv. þm. fer fram á, að sá réttur verði veittur, svo að frá því sjónarmiði væri vafalaust ekki ósanngjarnt að veita því fólki þann rétt. En allshn. leggur á móti því, að gerð sé nokkur breyt. á frv., af þeim ástæðum, sem ég hef greint. Og það skulu hv. þm. vita, að verði nú gerð breyt. á frv. við þessa umr., þá koma fram fleiri brtt. við það, því að það er margt fólk, sem hefur sótt um að fá íslenzkan ríkisborgararétt, og sumt af því hefur dvalið hér lengi, jafnvel upp undir tuttugu ár, og það fólk, sem kunnugt er að góðu einu, á hér uppkomin börn og væri í alla staði sanngjarnt að veita ríkisborgararétt hér. Mér er kunnugt, að þessi erindi nær öll lágu fyrir hv. Ed., og það varð að

samkomulagi í n. í þeirri hv. d. að afgr. frv. til þessarar hv. d. í því formi, sem það nú hefur, og í því formi kemur það hingað, en ágreiningur var í þeirri hv. d. um hverja einustu umsókn aðra, hvort taka skyldi til greina í frv. Af því geta hv. þm. ráðið, hvaða móttökur það mundi fá í hv. Ed., ef þessi hv. d. færi að breyta frv. nú. Þessu öllu var allshn. þessarar hv. d. kunnug, og einungis *vegna þess bar n. ekki fram neina brtt. við frv.* — En ég mun ekki sætta mig við það, ef ég á í framtíðinni um þessi mál að fjalla, að höfð verði slík afgreiðsla á þessum málum síðar meir, og vitna ég þar um til þeirra orða, sem ég hef látið hér falla um það efni. Ég álít þá reglu, sem farið hefur verið eftir um upptöku beiðna manna um ríkisborgararétt í þetta frv., óréttláta og óskynsamlega og ekki á þeim grundvelli, sem taka eigi til greina umsóknir manna um þennan rétt.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Í tilefni af því, að ég hef flutt brtt. á þskj. 725, vildi ég leyfa mér að gera aths. í örfáum orðum við þetta frv. *Ég er sammála hv. frsm. allshn. um það, að eins* og þetta frv. kemur frá hv. Ed., virðist sá rammi, sem d. hefur sett, vera mikils til of þröngur, svo að alveg er óeðlilegt. Það er byggt á þeirri meginreglu, að aðeins umsækjendum af íslenzku foreldri komnum eða ættuðum frá Norðurlöndum sé veittur ríkisborgararéttur. Nú er það vitað og á það bent af frsm. í þessari hv. d., að margt annað fólk fullnægir að sjálfsögðu þeim skilyrðum, sem l. um ríkisborgararétt setja. Þetta fólk hefur dvalið hér langan tíma og er orðið hér rótfast, stundar hér atvinnu sína, hefur tengzt íslenzku fólki, á hér börn og heimili. Ég er þess vegna alveg sammála hv. frsm. um það, að sá stakkur, sem Ed. hefur sniðið þessu frv., *sé allt of þröngur, þannig að lítt sé* unandi við það fyrir þessa hv. d. Ég er hins vegar ekki alveg sammála hv. frsm. um það, að hættulegt sé að breyta þessu frv. nú og að það sé full ástæða til að ætla, að það muni daga uppi, ef nokkur breyt. verði á því gerð hér. Ég skal játa, að einhver hætta kann að vera á þessu. En þó vitum við, að þingið á eftir að standa í nokkra daga, ef ekki viku enn þá, og á þeim tíma virðist fyllilega tími til að ljúka einni umr. í þessari d. og annarri í Ed., því að sjálfsögðu getur hv. Ed. ekki sett þessari d. algerlega stólinn fyrir dyrnar um það að hreyfa við máli og taka sína sjálfstæðu afstöðu til þess.

Brtt. sú, *sem ég flyt á þskj. 725, er* við 1. gr. frv., að í fyrsta lagi verði bætt nýjum lið inn í frv. varðandi Edvard C. W. Knauf, blikksmið á Ísafirði, sem fæddur er í Þýzkalandi 28. marz 1910. Þessi maður flytur hingað til Íslands árið 1934 og hefur dvalið hér síðan, þegar frá er skilinn sá tími, sem hann var nokkurs konar stríðsfangi, þó fyrir engar aðrar sakir en þjóðerni sitt, á árum síðustu heimsstyrjaldar. Þessi maður hefur verið búsettur þrjú ár á Djúpuvík á Ströndum, en hinn hluta dvalartíma síns á Ísafirði. Hann er mjög gegn og góður maður, hefur komið sér vel og er nýtur og dugandi iðnaðarmaður, er kvæntur íslenzkri konu, og eiga þau börn, talar nokkurn veginn *íslenzka tungu og hyggst* að dvelja hér framvegis, stundar atvinnu á Ísafirði og er þar rótfastur. Ég tel mjög eðlilegt, að þessi maður fái íslenzkan ríkisborgararétt, og tel ekki ástæðu til að fjölyrða nánar um rök þess.

Síðari liður brtt. minnar fjallar um, að Pieter M. H. Vroomen, presti í Reykjavík, fæddum 13. ágúst 1906 í Hollandi, verði veittur ríkisborgararéttur. Hann hefur dvalið hér í 15 ár óslitið, talar íslenzku eins og innfæddur og er hér sem sagt gersamlega rótfastur orðinn og hyggst að dvelja *hér framvegis. Það gildir svipað um þessa umsókn* og hina fyrri, að maður þessi hefur getið sér hið bezta orð, er vammlaus og ágætur og mjög orðinn tengdur þessari þjóð og þessu landi, þekkir hér fjölda manns og er í miklum metum meðal þess fólks, sem honum kynnist.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þessar brtt. Ég vænti þess, að þessi hv. d. neyti síns réttar til að hafa áhrif á afgreiðslu þessa máls eins og annarra mála. Það er ekki viðurkennt hér eða tíðkað, að önnur hvor d. hafi skilyrðislausan rétt til að ráða afgreiðslu mála. Vænti ég þess, að hv. þdm. geti stutt að samþykkt þessarar till.

Einar Olgeirsson: *Herra forseti.* Hv. 1. þm. Árn., frsm. allshn., gerði áðan grein fyrir afstöðu n. til afgreiðslu málsins. Ég vil fyrir mitt leyti taka undir hvert orð af því, sem hann sagði. Það er alveg rétt, að þessi afgreiðslumáti er ófær sem „prinsip", og þess vegna er rétt, að það komi fram í þessari hv. d., eins og kom líka hjá hv. þm. N-Ísf., mótmæli gegn því. Nú er það svo, að þetta frv. var á síðasta þingi fyrst hjá okkur í Nd. og var afgr. héðan með að ég held samróma atkv. Voru þá nöfn margra manna á frv., sem ekki voru fæddir á Norðurlöndum. Þetta frv. stöðvaðist í Ed. og náði ekki samþykki. Veit ég, að margt þeirra manna, sem á því frv. voru, mundi hafa fylgi hér í hv. d. til borgararéttar. En ef farið væri að reyna að bæta þeim inn í, má hins vegar búast við því, eins og hv. frsm. allshn. gat réttilega um, að málið verði stöðvað aftur í Ed. og þeir menn, sem nú eru á lista, 17 talsins, verði að bíða. Ég held þess vegna, að við verðum, vegna þess ofurkapps, sem er í Ed. í þessu máli, heldur að sætta okkur við að afgr. málið eins og það er, þó að illt sé fyrir aðra d. þingsins að búa við slíkt, og freista þess á næsta þingi að skapa rétt til handa þessum mönnum, en sú viðleitni yrði líklega nú að engu. Ég mundi vilja leggja til við hv. þm. N-Ísf., af því að það eru ýmsir menn, sem ég og fleiri bera fyrir brjósti, eins og hann gerir, að hann taki till. sína til baka við 2. umr., svo að allshn. gæfist kostur milli umr. að bræða sig saman aftur um það, hvort henni þyki fært að breyta um stefnu og taka upp þá áhættu, sem hún nú með mjög viturlegum forsendum hefur verið að reyna að forðast. Ég álít ákaflega óheppilegt, ef við tækjum nokkra menn upp og skildum nokkra eftir, sem hafa sömu verðleika. Við þurfum að framkvæma það rétta í þessu máli og það á þann hátt að spilla ekki fyrir þeim, sem hafa sloppið gegnum hreinsunareld Ed., en mundu líka brenna í honum, ef frv. yrði sent til Ed. aftur.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Vafalaust er hvert orð rétt í því, sem hv. þm. N-Ísf. mælti fram til meðmæla því, að þessum mönnum sé veittur borgararéttur. Ég ætla þess

vegna ekki að andmæla einu einasta orði af því, sem hann sagði um það. En þrátt fyrir þau góðu meðmæli með umsækjanda undir bókstaf b á brtt., þá er mér kunnugt, að í Ed. næst ekkert samkomulag um, að honum verði veittur ríkisborgararéttur. Af því má ráða, hver vandkvæði eru um afgreiðslu þessa máls, ef breyt. verður gerð. Þetta má hafa sem sýnishorn. Æskilegast hefði verið, ef hv. þm. N-Ísf. hefði ekki látið þessar till. koma undir atkv. í þessari d., en gæti fallizt á að taka þær til baka. Ég skil vel hans tilfinningu fyrir því að geta veitt þessu fólki réttindi. En þannig stendur á um margar umsóknir, sem allshn. sá sér ekki fært að sinna af þeim ástæðum, sem ég færði fram í fyrri ræðu minni. Og það er engan veginn af hálfu n. gert með glöðu geði að leggja til að samþ. frv. óbreytt. En engum væri greiði gerður með breytingu. Það yrði aðeins til þess, að öllum yrði synjað. En ég álít, að Alþ. verði næst að taka upp allt aðra stefnu og byggja á öðrum grundvelli en gert er í Ed. Og þó að þessi d. fallist á þessa afgreiðslu að þessu sinni, er það aðeins með það fyrir augum, að nokkrum umsækjendum verði þó veitt úrlausn.

Sigurður Bjarnason: Ég vil gjarnan eiga þess kost að ræða nánar við n. um afstöðu hennar í þessu. Mér er það ljóst, að afstaða hennar er miklu skaplegri og réttsýnni en hv. Ed., og get þess vegna búizt við því, að hjá henni sé trausts og halds að leita um skynsamlegri meðferð þessa máls en á hefur verið höfð í Ed. Ég vil þess vegna taka þessa till. aftur a. m. k. til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 725 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 636, 725).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 725 tekin aftur.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 775).

---

44. Skipun prestakalla.

Á 13. fundi í Sþ., 15. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á 1. gr. l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla [95. mál] (stjfrv., A. 166).

Á 22. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er um meðferð málsins. Hér er á ferðinni frv., sem raskar mjög gömlum lögum og venjum og er mikið tilfinningamál fyrir viðkomandi aðila. Óska ég því, að hæstv. forseti taki málið út af dagskrá, þar til hæstv. ráðh. hefur tækifæri til að gera grein fyrir því í venjulegri framsögu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð hv. þm. Barð., að mér þykir óviðkunnanlegt að taka þetta mál fyrir án framsögu, eins og raunar öll önnur mál, en þetta þó því fremur sem hér á að afnema prestaköll, sem prestar eru í, en láta önnur halda sér, sem ómögulegt hefur verið að fá prest í síðastliðin 20—30 ár. Enn fremur vil ég beina því til hv. n., sem málið fær til meðferðar, að nauðsynlegt er að semja frv. alveg um. Það er flutt sem breyt. við l. frá 1907, en er einnig breyt. á breyt., sem gerðar hafa verið á þeim l. síðan, og held ég, að semja ætti upp l. frá 1907 og fella gömlu l. úr gildi, en eins og málsmeðferð er nú háttað, er mjög erfitt að átta sig á þessu, nema að hafa a. m. k. ein fern lög fyrir framan sig. Ég endurtek, að ég óska eindregið eftir framsöguræðu frá hæstv. ráðh.

Forseti (BSt): Ég veit nú ekki, hvort hæstv. ráðh. hefur verið svo forfallaður, að hann hefði ekki getað haldið framsöguræðu, a. m. k. hefur hann ekki boðað forföll, og ég get ekki lofað, að hann geri grein fyrir stjórnarfrv. við 1. umr., enda hefur slíkt oft fallið niður, en þar sem 2 hv. þdm. óska eindregið eftir því, að málið verði tekið af dagskrá, skal ég verða við því í þetta sinn, en næst þegar það verður á dagskrá, sé ég mér ekki fært að fresta því af sömu ástæðum og nú, enda fær hæstv. ráðh. dagskrána, eins og aðrir hv. þm., en sem sagt, umr. er frestað og málið tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 23. fundi í Ed., 21. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir og ég get ekki tekið þátt í að ræða af ástæðum, sem ég þarf ekki að gera sérstaka grein fyrir, liggur nú ljóst fyrir með þeirri grg., sem því fylgir.

Það er kunnugt, að hér hefur starfað undanfarin ár skipulagsn. preststsetra, og ég átti þátt í því, eftir að ég tók við embætti kirkjumrh., að n. skilaði áliti. Það var og er augljóst mál, að á skipun prestakalla hefur verið aðkallandi þörf að gera verulegar breyt., og hefði ef til vill þurft að gera fyrr en gert er með þessu frv., en ég hef ekki getað flýtt því máli meir en raun er á. Þegar þessar till. komu frá n., átti ég tal við hana um þær, sem hún hefur gert shlj., og ég er og var þeirrar skoðunar, eftir að hafa séð till., að hægt sé að skaðlausu að fækka preststsetrum meir en gert er í frv. Það, sem veldur því, að unnt er og eðlilegt að framkvæma fækkun þeirra, er það, að samgöngur hafa gerbreytzt til hins betra á síðustu árum, og það er því auðveldara fyrir prestana að ná yfir stærra starfssvæði en áður, og enn fremur hafa þær breyt. orðið á störfum þeirra, að starfssvið þeirra hefur dregizt saman, eftir að þeir hættu að hafa kennslu á hendi og eftir að fólki hefur fækk-

að í ýmsum sóknum. Þetta er svo augljóst atriði, að um það þarf ekki að ræða í áheyrn hv. þm., því að þetta er þeim jafnkunnugt og mér, en að ég legg frv. fyrir eins og hér er gert, stafar af því, að till. n. komu nokkuð seint, og ég treysti mér ekki til að gera alhliða breyt. á frv. á stuttum tíma. Ég tel, að í kirkjumrn. hafi ekki verið til staðar sá kunnugleiki á staðháttum víðsvegar um land, að hægt væri að gera breyt. á frv., sem ekki var tilbúið fyrr en nokkru áður en Alþ. kom saman. Ég hefði að vísu getað gert breyt. á frv. varðandi staði, þar sem ég og aðrir þekkja til, en slíkar breyt. hefðu orðið of yfirborðskenndar, þannig að hægt væri fyrir ráðun. að láta þær frá sér. Enn fremur verður að taka tillit til þess í þessu sambandi, að þó að prestssetrum sé þarna fækkað verulega frá því, sem nú er, og að mönnum sé ljóst, að slíkt sé eðlilegt og framkvæmanlegt, þá er það nú samt svo, að hér er um viðkvæmt mál að ræða, og ef gengið er of langt í að fækka prestssetrum, er hætta á, að málið mæti andstöðu á Alþ. og hljóti ekki afgreiðslu. Þess vegna verður að hafa það í huga, að betra er að koma fram breyt., sem ganga verulega í rétta átt og gera stórfelldar leiðréttingar, eins og þetta frv. leggur til, heldur en að leggja til, að lögð verði niður prestaköll, sem valda mótþróa hér á Alþ. og frv. kunni að stranda fyrir þá sök.

Ég býst við, að ýmsa hv. þm. fýsi að vita eitthvað um það, hve mikinn sparnað þessar ráðstafanir, sem lagt er til, hafi í för með sér, og skal taka fram í upphafi, að það er að sjálfsögðu hægt að gera um það nokkuð nákvæma útreikninga, en ég hef þá ekki við höndina nú og það af skiljanlegum ástæðum, en það verður vitanlega hægt að upplýsa þá n., sem fær málið til meðferðar, um þau atriði. Eins og grg. ber með sér, gerir n. þær till., að þeim sparnaði, sem verður af því að fella niður þau prestssetur, sem lagt er til, og sameina sóknir þeirra nágrannaprestaköllunum, verði varið til að byggja upp önnur prestssetur. Ráðun. gat ekki fallizt á að binda þetta þannig, og mér finnst ekki eðlilegt, að það sé tekin ein framkvæmd þannig út úr, sem sé bygging prestssetra, og ráðstafað fyrir fram um mörg ár. Við vitum ekki um, hvernig ástatt verður hjá okkur á næstu árum, og mér finnst eðlilegt, að það verði á valdi Alþ. á hverjum tíma, hvaða framkvæmdir sitji fyrir.

Ef það væri eitthvað að öðru leyti, sem ég gæti upplýst í þessu máli við þessa umr., þá er ég að sjálfsögðu fús til þess að svo miklu leyti, sem það er á mínu valdi. (**Forseti:** Vill hæstv. ráðh. gera uppástungu um það, hvaða n. fær málið til meðferðar?) Ég hygg, að réttast sé, að málið fari til hv. menntmn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að hafa tekið málið af dagskrá í gær til þess að gefa hæstv. ráðh. tækifæri til að vera viðstaddur 1. umr. og segja nokkur orð um frv. Jafnframt vil ég þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa skýrt frv. fyrir d.

Eins og hæstv. ráðh. minntist á, er þetta mjög viðkvæmt mál, og þess má vænta, að einstakir þm. vilji hafa nokkur afskipti af því, áður en gengið verður endanlega frá frv.

Það hefur verið búið svo að prestssetrum úti á landi, að það er meginástæðan fyrir því, að ekki hafa fengizt prestar til þeirra árum saman, vegna þess að prestshúsin og peningshúsin á jörðinni hafa verið í svo mikilli niðurníðslu, að engir ungir og félitlir prestar hafa trevst sér til að byggja þau upp með þeim kjörum, sem ætlazt er til, að þeir reisi húsin fyrir. Á sama tíma hefur prestum fjölgað mjög í Reykjavík, sem eðlilegt er, því að hingað hefur fólkið safnazt, svo og á Akureyri, sem hefur vaxið á síðari árum. — Sú stefna, sem hér er tekin með fækkun prestakalla, verður enn eitt meðalið til þess að draga fólkið úr sveitunum og íþyngja þeim, sem þar eru eftir í baráttunni við að lifa við sómasamleg lífskjör. Það er að vísu rétt hjá hæstv. ráðh., að bættar samgöngur hafa einnig orðið til þess, að raddir hafa komið fram um, að nú sé hægt að fækka prestssetrum, vegna þess að prestar eigi nú hægara um vik með að sinna embætti sínu, og um það skal ég ekki deila. En mér finnst annar mælikvarði koma hér og til greina, og hann er sá, að prestsembættinu fylgir annað en að sinna ákveðnum prestsverkum, og það eru hin andlegu og hvetjandi áhrif, sem prestar eiga að hafa á sóknarbörn sín. Ef sá mælikvarði er hafður í huga, þá hafa bættar samgöngur lítið að segja. Það er nú svo komið í mörgum héruðum úti á landi, að þar er enginn menntamaður eftir nema presturinn, og ef hann flyzt í burtu, hygg ég, að það sé ekki svo lítið atriði fyrir fólkið, sem eftir er. Að vísu eru þar einnig sýslumaðurinn og læknirinn, þar sem þeir sitja, en presturinn hefur minna umdæmi og er því í nánari tengslum við fólkið, og það er verið að ráðast á þann garðinn hér. Þetta er stórt atriði, og ég hygg, að hv. menntmn. verði að athuga þetta mjög gaumgæfilega, áður en lagt er til að fækka prestssetrum, svo sem nú er lagt til. Ég er þó ekki að segja með þessu, að ekki megi að einhverju leyti færa saman prestsþjónustuna, en við verðum að fara mjög varlega út í þau mál og miklu varlegar en hér er gert í frv.

Nú mætti ætla, að þetta frv., sem gert er af skipulagsn. prestssetra, en í henni eiga sæti skrifstofustjóri dómsmrn., hr. Gústav A. Jónasson, ritari biskups, hr. Sveinn Víkingur, og landnámsstjóri, hr. Pálmi Einarsson; nú skyldi maður ætla, að hinir tveir fyrstnefndu væru gagnkunnugir þessum málum, svo að ekki hefði þurft að tala um, að þá skorti þá þekkingu, sem hæstv. ráðh. sagðist ekki hafa og að ekki væri fyrir hendi í ráðun. En ef athuguð er uppbygging frv. í heild, undrast maður yfir því, hvernig slíkt frv. hefur getað komið frá þessum mönnum, því að ekki hefur tekizt að stíla frv. við réttar gr. í upphaflegu l. Frv. eins og það er lagt fyrir er stílað við l. nr. 45 10. nóv. 1907, en við þau l. hafa verið gerðar ýmsar breyt., og ég hygg, ef n. ber það saman við l. sjálf frá 1907, muni hún komast að raun um, — eins og hv. 1. þm. N-M. sagði í gær —, að þetta frv. er stílað við l., eftir að gerðar höfðu verið á þeim breyt. og þau prentuð upp í lagasafni árið 1947, en ekki við l. í sinni upphaflegu mynd frá 1907. Þetta er að vísu aukaatriði, sem má lagfæra, og kemur þá til greina og til athugunar fyrir þá n., sem fær málið til athugunar, hvort ekki sé nauðsynlegt að orða alla 1. gr. um.

Þá vil ég leyfa mér að benda á nokkur atriði í

sambandi við þær breyt., sem hér á að gera. — Það er lagt til, að Stóra-Núpsprestakall, sem í eru 600 manns, eigi að fella niður og sameina það Hrunaprestakalli. Ég held, að ekki verði um það deilt, að mjög erfitt verði að fella svo stórt prestakall undir aðra sókn, og ég er ekki í vafa um það, að slíkt muni mæta mjög mikilli andstöðu, og ég hygg, ef hæstv. ráðh. kynnir sér þetta, að hann muni sjá, að ekki sé heppilegt eða auðvelt að samþ. þessar breyt. á skipun prestakalla.

Enn fremur er gert ráð fyrir að fella niður Rafnseyrarprestakall. Nú er það að vísu rétt, að í því er í dag búsettur 91 maður samkvæmt því, sem getið er í grg. En er hæstv. ráðh. viss um, að meiri hl. þm. vilji gera fæðingarstað Jóns Sigurðssonar að annexíu? Ég verð fyrir mitt leyti að harma það, ef slíkt verður gert. Ég tel, þótt þar sé fátt fólk, að það eigi að búa svo að þeim stað að gera hann að sérstöku heiðursprestakalli.

Sama er að segja um Þingvelli. Það hefur verið látið viðgangast á þeim sögulega stað og þar sem kristni var lögtekin á Íslandi, að hafa staðinn prestslausan um mörg ár, þó án nokkurs fjárhagslegs hagnaðar fyrir ríkissjóð, því að ég veit ekki betur en að sá kostnaður, sem hefði runnið til prestsembættis á Þingvöllum, hafi gengið til annarra presta. Ég tel sjálfsagt, ef það á að gera breyt. á skipun prestakalla, þá eigi að setja þar prest og hafa þar prestssetur og gera staðinn að heiðursprestssetri. Og ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Er þetta ekki ein ástæðan til þess, að prestslaust er í Árnesi, að farið hefur verið þannig með prestssetrið? Þetta er meginástæðan fyrir þessu á Brjánslæk, að farið hefur verið þannig með prestssetrið þar. [Frh.]

Forseti (BSt): Nú verður að fresta fundi, þar eð búið er að boða fund í Sþ. klukkan 2. — [Fundarhlé.]

Gísli Jónsson (frh.): Mér skildist á hæstv. ráðh., að meginástæðan fyrir því að gera nýja skipan á prestaköllunum væri sú að reyna að spara allverulegt fé fyrir ríkissjóð, og er þá litið í burt frá því, hvort hin andlegu mál þjóðarinnar líði við það eða ekki. Skal ég taka þá hlið málsins til athugunar.

Hér er farið fram á að sameina nokkurn hluta þeirra prestakalla, sem setin eru, annars vegar, og hin, sem ekki fást prestar í, en nærliggjandi prestar verða að þjóna og hafa, að mér skilst, allverulegt laun fyrir hvert prestakall, sem þeir þjóna. Þó að þetta frv. verði að l., þá skilst mér ekki, að fyrir liggi neinn sparnaður í þessa átt, vegna þess að það er ekki hugsað að skipa þessu fyrr en þeir prestar eru farnir úr sínum embættum, sem sitja í aðalprestaköllunum og taka 1½ laun, þannig að enginn sparnaður yrði að þessu fyrst um sinn, og í mörgum þeim prestaköllum sitja jafnvel ungir menn. Ég hefði því viljað spyrja hæstv. ráðh., hvort ekki mætti gera aðrar skjótari breytingar til sparnaðar fyrir ríkissjóð, og vildi spyrja, eftir hvaða lögum og reglum fer um laun þessara presta, sem nú taka tvöföld laun fyrir slíka þjónustu, og sé það hugsað, að þegar þetta verður veitt næst, þá eigi ekki að greiða viðkomandi prestum, sem þá kynnu að sækja um embættin, meira en prestum er greitt almennt, hvers vegna er þá ekki hægt að komast að samkomulagi við prestana eða bjóða með l., að þeir skuli gegna meira en þessu án þess að fá tvöföld laun? Mér sýnist a. m. k. erfitt að eiga að fyrirskipa það með l. að fá prest til þess að gegna embætti, sem hann þarf að fá tvöföld laun fyrir; ég held það yrði erfitt að fá presta í slík embætti, og gæti það orðið til þess, að prestssetrin legðust í eyði. Þetta finnst mér vera mjög athyglisvert.

Það er rétt, sem ráðh. sagði, að það eru önnur prestsembætti, sem ætti að leggja niður frekar en þessi í frv. Hér er t. d. ekki minnzt á að sameina tvö prestaköll í mínu kjördæmi, þ. e. annars vegar Brjánslæk og Flatey hins vegar. Í Flatey situr nú prestur með eina kirkju og aðeins nokkur hundruð manns. Hin kirkjan, sem á að vera í prestakallinu, á Múla í Múlasveit, hefur ekki verið þar í s. l. 15 ár og hefur þess vegna enga aðra sókn en Flatey eina, og hefur presturinn þar í mörg ár þjónað Haga annars vegar og Brjánslæk hins vegar, samfara sinni heimakirkju í Flatey. Fyrir þetta hefur hann haft 1½ prestslaun, eins og aðrir prestar fá fyrir að þjóna sókn, sem þeir hafa ekki fengið veitingu fyrir. — Það er ekkert minnzt á, að þetta skuli sameina, og tel ég þó, að eigi að fara inn á þessa braut, sé nær að sameina þessi tvö prestaköll en sumt, sem hér er farið fram á, og tel ég, að ætti mjög að athuga það. — Mér er líka kunnugt um það, að presturinn, sem sat nú síðast í Sauðlauksdal, flutti í burtu aðeins vegna þess, að hann fékk enga áheyrn hjá kirkjumálastjórninni um nauðsynleg peningshús á jörðinni, þannig að þessi fádæma góða jörð hefur verið í eyði og grotnar niður bara vegna þess, að ekki eru uppfylltar þær nauðsynlegu kröfur að byggja hlöðu og fjárhús, þannig að sá ungi prestur, sem nú er kominn þar, hafði engu að að hverfa. Presturinn verður að hírast í öðrum hreppi og hefur enga von um viðreisn á staðnum, svo að þar verði fært að dvelja. En á meðan svo er, að prestar verða víða að sæta slíkum kjörum, þá er ekki von, að vel gangi að fá menn til starfsins.

Mér skilst, að ef frv. þetta nær fram að ganga, þá verði nauðsynlegt að setja sem svarar á aðra milljón í nýja prestsbústaði. Ef til dæmis á að flytjast prestur að Hólum, þá þarf þar að byggja fyrir að minnsta kosti 300—400 þús. kr. Eins er það, ef flytja á prestssetur að Selfossi frá Hraungerði, að þá þýðir það, að þar verður að reisa nýja byggingu — enda þótt vel sé um prestinn búið þar, sem hann er, og aðeins nokkurra mínútna akstur í bíl að Selfossi þaðan. En samt á að rífa hann upp þaðan þarna og flytja að Selfossi og afhenda svo sjálfsagt prestssetrið einhverjum bónda til búsetu. En þetta er ekki að mínu áliti til hagsbóta fyrir ríkissjóð né heldur að öðru leyti sérstakt hagræði.

Hæstv. ráðh. minntist á, að ýmsar aðrar breytingar en frv. gerir ráð fyrir mundu vera nauðsynlegar, en kvaðst ekki hafa næga staðarþekkingu til þess að gera tillögur um þær. En að mínu áliti hafa þeir, sem að frv. standa, heldur ekki haft næga staðarþekkingu eftir tillögum þeirra að dæma. Og það hlýtur raunverulega að vaka eitthvað annað fyrir n. en hún lætur í veðri vaka. Það skín í gegn, að tilgangurinn er sá, að fá

ákveðið fé í sjóð, er kirkjan ráði síðan yfir í framtíðinni. Slík leið er mjög athugaverð, enda upplýsti hæstv. ráðh., að hann vildi ekki, að inn á þá braut væri farið. Ég hygg það væri nú ráð að undirbúa nú betur þetta mál fyrir næsta Alþingi. Það er viðurkennt af hæstv. ráðh., að aðrar breyt. séu nauðsynlegar, og ég hef bent á, að ef gera eigi breyt., þá eigi önnur prestssetur að ganga fyrir en þau, sem n. tekur helzt til. Málið þarf sem sagt undirbúning miklu betri en þann, sem það hefur enn fengið. Ég tel, að hægt sé að skaðlausu að færa saman prestssetur og gera fleiri ráðstafanir, sem nemi til sparnaðar nokkrum tugum þúsunda. En í frv. er ekki um það að ræða. Og um allt slíkt þarf enn fremur að leita náins samkomulags við þá, sem byggja viðkomandi héruð.

Ég leyfi mér að óska þess, að n. taki gaumgæfilega til athugunar, hvort hún sjái sér ekki fært að leggja til, að Rafnseyri verði t. d. sköpuð einhver önnur kjör en að leggja þar niður prestssetur, slíkur staður sem hún hefur verið í sögu þjóðarinnar. Fyrir nú utan það t. d., að sá staður er tengdur minningu Jóns Sigurðssonar forseta, þá hefur þar um langt skeið setið merkisprestur og haldið skóla, sem hefur útskrifað ýmsa beztu menn þjóðarinnar. Og þar eru miklir möguleikar til að skapa einhver þau verkefni, er verða mættu þjóðinni til blessunar.

Þá vildi ég einnig heyra frá n., hvort hún gæti ekki fallizt á, að rétt væri að flytja aftur prestssetur að Þingvöllum. Það þarf ekki að kosta ríkissjóðinn neitt meira en það kostar nú að halda þar uppi prestsþjónustu. Sömu launin eru nú greidd öðrum, sem geta ekki rækt starfið í hjáverkum eins og til verður að ætlast, þar sem ýmis verkefni bíða prests á þessum stað. — Þetta þótti mér rétt að láta koma fram, því að ég á ekki sæti í n. Og ég vænti þess, að hún taki þetta til athugunar. Og sem verandi formaður Þingvallanefndar vildi ég gjarnan hafa fulla samvinnu í sambandi við þetta mál við hv. menntmn.

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Ed., 23. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er atriði í þessu frv., sem ég vildi gjarnan fá skýringu á hjá hæstv. kirkjumrh. Hann sagði, að það væri hér lagt fram í því formi, sem það kom í frá prestakallanefnd. En það er undarlegt, að hér er lagt til, að lögð verði niður prestaköll, sem hafa undanfarið haft presta, en aftur á móti er ekki gert ráð fyrir, að lögð verði niður prestaköll, sem prestar hafa ekki fengizt í svo árum skiptir og búin eru að vera í eyði af þeim sökum. Það munu nú vera 22 ár síðan þjónandi prestur var í Hofteigsprestakalli, síðan hefur það oftsinnis verið auglýst og enginn sótt um það, og menn eru fyrir löngu hættir að gera sér vonir um, að nokkur sæki um það. Og eins og hv. 2. þm. S-M. ætti að vera kunnugt, er sömuleiðis mjög langt síðan Mjóafjarðarprestakall fór í eyði, og hafa þeir haft prestsþjónustu frá Norðfirði og ekkert þótt að því fyrirkomulagi. Um þetta eru mörg dæmi, en á þetta er ekkert minnzt, en aftur á móti talað um að leggja niður þau prestaköll, sem prest hafa og sótzt er eftir. Ef hugsað er að fara þessa leið framvegis sem sparnaðarráðstöfun og þannig, að sem flestir verði ekki óánægðir, þá er enginn vafi á, að heppilegra er að grípa til þeirra prestakalla, sem búin eru að vera mörg ár í eyði, en byrja ekki á öðrum, sem prest hafa. Ég hefði því viljað skjóta því til hv. nefndar að athuga þetta. Sjálfur tel ég persónulega enga þörf að hafa fleiri presta en lækna. Þó að e. t. v. sé mikið um sálsýki, sem prestar geta unnið bug á, þá tel ég, að ekki ættu að vera meiri vandræði að ná í prest til þess að lækna þann sjúkleika en að ná í lækna til að lækna líkamlega vanheilsu. Ég get því fyrir mitt leyti verið fylgjandi miklu meiri fækkun en hér er gert ráð fyrir, en mér þykir vanta þá staði, sem til greina gæti komið að leggja niður á undan þeim stöðum, sem hér er um að ræða. Það hefur nú í nokkur ár, víst ein 10, verið aðeins einn prestur í allri Austur-Skaftafellssýslu, og enginn fengizt til að sækja um þau tvö prestaköll, sem þar eru laus að auki, en nú sé ég ekki betur á þessu frv. en aðeins eigi að leggja annað þessara prestakalla niður, en hitt eigi að standa. En til hvers að vera að því, þegar fólkið sættir sig vel við að hafa bara einn prest í sýslunni?

Það, að fólkið sækist eftir prestum inn í sveitirnar, er af allt öðrum ástæðum en hv. þm. Barð. hélt fram. Það er svo, að prestssetrin eru venjulega góðar jarðir, og það er af fjárhagslegum ástæðum, til að geta lagt útsvör á laun þeirra, sem sótzt er eftir prestunum inn í sveitirnar. Sem dæmi um þetta get ég nefnt það, að oft hefur risið upp krafa um að skipta milli hreppa útsvari prests, sem þjónaði í fleiri hreppum, en átti búsetu í öðrum, á milli hreppanna. Sama hefur gerzt með lækna. Auðvitað hefur aldrei orðið af slíkri skiptingu útsvara. Hún hefur strandað á ríkisskattanefnd. En af þessu geta menn séð, að það eru ekki prestarnir, sem sótzt er eftir, heldur laun þeirra, þeir hafa há laun, og það er sótzt eftir því að geta lagt útsvör á þau. — Ég vil svo endurtaka það, að nefndin taki það til athugunar að bæta inn öllum þeim prestaköllum, sem eru prestslaus, og í öðru lagi að orða alla 1. gr. l. frá 1907 upp, en koma ekki með breytingar, sem hafa í för með sér breytingar á 4. og 5. gr. laganna, og er það miklu réttara að koma því þannig fyrir, að þessi ákvæði séu öll á einum stað, heldur en að þurfa að hafa öll þau ákvæði, sem gildandi eru um þessi efni, til þess að vita, hvað rétt er og rangt. Ég vil svo mjög styðja að því, að n. athugi gaumgæfilega, hvort ekki er hægt að leggja niður öll þau prestaköll, sem nú hafa verið prestslaus til fleiri ára.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja nokkur orð út af ræðu síðasta ræðumanns. Það má segja, að þó að þetta sé stjórnarfrv., þá er það samið af nefnd þriggja manna, skrifstofustjóra kirkjumálaráðuneytisins, ritara biskups og landnámsstjóra. Hins vegar áleit ríkisstjórnin eðlilegt að fækka prestssetrum nokkuð, og þá eðlilegt að leggja niður þau prestssetur, sem staðið hafa laus um langan tíma, en láta þau standa, sem nokkur von er, að sótt verði um, en það merkir raunverulega ekkert annað en launauppbót fyrir nágrannaprestinn.

En frv. miðast ekki aðeins við þessa hugsun. Í mörgum þeirra prestakalla, sem ekki á að leggja niður, eru þjónandi ungir menn, sem eiga eftir langan starfstíma, svo að ekki eru horfur á, að um beinan sparnað verði að ræða í náinni framtíð. Hv. þm. er samþykkur þeirri hugmynd frv. að fækka prestum úti um land, en þá vaknar sú spurning, hvort ekki sé rétt að fjölga prestum á þeim stöðum, þar sem fólkið er fleira, t. d. í Reykjavík. Þar munu nú vera 6 fastir prestar og auk þess 2, sem starfa við fríkirkjusöfnuði, og við sjáum, að það koma 6—7 þús. manns á prest, og að áliti þeirra manna, sem til þekkja, er það allt of mikið, til þess að einn prestur geti rækt störf sín sæmilega við söfnuðinn. Í öðrum löndum, þar sem trúarlíf er að vísu blómlegra en hér, er talið, að einn prestur geti ekki sinnt nema 2—3 þús. manna söfnuði, og virðist skynsamlegt, að til þess væri tekið hér tillit. Það kom fram hjá hv. þm. Barð. að hafa preststsetur á sögufrægum stöðum, og nefndi hann Rafnseyri í því sambandi, og vissulega er það mikilsvert að halda uppi heiðri Rafnseyrar framvegis. En til þess verður líka að taka tillit, þegar þess er gætt, að prestarnir eiga að vera sálusorgarar fólksins, þá er það mikilsvert, að þeir séu á þeim stöðum, þar sem fólkið býr, ef miðað er við það, að þeir geti rækt starf sitt á sem beztan hátt, og því er ekki vit að hafa presta úti um land með söfnuði, sem telja ekki nema 2—3 hundruð, en hér í Reykjavík verða þeir að anna 6—7 þús. manna söfnuði og sumir fleiri. Á þessu verður að fást ráðin bót. Ég tel, að rétt sé að leggja niður þau prestaköll, sem engir prestar fást í, en tel jafnframt rétt, að athugun fari fram á samræmingu á þessum málum, því að þar sem samgöngur hafa batnað, geta sveitaprestar nú sinnt miklu stærri prestaköllum en áður, en jafnframt verði prestum fjölgað hér í Reykjavík. Ég skal t. d. benda á það, að þegar Laugarnesprestakall var stofnað, þótti það vera hæfilega stórt prestakall, en hafi svo verið, sjá allir, að það er nú orðið ofviða einum presti og fráleitt, að einn prestur geti annað störfum þar, og sama sagan er um Nesprestakall og jafnvel dómkirkjuprestakallið og Hallgrímsprestakall. Það er sérstaklega þetta í ræðu hv. þm. Barð., að hafa beri prestana á vissum stöðum, þá tel ég, að taka beri tillit til þess, hvar fólkið er, og þar beri að hafa prestana. Og vissulega er það ástæðulaust að hafa fleiri presta en lækna, og má í því sambandi minnast á Rangárvallasýslu, þar sem nú munu vera starfandi 6 prestar, en ekki nema 1 læknir, en aftur á móti hér í Reykjavík eru ekki nema 6 prestar, en læknarnir munu nú nálgast hundraðið. Á þessu sést, hve mikill mismunur er í þessum hlutföllum, og ég tel, að ríkisvaldinu beri að stefna að því að færa þetta til meiri samræmingar en nú er. Um leið vil ég benda á, að full ástæða er til að athuga, hvort ekki er hægt að fá prestum meira verkefni með því að tengja starf þeirra meira við fræðslulöggjöfina. Það er ekki vafi á því, að prestarnir geta unnið mjög merkilegt starf á þessum vettvangi, og þeir mættu miklu góðu til vegar koma þannig, og skýt ég þessu hér fram til athugunar. Hv. þm. Barð. misskildi frv., þegar hann hélt, að hér væri um að ræða flutning á preststsetrum, sem hefði þá í för með sér flutning á Hraungerðisprestssetrinu að Selfossi, sem þó væri eðlilegt. Þetta er misskilningur, sem leiðréttist hér með.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það mátti við því búast, að fram kæmu mismunandi sjónarmið hvað viðvíkur fækkun preststsetra. En hér var reynt að fá þá menn til að gera tillögur um þetta efni, sem góða þekkingu ættu að hafa á þessum efnum. þá ritara biskups, skrifstofustjóra kirkjumálaráðuneytisins og Pálma Einarsson frá búnaðarsamtökunum, og kirkjumálaráðuneytið tók við tillögum þessara þriggja manna eins og þær liggja fyrir í því frv., sem hér er til umr. Og þegar ég tók till. nefndarinnar, eins og þær lágu fyrir í frv.-formi, þá gerði ég það vitanlega vegna þess, að þarna eru þrír menn, sem skipaðir hafa verið í n. til þess að rannsaka og gera till. um þessi mál. Og ég geri mér fyllilega ljóst, að málið er það viðkvæmt, að það er ákaflega erfitt fyrir ráðun. að gera aðrar till. en þessi n. gerir. Með þessu móti, að n. vinni þetta verk, jafngagnkunnug þessum málum sem undirbúningsn. er, má gera ráð fyrir, að verkið sé sæmilega unnið og hlutdrægnislaust, enda þótt sjálfsagt sé, að málið sé athugað í þingn. En það er eðlilegt, að þetta mál sé rætt og gefnar séu sem ýtarlegastar bendingar um það, áður en það fer í n. til athugunar. Og eðlilegast er, að sú n., sem fær málið til athugunar, krefji þá nefnd upplýsinga, sem hafði undirbúning málsins með höndum — hvort hún var skipuð af Alþ., man ég ekki — og er skipuð gagnkunnugum mönnum þessum málum. Og þeir munu vitanlega koma á fund menntmn.

Það hafa komið hér fram ýmis sjónarmið. Sumir álíta, að það eigi jafnvel verulega að taka tillit til þess, um hvaða staði er að ræða, þegar á að ákveða, hvaða prestaköll skuli lögð niður, og án tillits til samgangna og án tillits til fólksfjölda innan prestakalla, svipuð sjónarmið eins og komu fram um Hóla í Hjaltadal. Þetta sjónarmið hefur komið hér fram viðkomandi Rafnseyri og Þingvöllum. Það getur vel verið, að það þurfi að hafa ýmis sjónarmið í þessu máli og taka tillit til margra hluta. En ég er ákaflega hræddur um, að um þetta verði nú ekki allir sammála. Það er eitt meðal annars, að ég hef nú nýlega fengið upplýsingar um annan þessara staða, sem ég nefndi, að það er sáralítill tilkostnaður viðkomandi þjónustu á Þingvöllum. Prestunum, sem skipta þessu starfi á milli sín, er borgað alveg sérstaklega lítið fyrir það, en það er vitanlega ekkert afgerandi fyrir það sjónarmið, hvort eigi að hafa prest á Þingvöllum. En þegar rætt er um að hafa prest á þessum og þessum stað, af því að staðurinn sé helgur í hugum manna að einhverju leyti, og talað er um það jafnframt, að ekki megi fækka prestum í sveitum, vegna þess að þeir séu einu menntamennirnir á stórum svæðum, þá er rétt að taka tillit til þess gagnvart síðara atriðinu — með allri virðingu fyrir prestum —, að það eru vitanlega ýmsir menn í sveitum landsins, sem eru eins gagnmenntaðir og prestar og þeirra jafnokar á flesta lund, fyrir utan guðfræðikunnáttuna. Það þekkjum við, sem þekkjum til í sveitum þessa lands. Þjóðin er orðin það menntuð, að það er nokkurt annað viðhorf nú en var hér fyrr á tím-

um í þessum efnum. Og vitanlega er engin trygging fyrir því, — það verður að segjast eins og það er, því að prestar eru misjafnir eins og annað fólk — að heiðurinn fyrir staðinn sé annað en nafnið að hafa prest á einhverjum stað, sem menn vilja halda í heiðri með því að hafa þar prestssetur. Slíkt fer allt eftir því, hvernig valið tekst á prestinum. Sumir prestar eru til lítils sóma eða gagns, alveg eins og aðrir embættismenn. Og það á ekki frekar við um presta en aðra embættismenn. Það er svo um allar stéttir í okkar þjóðfélagi. Það gæti því hæglega farið svo, að staðnum sé ekki sá sómi sýndur með því að hafa þar prest, sem hins vegar gæti verið, ef vel tækist til.

Það hefur enn fremur komið hér fram það sjónarmið, að prestar ættu fyrst og fremst að vera þar, sem þéttbýlið er og þar sem þeir geta náð til fólksins. Þetta er rétt sjónarmið. En þetta er ekki heldur einhlítt að fara eftir. Og það skal ég benda á einmitt í sambandi við annað sjónarmið, sem hér kemur áberandi fram, sem er það sjónarmið, að það eigi að leggja niður þau prestaköll, þar sem ekki hefur fengizt prestur til að þjóna í nokkur ár undanfarið, eða um lengri tíma. Það er gersamlega útilokað að fylgja þessu sjónarmiði. Og ég get bent á alveg full rök fyrir því. Ég skal taka dæmi, sem minnzt var á hér og ég þurfti að minnast á hvort sem var. Það er Árnes í Árneshreppi. Það er talsvert margt fólk í þeim hreppi. En þannig stendur á þar, að þangað hefur ekki fengizt prestur um lengri tíma — ekki fyrir það, að ekki hafi verið boðizt til þess að gera fyrir prestssetrið eða til þess að gera fyrir prestinn eins og bezt er gert við presta, því að það var samþ. hér fyrir tveimur til þremur árum að veita fé til byggingar þar fyrir prestinn. Það var boðið fram, þegar hann vildi ekki flytja í hús, sem er mjög nýlegt og svo til ágætt, hús læknisins, en læknir fæst ekki þangað heldur. Og þá bauðst ríkið til að byggja hús yfir prestinn. Hann flutti samt burt. Þetta prestakall hefur verið auglýst a. m. k. tvisvar og látið fylgja þetta tilboð, sem ég gat um. En það fæst nú enginn prestur þangað, og það er af því, að þetta prestakall er afskekkt. Hins vegar er útilokað að leggja þetta prestakall niður, og það er af þeirri ástæðu, að þessa sveit skilur fjallgarður að norðan frá öðrum sveitum, og að sunnan er einn erfiðasti fjallgarður, sem er til á þessu landi, og er oft ekki hægt að komast til þessarar sveitar landveg að sunnan, nema eftir ströndinni, þar sem eru tvær ófærur, sem líka heita Ófærur, Veiðileysuófæra og Kambsófæra, þar sem farið er undir klettum og sætt sjávarföllum stundum. — Það er alveg útilokað að fylgja þeirri reglu gagnvart þessu prestakalli að leggja prestakallið niður, þó ekki hafi fengizt þangað prestur undanfarið til að vera þar. Það eru nú margir, sem stunda guðfræðinám í háskólanum, og það eru vonir til þess, að það fáist maður til að gegna prestsembætti þarna, ef á ekki að fylgja þeirri reglu að segja: Þið fáið engan prest, — það fæst enginn læknir til ykkar og enginn prestur hefur fengizt til ykkar undanfarið, þar af leiðir, að þið fáið engan prest. — Það er útilokað, að í framtíðinni þjóni læknirinn á Hólmavík þarna í Árneshreppnum. Það er aðeins haft þannig vegna vandræða nú. — En um prestssetursjörðina þarna er það svo, að hvenær sem prestur býðst til að vera þarna, stendur honum öll jörðin til boða með byggingum til að búa á, sem er ein bezta jörðin í hreppnum. — Hvaða trygging er fyrir því, að það fáist prestur að Stað í Grunnavík, þegar séra Jónmundur hættir sínu starfi? Allar líkur eru til, að það fari eins með prest þangað og með það að fá lækni og prest til að vera í Árneshreppnum. Og þó er útilokað að leiða það í lög, að prestssetrið þar verði lagt niður, — alveg eins og það er fráleitt að leggja með l. niður að hafa læknissetur á þeim sjö stöðum, þar sem enginn læknir hefur fengizt til að setjast að undanfarið. Menn bíða betri tíma um ný sjónarmið þeirra manna, sem fást munu til að starfa á þessum stöðum, nefnilega, að þeir fáist til að starfa þar, þó ekki sé eins gott um samgöngur til þessara staða og annarra.

Það þykir einkennilegt að leggja niður sem prestssetur staði, þar sem nú eru prestar. Það er vitanlega ekki einkennilegt. Ég skal taka fleiri dæmi úr Strandasýslu. Prófasturinn í Strandasýslu situr nú í Kollafjarðarnesi, sem eftir frv. á að leggja niður sem prestssetur. Og þetta er gert með hans samráði. En þó að ég breytti því ekki í frv., þá ætla ég að minnast á það við n., að það er rétt hjá hv. þm. Barð., að það ætti að leggja Óspakseyrarsóknir undir Prestsbakkaprestakall. En ef prestur er í Árnesi og ef prestur er á Hólmavík og prestur á Prestsbakka og ef presturinn á Prestsbakka tekur Óspakseyrarprestakall, þannig að það verði lagt undir Prestsbakkaprestakall, þá á ekki að vera nein ofraun þremur mönnum að þjóna þessum stöðum, þannig að þetta er orðið allt annað, þegar bættar samgöngur koma til greina. Þegar verið er að berjast fyrir því hér á Alþ. að koma vegum eftir strandlengjunni — og hv. þm. Barð. hefur orðið var við það, — hvað þýðir það? Það þýðir, að því er lokið að brúa átta vatnsföll á því svæði, sem ég hef verið að tala um, sem hafa verið tálmanir miklar á þessum leiðum og sum verið ófærur, eins og Tunguá, sem brúuð var síðast og nú er búið að ljúka. Nú er þess vegna svo margfalt auðveldara fyrir þrjá menn alls að þjóna þarna í prestsembættum heldur en það var fyrir fjóra, áður en þessar samgöngubætur voru gerðar. Og þetta eru þau eðlilegu laun fyrir það, sem lagt hefur verið fram í þessu efni, að auðveldara er fyrir embættismenn að þjóna á þessum stöðum.

Fleiri dæmi skal ég taka. Í Skagafirði er fast sorfið að í frv., eða hitt þó heldur. Ekki er lagt til, að Barð í Fljótum verði lagt niður sem prestakall. Prófasturinn í Skagafirði segir, að hægt sé að þjóna því frá Hofsósi. Það er ekki langt frá Hofsósi þangað né til Hóla. Þar er prestur. Og það er ekki orðið ákaflega torfarið, þegar ágæt braut er komin eftir Blönduhlíð, og ekki sérlega erfitt fyrir prestinn á Miklabæ að þjóna á stærra svæði en nú. Þarna eru austan Héraðsvatna nú fjórir prestar og ágætar samgöngur um svæðið. — Og vestan Héraðsvatna er lagt til, að Hvammur í Laxárdal verði lagður niður sem prestssetur og presturinn á Sauðárkróki þjóni í núverandi Hvammsprestakalli. En þá er þess að gæta, að Sauðárkrókur er orðinn nokkuð mannmargur, og er ekki óeðlilegt, að presturinn þar hafi ekki stærra svæði en er. — Þá höldum við áfram. Hér er ekki lagt til neitt um Glaumbæ eða Mælifell. En í

raun og veru eru Glaumbær og Mælifell þægilegt prestakall fyrir einn prest. En þannig getur hins vegar staðið á víða, þar sem prestssetur eru á góðum jörðum, sem eru eftirsóttar vegna hlunninda og þar sem þessar jarðir eru ekki afskekktar, og þar sem þó hvert prestakallið er við annað, að nógir fáist til að sækja um þessi prestaköll. Þannig er t. d. í Árnessýslu. En það er ómögulegt samkv. eðlilegum sjónarmiðum að komast hjá því að leggja til, að eitthvað af þessum prestaköllum sé lagt niður sem sjálfstæð prestaköll. Þannig er lagt til hér, að nokkur slík prestaköll verði lögð niður. En prestar hafa sótt eftir þessum prestaköllum í Árnessýslu, því að prestssetrin eru góðar jarðir og í þéttbýli, og þar er ágætt að vera.

Ég held, að í þessu frv. sé mjög í hóf stillt. Og vitanlega er ritari biskups, sem unnið hefur að undirbúningi þessa frv., einn í þeirra tölu, sem hafa manna mestan áhuga fyrir kristinni kirkju. Og hann gerir sér það fyllilega ljóst, sá góði maður, að það er ekki hægt að halda áfram þessari skipan, sem nú er, því að krafan hlýtur, vegna aukinna samgöngubóta, að verða sú, að fækkað verði prestaköllum sums staðar á landinu. — Hér er gert ráð fyrir, að Auðkúluprestakall sameinist Bergsstaðaprestakalli. Og þm. kjördæmisins segir, að það sé engin þörf á presti á Auðkúlu eftir að lokið sé byggingu brúar yfir Blöndu. En sjálfsagt yrði það svo, ef Auðkúluprestakall væri ekki lagt niður, að fjöldi presta sækti um Auðkúluprestakall, því að jörðin er góð og í góðu héraði.

Ég skal svo ekki fara öllu fleiri orðum um þetta mál. — Það hefur verið kvartað undan því, að þetta frv. kæmi ekki heim við l., sem það er stílað við. Og það kann að vera, að það megi að því finna, og er auðvelt að gera á því umbætur, og sjálfsagt er að ræða um það við þann mann, sem séð hefur um að semja frv., sem er skrifstofustjórinn í kirkjumálaráðun. og var einn af mönnunum í undirbúningsn.

En byggingar á prestssetrum eru, eins og hv. þm. Barð. er kunnugt, mikið vandamál. Það hefur verið reynt að koma því til vegar, að þessum málum miðaði áfram. Og þó að það væri gert, sem ég tók fram gagnvart Árnesi, þá er ekki á það að draga dul, að byggingar á prestssetrum eru á eftir tímanum, og lágu fyrir í ráðun., þegar ég tók við þar, skrifleg loforð um byggingar á prestssetrum, sem ekki voru uppfyllt, en átti að vera búið að uppfylla á þeim tíma. Í Eydölum átti að byggja 1949, en engir peningar hafa verið til þess, og presturinn hefur orðið að búa annars staðar.

Ég veit, að þetta mál er mjög viðkvæmt. En ég er jafnframt viss um það — og ég nefndi eitt dæmi um það, Skagafjörðinn, — að það er ekki nærri sorfið í þessu máli. Ritari biskups vissi, að það var ekki hægt að komast hjá fækkun prestakalla, og hann sá, að eðlilegt var að gera till. um fækkun, en hann vildi gera þær sem allra minnstar sem starfsmaður kirkjunnar.

Ég vil biðja þá menn, sem athuga þetta mál í n., að tala við n., sem undirbúið hefur málið, og reyna að koma réttlátum breyt. á þessum málum áleiðis gegnum þingið. Og þó ég sé þeirrar skoðunar, að réttmætt sé að fækka prestaköllum, þá er ég líka þeirrar skoðunar, að ef gengið sé lengra en hér er gert í frv., þá muni málið stranda. Því að það er nú einu sinni svo, að þó að allir tali um, að það þurfi að fækka embættismönnum, þá eru á því ýmsir annmarkar, þegar á að fara að framkvæma það.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er nú ekki að undra, þótt þetta mál sé nokkuð rætt hér í hv. d., svo viðkvæmt sem það er og svo ólíkar skoðanir sem menn hafa á málinu. Það hefur komið fram hér jafnvel hjá hæstv. ráðherrum, að hæstv. kirkjumrh. hefur allt aðra skoðun á málinu í heild en hæstv. dómsmrh. Og ég er sammála hæstv. kirkjumrh. um það, að það er ekki hægt að láta það vera ráðandi sjónarmið viðkomandi fækkun presta á landinu, að ekki hafi fengizt prestar í ákveðin brauð, sem viðkomandi sumum stöðum er m. a. af því, að það hefur verið búið þannig að þessum embættismönnum, að menn hafa ekki fengizt til þess að sækja þangað eða til þess að vera þar. Og á sumum stöðunum eru skepnuhús þannig, að það er ekki hægt að búa á prestsseturshúsunum. Og m. a. vegna þess hefur ekki verið hægt að halda prestum þar. Sums staðar hefur helmingur jarðarinnar verið settur í lífstíðarábúð, sem orðið hefur til þess að útiloka, að prestur gæti fengið alla jörðina og til þess beinlínis að stjaka presti frá því að vera í prestakalli. Því að enginn prestur vill búa þannig á móti öðrum manni á jörð, hvernig sem hans skapgerð kann að vera að öðru leyti. Þetta hefur orðið til þess, að á sum prestssetur hafa ekki fengizt prestar. Og það er alveg rangt að láta slíkt verða síðar til þess, að prestssetur verði lögð niður. Það ber fremur að endurheimta þann rétt til prestssetursins, sem fenginn hefur verið ábúandanum á hálfri jörðinni. Á Brjánslæk hefur hálf jörðin verið sett í erfðaábúð, sem útilokar það, að nokkur prestur sæki um að vera þar. Á síðasta vori hefði fengizt prýðilegur ungur prestur þangað, ef ekki hefði verið búið að ráðstafa þannig jörðinni eins og ég hef lýst. Og svo ætti að leggja prestssetrið niður af þessum sökum. Nei, slíkt kemur ekki til mála.

En í sambandi við þetta mál vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. kirkjumrh., hvort það sé samkv. úrskurði ráðun. eða samkv. lagafyrirmælum að greiða presti hálf laun fyrir hvert prestakall, sem hann þjónar auk síns eigin prestakalls. Mér skilst, að þessu sé hagað þannig nú, að hver prestur, sem tekur að sér að þjóna prestakalli auk þess prestakalls, sem hann er skipaður í, fái hálf laun fyrir hvert prestakall, sem hann þjónar auk prestakallsins, sem hann er skipaður í, og ef hann þjónar t. d. þremur prestaköllum fyrir utan sitt prestakall, þá fái hann ein og hálf prestslaun fyrir utan full laun, sem hann fær fyrir að þjóna prestakallinu, sem hann er skipaður í. Nú vil ég spyrja hæstv. kirkjumrh., hvort hann telji ekki, að hægt sé að ráðstafa þessu heppilegar fyrir ríkissjóð, þangað til þessu verði eitthvað breytt ákveðið. Hæstv. ráðh. hefur að vísu upplýst, að svona sé ekki um Þingvallaprestakall, heldur kosti það sáralítið fé að fá tvo presta til þess að þjóna Þingvallaprestakalli. Og ef hægt er að ráðstafa einu prestakalli þannig, að hægt er að fá prest eða presta til að þjóna þar fyrir lítið gjald, hvers vegna er þá ekki hægt að hafa þetta þannig um fleiri prestaköll? Því að ef hægt er að semja við núverandi presta um að

gegna þannig prestaköllum, þar til búið er að koma lagalegri skipan á þetta, þá er það ekki lítið spursmál fyrir ríkissjóð. — Ég harma það, að ekki skuli hafa verið tekið fastar á málum af hæstv. ríkisstjórn viðkomandi þessum tveimur prestaköllum, Rafnseyri og Þingvöllum. Ég hef ekki séð, hvað það kostar að þjóna Þingvöllum. En mér er ljóst, að það er engin sæmd að láta Þingvelli vera prestslausa og láta þá vera útkirkju frá öðrum prestssetrum. Og það má tryggja það, að þangað komi enginn vandræðaprestur. Það má gera með sérstökum l., til þess að setja þar heiðursprest, sem ákveðið væri, að skipaður væri af ríkisstj., en ekki kosinn af söfnuðinum. Og ég álít, að það þurfi ekki að kosta neitt verulegt fé. Það eru einmitt þær ástæður nú, að mjög auðvelt er að koma þessari breyt. á. Og ég teldi, að það væri mjög mikið til sóma fyrir landið, að það væri gert. Ég viðurkenni, að það er ákaflega erfitt að gera þetta á Rafnseyri. En þó er það svo, að ef farið væri inn á þessa braut, sem hæstv. dómsmrh. minntist á, að binda meir en gert hefur verið saman starf prestanna og fræðslustarf, þá mætti koma þar upp og starfrækja heimavistarbarnaskóla eða einhverja aðra fræðslustofnun, þar sem hægt væri að gera hvort tveggja, að láta prestinn starfa við þá stofnun samtímis því, sem hann rækti prestsembætti sitt. Það er ekki til sóma að láta þetta býli, Rafnseyri, traðkast niður og gera það þá síðar e. t. v. að eyðibýli, en hreyfa hvorki hönd né fót til þess að bjarga því sem býli frá glötun. — Ég vona, að n., sem fær þetta mál til athugunar, athugi, hvort ekki er hægt að gera eitthvað fyrir þessa staði annað en að gera þá báða að útkirkjum.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það eru fáein orð. Fyrst er þetta viðkomandi hálfu launanum til presta. Um það atriði hef ég það að segja, að ég skal ekki fullyrða, hvort til er lagaákvæði um þetta. En hinu get ég lýst yfir, að það er margra ára venja að hafa þetta svona, og annað er jafnvíst, að ég hef engan slíkan samning gert, síðan ég varð ráðh. þessara mála. Hitt er annað mál, að ég get athugað, hverju er hægt um að þoka, en það er ekki auðvelt, þegar búið er að gera slíka samninga við prestana, að fara að rifta þeim með samkomulagi og greiða þeim minna en gert hefur verið undanfarið, því að ég geri ráð fyrir, að eins sé yfirleitt varið með presta og aðra menn, að þeir séu nokkuð fastheldnir á fé. En það má athuga, hverju verði um þokað, en á undanförnum árum hefur ekki verið horft í það, þó að þessar greiðslur væru nokkuð háar.

Viðvíkjandi Árnesi, þá er nokkru auðveldara um að dæma en í að komast. Íbúum Árneshrepps þykir ekki gott, að Árnes fari í eyði, þar er gott æðarvarp og jörðin ein sú bezta í landinu, en hún er mjög stór, og presturinn á erfitt með að nytja hana, nema hann sé mikill búhöldur. Þar hefur því verið fylgt þeirri reglu að skipta stórum prestssetrum, og var það gert eftir tilmælum nýbýlastjórnar. Og sá kirkjan hér vel fyrir sínum hag. Þetta er einkum gert vegna þess, að prestssetrin eru víða stærstu og beztu jarðirnar í landinu, og eru mörg svo stór, að útilokað er, að einn bóndi hafi þörf fyrir alla jörðina í mörgum tilfellum, þegar byggt er á ræktun, en ekki rányrkju. T. d. hefur Grenjaðarstað verið skipt í 3 eða 4 parta. Og það er orðið erfitt að fást við prestana, ef þeir vilja ekki búa þar, sem fátt er fólk og lítið félagslíf, og ekki heldur, ef byggðin eykst og þrengist um þá, og ekki heldur, þó að presturinn hafi alveg heillega og sjálfstæða jörð, eins og t. d. í Árnesi, og landrými nóg. Þá má nefna eitt dæmi til, þ. e. Prestsbakki í Vestur-Skaftafellssýslu, en það er stór jörð, sem allir eru sammála um að skipta og presturinn líka, og er fyrirsjáanlegt, að það verður gert, og því verður haldið áfram um prestssetrin, því að prestarnir þurfa ekki að nota allt land þeirra. Þá mætti nefna sem dæmi um það; hve sumir prestar eru gefnir fyrir búskap, að það er ekki lengra en tveir tímar síðan maður kom til mín varðandi prestssetrið í Súgandafirði. Presturinn þar vill ekki búa á jörðinni, en annar maður býr þar sem stendur, en hann vill ekkert gera jörðinni til góða, því að hún verður alltaf að vera laus, ef presturinn kynni að vilja taka hana til ábúðar. Á meðan svo er ástatt, verður ríkissjóður að leggja fram fé til að koma í veg fyrir, að jörðin fari í eyði af því, að presturinn vill ekki búa þar. Sama er að segja um Stað í Steingrímsfirði. Það er ágæt jörð, einkum nú, af því að þar er heilbrigður sauðfjárstofn. Þangað fæst nú enginn prestur, og situr presturinn á Hólmavík. Það verður því að leigja jörðina eitt og eitt ár í senn, og það gefur að skilja, að á meðan svo er ástatt, þá vill ábúandinn ekki leggja fram fé jörðinni til góða. Og svo ætti ekki að vera leyfilegt meðan svo er háttað að láta bændur hafa hluta af jörðunum! Í Árnesi er jörðin húsalaus, og bóndinn hefur sagt: „Ég skal byggja, en ekki á meðan ég hef aðeins eins árs ábúð á jörðinni.“ Og þá var jörðinni skipt, eins og ég sagði áðan, og tel ég það tvímælalaust réttu leiðina. Þetta ástand er mjög mikið áhyggjuefni, þegar áhugi fyrir ræktun og búskap eykst og marga vantar jarðnæði, að láta prestssetrin liggja lítt notuð, því að þessar jarðir niðast niður, og gæti ég nefnt mörg átakanleg dæmi um slíkt, t. d. vestan úr Dalasýslu. — Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég þarf sérstaklega að taka fram, en ég tel eðlilegast, af því að hér er um viðkvæmt mál að ræða, að sem flest sjónarmið komi fram í málinu áður en það fer til n. Ég geri einnig ráð fyrir, að hv. n. hafi samráð við menn þá, er sömdu frv. þetta, og taki auk þess tillit til athuga semda þeirra, sem hér koma fram.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það kom fram hjá hv. þm. Barð., að hann telur orsökina til þess, að ekki fást prestar í sum prestaköll, þá, að jarðirnar séu svo illa farnar. Ég vil því mælast til þess, að hæstv. dómsmrh. vildi skýra frá því, hve langt áleiðis er komið því, sem hæstv. ríkisstj. og honum var falið að gera með samþykkt í Sþ. fyrir 2 eða 3 árum, en það var að athuga og samræma leigukjör í húsum, sem byggð eru handa opinberum starfsmönnum, þannig að ein lög gildi í þessu efni um presta, lækna, fógeta, skólastjóra o. s. frv., en það er nú ekkert samræmi í greiðslu á leigu fyrir þessi hús. Ég var þess hvetjandi, þegar hv. 1. þm. Rang. flutti þessa till. um, að ríkisstj. væri falið að gera þessa athugun, en síðan hefur ekkert heyrzt eða gerzt í máli þessu, en þegar prestssetrshús eru nú komin í 400 þús. kr.,

þá er nú orðin full ástæða til að gefa gaum að leigukjörum þessara húsa. Hæstv. forseti sagði áðan, að ég hefði aðeins rétt til að gera aths., og það er ef til vill ekki rétt að misnota leyfi hans, en ég kalla það ekki ræðu, er ég tók fyrst til máls, því að ég var aðeins að óska eftir, að málið væri tekið af dagskrá. — Það eru ekki nema tveir liðir í frv. þessu, sem hníga að prestaköllum, þar sem eru ungir prestar, sem ætla má, að verði til frambúðar, hinir liðirnir fjalla annars allir um prestaköll, sem eru laus eða eru að losna, og þess vegna er frv. byggt upp eins og það ætti að vera. N. hefði gjarnan mátt hafa meiri tíma til að athuga málið og gera aths. við það. Hún hefði t. d. mátt athuga um Hofteig, sem enginn prestur hefur fengizt að, síðan séra Þormar fór þaðan að Laufási einhvern tíma milli 1920 og 1930, og síðan aldrei fengizt prestur þangað. Af hverju er þetta ekki tekið, eða þá Mjóifjörður, og hvaða gagn er að því að hafa Kálfafellsprestakall, sem hefur verið prestslaust í 10 ár? Og enn vil ég benda á það, ef n. semur upp 1. gr., sem ég vona, að hún geri, þá verði tekið upp svipað fyrirkomulag og með læknishéruðin, að kenna prestaköllin við aðsetursstað prestsins, svo að maður fari ekki í grafgötur um, við hvað er átt, og að ekki sé verið að kenna prestaköllin við staði, þar sem prestarnir kannske sátu fyrir mörgum hundruðum ára. Hvaða þýðingu hefur t. d. að kenna prest við Prestsbakka, þegar hann er fluttur að Kirkjubæjarklaustri, eða Stað í Steingrímsfirði, þegar hann situr á Hólmavík og mun sitja þar í framtíðinni? Annars er ég á þeirri skoðun, að allur fjöldinn af hinum yngri prestum séu ekki menn til að stunda búskap, og þegar launalögin voru sett, fengu þeir laun með það fyrir augum, að þeir þyrftu ekki að stunda búrekstur. Í gamla daga stunduðu prestarnir búskap, af því að þá höfðu þeir lægri laun, en eftir að launin hækkuðu, eiga þeir ekki að stunda slíkt, því að í flestum tilfellum kunna þeir ekkert til þess og níða niður jarðirnar.

Forseti (BSt): Út af aths. þeirra hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. N-M. um það, að þeir hafi ekki talað nema einu sinni áður, vil ég taka það fram, að í 35. gr. þingskapa stendur, að flm. og frsm. hafi rétt til að taka þrisvar til máls, en aðrir þm. tvisvar, og ekkert er þar tekið fram, hve ræðurnar séu langar. Nú hef ég skráð, að þessir hv. þm. væru búnir að tala tvisvar, er ég veitti þeim orðið til að gera aths.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. 1. þm. N-M. vil ég taka það fram, að það er rétt, sem hv. þm. sagði, að fyrir einu eða tveim árum var samþ. hér í þinginu áskorun á ríkisstj. að láta undirbúa og semja heildarlöggjöf um embættismannabústaði. Skrifstofu þeirri, sem þetta heyrir undir, var svo falið að gera till. um þetta. Síðan var nokkuð að þessu starfað, og komu fram frumdrög að till. í þessu efni, sem þó var ekki hægt að byggja á. Þegar svo var komið málum, var stjórn sú, er þetta var falið, felld frá völdum, og síðan hefur lítið gerzt í þessu efni. En það er misskilningur, að þetta heyri undir dómsmrn., heldur frekar undir fjmrn. og þau ráðuneyti, sem þessi embætti heyra hvert um sig undir. Ég er samt ekki að skjóta mér undan ábyrgð á þessum efnum, heldur mun ég ýta við þessu máli á ný, en það verður varla hægt á þessu þingi að leggja fyrir frv. um þessi efni, og væri eðlilegast, að það kæmi fram í sambandi við launalögin og lög um réttindi og skyldur embættismanna, því að þar á það heima. Ég vil taka það fram út af því, sem komið hefur fram hér í umr., að ég tel óvefengjanlegt, að eðlilegast sé að leggja niður þau prestaköll, sem enginn prestur hefur fengizt til í mörg ár. Reynslan er ólygnust, og hún sýnir, að engir prestar fást í þessi prestaköll, og því er heppilegast að leggja þau niður, en það haggar því ekki, sem hæstv. kirkjumrh. sagði og hv. þm. Barð. tók undir, að í einstökum tilfellum getur þetta ekki átt við. — Þá vil ég taka fram út af aths. hv. 1. þm. N-M., að ég var honum ekki sammála, aldrei þessu vant, þegar hann vildi láta prestana hætta að búa á sveitajörðum. Ég tel það einmitt verulegan þátt í starfi prestanna og muni auka þeim virðingu og aðstöðu til að verða til góðs, ef þeir halda áfram að búa á góðum jörðum og vera sveitarhöfðingjar, eins og þeir hafa verið margir hverjir á liðnum öldum, jafnhliða því sem þeir voru sálnahirðar, og væri þeim til stórvansa, ef þeir hætta að vera það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 166, n. 530, 529).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem er til umr., kom fram snemma á þingi, síðari hlutann í nóvember, að mig minnir, og hefur legið til athugunar hjá menntmn. um tíma. Varð það úr, að n. treysti sér ekki til að styðja það eins og það lá fyrir, en var sammála um að gera breytingar á frv. og senda kirkjumálaráðuneytinu. Var það gert fyrir jól og eftir jól barst bréf frá kirkjumrn. Fellst það á till. n. að flestu leyti.

Tveir nm. voru fjarstaddir sökum veikinda, er málið var afgr., en aðrir nm. voru sammála um að bera það fram eins og það er nú á þskj. 529. Nefndin játar, að í raun og veru er það ofverk fyrir eina n. þingsins að gera allsherjar breytingu á skipun prestakalla í landinu. Þyrfti til þess milli þn. að öllum líkindum og miklu lengri tíma. En n. vildi ekki ganga fram hjá frv. og leggur því til, að þau prestaköll, sem enginn prestur situr í á þessum tíma, og eru þau mörg, sem hafa verið prestslaus um langan tíma, að þessi prestaköll verði sameinuð öðrum. Munu þau vera 9 alls. Má segja, að þessi prestaköll séu í niðurníðslu, og vantar þar flest til að messur geti verið fluttar. Getur verið, að kirkjur séu sums staðar í sæmilegu ástandi, en hús þarf víða að byggja upp eða eru á öðrum stöðum afar fornfáleg. Og þó að íbúðarhús séu sæmileg, þá þarf að byggja hús fyrir fénaðinn.

Þetta frv. var sent til umsagnar kirkjuráði, en hafði áður fengið umsögn Prestafélagsins. Kirkjuráð vill ekki prestakallafækkun, heldur fjölgun þeirra.

Í 3. lið þessarar umsagnar er þess getið, að við vitnum vitlaust til laga. Þetta hefur verið misskilið. Hér er um brtt. við frvgr. að ræða, en ekki lagagr. Þetta hafa þeir misskilið og sagt, að væri „óviðfelldið". Væri óþarfi að ræða það frekar. — Vænti ég þess, að sá hæstv. ráðh., sem mestur þungi dagsins hvílir á, verði viðstaddur, en hann hefur hvarflað frá, en ég geri ráð fyrir, að hann komi aftur.

Ég þykist vita, að margar brtt. muni koma fram í sambandi við þetta mál. Er það oft svo, að menn vilja hafa hlutina svona, en ekki hins vegar. En einhvers staðar verður að hefja róðurinn. Ég geri ráð fyrir, að jafnvel þó þetta frv. komist ekki sitt endaskeið á þessu þingi, þá verði það tekið aftur upp á næsta þingi. Með þessu fyrirkomulagi eru launakjör presta mjög misjöfn. Svo ég nefni dæmi, þá hefur einn prestur hér hærri laun en nokkur embættismaður hér, að undanskildum forsetanum. Hann hefur 15 þúsund krónur auk verðlagsuppbótar, og auk þess 1500 króna skrifstofulaun. Eru þetta alls 16500 krónur að viðbættri verðlagsuppbót. Þessi ágæti maður er hafður til þess að halda við kristinni trú í Austur-Skaftafellssýslu. Auðséð er, að þessa hluti þarf að lagfæra, þó ekki væri nema jöfnun á launum presta. — Við höfum horft yfir landið og spurt kunnuga menn í þeim héruðum, þar sem fækkun er fyrirhuguð, og hygg ég, að þeir séu fáir, sem eru á móti þessari till. — Væri hæstv. ríkisstjórn heimilað að semja við annan nágrannaprest um, að hann gerði prestsverkin, svo að hann þyrfti ekki að hlíta ósanngjörnum kröfum. Mætti hann fá aðstoð annarra, ef á þyrfti að halda.

Margir sjá eftir því, ef gömul prestssetur eru lögð niður, og finnst úr sögunni sá vegur, sem hefur fylgt jörðinni sem prestssetri. Má segja, að þegar er horfið frá verndun búhags, og eru það margir prestar, sem hafa hvarflað frá jörðum sínum og leita til kaupstaðanna og halda sig þar, en leigja svo jörðina með vissum skilyrðum, sem ég veit ekki, hver eru. Sum prestaköllin hafa verið í auðn, og veit ég um eitt, sem er nærri mér, sem hefur verið í auðn á fjórða áratug, nema þrjú ár.

Ég held, að það verði enginn vábrestur fyrir kristna trú hér á landi, þótt fækkað verði prestssetrum, ef hægt er að gera að þeim prestssetrum, sem prestar sitja á, bæði húsa- og jarðabætur, ef þeir vilja búa og nýta jörðina. Þætti mér ekki lítilsvert að heyra raddir hv. þingmanna um, hvernig horfir um þetta mál, þótt ekki fáist þetta samþ., en það fer eftir því, hvað þing situr lengi.

Nú segja eflaust margir, að einstakir staðir séu svo veglegir, að ekki megi hætta að hafa þar prestssetur. En þó prestar séu ágætir menn, geta bændur alveg eins gert staðina veglega. Skal ekki langt seilzt um öxl, en t. d. Þingvellir hafa hafizt til enn meiri vegs eftir að þeir hættu að vera prestsjörð. Mætti svo lengi telja. Það getur verið, að sett verði fram brtt. um prestssetrafjölgun, en það verður að skeika að sköpuðu, og er ekki óeðlilegt að ræða málið frá þessum grundvelli.

Ég tel, að ekki muni allir vera viðhlæjendur mínir í þessu starfi mínu. Þessi kross er lagður mér á herðar, og verð ég að bera hann. Ég býst við, að hann þyki frekar lagður á bak en brjóst. N. er sammála um að fara ekki lengra í þessu máli en hóflegt þykir og svo að hv. þm. gætu fylgt okkur.

Ég sá hæstv. kirkjumrh. bregða hér fyrir, og vona ég, að hann komi hér inn og árétti og lagfæri mína framsögu, sem ég ætla ekki að hafa lengri.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég þakka n. fyrir að hafa komið þessu í aðgengilegra horf en þegar það kom frá hæstv. ríkisstjórn. Er ég í aðalatriðum sammála. En eitt atriði er það samt, sem ég hefði kunnað betur við öðruvísi. Það, að hún kallar prestaköllin eftir gömlu prestssetrunum, t. d. Þóroddsstaðaprestakall, þegar búið er að byggja á Vatnsenda og presturinn er þar. Ég vil, að það sé kallað Vatnsendaprestakall. Og svo t. d. Víðvíkurprestakall, prestssetrið er nú flutt að Hólum, því ekki að kalla það Hólaprestakall? Einnig er óviðeigandi að kenna prestssetrið við Þykkvabæ. Það er langt síðan presturinn flutti að Ásum, og nú er verið að byggja þar, og þar mun prestssetrið verða.

Þetta vildi ég biðja nefndina að athuga. Ég kann betur við, að prestaköllin séu nefnd eftir þeim stað, sem presturinn býr á, og telja svo upp sóknirnar á eftir. Hví skyldi kenna þau við eldri staði, sem búnir eru að vera? — Þetta vil ég biðja n. að athuga og lagfæra til 3. umr. Það fer betur á því að kenna prestaköllin við núverandi prestssetur, en ekki þau, sem einu sinni voru, t. d. í tíð foreldra okkar eða afa og ömmu.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þar sem hæstv. ráðh. sést ekki enn, þá verð ég að eyða tímanum til þess að svara hv. 1. þm. N-M. Ég viðurkenni, að það var rétt athugasemd, sem hann gerði, og n. var þetta ljóst. Hún gerði sitt ýtrasta til þess að laga þetta á einstökum stöðum, t. d. Akranessókn, en ekki Skipaskagasókn. En það þarf ekki lítinn tíma og sérstakt yfirlit til þess að fara yfir, hvar breyta á nöfnum.

Ég vil geta þess, sem láðist í prentuninni, að talað er um Blönduóssóknir, en átti að vera Blönduóshreppur. Það getur ekki staðizt að skipta austan Blöndu í aðra sókn. Er ýmislegt fleira, sem er rétt og alveg sjálfsagt að athuga. Þar sem þessi hv. 1. þm. N-M. er svo örnefnavís, mun ef til vill verða leitað umsagnar hans. Tel ég rétt að athuga betur um þetta mál fyrir 3. umr. N. var þetta ljóst, en treysti sér ekki til að ráða bót á því nú. Þar sem hæstv. kirkjumrh. er nú kominn, mun ég ekki lengja mál mitt.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég hef ekki annað um þetta að segja en það, að ég get fellt mig við þessa breytingu á frv., þó þannig, að það hefði átt að gera ráð fyrir fleiri fækkunum en gert er í frv.

Ég sé ekki ástæðu til að vekja frekari umr. um þetta mál. Ég álít, að það ætti að geta náð fram að ganga án þess að valda miklum umr. eða ágreiningi, því að hér er svo stutt í farið með fækkanir. Eins og ég sagði, þegar ég lagði frv. fram, að einn maður, sem vann að þessu, gerði sér ljóst, að ekki væri hægt að komast hjá því að gera breytingu og fyndist, að það yrði að fara sem styztt í málið og sem fæst prestaköll yrðu lögð

niður. Mér finnst eðlilegt, að frv. nái fram að ganga án frekari breytinga, en víða þarf að taka málið til vandlegrar athugunar, bæði viðvíkjandi sveitum og kaupstöðum. — Ég ætla ekki að ræða málið nánar núna, til þess að vekja ekki óþarfa umræður. Mun ég svara fyrirspurnum, sem fram kynnu að koma.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég benti á það við fyrri umr. þessa máls, að það væri brýn nauðsyn á að fjölga prestsembættum hér í Reykjavík, og ég sé, að kirkjuráðið hefur einnig hreyft þessu í þeim aths., sem komið hafa frá því við frv. Ég sé þó ekki ástæðu til að flytja brtt. við frv. á þessu stigi, þar sem mér skilst, að verði frv. samþ., verði ekki önnur breyt. en sú, að lögð verða niður prestsembætti, sem enginn maður er í hvort sem er, og er það engin breyt. í sjálfu sér. — Ég vil taka undir það, sem fram hefur komið, að þrátt fyrir þessa breyt. er rík ástæða til að endurskoða prestakallaskipunina með tilliti til starfssviðs prestanna, en ég vil beina því til hæstv. kirkjumrh., að hann láti þá endurskoðun fara fram með það fyrir augum, að prestar verði fluttir úr mannfærri héruðunum á þá staði, sem fólkið hefur flutzt til. Það eru auðvitað hlutfallslega miklu fleiri prestar í sveitum en kaupstöðum, og það er alveg greinilegt, sérstaklega í Reykjavík, að prestar eru orðnir allt of fáir, ef menn á annað borð hafa trú á þeim og störfum þeirra, eins og löggjöfin gerir ráð fyrir og byggist á. Þess vegna mundi ég leggja á það mikla áherzlu, þó að þetta frv. verði samþ. með brtt. n., að Reykjavíkurprófastsdæmi yrði skipt í fleiri prestaköll en nú.

ATKVGR.
Brtt. 529,1 (ný 1. gr.) samþ. með 9:2 atkv.
— 529,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 529,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 529,4 (ný gr., bráðabirgðaákvæði) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 529,5 (fyrir „1. gr. laga“ í fyrirsögn kemur: lögum) samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Ed., 30. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 573, 574, 580).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég sé, að hér liggja fyrir brtt. frá n., og bjóst ég því við, að hún segði eitthvað um málið. — Ég flyt till. til rökst. dagskrár í þessu máli, og er hún á þskj. 574.

Er þetta mál kom frá hv. n., ræddi ég ekki einstök atriði þess, því að ég hafði rætt þau við 1. umr. málsins, og sá ég ekki ástæðu til þess að tefja tíma n. eftir að málið kom úr nefnd.

Ég sé, að n. hefur lagt mikla vinnu í þetta mál og jafnvel meiri vinnu en hægt er að vænta af henni í svona máli, og sýnir það bezt, hve málið er illa undirbúið.

Þetta mál er mjög viðkvæmt, t. d. fyrir viðkomandi héruð í sambandi við það, hvort leggja á prestaköll niður o. þ. u. l., en ekki hefur verið leitað umsagnar þessara aðila um málið, sem eðlilegast væri, að hæstv. ríkisstj. gerði; hins vegar hefur ekkert samkomulag verið gert við kirkjuráðið, sem telur sig helzta aðilann í landinu hvað þessi mál snertir. Og mér finnst málið þannig undirbúið, þrátt fyrir mikla vinnu hv. menntmn., að það sé ekki rétt að samþ. það á þessu þingi. Ég hef því borið fram þessa rökst. dagskrá í málinu og tel, að athuga eigi ýmis atriði í sambandi við það.

Í fyrsta lagi á að senda frv. eins og menntmn. hefur gengið frá því til umsagnar forustumanna kirkjumála í landinu, og í öðru lagi á að athuga, hvort viðkomandi héruð eru sammála þessari leið, sem hér er stungið upp á. En auk þess tel ég rétt að athuga, hvort ekki sé rétt að koma upp aftur sérstöku prestsembætti á Þingvöllum og stofna þar heiðursprestakall. Þetta ætti ekki að kosta ríkissjóð neitt fé, því að skv. lögum á að vera sérstakt prestakall á Þingvöllum með sérstöku prestssetri, en í mörg ár hefur hvorki verið þar sérstakt prestsembætti, eins og lög gera ráð fyrir, né það auglýst, eins og skylt er þó að gera. Þetta mundi ekki kosta ríkissjóð nein fjárútlát, því að launin eru greidd öðrum prestum, prestsbústaðurinn er til, — að vísu situr ráðsmaðurinn þar, en vandalaust að láta honum annan bústað í té, t. d. Gjábakka. Ég get því ekki séð, að þetta mundi hafa neinn aukakostnað í för með sér.

Er ég ræði hér um heiðursprestakall, er hugmyndin sú, að presturinn verði ekki kosinn, heldur skipaður, og mundi hann þá vera sérstakur menntamaður, sem þekki sögu Þingvalla og annað tilheyrandi út í æsar.

Auk þess hafa ýmsar ríkisstj. farið fram á, að erlendir menn fengju að dveljast á Þingvöllum um tíma, og væri því eðlilegast, að þar sæti sérstakur menntamaður, sem væri landinu til sóma. En ráðsmaðurinn getur skiljanlega ekki annað þessu, enda hefur hann öðru hlutverki að sinna. — Að ég hef einnig bent á Rafnseyri sem slíkt heiðursprestakall, er vegna minningar Jóns Sigurðssonar. Ég álít, að það beri að gera eitthvað fyrir þann stað, og ef litið er aftur í tímann, þá er ekki hægt annað en viðurkenna störf séra Böðvars Bjarnasonar á staðnum, því að þar hafa hlotið undirstöðumenntun sína margir af ágætismönnum þjóðarinnar. Ég tel, að það þyrfti ekki að sjá eftir fé, sem varið yrði til þess að halda þar uppi slíkum menntamanni eða til að heiðra staðinn á einhvern annan hátt, og ég tel alls ekki sæmandi að þurrka Rafnseyri út sem prestakall, nema gera þá eitthvað fyrir staðinn um leið. Ég skal viðurkenna það, að sóknin þar er orðin fámenn og nokkur býli komin þar í eyði. En hins vegar er ekki hægt að hringla til með prestaköllin, þótt sveiflur á fólksfjöldanum komi einhvern tíma, og það eru líkur til, að þarna muni byggjast aftur hvert býli, er búið er að virkja Dynjanda. Með þessum forsendum hef ég lagt til, að málinu yrði vísað frá með rökst. dagskrá, eins og prentað er á þskj. 574. — Að öðru leyti mun ég ekki ræða þetta mál nú, nema þá ef sérstakt tilefni gefst.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef ekki margt að segja um þetta mál frá því sem var við 2. umr. þess. Það er náttúrlega ýmislegt, sem hægt væri að svara úr hinni hógværu ræðu hv. þm. Barð., en ég var að nokkru leyti búinn að minnast á þá hluti við 2. umr. málsins. Því er þannig farið með þetta mál, að það er ekki ætlunin að tjalda nema til einnar nætur með þessu frv., sem hér liggur fyrir, og eins og ég hef tekið fram áður, er aðaltilgangur þess sparnaður og að kirkjumálaráðuneytið hafi frjálsar hendur til ráðstöfunar á þeim prestaköllum, sem nú eru laus, og að það sé ekki bundið á annan hátt af ríkissjóði. Nú veit ég, að það hafa verið uppi raddir um að fjölga prestaköllum, þar sem fólkið hefur sótt að, og meira að segja hafa tveir nm. uppi óskir um það, að prestaköllum fjölgaði; það eru þeir hv. uppbótarþingmaður G-K. og hv. þm. Reykv. í nefndinni. En samt sem áður hafa þessir 2 þingmenn litið svo á, að það væri rétt að láta þetta frv. ganga fram. Við nm. erum sammála um það, að það verður að fara fram endurskoðun á þessum málum síðar, en slík endurskoðun var síðast gerð 1905, og var þá sett milliþinganefnd til að rannsaka þetta mál, því að það er svo mikilsvert. Því tók nefndin það ráð nú að taka aðeins þau prestaköll og leggja niður, sem minnstur styr stóð um og þar sem fólkinu hafði fækkað mjög og viðkomandi þm. óskaði ekki sérstaklega eftir, að því yrði haldið. Ef á annað borð er ætlunin að spara með því að fækka embættismönnum, þá verður þessi leið ekki sniðgengin. Í því kjördæmi, sem ég tel mig vera nokkuð riðinn við, á að fækka prestaköllunum um eitt, og ég segi fyrir mig, að ég geng ekki glaður til fylgis við það atriði, þótt ég telji rétt að fækka þannig heldur um embættismenn. Um dagskrártill. hv. þm. Barð. vil ég segja það, að mér finnst í sambandi við heiðursprestaköllin, að það efni ætti frekar heima í sérstöku frv., og ef ætti að fara að ræða það á annað borð, þá væri naumast hægt að ganga fram hjá jörðinni Skálholti í því sambandi. Og sama er að segja um Hóla í Hjaltadal, að þar ætti þá líka að vera heiðursprestakall. Í sambandi við hugmynd hv. þm. um hlutverk heiðursprestsins á Þingvöllum, þá skilst mér, að það geti orðið þröngt fyrir dyrum hjá prestinum, ef hinir tignu erlendu gestir eiga að troða sér inn í bústað hans. Ég hygg það mundi þá vera heppilegra að byggja yfir þá sérstaklega. Ég tel, að hv. þm. hafi ýmislegt til síns máls, en eins og hér er komið málum, tel ég heppilegra, að hann spyrni nú ekki á móti þessari sparnaðarráðstöfun með því að blanda till. sinni um heiðursprestaköll inn í þetta mál. Það getur svo komið tími til ráða um það, hvað gera eigi í þessu máli um heiðursprestaköllin. Annars finnst mér, að það gætu þá verið vígslubiskupar, sem á þeim sætu, og þeirra hlutverk gæti þá verið m. a. að greiða götu útlendinga. Ég held, að verði nú farið að elta uppi allar sóknarnefndir til að fá umsagnir þeirra, þá muni það bera lítinn árangur. Við vitum, að það mundi fara svo, að þær æstu sig upp saman gegn málinu, og það eina svar, sem við fengjum frá þeim, yrði bláköld neitun. Þetta vitum við ósköp vel. Nú, við biskup erum við löglega afsakaðir, að spyrja hann ekki ráða, því að hann mun nú kominn vestur og suður í Mexíkó. En plagg það, sem frv. þetta er byggt á, er þó komið frá fulltrúa hans á biskupsskrifstofunni. Því held ég það væri heppilegra fyrir hv. þm. Barð. að fylgja nú þessu frv., jafnvel þótt það nái ekki til ríkis hans, og ég skil ósköp vel hans þenkimáta og lái honum ekki, þótt honum þætti skemmtilegt að sjá veglegar byggingar blasa við á Rafnseyri, er hann sigldi inn Patreksfjörðinn, og vita, að þar situr höfuðklerkur í stóli. Ég skil þetta sjónarmið hans, en ég held það væri þó réttara, að hann léði frv. fylgi og tæki aftur dagskrártill. sína. Því að hvort sem þetta frv. nær fram að ganga eða ekki, hvort sem það verður svæft í Nd. eða ekki, ef það kemst þá með lífsmarki frá hv. þm. Barð., þá er samt rétt og sjálfsagt að vinna að frekari breyt. á skipun prestakalla frá því, sem nú er. Og ég vil taka fram, að með þessu frv. er alls ekki ætlunin að stugga neinum presti úr sínu prestakalli. Það á ekki að ýta við eldri prestum, nema þá þeir sjálfir eða sóknarbörn þeirra óski eftir því, en hins vegar leggja þau prestaköll niður, sem enginn sækir um og enginn prestur hefur verið í um langt skeið og byggingar máske orðnar óhæfar. Og ef þetta frv. nær ekki fram að ganga, þá sýnir það sáralítinn vilja hjá Alþingi til að spara í embættisrekstrinum, og hefur þó stundum kveðið við annan tón, þegar um hefur verið að ræða hærri laun eða skipun nýrra embætta. Þetta vildi ég segja nú um þetta frv. og hef þar engu við að bæta. Það verður að láta guð skipta giftu um það, hver örlög þess verða, hvort það nær samþykki hér í þessari deild og hvað hv. Nd. gerir svo við það.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Eftir hina ágætu og skörulegu ræðu hv. form. og frsm. menntmn. hefði ég gjarnan getað fallið frá orðum mínum hér núna. Það er vafalaust rétt hjá hv. þm. Barð., að þetta mál er bæði stórt og viðkvæmt, enda hefur verið reynt að fara þannig að því, að ekki verði tekið á hinni viðkvæmari hlið þess, heldur er aðeins lagt til, að lögð verði niður þau prestaköll, sem staðið hafa auð og engin þörf er á lengur vegna breyttra staðhátta, sem eru einkum fólgnir í fækkun fólks og betri samgöngum en áður. Eins og hv. frsm. gat um, var málið undirbúið af skipulagsnefnd preststsetra, sem sendi álitsgerð til kirkjumálaráðuneytisins, undirritaða m. a. af Sveini Víking. Í því áliti segir m. a.: „Að athuguðu máli telur nefndin geta komið til mála að leggja niður allt að 11 sveitaprestssetur og sameina söknir þeirra nágrannaprestaköllunum.“ Nú hefur málið tekið þeim breytingum í meðferð menntmn., að frekar er dregið úr þeim till., sem þessi nefnd gerði, en hvergi farið út fyrir þær. Það hefur því verið reynt að taka ekki með inn í frv. nema það eitt, sem minnstur ágreiningur er um. Hv. þm. Barð. hefur flutt till. til rökst. dagskrár í málinu, þar sem hann telur aðalástæðurnar fyrir flutningi hennar þessar: Í fyrsta lagi, að það beri að senda viðkomandi sóknarnefndum till. um breytingu á prestaköllum til umsagnar og að reyna að finna leið, sem forustumenn kirkjunnar geti fellt sig við. Nú er það auðsætt, að forustumenn kirkjunnar munu alltaf beita sér gegn fækkun prestakalla, og því lítt hugsanlegt, að hægt verði að ná samkomulagi við þá um þetta atriði. Og ég hygg, að það muni löng bið á því, að hægt

verði að fækka prestaköllunum með þeirra samþykki. Ef þessi fækkun, sem hér er lögð til, sætir andstöðu af þeirra hálfu, þá má ætla, að andstaða þeirra verði enn sterkari, ef gerðar verða frekari breytingar í þessum efnum. Ég hygg því, að ef senda ætti málið til sóknarnefndanna til umsagnar, þá yrði það aðeins til að panta mótmæli, en það tel ég ástæðulaust, þegar um er að ræða svo sjálfsagða breyt. sem þessa. — Önnur meginástæða hv. þm. fyrir sinni rökst. dagskrá er sú, að það beri að athuga möguleika á stofnun heiðursprestakalla á Þingvöllum og Rafnseyri. Nú hefur hv. frsm. menntmn. bent á þriðja staðinn í þessu sambandi og þá staðreynd, að erfitt yrði að ganga fram hjá Skálholti, ef farið yrði að stofna slík heiðursprestaköll. Annars er mér ekki ljóst, hvað hv. þm. ætlast til, að eigi að felast í starfi þessara heiðurspresta umfram hin venjulegu prestsstörf, að vera sálusorgari sinna sóknarbarna, en mér finnst, að það þyrfti að úrskurða, áður en málið yrði tekið til alvarlegra umræðna. Ég skal játa, að sú till. hv. þm. að koma á stofn slíkum prestaköllum er mér ekki ógeðfelld í sjálfu sér, en mér finnst það algerlega sjálfstætt mál í eðli sínu og eigi ekki að blanda því inn í deilur um þetta frv., sem hér liggur fyrir. Og eins og hv. þm. Barð. tók líka fram, þá eru rökin fyrir þeirri till. hans ekki miðuð við það, að tekið verði tillit til staðhátta, en á því er frv. einmitt byggt. Nú veit ég ekki betur en starfandi sé nefnd, sem á t. d. að fjalla um skipulag Rafnseyrar, og ef það er áhugamál þeirrar nefndar, að Rafnseyri verði gerð að heiðursprestssetri, þá ætti hún að athuga það mál sérstaklega og koma því á framfæri án tengsla við þetta frv. hér um fækkun prestakalla. Ég held, að það mundi verða málinu heppilegast að öllu leyti að taka það upp sérstaklega og vildi skjóta því til hv. þm. Barð., hvort hann gæti ekki fallizt á það.

Ég er andvígur þessari rökst. dagskrá, í fyrsta lagi vegna þess, að ég tel vonlítið, þó að málinu verði nú skotið á frest, að þá verði hægt að finna leið, sem forustumenn kirkjunnar geti fallizt á, því að sú leið er sennilega ófinnanleg. Og ég held, að málið vanti alls ekki undirbúning. Í öðru lagi er ég andvígur henni vegna þess, að ég tel, að hugmyndinni um stofnun heiðursprestakalla sé varpað hér inn í alveg óskylt mál og að ófyrirsynju. Og í þriðja lagi vegna þess, að hér er um það frv. að ræða, sem sjálfsagt er, að nái fram að ganga, þar sem aðeins er tekið til úrlausnar það eitt, sem minnstum deilum veldur. Hér er aðeins um að ræða prestaköll, sem eru þegar prestslaus, og því ekki verið að bægja frá neinum presti. Hins vegar er engum vafa bundið, að breytingin mundi verða til mikils sparnaðar, og stefnu í þessa átt ber vafalaust að taka. Ég er því andvígur dagskrártill. hv. þm. Barð. og tel, að svo hófleg till. til úrbóta í þessum prestakallamálum, sem hér liggur fyrir, eigi mjög mikinn rétt á sér.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil ekki teygja lopann mikið um þetta mál og sé ekki ástæðu til að svara frekar skeytum, sem kynni að verða beint að því nú á eftir í umræðunum. En ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér aftur hljóðs, er sú, að ég gleymdi að skýra frá þeim brtt., sem nefndin ber fram á þskj. 580. Varð nefndin sammála um allar breytingar, sem þar koma fram, en þær eru gerðar samkv. ýmsum bendingum, sem n. hefur fengið, m. a. frá 1. þm. N-M. Sú fyrsta er þess efnis, að í stað Hólma í Reyðarfirði komi Eskifjörður, en þar mun búið að skipta um prest og þótti rétt að flytja prestakallið til Eskifjarðar. Sama er að segja um Hof í Álftafirði, að presturinn er fluttur þaðan til Djúpavogs. Um Garða á Akranesi er svipaða sögu að segja, að það mun vera komið upp prestshús á Akranesi, og þótti því rétt að kenna prestakallið við Akranes. Um Eyrar, áður Vatneyri og Geirseyri, er hið sama að segja, að okkur þótti rétt að kenna prestakallið við Patreksfjörð. Um 5. brtt. er það að segja, að n. vildi taka það fram, að Blönduóskauptún skuli framvegis vera allt í sömu kirkjusókn, en áður var það svo, að Blanda klauf það í tvær sóknir, en síðan brúin kom á ána virðist ekki rétt annað en hafa kauptúnið allt í sömu sókn, enda ólíkt styttra fyrir sóknarbörnin að fara yfir brúna en að þurfa að sækja kirkju að Holtastöðum í Langadal. Nú var það, að þegar búið er að reisa prestssetur á Hólum, þá vildum við ekki ganga fram hjá því lögboði og vildum því kenna Víðvíkurprestakall við Hóla. Þá var það talið eftir nokkra athugun fjarri lagi, að Lundarbrekkusóknum skyldi þjónað úr Mývatnssveit, en rétt væri, að þær fylgdu Þóroddsstaðaprestakalli, sem væri þó rétt að kenna við Vatnsenda, því að þar mun presturinn búa. — Og hvað sem annars má segja um verk okkar, býst ég við, að þessar brtt. okkar verði ekki mikið kritiseraðar. Ég hef svo ekki meira við þetta að bæta og mun ekki taka frekar til máls í málinu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Tveir af menntmnm. hafa andmælt hinni rökst. dagskrá og vilja ekki, að hún verði samþ. Báðir hafa þeir lagt áherzlu á, að hér sé um sparnaðarmál að ræða. Ég álít hins vegar, að ekki geti verið um nokkurn sparnað að ræða, þótt frv. þetta verði samþ., en hv. 11. landsk. þm. (ÞÞ) hefur lýst yfir, að það verði ekki samþ. á þessu þ., því að það hefur verið viðurkennt af hæstv. ráðh. og einnig af öðrum ræðumönnum, að það sé ekki hægt að raska þeirri venju að greiða þjónandi prestum laun sín, og að engin breyt. geti orðið hér á fyrr en prestaköllin losni. Mér hefði því fundizt, að bezta lausnin væri sú, að hv. menntmn. gæti komið sér saman um að gera ályktun til hæstv. ríkisstj. um að taka upp samvinnu við þjónandi presta um, að þeir hefðu ekki mörg embætti og sætu á margföldum launum, meðan þetta ástand er í landinu, því að sýnilegt er, að þótt málið næði fram að ganga, verður þetta ekki til neins sparnaðar fyrr en einhvern tíma síðar meir. Hér er um svo ákaflega viðkvæmt mál að ræða, að ég tel ekki rétt að samþ. það nú eins og það allt er í pottinn búið.

Við 1. umr. færði ég fyrir því sterk rök eftir manni í Strandasýslu, sem þar er gerkunnugur öllum staðháttum og aðstæðum, hve óheppilegt það væri að skipta prestaköllum þar eins og lagt er til í frv., og ég tel málið svo illa undirbúið af hæstv. ríkisstj., að n. hafi ekki getað gengið frá því eins og þyrfti, og þess vegna sé eðlilegast að vísa málinu frá. — Hv. 6. landsk. þm. (HV) telur, að ómögulegt verði að fá samkomulag við kirkjuyfir-

völdin um málið, því að þau vilji ekki fækka prestum. Um það skal ég ekkert fullyrða, en mér skilst þó miklu frekar á bréfi kirkjuráðs til n., að það vilji athuga málið og hafa um það samvinnu, en áreiðanlega verður hægt að hafa samvinnu um að flytja prestana til. Hæstv. dómsmrh. hefur m. a. lýst því yfir, að hann muni krefjast þess, að prestum í Reykjavík verði fjölgað, og er á þetta minnzt til þess að sýna fram á, að einnig á því sviði er ekkert samkomulag. — Hv. 6. landsk. þm. sagði einnig, að það væri óeðlilegt, að ég væri að blanda till. um heiðursprestaköll á Þingvöllum og Rafnseyri inn í dagskrártill. mína, og þyrfti þetta frekari útskýringar. Nú er hér ekki verið að blanda þessu saman við þetta mál, því að í till. minni er aðeins farið fram á athugun á þessu atriði, og hefur mér ekki dottið í hug að óska eftir frávísun á málinu af þessari ástæðu, en kalla það enga goðgá, þótt bent sé á að taka þetta til athugunar, og væri það einkennilegt, ef slíkt gæti spillt fyrir till. minni, því að þarna er ekki till. um, að þetta skuli sett inn í löggjöfina.

Þá sagði hv. 11. landsk. þm., að tilgangur máls þessa væri að gefa ríkisstj. frjálsari hendur um prestaköllin. Ég fæ ekki skilið þessa hlið málsins og allra sízt eftir yfirlýsingu hæstv. landbrh., því að hann sagði, að hendur sínar væru bundnar af venju til að greiða prestum hálf laun fyrir hvert aukaprestakall, hvort sem þeir þjóna einu, tveim eða fleirum, en þessu atriði gengur hv. n. fram hjá, en þarna er einmitt hægt að spara.

Þá sagði hv. 11. landsk. þm. enn fremur, að hann væri því samþykkur, að endurskoðun þyrfti að fara fram á málinu, en vill samt samþ. frv., sem ef til vill verður til að torvelda endurskoðun á löggjöfinni, því að á því er enginn vafi, að þegar Alþ. er nýbúið að ganga frá löggjöf um nýja skipan prestakalla, mun reynast erfitt að láta fram fara slíka endurskoðun á sama ári og Alþ. sendir hana frá sér.

Hv. 11. landsk. þm. sagði, að í frv. væri ekki lagt til að leggja niður önnur prestaköll en þau, sem enginn ágreiningur er um. Þetta er ekki rétt. Það er mjög mikill ágreiningur um ýmis þeirra, t. d. Rafnseyrarprestakall og um skiptingu prestakalla í Strandasýslu og fleiri staði, og það eru ákveðnar óskir um það í ýmsum héruðum að fá presta, þar sem þá vantar, en lagt er til í frv., að þau verði lögð niður. Þessi prestaköll eru fyrst og fremst prestslaus af því, að ríkið hefur vanrækt þá skyldu að búa betur að prestunum á þessum stöðum.

Hv. 6. landsk. þm. bað mig um frekari skýringar á þessum heiðursprestaköllum, sem ég hef minnzt á. Ég skal viðurkenna, að ég hef ekki athugað það mál út í yztu æsar, en fyrst og fremst vakir það fyrir mér, að þeir prestar, sem veljast í heiðursprestaköllin, verði ekki kosnir af söfnuðunum, heldur verði þar skipaðir prestar, sem séu sérstakir menntafrömuðir og geti innt þar af hendi sérstök fræðistörf og meira en venjuleg prestsstörf, og þessi litlu prestaköll væru einmitt sérstaklega heppileg, þar sem þeir gætu þar haft mikinn tíma til annarra fræðistarfa. Það er svo atriði út af fyrir sig, hvort Skálholt og Hólar koma þarna fyrst til greina. Ég vil benda á, að nú er verið að gera Hóla að prestssetri. Á presturinn að sitja á staðnum, og er veitt fé til þess í fjárl. þessa árs til byggingar prestssetursins. Það er því raunverulega búið að gera Hóla að prestssetri, hvort sem það verður heiðursprestakall eða ekki. — Svo skulum við snúa okkur að Skálholti. Það er nú búið að verja stórkostlegu fé, — allt að 1 millj. kr. — í kirkjujörðina Torfastaði, og það eru stórkostleg mistök að hafa ekki sett það fé í Skálholt og gera það að prestssetri og höfuðkirkju, og þegar búið er að fara þannig með málið, þá er þess ekki að vænta, að Skálholt verði gert að kirkjustað nema með sérstakri löggjöf. Hins vegar hafa ákveðnir menn tekið sér fyrir hendur að endurreisa Skálholtsstað. Fyrrv. ríkisstj. gerði það strik að kaupa allar eignir á staðnum, flytja ábúandann burtu og hugðist setja þar á fót búnaðarskóla, og mun þetta hafa kostað ríkissjóð 1½ millj. kr. og málið í heild orðið öllum þar viðkomandi til ósóma. En nú mun ríkið hafa leigt bónda nokkrum jörðina aftur, og hefur því ekkert þokazt í áttina með að byggja upp staðinn, en Skálholtsn. hefur tekið að sér að reyna að bæta þar að einhverju um. Og hefur nú hv. menntmn. leitað til Rafnseyrarn. um það, hvort hún vilji ekki hafa Rafnseyrarprestakall áfram? Ég verð að segja, að mér finnst hún vera aðili, sem hv. menntmn. hefði átt að snúa sér til, áður en hún leggur til, að það verði lagt niður, en hér er hún aðeins að rífa niður í sambandi við þennan stað, en ekkert að byggja upp. Og það er fáránlegur sá hugsanagangur hv. frsm. n., að það eitt vaki fyrir mér að fá þá ánægju að horfa á prestssetrið frá Bíldudal þær fáu stundir, sem ég dvel þar á árinu, og það er því engin furða, þótt mikið gróm sé í till. n., þegar hugsunin er svona takmörkuð og ofstækiskennd, og ég efast um, að það sé frambærilegt að koma fram með slík rök. Þá sagði hv. frsm., að hann héldi, að það yrði þröngt á Þingvöllum, þegar ég væri búinn að flytja alla gesti þangað, — en veit hv. þm., eftir hvaða reglum Þingvallan. veitir gestum sínum vist? Ég veit, að engum er boðin þar vist nema með samþykki n., og það eru aðeins forseti Íslands og örfáir fremstu menn þjóðarinnar og þeir útlendir gestir, sem ríkisstj. óskar eftir og hafa gert þjóðinni sóma út á við. Þetta eru aðalreglurnar, en ég sagði, að úr því að búið væri að skapa slíka reglu í sambandi við Þingvallabæinn, þá væri það meiri sómi fyrir landið, að þar væri prestur, eins og þar á að vera samkv. l., sem jafnframt því að vera prestur væri einnig mikill fræðimaður, en það væri einmitt mjög tilhlýðilegt, að slíkur maður væri á staðnum til þess að fræða og leiðbeina gestunum um hinn sögufræga stað, en nú er þarna enginn maður, sem getur gert þetta. En það, að ég hef minnzt á Þingvelli, er vegna þess, að þetta er sá staður, þar sem kristni var lögtekin í landinu á sínum tíma, og þess vegna verður að sýna honum fullan sóma, en ég tel, að mjög skorti á í þeim efnum. Þaðan var flæmdur burtu hinn ágætasti prestur, sem hið háa Alþingi veitti sérstök heiðurslaun fyrir vísindastörf, og er hér átt við séra Guðmund Einarsson. Síðan hefur enginn prestur verið á Þingvöllum, og meira að segja hafa allir kirkjumrh. og biskup Íslands vanrækt að auglýsa þessa sókn á hverjum fardögum, eins og venjan er að gera, og enginn maður hefur fengið leyfi til að sækja um þennan stað síðan. Ég hef spurzt fyrir um það sem formaður Þingvallanefndar, hvort bú-

ið væri að leggja niður þessa sókn, og fengið þær upplýsingar, að svo er ekki, en samt hefur alltaf verið vanrækt að auglýsa sóknina. Er ekki sjáanlegt, að hægt verði að kippa þessu í lag nema með því að bera fram ályktun til ríkisstj. um, að hún sjái til þess, að þessi l. verði ekki lengur brotin og prestakallið verði auglýst. Launum Þingvallaprests er nú skipt milli annarra presta, sem þjóna þar þegar þeim henta þykir, og þetta er á þeim stað, sem kristni var lögtekin! — Ég geri ráð fyrir, að hvorugur þeirra háttv. þm., sem hér hafa talað, beri hina minnstu virðingu fyrir þessum sögustað eða fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, en ég get hins vegar ekki, þótt ég sé hundheiðinn, því miður, sætt mig við, að þessum stöðum sé sýnd lítilsvirðing, en það virðist báðum þessum hv. þm. vera sama um.

Ég mun svo ekki ræða þetta miklu frekar. Það er upplýst, að þrátt fyrir hina miklu vinnu, sem hv. menntmn. hefur lagt í þetta mál, hefur hún ekki spurt þá n., sem hefur fyrirætlanir um endurreisn Rafnseyrar, hvort það sé vilji hennar, að sá staður verði þurrkaður út sem prestssetur, en þetta er eitt af því, sem mælir með, að mín dagskrártill. verði samþ., og ég vonast eftir því, þar sem upplýst er, að það er ekki hugsað svo, að málið nái fram að ganga á þessu þingi, að menn komist að raun um, að betra sé að afgreiða það á þann hátt, sem ég legg til, sem sé að ýta undir, að endurskoðun á löggjöfinni fari fram og málið verði undirbúið fyrir næsta Alþ., heldur en að láta það sofna í hv. Nd. Hv. menntmn. telur hins vegar betra að fá málið samþ. hér með öllum þeim ágöllum, sem nm. sjálfir hafa lýst, og að það fái svo andlát í Nd., en í þeirri afgreiðslu felst engin hvatning til ríkisstj. um að taka það upp aftur fyrir næsta þ. Ég legg því til, að málinu verði nú vísað frá með dagskrártill. minni og tel, að með því verði því beint inn á þá braut, sem Alþ. óskar eftir, að það endi að síðustu á.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. þm. Barð. hefur séð sérstaka ástæðu til að lýsa því hér yfir í ræðu, að hann sé heiðinn, en þó telur hann það vera af lotningu fyrir þeim stað, þar sem kristni var lögtekin á Íslandi, að þar þurfi endilega að vera prestur. Ég vil biðja hv. þm. Barð. að líta í það frv., sem hér liggur fyrir, og athuga, hvort nokkuð sé verið að traðka á helgi Þingvalla, en þar stendur undir 29. lið: „Þingvellir: Þingvalla- og Úlfljótsvatnssóknir.“ Þetta er því vindmylla, sem hann er að berjast við og hefur orðið frægum manni að falli. En ef hv. þm. Barð. er svo umhugað um að halda uppi heiðri þeirra staða, sem hann var að tala um, þætti mér eðlilegra, að hann kæmi fram með sérstakt frv. um að gera Þingvelli og Rafnseyri að heiðursprestaköllum. Að öðru leyti er ræða hans ekki svaraverð, því að hún var öll staðlausir stafir.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 574, frá þm. Barð., felld með 10:3 atkv.

Brtt. 580 samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 34. fundi í Sþ., 31. jan., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 590).

Á 59. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

Á 69. og 70. fundi í Nd., 15. og 16. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 23. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 590, n. 714).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, um breyt. á l. um skipun prestakalla, er stjfrv. og var lagt fyrir hv. Ed. Alþ.

Eins og sjá má af nál. menntmn. þessarar hv. d., sem fékk málið til meðferðar, hefur náðst samkomulag í n. um að afgr. málið með þeim breyt., sem þar getur á þskj. nr. 714.

Ég vildi um leið leyfa mér að fara nokkrum orðum um þetta mál í heild. Ég vil taka fram, að þau orð mín eru ekki fyrst og fremst fyrir n. hönd allrar, heldur vil ég nota þetta tækifæri til þess að láta í ljós mínar skoðanir á þessu máli. — Frv. fór upphaflega fram á það, að niður yrðu lögð ellefu prestaköll, Sandaprestakall, Stóra-Núpsprestakall, Staðarhraunsprestakall, Breiðabólstaðarprestakall á Snæfellsnesi, Staðarhólsþing, Hrafnseyrarprestakall, Staðarprestakall í Aðalvík, Tröllatunguprestakall, Tjarnarprestakall á Vatnsnesi, Auðkúluprestakall og Hvammsprestakall í Laxárdal.

Frv. er byggt á áliti svo kallaðrar skipulagsnefndar prestssetra, sem hafði það meginverkefni að athuga, hvernig væri unnt að greiða úr byggingar- og ræktunarþörf á prestssetrum. Og einn liður í áliti þessarar n. var sá, að unnt væri að fækka prestaköllum nú á næstunni um þessi ellefu. Úr þessu nál. tók svo hæstv. ríkisstjórn þennan þátt og flutti inn í þingið með þessu frv. — Í meðferð hv. Ed. tók málið allmiklum breyt. Menntmn. hv. Ed. hafnaði fækkun þriggja af þessum ellefu prestaköllum, tók út úr frv. niðurlagningu Stóra-Núpsprestakalls, Tjarnarprestakalls á Vatnsnesi og Hvammsprestakalls í Laxárdal, en tók hins vegar upp sjálf till. um niðurlagningu tveggja prestakalla, sem áður greind skipulagsn. ekki hafði gert till. um niðurlagningu á, sem eru Hofteigsprestakall í Jökuldal og Mjóafjarðarprestakall. Þannig var málið afgr. frá hv. Ed.

Nú er það svo, að ég ætla, að flestir geti verið sammála um, að sanngjarnt sé og réttlátt og eðlilegt að sameina eitthvað af prestaköllum úti á landi, af ýmsum ástæðum, bæði vegna mjög bættra samgangna síðan 1907, þegar lögin um skipun prestakalla voru sett, og auk þess vegna fólksfækk-

unar víða í þessum prestaköllum. Hitt er ljóst, frá mínu sjónarmiði, að jafnhliða því, sem þannig mætti fækka prestaköllum með sameiningu, þá er nauðsynlegt að fjölga prestum, þar sem fjölmennið er mest. Í lögum frá 1940 um prestaköll í Reykjavík er sett fram sú meginregla, að einn prestur skuli vera á hverja fimm þús. íbúa. Það þýddi, að í höfuðstaðnum ættu nú að vera ellefu prestar, eftir þeirri meginreglu, sem Alþ. lögfesti þá.

Ég er ekki viss um, að það horfi til bóta né sé eðlilegt, að fram fari fækkun presta í heild, heldur sé eðlilegra og sjálfsagðara að framkvæma tilfærslu, sameiningu og fækkun þeirra, þar sem fækkað hefur fólkinu, en fjölgun þar, sem fólkinu hefur fjölgað. — Í þessu stjfrv. kom ekkert fram um það, að rétt væri eða eðlilegt að fjölga prestum, þar sem fólksfjölgun hefur orðið veruleg. — Í annan stað var þetta mál borið fram í þinginu án þess að haft væri samráð um það við þá aðila, sem eftir eðli málsins hefði átt að hafa samráð við, og jafnvel samkv. lögum. Í lögum um kirkjuráð er gert ráð fyrir því, að leitað sé umsagnar og haft samráð við kirkjuráðið um slík mál sem þessi. Hins vegar leitaði menntmn. hv. Ed. til kirkjuráðs og fékk frá því umsögn, sem birt er sem fylgiskjal með nál. efrideildarnefndarinnar á þskj. 530. Kirkjuráð gagnrýnir mjög frv. og telur höndum til þess kastað, þannig að undirbúningur þess sé ekki nærri nógu góður og að á frv. séu margir gallar. Kirkjuráðið telur, að nauðsyn sé á, að fram fari ýtarleg athugun á prestakallaskipun landsins í heild, og verði biskupi falið að láta framkvæma hana og leggja síðan frv. til laga um skipun prestakalla fyrir prestastefnu og kirkjuráð til umsagnar. Þrátt fyrir þetta var nú málið afgr. frá hv. Ed. með þessum hætti og þessari breyt., sem ég gat um. — Menntmn. hv. Nd., sem fékk málið til meðferðar, ræddi málið á ég ætla fjórum fundum, og voru mjög skiptar skoðanir í n. um afgr. þess. Sumir hv. nm. vildu láta samþ. frv. að mestu óbreytt. Ég, fyrir mitt leyti, var þeirrar skoðunar, að eðlilegast væri að fresta málinu eða afgr. það með rökst. dagskrá, sem fæli það í sér, að allsherjarendurskoðun skyldi fara fram á skipun prestakalla, áður en nokkuð væri lögfest um þessi mál. N. átti viðræður við kirkjumrh. og varaformann kirkjuráðs, Ásmund Guðmundsson, og síðast átti form. n. viðræður við biskupinn, eftir að hann kom heim. Í þessum viðræðum kom í ljós, að hæstv. kirkjumrh., og að því er virtist ríkisstjórnin í heild, lagði á það áherzlu að fá málið samþ. á þessu þingi. Hins vegar taldi kirkjuráðið og biskupinn það ekki hæfa að afgr. slíkt mál nú þannig, að til framkvæmda kæmi strax, án þess að nánara samráð hefði verið haft við forráðamenn kirkjunnar í þessu máli. Eftir ýtarlegar viðræður í n. og samningatilraunir um þetta, tókst loks að ná samkomulagi á þeim grundvelli, sem getur í brtt., sem n. flytur. Og þær brtt. eru í stuttu máli þessar. Frv. verði að vísu samþ., en komi ekki til framkvæmda fyrr en um næstu áramót. En nú þegar sé, eins og kirkjuráð og biskup hafa farið fram á, efnt til allsherjarendurskoðunar á löggjöfinni um skipun prestakalla í landinu, og verði kostað kapps um að ljúka þeirri endurskoðun fyrir næsta haust, þannig að frv. um heildarskipun prestakalla verði lagt fyrir haustþingið. Með þessu er reynt að ná þeim tilgangi að verða við óskum kirkjumrh. um það að afgr. nú frv., en hins vegar að mæta þeim sanngjörnu og sjálfsögðu óskum yfirmanna kirkjunnar og trúnaðarmanna hennar, að lögin komi ekki til framkvæmda fyrr en í samráði við þá og fram fari gagngerð endurskoðun á þessum málum, og Alþ. hafi átt þess kost að nýju að taka þessi mál til meðferðar. Þess vegna er svo fyrir mælt í þessari brtt. síðari, sem n. flytur, að ríkisstjórnin skuli nú þegar efna til endurskoðunar á löggjöfinni um skipun prestakalla, og skuli kostað kapps um að ljúka endurskoðuninni svo fljótt, að frv. um heildarskipun prestakalla verði lagt fyrir Alþingi næsta haust. Við þá endurskoðun skal hafa náið samband við biskupinn yfir Íslandi, kirkjuráð, Prestafélag Íslands og prestastefnu.

Í jafnþýðingarmiklum málum eins og þessum, sem snerta þjóðkirkjuna jafnverulega, verður það auðvitað ekki talið hæfa að gera verulegar breyt. á skipan þessara mála, skipan prestakalla, án þess að þessum forráðamönnum og trúnaðarmönnum þjóðkirkjunnar gefist nægur kostur og tími til þess að fjalla um þau mál, þannig að þeirra skoðanir komi fram. Auðvitað kann svo að fara, að ríkisstjórnin eða fulltrúar hennar annars vegar og trúnaðarmenn þjóðkirkjunnar hins vegar, þessir aðilar, sem hér eru nefndir, nái ekki samkomulagi um endanlega afgr. málsins, og verði þá Alþ. að skera þar úr á sínum tíma að lokum. En þá hefur Alþ. a. m. k. sýnt fulltrúum kirkjunnar og þjóðkirkjunni í heild þann velvilja og það tillit að gefa henni kost á að túlka sín sjónarmið og láta sinn vilja koma fram.

Ég skal ekki láta þessi orð vera fleiri að sinni. En ég taldi rétt að láta koma fram mína skoðun persónulega á málinu, auk þess að gera grein fyrir afstöðu n. til málsins og afgr. þess í n. En þeirri afgr. lauk svo, þrátt fyrir verulegan skoðanamun í upphafi, að það náðist óskipt fylgi með frv., ef þær brtt. væru samþ., sem greinir á þskj. 714.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18:3 atkv.

2. gr. samþ. með 17:2 atkv.

Brtt. 714,1 (ný 3. gr.) samþ. með 17:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KS, PÞ, SG, SkG, StSt, ÁS, BÁ, EmJ, FJ, GTh, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, SB.

nei: SÁ.

PO, ÁÁ, ÁB greiddu ekki atkv.

14 þm. (LJós, ÓTh, StJSt, StgrSt, ÁkJ, BÓ, EOl, EystJ, GG, JóhH, JPálm, JS, JÁ, JR) fjarstaddir.

Brtt. 714,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

Brbákv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 75. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 726).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, EOl, EmJ, GG, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JÁ, KS, PÞ, PO, SG, SkG, StSt, StgrSt, ÁS, SB.
nei: SÁ, ÁÁ, ÁB.
JR, StJSt greiddu ekki atkv.
9 þm. (BÓ, EystJ, FJ, GÞG, JS, JörB, LJós, ÓTh, ÁkJ) fjarstaddir.
Við nafnakallið gerði grein fyrir atkv.:

Ásgeir Bjarnason: Þar sem gert er ráð fyrir því í þessu frv., að fram fari frekari endurskoðun á löggjöfinni um skipun prestakalla, þá tel ég verr farið, að þetta sé samþ. nú, og segi því nei.

Frv. endursent Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 78. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 80. fundi í Ed., 2. marz, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 726, 735).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég get verið fáorður. Mál þetta hefur verið rætt hér áður, og ég hef borið þetta mál undir hv. menntmn., og mun hún ekki koma fram með neinar brtt. við málið. — Hins vegar er brtt. frá hv. þm. Barð. ekki komin fram, og ætla ég ekki að eyða mörgum orðum um það, en ef hún kemur fram, þá má eins breyta þessu máli þannig, að kalla það ekki lengur frv., heldur aðeins áskorun til ríkisstj. — Ég vil geta þess, að í hv. Nd. tók málið nokkrum breytingum, og var það gert til samkomulags milli aðila í Nd., og er það heldur til að tefja framkvæmd málsins, en menntmn. vildi ekki bregða fæti fyrir það og hvað afgreiðslu málsins snertir ber að fagna því, að menntmn. hv. Nd. varð sammála og sömuleiðis öll deildin að heita mátti. Ég held það hafi verið eitt atkv. greitt gegn frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þetta mál hefur tekið allverulegum breyt. í hv. Nd. Það er komið nú í það horf, að hér er um að ræða að vísu víðtækar breyt. á prestakallaskipuninni í landinu, án þess að samráð hafi um það verið haft við kirkjuyfirvöldin, biskup eða viðkomandi sóknarnefndir. Um málið hefur orðið töluvert ósamkomulag í hv. Nd., en verið þó sætzt á að afgr. það eins og það liggur fyrir á þskj. 726, og er þess getið í nál., að það sé gert til þess að fá samkomulag við ráðherra, sem gerir það að ákaflega miklu kappsmáli að fá málið fram nú, án þess að láta þá athugun fara fram um það, sem gert er ráð fyrir í bráðabirgðaákvæði frv. Það, sem eftir er af frv., er það, að það má ekki gera neinar breyt. á prestakallaskipuninni á árinu 1951, en frv., ef að l. verður, getur ekki komið til framkvæmda fyrr en eftir næstu áramót. Hins vegar hefur verið sett bráðabirgðaákvæði í frv. um, að ríkisstjórnin skuli nú þegar efna til endurskoðunar á löggjöfinni um skipun prestakalla, og skuli þá kostað kapps um að ljúka endurskoðuninni svo fljótt, að frv. um heildarskipun prestakalla verði lagt fyrir Alþingi næsta haust. Þetta bráðabirgðaákvæði sýnir, að það þykir einmitt nauðsynlegt að breyta ekki skipun prestakalla í landinu, nema að undangenginni þeirri athugun, sem gert er ráð fyrir hér í bráðabirgðaákvæðinu. Þegar svo litið er á það, að ekkert af þessu, sem í frv. er lagt til að lögfesta, má koma til framkvæmda, að því er breyt. við kemur, á þessu ári og ekki fyrr en á næsta ári, þá er mér a. m. k. alveg óskiljanlegt það kapp, sem liggur hér á bak við það að fá þetta frv. gert að lögum á þessu þingi, sem þó verða ekkert annað en pappírsgagn allan þann tíma, sem rannsóknin á að fara fram á, og væntanlega nokkurn tíma eftir það, þar til nýtt frv. kemur fram um málið. — Ég hef því borið fram brtt. við frv., um að 1.—3. gr. frv. falli niður og að fyrri málsgr. brbákv. falli niður, en að það, sem haldist eftir í frv., verði síðari málsgr. brbákv., og enn fremur hef ég lagt til, að fyrirsögn frv. verði breytt, þannig að í stað „breyting á lögum“ komi: viðauka við lög. Það eru ekki eins dæmi, að samþ. sé sem lagabreyt. eða sem viðauki við lög, að ákveðið sé að fela ríkisstj. að láta fara fram rannsókn á gildandi lögum og að leggja fyrir Alþ. innan viss tíma tillögur um breyt. á þeim lögum, og skal ég nefna sem dæmi, að það var sett inn í l. um almannatryggingar, þegar það þótti dragast úr hófi fram, að endurskoðun færi fram á þeim, bráðabirgðaákvæði um, að það skyldi fara fram endurskoðun á þeim l. innan ákveðins tíma. Og það lá þá fyrir, að það var það eina, sem dugði til þess að knýja fram endurskoðun á þeim lögum þá. Eftir minni till., ef brtt. mín væri samþ., þá þýddi samþ. hennar það að knýja fram endurskoðun á lögunum um skipun prestakalla á þann hátt, sem telja má sanngjarnan og viturlegan. Því að ég tel ekki viturlegt það, sem hæstv. kirkjumrh. vill, sem einn hér slær í borðið og vill knýja þetta mál fram nú, þrátt fyrir vilja biskups og kirkjuráðs, og þrátt fyrir vilja meiri hl. menntmn., eins og nál. sýnir, sem eins og ég vill ekki, nema að betur athuguðu máli, leggja til meiri fækkun prestakalla en samkv. till. meiri hl., og þrátt fyrir vilja annarra aðila, sem um þetta mál eiga að fjalla að réttu lagi. — Þess vegna vænti ég þess, að mín brtt. verði samþ.

Vil ég svo í sambandi við málið sjálft benda á, að ég tel það ákaflega illa að farið, hvað sem öðru líður, að leggja niður prestssetur á Rafnseyri. Ég tel, að með því sé allt of lítil virðing sýnd minningu Jóns Sigurðssonar og minningunni um það, að hann var þar fóstraður og að þetta er sá staður, þar sem hann stundaði sitt nám í föðurgarði allt fram að stúdentsprófi, ef á að fara að leggja þetta prestssetur niður og þessi kirkja á að vera útkirkja annars prests, sem ekki býr þar. Þetta getur ekki verið fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð undir neinum kringumstæðum, og ég tel ósæmilegt fyrir Íslendinga að leggja niður prestssetur þarna. Ég viðurkenni það, að þessi hreppur, sem Rafnseyri er í, er fámennur. Þar eru þrettán býli í eyði. En það er aðeins stundarfyrirbrigði. Þar eru að vísu ágætar jarðir í eyði. En komi það til framkvæmda, sem ég veit, að muni verða áður en mjög langur tími líður, að virkjaðir verði Dynjandisfossar og fleiri vatnsföll í þessum hreppi, þá munu verða straumhvörf í sambandi við fólksfjölgun í þeim hreppi. Auk þess minni ég á, að úr þessum fámenna og

fátæka hreppi hafa komið margir ágætismenn í sjómannastétt landsins. Það er illa farið, að það skuli fást nokkurt fylgi með því að leggja niður þetta prestakall, því að prestur, sem þar væri, mundi verða mönnum þarna stoð og stytta í lífsbaráttu fólksins. Ég tel því alveg óviðeigandi að fara þannig að eins og hér er gert, og sérstaklega óviðeigandi af hæstv. kirkjumrh. að berjast fyrir því eins og hann gerir. — Vænti ég, að mín brtt. verði samþ.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er nú ofsagt hjá hv. þm. Barð., að ég hafi sótt þetta mál með kappi. Það er mjög ofsagt, því að eins og hv. þm. er kunnugt hér og öllum hv. alþm., þá er þetta mál undirbúið af svo kallaðri prestakallanefnd. Og í þeirri nefnd er ritari biskups, skrifstofustjóri í kirkjumrn., sem hefur farið með þessi mál í mörg ár, og nýbýlastjóri, sem á að vera kunnugur því, hvaða prestssetur ætti að leggja niður og hvernig þeim ætti að skipta í nýbýli. Svo að það er ekki eins og þetta mál sé borið fram af einhverri þrákelkni af *minni hálfu*. Sannleikurinn er miklu frekar sá, að það hefur beðið allt of lengi, að *nefndin hafi skilað áliti* um þessi mál og gert það, sem hún átti að gera. Og það eru nú ekki vandfundin rök fyrir því, þar sem skilríki liggja um það á borðunum fyrir framan okkur, að lögboðin eru nú prestssetur á öllum þeim stöðum, sem við stefnum nú að að leggja niður sem prestssetur, án þess þó, að það hafi fengizt þangað prestur, og án þess líka, að mönnum detti í hug, að það komi prestur á flesta þessa staði. — Ég skal ekkert segja um Rafnseyri. — Og svo fer, eins og oft fara vill, þegar mál eru borin fram, að sú stétt, sem þarna er um að ræða, vill vitanlega öllu ráða um málið. En ég hef nú bent þessum ágætu mönnum, sem hafa komið til mín, bæði biskupi og kirkjuráðinu, á, að þeir hafi ekkert gert í þessu máli fram til þessa, þótt þeir hafi horft á það t. d., að í Austur-Skaftafellssýslu væri einn prestur og yfir honum prófastur, sem er sami maðurinn. Svona er það þar, sem erfiðast er yfirferðar. Og þessir aðilar, sem ég nefndi áðan, hafa horft á það, að lögin hafi verið brotin, — því að prestssetur, sem lög eru fyrir, á að auglýsa, en það hefur ekki verið gert um sum þau afskekktari. En svo vilja þeir þó skipta sér af þessu. Þarna er einn prestur í Austur-Skaftafellssýslu, eins og ég sagði. En í sveit eins og Rangárvallasýslu, þar sem ekki er erfitt yfirferðar, þar eru sex prestar þjónandi. Í Skagafirði, þar sem akvegir eru góðir og hver á er brúuð innan fjallahringsins, þar eru átta prestssetur og sjö þjónandi prestar. Hér er því mikið ósamræmi.

Nú viðurkenni ég að sjálfsögðu það, sem hv. þm. Barð. segir, að þetta er ekki fullkomin endurskoðun á lögunum, sem hér er verið með. Það er alveg rétt. En það fer nú svo, þó að þessir menn, sem hv. þm. Barð. taldi, að ættu að vera til ráðuneytis, hafi ekkert skipt sér af þessu ástandi til að bæta úr því, þá koma þeir nú og vilja ráða. Og það sýnir þá þrákelknina — eða hitt þó heldur — í þessu máli, að eftir að hafa talað við kirkjuráð og biskup og spurt: Hvað viljið þið í þessu? — þá er þetta mál hér flutt í samkomulagi við þá. Þeir sættu sig við það. — Í sambandi við frv. skulum við taka til dæmis Auðkúluprestakall, sem losnar í vor. Það hefur verið byggð brú yfir Blöndu þarna nálægt, og eftir það er auðvelt fyrir einn prest að þjóna beggja vegna við ána á þessum stað. Ég er ekki í vafa um, að það vilja ýmsir prestar fá þetta prestakall, Auðkúluprestakall, þegar það losnar í vor, að lögum óbreyttum. Þetta er framúrskarandi jörð og mjög hægt prestakall. Og hvernig á ég að neita um að auglýsa það, að óbreyttum lögum? Aftur á móti segir hv. þm. þessa kjördæmis, Austur-Húnavatnssýslu, sem sjálfsagt hugsar um hag þess, að það megi ekki koma fyrir, að þetta prestakall verði auglýst. En þessari jörð má skipta í nýbýli. — *Og lítum á Kollafjarðarnes.* Ég tel ekki þörf á því, og prófasturinn í Strandasýslu telur ekki þörf á því, að þar komi prestur aftur. Um það eru annars skiptar skoðanir. En ég er ekki í vafa um, að eftir svo sem tvö ár verða allar ár orðnar brúaðar þarna á strandlengjunni, og verður þá allt öðruvísi að fara þarna um heldur en þegar fjórtán ár voru þarna óbrúaðar. Í Kollafjarðarnesi er mikið æðarvarp og nokkur reki og framúrskarandi tún og möguleikar til að stækka það. Ég get þó ekki staðið gegn því, að þetta prestakall verði auglýst, að óbreyttum lögum. En eftir frv. og því samkomulagi, sem ég gat um áðan, er mér ekki skylt að auglýsa þessi tvö prestaköll fyrir næstu áramót, þar sem þau eru samkv. frv. lögð niður, þannig að málið liggur þá kyrrt og ég brýt ekki lög með því að auglýsa ekki þessi prestaköll til umsóknar. Síðan er sagt með ákvæðum þessa frv. — þessum lögum, ef frv. verður samþ., — við biskup og kirkjuráð: Nú á að endurskoða lögin. Og þá er ekkert því til fyrirstöðu, að hægt sé að breyta til, t. d. með Rafnseyri, ef vilji er fyrir því hér á Alþ. — Svo að ég geri ráð fyrir, að hv. þm. Barð. sannfærist um, að ég hafi ekki verið né sé með offors í þessu máli. — Til mín komu tveir ágætir prestar, prófessor og prófastur, sem ég virði mjög mikið báða. Og ég gat ekki fundið annað en að þeir yrðu að fallast á þau rök, að af því að það hefur bjargazt þannig fram til þessa, að menn sækja ekki eftir þessum prestaköllum, af þeim ástæðum að þau eru illa byggð, þá væri réttara að leggja þau niður en að láta þau vera eins og þau nú eru. — Og eins og ég sagði við sr. *Sveinbjörn Högnason*, vil ég nú segja við hv. þm.: Hvernig haldið þið, að litið yrði á það í *Fljótshlíðinni*, ef prestakall þar losnaði og ég léti prestssetursjörðina níðast niður með því að leigja hana frá ári til árs? Því að það endurbætir enginn jörð, sem hann getur búizt við að þurfa að yfirgefa þá og þegar. En þetta hefur átt sér stað um þau prestssetur, sem ekki hefur verið sótt um. — Og svo koma prestssetrin Auðkúla og Kollafjarðarnes, þar sem prestaköllin losna, og væri það lögbrot af minni hendi, ef ég ekki auglýsti þau. Ég held því, að við verðum sammála um, að þarna í frv. hafi verið tekin öll sjónarmið til greina, sem rétt hafi verið að taka tillit til í þessu máli. Og ég talaði við herra biskupinn, strax er hann kom heim frá Vesturheimi, og ég gat ekki betur fundið en að hann væri ásáttur um þetta samkomulag, sem í raun og veru var orðið við kirkjuráð í þessu máli.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins benda hæstv. ráðh. á, að í nál. á þskj. 714, frá menntmn. Nd., þar stendur, með leyfi hæstv. forseta, svo: „Ráðherrann hefur lagt áherzlu á, að málið gangi fram á þessu þingi. Biskup og kirkjuráð telja nauðsynlega gagngera endurskoðun á löggjöfinni um skipun prestakalla, áður en framkvæmd sé niðurlagning einstakra prestakalla, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Eftir ýtarlegar umræður í nefndinni náðist samkomulag um málið á þeim grundvelli, að nefndin mælir með afgreiðslu þess með eftirfarandi breytingum:“ ... o. s. frv.

Það er m. ö. o. hæstv. ráðh., sem knýr málið fram, móti vilja biskups og kirkjuyfirvaldanna. Enda hefur biskup lýst yfir við mig hér á Alþ., þegar hann hlustaði á umr., að hann væri alveg mótfallinn meðferð málsins á þennan hátt, hann yrði bara að beygja sig fyrir hæstv. ráðh. — Nú er það ekki eingöngu vegna þess að biskup og kirkjuráð eru á móti þessu, að ég beiti mér fyrir þeirri meðferð á málinu, sem ég hef gert. Ég veit, að sóknarnefndirnar í landinu eru á móti þeirri meðferð málsins, sem hér virðist eiga að hafa á því. Og ég veit, að hæstv. ráðh. er svo kunnugt um baráttu þessa fólks, að hann veit, að því er ekki sama, hvort því er tryggður prestur eða ekki. Við vitum, að það hefur ekki verið mikil eftirsókn eftir prestaköllum oft á undanförnum árum. En nú er þetta að gerbreytast. Nú er að fjölga mikið í prestastéttinni. Og ég sé ekki, hvort hæstv. kirkjumrh. þarf að brjóta mikið lög, þó að hann setji presta í þessi embætti, þar sem prestaköll losna í ár, í stað þess að veita þau, þar til búið er að endurskoða lögin. Ég veit ekki betur en vitamálastjóri hafi sett mann í sitt embætti öll þau ár, sem hann sat í ráðherrastóli. Og sama hefur gilt um fleiri embætti, til þess að viðkomandi menn gætu horfið í þau aftur, ef þeir hafa viljað. — Ég fellst á rök hæstv. ráðh. um Auðkúlu, að það væri ekki vit í að veita það prestakall nú á ný. Og svo er um fleiri prestaköll á landinu. Hins vegar vil ég benda hæstv. ráðh. á, að preststsetur á ekki sök á því, að ekki er sótt um viðkomandi brauð, heldur er það mest Alþ. og ríkisvaldið. Því að það hefur ekki verið búið svo að preststsetrunum, að þeir hefðu skýli yfir höfuðið að hægt sé að segja, sem þar kynnu að hafa ætlað sér að vera, né möguleika til þess að búa á viðkomandi jörðum. T. d. er það svo um Sauðlauksdal, að þar er ekkert útihús, þar sem hægt sé að setja nokkra skepnu inn í, og hefur ekki verið síðan sr. Þorsteinn heitinn dó. Hann var ágætur prestur, en hrökklaðist þaðan, af því að ráðun. neitaði honum um að byggja upp á jörðinni. Hann fékk lítillega aðstoð til þess að hlúa að sjálfum prestsbústaðnum, en meira ekki til endurbóta á húsum þar, en það, sem gert var við hann, er farið forgörðum nú og hefur skemmzt miklu meir en sem viðgerðinni nam, síðan flutt var af jörðinni, af því að enginn hefur verið þar. Og þetta er af því, að neitað hefur verið um tiltölulega litlar upphæðir til þess að koma upp útihúsum. Nú situr því presturinn, sem þarna þjónar, ekki í Sauðlauksdal, heldur í öðrum hreppi. Og fleiri preststsetur þekki ég enn fremur, t. d. Brjánslæk, sem hafa verið prestslaus árum saman, þannig að þar hefur ekki búið prestur. Og hvers vegna er það? Það er vegna þess m. a. að því er Brjánslæk snertir, að kirkjumrn., sem fór með þessi mál í forsætisráðherratíð hæstv. núv. kirkjumrh., byggði helminginn af þessari jörð ævilangt þeim, sem fékk hana á leigu, og útilokaði með því möguleikann fyrir því, að nokkur prestur sækti um að búa þar. Því að það að byggja preststsetur þannig, útilokar það, að nokkur prestur geti verið þannig í sambýli við nokkurn bónda — þó ekki sé talað um þá sjúkdóma, sem þarna hafa átt sér stað. — Þetta hafa kirkjuyfirvöldin gert. Og það er sorglegt með þá jörð, að fyrir þessar sakir skyldi vera gert ómögulegt, að prestur gæti sótt þangað, allan þann tíma, sem þessi háttur hefur verið hafður á um þessa jörð, þó að það sýnist svo, að það hefði verið hægt að bjarga þessu við. Og eftir að svo búið er að fara þannig að gagnvart þessu preststsetri, sem orsakar, að enginn prestur sækir þangað, er það nú lagt til, að þetta prestakall verði lagt niður. Og ég tel þetta mjög illa farið, ef þetta frv. nær fram að ganga. Þetta er gegn vilja og hagsmunum fólksins, sem býr í þessu byggðarlagi. Og það er vitað, að þessar till. til breyt. á lögunum eru ekkert annað en kák. — Í sambandi við Kollafjarðarnes vil ég taka það fram, að tveir prestar hafa komið til mín, annar frá Stað í Steingrímsfirði, og sagt, að það væri hreinasta firra að hugsa sér að ráðstafa þannig prestaköllum á Ströndum eins og gert er ráð fyrir í frv. þessu, því að það sé útilokað, að einn prestur geti annað eins miklu á þeim stöðum og hér er gert ráð fyrir, og að það, sem ég lagði til, að sett yrði upp preststsetur á Drangsnesi og síðan yrði skipað sóknum þannig, að þarna séu áframhaldandi þrír prestar milli Árness- og Melstaðarsókna, sé það rétta.

En þrátt fyrir það, sem ég hef sagt um aðra staði hér, er mér langsárast um Rafnseyri, af þeim ástæðum, sem ég hef lýst. Og ég vildi spyrja hæstv. ráðh., — því að mér skilst, að ekki sé hægt að leggja Rafnseyrarprestakall niður á þessu ári, þó að frv. verði að lögum, — hvort hann sjái sér ekki fært að taka ekki fullnaðarákvörðun um það prestakall, sem Rafnseyri heyrir undir, heldur fresta þessari ráðstöfun þangað til búið er að endurskoða löggjöfina um skipun prestakalla. Því að ég er ekki einn um það að vilja ekki láta afnema Rafnseyri sem sérstakt prestakall.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er ekki rétt að lengja þessar umr. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það, sem ég hef sagt. En ég vil þó segja það, að það er alveg rétt hjá hv. þm. Barð., að það gengur of seint með húsbyggingar á preststsetrum. Það er ágætt, að hv. þm. Barð., sem er form. fjvn., minnist á þetta, og ég mun þá mega vænta þess sem kirkjumrh., að hann styðji mig í þessu máli. (**GJ:** Það er ekki víst, að ég verði það næst). Því að rétt áðan var hann að minnast á það, sem ég líka var rétt áðan að minnast á, að ekki væri greitt til þessara framkvæmda umfram ákvæði fjárlaga. Það má nefna það sem dæmi í þessu sambandi, að búið er að lofa því að byggja upp í Eydölum eystra (**PZ:** Það er byrjað á því.), sem er a. m. k. merkilegur staður í þessu landi, því að þaðan er einn af ágætustu ættstofnum, sem til er í þessu landi, svo sem flestum mun kunnugt. Og Eydalir eru einn merkasti staðurinn austanlands af preststsetursjörðum. Presturinn varð

að flýja þaðan í tvö ár — þrátt fyrir vilyrðið um, að byggt yrði á jörðinni — vegna þess að það fennti inn um húsið.

Þessi prestaköll, sem ég vil leggja niður, eru flest þannig, að það er ekki hægt að vera þar. Og ég er viss um, að það er betra fyrir sveitir landsins að hafa presta þar í samræmi við það, sem þörf er á, en gera sæmilega við prestana og sjá um, að byggt verði yfir þá og að þeir hafi peningshús á jörðunum og sjá um, að þeir geti búið sæmilegum búskap. Það er enginn ávinningur fyrir landið að hafa of marga presta, því að ef það er, þá verður afleiðingin sú, að illa er gert við þá suma, svo að þeir verða ekki sú stoð og stytta, ef illa er að þeim búið, sem þeir annars gætu verið, ef þannig væri að þeim búið, að prestsstarf verði eftirsótt starf fyrir dugandi menn. En við getum, því miður, ekki sagt nú, að eins og búið er að prestunum, þá séu prestarnir yfirleitt sérstakir leiðtogar á þeim stöðum, þar sem þeir eru í sveitum landsins, þó að þeir séu það nokkrir. Þess vegna er vitanlega nauðsynlegt, og það sá n., sem undirbjó málið, að um leið og prestum er fækkað í sveitum og tölu þeirra stillt í nokkurt hóf, þá er meiri von til þess að geta búið sæmilega að þeim prestum, sem eftir eru, og fá þangað góða og dugandi menn. En að láta fjölda prestssetra vera í fullkominni óreiðu, eins og nú er, getur ekki gengið áfram, og þess vegna álít ég það skref í rétta átt að byggja á þessari niðurstöðu. En það þurfti enginn að láta sér detta í hug, að þetta mál gæti gengið fram í fyrsta sinn, sem það er tekið fyrir; til þess er þetta allt of viðkvæmt mál, til þess þurfti vitanlega viðunandi áfanga. Viðkomandi Rafnseyri þá vil ég benda á það, að í 3. gr. stendur, að l. gangi ekki í gildi fyrr en 1. jan. 1952, og þar er gert ráð fyrir því, að endurskoðun á þessari löggjöf verði hafin bráðlega, og þá er það að sjálfsögðu á valdi Prestafélags Íslands og biskups, sem telur sig hafa mikinn áhuga fyrir endurskoðun, hvað snemma er lokið þeirri endurskoðun, en væntanlega verður henni lokið fyrir næsta þing, þannig að málið geti þá legið fyrir. A. m. k. verður nægur tími til þess að taka það mál til endurskoðunar fyrir 1. jan. 1952. Ég skal svo ekki, þó margt mætti um þetta mál segja, tefja tímann með því að lengja mál mitt.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Ég hef innan menntmn., síðan ég kom hingað, haft sérstöðu um þetta mál. Þegar það var afgr. héðan úr d., þá greiddi ég atkv. á móti því, en hafði ekki haft aðstöðu til að fylgjast með því innan n. áður. Nú hefur, eins og hv. frsm., 11. landsk., tók fram í sinni framsöguræðu, á þessum eina fundi, sem menntmn. hélt, verið samþ. að koma ekki með brtt. við frv. eins og það kom frá Nd., en ég hafði þá sérstöðu í þessu máli, að ég var því mótfallinn. — Ég vil ekki lengja umr. um þetta mál mikið úr þessu, því ég get ekki fært rök fyrir þessu áliti nema í löngu máli, og þetta er svo mikið rætt. Ég hef orðið var við það, að prestar og fleiri menn álíta óráðlegt að láta þetta mál ganga fram á þessu stigi eins og það liggur fyrir. Ég vil í tilefni af því, sem hæstv. kirkjumrh. sagði í sinni fyrri ræðu, aðeins benda á, að hann minntist á, að þetta frv. hefði verið undirbúið af prestakallanefnd. Þetta er rétt, en ég vil í því sambandi benda á, að þessi n. fór langtum víðtækara út í þetta mál, hún minntist t. d. á sjóðsstofnun, rækt un á prestssetursjörðum og hýsingu á prestssetrum, bæði íbúðarhús og peningshús, til þess að gera prestunum viðunandi að búa á þessum jörðum. En það, sem mér finnst hafa vakað fyrir þessari n., það er að koma allsherjar lögum og betri skipan á þessi mál en nú er, og mér finnst, að þeir hafi lagt áherzlu á, að það þyrfti að gera prestunum mögulegt að búa á jörðunum. En svo hafa þeir líka getað hugsað sér það að fórna einhverju í þessu skyni, og þá fara þeir inn á þá braut að fækka prestssetrum, en frv. tekur aðeins til meðferðar fækkun prestakalla og annað ekki. Ég vildi aðeins benda á þetta um leið og ég geri grein fyrir afstöðu minni. Ég lýsti því yfir í menntmn., að ég mundi ekki koma með brtt., þó að ég væri mótfallinn málinu, en ég vil lýsa því yfir um leið, að ég mun greiða brtt. hv. þm. Barð., á þskj. 735, atkv., þar sem það er sama og að fella málið, ef sú till. er samþ.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Enda þótt ég sé óánægður með þetta frv. eins og það er og telji, að það náist ekki með því nema lítill hluti af því, sem á að nást, þá mun ég samt fylgja því. En það eru 2 atriði, sem ég vildi benda á, og alveg sérstaklega til athugunar fyrir þá n., sem með þetta kann að fara. Það fyrra er, að það er alveg nauðsynlegt að taka til gagngerðrar athugunar, að í mörgum prestaköllum í landinu hefur þurft að færa til prestssetrin, og það hefur verið gert þannig, að þau liggja svo illa og óhagstætt við þeirri þjónustu, sem presturinn á að veita, að það er nauðsynlegt að færa prestssetrin til. Á móti þessu virðist mótspyrna víða. Þetta er svo, að prestaköllin eru kölluð eftir prestssetrunum, sem er raunverulega búið að leggja niður og flytja fyrir nokkru síðan. En hitt, sem ég vildi benda á, er það, að ég tel rétt að taka upp heiti á prestaköllum eftir prestssetrum. Það er ekkert vit í því að vera að kalla prestaköllin eftir prestssetrum, sem búið er að leggja niður fyrir áratugum; það er sjálfsagt að taka upp heiti á þeim eftir prestssetrunum, og ég vil láta athuga, hvar prestssetrin eiga að vera, og því þarf verulega að breyta. — Að öðru leyti skal ég ekki taka þátt í þessum umr. Ég hef áður látið það álit uppi, að ég teldi enga nauðsyn á því, að prestar væru fleiri en læknar, og ég hef ekki orðið var við það í mínu lífi, að það þyrfti oftar á manni að halda til að lækna andlega séð heldur en lækni, og ég tel ekki þörf á fleiri læknum, en það er annað sjónarmið, sem ég geri ekki ráð fyrir, að verði tekið tillit til. En hins vegar verður að hafa prestssetrin þannig, að þau séu vel sett nú, en ekki þar, sem þau voru vel sett fyrir 100—200 árum, því að atvinnuhættir hafa breytzt, og það nær ekki nokkurri átt annað en að færa mörg þeirra.

ATKVGR.

Brtt. 735 felld með 10:2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÓÓ, GJ.

nei: PZ, RÞ, VH, ÞÞ, BBen, FRV, HV, HermJ, KK, BSt.

LJóh, StgrA greiddu ekki atkv.
3 þm. (BrB, HG, JJós) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 776).

45. Verðlag og dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Á 78. fundi í Ed., 1. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, o. fl. [193. mál] (stjfrv., A. 753).

Á 79. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Stjórnin hefur lagt hér fram frv., sem fjallar um þrjú óskyld atriði.

Í fyrsta lagi er breyting á l. nr. 35/1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm. Ágreiningur hefur orðið um, hvernig skilja skuli orðalagið á 1. málsgr. 4. gr. þessara laga, og hafa góðir lögfræðingar skipazt þar bæði með og móti. Er lögin voru sett, var það tilgangurinn með þeim, að fjárhagsráð hefði heimild til þess að ákveða hámarksverð á hvaða vörur sem væri, en ekki skyldi fjárhagsráð þó ákveða hámarksverð á allar vörur. Þess vegna er það tilgangurinn með þessu frv., að tekinn sé af allur vafi um, hvernig skilja beri þessa grein, og um leið getur fjárhagsráð afnumið þau verðlagsákvæði, sem það sjálft hefur ákveðið. Ég skal taka fram í sambandi við þetta og samkv. yfirlýsingu ríkisstj., að hún hefur komizt að samkomulagi við útvegsmenn á þeim grundvelli, að þeir fái hlunnindi af sérstökum vöruinnflutningi, og komi þær vörur, sem settar verða í því skyni á sérstakan frílista, ekki undir verðlagsákvæði. Mun stjórnin sjá um, að þetta samkomulag verði haldið, þótt það sé ekki sett í lög. Í öðru lagi óskar ríkisstj. eftir því að fá að nota þá yfirdráttarheimild, sem Ísland hefur fengið með samningi hjá Greiðslubandalagi Evrópu sem þátttakandi í þeirri stofnun. Á þessari stundu ætlar ríkisstj. ekki að nota þessa heimild, en vill þó hafa hana til taks, ef hún álítur nauðsynlegt að grípa til hennar. En ég vil taka það skýrt fram, að þetta á ekki á nokkurn hátt að verða eyðslueyrir.

Sá erlendi gjaldeyrir, sem bankarnir fengju til umráða frá Greiðslubandalaginu, yrði greiddur í íslenzkum krónum og andvirðið sett á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands og varið til að endurgreiða yfirdráttarlánið, er gjaldeyrisástæður leyfa, enda má ekki nota fé til annars. — Þessi yfirdráttarheimild, sem flest ríki fengu, sem í bandalaginu eru, byggist á því, að fyrstu 3 millj. dollara, sem teknar eru, er hægt að fá án þess að greiða jafnhliða í gulldollurum. En er komið er yfir 3 millj. dollara skal greiða 20% í gulldollurum. Þannig þyrfti, ef þessi heimild yrði notuð, að greiða 200 þús. kr. í gulldollurum. Á þessi greiðsluheimild að greiðast frá 1. júlí 1952 með þriggja ára greiðslufresti, svo að það samsvarar 4 ára greiðslufresti, og þarf að greiða 2¾% í vexti. Er gengið út frá því, að þau lönd, sem nota slíka yfirdráttarheimild, geri samninga við lönd, sem eru í bandalaginu, þegar samningsfresturinn er útrunninn, en ef samningar takast ekki, koma í gildi þeir þriggja ára greiðslufrestir, sem ég gat um. — Ríkisstj. gerir ekki ráð fyrir, að hún þurfi að grípa til þessa, en vill hafa þessa heimild samt sem áður, ef hún telur nauðsyn bera til að nota hana.

Hið þriðja atriði er, að ríkisstj. leggur til, að 31. gr. l. nr. 100 29. des. 1948 verði lögð niður. En þessi grein fjallar um 20% gjald af matsverði bifreiða, sem seldar eru innanlands.

Er þetta gjald var sett, var áberandi svartur markaður á bifreiðasölu, og var þetta gjald bæði sett til þess að hefta svarta markaðinn og til þess að ríkið fengi hlutdeild í þessum gróða. En þessi skattur hefur bæði brugðizt að mestu leyti og verið ákaflega óvinsæll, og það virðist einnig mega segja, að svartur markaður á þessari vöru sé að hverfa, því að bílar hafa hækkað svo í verði, að þeir eru komnir upp í það verð nú, sem gilti, er svarti markaðurinn var í algleymingi. Auk þess hafa bifreiðavarahlutir verið settir á lista þann, sem útvegsmönnum er ætlaður, og má gera ráð fyrir, að þeir hækki eitthvað í verði. Þykir því sanngjarnt, að þessi skattur verði leystur af bifreiðaeigendum.

Ég ætla svo ekki að þessu sinni að segja meir þessu frv. til skýringar. Ég legg til, að því verði vísað til 2. umr. og fjhn. að þessari umr. lokinni, og vegna þess, að gert er ráð fyrir, að þinginu verði slitið næstu daga, og þær ráðstafanir, sem bundnar eru við þetta, þurfa að komast í gegn, vil ég mælast til, að þetta mál verði tekið fyrir hér í deildinni á morgun og þá afgr. út úr deildinni, svo framarlega sem fundur verður í þessari hv. deild á morgun.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég sé að hæstv. ráðh. liggur á að fá stimpil hv. Alþ. á nokkurn hluta af þeim ráðstöfunum, sem sumpart eru byrjaðar og sumpart fyrirhugaðar sem bráðabirgðalausn í sambandi við sjávarútveginn. Í þessu sambandi langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðh. í tilefni af yfirlýsingu hæstv. ríkisstj., hvort ætlunin sé að leita eftir samþykki Alþingis til þess að taka 1/6 af innflutningnum og binda þannig ákveðið magn innflutningsins í því skyni, að lögð verði á hann álagning, sem nemur 50—60%. Ég vil ekki fullyrða, að stjórnin fremji stjórnskipunarbrot með þessu, en þetta er gersamlega óþingræðislegt og ekki samboðið hæstv. ríkisstj. á nokkurn hátt. Hér eru hafðar sex umræður um örsmá fjárveitingaratriði, en hér er um að ræða hvorki meira né minna en álagningartoll, sem nemur minnst 50—60 millj. kr. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. gefi svar við þessari fyrirspurn og svari jafnframt, hvernig á því getur staðið, að þingræðisstjórn í þingræðislandi hefur slíka háttu á við afgreiðslu hinna þýðingarmestu mála.

Meginatriði þessa frv. eru þrjú:

Fyrsta atriðið og það veigamesta er að afnema verðlagseftirlitið í landinu með öllu. Það skal að vísu játað, að orðalag 1. gr. segir þetta ekki bein-

línis, en málflutningur hæstv. ríkisstj. undanfarna daga sannar, að þetta er tilætlunin. Hefur komið ljóslega fram í ræðum hæstv. ráðh., að þeir telji samkeppni og frjálsa verzlun skapa hið eðlilega og lægsta verð á vörunum, og er það röksemd þeirra fyrir því að afnema verðlagseftirlitið. Er þessi lagabreyt. gerð með þetta fyrir augum. Það er augljóst, að afleiðingin verður sú, að enginn getur flutt inn ákveðna vöruflokka til landsins nema þeir, sem hafa B-lista gjaldeyri, og er það tilætlunin, að þessar vörur verði skattlagðar um 50—60 millj. kr. En jafnframt er augljóst, að tilætlunin er að fella niður verðlagseftirlit á frílistavörum, sem nema 60% af innflutningnum til landsins, — umboðslaunum, þóknun og öðru, sem máli skiptir um verðlag í landinu. En þá eru eftir vörur í landinu — um 20% af innflutningnum —, sem engar yfirlýsingar liggja fyrir um af hálfu ríkisstj., hvað gera eigi við.

Í sambandi við fyrirhugaðan frílista langar mig til þess að spyrja um tvennt. — Í fyrsta lagi, hvort hæstv. ríkisstj. hefur tekizt að fá önnur lönd innan Greiðslubandalags Evrópu til þess að taka okkar fisk upp á frílista hjá sér. Mér virðist ómögulegt að opna okkar land fyrir frílistainnflutningi án þess að vita fyrir fram, hvort okkar aðalútflutningsvörur sæti sömu kjörum. Mér þætti vænt um, að hæstv. ráðh. upplýsti þetta. — Í öðru lagi, hvort ríkisstj. telji sig hafa heimild til þess að taka 60 millj. kr. lán, en enginn veit, hve margar krónur það verða, er greiðslan hefst eða þegar henni er lokið. Þetta lán er ekki tekið til þess að stofna til ákveðinna framkvæmda, atvinnuaukningar, til þess að auka verðmæti með auknum framleiðslutækjum eða til húsabygginga o. fl., heldur til þess að kaupa mat í fólkið til viðbótar 100 millj. kr. gjöfum til matarkaupa, af því að 100 millj. kr. andvirði útflutningsverðmætanna er bundið til kaupa á öðrum vörum, sem ríkisstj. telur ekki beinlínis nauðsynlegar, heldur æskilegar. Ég hef heyrt skýringar hæstv. ráðh. á því, að andvirðið eigi ekki að vera notað sem eyðslufé og ríkissjóður leggi það inn á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands.

Þriðja atriði er um það að afnema söluskatt af bifreiðum, og út af fyrir sig skal ég ekki finna svo mjög að því. Það er rétt, að þessi skattur hefur ekki gefið af sér miklar tekjur, en mér er ekki grunlaust um, að ríkisstj. hafi ekki sýnt sérlega mikla röggsemi hvað innheimtu þessa skatts snertir. Það er rétt, að þessi skattur er óvinsæll af þeim, sem þurfa að greiða hann, en ég veit ekki til þess, að hann hafi verið óvinsælli en aðrir skattar, svo að það er ekkert sérstakt um þennan skatt. En röksemd ríkisstj. er út af fyrir sig ekki þessi, heldur sú, að nú sé komið það „paradísarástand" hér, að nú sé ekki þörf á þessum skatti hér lengur, sem sagt, að það hefði gerzt hér, að verð á bifreiðum væri nú það sama og það var, er svarti markaðurinn var í algleymingi. En mér er ekki fullkomlega ljóst gildi þessara raka. Verð á bifreiðum hefur hækkað mikið síðan þessi skattur var lagður á, af því að innflutningur á bifreiðum hefur verið stöðvaður um nokkurt skeið. Í öðru lagi græða þeir, sem selja gamlar bifreiðar fyrir margfalt kaupverð þeirra, enda þótt það geti vel verið rétt, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta atriði. Annars ætla ég ekki að fara að karpa um þessa gr. frv., ég get verið henni samþykkur að mestu leyti.

Ég vil svo að lokum bera hér fram tvær spurningar, sem mér þætti vænt um, að hæstv. viðskmrh. vildi svara: Telur hæstv. ríkisstj., að hún hafi lagaheimild til þess að breyta skipulagi innflutningsins í það horf, sem hún hefur gefið yfirlýsingar um, með þessu frílistafyrirkomulagi? Og í öðru lagi: Hvað hefur ríkisstj. gert til þess og hvaða tryggingu hefur hún fyrir því, að höfuðframleiðsluvörur okkar verði settar á frílista í helztu viðskiptalöndum okkar í Greiðslubandalagi Evrópu?

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Um það hvort ríkisstj. ætli að leita samþykkis Alþingis á þeim ráðstöfunum, sem hún er að gera, er það að segja, að í fyrstu, þegar þetta var athugað, var álitið, að slíkt mundi nauðsynlegt, en við nánari athugun kom í ljós, að nægileg heimild var fyrir í lögum um fjárhagsráð að gera slíkar ráðstafanir, og þar sem slík heimild var til, áleit ríkisstj. ekki, að hún væri skuldbundin til að biðja Alþingi um nýja heimild. Þetta er samhljóða álit þeirra lögfræðinga, sem ríkisstj. hefur leitað til, að vald fjárhagsráðs sé svo víðtækt, að það nái yfir þetta. Hv. þm. komst svo að orði, að með þessu væri verið að veita einstökum mönnum undanþágu frá lögunum. Það má að vísu segja það, að um leið og einhver maður hefur fengið leyfi hjá fjárhagsráði fyrir einhverri vörutegund, þá hafi hann um leið komizt í einokunaraðstöðu um að selja þá vöru. Og ég vil benda hv. þm. á það, að svipaðar ráðstafanir hafa verið gerðar fyrr, og það svo að nemur 20—30 millj. á ári nú síðasta tímabilið. Þá var gjaldeyririnn undanþeginn til bátaútvegsmanna með miklu hærri álagningu á vörur en hér er gert ráð fyrir. Þetta var falið fjárhagsráði þá og var talið fullkomlega löglegt. Um það, að þessar breytingar á verðlagseftirlitinu séu fram komnar til að afnema allt verðlagseftirlit með lögum, þá finnst mér ástæðulaust að draga þá ályktun. Það var aldrei gert ráð fyrir því, að ekki mætti undanþiggja ýmsar vörur þessu eftirliti. Það sýndi sig fyrir ekki löngu, að ýmsar vörur voru undanþegnar þessum verðlagsákvæðum, og fjárhagsráð taldi sig hafa heimild til þess þá að óbreyttum lögum. Og það, sem hér er verið að gera, er að skera úr því, að fjárhagsráð hafi heimild til að leggja á vörur, en ekki verið með því að segja, að því sé skylt að gera það á allar vörur, og það má afnema þessa álagningu af ýmsum vörutegundum, ef því sýnist svo. Nýja greinin er eins og sú gamla, með þeirri viðbót, að aftan við hana er bætt: „Verðlagsákvarðanir sínar getur fjárhagsráð numið úr gildi með auglýsingu" — og að í fyrstu línunni stendur „getur" í staðinn fyrir „skal". Hvað viðvíkur þessu síðasta, virðist það vera einsætt, að eins og fjárhagsráð verður að tilkynna verðlagsákvarðanir sínar með auglýsingu, þá verði það að afnema þær með auglýsingu. — Nú, og hin orðalagsbreytingin er aðeins til þess að samræma orðalag gr. því, sem hefur verið í reyndinni, að það hefur ekki verið skylda fjárhagsráðs að ákveða álagningu á vörur, heldur getur það gert það.

Út af því, hvort þau viðskiptalönd okkar, sem eru í þessu bandalagi, gefi frjálsan innflutning á

fiski, þá er því til að svara, að sum þeirra hafa frjálsan innflutning, eins og t. d. Ítalía, sem ég hygg að hafi allan fisk á frílista, og ég má segja, að innflutningur á fiski sé frjáls í öllum stærstu viðskiptalöndum okkar, eins og segja má, að sé í Bretlandi. Ég hygg þó, að fiskur sé ekki á frílista í Grikklandi, en þó er það áreiðanlegt, að við stöndum þar fyllilega jafnfætis öðrum löndum.

Ég skal geta þess, að þegar ég var á fundi Evrópubandalagsins í sumar í París, þá sýndi ég fram á það, hve mikil nauðsyn það væri fyrir Íslendinga að þau lönd, sem þeir skipta við, hefðu fisk á frílista, ef þeir ættu að geta haft þær vörur, sem þeir kaupa af þeim, á frílista. En það er nú svo, að það er ekki hægt að hafa allar vörur á frílista, og þess vegna er togstreita um það hjá öllum, að sem flest lönd hafi þær vörur á frílista, sem þau þurfa helzt að selja. Annars má gera ráð fyrir því, að þegar allur innflutningur verður gefinn frjáls frá þessum löndum, þá verði um leið allur útflutningur þangað settur á frílista.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. að ráði. Hæstv. ráðh. upplýsti, að bæði Bretland og Ítalía hefðu frjálsan innflutning á fiski, og hann taldi víst, að svo væri um önnur viðskiptalönd okkar, og þykir mér vænt um að fá þessar upplýsingar. Annars var ég ekki með þessar spurningar vegna þessara landa, heldur vegna hinna, sem koma til með að verða viðskiptalönd okkar í gegnum Evrópubandalagið, t. d. Holland, Belgía, Austurríki og Frakkland. Við opnum okkar land fyrir innflutningi frá þessum löndum, — og er þá um það að ræða, að þessi lönd hafi ekki þá vöru á frílista, sem okkur er nauðsynlegast að flytja út? Eða er það svo, að ríkisstj. geti ekki svarað því, hvort þessi lönd hafa fisk á frílista, eða hefur hún ekki gengið úr skugga um, að sama aðferð sé höfð í þessum löndum?

Þessi ummæli mín má nú ekki skilja svo, að ég sé á móti frílista, en ég tel, að það sé sjálfsagt, að ríkisstj. geri sér ljóst, hvað hún ætlast fyrir í þessu efni, hvort hún ætlar að tryggja það, að innflutningur fisks sé frjáls til allra helztu viðskiptalanda okkar, t. d. Bretlands. (**Viðskmrh.:** Það er ekki hægt að segja um það langt fram í tímann, en nú sem stendur er hann frjáls.) En vonandi hefur ríkisstj. kynnt sér, hverjar eru líkurnar í þessu efni, og mér skildist, að Bretland væri meðal þeirra landa, þar sem takmörkun kæmi ekki til greina.

Ummæli ráðh. um það, að lítil breyting verði á verðlagsákvæðunum önnur en sú, sem gerð er til samkomulags við útgerðarmenn, segja ekkert um fyrirætlanir ríkisstj. hvað aðrar vörur snertir.

Ég vil leyfa mér að spyrja í framhaldi af þessum umr. og í sambandi við upplýsingar hæstv. atvmrh., hvort stjórnin hefur í huga að afnema verðlagseftirlit á öllum framleiðsluvörum, og í öðru lagi, hvenær megi vænta þess, að almenningi verði birtir svonefndir A- og B-listar.

Hæstv. ráðh. sagði, að ekki þyrfti að leita eftir nýrri heimild til þess, að fjárhagsráð mætti afnema verðlagseftirlit, sú heimild væri þegar til. Þetta kann að vera rétt, en það er ekki lofsvert, því þó að málið liggi þannig fyrir, að það hafi nokkra afsökun í þessu efni, þá tel ég, að hér sé svo stórt stökk tekið, að ekki sé unnt að taka það án sérstakrar lagasetningar. Og það er alveg á móti öllum þingræðislegum reglum, að Alþingi fái ekki að láta í ljós vilja sinn um þetta mál.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að blanda mér inn í þetta mál nú að sinni, en ég vildi aðeins leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. um, hverjir væru greiðsluskilmálar þessarar yfirdráttarheimildar frá Greiðslubandalagi Evrópu. Ég vil biðja hann að endurtaka það, sem hann sagði um þetta fyrst, því að ég skildi það ekki nógu vel. Mér skildist, að sumt af þessu láni ætti að greiða í gulldollurum. (**Viðskmrh.:** Í amerískum dollurum, í frjálsum dollurum.) Það er þá meiningin að greiða í dollurum til þeirra landa, þar sem vörurnar verða keyptar.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. spurði, hvort ríkisstj. hefði í huga að afnema öll hámarksákvæði, vil ég segja það, að ég get ekki sagt, hvað ríkisstj. hefur í huga; um það hafa enn ekki verið teknar ákvarðanir, og get ég ekki gefið neina yfirlýsingu um það fyrir fram.

Um listana er það að segja, að þeir munu koma fram strax og hægt verður, og hygg ég, að það ætti að geta orðið upp úr helginni.

Um það, sem hann sagði, að ríkisstj. ætti að leita heimildar Alþingis um þessar ráðstafanir, enda þótt hún telji sig hafa fulla heimild til þeirra samkv. gildandi lögum, vil ég þá spyrja þennan hv. þm., hvort hann telji ekki, að ráðh. Alþfl., sem framkvæmdi ákvæðin um hrognapeningana, hafi fylgt þingræðinu, eða hvort hann hafi þá ekki brotið af sér á sama hátt og ríkisstj. gerir nú. En það bar ekki á því þá, að þessi hv. þm. hefði nokkuð við þetta að athuga, er þessi samþykkt var gerð, og er hún þó alveg sama eðlis og það, sem hér er um að ræða.

Hv. 1. landsk. bað mig að skýra aftur þá skilmála, sem væru í sambandi við þessa yfirdráttarheimild. Ég get ekki annað en endurtekið það, sem ég sagði áðan, að sú yfirdráttarheimild, sem notuð er, er gert ráð fyrir að greiðist þrem árum eftir að samningurinn fellur úr gildi, og ef maður reiknar með núgildandi samningi án framlenginga, þá verður það 1952, og þá fellur þessi yfirdráttarheimild þremur árum síðar í gjalddaga. Hins vegar má náttúrlega greiða þessa skuld hvenær sem er.

Ef aðeins eru teknar 3 milljónir, þá þarf ekki að greiða neitt sérstaklega af því í dollurum, en ef teknar eru næstu 3 millj., þá verður að greiða 20% af því í frjálsum dollurum. Við þyrftum þá, ef við notuðum þessar 4 millj., að greiða 200 þús. til bandalagsins. Þetta er gert til þess að hamla á móti því, að löndin noti meira af þessari heimild en nauðsyn krefur.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta frv. efnislega. En það var út af ummælum hv. 4. þm. Reykv., sem ég vildi segja nokkur orð. Hann sagði, að þetta fyrirkomulag mundi raska töluvert innflutningi frá viðskiptalöndum okkar, nema það væri tryggt, að fiskur væri á frílista hjá viðkomandi landi. Hvernig er það, ef þetta verður samþykkt? Er þá ekki

hætta á, að við getum ekki skipt við þau lönd, þar sem aðalútflutningsvörur okkar eru ekki á frílista? Og er nokkur trygging fyrir því, að mörg þau lönd, sem við verðum að kaupa af vörur, muni kaupa af okkur þær vörur, sem við þurfum að losna við? Ég vil sem dæmi um þetta segja það, að eitt af viðskiptalöndum okkar, Danmörk, sem við höfum keypt svo og svo mikið af vörum frá, hefur keypt mjög takmarkað af okkur. Árið 1948 áttum við að kaupa af þeim vörur fyrir 22 millj., en þeir áttu að kaupa af okkur fyrir 20 millj. Þetta fór nú svo, að við keyptum af þeim vörur fyrir 42 milljónir, en þeir af okkur fyrir ekki nema 7 milljónir. Ég bar fram í sambandi við þetta þáltill. á Alþingi um að kippa þessu í lag, en síðan hef ég heyrt, að við höfum keypt af þeim sjöfalt á við það, sem við höfum getað selt þeim. Og nú nýlega var búið að semja um hagstæða sölu á sjávarafurðum, þar á meðal 2000 tonnum af hraðfrystum fiski, en þessi kaup urðu að ganga til baka vegna þess, að Danir vildu ekki greiða þetta nema inn á einhverja frosna sjóði í Landsbankanum. Hvað gerir ríkisstj. við þessum viðskiptum? Þessi kontó hjá Landsbankanum var mynduð vegna þvingunar frá Dönum, og hvað hefur ríkisstj. gert til þess að kippa þessu í lag? Ef þetta hefur verið hagstætt, hvers vegna er þá ekki hægt að selja gullvörur, svo sem fiskimjöl? Ég tel, að þetta mál sé svo alvarlegt, að það verði að taka það til rækilegrar athugunar í sambandi við þetta mál.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég verð að segja það, að mér er alveg ókunnugt um þessi viðskipti, sem hv. þm. Barð. var að tala um, og satt að segja kemur mér það ókunnuglega fyrir sjónir, hvernig þau hafa getað gerzt.

Það hefur undanfarið verið unnið að því að gera viðskiptasamninga við Danmörku, sem þó er ekki á þessu stigi málsins hægt að segja um, hvort takast, en ef þeir verða gerðir, þá skuldbinda þeir okkur ekki á neinn hátt til þess að hafa meiri viðskipti við þá en okkur gott þykir. En mér þætti gott að fá nánari upplýsingar um þessi viðskipti hjá hv. þm. Barð. Og ég sé ekki, á hvern hátt það getur verið óheppilegt fyrir Íslendinga, að Danir kaupi af þeim vörur fyrir hagstætt verð, þó að við kaupum meira af þeim en þeir af okkur. Og ég vil upplýsa í sambandi við þetta mál, að markmið Greiðslubandalags Evrópu er, að við getum selt vörur í því landi, þar sem bezt verð er að fá fyrir þær, en svo getum við farið með þann gjaldeyri og keypt fyrir hann vörur, þar sem verðið er hagkvæmast. Þess vegna geta viðskiptin orðið hagstæð, þótt ekki fáist greiðslujöfnuður við hvert einstakt land.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal senda hæstv. ráðh. öll þau gögn, sem þessum viðskiptum eru viðkomandi. Sumt af þessum upplýsingum vissi utanrrn. og sumt vissi sjútvmrn. Hér er um það að ræða, að Nationalbankinn danski neitaði að láta þessar greiðslur af hendi nema inn á lokaða kontó í Landsbankanum. Ég taldi mig ekki hafa neina heimild sem alþm. til að vinna að því, að slíkt yrði gert. Ég var fullkomlega sammála þeim ráðh., sem ég ræddi við í sambandi við þetta mál, að það ætti ekki að selja vörur þannig, en skil hins vegar ekki í því, að viðskipti við annað land þurfi að fara fram á þann hátt eins og verið hefur í sambandi við vörur, sem á okkar mælikvarða má kalla gullvörur, eins og m. a. fiskimjöl. En ég skal með ánægju strax á morgun senda hæstv. ráðh. öll gögn, sem ég hef varðandi þetta mál, því að það er sannarlega alvörumál, þegar það bregzt fyrir okkur að geta sætt hagkvæmri sölu á vörumagni, sem er allt að 2000 tonn, vegna þess að viðkomandi land vill loka þau viðskipti inni með greiðslu til nokkurra ára.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það er ekki æskilegt, að komið verði á vöruskiptaverzlun við hvert einstakt land. Tilgangurinn með Greiðslubandalagi Evrópu er sá að reyna að koma því þannig fyrir varðandi viðskipti milli landa, að við getum keypt okkar nauðsynjar þar, sem þær eru ódýrastar og hagkvæmastar, og selt útflutningsafurðir okkar í þeim löndum, sem okkur er hagkvæmast. Um þetta eru allir sammála. Hitt er því augljóst, að ef við höfum möguleika á að selja okkar vörur í viðskiptalöndum innan bandalagsins, þar sem við fáum bezt verð fyrir þær, þá mega þau ekki torvelda með hömlum innflutning á okkar þýðingarmestu vörum þangað, og það er m. ö. o. þess að vænta, að eins og við setjum á frílista hjá okkur þýðingarmestu vörur viðkomandi viðskiptalands, þá setji það á frílista hjá sér okkar þýðingarmestu útflutningsvörur á viðskiptaárinu. Þess vegna beindi ég þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hvort okkar þýðingarmestu vörur væru á frílista hjá þeim löndum, sem við kaupum vörur frá, og harma ég, að hann hefur ekki getað svarað henni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, RÞ, VH, ÞÞ, SÓÓ, GJ, HV, JJós, KK, BSt.

HG greiddi ekki atkv.

6 þm. (PZ, StgrA, BBen, BrB, FRV, HermJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 753, n. 762, 763 og 764).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Fjhn. fékk mál þetta til meðferðar í gærkvöld og hafði fund um það í morgun. Frv. var að sjálfsögðu borið saman við þau lagaákvæði, sem það snertir og á að breyta, og svo var það rætt efnislega. Það kom í ljós, að nm. gátu ekki orðið samferða í afgreiðslu þess, eins og hér liggur líka fyrir í þrem nál., sem útbýtt er í þessari andrá. Hv. 1. landsk. var mótfallinn 1. og 2. gr. frv. og flytur við þær brtt. í nál. sínu á þskj. 762. Hinir nm. voru að mestu leyti sammála um málið efnislega, en hv. þm. Barð. vildi breyta því að forminu til mjög verulega, eins og kemur fram í nál. hans á þskj. 764 og brtt. Hann vildi láta skipta frv. í þrjú frv. Ég segi fyrir mig, að ég er á sama máli,

og ég held ég segi það fyrir hönd þeirra, sem hafa orðið samferða um nál. á þskj. 763, að við töldum, að vel mætti á því fara, að efni frv. hefði komið fram í þrem sjálfstæðum frv. Hins vegar töldum við þrír, sem stöndum saman, ekki ástæðu til þess, úr því að frv. hefur komið fram í því formi, sem það er, að kljúfa það í þrennt. Við litum svo á, að hægt væri að breyta því þannig, að sæmilega færi á, að þau atriði, sem þar koma fram, væru í einu frv. Dæmi þess eru mörg í löggjöf, að það hafi verið gefið út eitt frv. og ein lög, sem breytt hafa fleiri lögum en einum, og tengt hefur verið saman alveg óskylt efni. Kunnustu dæmin og kannske sterkustu, sem þá má nefna, eru löggjöf um höggorm og bandorm, eins og kunnugt er. Og þar sem nú er mjög áliðið þings og á að hraða störfum þess, þá þótti meiri hl. ekki rétt að tefja tíma þingsins með þess háttar mótbáru og stofna til þess, að fara þyrftu fram tólf umr. um tvö ný frv., með allri þeirri fyrirhöfn, sem í kringum slíkt er fyrir Alþ. og starfsfólk þess.

Eins og nál. okkar þriggja ber með sér, þá höfum við orðið samferða, en hv. 11. landsk. (ÞÞ) hefur þá sérstöðu, að hann er andvígur 3. gr. frv., þ. e. að afnema skattinn af bílasölu innanlands. Við leggjum til, að á frv. verði gerðar lítils háttar formsbreyt., sem við teljum nauðsynlegar. Þegar við bárum frv. saman við þau lagaákvæði, sem breyta á, þá voru á því smágallar, og enn fremur verður að líta svo á, að eðlilegt sé, að það nýmæli, sem 2. gr. felur í sér, komi fram sem viðbót við þau lög, sem það á að tengjast við, og sem bráðabirgðaákvæði, því að efni gr. er tímabundið og er því í eðli sínu bráðabirgðaákvæði. — Við leggjum til, eins og hér sést á þskj. 763, að framan við meginmál 2. gr. bætist: „Aftan við 20. gr. sömu laga bætist svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði.“ Svo kemur gr. á eftir eins og hún er óbreytt hér í frv. — Þá leggjum við til, að lítils háttar breyt. sé gerð á 3. gr., af því að þessi ákvæði, sem í frv. segir, að úr gildi skuli numin, eru í sjálfu sér dauð í l. frá 1948, en hafa verið framlengd í 1. gr. l. nr. 112 1950, og það er það, sem brottnámið á við. Þess vegna leggjum við til, að gr. orðist svo: „Fyrir orðin „skulu gilda“ í 1. gr. l. nr. 112 1950 kemur: skulu, önnur en 31. gr., gilda.“ Breyt. er þá sú, að gildi 31. gr. í framlengingarl. er fellt niður. — Þá er það, að af því að frv. nær til fleiri laga en laga um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, þá eru orðin „og fleira“ ekkert táknandi um það, til hvers þau grípa, en rétt er, þar sem því verður við komið, að hafa fyrirsögnina þannig, að hún segi til um það, um hvaða lagaatriði er að ræða. Það er miklu þægilegra fyrir þá, sem þurfa að finna l., að geta þannig gengið að þeim eftir fyrirsögnum. Þess vegna leggjum við til, að fyrirsögninni verði breytt þannig, að fyrir orðin „o. fl.“ kemur: og l. nr. 112 1950, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Við í meiri hl. væntum þess, að hv. d. geti fallizt á þessar breyt., og jafnvel líka, að hæstv. ríkisstj. geti fallizt á þær, því að þetta eru formsatriði, sem eru til bóta, en engin efnisbreyt. Efnislega ætla ég að láta vera að ræða um frv., því að ég tel, að hæstv. viðskmrh. hafi í gær gert svo rækilega grein fyrir tilgangi frv. og efni, að það sé ekki ástæða til fyrir þá, sem eru í meiri hl. og eru frv. efnislega samþykkir, að bæta neinu við þá grg., sem þar kom fram. En hins vegar þykist ég vera búinn að gera grein fyrir þeim brtt., sem meiri hl. vill gera á frv.

Frsm. 1. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Það kennir nú margra grasa í þessu frv., því að það er um breyt. á l. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm í fyrsta lagi; enn fremur er það breyt. á l. nr. 100 1948 um að afnema söluskatt á bifreiðum. Þetta eru breyt. á tvennum óskyldum l., og loks er það lagafyrirmæli, sem undir venjulegum kringumstæðum er flutt sem sjálfstætt frv., um heimild til að taka lán til kaupa á neyzluvörum. — Nefndin hefur klofnað um málið og fyrst og fremst þannig, að meiri hl. vill samþ. frv. efnislega, en ég er algerlega andvígur stefnu frv. Hins vegar hefur n. í raun og veru, eins og hv. frsm. tók fram, þríklofnað, eða fjórklofnað, þó að það séu ekki nema þrjú nál., þar sem einn úr meiri hl. er andvígur einu atriði af þessum þrem atriðum, sem í frv. eru. Hins vegar vill 2. minni hl. skipta því í þrjú frv., eins og eðlilegra hefði verið, þar sem hér er um þrjú atriði að ræða. En meginágreiningurinn á milli mín og hinna hv. nefndarmanna er um sjálft efni frv., þ. e. a. s. 1. og 2. gr. þess.

Með þessu frv. er ríkisstj. að biðja um staðfestingu á því, sem hún er raunar búin að gera fyrir löngu. Þetta á að vera staðfesting á ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur gert, meðan Alþ. hefur setið á rökstólum, án þess að spyrja þingið og án þess að skýra frá þeim, fyrr en núna við eldhúsumræðurnar. Þó er hér um að ræða aðgerðir, sem skipta munu meira máli og verða örlagaríkari fyrir efnahag íslenzku þjóðarinnar en nokkurt það mál, sem fjallað hefur verið um á þessu þingi. Mér sýnist, að með þessu háttalagi sé verið að flytja hið formlega æðsta vald þjóðarinnar úr höndum Alþ. til ríkisstj., en hið raunverulega vald er í útlöndum. Ef svona heldur áfram, þá mun innan skamms verða lítið eftir af þingræðinu.

Um málið sjálft hefur verið rætt áður allýtarlega. Með 1. gr. er verið að biðja um eins konar staðfestingu á útgerðarmannagjaldeyrinum. Það er ekki gert af virðingu fyrir þinginu, því að hæstv. ráðh. sagði, að sennilega væri þessi lagasetning óþörf, en þó höfðu einhverjir lögfræðingar talið vissara að setja þessi fyrirmæli í lögin. En þessi grein fjallar sem sagt aðeins um formsatriði frá sjónarmiði hæstv. ráðh. En úr því að þingið er spurt, er bezt, að það svari, og ég lít svo á, að svarið geti aðeins verið á einn veg. Alþ. á að fordæma þetta athæfi hæstv. ríkisstj., bæði aðferðina og ekki síður efnið sjálft, því að ég tel það fráleitt. Hér er verið að gera ráðstafanir til hækkunar á vöruverði, og með þeim hætti, að ákveðnir menn fái einokun á verzlun, sem grípur yfir 1/6 hluta af innfluttum vörum til landsins. Þessum mönnum er ætlað að græða á þessari vöruhækkun um 50 millj. kr. á ári, auk annars verzlunargróða, því að það er augljóst, að hér eru opnaðir möguleikar fyrir keðjuverzlun, en það hefur aftur í för með sér, að mikill hluti gróðans fer til annarra en útgerðarmannanna sjálfra. Ég hef heyrt formælendur þessa máls segja, að menn geti bara

látið vera að kaupa þessar vörur; menn geti látið vera að kaupa sápu, klósettpappír og aðrar hreinlætisvörur. Þeir, sem eiga bifreið, geta látið vera að kaupa varahluti í hana. Nú, þeir, sem eru að byggja hús, þurfa þá ekki að kaupa baðker eða lása eða hjarir á glugga. Maður talar nú ekki um óþarfa eins og húfur og hatta. Með slíkt hafa menn ekkert að gera. Þetta hefur maður heyrt margendurtekið. Og það skyldi þá ekki bráðlega fara að verða alger óþarfi að ganga í fötum?

Með þessu frv., ef að lögum verður, er ríkisstj. að gefa heimild til að afnema verðlagseftirlit með öllu, og það virðist líka vera ætlunin nú. Hvaða afleiðingar slíkt kann að hafa, erum við ekki búnir að sjá fyrir endann á. En það, sem ríður þó baggamuninn frá mínu sjónarmiði í þessu máli, er það, að þessar aðgerðir munu ekki ná þeim tilgangi, sem þeim er ætlað að ná, sem sé að hjálpa hinum raunverulegu framleiðendum fisksins. Nýlega hafa verið gefnar þær upplýsingar, að það væri ekki til neitt fast verð á fiski í landinu. Víðast hvar mun það þó vera 75 aurar, og það eru litlar horfur á því, að sjómenn fái nokkuð af þessum svartamarkaðsgróða, og hætt er við, að útgerðarmenn muni í mörgum tilfellum ekki sjá mikið af honum heldur. Það eru því allar horfur á því, að lítill hluti þessa gróða lendi til framleiðendanna sjálfra, og þar af leiðandi munu þessar aðgerðir ekki bera ávöxt. Verkfalli útgerðarmanna hefur að vísu verið aflétt, en eftir sem áður eru þó dauðamörk á þessari framleiðslu. Þetta var nú um 1. gr. frv.

Þá er það 2. gr., sem er að vísu um annað efni, en stendur þó í sambandi við ráðagerðir ríkisstj. í þessu máli, þar sem það var skilyrði fyrir, að útgerðarmenn fengju þennan gjaldeyri til ráðstöfunar, að ríkisstj. gæti útvegað einhvern veginn lán erlendis frá. Mér virðist það dálítið undarlegt háttterni að fara fram á heimild til lántöku erlendis, á sama tíma og ríkisstj. hrósar sér af því, að nú sé gjaldeyrisástandið betra en það hafi verið um langt skeið og það fari batnandi og auk þess muni nú Marshallgjafafé verða stóraukið á næstunni, eða um 100 millj. kr. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekki ætlazt til, að þessi lánsheimild yrði notuð. Til hvers er þá verið að biðja um hana? Mér *sýnist*, að þetta *séu einmitt rök fyrir* því, að það eigi ekki að veita hana, þar sem þessi orð sýna ljóslega, að það eru engar ástæður fyrir hendi, sem réttlæta að taka þetta lán. Ég tel ekki rétt að taka erlend lán til kaupa á neyzluvörum, nema þá í ýtrustu neyð, en sem betur fer veit ég ekki til, að nokkuð slíkt sé yfirvofandi. En að fara inn á þessa braut að öðrum kosti, tel ég vera að stefna beint að því að glata efnahagslegu sjálfstæði, því að öllum mun ljóst, að ef lántökurnar miða ekki að því að auka framleiðsluna, þá verður ástandið mun verra en áður, er lánin þrjóta og líður að skuldadögum. Slík eyðslulán hljóta að kalla á ný eyðslulán. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta væri ekki eyðslulán, sem hér væri verið að fara fram á heimild til að taka, því að andvirðið í krónum yrði lagt inn í sérstakan reikning í Landsbankanum. Við þetta er að athuga í fyrsta lagi, að það veit enginn, hvers virði þessar krónur verða, þegar á að fara að nota þær til „greiðslu á láninu", og í öðru lagi verður lánið aldrei greitt með þessum krónum, heldur í erlendum gjaldeyri, nokkur hluti þess meira að segja í dollurum, og þess gjaldeyris verðum við að afla. Nú eru í uppsiglingu miklar verðhækkanir í viðskiptalöndum okkar, og ef við tökum slíkt eyðslulán nú, þá eigum við það á hættu að gera mikil kaup á verðbólgutímum, en greiða skuldina á krepputímum. Því hefur verið haldið fram, að þessi lántaka sé nauðsynleg, til þess að hægt verði að flytja inn nægar vörur og bæta með því verzlunarástandið. Mér sýnist nú, að litlar horfur séu á bættu verzlunarástandi, ef verðlagseftirlit verður nú afnumið að miklu eða öllu leyti, samtímis því að ætlazt er til, að mikill hluti neyzluvaranna verði seldur á svörtum markaði, enda mundi lítill hagnaður að því að fylla alla búðarglugga af vörum rétt meðan verið væri að eyða láninu, því að ástandið mundi versna mjög, þegar það væri uppurið, svo framarlega sem engar ráðstafanir yrðu gerðar til að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Það hefur aldrei þótt ráðlegt að láta volgan vökva drjúpa í skó sinn í frosti. Hitt er svo annað mál, að það getur oft verið sjálfsagt að taka erlend lán til kaupa á framleiðslutækjum. Slík lán auka gjaldeyristekjurnar í stað þess að rýra þær. Af þess konar lánum má t. d. nefna lán til áburðarverksmiðju, sementsverksmiðju o. s. frv. Sömuleiðis tel ég rétt að taka lán til kaupa á byggingarefni, ef enginn kostur er að fá það á annan hátt. Að eðlilegum hætti ætti það ekki að vera nauðsynlegt, en staðreyndin er sú, að stjórnin er að stöðva byggingar að mestu leyti og ber við gjaldeyrisskorti. Hér er um allt annað en kaup á neyzluvörum að ræða, þar sem gjaldeyririnn er lagður í varanleg verðmæti, og ef nokkur innflutningur getur lækkað verðbólguna, þá er það innflutningur á vörum til byggingar íbúðarhúsa, enda er ástandið í þessum málum síður en svo gott núna, þar sem nú er verið að afnema húsaleigulögin. Ég læt þetta svo nægja um aðalefni frv.

Hvað snertir 3. gr. frv., þá er ég henni samþykkur. Ég held, að það sé ekki mikið gagn að hafa þetta ákvæði lengur í lögum, og ég mun því greiða þeirri gr. atkv. Hins vegar legg ég til á þskj. 762, að 1. gr. falli niður, en 2. gr. breytist þannig, að á eftir orðunum „allt að fjórum milljónum dollara" *komi*: til kaupa á framleiðslutækjum, efnivörum til framleiðslutækja og byggingarefni.

Frsm. 2. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef ekki getað verið sammála hv. meiri hl. fjhn. í þessu máli, því að ég tel ekki sæmandi að afgreiða frv. í því formi, sem á því er. Meiri hl. n. mun einnig vera á þeirri skoðun, þótt hann vilji láta nægja að sneiða af því stærstu agnúana. Mér er kunnugt um það, að form. n. ræddi í dag við hæstv. ráðh. og óskaði eftir því, að hann féllist á breyt. á frv., sem meiri hl. var sammála um, að æskileg væri. Á þetta vildi ráðh. ekki fallast, heldur vildi hann hafa það eins og það var sent inn í deildina, en á það get ég ekki fallizt. Frv. sjálft er borið fram sem breyt. á lögum nr. 35 27. apríl 1950, en aðeins 1. gr. snertir þó nokkuð efnislega þau lög. Það er því eðlilegt, að 1. gr. sé borin fram í þessu frv. Ég er efnislega samþykkur, að sú gr. verði samþ. Ég tel hæstv. ráðh. fara með rétt mál, er hann óskar eftir því, að í stað orðanna „skal ákveða" komi: getur ákveðið. — Ég

tel rétt að taka allan vafa af um það. Hins vegar tel ég síðustu málsgr. 1. gr. óþarfa. Það er vitanlega sjálfsagt, að fjárhagsráð getur afnumið verðlagsákvarðanir sínar með auglýsingu, ef það getur komið þeim á með auglýsingu. En þessi gr. er skýrari svona, og er þá girt fyrir allan ágreining, sem annars kynni að hafa orðið um hana, og þótt ég telji síðustu málsgr. óþarfa, þá er hún að sjálfsögðu ekki til tjóns, og geri ég því engan ágreining út af henni. Og ég er sammála ráðh. í því efni, að ég álít, að hann hefði ekki þurft að leita þessarar heimildar, sem 1. gr. kveður á um, því að ég álít, að hún hafi verið fyrir í lögum. Hins vegar er það að sjálfsögðu æskilegt, að sá háttur sé hafður á, þegar um vafaatriði í lögum er að ræða, að leitað sé úrskurðar Alþ. með því að fá þau skýrari í sérstökum lögum. En ég mun ekki ræða það frekar.

Um 2. gr. er það að segja, að hún er alveg óskyld 1. gr. og á því alls ekki heima í þessu frv. Að vísu mætti kannske tengja hana skammlítið aftan við sem bráðabirgðaákvæði, en það væri þó hreint ekki til fyrirmyndar og Alþ. ekki sæmandi, þar sem málið er alveg óskylt frv. Ég hef því lagt til, að þessi gr. falli niður úr frv., og geri ég það ekki vegna þess, að ég sé henni andstæður efnislega, því að ég tel rétt, að ráðh. fái þessa heimild, sem hún fer fram á. En ég álít, að fjhn. ætti að *bera hana fram sem sérstakt mál í öðru frv.*

Um 3. gr. vildi ég segja það, að ég sé ekki, að hún komi þessum málum nokkurn skapaðan hlut við. Hún kemur fram sem breyt. á lögum nr. 112 15. des. 1950, sem eru framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna. En eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, þá er III. kafli þeirra laga fallinn úr gildi að öðru leyti en þær línur, sem voru framlengdar með lögum nr. 112 frá 1950. Það er því sýnilegt, að þessi formgalli er svo mikill, að það er ekki hægt að láta málið ganga þannig í gegnum þingið. Og ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvers konar spekingar í stjórnarráðinu það eiginlega væru, sem semdu slík frv., og hvað þeir fái fyrir það. Ég spyr að þessu vegna þess, að ríkisstj. hefur haft það til siðs að láta ýmsa menn semja fyrir sig frv. og láta svo ekkert uppi um það, hvað hún borgar þeim fyrir það. Ég held það hefði verið betra að biðja fjhn. að semja þetta frv., því að það hefði verið bæði þinginu og ríkisstj. til sóma, en þessi leið er til vansæmdar. Og þá menn, sem ekki kunna skil á A og D, er ekki hægt að láta vaða hér uppi. Þeim væri sæmst að draga sig í hlé. Ég teldi bezt, að hæstv. ráðh. lýsti því yfir, að hann fylgdi minni till. Og ég er viss um, að hv. form. fjhn. mundi geta fallizt á að boða til fundar til þess að koma þessu máli í rétt form, því að þessari hv. lávarðadeild er ekki til sóma slík meðferð á máli; enda er meiri hl. sammála mér í því atriði, að ekki sé hægt að afgreiða málið í því formi, sem það kom í inn í deildina, en hann vill hins vegar láta nægja að lappa upp á það. Veit ég þó ekki, hvort ráðh. getur gengið inn á þá breyt., því að hann lýsti því yfir í morgun, að hann gæti ekki fallizt á neina breyt. á frv. En það væri gott að heyra það, hvort hann vildi fallast á breyt. meiri hl.

Svo að ég víki ögn að hv. 1. landsk., þá tel ég, að 1. gr. komi ekki til að skapa það öngþveiti, sem hann vildi halda fram, að hún mundi gera. Hann gat m. a. um, að menn yrðu líklega að fara að hætta að kaupa föt. Ég vil nú spyrja hv. þm.: Hvernig hefur ástandið í þessum málum verið að undanförnu í landinu? Öll undanfarin ár hefur þessum málum verið hagað þannig í höndum fjárhagsráðs, að það hefur ekki verið fluttur inn annar fatnaður en sá, sem hefur gengið keðjuverzlun, tilbúinn fatnaður, sem fyrst hefur gengið til heildsalanna og síðan til smásalanna, og efnið hefur farið allt til iðnfyrirtækjanna og síðan til smásalanna, svo að allur unninn fatnaður hefur verið margfalt dýrari en hann hefði þurft að vera; svo að keðjuverzlun yrði ekkert nýtt fyrirbæri, því að hún hefur verið stunduð hér undanfarin ár. Konum hefur verið neitað um efni til að sauma sjálfar utan á sína fjölskyldu. Það hefur allt farið til ákveðinna fyrirtækja, sem síðan hafa grætt á því, og ég er viss um, að hækkun á fatnaði má nema miklu, ef hún á að skapa eins slæmt ástand í þessu efni og það hefur verið undanfarin ár. Og ég vil benda hv. 1. landsk. á, að ef hann hefur fylgzt með því, sem hefur gerzt í heiminum, þá hefur reynslan verið sú, að þar sem verzlunarhöftin hafa verið minnst, hefur verðið fallið af sjálfu sér. — Menn hafa ekki haft tilhneigingu til að ganga á móti verðlækkunum. Ég sá í Þjóðviljanum *nú á dögunum*, að *þar stóð með stórum* stöfum, að stórfelldar verðlækkanir hafi orðið í Sovétríkjunum. Í greinargerð sovétstjórnarinnar segir, að aukin framleiðsla og lækkaður tilkostnaður á undanförnu ári hafi gert verðlækkunina mögulega. Var það ekki þetta, sem Sjálfstfl. var að reyna að keppa að, að auka framleiðsluna og lækka tilkostnaðinn? Í Rússlandi þykir nauðsynlegt að auka framleiðsluna og lækka þannig tilkostnaðinn, en ekki að ætla að koma á lækkun með sífelldum stöðvunum og launakröfum. Hvers vegna berst þá Sósfl. gegn þessu hér á Íslandi? Þetta þykir ágætt austan járntjaldsins, þótt það sé fordæmt hér á Íslandi. Ég er samþykkur því, að ráðh. fái þessa heimild, og get ekki fallizt á rök hv. 1. landsk. þm., að þetta verði til að koma öllu í öngþveiti í landinu. Hann sagði, að ef lán væri ekki notað til aukinnar fjárfestingar, væri það til ills. Hugsum okkur, að það væri notað til kaupa á olíu, veiðarfærum og öðru slíku. Væri það til að koma öllu í öngþveiti í landinu? — Það var annað, sem hv. 1. landsk. þm. sagði og var játning, að ef hægt væri að flytja inn nægilegt byggingarefni, þá lækkaði verðið. Gildir ekki hið sama um aðrar vörur? Það getur verið betra að lækka verð á öðrum sviðum, þó að það væri ágætt að lækka verð á byggingarefni. Mér finnst, að þm. ætti að snúa við blaðinu. — Í sambandi við 3. gr., þá álít ég ekki sanngjarnt að setja þennan skatt. Hann leiðir af sér óreiðu í viðskiptalífinu. Eru margir, sem eiga bíla, en hafa þá á annars nafni til að komast hjá því að greiða skattinn. Svo er alltaf, þegar lagður er á óeðlilegur skattur. — Ég er samþykkur því, að frv. nái fram að ganga, en legg til, að 2. og 3. gr. verði felldar niður, og er það einungis vegna formsins.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Hv. þm. Barð. lét sér títt um formgalla á frv. og

taldi ekki sæmandi að bjóða Alþingi þannig frv. Ég skal fúslega viðurkenna, að ég tel ekki sem bezt formið á þessu frv., eins og það kemur fram, en hitt er engin nýlunda á Alþingi, að svipuð frv. komi fram. Þetta er ekki í fyrsta skipti, að tvær ólíkar lagagreinar koma saman. Slíkt hefur viðgengizt, þegar það hefur þurft að koma tveimur ólíkum lögum í gegn á skömmum tíma, að þær hafa verið bornar fram í einu frv. til þess að spara tímann. Það er aðalástæðan fyrir þessu formi, að gert er ráð fyrir, að þingi verði slitið innan fárra daga.

Það er ekki rétt haft eftir mér, að ég vildi engu láta breyta í frv. Hitt sagði ég, að ég vildi ekki láta rífa frv. í þrjá hluta. Það er óþarfi fyrir hv. þm. Barð. að gera sig digran og segja, að menn hafi ekki hugmynd um, hvernig bera eigi fram frv. Hann er svo þingvanur maður, að hann ætti að vita, hvað hér hefur gerzt. Hann minntist á 3. gr. frv. og sagði, að vegna formgalla yrði að breyta henni, svo að hún yrði boðleg Alþingi. Má deila um, hvort breyta eigi framlengingunni eða segja, að þessi lagagrein, sem er í gildi, verði numin úr gildi. Ég fyrir mitt leyti er ekki á móti þeim breytingum, sem meiri hl. n. hefur fram borið. Ég tel 2. gr. heppilega sem bráðabirgðaákvæði, þó að ég telji það ekki nauðsynlegt. Álít ég, að það megi gera þetta á báða vegu. Vænti ég þess, að deildin geti fallizt á að samþykkja frv. með þeim brtt., sem fram hafa komið frá meiri hl. n.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Það er varla hægt að segja um fjhn. þessarar hv. deildar, að hún sé ein hjörð. Hvort hægt er að segja, að einn sé hirðirinn, læt ég liggja milli mála, en tvístraðri hjörð hef ég varla séð. Svo á að heita, að hér séu einar samlokur af n., en hitt er allt á tjá og tundri. Skal ég ekki fara langt út í þau atriði.

Ég hef nokkra sérstöðu í n. hvað viðkemur 3. gr. frv. Gat ég ekki fellt mig við till. hinnar ágætu stjórnar, sem ég hef reyndar reynt að fylgja eftir mætti, en það má offylla hvert ker. Mér finnst varhugavert að afnema skatta, sem hafa reynzt vel og hafa gefið ríkissjóði drjúgan skilding. Ég veit ekki, hvort ríkisstj. finnst ríkissjóður of fleytifullur, og skal láta ósagt um það. (**GJ:** Hvernig er með bókasöfnun?) Ég veit ekki, en ég sé, að þm. eru farnir að temja sér bókasöfnun, sparisjóðsbókasöfnun, og er hv. þm. Barð. þar líklega framarlega. En þar er ekki sú lausn, sem sumir halda. Ég vil geta þess, að sú reynsla, sem fengin er af þessu gjaldi, spáir í raun og veru ekki góðu, ef það á að afnema það allt í einu. Sumir hafa selt bíla sína og greitt gjaldið, aðrir fara þá leið að leigja sína bíla í bili í von um, að hringlandi yrði á Alþingi, og þeir sleppa alveg. Það er altíða, að bílar gangi í öðru héraði en þeir eru skrásettir í, en eigendurnir þora þó ekki að láta þá gera það lengi, þar sem þeir eru ábyrgir, ef bílarnir eru skrásettir annars staðar en í lögsagnarumdæminu. Þetta er ágalli, sem menn fara að varast, og þeir eru búnir að semja víða um söluna. — Þá kemur að því atriði, að ekki er talað um, hvenær bílaskatturinn hverfi og hvort skrásetning fari fram þann dag, sem sala fer fram. Ef svo er, er ég hræddur um, að ýmsir láti kaupin ganga aftur í bili. Hér vantar ákvæði um þetta. Þetta og ýmislegt fleira gerir það að verkum, að ég get ekki sætt mig við að hlaupa frá þessari tekjulind, því að þetta kemur helzt niður á þeim mönnum, sem geta borgað. Kaup eru kaup, og maður kaupir ekki bíl, sem hann telur sér óhag í að eignast. Ég held, að það sé að fara inn á refilstigu að hlaupa af þessari braut. En þetta er fum og fálm eins og svo oft hjá blessaðri ríkisstj. Ég hygg, að þetta verði ekki til bóta, heldur til þess, að það verður enn meiri launsala og óákveðnir samningar, sem standa viðskiptalífi þjóðarinnar fyrir þrifum.

Nú stend ég með hv. þm. Barð. og fylgi fast að brtt. hans verði samþ.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Það er ekki ein báran stök hjá ríkisstj., þegar hún leggur í það að ætla að bjarga þjóðinni. Nál. á þskj. 763 er að ýmsu leyti merkilegt plagg, ekki samstæða, heldur samsuða í hæsta máta. Má segja, að n. leysist þar upp í sína frumparta, því að svo eru nm. skiptir. Einn nm. leggur til, að frv. verði fellt, annar leggur til, að 2. og 3. gr. falli burt, sá þriðji leggur til, að 3. gr. falli burt. Grunar mig, að hinir tveir séu ekki alveg sammála, þótt ekki væri um annað en að formið á frv. er stórkostlega gallað. Jafnvel ráðh. sjálfur kemst að þeirri niðurstöðu, að formið sé ekki sem bezt og ekki til fyrirmyndar. Þetta allt minnir mig á stöku, sem ég lærði einu sinni og hljóðar svo:

„Skrattinn fór að skapa mann.
Skinnlaus köttur varð úr því.
Helgi Pétur hjálpa vann,
húðina færði dýrið í.“

Helgi Pétur er líklega hv. 11. landsk. þm., sem streittist við að koma húðinni á kroppinn, og fór hún ekki vel. — Mig furðar stórkostlega á þessari gerð ríkisstj., og tala ég í fyllstu alvöru. Þing kom ekki saman eftir jól í því skyni að unga út svipuðu frv. og hér er til umr., heldur til að finna lausn á örðugleikum bátaútvegsins. Tvo og hálfan mánuð hefur það tekið ríkisstj. að klekja þessu út, og þegar það kemur, er sköpulagið á skepnunni eins og hér sést. Þetta er ekki af því, að hlutaðeigandi menn séu slíkir ambögusmiðir, heldur er verkefnið illt, því að það er reynt að láta það líta svo út sem verið sé að gera annað en í raun og veru er verið að gera. Það, sem verið er að gera, er að leggja nýja skatta á þjóðina, sem munu nema 50—60 millj., og verða miklu meiri skattar vegna milliliðagróðans. Þessu er reynt að leyna, og er ekki um það einn stafur í frv., og er því von, að smíðin gangi ambögulega. Þótt fjhn. hafi reynt að hjálpa ríkisstj. til að koma þessu saman, tel ég, að mikið skorti á, að svo hafi verið bættur búningur frv., að viðhlítanlegt sé frá almennu og þinglegu sjónarmiði. Ríkisstj. hefur enga heimild í lögum til að leggja þessa skatta á þjóðina, sem í frv. felast. Er það víst, að það eru ein lög, sem nauðsyn er að gera breytingu á, ef bókstafur laganna á að mæla svo fyrir. Það eru lögin um fjárhagsráð. Í 2. gr. 2. tölulið þessara laga segir, að fjárhagsráð eigi að miða störf sín við eftirfarandi:

„Að öllum vinnandi mönnum og þó sérstaklega þeim, sem stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu

sína, en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku.“

Ég sé ekki, að þessi grein geti staðizt, ef framkvæmd laganna er eins og ráðh. gaf yfirlýsingu um. Sjómenn eru ráðnir upp á hlut og fá það verð, sem fæst fyrir fiskinn, að frádregnum kostnaði við söluna. Það er fullvíst, að ef þetta frv. nær fram að ganga, fá þeir ekki rétt verð fyrir fiskinn. Í 3. lið sömu greinar segir:

„Að neytendur eigi kost á að kaupa neyzluvörur sínar og framleiðendur rekstrarvörur sínar á hagkvæmasta hátt og vörukaup til landsins og vörudreifing innanlands gerð eins ódýr og hagkvæm og frekast er unnt.“

Öll störf fjárhagsráðs eiga að miðast við þetta, svo framarlega sem skattur er ekki lögboðinn. Er fjárhagsráði skylt að sjá um, að varan sé með því verði, sem hægt er að fá það ódýrast, miðað við lögskráð gengi peninganna. Ég held því fram, að það sé óheimilt að hafa þá skipan á innflutningi, sem frv. greinir, án þess að fá frekari heimild frá Alþingi. Vil ég beina því til hæstv. ráðh. og fjhn., að þau taki til gaumgæfilegrar athugunar fyrir 3. umr., hvort ekki muni hægt að ráða á þessu bót. Ofan á vörudreifinguna á að bæta á B-listavörur 50—60%. Það þarf ekki að hafa mörg orð um jafnaugljósan hlut og þann, að af þessari síðustu ráðstöfun ríkisstj. hlýtur að leiða stórkostlega nýja verðhækkun, ekki einasta á þeim vörum, sem teknar verða á þennan nýja B-lista, heldur líka á ýmsum öðrum vörum, vegna þess að verðlag á vörum á listanum og verðlag á ýmsum skyldum vörum hlýtur að leita nokkuð jafnvægis hvort við annað, og sjálfsagt verður erfitt fyrir kaupendur að flokka vörurnar og vita, hvað eru A-, B- eða C-lista vörur, þó að hæstv. ríkisstj. komi þessum listum út. Annað er líka augljóst í þessu máli, nefnilega það, að eigi útgerðarmenn þess ekki kost að fá lán til að kaupa vörurnar sjálfir og flytja til landsins, sem vitað er, að ekki nema fáir geta, þá verða þeir að selja leyfin öðrum innflytjendum og verða þá að taka þeim kjörum, sem bezt bjóðast, og því færri sem hafa möguleika á að flytja inn sjálfir, því meir eru þeir ofurseldir heildsölum og öðrum, sem vilja kaupa af þeim gjaldeyrisskírteinin. Það má því fullyrða, að áhættan, sem fylgir þessu, lendi á milliliðunum, en þá um leið áhættuþóknunin, sem verður mikil með þeirri ótakmörkuðu álagningu, sem gert er ráð fyrir. Setjum nú svo, að smákaupmenn geti keypt þessi leyfi, þá þurfa þeir til þess að fá fjármagn að láni hjá bönkunum. Meining hæstv. ríkisstj. er að safna nú birgðum hjá verzlununum. Gott er nú það. En til þess að safna birgðum þurfa þeir, sem verzlanirnar reka, að fá fé til að geta keypt þær birgðir. Smákaupmaður hefur sagt mér, að til að birgja sig sæmilega upp af vörum, þyrfti hann að auka sitt veltufé um 200—300 þús. kr. Hann segist ekki geta fengið fé að láni til þess hjá bönkunum. Hver verður afleiðingin? Hvar verður birgðasöfnunin? Hún verður sú, að fésterkustu fyrirtækin, heildsölufyrirtækin, safna heildsölubirgðum og selja þær svo með lagerverði út til smákaupmannanna, þ. e., stórsalarnir koma sér upp heildsölum og safna birgðum og selja svo út af þeim lager með hærra verði en smákaupmenn. Það hnígur því allt að einu, því, að fjölgun milliliða og hækkun milliliðagróða hækkar vörurnar í verði og reytir meir og meir af þeim, sem vörurnar kaupa og ekki geta verið án þess að fá þær.

Þegar 3. kafli fjárhagsráðslaganna var felldur úr gildi og lögin um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm sett, þá var því lýst yfir af hæstv. ríkisstj., að með þeim lögum væri verðlagseftirlit lagt í hendur neytenda sjálfra og nú skyldi verðlagseftirlit, sem fram að þessu hafði verið talið heldur slakt, verða röggsamlegt; nú væri það í höndum neytenda sjálfra, og nú þyrfti ekki að óttast of hátt verð á vörunum. Þetta átti að tryggja með því, að sérstaka nefnd, sem um ræðir í 7. gr. þessara laga, svo kallaða verðlagsnefnd, átti að skipa, og hún átti síðan að útnefna verðlagsstjóra, sem síðan hefði framkvæmdir með höndum á verðlagseftirlitinu. Þessa nefnd skyldi skipa þannig: Alþýðusamband Íslands átti 1 fulltrúa, B.S.R.B. 1 fulltrúa, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands 1 fulltrúa, Kvenfélagasamband Íslands 1 fulltrúa, Landssamband iðnaðarmanna 1 fulltrúa, L.Í.Ú. 1 fulltrúa og Stéttarsamband bænda 1 fulltrúa. Þetta áttu að vera fulltrúar neytenda. Nú átti verðlagseftirlit að vera komið í hendur neytenda sjálfra.

Þess má geta, að síðan þessi lög voru sett, hafa ýmsir flokkar vörutegunda verið teknir undan verðlagseftirliti, þó að ekkert spor hafi verið stigið, sem líkist þessu. Það er svo að sjá, að það atriði, sem hér liggur fyrir, þ. e. að fella niður verðlagseftirlit á B-listavörunum, hafi alls ekki verið borið undir þessa trúnaðarmenn neytenda, og ég veit, að það hefur ekki verið gert. Það hefur verið gengið fullkomlega fram hjá þessari nýju stofnun, sem átti að gæta réttar neytenda. Það verður ekki séð, að hæstv. ríkisstj. hafi nokkurn tíma á þessum 2 mánuðum talað við hana, og ég veit, að hún hefur ekki gert það, — ég hef upplýsingar um það frá nefndinni sjálfri. Það er ekki nóg með það, því að samkv. þessu frv. getur hæstv. ríkisstj. hvort sem er fellt niður allt verðlagseftirlit á öllum vörum í landinu, sleppt því öllu lausu. Það liggja fyrir ummæli eins hæstv. ráðh. í eldhúsdagsumræðunum og oftar, sem sýna og sanna, að þetta er ætlun hæstv. ríkisstj., að samkeppnin ráði verðlaginu, að samkeppnin sé bezta verðlagseftirlitið. Fjárhagsráð getur með einfaldri auglýsingu ákveðið að fella niður verðlagseftirlit hvar sem er, og það verður ekki séð, að það þurfi að ræða neitt um það við hæstv. ríkisstj., væntanlega lætur ríkisstj. fjárhagsráð vita sínar óskir í þessu efni, og ég vil ekki bera brigður á, að það sé gert. — Nú hefur verið skipaður verðlagsstjóri, og hann hefur sýnt fullan vilja og viðleitni til að hafa áhrif með starfi sínu.

En til að bæta örlítið úr þessum ágöllum frv. vil ég leyfa mér að bera fram brtt. við frv., sem lýtur að þessu og er við 1. gr., þannig:

„Aftan við greinina bætist: en jafnan skal þó fjárhagsráð leita álits og umsagnar verðgæzlunefndar, sbr. 2. gr., áður en verðlagsákvæði eru felld úr gildi.“

Ég fæ ekki betur séð en þetta sé það allra minnsta, sem ætlast má til af ríkisstj., að álits nefndarinnar væri leitað áður en verðlagsákvæði eru felld úr gildi. Það eru 7 menn, sem nefndina skipa og ríkisstj. hélt fram að væru umboðsmenn

neytenda í landinu, settir til að gæta hagsmuna þeirra, og það má ekki minna vera en þeim sé gefinn kostur á að láta í ljós sitt álit áður en svo langt er gengið að fella niður verðlagsákvæði að miklu eða öllu leyti.

Ég vil taka það fram, að jafnvel þótt brtt. mín verði samþ., þá er stefna frv. í heild sinni slík, að ég get ekki greitt því atkvæði. Ég mun því greiða atkv. gegn frv., þó að þessi till. mín nái samþykki deildarinnar, en tel þó, að með henni sé örlítil viðleitni sýnd í þá átt að taka tillit til stofnunar, sem hæstv. ríkisstj. hefur sjálf sett.

Að því er snertir 2. gr. frv., teldi ég, að þar þyrfti að gera breytingu í þá átt, er fram kom í nál. meiri hl., og einnig enn frekari breytingar.

Ég skal svo láta máli mínu lokið, en ég tel frv. þannig, að bezt sé fyrir deildina að fella það, ekki einasta vegna þeirra galla, sem á formi þess eru, heldur fyrst og fremst vegna þeirra ákvæða, sem í því eru og tvímælalaust verða til að þyngja hag almennings stórkostlega.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi brtt. við frv.: [Sjá þskj. 780].

Þessi till. er of seint fram komin og skrifleg, og þarf tvöfaldra afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 780) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 762,1 felld með 11:4 atkv.
— 780 felld með 10:5 atkv.
1. gr. samþ. með 12:4 atkv. .....
Brtt. 764,1 felld með 10:1 atkv.
— 762,2 felld með 10:2 atkv.
— 763,1 samþ. með 12:4 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11:3 atkv.
Brtt. 764,2 felld með 11:5 atkv.
— 763,2 (ný 3. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 10:4 atkv.
Brtt. 763,3 samþ. án atkvgr. .....
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:5 atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, og l. nr. 112 1950, um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 781).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Hér hefur legið fyrir d. frv. til breyt. á l. um fjárhagsráð á þskj. 170. Það er nú liðið talsvert mikið á annan mánuð síðan þetta frv. var afgr. í n., og n. var sammála um að mæla með samþykkt þess, enda þótt einstakir nefndarmenn hafi áskilið sér rétt til þess að bera fram brtt. og gert það. Þetta mál hefur verið margsinnis á dagskrá og aldrei komizt að, en nú er það ekki á dagskrá í dag. Ég er þess vegna farinn að óttast mjög um það, þar sem nú líður að þingslitum, að það sé meiningin að hefta framgang þessa máls og beinlínis sjá um, að þetta mál komi ekki til afgreiðslu á þessu þingi. Ég vil reyna að koma í veg fyrir þetta, því að frv. snertir mjög efni þess frv., sem hér liggur fyrir nú, og ekki sízt þá brtt., sem ég var með við 2. gr. og er náskyld því efni, sem hér er til umr. Þar sem þetta frv. er um breyt. á tvennum lögum og auk þess til viðbótar ný lagafyrirmæli, þá sé ég ekki neitt því til fyrirstöðu, að till. um breyt. á þriðju lögunum verði skeytt hér við, alveg sérstaklega þegar hún er um það, sem er miklu skyldara aðalefni frv. en ýmislegt, sem í því er. — Ef hæstv. forseti vill lofa því ótvírætt, að þetta frv., sem ég gat um, um breyt. á l. um fjárhagsráð, verði afgr. úr d., og vill tryggja það, sem ég trúi ekki öðru en hann geri, þá mun ég bíða átekta, en ef hæstv. forseti lofar því ekki, þá mun ég við þessa umr. bera fram brtt. um að fella það frv. inn í þetta frv., sem hér er til umr.

Ég sé nú ekki neina sérstaka ástæðu til þess að gera frekari athugasemdir við það, sem fram hefur komið í umr. um þetta mál.

Hv. þm. Barð. sagði hér við 2. umr., að reynslan hefði sýnt, að verðlagið lækkaði, þegar verðlagseftirlitið er fellt niður. Það má nú vera makalaust verðlagseftirlit! Hvers vegna hefur þá ekki hv. þm. barizt skeleggar á móti verðlagseftirlitinu og móti því, að það yrði nokkurn tíma leitt í lög, úr því að hann er svona sannfærður um, að það hafi orðið til þess að hækka verðlagið í landinu? Það er mikill skaði, að hv. þm. hefur ekki getað komið þeim meiri hl., sem hann tilheyrir, í skilning um það að vera ekki að burðast með svona geysilega skaðlega löggjöf. Annars var það aðalverkefni hæstv. ríkisstj. að lækka verðlagið, að því er hún sjálf taldi, þó að henni hafi ekki tekizt það betur en raun er á, en auðvitað ruglar hv. þm. hér saman. Verðlagið getur ekki lækkað vegna þess, að verðlagseftirlit sé fellt niður, hversu lélegt sem það er, heldur aðeins vegna aukins framboðs. Það er t. d. ekki verðlagseftirliti að kenna, hvað það er hátt verð á svartamarkaðsvörum og smyglvörum, og nógu eru þær dýrar samt.

Þá sagði hv. þm., að fólkið hefði ekki áhuga á því, að varan lækkaði, þegar kaupið hækkaði með vaxandi dýrtíð. Nú hefur vísitalan verið bundin undanfarin ár, og raunin er sú, að aldrei hafa verið gífurlegri verðhækkanir en einmitt nú síðan vísitalan var bundin. Undanfarið hefur raunverulegt kaupgjald sífellt farið stórlega lækkandi. Aftur á móti hefur verðlagið hækkað, og þess vegna hefur aðalkrafa verkalýðssamtakanna verið, að verðlagið yrði lækkað. Og alltaf hefur krafan um hækkað kaupgjald verið gagnráðstöfun gegn taumlausri hækkun á verðlaginu, og það er svo enn. — Hv. þm. minntist á verðlagið í Sovétríkjunum, en þar hafi einmitt launin verið hækkuð samfara verðlagslækkunum. — Hv. þm. segir, að ráðið til þess að lækka verðlagið sé að auka framleiðsluna og lækka tilkostnaðinn, eins og átt hafi sér stað í Sovétríkjunum. Þetta er mikið rétt. Og einmitt þetta var stefna hæstv. ríkisstj., bætti þm. við. Er hv. þm. að gera grín að hæstv. ríkisstj.? Hann hefur stundum gert það áður. Ég held, að hv. þm. hafi meint þetta, því að það er alveg eftir honum. Hv. þm. er stundum anzi ótuktarlegur við hæstv.

ríkisstj. Frá því árið 1948 hefur útflutningsverðmæti lækkað um þriðjung og s. l. ár minnkaði útflutningur á freðfiski um helming og ísfiski um ¾, og svo kemur útgerðarmannagjaldeyriinn, þar sem gert er ráð fyrir 50—60% aukaálagningu.

Þá spurði þm., hvort það væri skaði að taka lán til kaupa á olíu og veiðarfærum. Ef ekki er til gjaldeyrir fyrir almennum rekstrarvörum, þá er það skammgóður vermir að taka lán, því að gjaldeyrisafstaðan yrði enn þá verri, er lánið þrýtur. En ef ástandið er svo illt, að ekki er hægt að kaupa veiðarfæri og olíu, þá eru það upplýsingar, sem stangast allharkalega á við digurmæli ríkisstj. þess efnis, að gjaldeyrisástandið hafi farið stórum batnandi undanfarið og sé nú orðið tiltölulega gott. En ef svo væri, að við gætum ekki keypt hinar nauðsynlegustu rekstrarvörur, þá hlyti það að verða fyrsta viðbragð ábyrgrar ríkisstj. að koma á allsherjarvöruskömmtun, því að flest annað yrðum við fyrr að spara við okkur en hinar nauðsynlegustu rekstrarvörur, sem allt okkar líf byggist raunverulega á.

En ég vil fyrst og fremst fá svar hæstv. forseta viðvíkjandi fyrirspurn minni, því að á hans svari veltur það, hvort ég ber fram mína brtt. eða ekki.

Forseti (BSt): Út af ummælum hv. 1. landsk. um annað frv., sem liggur fyrir deildinni, vil ég taka þetta fram:

Hv. þm. spurði, hvort ég vildi lofa því, að þetta frv. yrði afgr. út úr deildinni. Þessu get ég að sjálfsögðu ekki lofað, því að það er ekki undir mér komið, heldur deildarmönnum, hvort þeir t. d. fella frv. eða ekki. Hinu skal ég lofa, að taka málið á dagskrá á mánudag, og er ég reiðubúinn til þess að halda fundi það lengi áfram, að málið fái einhver úrslit.

Um forsögu þessa máls er það að segja, að það hefur æði oft verið hér á dagskrá, en tekið aftur af henni þrisvar sinnum samkv. beiðni hæstv. ríkisstj., en nú í seinni tíð hafa önnur mál verið rædd það mikið á fundum deildarinnar, að ekki hefur unnizt tími til að ræða þetta mál, en þó hefur það tvívegis verið tekið fyrir.

Síðast í gær var ég reiðubúinn til að taka þetta mál fyrir, ef tími ynnist til, á báðum fundunum, en ég sá ekki annað fært en að slíta síðari fundinum, vegna þess að augsýnilegt var, að óþolinmæði hafði gripið um sig meðal hv. þdm. við að sitja hér fund; þannig að ég get ómögulega viðurkennt, að það sé að öllu leyti mín sök, að frv. hefur ekki fengið afgreiðslu. Ég get t. d. ekki séð fyrir, að tiltölulega lítið mál taki svo til allan fundartímann við 1. umr., en það gerðist einmitt, er þetta mál var á dagskrá.

En málið skal verða tekið á dagskrá á mánudaginn, og er það þá auðvitað komið undir deildinni, hvaða afgreiðslu það fær. En ég skal ekki ganga fram hjá þessu máli þá.

Það getur verið, að haldinn verði smáfundur hér í deildinni á morgun, en ég vil ekki taka þetta mál fyrir þá, því að hann yrði þá væntanlega aðeins haldinn til þess að koma málum til nefndar.

Frsm. 2. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Mínar till. á þskj. 764 hafa nú verið felldar. Eins og ég hélt fram bæði í nál. mínu og framsöguræðu minni, þá bar ég þessar brtt. mínar fram aðeins vegna formsatriða, en ekki af efnislegum ástæðum. Málið hefur nú verið fært í nokkru skárra form fyrir tilstilli meiri hl. fjhn., og hefur hæstv. ráðh. lýst því yfir, að hann sætti sig við þá breytingu. Mun ég því ekki gera þetta að neinu deiluefni, heldur fylgja frv. eins og það nú er orðað.

Ég ætla nú að leyfa mér að svara hv. 1. landsk. út af hans ummælum. Hann sýndi mér þann heiður að skjóta geiri sínum til mín, en ekki hæstv. ríkisstj., og gerðist þar með hálfgerður stuðningsmaður stjórnarinnar! — en m. a. sagði hann, að ég væri oft og tíðum „hálfóþekkur ríkisstjórninni". — Hv. þm. sagði m. a., að það mætti vera aumt verðlagseftirlit, sem ekki væri betra en ekki neitt. En ég veit ekki betur en hans ágæta blað hafi nú undanfarið deilt ákaft á verðlagseftirlitið í sambandi við verð á olíu, og það alveg réttilega. Það hefur verið upplýst, að hún hefur verið seld hærra verði en hámarksverðið er hjá verðlagsstjóra, og hefur hann ekki fengizt til þess að taka málið þeim tökum, sem honum ber, til þess að fá olíuna lækkaða, og er þetta bezta dæmið um það, hve mjög verðlagseftirlitið er til einskis. Ég held því, að hv. þm. ætti að lesa betur sína eigin bibliu til þess að sannfærast um, að við séum á sama máli hvað þetta snertir. Og þess vegna var ég með í því að fella till. 4. þm. Reykv., vegna þess að verðlagseftirlitið er hreint „humbug", og það undir stjórn flokksbróður 4. þm. Reykv.!

Hv. 4. þm. Reykv. taldi, að þessi löggjöf bryti í bága við lögin um fjárhagsráð — 2. tölulið 2. gr. þeirra laga — og sagði, að það væri víst, að sjómenn fengju ekki réttlát laun, ef þetta frv. yrði samþykkt. Ég hélt, að þessi löggjöf væri nú fyrst og fremst til þess að tryggja, að menn, sem veiða fisk, fái hærra verð fyrir hann, og auðvitað fá þeir menn, sem afla fisksins, hlutdeild í hinu hærra verðlagi og bera þar af leiðandi meira úr býtum.

Ég skal svo ekki ræða þetta mál nánar, en mun greiða frv. atkvæði mitt út úr deildinni þrátt fyrir þá formgalla, sem ég álít, að á því séu.

Frsm. 1. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta svar hans. En mér skilst á orðum hans, að mánudagurinn sé síðasti dagurinn. (**Forseti:** Nei, það sagði ég ekki.) En mér sýnist þó, að þótt hæstv. forseti hafi lofað að taka þetta mál, sem um ræðir, á dagskrá, þá sé svo tvísýnt um, að það nái fram að ganga, að rétt sé að bera þessa till. fram. Ég sé ekki, að það sé verra að samþ. þessa till. í sambandi við þetta frv., og leyfi mér því að bera fram þessa till. mína.

Út af ummælum þm. Barð., þá er ég sammála honum um það, að verðlagseftirlitið með olíu hafi algerlega verið gagnslaust, en það haggar ekki því, sem ég sagði, að það sé ekki ráð til þess, að varan lækki, að afnema allt verðlagseftirlit. Verð á olíu mundi t. d. ekki lækka, þótt verðlagseftirlitið væri afnumið.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 782) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Ég vil taka það fram út af þessari brtt., að hvort heldur sem þessi brtt. verður samþ. eða felld, þá er ekki hægt að taka frv., sem 1. landsk. var að tala um, á dagskrá, — að minnsta kosti ekki, ef till. er felld, því að þá fer fram atkvgr. um efni þessa frv. En það má ekki bera fram frv. eða till. sama efnis og það, sem búið er að fella, og þýðingarlaust að bera fram það, sem búið er að samþykkja. Ég lít svo á, að þetta sé þýðingarlaust og þetta sé atkvgr. um efni frv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég tel þetta hæpið, vegna þess að menn geta verið með máli, ef það er flutt með eðlilegum hætti, þótt þeir geti verið á móti óeðlilega fram kominni till. og vilji ekki blanda þessum tveim málum saman. Það getur verið, að menn séu á móti málinu sem brtt. við þetta frv., þótt þeir kunni að vera með því sem sérstöku frv.

Það mundi spilla þessu frv. að blanda deilum um það, sem brtt. fjallar um, inn í þetta mál, og því mun ég verða á móti þessari brtt., vegna þess að ég vil ekki láta blanda þessu umræddu máli saman við það frv., sem hér liggur fyrir, án þess að ég taki afstöðu til þess efnislega.

Forseti (BSt): Það er rétt, sem hæstv. dómsmrh. segir, að sumir mundu e. t. v. vilja fella þessa brtt. vegna þess, að hún er við þetta frv. En samt sem áður stendur í þingsköpum, að það megi ekki bera upp aftur till., sem búið er að fella.

Frsm. 1. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Ég heyri, að það eru nokkrir ákveðnir þm. — og þó sérstaklega einn —, sem ætla að greiða atkv. á móti þessari till. vegna forms, en ekki efnisatriða, og ef hæstv. forseti úrskurðar, að frv. geti ekki komið til atkvgr. í deildinni, þegar búið er að afgreiða þessa brtt., þá virðist mér vera úr vöndu að ráða, því að hugsazt gæti, að þessi brtt. yrði felld, þótt meiri hluti sé fyrir málinu hér í deildinni. En það yrði þá til þess, — að mér skilst, — að ekki væri hægt að taka málið fyrir.

Ef hæstv. forseti heldur fast við úrskurð sinn, neyðist ég til þess að taka till. aftur, í trausti þess, að forseti sjái svo um og geri allt, sem í hans valdi stendur, til þess að málið fái afgreiðslu.

Forseti (BSt): Ég hef ekki kveðið upp neinn úrskurð. En ég sagði áðan, að ég sæi ekki ástæðu til að taka málið á dagskrá, ef þessi brtt. fær afgreiðslu hér.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mig langar til að fá upplýsingar um tvö atriði. — Fyrra atriðið er það, að með 3. gr. þessa frv. er afnuminn tekjustofn fyrir ríkið, sem nemur á aðra millj. kr. Nú hefði ég haldið, að ríkinu veitti ekki af sínum tekjum, og vildi ég gjarnan fá að heyra, á hverju það er byggt, að ríkið geti fleygt frá sér einum af hinum réttlátari tekjustofnum sínum. — Hitt atriðið er það, að við höfum áður hér í deildinni fellt till. þess efnis að afnema þessa tolla. Nú upplýsir hæstv. forseti, að ef brtt. hv. 1. landsk. verði felld eða samþ., þá geti hann ekki tekið aftur fyrir hér á fundi frv. um sama efni. En hér hefur verið greitt atkv. um 3. gr. þessa frv. og þingið fellt að afnema þessa skatta. (**Forseti:** Hvar fór sú atkvgr. fram?) Hér á Alþingi. (**GJ:** Um brtt. á þskj. 405, forseti.)

Forseti (BSt): Ég skal játa, að þetta er liðið mér úr minni, enda virðist mér það hafa verið í allt öðru sambandi.

Þótt ég vitnaði í þingsköp, þá var ég ekki að kveða upp neinn úrskurð í þessu máli, heldur sagði ég aðeins, að ég sæi ekki ástæðu til að taka hið umrædda frv. fyrir, ef brtt. 1. landsk. fengi hér afgreiðslu nú í sambandi við þetta frv. (**BrB:** Ég sé mér ekki fært annað en taka brtt. mína aftur. — **Dómsmrh.:** Brtt. gæti fallið í Nd., þótt hún yrði samþ. hér.) Hin skrifl. brtt. frá hv. 1. landsk. er tekin aftur.

ATKVGR.
Brtt. 782 tekin aftur.
Frv. samþ. með 9:5 atkv. og afgr. til Nd.

Á 78. fundi í Nd., 3. marz, skýrði forseti frá, að sér hefið borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Ed. Það hafa komið fram raddir um það, að formið á þessum lögum væri ekki sem æskilegast, þar sem þrjár óskyldar greinar eru settar saman í eitt lagafrv. Ég get viðurkennt, að þetta er alveg rétt, en hins vegar er þetta engin nýlunda á Alþingi, þegar hraða þarf málum af því að komið er að þinglokum. Ég minnist á þetta, því að þetta atriði olli nokkrum deilum í hv. Ed., þar sem þetta form þótti ekki Alþingi boðlegt; en þetta hefur sem sagt oft verið gert áður, eins og ég hef þegar tekið fram.

Það hefur orðið ágreiningur um það, hvernig skilja beri 4. gr. l. nr. 35 1950, um verðlag og verðlagseftirlit. Samkv. lögum um fjárhagsráð, sem þessi grein tekur til, var það ekki talin skylda fjárhagsráðs að leggja hámark á allar vörur, heldur aðeins þær, sem það teldi æskilegt að leggja hámarksverð á, en nú er því haldið fram, að samkv. 4. gr. hinna nýju verðlagslaga sé fjárhagsráði skylt að setja hámarksverð á allar vörur. Það var aldrei tilætlunin með þeim lögum, því að það var einmitt ætlazt til, að það væri á valdi fjárhagsráðs, á hvaða vörur hámarksverð skyldi sett, og það gæti síðan numið úr gildi ýmis ákvæði, ef því þætti það mega. Þess vegna verður með þessari lagagrein tekinn af allur vafi í þessum efnum.

Að því er varðar 2. gr. frv., þá er Ísland þátttakandi í Greiðslubandalagi Evrópu. Öll lönd, sem í Greiðslubandalaginu eru, hafa leyfi til yfirdráttarheimildar. Upphæðin, sem Ísland hefur, er 15 millj. dollara, en yfirdrátturinn á að vera greiddur á næstu 3 árum eftir að bandalagið lýkur störfum, en það á að ljúka störfum 1. júlí 1952, ef starfstími þess verður ekki framlengdur. Ef það hættir þá störfum, fellur skuldin í gjalddaga 3 árum eftir, ef löndin hafa ekki samið um annað. Hér er farið fram á að nota af þessu fé 4 millj. dollara, ef nauðsynlega þarf á að halda, og er hér í raun-

inni ekki um lán að ræða, en ríkisstj. vill hafa heimildina, svo að hún geti notfært sér þetta. Þetta er því ekki lán í þess orðs venjulegu merkingu, eins og komið hefur fram í blöðum, heldur er þetta eins og venjulegur bankayfirdráttarreikningur, sem greiða má hvenær sem er. Þetta er gert til hagræðis fyrir viðkomandi lönd, svo að þau geti greitt aftur inn í reikning sinn, þegar gjaldeyrisástæður þeirra verða betri. — Ég gat þess áðan, að heimild Íslands nemur 15 millj. dollara, en ríkisstj. hefur ekki hugsað sér að biðja um nema 4 millj. dollara.

3. gr. frv. fjallar um niðurfellingu söluskatts á bifreiðum. Þessi skattur var settur til þess að hefta svartamarkaðsbrask á bílum. Það má telja, að þessi svarti markaður sé að mestu horfinn og því ósanngjarnt að hafa svo háan skatt. Ég hygg, að nýir bílar muni komast upp í svipað verð og verið hefur á svörtum markaði. Eitt atriði kemur hér enn til greina, sem ekki er veigaminnst, en það er, að nú munu hækka varahlutir í bifreiðar á næstunni í sambandi við útvegsmannagjaldeyrinn, og er því talið sanngjarnt að létta einhverju af bifreiðunum.

Ég óska, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr., en hins vegar legg ég ekki til að vísa því til n., en mæli heldur ekki gegn því. Það er nauðsynlegt að fá frv. þetta afgr. úr hv. deild í dag.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðulok hjá hæstv. viðskmrh., er það ætlun hæstv. ríkisstj. að fá þetta frv. gert að lögum hið bráðasta, og ég geri ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. hafi að baki sér þann flokk manna, sem þegar hefur afráðið um afdrif þessa máls. Ég vil þó ekki láta þessar umræður líða svo, að segja ekki nokkur orð um frv. þetta.

Það er eitt atriði í frv., sem ég tel varhugavert og beinlínis hættulegt. Það má segja, eins og sagt hefur verið á gömlu þingmannamáli, að frv. þetta sé bandormur eða höggormur. Hér er safnað saman í eitt og sama frv. ákvæðum um þrjú óskyld efni. Það varð allfrægt, þegar þetta var tekið upp, og ég tel óheppilegt að halda áfram á þessari braut og Alþingi ekki til sæmdar að setja ein og sömu lög um óskyld atriði. Ég hefði fyrir mitt leyti, eins og hv. þm. Barð., kosið, að þetta væru a. m. k. tvö frv., ef ekki þrjú.

Ég sagði áðan, og ég mun miða þessi orð við það, að ég tel varhugaverðan og hættulegan þann anda og ætlun, sem býr á bak við ákvæði 1. gr. hjá hæstv. ríkisstj., þar sem gert er ráð fyrir, að það sé að vild fjárhagsráðs, hvort nokkurt verðlagseftirlit verður haft. Lögin um fjárhagsráð voru byggð á því, og verðlagseftirlitið þótti einmitt nauðsynlegt á þeim tímum, þegar lögin voru sett, og ekki hafa tímarnir farið batnandi síðan, og er hin fyllsta þörf á að hafa hemil á verðlagi í landinu, ef allt á ekki um koll að keyra í vaxandi dýrtíð. Og ég veit ekki betur en yfirleitt allar þjóðir telji sér nú hina mestu nauðsyn á að hafa sem strangast verðlagseftirlit. Í Bandaríkjunum, sem eru vagga liberalismans, eru nú sett hin ströngustu fyrirmæli um verðlag. Það mun vera algert einsdæmi, að hér á Íslandi á að veita ríkisstj. heimild til að afnema allt verðlagseftirlit. Ég tel, að það, sem felst á bak við 1. gr. frv., sé að draga úr og síðan að afnema allt verðlagseftirlit, og ég byggi þetta á þeirri staðreynd, sem upplýst hefur verið, að þær vörur, sem flytja á til landsins fyrir bátaútvegsgjaldeyrinn, eigi að vera undanþegnar öllu verðlagseftirliti. — Hæstv. viðskmrh. lýsti því yfir í eldhúsdagsumræðunum, að veitt yrði enn þá meiri frjáls innflutningur, og hann taldi upp í ræðu sinni marga vöruflokka, sem setja ætti á frílista, og skýrsla yrði gefin um það á Alþingi. Þá spurði ég hæstv. ríkisstj., hvort meiningin væri að afnema verðlagseftirlitið einnig. Þá fékk ég ekkert svar, en ég tók eftir því í eldhúsdagsræðu hjá hæstv. fjmrh., að hinn mikli innflutningur ætti að hans áliti að gera það að verkum, að það þyrfti ekkert verðlagseftirlit, því að hin frjálsa samkeppni mundi sjá fyrir því, þar sem vöruframboðið yrði nóg. Ég skal ekki segja, hvort hin frjálsa samkeppni sé orðin eitt helzta stefnumál Framsfl. og sé nú talin allra meina bót. En haldið hef ég, að framsóknarmenn hafi stundum hampað öðru en þessu. Mig uggir, að í skjóli þeirra vara, sem fluttar verða inn fyrir bátagjaldeyrinn og full heimild er til að leggja á, — að í skjóli þessara vara með hina háu álagningu geti líka svo farið, að verð verði hækkað á öðrum vörum, er til landsins flytjast. Það var a. m. k. álit hinna ágætu hagfræðinga hér í fyrra, að einmitt í skjóli hins frjálsa gjaldeyris mundi verðlag hækka á öðrum vörum. Ég er því algerlega andvígur hugsuninni í 1. gr. frv. og þeirri stefnu að fella niður allar opinberar hömlur á verðlagi. Mig uggir, að þessi stefna muni leiða til hækkunar á vöruverði í landinu. Það er meira að segja nauðsyn að herða nú á verðlagseftirlitinu, en draga ekki úr því, og það er einmitt hin ríkjandi stefna meðal flestra þjóða nú á dögum.

Um bráðabirgðaákvæði 2. gr. frv. þarf ekki að segja margt. Það bjuggust margir við því, að svo mundi fara, að ríkisstj. léti sér ekki nægja þau framlög, sem veitt eru í sambandi við Marshalláætlunina, til að flytja inn vörur til landsins. Þess vegna leitar hún eftir heimild til að mega nota yfirdráttinn gegn loforði um að skila upphæðinni aftur á yfirdráttarreikninginn. Hæstv. viðskmrh. lét þau orð falla hér áðan, að þetta væri ekki venjulegt lán, heldur aðeins yfirdráttur á reikningi. Ég hef nú talið, að eins og yfirdráttur á hlaupareikningi er í raun og veru lán, þá mætti ekki síður kalla þetta lán, þar sem ríkisstj. dregur á reikning þessa upphæð og ætlar svo að borga þetta síðar, — eins og um öll önnur lán. Þetta er alveg skýrt. Ég vildi benda á þetta, að svo fór, sem okkur uggði, að það fé, sem ekki þarf að endurgreiða, mundi ekki hrökkva til, og því þyrfti að taka gjaldeyrislán. Og þetta lán er til skamms tíma og á að greiðast upp innan 3 ára. Að vísu á að vera til jafnvirði þessa yfirdráttar í íslenzkri mynt, miðað við það, þegar lánið er tekið. Þróunin hefur verið sú, að það var um að ræða frekari gengislækkun, og eins og hv. 3. landsk. þm. hefur haldið fram, var það hin eina rökrétta leið, sem ríkisstj. gat farið og mörkuð var með gengislækkunarlögunum fyrir ári síðan, þótt menn vonuðu, að ekki þyrfti að lækka gengi krónunnar enn á ný.

Þá vildi ég segja þetta út af 3. gr. frv., að ég er því sammála, að afnema beri bifreiðaskattinn. Sterkustu rökin fyrir því eru einmitt þau, að nú

er verið að leggja á bifreiðaeigendur þyngri álögur en áður með því að flytja inn varahluti í bifreiðar á bátagjaldeyrinum og leggja þar með á þá hluti 50—60%.

Þessar almennu athugasemdir vildi ég láta falla, þótt ég gangi að því sem gefnu, að flokkar hæstv. ríkisstj. muni gera þetta frv. nú að lögum. En það er þá algerlega á þeirra ábyrgð, og afleiðingar þess munu seinna verða teknar til athugunar.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. hefur lýst skilmerkilega ráðum ríkisstj. til að ráða fram úr vanda sjávarútvegsins. Ég segi, að ef þetta er eina leiðin, sem er lögð hér fyrir Alþingi þessu viðkomandi, þá er betra að gefa engin loforð. Ég fæ ekki séð, að með þessum breyt. sé útvegsmönnum á nokkurn hátt tryggt, að þeir geti notfært sér þau hlunnindi, sem stjórnin heitir. Mig uggir, ef ekki verða gerðar aðrar ráðstafanir, að þá sé hætta á, að það fari svo, að nokkrir braskarar í landinu hagnist á þessum ráðstöfunum, en ekki útvegsmenn í heild. Ég teldi það illa farið, þótt ætlunin sé ekki, að svo verði, þó að hætta sé á, að sú verði niðurstaðan. Ég vil spyrja hæstv. viðskmrh., hvort ekki sé von á öðrum lögum í sambandi við þetta mál. Ef svo er ekki, þá vil ég spyrja, hvernig stj. hyggst tryggja, að útvegurinn geti notað sér þessi fríðindi, hvaða ráðstafanir hún hyggst gera til þess að óviðkomandi menn hafi ekki allan hag, en útvegurinn og þjóðin allt ógagn, sem lögin kunna að valda. Nú hefur hæstv. ríkisstj. haft það á orði, að þó að verðið á svartalistavörunum kunni að verða hærra, geti það verið lægra á öðrum vörum fyrir hinn frjálsa gjaldeyri. Slík ályktun hlýtur að byggjast á því, að nóg vöruframboð sé í heiminum með sæmilega lágu verði. Svo verður ríkið að afla nægilegs gjaldeyris til að kaupa vöruna. Nú hefur stj. upplýst, að *hún hafi gjaldeyri, og er það vel farið.* Engum dylst, að hætta er á því, að við fáum ekki á markaðnum þær vörur, sem við þurfum, nema með sérstökum ráðstöfunum. Þetta getur breytzt á einu eða hálfu ári. Svo að ég sé nákvæmari, skal ég *vísa til skýrslu, sem forstjóri alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf gaf í júlí í fyrra.* Talið var, að tímabilið frá 1. júlí 1949 til 1. júlí 1950 hefði að ýmsu leyti verið hagstætt. Framleiðslan hafði aukizt í mörgum löndum og varan lækkað. Nú hefur þetta snúizt við. Stjórn efnahagsstofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem nú er að halda fund, hefur meðtekið skýrslu frá sérfræðingum um vöruútlit og framleiðslu. Þeir halda því fram, að árið 1951 verði ár verðbólgu og vöruskorts. Þeir, sem segja þetta, eru sérfræðingar og þessum málum kunnugir. Við, sem eitthvað komum nærri þessum málum hér, getum ekki komizt hjá því að verða varir við, að spádómur þessara sérfræðinga er þegar kominn í ljós, á þann hátt, að erfitt er að fá nauðsynlegustu rekstrarvörur til atvinnuveganna, þó að gjaldeyrir sé fyrir hendi. Ég gæti nefnt nokkrar nauðsynlegar vörur fyrir sjávarútveginn og landbúnaðinn, sem ekki eru fáanlegar nema með fyrirgreiðslu sendiráða. Mér er ekki kunnugt um, að stj. hafi látið fara fram athugun á því, hvort til séu í landinu birgðir af rekstrarvörum fyrir landbúnaðinn og sjávarútveginn, þrátt fyrir þessa breyt. á markaðnum á sex mánuðum. Af þessum ástæðum tel ég það bjartsýni af stj., ef hún birgir landið ekki upp af þessum nauðsynjavörum. Ég hygg, að með þessu lagi á verzluninni, eins og ætlazt er til að hún verði, geti svo farið, að fyrir þann gjaldeyri, sem við höfum yfir að ráða, verði keyptar þær vörur, sem fáanlegar eru, en við þurfum ekki nauðsynlega að fá, en látið sitja á hakanum að kaupa þær vörur, sem erfitt er að fá og okkur vantar til framleiðslunnar. Ég segi þetta ekki vegna þess, að *ég sjái eftir þeim* innflutningshöftum, sem stj. hefur gefið skipun um að afnema. Ég tel, að kvótareglan hafi gefizt illa, og er ekki nema virðingarvert að létta henni af. Annað mál er það, að heppilegt væri að nota það ákvæði fjárhagsráðslaganna að veita þeim gjaldeyrinn, sem gerði hagkvæmust innkaupin. En þetta hefur aldrei verið notað. Ég tel, að það sé skaði, að innflutningshöftunum hefur verið beitt öðruvísi en til var ætlazt, er lög um fjárhagsráð voru sett. Ég hygg þess vegna, að ef stj. gerir ekki sérstakar ráðstafanir um að taka upp könnun á birgðum af nauðsynjavörum, sem annaðhvort eru ekki til eða þurrð er að verða á og eru ófáanlegar, þá kunni gjaldeyririnn að fara í það að kaupa vörur, sem aðrar þjóðir vilja losna við, en okkur vantar ekki nauðsynlega, hins vegar verði látnar sitja á hakanum vörur, sem eru stríðsvarningur, svo sem veiðarfæri, umbúðapokar, vírar, nauðsynjavörur fyrir landbúnaðinn, svo sem girðingarefni, varahlutir til véla o. s. frv. Þó að verzlunin sé gefin laus, er vitanlega hægt að hafa á þessu athugun, t. d. með því að kanna, hvaða birgðir séu til í landinu af helztu rekstrarvörum, og gera viðskmrn. ljóst, hvaða fyrirgreiðslur þarf til að tryggja þessar vörur. En með þessu er þetta látið afskiptalaust, og óttast ég, að afleiðingin verði sú, sem ég gat um áðan. Þá er sannarlega ekki betur farið en heima setið, ef við birgjum okkur upp af vörum, *sem við þurfum ekki nauðsynlega, og eyðum gjaldeyrinum svo,* að við getum ekki keypt rekstrarvörur fyrir landbúnað og sjávarútveg. Ég vænti þess, að hæstv. viðskmrh. svari þeirri spurningu, hvort hann telji tryggt, að þau hlunnindi, sem *bátaútvegsmönnum er lofað, komi þeim að gagni,* og hvað er ætlazt til að gera án þess að setja frekari lög en hér eru á ferðinni.

Hvað viðkemur afgreiðslu málsins, þá lét hæstv. ráðh. þess getið, að hann óskaði þess, að málið færi ekki til n. Ég vil spyrja, hvort svo liggi á afgreiðslu þess, að það geti ekki farið í n. Ég óska þess, að það fari í n., án þess að vilja tefja fyrir því. Ég sé ekki, að það liggi endilega á að afgr. það í dag. Þetta þing hefur setið verklaust frá 8. jan., og er þá ekki ástæða til, að stj. heimti að afgr. málið á einum degi. Annars vil ég lýsa undrun minni á því, að stj. ætli að lítilsvirða þingreglur, eins og hún gerir, ef hún ætlar að ráðstafa tilfærslum á fé í landinu, sem skipta tugum milljóna króna, án þess að leggja það fyrir Alþingi. Í stjskr. er ákveðið, að ekki megi leggja á tolla nema með lögum. Þar er ýmsum fjárráðstöfunum nokkuð þröngur stakkur skorinn. Ef til vill afsakar stj. sig með því, að hún hafi fordæmi í hrognagjaldeyrinum. Ég verð að segja, að ég taldi þá ráðstöfun aldrei til fyrirmyndar og ekki til eftirbreytni. Nokkur hluti þeirrar ráðstöfunar var gerður í sambandi við útveginn. Hér virðist

stj. ætla að færa á milli manna í landinu upphæð, sem nemur tugum milljóna króna, án þess að leggja það fyrir Alþingi. Ég lýsi hryggð minni yfir þeirri stjórn, sem virðist umhugað að vernda lýðræðið og horfir með fyrirlitningu og andúð á einræðisstjórnir kommúnista austur frá, en hyggst svo halda máli sem þessu utan þingsins. Ég tel, að eftirleiðis verði það óvandara fyrir þá, sem vilja gera ráðstafanir enn lengra, ef stj. leggur ekki annað fyrir Alþingi en hér er á dagskrá.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég ætla að segja nokkur orð viðvíkjandi þessu máli. — Ég held, að hæstv. ráðh. hafi lítinn áhuga á því, að þetta mál fari í gegn í dag. Ég held, að það eigi endilega að aðgreina þetta frv., og ef stj. leggur áherzlu á að afgreiða það, held ég, að heppilegast væri, að það væri aðeins 1. gr. Hún er aðalatriðið, og ég fæ ekki séð, að það sé hægt með nokkru móti að koma 2. gr. undir þau lög. Þetta atriði ætti að bætast aftan við heimild um lántöku. Mér finnst verða að gæta þess, þegar lög eru afgr., að hafa þau ekki of snúin, svo að ekki sé of erfitt að fara eftir þeim. Ég sé ekki, að það sé neitt óeðlilegt að greina þetta sundur, og það gerir ekkert til, þó að þetta verði ekki afgr. fyrr en eftir helgi. — Ég vil taka undir það, að málið fari til fjhn., og skjóta því til hæstv. ráðh., hvort hann geti fallizt á þetta. Þegar lögfræðingar d. lesa grg., sjá þeir, að hér er allt of harkalega tekið til orða. Þegar búið er að samþ. lögin, geta þeir engum öðrum um kennt en sjálfum sér. Hins vegar er greinilega farið fram á að gefa fjárhagsráði víðtækari heimild. Ég held, að út af fyrir sig sé ófært að afgr. það að gefa einni nefnd rétt til að ákveða, á hvaða vörum skuli vera hámarksverð. Þar er gert annað en ætlazt er til. Það er átt við að fella niður verðlagseftirlit um 15%. Fjárhagsráð getur notað þetta til að fella það niður um 90—100%. Mér finnst ákaflega óeðlilegt að gera þetta. — Ég er andvígur 1. gr. frv.

Viðvíkjandi 2. gr. mun ég bera fram brtt. Í fyrsta lagi legg ég til, að henni sé bætt við önnur lög. Í öðru lagi álít ég, að við verðum að takmarka nokkuð þessa lánsheimild við framleiðslutæki og byggingarefni, til þess að tryggja, að þetta verði til að spara fé eða framleiða gjaldeyri. Þeir peningar, sem fara í Sogs- og Laxárvirkjanirnar, fara aðeins til að framleiða orku, en ekki til að framleiða gjaldeyri eins og þeir, sem fara í áburðarverksmiðju. Ég held, að við verðum að gæta vel að okkur að verja meira fé til að efla framleiðsluna. Möguleikinn er, að við verðum í vandræðum með að borga gjaldeyrinn, ef við hugsum ekki um þetta. Ég vil vekja athygli á því, að þó að Marshallaðstoðin sé komin upp í 500 millj. kr., sem við fáum til ráðstöfunar, þá er litlu af því varið til aukinna framleiðslutækja til að auka útflutninginn. Þá býst ég við, að við sjáum, hve tæpt við stöndum. En ég mun taka þetta til athugunar, þegar málið kemur síðar til umr.

Um 3. gr. frv. er samkomulag. Það hafa áður komið fram frá fjhn. till. um þessa breyt., og er nú komið frá ríkisstj. að taka þetta upp.

Ég skal ekki tefja neitt fyrir þessu máli nú. En ég vil taka undir það með fjhn. Ed., að efni frv. gæti betur farið, með því að vera í fleiri en einu frv., en óska, að skattívilnunin í 3. gr. fengist afgr. á þessu þingi. En að öðru leyti vil ég segja um frv., að það er óviðkunnanlegt, að við hroðum þessum málum svona af. Og við erum búnir að sjá, að slík hroðvirkni hefur leitt til þess, að bæði hafa deilur skapazt út af því, og ríkisstjórnin hefur á sama þingi sem hún hefur hroðvirknislega sett lög þurft að gefa út brbl., vegna þess að gætni hefur vantað í tíma við afgreiðslu mála.

Umr. frestað.

Á 79. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 1. umr. um frv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég skal svara nokkrum atriðum, sem komið hafa fram í ræðum hv. þm., sem talað hafa um málið. — Hv. 8. landsk. þm. (StJSt) sagði, að hér væri verið að gefa fjárhagsráði heimild til þess að afnema verðlagsákvæði. Ég vil benda þessum hv. þm. á, að hér er ekki um neina nýlundu að ræða, vegna þess að áður en nýju lögin um verðlagseftirlit voru sett, þá voru lögin um fjárhagsráð þannig, að fjárhagsráð hafði í hendi sér, hvaða vörur væru settar undir verðlagseftirlit, og hafði þá að sjálfsögðu fullt vald til þess að undanþiggja vörur verðlagseftirliti, sem það hafði sjálft sett á. Þetta hlýtur hv. þm. að vera kunnugt, því að þetta gilti, þegar hann var forstöðumaður ríkisstj. Hann sagði, að það væri eins dæmi annars staðar, skildist mér, að vörur væru ekki settar undir verðlagseftirlit. Þetta er mikill misskilningur hjá hv. þm. Ég vil benda honum á, að t. d. í Bretlandi á stríðstímanum, sem hafði af að segja mikilli vöruþurrð, þá voru þar margir vöruflokkar, sem ekki voru settir undir verðhámarkseftirlit, og þeir vöruflokkar, sem ekki töldust brýnar nauðsynjar almennings. Nú hafa þeir, eftir því sem ég veit bezt, að miög miklu leyti upphafið verðlagseftirlitið hjá sér. Það kann vel að vera, ef þeir fara að vígbúast af kappi, að þeir verði að setja strangt verðlagseftirlit á vörur, sem ganga inn í hergagnaframleiðsluna. — Og það er svona um hámarksákvörðun verðlags í Ameríku.

Sami hv. þm. talaði um, að þetta lán, sem hér er um að ræða að taka, væri gjaldeyrislán, sem gæti verið mjög hættulegt fyrir landið að taka. Ég vil í því sambandi benda á, að Landsbankinn tekur slík yfirdráttarlán. T. d. á árinu sem leið tók Landsbankinn 45 millj. kr. yfirdráttarlán í Englandi til þess að kaupa fyrir nauðsynjar til landsins, einmitt á því tímabili, sem gjaldeyrisöflun þjóðarinnar stendur lægst. Og það er ekki nema eðlilegt, að við þurfum að taka slíkt lán, þegar útflutningsvara okkar er aðallega send út og fæst greidd síðari helming ársins. Að vísu kemur inn nokkur gjaldeyrir á fyrra helmingi ársins. En sérstaklega ef vörur eru verkaðar, eins og þurrfiskur, þá dregst mjög fram á árið, að gjaldeyrir fáist fyrir þær afurðir. Og þá verður dautt tímabil viðkomandi gjaldeyrisinntektunum að því leyti fyrri hluta ársins og fram yfir mitt ár. — En það sýndist nú ekki, að það væri nein goðgá, eins og sakir standa nú um ýmsar nauðsynlegar vörutegundir, þó að beinlínis væri tekið gjaldeyrislán, til þess að tryggja, að nauðsynlegar birgðir væru af ýmsum vörum í landinu, eins og t. d. rekstrarvörum

bátaútvegsins. Þetta er í raun og veru sú stefna, sem ætti að taka undir núverandi kringumstæðum. Er þess vegna furðulegt, að menn skuli amast við því. Það kemur nokkuð þvert við það, sem hv. þm. Ísaf. drap á í sinni ræðu, þar sem hann vildi víkja því að ríkisstj., að hún hugsaði ekki nóg um að sjá um, að fluttar væru inn nauðsynlegar rekstrarvörur til landsins. — Hv. þm. Ísaf. spurði um, hvort það yrðu ekki sett sérstök lög í sambandi við þær ráðstafanir, sem hér er verið að gera til hjálpar útvegsmönnum, og tók fram, að hann teldi það ekki í anda lýðræðis, ef ekki væri lögð fyrir þingið sérstök heimild handa ríkisstj. til þess að framkvæma þessar aðgerðir, sem hún nú hefur í hyggju. Ríkisstj. hélt í byrjun, að hún mundi þurfa að gera þetta. En við nánari athugun af hennar sérfræðingum hefur hún komizt að þeirri niðurstöðu, að það séu til nægar heimildir til þess að gera þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða. Og ef slíkar heimildir eru til, virðist það vera að bera í bakkafullan lækinn að koma til þingsins og óska nýrra heimilda, þó að ríkisstj. sé ljóst, að það séu til heimildir fyrir þessu. Ég sé ekki, að það sé að fara í kringum lýðræðið að biðja ekki um heimild um það eða til þess, sem ríkisstj. hefur í hendi sér að lögum að gera. Það getur verið í þessu efni, eins og um mýmargt annað, að menn geta náttúrlega deilt um hlutina. Það sýnist ekki vera auðvelt að setja lög, sem tveir lögfræðingar geti ekki deilt um. — Hv. þm. spurði enn fremur, hvernig ríkisstj. ætlaði að tryggja, að þessi hlunnindi kæmu útvegsmönnum að notum. Ég held, að það sé ekki hægt að svara því öðruvísi en á þann veg, að það sé undir útvegsmönnum sjálfum komið, að þeir noti sér þessi hlunnindi, því að framkvæmdirnar eru í þeirra höndum. Ríkisstj. lætur þá hafa verkfærin að vinna með, og svo er það þeirra að hagnýta sér það. — Hv. þm. gat enn fremur um það, að hér væri um svo stóran hluta innflutningsins að ræða, að það væri ekki vogandi annað en að sérstakrar heimildar væri aflað handa ríkinu í þessu efni. Það er rétt, að þetta má kalla verulegan hluta innflutningsins. En hvaða eðlismunur er þá á því að þurfa að afla slíkrar heimildar, ef um er að ræða annars vegar 80—90 millj. kr. innflutning eða hins vegar 30 millj. kr. innflutning? Því að þegar gotugjaldeyririnn var hér til meðferðar á síðasta ári, þá hygg ég, að andvirði hans hafi farið upp undir 30 millj. kr., en ég þori þó ekki að fullyrða um upphæðina. En það var að verulegu leyti svipaðs eðlis eins og það, sem nú er hér um að ræða, og þá var ekki talin þörf á að afla sérstakrar heimildar til þess að gera það löglegt, sem þá var gefið frjálst í sambandi við þann gialdeyri, né það talið neitt brot á lýðræði, þó að slíkt væri gert, enda er ég ekki í vafa um, að fjárhagsráð hefur heimild til þess að gera slíkar ráðstafanir.

Ég hef nú ekki miklu að svara því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði. En ég get ekki fallizt á þá till. hans, að þetta frv. verði nú leyst upp í þrjú frv., sem er sams konar till. og kom fram í hv. Ed. Eftir hans meiningu ætti að láta aðeins eina grein ganga í gegnum hv. þd. nú. Ég get ekki fallizt á þá till. hans. Um þessa brtt. hans, sem mér skilst að hann ætli að gera um takmörkun á 2. gr., þá skilst mér, að það muni vera sama till. og borin var fram í hv. Ed. af einum flokksbróður hans, og virðist vera ákaflega óeðlilegt að setja slíka kvöð í sambandi við þessa yfirdráttarlánsheimild.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil láta í ljós hryggð mína yfir því, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki ætla að leggja fram annað lagafrv. um þessi mikilvægu mál, sem hér er um að ræða, heldur en frv., sem hér liggur fyrir sem 193. mál þingsins. Hæstv. ráðh. hafði þó í útvarpsumr. ekki aðeins gefið í skyn, heldur beinlínis lýst því yfir, að frv. mundi verða lagt fram um málið í heild. Samt hefur þingheimur ekki fengið að sjá annað en þetta litla frv., sem er ófullnægjandi og veitir enga heildaryfirsýn yfir þá lausn, sem fyrirhuguð er, og kveður alls ekki í einstökum atriðum á um mikilvæga þætti málsins. Þeir virðast eiga að vera algert framkvæmdaratriði. Þeim aðilum, sem hlut eiga að máli um framkvæmdina, virðist ætlað að eiga allt undir ríkisstj. að sækja og verða að hlíta úrskurði hennar hverju sinni.

Það er rétt, þó að hæstv. viðskmrh. hafi andmælt því nokkuð áðan, að sé miðað við nágrannalönd okkar, er það eins dæmi nú á þessu ári og því síðast liðna, að gerðar hafi verið víðtækar ráðstafanir til þess að draga verulega úr verðlagseftirliti. Sú stefna var hins vegar uppi á fyrstu tveimur árunum eftir stríðslokin. Víða hefur verið horfið frá henni og að því að auka verðlagseftirlit á ný. Þessar ráðstafanir, sem hér á að gera, eru því vægast sagt fjögur til fimm ár á eftir tímanum — eins og reyndar fleira hjá hæstv. ríkisstj. — Það er og mjög mikill misskilningur hjá hæstv. viðskmrh., að hægt sé að bera ástandið í Bretlandi og brezk verðlagsmál saman við það ástand, sem hér mun skapast, ef þetta frv. nær fram að ganga. Hæstv. viðskmrh. sagði, að þar væri ekkert verðlagseftirlit á mjög mörgum vörutegundum og að mér skildist á mikilvægum vörum. Það er rangt. Bretar hafa hjá sér mjög víðtækt verðlagseftirlit. Þeir hafa á þessu sviði eftirlitskerfi, sem veitir ríkisvaldinu mjög ríka hlutdeild um verðlag í landinu. Fyrst og fremst gilda bein hámarksákvæði um ýmsar mikilvægar vörur, sem á markaðnum eru, og í öðru lagi eru nokkrar helztu neyzluvörur Breta greiddar niður með mjög miklu framlagi úr ríkissjóði. Í þriðja lagi er þar skipulögð framleiðsla á standardvörum, sem almenningur notar mikið af, þ. e. a. s. utility-vörum, og hefur það mikil áhrif á myndun verðlags í landinu og afkomu almennings. Í fjórða lagi er þar strangt bann við hækkun á húsaleigu, nema eftir vissum, nánar tilteknum reglum. Víðtækar ráðstafanir eru gerðar þar í húsnæðismálum. Og að nefna þetta fyrirkomulag hjá Bretum í sömu andrá og það, sem nú á að innleiða hér, er vægast sagt mikil fáfræði eða bein óskammfeilni.

Þá vil ég spyrja hæstv. ríkisstj., og vil fá glögg svör frá henni um, hvað hún ætlar sér að gera til þess að tryggja, að útgerðarmenn fái í raun og veru 96 aura verð fyrir fisk sinn. Ég leyfi mér að skora á hæstv. ríkisstj. að gefa um það upplýsingar, hvar sé nú þegar greitt 96 aura verð hér á landi fyrir fisk til útvegsmanna. Ég hygg, að sannleikurinn sé, að í landinu sé nú ekkert ákveðið fiskverð, og mér finnst þm. eigi heimtingu á því að fá að vita, hvaða ráðstafanir hæstv. ríkisstj. ætl-

ar að gera, til þess að þetta 96 aura fiskverð verði fast verð á vertíðinni, sem nú stendur yfir. Og fyrst hæstv. ríkisstj. ætlar sér ekki að leggja sérstakt lagafrv. fram um málið í heild, þá væri æskilegt, að hún gerði grein fyrir, hvað hún ætlast fyrir, til þess að koma í veg fyrir brask með þessar vörur, sem hér koma til greina, svo að álagningin, sem á innflutningsskírteinin kemur, lendi öll í vasa útvegsmanna, en ekki að mjög verulegu leyti í vasa millilíða og margvíslegra braskara.

Það hefur verið nokkuð mikið um það rætt í sambandi við þetta mál, að Alþfl. hafi ekki bent á nein úrræði, sem komið geti í staðinn fyrir þau úrræði, sem ríkisstj. ætlar að framkvæma. Af hálfu Alþfl. hefur verið á það bent, að hann teldi fiskábyrgð í vissu formi koma til greina og vera heppilegri leið fyrir útvegsmenn og neytendur en þá leið, sem hæstv. ríkisstj. er að fara. Þetta hefur verið talið fráleitt, og hæstv. ríkisstj. hefur hliðrað sér hjá að ræða þessi úrræði Alþfl. að neinu ráði. Ég skal skýra lauslega frá því, hvaða skipan Norðmenn hafa á þessum málum, en Norðmenn eru sú þjóð, sem Íslendingar eiga í harðastri samkeppni við á fiskmarkaðnum og hafa svipaðasta aðstöðu og er hér á landi. Norðmenn skipta landinu í fiskverðlagssvæði, og er Lofoten-svæðið stærst. Á hverju verðlagssvæði gildir ákveðið fiskverð, sem allir kaupendur eru skyldir til að greiða. Þetta verð er ákveðið áður en vertíð hefst. Og verðið er samningsatriði á milli sjómanna og útvegsmanna annars vegar og samtaka kaupendanna hins vegar, sem eru frystihúsaeigendur og fisksaltendur. Jafnframt er svo ákveðið í norskum lögum, að ef þessi samtök ná ekki samkomulagi sín á milli um fast fiskverð, þá hefur norska verðlagsstjórnin heimild til þess að ákveða verðið á eigin spýtur. M. ö. o., í Noregi er talið fráleitt að hefja vertíð án þess að ákveðið sé fast fiskverð, sem útvegsmenn og sjómenn megi treysta. Hér aftur á móti er það stefna ríkisstj. að láta fiskverðið vera alveg frjálst samningsatriði milli útvegsmanna og fiskkaupenda, og gerir það öryggi sjómanna mjög lítið. Þetta er stefna, sem norsk stjórnarvöld telja ekki boðlega sínum sjómönnum og útgerðarmönnum. Þeir telja þar ekki boðlegt annað en að þegar vertíð hefst, þá geti þessir aðilar, sjómenn og útvegsmenn, gengið að föstu, ákveðnu fiskverði. Það verð, sem gildir í Noregi á þessari vertíð, er 107 aurar íslenzkir fyrir hausaðan fisk, en 82⅓ aurar fyrir slægðan fisk með haus, m. ö. o., um 9% hærra fyrir sambærilegan fisk heldur en var hér á síðustu vertíð og hefur verið hér til skamms tíma. Og svo kynni að fara, að verðið yrði verra en þetta á þessari vertíð hér hjá okkur, ef ríkisstj. gerir ekki eitthvað, sem hún hefur ekki enn tilkynnt, til þess að tryggja fast verð á fiskinum. — Þó segir þetta ekki alla söguna, því að auk þess sem norskum sjómönnum og útvegsmönnum er tryggt 82⅓ aura verð fyrir fiskinn, þá eru veiðarfæri og aðrir kostnaðarliðir útgerðarinnar greiddir niður með miklum framlögum, sem gert er ráð fyrir að á þessu ári verði um 22 millj. norskar kr. Norðmenn inna m. ö. o. af hendi svipaðar uppbótagreiðslur á mikilvægum kostnaðarliðum bátaútvegsins og Alþfl. hefur lagt til hér, að teknar verði upp. — Eins er enn að geta í skipan Norðmanna á þessum málum, sem er mjög athyglisvert og þeir gera til þess að hækka raunverulegt fiskverð til sjómanna. Auk þess sem hraðfrystihúsin þar og saltendur eru skyldug til þess að greiða hið ákveðna og auglýsta fiskverð, þessa 82⅓ aura, þá eru hraðfrystihúsin skyldug til að greiða í verðjöfnunarsjóð, ef þau flytja út við verði, sem færir hraðfrystihúsunum í heild hagnað. Það er reiknað út, hvað sé nauðsynlegur frystingarkostnaður frystihúsanna, og ef þau græða umfram það, sem svarar til hins nauðsynlega kostnaðar, verða frystihúsin að greiða gjald í verðjöfnunarsjóð, og hann er síðan notaður til þess að bæta fiskverðið á þeim stöðum, þar sem afli bregzt, og er þetta fyrirkomulag mjög til fyrirmyndar.

Þessa stuttorðu lýsingu á skipan Norðmanna á þessum málum læt ég nægja, en hún sýnir, hve hlægilegt það er, þegar ríkisstj. segir í sambandi við þær aðgerðir, sem hún er nú í þann veginn að hrinda í framkvæmd, að engin önnur leið komi til greina en sú, sem hún er nú að halda inn á. Ríkisstj. þyrfti þó ekki að gera annað en afla sér upplýsinga um ráðstafanir Norðmanna á þessu sviði, og mundi þá sjást, að þeir hafa á þessu gerólíka skipan, sem ég hygg, að allir muni sannfærast um, að sé miklu heppilegri en sú stefna, sem nú á að taka, ef hæstv. ríkisstj. fær að ráða. Og þessi stefna, sem Norðmenn hafa fylgt hjá sér í þessum efnum, er einmitt sú stefna, sem Alþfl. vill, að tekin verði upp hér á landi í meginatriðum. Kostirnir við norska fyrirkomulagið eru fyrst og fremst þeir, að fiskverðið er fast og því fylgir stóraukið öryggi fyrir fiskimenn og sjómenn; í öðru lagi, að hagur útgerðarmanna og sjómanna er mjög bættur með niðurgreiðslum úr ríkissjóði, og í þriðja lagi er komið í veg fyrir óhæfilegan gróða frystihúsanna með þeim verðjöfnunarsjóði, sem þar er um að ræða.

Ég hef rakið þetta til þess að sýna fram á, hve fráleitt það er í raun og veru, þegar ríkisstj. ásakar Alþfl. fyrir, að hann bendi ekki á neinar leiðir í þessu máli, og að ríkisstj. talar eins og ekki geti komið til greina nein önnur leið en sú, sem hún er að fara.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Viðskmrh. hefur ekki getað gengið inn á þá aðferð að skipta frv. Mér finnst þetta nú ekki skynsamlegt af hæstv. ríkisstj., því að engin rök færði ráðh. fyrir því, að það mundi að nokkru leyti tefja fljóta afgreiðslu, og engin rök voru færð fyrir því, að það væri nokkur skynsemi í þessu eins og það er. — Að því er snertir 2. gr., um yfirdráttarheimildina, að bæta henni aftan við lög um verðlag og verðlagseftirlit, það er alveg hlægilegt, og ég get satt að segja ekki skilið, hvernig fjhn. Ed. hefur getað dottið í hug að gera það, enda engin rök færð fram fyrir því hjá hæstv. ríkisstj. Ég held, að þetta frv. verði aldrei nema hreinn óskapnaður, ef ekki verður hægt að fá ríkisstj. inn á neina breyt. á þessu.

Ég vil þá vekja athygli á því, að í þessu frv. felst engin heimild til þess að gefa bátaútvegsmönnum einkarétt á innflutningi ákveðinna vara. Sú heimild, sem felst í þessu lagafrv., er heimild fjárhagsráðs til þess að afnema verðlagsákvæði á ákveðnum vörutegundum, en í þessu frv. felst engin heimild til þess að veita ákveðnum mönnum í

landinu einkarétt til innflutnings á ákveðnum vörum, og það vil ég, að sé ljóst, og hef satt að segja ekki heyrt, að hæstv. ríkisstj. hafi reynt að halda því fram hér, að í þessu fælist slíkur réttur. Hins vegar álít ég fyrir mitt leyti — og vil að það komi fram og vænti að heyra skoðanir fleiri þm. á því, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki með núgildandi lögum neina heimild til þess að gefa neinum einstökum aðilum einkarétt til innflutnings á ákveðnum vörutegundum. Ég álít, að það sé ákaflega fjarri lagi, að það vald, sem fjárhagsráð hefur, nái til þess. Það er tiltölulega mjög takmarkað í l. það vald, sem fjárhagsráð þannig hefur, þannig að menn verða að gera sér ljóst, að ef fjárhagsráð ætlar að gefa ákveðnum mönnum slíkan einkarétt, án þess að l. verði frekar breytt, þá brýtur það l., og það vil ég, að hæstv. ríkisstj. sé ljóst. Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp þennan kafla úr 12. gr. fjárhagsráðsl., en hann hljóðar þannig:

„Hlutverk innflutnings- og gjaldeyrisdeildar er að framkvæma í umboði fjárhagsráðs og í samráði við það heildaráætlun þá, er gera ber samkv. 3. gr., þar í innifalið:

1. Að úthluta til innflytjenda innflutnings- og gjaldeyrisleyfum á þeim vörum, sem háðar eru leyfisveitingum, og setja þau skilyrði um hann, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum. — Sé úthlutun leyfanna við það miðuð, að verzlunarkostnaður og gjaldeyriseyðsla verði sem minnst. Reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu. Skal þetta gilda jafnt um kaupmannaverzlanir og samvinnuverzlanir og miðað við það, að neytendur geti haft viðskipti sín þar, sem þeir telja sér hagkvæmast að verzla."

Það er sérstaklega tekið fram í þessari gr., að það eigi að veita leyfin með sérstöku tilliti til þess, þ. e. þeim aðilum, sem geti gert hagkvæmust innkaup og selt vörurnar ódýrast. Svo framarlega sem fjárhagsráð gefur í þessu tilfelli útvegsmönnum einkarétt til þess að flytja þessar vörur til landsins með tilliti til þess að láta selja þær sem dýrast, þá er það algert lögbrot. Ég vil benda ríkisstj. á það, að hún er bundin við lög og er sjálf ekki upp hafin yfir lögin. — Ég hef gert þetta að umræðuefni vegna þess, að ég kann ekki við, að löggjafarþing þjóðarinnar framkvæmi ekki sæmilega sínar beinu júridisku skyldur í sambandi við svona mál. Og þegar ríkisstj. gerir sig seka um svona mistök og henni er bent á það hvað eftir annað, á hún að taka tillit til þess. Ef ríkisstj. ætlar sér að gera þennan hlut, að veita þessum aðilum, þar sem hvorki er um að ræða kaupmannaverzlanir né samvinnuverzlanir, þennan einkarétt, þá vil ég, að hún gangi frá því þannig hér á Alþ., að hún geti gert þetta, geri það löglega og hv. alþm. viti, hvað þeir eru að gera, þegar þeir gera þetta, svo að hæstv. ríkisstj. þurfi ekki að segja á eftir, að henni hafi ekki verið bent á þetta á Alþ. Það var margoft búið að tala um þetta við hæstv. ríkisstj., og hún er búin að hanga yfir þessu í margar vikur og athuga þetta og kemur nú loks með þetta frv. og segist vilja fá það í gegn á einum degi. Hún ætti að muna, þegar hún setti síðast lög hér í gegn á einum degi, því að það varð til þess, að hún varð að fá ný lög strax eftir nýárið, þar sem lögin reyndust óframkvæmanleg eins og gengið hafði verið frá þeim. Samkv. 1. gr. þessa frv. gefur Alþ. enga heimild til þess að veita bátaútvegsmönnum þennan einkarétt, og ríkisstj. verður því að koma og biðja um hana, ef hún vill fá hana, því að það er engin heimild í l., eins og nú standa sakir, og ekki í þessari 1. gr. til að skapa það fyrirkomulag, sem hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér.

Það er mjög leitt, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki vera viðstödd til þess að hlusta á þessar umræður; það er vitlaust af henni, því að hún hefur rekið sig á það, að hún þarf ráðleggínga við, hvernig ganga eigi frá lögum og semja lög; það hefur ekki gengið svo vel hjá henni fram að þessu. En hins vegar mun ég ræða þau mál, þegar brtt. mínar koma fram við 2. umr., og skal ég ekki tefja málið að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:1 atkv. og til fjhn. með 16:7 atkv.

Á 80. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 781, n. 793 og 794).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Á fundi sínum í dag tók n. málið til athugunar, og gaf meiri hl. út nál. á þskj. 793, sem ekki er búið að útbýta, en ég vænti að komi fljótlega. Allir nm. að einum undanteknum, hv. 2. þm. Reykv., sem gerði ráð fyrir að gefa út sérstakt nál., voru málinu samþykkir. Hv. þm. V-Ísf. skrifaði undir nál. meiri hl., en tók fram, að hann væri ósamþykkur 1. gr. og mundi greiða atkv. gegn henni. Aðrir nm. leggja til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Það var rætt í n., að frv. væri ekki í heppilegu formi, en þar sem þetta frv. var þannig afgr. frá Ed., taldi meiri hl. ekki ástæðu til að leggja til, að breyt. yrðu gerðar á því. Aftur á móti vill hann, að það komi fram, að framvegis verði annar háttur hafður á þessu og ekki tekin mörg mál í eitt frv. Það hefur komið fyrir áður en í þessu máli, en verður að teljast óheppilegt. — Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Þrír nm. eru því meðmæltir, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það hefur gengið fljótlega með afgreiðslu þessa máls, en það hefur engan veginn verið vandlega gert. Ég minntist á það við 1. umr. og tek fram á nál. á þskj. 794, að það hefði átt að skipta þessu máli í þrennt. 1. gr. er aðalatriðið og ætti að vera áfram undir þessari fyrirsögn. 2. gr. ætti að vera sérstakt frv. eða skeytt aftan við lántökuheimildina, og 3. gr. ætti að vera breyt. á l. út af fyrir sig. Það er óviðkunnanlegt að hafa þetta svona. Það væri nær en að hafa það eins og nú, að aftan við l. komi bráðabirgðaákvæði um 4 millj. dollara yfirdrátt, næst á eftir kaflanum um verðlagsdóm. Það er ekki vansalaust að afgr. þetta svona, — það er óhæft, og má ekki svo til ganga.

Ég sá mér þó ekki fært að koma með slíka brtt., því að meiri hl. vildi ekki skipta frv.

Ég hef þegar tekið fram, að ég legg til, að 1. gr. verði felld. Í fyrsta lagi er ég andvígur því að fella niður verðlagsákvæði. Í öðru lagi tel ég, að gr. gefi of víðtæka heimild með því að geta fellt hámarksverð á hvaða vöru sem er um 15% af innflutningi. Ég álít ófært að veita fjárhagsráði heimild til að fella niður hámarksverð á vörum. Í þriðja lagi felst ekkert að mínu áliti í 1. gr., er stj. ætlar að nota sem heimild til sérstakrar álagningar á bátalistavörurnar. Þetta felst ekki í l. um fjárhagsráð, og í 12. gr. er fyrirskipað að haga innflutningnum á sem hagkvæmastan hátt. Tilgangur stj. er að leyfa aukna álagningu á þessar vörur. Það er engin heimild fyrir þessu í l. og er því beint brot hjá stj. Ég vek athygli á því, að stj. fer fram á heimild, sem hún getur ekki fengið. Hún fer fram á að fá þetta frv. samþ., en þetta flaustursverk á ekki að eiga sér stað. Ég er ekki að segja þetta til að tefja málið, en ég kynni betur við, að hún gerði sér ljóst, hvaða heimild hún þarf að fá.

Viðvíkjandi 2. gr. vil ég, að á eftir orðunum „4 millj. dollara" komi: til kaupa á framleiðslutækjum, efnivörum til framleiðslutækja og byggingarefni. — Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta, en bendi á, að gjafafé frá Marshallstofnuninni og Marshalllán hefur stj. fengið sem nemur 500 millj. kr. Það er fróðlegt að athuga, hve litlu af þessu er varið til gjaldeyrisskapandi fyrirtækja, nema það sem lagt er til áburðarverksmiðjunnar. Ég held, að það sé ógætilegt að verja mestu af þessu fé til að kaupa neyzluvörur. Það þyrfti fyrst og fremst að kaupa framleiðslutæki og byggingarvörur. Ég vil minna á, að það er engin frjáls verzlun og samkeppni hugsanleg með 1. gr. Bátalistavörurnar eru einokaðar við útflutningsafurðirnar. Það er enginn möguleiki fyrir frjálsa samkeppni, nema samvinnufélögin hafi aðstöðu til að kaupa þessar útflutningsvörur. En þessi möguleiki er ekki fyrir hendi fyrir samvinnufélögin. Stj. bannar samkeppnina og bannar landsmönnum að útvega sér þessar vörur í skjóli einokunar á útflutningi. Ég vil taka fram, að af þessum ástæðum er ekki hægt að tala um frjálsa samkeppni, sem myndar verðlagið. Að afnema hámarksákvæði er ekki að leyfa frjálsa samkeppni. Hv. þm. hafa heyrt þetta, en þetta var það, sem ég vildi, að kæmi fram.

ATKVGR.

Brtt. 794,1 felld með 19:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MK, SG, ÁkJ, ÁS, EOl, FJ, GÞG, JÁ.

nei: KS, PÞ, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, ÁB, BÁ, BÓ, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, JG, JPálm, JS, JR, JörB, SB.

8 þm. (ÓTh, PO, StJSt, ÁÁ, EmJ, GTh, IngJ, JóhH) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 19:6 atkv.

Brtt. 794,2 felld með 19:5 atkv.

2. gr. samþ. með 19:6 atkv.

3.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:7 atkv.

Á 81. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að beina tveim fyrirspurnum til hæstv. viðskmrh., áður en málið verður endanlega afgreitt. Ég beindi til hans nokkrum fyrirspurnum við 1. umr. málsins, og svaraði hann þeim, og þar á meðal því, að mér skildist, að engra lagaheimilda yrði leitað til að tryggja útvegsmönnum og sjómönnum þau fríðindi, sem þeim hefur verið lofað, né heldur til að tryggja almenning gegn þeirri dýrtíðaröldu, sem afgreiðsla þessa máls hlýtur að valda í landinu. Enn fremur er fullt útlit á, því miður, að þeir spádómar ætli að rætast, sem hér hafa verið fluttir um, að þetta muni ekki koma útvegsmönnum að því gagni, sem hæstv. ríkisstj. ætlast til, en verða landsmönnum til því meira ógagns. Það lítur því miður út fyrir, að þessir spádómar séu á fullum rökum reistir.

Þá svaraði hæstv. viðskmrh. því til, þegar ég spurði hann, hvort ekki yrði leitað lagaheimildar að öðru leyti, að ríkisstj. teldi sig hafa fulla lagaheimild. Ég tel fyrir mitt leyti, að svo sé ekki, — ég tel, að ekki sé til heimild fyrir þessu í núgildandi lögum og þess vegna sé þegar af þessari ástæðu mjög óviðfelldið og ólýðræðislegt í alla staði að afgreiða þetta mál, eins og gert hefur verið, utan þings. Ég hef lýst þessari skoðun minni áður og skal ekki fara nánar út í það nú, en af því að mér er ókunnugt um þær lagaheimildir, sem hæstv. ríkisstj. byggir á, vil ég biðja hæstv. viðskmrh. að segja mér, hvar þær eru, og benda mér á þær greinar í lögunum, sem hann helzt byggir ráðstafanir sínar á og ætlar útvegsmönnum að framkvæma.

Þá beindi ég þeirri fyrirspurn til hæstv. viðskmrh. áður, hvort hann teldi ekki ástæðu til nokkurra eftirgrennslana um birgðir á helztu rekstrarvörum, bæði fyrir sjávarútveginn og landbúnaðinn, og nokkurrar fyrirgreiðslu í þessu efni af hálfu ríkisstj., hversu sem verzluninni yrði að öðru leyti hagað. Ég held, að hæstv. viðskmrh. hafi ekki svarað þessu, og óska því eftir, að hann láti þessari hv. deild í té álit sitt á þessu máli, því að ég hygg, að það sé mikilsvert, að hæstv. ríkisstj. veiti þessu nokkra athygli umfram það, sem mér er kunnugt um, að hún hefur gert.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Það fór dálítið fram hjá mér, sem hv. þm. sagði, en ég hygg, að það hafi verið um vörur, sem erfitt væri nú orðið að fá til landsins, og hvað ríkisstj. ætlar að gera í því efni.

Mér er kunnugt um, að það er farið að verða erfitt að afla vissra vörutegunda, en það hafa ekki komið til ráðuneytisins neinar beinar beiðnir frá innflytjendum eða notendum um aðstoð, nema í sambandi við járn- og stálplötur í lýsistunnur. Þetta mál hefur verið tekið upp af ráðuneytinu, bæði í Ameríku og Evrópu. Það stendur þannig af sér, eins og hv. þm. e. t. v. veit, að þau lönd, sem eru í Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, hafa haft þetta mál til umræðu, og fulltrúi okkar í París hefur fylgzt mjög nákvæmlega með því, sem þar hefur gerzt, og það, sem um er rætt, er

skipting á þeim hráefnum, sem helzt er þurrð á, en mér vitanlega hefur ekki enn náðst samkomulag um að skipta þessum vörum í ákveðnu hlutfalli til þeirra landa, sem í bandalaginu eru. Hins vegar geri ég ráð fyrir, að að því dragi, að það verði gert, og þá fá Íslendingar að sjálfsögðu sinn rétt í hlutfalli við aðrar bandalagsþjóðir. Okkar þarfir eru að vísu ekki þær sömu og stærri þjóða, sem þurfa mikið af ákveðnum vörutegundum til hernaðarþarfa, en að sjálfsögðu notum við ýmsar þær vörur, t. d. járn og stál o. fl. Ráðuneytið mun hafa vakandi auga á þessu og gera það, sem hægt er með opinberum aðgerðum, til þess að þær vörur fáist til landsins. Hins vegar er ekki hægt nú, eins og var á ófriðarárunum, að semja við ríkisstjórnirnar *um afgreiðslu á slíkum vörum*. Ríkisstjórn Bandaríkjanna er ekki enn þá a. m. k. aðili til að láta Íslendinga hafa vissan „kvóta" af vörutegundum, sem okkur skortir.

Ég vil nú ekki fara að deila við hv. þm. um, hvort hér sé um lagaheimild að ræða. Lögfræðingar, sem hafa athugað þetta, telja, að næg heimild sé í fjárhagsráðslögunum til að framkvæma það form, sem þarf til þess, að þetta geti komizt í gang. En það, að ég hafi heitið útvegsmönnum, að þeir skyldu fá viss fríðindi út úr þessu, er rangt. Þeim hefur aldrei verið heitið, að þeir skyldu fá vissa álagningu; þeim hefur heldur aldrei verið sagt, að þetta yrði ekki háð höftum eða takmörkunum, en þeir mundu fá út úr því eftir því sem eftirspurn gæfi, en engin trygging gefin fyrir, að þeir hafi ákveðinn hagnað af innflutningsréttindunum.

Ég get ekki gefið hv. þm. önnur svör um þetta, því að þetta eru í rauninni ekki mjög fjölþættar framkvæmdir. *Þessum mönnum* verður gefin eins konar innflutningsheimild, sem þeir svo geta selt öðrum fyrir það verð, sem þeir kunna að fá fyrir það, og ríkissti. hefur engin áhrif á, hvar þeir selja þessar heimildir eða verð á þeim.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 801).

46. Dragnótaveiði í landhelgi (stjfrv.).

Á 20. fundi í Nd., 13. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi [86. mál] (stjfrv., A. 138).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég boðaði hér á dögunum, þegar til umr. var frv. til l. um breyt. á landhelgislögunum, að flutt yrði frv. í þá átt, sem nú er komið fram. Ég gerði þá grein fyrir ástæðunum fyrir þessu. Hv. þm. Borgf. var að vísu ekki sammála. En ég tel þeim mun meiri ástæðu til að koma fram með frv. nú þegar sem ekki virtist alveg samkomulag um málið, til þess að athugað verði, hvort menn vilji fallast á þá breyt., sem í þessu frv. og hinu frv., sem ég gat um áðan, felst.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið á þessu stigi, þar sem það var rætt að meginefni til á dögunum, en legg til, að því verði að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og sjútvn.

Finnur Jónsson: Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að það er ekki búið að útbýta þessu frv.

Forseti (SB): Mjög mörg þskj. hafa nú komið fram og eru í útbýtingu á þessari stundu og senn lokið. Verður fundi ekki slitið fyrr en þm. hafa fengið frv. í hendur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Á 33., 34., 35. og 36. fundi í Nd., 5., 8. og 11. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Nd., 12. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 138, n. 240 og 258).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Frv. þessu á þskj. 138 var vísað til sjútvn., en hún varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. n., hv. þm. Borgf., er andvígur frv., og hefur hann lagt fram sérstakt nál. — Meiri hl. er aftur á móti meðmæltur frv. og hefur gefið út nál., þar sem hann lýsir fylgi sínu við frv. — Ég tel svo óþarfa að fara fleiri orðum um frv. þetta, þar sem hæstv. dómsmrh. fylgdi því úr hlaði með ýtarlegri ræðu, þar sem hann gerði grein fyrir því, hvers vegna frv. þetta væri fram komið, en frv. er, sem kunnugt er, stjórnarfrv.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Ég læt mér nægja að skírskota til raka þeirra, sem ég hef borið fram í máli þessu, bæði í nál. mínu og til þess, sem ég hef sagt hér áður við umr. um mál þetta í hv. d. Afstaða mín er enn sú sama til málsins. Ég er andvígur framgangi þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:2 atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Á 38., 46. og 48. fundi í Nd., 13. des., 9. og 12. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Nd., 15. jan., var frv. enn tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 50. fundi í Ed., 16. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frumvarp þetta er flutt af ríkisstjórninni og er í samræmi við það frumvarp, sem þegar hefur verið samþykkt hér í efri deild um að lækka nokkuð sektir fyrir landhelgisbrot. Það er eðlilegt, að frumvörpin fái sömu afgreiðslu, því að það eru sömu ástæður, sem koma til greina um þau bæði. Þessi hv. d. hefur þegar samþ. frv. um botnvörpuveiðar, og hv. neðri deild hefur einnig samþ. það, með nokkrum breyt. að vísu, en í meginefnum er hún sammála um að gera þá breyt., sem hér um ræðir. — Þessi hv. d. hefur þegar tekið ákvörðun um meginefni þessa máls, og vil ég vænta þess, að málinu verði vísað til hv. sjútvn. að lokinni 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 138, n. 779).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Sjútvn. leggur til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 819).

---

47. Þjóðminjasafnshúsið.

Á 42. fundi í Sþ., 14. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna þjóðminjasafnshússins [182. mál] (stjfrv., A. 679).

Á 69. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 679, n. 705).

Forseti (SB): Ég sé, að frsm. er fjarstaddur, en þar sem n. er meðmælt því, að frv. verði samþ. óbreytt, þá sé ég ekki þörf á því að fresta umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 26. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 78. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 79. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 679, n. 765).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Fjhn. var sammála um að leggja til, að þetta frv. yrði samþ. — Þetta hús, sem hér er um að ræða og verið er að ljúka við, er það hús, sem ákveðið var að byggja í minningu sjálfstæðis okkar, og þess vegna er það nauðsynlegt að ljúka því nú og ganga svo frá, að ekki séu smáreikningar, sem standi því fyrir þrifum, og rétt er, að til sé heimild til þess að taka sérstakt lán til þess að ljúka við að greiða þá ½ millj. kr., sem eftir er. Sem sagt, nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 820).

48. Lántaka handa ríkissjóði.

Á 40. fundi í Sþ., 9. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku [176. mál] (stjfrv., A. 649).

Á 66. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég get verið fáorður um þetta mál, þar sem gerð er nokkur grein fyrir því í aths. við frv., en örfá orð vildi ég þó segja. Ríkissjóður skuldar nú um 16 millj. króna, sem fengnar voru sem bráðabirgðalán á síðasta ári vegna togarakaupanna. Var ætlunin, að þetta lán yrði fengið aðeins til eins árs. Það er nú augljóst orðið, að ekki er hægt að greiða hærri afborganir af þessu láni en sem svarar 10 af hundraði, og liggur því fyrir að reyna að útvega fé til að greiða þetta bráðabirgðalán og auk þess til viðbótar 8—9 millj. til að mæta því, sem ríkissjóður þarf að leggja út til togaranna til viðbótar. Það er ekki hægt að segja með fullri vissu, hve sú upphæð verður há, en þessi áætlun mun þó vera nálægt lagi. Mundi þá þurfa að taka um 25 millj. króna lán vegna togaranna, 16 millj. til að greiða upp bráðabirgðalánið og allt að 9 millj. vegna hækkunar skulda í sambandi við togarakaupin.

Þegar ríkisstjórnin hefur að undanförnu gert áætlanir um lánsfjárþörf landbúnaðarins, hefur komið í ljós, að Búnaðarbankann vantar mjög nýtt starfsfé, ef hann á að geta haldið uppi svipaðri lánastarfsemi og nú til þeirra framkvæmda, sem honum er ætlað að lána til. Hins vegar er eftirspurn eftir lánum til framkvæmda í sveitum nú mjög mikil, og það þykir ískyggilegt, ef ekki verður hægt að verða við þeirri eftirspurn. Það vottar nú fyrir því, að menn vilji hverfa frá öðrum atvinnuvegum til landbúnaðarins og að áhugi fyrir honum sé að aukast. En það er ljóst, að menn komast ekki langt áleiðis í þessum efnum, nema fá lán til framkvæmdanna. Það hafa verið gerðar margar áætlanir um þetta efni, og sýna þær allar, að lánsþörfin er mikil. Hér er um að ræða tiltölulega lága lánsfjárupphæð, sem leita á heimildar til að taka og síðan yrði svo lánuð stofnlánadeildum Búnaðarbankans í því skyni, að honum megi þá takast að bæta nokkuð úr þessum vandkvæðum. Það er þó aðeins nokkur hluti þess lánsfjár, sem landbúnaðurinn þyrfti að fá á næstu missirum, ef vel ætti að vera, en það þótti ekki fært að fara fram á heimild fyrir hærra lán í bili, enda hér aðeins um bráðabirgðalán að ræða, og yrði þá leitazt við að leita að leið til útvegunar á meira fjármagni til frambúðar. — Það hefur einnig verið sýnt fram á, og það hér á Alþ., að iðnaðurinn þyrfti meira fé til sín en hann hefur nú tök á að fá, og það hefur komið fram frv. um stofnun iðnaðarbanka, þar sem gert er ráð fyrir því, að ríkið legði fram allt að 2½ millj. króna í því skyni. Nú stendur einmitt yfir á vegum ríkisstj. allsherjarathugun og endurskoðun á bankakerfi landsins. Það sýnist því eðlilegt, að athugun á stofnun slíks iðnbanka verði tekin inn í þessa athugun á bankamálunum. En í stað þess að gera slíka skipun nú, hefur stjórnin tekið inn í þetta frv. ákvæði um heimild fyrir 3 millj. króna láni til iðnaðarins í landinu, og svo verði ákveðið síðar um það, hvernig fyrirkomulag þeirra lánveitinga verði. Með þessu vinnst það, ef hægt verður að útvega lánið, að hægt verður að notfæra lánið á meðan athugun á fyrirkomulagi iðnbankans fer fram í sambandi við athugun á bankalöggjöfinni í heild. Með þessu frv. fer ríkisstj. fram á að fá heimild til lántöku, 25 millj. króna vegna togaranna, 15 millj. til Búnaðarbankans og 3 millj. til iðnaðarins, eða samtals 43 millj. króna. — Nú er rétt að taka það fram, að það liggur ekki fyrir neitt um það, hvort hægt verður að útvega þetta lán, þótt þetta frv. sé sett fram nú. En ef þetta frv. verður samþ., mun ríkisstj. að sjálfsögðu leggja sig fram við að útvega lánsfé, en um það er ekkert hægt að segja nú að svo stöddu, hvort það muni takast. — Að síðustu vildi ég óska þess, að þessu máli verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umr.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég vildi við þessa umr. segja nokkur orð um þetta mál og fyrst og fremst til þess að lýsa undrun minni yfir framkomu þessa frv. Ég hafði satt að segja ekki búizt við því, að hæstv. ríkisstj. mundi á þessu stigi málsins fara þess á leit við Alþ. að fá að taka talsvert stórfelld erlend lán, og sízt hafði ég þó búizt við því, að hæstv. fjmrh. færi inn á þessa braut, því að mér hefur alltaf skilizt á honum, að hann teldi það vandræðalausn á þessum málum að taka útlend lán til ríkisins. Að vísu má segja um það lán, sem taka á vegna togarakaupanna, að þar sé um viðbót að ræða við það bráðabirgðalán, sem tekið var í fyrra. Mér er þó ekki ljóst, hvort hægt hefði verið að semja um framlengingu þess láns áfram og fá til viðbótar þær 10 millj. króna, sem talið er að þurfi til að fullnægja þeirri fjárþörf, sem skapazt hefur vegna kaupa á nýju togurunum. Í grg. fyrir frv. segir, að það þurfi allt að 25 millj. króna til togarakaupanna, og þar sé innifalið 16 millj., sem nota á til að endurgreiða bráðabirgðalánið frá í fyrra, og enn fremur, að það geti komið til mála, að ekki þurfi alveg svo háa fjárhæð. Ég mundi ekki geta haft neitt út á það að setja, þótt hæstv. ríkisstj. færi fram á það að fá lagaheimild til annars tveggja, að framlengja bráðabirgðalánið frá í fyrra auk þess að fá 9 millj. kr. viðbótarlán eða þá að fá nýtt lán til þessara þarfa. En ég verð að segja það, að ég er undrandi yfir framhaldinu, eins og ég mun víkja nánar að á eftir. Það getur verið fullkominn rökstuðningur fyrir því að taka erlend lán til kaupa á stórvirkum framleiðslutækjum, eins og togararnir eru. Það er vert að vekja athygli á því, að nýju togararnir hafa nú á tæpum hálfum öðrum mánuði selt í Englandi fyrir um 25 millj. íslenzkra króna, eða sem næst þeirri upphæð, sem álitið er, að þurfi að taka að láni vegna þeirra. Það er því ekkert óeðlilegt, þótt tekið sé lán erlendis til kaupa á svo stórvirkum framleiðslutækjum sem togararnir eru, tækjum, sem afla beinlínis sjálf mikils gjaldeyris. Og þó svo vilji verða, að gjaldeyristekjur togaranna séu ekki alltaf jafnmiklar og nú að undanförnu, þá er þetta dæmi þó talandi tákn um það, að ástæða er til að taka erlend lán til kaupa á slíkum tækjum. Því hef ég ekkert út á það að setja, þótt hæstv. ríkisstj. fari fram á heimild til

lántöku vegna togaranna, þó það hefði máske verið heppilegra að „konvertera" bráðabirgðalánið og fá þá til viðbótar því nýtt lán allt að 9 millj. króna. Veit ég þó ekkert um, hvort það hefði verið hægt eða ekki.

En þegar þessu efni sleppir og við komum að öðrum atriðum frv., þá er það, sem ég vil lýsa undrun minni. Ég skal þó ekki draga í efa, að bændur óski eftir frekari lánum til bygginga og ræktunar, né heldur það, að þeim sé full þörf á að fá aukið lánsfé í þessu skyni, og ég álít nauðsynlegt að bæta úr fyrir bændum í þessu efni eftir því, sem ástæður leyfa. En ég tel mjög vafasamt að fara þessa leið út úr þeim vandræðum, sem hér er lagt til, að farin verði. Hæstv. fjmrh. sagði, að veruleg eftirspurn væri nú eftir láni til framkvæmda í sveitum og að hann áliti, að þeirri eftirspurn þyrfti að fullnægja. Ég dreg ekki í efa, að eftirspurnin er mikil, en ég vil bæta því við, að það er nú víðar eftirspurn eftir lánum til framkvæmda, sem ekki er hægt að fullnægja öllum á stuttum tíma. Ég er að því leyti sammála hæstv. ríkisstj. varðandi fjárfestinguna, að það beri að gæta þess með atbeina almannavaldsins, að hún verði ekki of ör á hverjum tíma, svo að ekki komi til alvarlegrar aukinnar verðbólgu. Þó vil ég taka það fram, að það á ekki aðeins að haga fjárfestingunni þannig, að hindruð verði aukin verðbólga, heldur einnig svo, að ekki komi til atvinnuleysis. Alls staðar erlendis, þar sem skipulag er á þessum málum, t. d. í Bretlandi, er þess gætt að hefta fjárfestinguna ekki svo, að atvinnuleysi skapist í löndunum. Þetta vildi ég brýna fyrir hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál, og virðist mér hún ætti að gæta vel að þessu atriði nú á þessum síðustu og verstu tímum. Ég hefði því talið, að farið verði inn á mjög hæpna leið, ef farið verður að taka erlent lán til Búnaðarbankans, sem síðan verði veitt til framkvæmda í sveitum. Það er svo, að með okkar takmarkaða fjármætti er varið nokkru fé á ári hverju til ræktunar og bygginga í sveitum, og ég veit ekki betur en við sjáum á hverju ári fasta liði í fjárlögunum, sem renna til þessara framkvæmda, þ. e. 2,5 millj. kr. til landnámssjóðs og 2,5 millj. í byggingarsjóð, og er það fjarri mér að telja það framlag eftir. Sem sagt, ég lýsi undrun minni yfir lántökufyrirætlunum ríkisstj. til landbúnaðarins, og ekki sízt vegna þess, að eftirspurn eftir lánum til ýmissa annarra framkvæmda, engu síður nauðsynlegra, er mjög mikil, og hefur hún aukizt mjög mikið á síðasta ári vegna gengisfellingarinnar. Hófleg lán til iðnaðarins, útgerðarinnar og verzlunarinnar til þess að halda rekstrinum í horfinu þurfa að vera mun hærri nú en fyrir ári síðan. Og bankarnir munu eiga fullt í fangi með að veita lán, svo að hægt sé að halda uppi innflutningi nauðsynlegustu vörutegunda til landsins. Það er því víðar eftirspurn eftir lánum en hjá landbúnaðinum og iðnaðinum, og ég hefði haldið, að bankarnir teldu það hæpið að fara nú að taka erlend lán til að bæta þar úr, meðan hægt væri að komast hjá því. — Að lokum eru það svo 3 millj. króna lán, sem ríkisstj. fer fram á að fá leyfi til að taka handa iðnaðinum — og algerlega út í bláinn. Það er ekkert getið um það, hver eigi að fá það fé til ráðstöfunar eða með hvaða kjörum, og löggjöf um þetta atriði er engin til. Það er einu sinni ekki gert ráð fyrir því, að þetta fé gangi til þess litla vísis af iðnlánasjóði, sem til er í landinu. Ég þykist vita, að þegar fara átti að taka erlent lán á annað borð, þá hafi einhverjum ráðh. þótt viðeigandi að fara fram á að fá eitthvað handa öllum atvinnuvegunum, svo að segja mætti, að lánið hafi verið tekið handa öllum aðalatvinnuvegunum, sjávarútveginum, landbúnaðinum og iðnaðinum. En þrátt fyrir það, að þörf mun fyrir stofnlánasjóð handa iðnaðinum, þá álít ég ekki rétt að byrja á því að fara að taka erlend lán í þessu skyni. Að undanförnu hefur legið fyrir Alþ. frv. til l. um stofnun iðnaðarbanka, og það virðist nú augljóst, að hæstv. ríkisstj. hefur komið sér saman um að svæfa það frv. og færir þær ástæður fyrir, að nú standi fyrir dyrum allsherjarathugun og endurskoðun á bankakerfi landsins. Ég er síður en svo mótfallinn því, að slík endurskoðun fari fram, og ég er þakklátur ríkisstj. fyrir þær fyrirætlanir. Það er að mínu viti mjög tímabært að endurskoða bankalöggjöfina, en það er önnur saga, sem ef til vill gefst tækifæri til að ræða síðar.

Ég mun svo ekki hafa þessi orð miklu fleiri, en eins og ég hef áður sagt, er ég mjög undrandi yfir aðgerðum og aðferðum hæstv. ríkisstj. í þessum efnum, að stofna til stórfelldra erlendra skulda á þann veg, sem frv. fer fram á og ég hef nú skýrt. Ég tel því mikla þörf á, að þetta mál verði grandskoðað, áður en nokkur ákvörðun í því er tekin, og að það verði vel athugað, hvort ekki þurfi að breyta því frv., sem hér liggur fyrir.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég vildi nú þegar við þessa umr. drepa aðeins á eitt atriði í sambandi við þetta frv. Það er í sambandi við 2. gr. þess, en þar stendur, að af láni því, sem um ræðir í 1. gr., skuli heimilt að verja allt að 3 millj. króna til iðnaðarlána. Það kemur jafnframt fram í grg. frv., að ætlunin er að stöðva frv. það um stofnun iðnaðarbanka, sem flutt var fyrir nokkru af meiri hl. iðnn. Ég vil taka það fram, að ég er á sömu skoðun um það og áður, að brýna nauðsyn beri til að afla iðnaðinum aukins lánsfjár, bæði stofnlán og lán til rekstrarins, og það er ljóst, að engin lánsstofnun eða banki er til í landinu, sem telur það sitt hlutverk að styðja iðnaðinn í þessu efni. Því var það, að meiri hl. iðnn. taldi rétt að verða við óskum iðnaðarmanna um að flytja frv. til l. um stofnun banka, sem hefði það hlutverk að styðja iðnaðinn í landinu. Nú hefur ríkisstj. svarað þessari málaleitan í grg. fyrir þessu frv., og segir þar, að hún telji ekki tímabært að setja nýja löggjöf um fyrirkomulag lánastarfsemi til iðnaðarins nú á þessu þingi. Um það atriði skal ég ekki ræða að sinni, þar sem tækifæri gefst væntanlega til þess síðar. En hins vegar vildi ég segja það, að þegar ríkisstj. hefur í hyggju að útvega lán til landbúnaðarins og iðnaðarins, sem ég geri ráð fyrir, að hún muni geta, þá virðist mér, að þessum atvinnuvegum sé mismunað mjög. Landbúnaðurinn, sem haft hefur sinn eigin banka á þriðja tug ára, á að fá 15 millj. króna af þessu láni, en iðnaðurinn, sem hefur engan banka, á aðeins að fá 3 milljónir. Með þessu er iðnaðurinn, sem hefur orðið útundan í lánveitingum, enda þótt hann hafi brýna þörf fyrir bæði stofnlán og rekstrarlán, settur skör lægra en landbúnaðurinn. Ég

skal þó ekki draga í efa, að landbúnaðurinn þurfi lánsfjár við, eins og oftar en einu sinni hefur komið fram hér á Alþ. En fyrst hæstv. ríkisstj. fór á annað borð að taka fjárveitingu til iðnaðarins inn í þessa lántökufyrirætlun sína, þá hefði mátt ætla, að þessi atvinnuvegur fengi ríflegri skammt en honum er ætlaður með þessu frv. Ég vildi láta þetta sjónarmið koma fram þegar við þessa umr.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 1. umr. um frv.

Emil Jónsson: Herra forseti. Mig langar til þegar við þessa umr. að fara um þetta mál nokkrum orðum, ef vera mætti, að sú n., sem fær það til athugunar, gæti tekið einhver af þeim atriðum til greina við síðustu athugun á málinu. Og enn fremur langar mig til þess að fá frá hæstv. ráðh. nokkrar upplýsingar í sambandi við afgreiðslu þessa máls, sem ekki liggja fyrir í frv. sjálfu eða grg. þess.

Í öllum þeim umræðum, sem fram hafa farið að undanförnu um efnahagsmálin hjá okkur, hefur menn greint á um margt og mikið og sitt sýnzt hverjum, eins og venja er. Sumir hafa viljað fara þessa leið, aðrir hina og talið hver fyrir sinni skoðun æði mörg rök, þó að menn hafi ekki getað orðið sammála. En um eitt atriði held ég, að menn séu sammála, og ég hygg, að hæstv. fjmrh. hafi verið í þeim hópi, að erlendar lántökur bæri að forðast í lengstu lög, að svo miklu leyti sem nokkurn veg væri um að ræða til þess að komast hjá því. Þegar um erlendar lántökur hefur verið að ræða, þá hefur það verið til ákveðinna fyrirtækja, sem sérstaklega hafa verið gjaldeyrisskapandi, eins og t. d. talið var sjálfsagt frávik frá þessari meginreglu að taka gjaldeyrislán til togarakaupa, vegna þess að talið var víst, að þeir mundu skila gjaldeyri aftur og án þess að grípa þyrfti til frekari lántöku. Lántaka til togarakaupa hefur þess vegna síður en svo sætt nokkurri gagnrýni, heldur verið talin sjálfsögð, enda þannig frá kaupunum gengið, að nokkur hluti af framleiðsluverðmæti þeirra fer til þess að greiða erlendar skuldir.

En það er líka almennt kunnugt, að fjöldi framkvæmda og fjárfestinga bíður vegna þess, að fé hefur ekki fengizt að láni til framkvæmdanna. Og menn hafa sætt sig við að bíða, vegna þess að þeir hafa ekki talið réttlátt að taka erlent gjaldeyrislán til þess að hrinda þeim verkefnum í framkvæmd. Ég get nefnt fjöldamörg dæmi um þetta, og ég þekki margar hafnargerðir, sem bíða hálfkaraðar vegna þess, að ekki hefur tekizt að fá lán til þeirra framkvæmda. Þær eru þess vegna margar ekki nema hálfgerðar og skila þess vegna ekki þeim tekjum, sem þeim er ætlað að gera, og meira að segja hefur þetta orðið til þess, að ríkissjóður hefur orðið að hlaupa undir bagga með sumum þeirra, vegna þess að ekki hefur verið hægt að koma þeim í það horf, sem til er ætlazt. Ég get nefnt t. d. byggingarframkvæmdir hér í bænum, sem nú eru alveg stöðvaðar vegna þess, að alls staðar skortir lánsfé og enga peninga er hægt að fá í bönkunum til þess að leggja í húsbyggingu og ekki hjá neinni lánsstofnun yfirleitt í landinu. Á sama tíma eru hópar iðnaðarmanna hér vinnulausir, og því ástandi, sem af því leiðir, þarf ég ekki að lýsa, það þekkja allir hv. þm. Einnig þetta ástand hafa menn að nokkru leyti sætt sig við vegna þess, að þeir hafa ekki þorað að leggja út í þá áhættu, sem erlendri lántöku fylgir, en það virðist nú vera eina úrræðið til þess að halda starfseminni áfram.

Það má nefna fleiri rafvirkjanir, vatnsveitur og fjöldamargar framkvæmdir, sem eru eins nauðsynlegar og sumar jafnvel nauðsynlegri heldur en þær, sem hér er farið fram á að taka erlent lán til.

Í frv. þessu, þar sem gert er ráð fyrir, að taka megi 43 millj. kr. erlent lán, er frá því skýrt, að svo sé til ætlazt, að þær skiptist þannig, að 25 millj. gangi til að greiða eftirstöðvar við kaup hinna 10 nýju togara. 15 millj. eru ætlaðar til að lána Búnaðarbanka Íslands með sömu kjörum og lánið verður tekið, og allt að 3 millj. til iðnaðarlána, enda verði ákveðið með lögum um tilhögun iðnaðarlánanna.

Ég hef minnzt á það áður, að aldrei hafa verið tekin erlend lán nema til ákveðinna fyrirtækja og skýrt tekið fram í lögum, til hvað langs tíma og með hvaða kjörum, en hér vita menn ekki annað en það, að 15 millj. eiga að ganga til Búnaðarbankans og 3 millj. til iðnaðarins, og á að ákveða það síðar, til hvers það fé verði notað. — Mér finnst þetta svo losaralega uppbyggt, að það réttlæti á engan hátt að taka þetta erlenda lán. Og ég er viss um, að hæstv. fjmrh. hlýtur að gera sér það ljóst, að ef ríkisstj. tekur þetta erlenda lán vegna óákveðinna framkvæmda í landbúnaði og iðnaði, þá hljóta að koma fram kröfur um lán frá öðrum aðilum, sem ekki eru síður nauðsynlegir framleiðendur í þjóðfélaginu og ekki er síður ástæða til að örva með lánum. Mér virðist, að ríkisstj. sé að breyta um stefnu miðað við hin fyrri rök hennar, að fara að taka lán á sama tíma og hún fær tugi millj. frá Efnahagsstofnuninni í eyðslufé. Og ef samtímis því á að fara að taka erlend lán, þá er sýnilegt, að ríkisstj. er búin að afskrifa sína fyrri afstöðu til þessara mála. Og það hljóta að koma fram aðrir aðilar á eftir, sem telja sig ekki hafa minni rétt til lánveitinga en þeir, sem hér er um að ræða.

Það eitt út af fyrir sig er ekki rétt, að sagt er, að veita eigi 25 millj. til sjávarútvegsins. En þegar betur er að gætt, eru það aðeins 9 millj., því að 16 millj. eiga að fara til að „konvertera“ eldra láni. Hér er því raunverulega aðeins um 9 millj. kr. nýja lántöku að ræða, sem e. t. v. verður þó ekki svo há, og er það sá hluti lánsins, sem ég tel réttlætanlegan og eðlilegan, og mér finnst, að það hefði átt að taka það fram í frv., að hér væri aðeins um að ræða heimild fyrir ríkisstj. til að taka 9 millj. til handa sjávarútveginum.

Þá eru það 15 millj. handa landbúnaðinum, en um það lán er allt meira á huldu en lánið til sjávarútvegsins. Nú langar mig að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig er hugsað að lána þessar 15 millj. til bænda? Verður bændum lánað það með gengis-„klásúlu“, þannig að þeir beri þá ábyrgð, sem fylgir gengisáhættunni? Eða á Búnaðarbankinn að bera hana eða ríkið? Þetta væri æskilegt að fá að vita. — Lán til sjávarútvegsins eru þannig veitt,

að þau hvíla í erlendri mynt á þeim, sem togarana kaupa, þannig að þeir bera alla áhættuna, ef gengisfelling verður. Ég spyr, er ætlunin að fara á sama hátt með þetta lán til bænda? Eða er ætlunin, að Búnaðarbankinn eða ríkissjóður beri þá áhættu, sem því fylgir? — Í annan stað er rétt að geta þess, að samkv. þeim samningi, sem gerður hefur verið milli ríkisstj. og þeirra, sem hafa keypt nýju togarana, er gert ráð fyrir því, að kaupendur togaranna yfirtaki þessi lán og greiði sömu vexti og erlendis. Og mun vaxtafóturinn vera 4½% og lánið veitt til 20 ára. Er meiningin að veita þessi lán til bænda til jafnlangs tíma og með sömu vöxtum? Ef ekki, hver á þá að greiða vaxtahallann? Á Búnaðarbankinn að gera það, eða á ríkissjóður að gera það? Hér er aðeins um það að ræða, að allir sitji við sama borð. Og það ætti ekki að vera síður ástæða til, að þeir, sem kaupa togarana, fái góð lán, þar sem það eru gjaldeyrisskapandi atvinnutæki, sem gefa gjaldeyri til að endurgreiða þessi lán, og ég tel það fullkomið réttlæti, að hlutur Búnaðarbankans verði veittur á sama hátt. Ég vildi aðeins skjóta því til hæstv. ráðh., hvort hann gæti ekki skýrt frá því, með hvaða kjörum væntanleg lán af þessu tagi kunna að verða veitt og sérstaklega, hvort sá, sem þessi lán fær endanlega, fær þau í erlendri mynt eða innlendri, og hver á að bera ábyrgðina.

Þriðji hluti lánsins, sem þó er ekki nema tæpur fimmtándi hluti heildarupphæðarinnar, er ætlaður til iðnaðarlána, en allt er óljóst, hvernig því fé á að verja. En eftir því, sem segir í 2. gr. frv., þá kemur það ekki til úthlutunar fyrr en sett hafa verið lög á Alþingi um það, á hvern hátt þeim skuli varið. Það þýðir, að þetta fé kemur ekki í umferð fyrr en eftir að næsta þing kemur saman, því að eftir þeim hraða, sem frv. um iðnaðarbanka hefur haft hér í þinginu nú, þá trúi ég ekki, að það takist að afgreiða lög um iðnaðarlán fyrr en því þingi lýkur, svo að vegna iðnaðarlána virðist, að það hefði mátt sleppa þessari lántöku nú. Það kemur nú fram í annað sinn á þessu þingi, að frv. um iðnaðarbanka mun ekki ætlað fram að ganga. Fyrst var þeirri skoðun slengt fram af hv. þm. V-Húnv. og þm. Mýr., að svo ætti að fara. Og nú kemur það fram í stjórnarfrv., að því máli sé ætlað hægt andlát og ekki verði hægt að gera þær ráðstafanir fyrr en síðar. Í staðinn fyrir það virðast þessar 3 millj. eiga að koma, sennilega til þess að friða þá, sem að frv. standa. Ég held nú, að þessar 3 millj. hjálpi lítið, þar sem ekki má nota þær fyrr en lög hafa verið sett á Alþingi um það efni, og það verður ekki fyrr en eftir eitt ár í fyrsta lagi. Ég held því, að það væri skaðlaust, þó að þessar þrjár millj. til iðnaðarins væru strikaðar út.

Þegar frv. um iðnaðarbankann var á ferðinni, gerði iðnn. ekki ráð fyrir því, að leitað yrði eftir erlendum lánum til að fullnægja þörf hans. Og það var ekki vegna þess, að lánsþörf væri ekki mikil, heldur hitt, að það var vitað, að mjög var erfitt um lánsfjárútvegun. En þar var gert ráð fyrir því, að ríkissjóður legði fram 2,5 millj. kr. og hefði það getað komið inn á fjárlög að hálfu í ár og að hálfu næsta ár og verið þar með úr sögunni. En þar sem út í það er farið að taka erlend lán, þá geri ég ráð fyrir, að iðnaðarmönnum þyki sinn hlutur lítill miðað við það, sem landbúnaðinum er ætlað.

Ég vildi nú aðeins vekja athygli á þessum atriðum við þessa umr. Margt fleira mætti um þetta segja, en ég mun láta það bíða til 2. umr. En ég vænti þess, að sitthvað af því, sem ég hef sagt hér og sömuleiðis hv. 8. landsk. og 7. þm. Reykv. og fleiri hafa sagt í þessu sambandi, verði tekið til greina í þeirri n., sem fær málið til athugunar, sem væntanlega verður fjhn., og það verði athugað mjög vandlega, hvort rétt sé að fara inn á þessa braut, sem hér er hlaupið inn á. Ég hygg, að það væri hyggilegra að snúa ekki svona hratt við eins og ríkisstj. hefur gert með þessu frv. og æða út í það að taka 40 millj. kr. lán til viðbótar öllum þeim lánum, sem fengizt hafa gegnum Efnahagssamvinnustofnunina, og það ætti að vera hægt að komast af án allra annarra erlendra lána. Ég veit, að það er vissulega nauðsynlegt að halda áfram byggingum og ræktun í sveitum, en ég vil ekki, að sú leið verði farin, sem hér er farið fram á, því að með því er opnuð hættuleg leið, og það er hætt við því, að þá komi fram kröfur frá öðrum aðilum, sem hafa eins mikinn rétt til lána, og þá eru menn komnir út í þær ógöngur, sem ekki er auðvelt að sjá, hvar muni enda.

Ég vil svo að endingu óska þess, að þetta verði tekið til greina, þegar n. tekur málið til athugunar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta mál mun nú fara til n., en áður en það verði, vil ég sæta lagi og spyrja nokkurra spurninga í sambandi við það. Ég vil þó áður taka það fram um fyrsta hluta lánsins, til togaranna, að ég álít, að sú lántaka geti verið eðlileg. En það kemur þá líka í ljós í sambandi við það, hvort heppilegra hefði verið að gera þá nýsköpun atvinnuveganna, sem gerð var, síðar, — hvort þau atvinnutæki, sem þá voru keypt, væru búin að skila þeim gjaldeyristekjum, ef þau hefðu verið keypt seinna.

En það er hitt lánið, sem snertir landbúnaðinn og iðnaðinn. Það er í fyrsta lagi sú spurning, hvort það er nauðsynlegt fyrir landbúnaðinn að fá þessa peninga í erlendum gjaldeyri. Er óhjákvæmilegt að fá þetta lán í erlendum gjaldeyri? Ég veit, að hann skortir innlent lánsfé. Það er mikið talað um, að landbúnaðinn skorti fé, og ég veit, að hann hefur fulla þörf fyrir það. En ég efast mjög um, að allar þessar 15 milljónir fari til landbúnaðarins í erlendum gjaldeyri, heldur að hluti af því fari til annars. Ég efast ekki um, að Búnaðarbankinn þarf á þessu fé að halda, og þess vegna á að taka það og láta Landsbankann gefa út sem því svarar í innlendri mynt. En ég spyr að þessu vegna þess, að mig grunar, að hér eigi að fara að taka 15 millj. kr. lán til þess eins að knýja seðladeild Landsbankans til að gefa út seðla. Af því að ríkisstj. þorir ekki að segja afdráttarlaust við seðladeildina, að á þessu sé þörf, ætlar hún að reyna að knýja hana fram með þessu. — Ef það er svo, að ríkisstj. þori ekki að segja seðladeildinni, að hún eigi að lána Búnaðarbankanum þetta, þá held ég, að Alþingi ætti að gera henni það ljóst.

Þá væri æskilegt að fá að vita það, hvort í hyggju er að lána þetta fé út til bænda með sömu

vöxtum og greiðast af erlenda láninu, eða hver það er, sem á að standa undir vaxtabyrðinni. Þetta vildi ég gjarnan fá að vita.

Þá skildist mér á hæstv. ráðh., að stofnlánadeildarsjóðir Búnaðarbankans væru þrotnir að fé. Þetta mun vera rétt, enda hefur ekki verið staðið við allar skuldbindingar um greiðslur til bankans, — en er það þrátt fyrir það óhjákvæmilegt að knýja fram erlenda lántöku vegna þess?

Í því sambandi væri fróðlegt að vita, að hve miklu leyti seðladeild Landsbankans væri tæmd. Og hvað álítur ríkisstj., að séu takmörkin fyrir leyfilegri fjárfestingu? Ég er þeirrar skoðunar, að við séum enn þá langt frá hinum leyfilegu takmörkum. Og ef þetta takmark er eitthvað framar, þá álít ég, að Alþingi eigi kröfu á að vita, við hvaða hámark er miðað. Því að það er þetta hámark, sem skammtar atvinnu í landinu. Það má ekki vera eitthvert óákveðið mark, sem miðað er við, þegar út í það er farið að skammta mönnum atvinnu í landinu og ákveða, hvað sé hæfileg fjárfesting. Og ég álít, að sá samdráttur, sem orðið hefur í atvinnulífinu, sé að verða okkur hættulegur.

Í sambandi við það, sem stendur í grg. frv., að allt bankakerfið í heild sé í endurskoðun, vil ég benda á það, að síðast þegar þau mál voru endurskoðuð, var sett heil endurskoðunarnefnd, og þá fékk Alþingi yfirleitt að fylgjast með því, sem gerðist. Nú kemur það fram í dularfullri grg. fyrir undarlegu frv., að bankakerfið í heild sé í endurskoðun. Nú vil ég leyfa mér að spyrja: Hver hefur haft þessa endurskoðun á hendi, og í hvaða átt á hún að ganga? Hefur ríkisstj. ekki þótt það viðurkvæmilegt að gefa upplýsingar um, í hvaða átt breytingarnar skuli ganga og hvaða afleiðingar þær geti haft í för með sér á fjárhagskerfi þjóðarinnar?

Mér virðist eðlilegt að fá að vita, í hvaða átt endurskoðun á starfsemi bankanna gengi. — Að síðustu vil ég segja þetta viðvíkjandi þeim hluta lánsins, sem á að ganga til iðnaðarins. Það er ekki í fyrsta sinn á Alþingi, að frv., sem borin eru fram af meiri hl. nefnda og hafa fylgi meiri hluta þings, séu stöðvuð. Frv. um iðnaðarbankann og frv. um afnám skömmtunar á byggingarvörum til smærri íbúða voru stöðvuð af hæstv. ríkisstjórn og svo eiga menn að sætta sig við þennan hluta lánsins til iðnaðarins.

Ég vil endurtaka það: Eiga þessar 3 millj. að fara til iðnaðarins hér og þá til kaupa á vélum erlendis frá, eða ef svo er ekki, þarf þá að taka lán í erlendum gjaldeyri? Er þá ekki hægt að taka lánið hér innan lands hjá seðladeild Landsbankans? Treystir þá ríkisstj. sér ekki til að fá lán hjá seðladeild Landsbankans nema að veifa framan í hann erlendum gjaldeyri? Ég vil vona, að svona illa sé ekki komið hjá okkur, þó að vont sé að þurfa að auka innlend lán. Ég vænti, að hæstv. fjmrh. geti gefið mér upplýsingar um þessi atriði, og mun ég greiða atkv. með frv. til 2. umr. og n. og sjá síðan til, hvaða afstöðu ég álít affarasælasta fyrir land og þjóð.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil segja fáein orð út af því, sem þingmenn hafa sagt um þetta mál. — Vík ég þá fyrst að Alþýðuflokksþingmönnum, hv. 8. landsk. (StJSt) og hv. þm. Hafnf. (EmJ). Það má segja, að í ræðum þeirra beggja hafi verið sami tónninn og að miklu leyti sama efnið. Höfuðatriðið hjá þeim var það, að það ætti að vara sig á erlendum lántökum og hér væri á ferðinni skuldasöfnun og farið væri inn á nýja braut, að láta lán ganga til fyrirtækja, sem ekki skiluðu erlendum gjaldeyri. En þegar ræður þessar eru krufnar til mergjar, má greinilega sjá, að það, sem hér býr undir, er andstaðan gegn því að taka erlent lán vegna landbúnaðarins. Það er sá þyrnir í þeirra holdi. Aðra eins fjarstæðu hafa þessir þm. víst ekki heyrt og vara við að framkvæma slíka óhæfu. Hér lá hundurinn grafinn, eins og menn segja. Í þessu sambandi vil ég benda á, af hve miklum heilindum þetta er sagt um hið fyrirhugaða lán til landbúnaðarins.

Á undanförnum missirum hafa verið samþykktar hér á Alþingi lántökuheimildir fyrir ýmsum framkvæmdum án þess að nokkurn tíma hafi heyrzt rödd frá þessum flokki um það að vara sig á lántökum. Ég vil hér líka minna á þær lántökuheimildir, sem þegar er búið að nota, t. d. 32 millj. kr. Marshalllán til síldar- og fiskiðnaðar. Enn fremur lántaka til Sogsins og Laxár, 32 millj. kr., og svo nú síðar lántaka hjá Alþjóðabankanum, líka til Sogs- og Laxárvirkjunar, 34 millj. króna. Þetta gerir samtals tæpar 100 millj. Og þá eru líka lán til nýju togaranna allt að 80 millj. kr. Þetta eru allt lántökur, sem sagt 180 millj., sem þessir hv. þm. hafa samþ. án þess að vara við erlendum lántökum. Og nú fyrir nokkrum dögum var veitt heimild til að taka erlent lán til sjúkrahúsa, og heyrðist þá ekkert varnaðarorð frá þessum mönnum, og engum dylst þó, að sjúkrahúsin geta ekki greitt sín lán í erlendum gjaldeyri. Það er augljóst mál, hver ástæðan er. Þessir menn hafa gengið vel fram í því að undirbúa erlendar lántökur og áttu t. d. sæti í þeirri ríkisstj., sem keypti nýju togarana. Spurningin er því ekki sú, hvort verið sé að leggja út á nýja braut. Það er ekki verið að lána til fyrirtækja, sem borga aftur í erlendum gjaldeyri. Ég vil spyrja: Geta Sogið og Laxárvirkjunin komið með gjaldeyri til að standa undir hinum erlendu lánum? Ég er hissa á, að það skuli vera borin fram slík fjarstæða af svona greindum mönnum, að það eigi ekki að taka lán til fyrirtækja, ef þau geti ekki sjálf borgað gjaldeyri til að standa undir hinum erlendu lánum. Það er vissulega rétt, að lántökur til virkjana eiga rétt á sér, þótt þær geti ekki sjálfar komið með dollarana eða pundin. Þetta er því ekki lítil fjarstæða hjá þessum hv. þm. Það getur verið jafnþýðingarmikið, að fyrirtæki séu rekin til þess að þau spari erlendan gjaldeyri eins og að þau afli hans. Eftir þessari kokkabók hefði t. d. ekki átt að veita hitaveitu Reykjavíkur lán, af því að hún gefur ekki af sér pund. Og því vilja þessir hv. þm. ekki veita landbúnaðinum lán, af því að þeir hafa ekki trú á honum. Þar skilur á milli feigs og ófeigs. Það ættu þessir hv. þm. að vita, að þeir vantreysta landbúnaðinum sem atvinnugrein. Hitt er helber hégómi, að hér sé verið að fara inn á nýjar brautir. Ef þetta mál er athugað, getur landbúnaðurinn staðið undir lánum sínum með tvennu móti: 1) Framleitt vörur til útflutnings. Á síðast liðnu ári voru landbúnaðarvörur fluttar út fyrir 8% af útflutningi þjóðar-

innar, og er það meira en ísfisksútflutningurinn var það ár, og var þó hér aðallega um ull að ræða. Nú á að selja út kindakjöt á erlendum markaði með góðu verði. 2) Sparað erlendan gjaldeyri með því að framleiða vöru fyrir innanlandsneyzlu í enn stærri mæli, vegna þeirra verðmæta, sem landið sjálft býður. Það er hrein villa, að hér sé lagt út á nýja braut og nú eigi í fyrsta skipti að taka lán til fyrirtækja, sem sjálf geti ekki komið með erlendan gjaldeyri. Enn hefur hér verið minnzt á, að það væri nýmæli að taka lán til annars en tiltekins verks eða tiltekins fyrirtækis, en þetta er alls ekki nýmæli. Það hafa verið tekin lán til almennrar starfsemi oftar en einu sinni. Jafnvel þó þetta væri nýtt, væri það ekki athugavert á neinn hátt, ef menn hafa á annað borð trú á landbúnaðinum. En hér er þetta vantrú og misskilningur hjá hv. þingmönnum. — Það er auðvitað full ástæða til að sjá fótum sínum forráð um erlendar lántökur, en hitt er svo annað mál, að við getum ekki hrundið í framkvæmd ýmsum umbótamálum, nema nota til þess erlent lánsfé, og þá á að taka lán til skynsamlegra fyrirtækja. Við tókum lán til ýmissa fyrirtækja fyrir stríð og gafst það yfirleitt vel. Og það er ákaflega þýðingarmikið að verja þessu fé á skynsamlegan hátt, og ríkisstj. álítur það sérstaklega þýðingarmikið að stöðva ekki þróun landbúnaðarins, en í veg fyrir það er ekki hægt að koma, nema með því að taka erlent lánsfé. Þetta byggist því á því, að menn hafi trú á landbúnaðinum, en þeir, sem hafa vantrú á honum, telja, að ekki sé eðlilegt að taka erlent lán; það eigi að stinga fótum við erlendum lántökum. Það væri miklu hreinlegra og virðingarmeira fyrir þessa menn að játa það blátt áfram, að þeir hafi ekki trú á landbúnaðinum og vilji ekki þess vegna leggja honum til lánsfé, heldur en að leika hér tveim skjöldum og þykjast vilja vara við erlendum lántökum og hér sé verið að leggja inn á nýja braut. Þetta læt ég nægja almennt um málið.

Þá vil ég segja hér fáein orð út af þeim hluta lánsins, sem á að verja til iðnaðarins. Mér kom afstaða hv. þm. Hafnf. mjög á óvart í því máli. Mér finnst að flm. frv. um iðnaðarbanka ætti að fagna því, að ríkisstj. ætlar að taka lán, sem á að verja til iðnaðarins. En hv. þm. Hafnf. sagði, að þetta væri skaðlegt og ætti að strika það út. Þetta er vægast sagt furðuleg afstaða. Ef hv. þm. Hafnf. vill á annað borð lána nokkuð til iðnaðarins, finnst mér, að hann ætti að vera ánægður, þegar ríkisstj. er að útvega fjármagn til iðnaðarins. Og hann finnur það málinu helzt til foráttu, að fé muni verða svo seint til ráðstöfunar. Hér er meira en lítið ósamræmi í máli þessa þm., því að mig rekur minni til, í sambandi við frv. um iðnaðarbankann, að hann hafi lagt til, að þar skyldi helming þeirrar fjárhæðar vera varið til iðnaðarins á þessu ári og helmingnum af þessum 3 millj. síðan á árinu 1952. Ég skil ekki afstöðu þessa þm., að hann skuli ekki vera ánægður með þessa ráðstöfun ríkisstj., ef miðað er við það, sem hann hefur áður lagt til í iðnaðarbankamálinu.

Hv. 7. þm. Reykv. (GTh) tók aðra afstöðu og taldi það ávinning, ef stjórninni tækist að útvega fjármagn til að lána iðnaðinum. Út af upphæð þessarar lánsfjárhæðar vil ég láta þess getið, að hún var miðuð við þær till., sem fram höfðu komið í sambandi við iðnaðarbankann, og þess vegna var þessi upphæð höfð, og gert er ráð fyrir, að útvegað verði fjármagn innanlands á móti til þess að efla þessa starfsemi. Gert var ráð fyrir í frv. um iðnaðarbankann, að 1½ millj. kæmi frá ríkinu og hitt annars staðar frá. Ég vil taka það fram vegna þess, sem hv. þm. Hafnf. sagði um tilhögun lánanna, að í grg. frv. er það tekið fram, að það, sem lánað verði stofnlánadeild Búnaðarbankans, verði lánað út með sömu kjörum þessara stofnana. Þetta liggur ljóst fyrir.

Þá vil ég víkja að þeirri spurningu, hvers vegna stjórnin leggur til að taka erlent lán í þessu skyni, sem hér um ræðir, og er hér um að ræða orð hv. 2. þm. Reykv. Ríkisstj. álítur, að lánsfjárfestingin sé þannig, að ekki sé á hana bætandi, og fjárlögin eru þannig, að ríkisstj. treystir sér ekki til að setja meira á þau til lána. Þá er ekki hægt að bjóða hér út lán innanlands. Þá er ekki eftir nema að auka seðlaútgáfuna, og þá leið álítur ríkisstj. ófæra. Ríkisstj. álítur, að fjárfestingin sé sízt minni, jafnvel meiri miðað við það neyzlustig, sem menn sætta sig við hér. Fjárfestingin getur ekki aukizt nema til komi aukning verðmæta í landinu, og þessi leið, að leita eftir erlendu láni, yrði til þess, að fjárfestingin yrði meiri en ella sem næmi hinum erlendu lántökum. Það er hinn almenni lánsfjárskortur innanlands, sem veldur því, að það hefur verið látið undir höfuð leggjast að taka erlent lán. Ég ætla, að það sé öllum ljóst, að það er síður en svo, að peningamagnið sé minna en vörumagnið, og nýjar lánveitingar, eins og nú standa sakir, af bankanna hálfu mundu hafa í för með sér nýja verðbólgu. Auðvitað getur þetta ástand breytzt, en stjórnin miðar við ástandið, sem nú er. — Ég ætla að þetta sé greinilegt svar við fyrirspurnum hv. 2. þm. Reykv. varðandi hinar erlendu lántökur. Það er einmitt það, sem stjórnin álítur ekki vera fært eins og sakir standa, af ástæðum, sem ég hef greint í fáum orðum, en einnig mætti greina í lengra máli, sem ég sé ekki ástæðu til að gera hér.

Ég skal svo taka fram, að ég verð að fara frá, og væri þess vegna eðlilegast, að umr. um þetta mál yrði frestað, þar sem ég hef vikið nokkuð að ræðumönnum og ég býst við, að það mundi ekki þykja viðkunnanlegt, að umr. yrði haldið áfram án þess, að ég væri viðstaddur.

Forseti (JG): Komið hefur fram ósk um, að umr. um þetta mál verði frestað, og verður orðið við þeirri ósk og málið tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Nd., 15. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Í sambandi við þetta mál, sem hefur valdið nokkrum umr. hér í hv. d., vil ég í fyrsta lagi hafa þann fyrirvara að óska þess, að það, sem ég kann að hafa sagt um þetta, verði ekki þannig túlkað, að það sé af skilningsleysi á þörfum landbúnaðarins. Hins vegar eru nokkur atriði, sem mér finnst ástæða til að víkja nokkuð að þegar við þessa umr. Mér mun að sjálfsögðu gefast tækifæri til að athuga það nánar í n., því að málið mun fara til nefndar, sem ég á sæti í.

Ég skal ekki víkja neitt að því á þessu stigi málsins, sem sumir hv. þm. hafa gagnrýnt. Það var farið fram á heimild handa ríkisstj. til erlendrar lántöku. Það hefur verið varað við þeirri hættu, sem því væri samfara. Ég álít, að ekkert sé sérstaklega hættulegt í sambandi við þetta mál frekar en önnur mál og því sé ekki ástæða til þess að gera í þeim efnum úlfalda úr mýflugu. Hins vegar er málið þannig vaxið, að hér kemur fram beiðni fyrir láni til Búnaðarbankans annars vegar og iðnaðarins hins vegar og í þriðja lagi vegna togarakaupa, en um það atriði hafa ekki orðið neinar sérstakar þrætur.

Í grg. frv. liggja rök að því, að athuguð hafi verið lánsfjárþörf landbúnaðarins og komið hafi í ljós, að á næstu missirum verði að útvega til viðbótar við það, sem hér er farið fram á í frv., fé, sem nemur mörgum tugum milljóna króna. Er það nokkur ofrausn, þó að hv. þm. fengju að sjá þær athuganir, sem hér er um að ræða?

Þetta mál hefur áður borið á góma í þessari hv. deild, og hv. 2. þm. Rang. hefur borið fram þáltill. í fjórum liðum um athugun á fjárþörf landbúnaðarins, og var höfuðtilgangurinn sá, að ljóst lægi fyrir, hve mikil sú fjárþörf er, svo að hv. þm. geti greitt þessu atkv. í þeirri trú, að það mætti verða til þess að styrkja landbúnaðinn til að fá aukið fjármagn að láni, og þá mundi síður verða staðið gegn lántöku til þessa atvinnuvegar. Ég vil minna á í sambandi við það mál, að það vakti undrun mína, að þá virtist hæstv. landbrh. næstum því taka þessari till. illa, og var því haldið fram, að hún væri að óþörfu fram komin, af því að það væri ekki ástæða til þessarar athugunar, þar sem hún hefði þegar farið fram. Það má segja í framhaldi af þeim ummælum um það, að lánsfjárþörf landbúnaðarins hafi verið athuguð, að þess vegna sé nú beðið um heimild fyrir þessu viðbótarláni. Ég held, að þeir, sem bera hag landbúnaðarins og annarra mála fyrir brjósti, geri bezt með því að rökstyðja sem bezt till. sínar fyrir hönd atvinnuveganna. Mér fyrir mitt leyti finnst það vera sú krafa, sem ekki sé hægt að standa á móti, að hv. þm. eigi rétt á að vita um niðurstöður rannsókna á fjárþörf atvinnuveganna, þegar farið er fram á heimild til lántöku þeirra vegna. Ég segi þetta vegna þess, að það hefur fyrr á þessu þingi verið lagt fram frv. af ríkisstj., og þá hefði verið betra, að fyrir hefðu legið ýtarlegri upplýsingar eða rökstuðningur fyrir flutningi málsins. Hæstv. fjmrh. veit, að þessi ummæli eru ekki sögð til þess að vera með nein olnbogaskot gagnvart hæstv. ríkisstj., því að ég hef ekki síður en aðrir staðið með hæstv. ríkisstj. á þessu þingi, og er þetta þess vegna í fullri góðvild sagt. Þetta mál liggur þannig fyrir, að samkv. athugunum þarf miklu meira fé til landbúnaðarins en farið er fram á í frv.

Nú er ekki aðeins nauðsyn að athuga þörf einnar atvinnugreinar, því að það koma sjálfsagt fram till. frá öðrum um það sama, og verður þá að taka kröfurnar til samanburðar og ákveða, hverjir skuli hljóta lán og hverjir ekki og í hvaða hlutföllum eigi að skipta lánsfénu.

Gert er ráð fyrir í þessu frv., að hæstv. ríkisstj. verði heimilað að taka 3 millj. króna lán til iðnaðarins. Þetta er rökstutt með því, að í öðru frv., sem liggur fyrir þinginu um stofnun iðnbanka, hafi verið gert ráð fyrir svipuðu framlagi af hálfu ríkisins til þess að koma því máli í framkvæmd. Við sjáum hins vegar, ef miðað er við sama mark eins og hitt lánið, varðandi landbúnaðinn, að þá er allt annað uppi á teningnum, og ég gagnrýndi það aðallega viðkomandi landbúnaðinum, að umræddar upplýsingar liggja ekki fyrir. En gagnvart landbúnaðinum er í þessum efnum miðað við það, sem hæstv. ríkisstj. telur þörf fyrir þann atvinnuveg. Gagnvart iðnaðinum er hins vegar miðað við upphæð, sem gert er ráð fyrir í öðru frv., en yrði aðeins hluti af því fé, sem þar er ætlazt til að reynt yrði að fá handbært til þarfa iðnaðarins, því að um leið og gert er ráð fyrir því í frv. um stofnun iðnbanka, að framlag komi úr ríkissjóði til þeirrar stofnunar, er einnig gert ráð fyrir því, að fram komi fé frá öðrum aðilum til að koma á fót iðnbanka. Í öðru lagi er það gert í trausti þess, að þegar þessi lánastofnun yrði komin upp, þá mundi henni bætast fé annars staðar frá, m. a. sparifé iðnaðarmanna. Enn fremur er ráðgert að efla hana með samvinnu við aðrar lánastofnanir. Það er farið fram á lán til landbúnaðarins á nokkuð öðrum grundvelli en til iðnaðarins, og samanburður þar á stenzt ekki.

Það væri æskilegt, að þessi mál væru rædd og athugun á lánsfjárþörf iðnaðarins lægi fyrir eins og landbúnaðarins, og að það lægi ljóst fyrir, hver raunveruleg þörf þessara atvinnuvega er fyrir stofn- og rekstrarlán.

Ég efast ekki um nauðsyn þess, að hægt sé að halda áfram nauðsynlegum byggingar- og ræktunarframkvæmdum í sveitum, og hve nauðsynlegt það er að koma upp sómasamlegum byggingum. En það þarf víðar að byggja, og fjmrh. hefur e. t. v. orðið þess var, að minnzt hefur verið á það í Tímanum, að byggja þyrfti yfir húsnæðisleysingja Reykjavíkur. En það hefur reynzt örðugt að fullnægja þörfum að því leyti, þar sem ekki hefur verið nema ein lánastofnun, sem veitt hefur lán í því skyni, þó að nokkuð rættist úr því með gengisbreytingarlögunum, þar sem því byggingarfélagi áskotnaðist nokkur hluti af gengishagnaðinum. En landbúnaðinum áskotnaðist einnig sinn bróðurpartur af þeim hagnaði, hvort sem hann hefur verið látinn ganga til bygginga í sveitum landsins.

Mér skilst, að ástandið sé nú þannig, að byggingarsjóður verkamannabústaða sé uppurinn, og þá mun ekki í annað hús að venda en til opinberra stofnana og þess, sem kann að fást frá lífeyrissjóði. Og ég tel vert að vekja athygli á því, þegar þessi mál eru rædd, hvað opinberir starfsmenn ríkisins hafa betri aðstöðu til að koma þaki yfir höfuðið en aðrar stéttir þjóðfélagsins. Ég er með því ekki að telja það eftir, það er í sjálfu sér mjög virðingarvert, að þeim sé gert það kleift með veitingum úr lífeyrissjóði, en það eru ekki allar stéttir þjóðfélagsins, sem njóta þessara hlunninda, og ég tel ástæðu til að minnast á þetta um leið og talað er um byggingar í sveitum, og er það ekki gert til þess að afflytja byggingar þar, og það er áreiðanlega ekki hægt að saka ráðamenn Reykjavíkur um skilningsleysi á því. Ráðamenn Reykjavíkur eiga við mikla erfiðleika að stríða sakir aðstreymis í bæinn, og það væri sannarlega mikils um það vert, að hægt væri að koma jafnvægi á í

þessum efnum og skapa skilyrði til, að fólk sækti heldur annað.

Það eru nú þegar komnar fram óskir um lán til Sogs og Laxár, og það var gert á þeim grundvelli, að þær stóru rafveitur yrðu að sitja í fyrirrúmi ásamt áburðarverksmiðjunni. Og hvernig mundi vera, ef þessum rafveitum hefði ekki verið séð fyrir erlendum lánum? Ég segi þetta nú, af því að þá var ekki talið, að þörf væri á lánum til landbúnaðarins, sem nú er þó verið að ræða um. Og þá voru ekki komnar fram kröfur um að keppa við Sogs- og Laxárvirkjunina, — eða hvernig stendur á, að þessar kröfur voru ekki látnar koma fram þá, eða hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir vegna virkjananna? Ég tel, að það sé nauðsynlegt að vita þetta, því að ef það eru settar fram kröfur, þá er nauðsynlegt, að þær kröfur séu rökstuddar. Og það munu margar atvinnugreinar vera, sem þarfnast ekki síður lánsfjár. Hvað er t. d. um sementsverksmiðjuna? Hvað hefur ríkisstj. gert til að útvega henni lán? Hún mun vera ein þeirra stofnana, sem menn munu almennt vera sammála um, að lán ætti að taka til að koma á fót. En mér er ekki kunnugt um, hvað gert hefur verið til þess.

Í sambandi við það, að ekki eigi að taka erlend lán til annarra atvinnutækja en þeirra, sem eru gjaldeyrisskapandi, og það, sem hv. 8. landsk. þm. og hv. þm. Hafnf. sögðu, að veita ætti lán til iðnaðarins alveg út í loftið, og að því er mátti skilja, þá töldu þeir engin tæki gjaldeyrisskapandi nema togarana, skal ég benda á það, sem vitað er, að ef við hefðum engan landbúnað, þyrftum við að kaupa stórkostlega landbúnaðarvörur frá útlöndum, svo að í raun og veru skapar landbúnaðurinn verulegan gjaldeyri fyrir þjóðina. Mér finnst, að það hafi ekki komið nógu skýrt fram, að bæði landbúnaðurinn og iðnaðurinn eru gjaldeyrisskapandi fyrir þjóðina. Og ég vil vekja athygli á því, sem Páll S. Pálsson, formaður íslenzkra iðnrekenda, hefur upplýst, að áburðar- og sementsverksmiðjan munu kosta um einni milljón minna í erlendum gjaldeyri en hinir 10 nýju togarar. Eftir athugunum á rekstrarafkomu þessara 10 nýju togara er gert ráð fyrir, að þeir muni skila 23 millj. kr. gjaldeyrishagnaði á ári. En eftir kaupum okkar á áburði og sementi undanfarið má gera ráð fyrir, að spara hefði mátt 35 millj. árlega í erlendum gjaldeyri með því að kaupa áburðarverksmiðjuna og sementsverksmiðjuna áður. Það er ástæða til fyrir þá menn, sem telja, að iðnaðurinn sé ekki gjaldeyrisskapandi, að athuga þetta.

Ég óska þess ekki, að talið verði, að ég sé hér að draga taum einnar stéttar af andúð á landbúnaðinum, en ég vil láta þetta sjónarmið koma fram, áður en málið fer til n. Og ég vil vekja athygli á því, að nál. getur orðið miklu betur uppbyggt, ef málið er sem bezt upplýst, áður en n. fær það til athugunar.

Það kann að vera, að ýmsar af skoðunum mínum í þessu máli stafi af því, hvað ég sé fákunnandi um þau, eða í öðru lagi af því, að ekki séu öll kurl komin til grafar og geti málið orðið betur upplýst enn.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 5. þm. Reykv. Honum fannst skorta upplýsingar um lánsfjárþörf landbúnaðarins. Það hafa nú þegar verið sendar til fjvn. upplýsingar um þetta mál, og það er ekki nema sjálfsagt, að menn fái sem mestar upplýsingar um það í einstökum atriðum, og vil ég stuðla að því. Ég hygg, að það upplýsi ástandið nokkuð, að ef ekki er hægt að útvega nýtt lán til Búnaðarbankans, þá verður ekki hjá því komizt að minnka lán stofnlánadeilda hans frá því, sem var á árinu 1950. Ég hygg, að þetta gefi svo glögga mynd af ástandinu, að það ætti ekki að vera þörf að skýra þetta nánar. Það mundi þýða samdrátt í þessum framkvæmdum, ef ekki væri hægt að afla þessara lána. Hvað slíkt mundi þýða fyrir afkomu þjóðarinnar, er óþarfi að taka fram. — Það er sjálfsagt, að allar þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru, komi til fjhn.

Fjárhæð sú, sem hér er ætluð til iðnaðarlána, er miðuð við það, að ríkið búi sig undir að veita aukin lán til iðnaðarins og að ríkið leggi þar fram nokkurn hluta á móti, og verði því safnað innanlands. Ef til vill hefði mátt safna þessu öllu innanlands á löngum tíma, en úr því að farið var á annað borð að taka lán, þá taldi ríkisstj rétt að taka það einnig til þessa atvinnuvegar, og vildi með því sýna, að hún hefur engan hug á því að gera hinum ýmsu stéttum þjóðfélagsins misjafnlega hátt undir höfði.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Allmikið hefur verið um þetta frv. rætt og það mikið gagnrýnt af hv. 8. landsk. og hv. þm. Hafnf. Þarf engu að bæta við þeirra rök, og skal ég ekki endurtaka það, sem þeir hafa þegar sagt. — En að einu atriði finnst mér ekki hafa verið vikið svo sem ástæða væri til.

Meginmunur er á erlendri lántöku til togarakaupanna annars vegar og lána til landbúnaðar og iðnaðar hins vegar. En þessar 43 millj. eiga sumpart að ganga til togaranna nýju og sumpart til landbúnaðar og iðnaðar. Á þessu er frá fjármálalegu sjónarmiði séð mikill eðlismunur. Í fyrsta lagi er að geta þess, að af þeim 25 millj., sem fara eiga til togarakaupa, fara 16 millj. til endurgreiðslu á gömlu láni, og er því aðeins um 9 millj. kr. nýtt lán til þeirra að ræða. Hinn hluti lánsins fer til landbúnaðar og iðnaðar. Um togarakaupin er það að segja, að þar er um að ræða kaup á gjaldeyrisskapandi tækjum, sem enginn ágreiningur mun vera um, að rétt sé að kaupa.

Hvað snertir erlenda lánið til framkvæmda í þágu landbúnaðarins, þá skiptir meginmáli, hvort nota á þetta erlenda lán til þess eingöngu að greiða erlendan kostnað, eða hvort það á líka að standa undir innlendum kostnaði, þar á meðal vinnulaunum við framkvæmdirnar.

Svo að ég víki að iðnaðarláninu, þá liggja engar upplýsingar fyrir um það, til hvers á að nota það fé. En engri ríkisstj. er stætt á að fara fram á heimild til slíkrar lántöku án þess að gera grein fyrir því, hvort um stofnlán eða rekstrarlán sé að ræða. Það hefur svo ólík áhrif, að upplýsingar um það verða að liggja fyrir.

Að því er snertir landbúnaðarlánið er mjög hliðstæðra spurninga að spyrja. Í fyrsta lagi: Eiga þessi lán að ganga til ræktunarsjóðs eða byggingarsjóðs? Það hlýtur að skipta nokkru máli, hvor deild Búnaðarbankans á að fá féð og hvernig því

á að verja. En hitt skiptir þó meginmáli, og á það legg ég höfuðáherzlu: Á fé ð einungis að nota til að greiða erlendan kostnað, eða á það að nota einnig til að greiða innlendan kostnað? Og ég skal nú fara fáeinum orðum um þýðingu þess, hvor leiðin farin yrði.

Ef lánið á að nota til að greiða bæði erlendan og innlendan kostnað, þá verður að nota afganginn af þeim erlenda gjaldeyri, sem fæst, til að kaupa og flytja inn neyzluvörur, ef verðbólga á ekki að aukast. Það er augljóst, að nota verður helming lánsins til að kaupa fyrir neyzluvörur til að mæta þeirri auknu kaupgetu, sem framkvæmdirnar hafa í för með sér. Verði ekkert af láninu notað til að mæta hinni auknu eftirspurn eftir neyzluvörum innanlands, er augljóst mál, að slíkt hlýtur að leiða til verðbólgu, sakir aukinnar kaupgetu. — Þá er það hinn möguleikinn, að ætlunin sé að nota þetta allt til að mæta erlendum kostnaði við framkvæmdirnar. Sé það svo, verður að vera til fé innanlands til þess að greiða innlendan kostnað, svo sem vinnulaun, og eins og nú er ástatt, er það ekki hægt nema með aukinni lánsfjárþenslu og þar af leiðandi aukinni verðbólgu, nema tilætlunin sé sú, að draga jafnmikið úr framkvæmdum á öðrum sviðum, t. d. byggingum í bæjunum. Að vísu má benda á tvennt, sem draga mundi úr verðbólguáhrifunum. Þ. e. að bændur vinni svo mikið að framkvæmdum sínum sjálfir, og að lántakan verði til að bæta úr atvinnuleysi, svo að þar notist vinnuafl, sem annars væri látið ónotað, en ég tel, að atvinnuleysinu eigi að útrýma með því að taka í notkun þau atvinnutæki, sem til eru og ónotuð, t. d. hraðfrystihúsin.

Þótt óskýrt hafi verið um það talað, hefur mér skilizt, að tilætlunin sé að fara hina síðari leið, þ. e. að nota 18 millj. allar aðeins til að greiða erlenda kostnaðinn, en ég hef sýnt fram á, að afleiðingin af þeirri ráðstöfun mundi væntanlega vera aukin verðbólga, meiri kaupgeta án aukins vöruframboðs. Slíkt er í ósamræmi við yfirlýsta stefnu núv. ríkisstj. Ég vil í þessu sambandi einnig minna á það ákvæði gengislækkunarlaganna, að nota skuli hagnaðinn af gengislækkuninni til lánveitinga. Það var alveg hliðstæð ráðstöfun. Erlendir fjármálasérfræðingar ýmsir munu hafa orðið forviða á þeirri ráðstöfun, enda mun hún vera einsdæmi, a. m. k. í nálægum löndum, og ég hygg, að erlendir sérfræðingar muni ekki síður reka upp stór augu, ef nota á allt það fé, sem hér er um að ræða, til að greiða erlenda kostnaðinn, án sérstakra ráðstafana innanlands. En ef ekki á að nota allt lánið til að greiða erlenda kostnaðinn, þá er í rauninni verið að taka lán til neyzluvörukaupa. Ég skal ekki eyða mörgum orðum að því, að hér er röng stefna á ferðinni og varhugaverð, en sem betur fer ný. — Ef þetta frv. verður samþ., hlýtur það að kalla á önnur frv. hliðstæð þessu, og þar munu koma fram kröfur um erlendar lántökur til framkvæmda, sem ekki þykja síður nauðsynlegar en þessar.

Þessu frv. hér hefur ekki verið andmælt af mér né alþýðuflokksþingmönnum vegna þess, að við höfum vantrú á landbúnaðinum. Það er síður en svo. En við viljum hins vegar vara við því að taka erlend lán til framkvæmda, bæði í landbúnaðinum og öðrum atvinnugreinum, þegar aðstæður eru eins og þær eru nú í dag. Skuldasöfnun er alltaf varhugaverð og ekki sízt, þegar hætta er á að hún hafi óheilbrigð áhrif á fjármálakerfið innanlands.

Hæstv. fjmrh. lét þess getið í næstsíðustu ræðu sinni, að úr fjárskortinum til framkvæmda væri nú ekki hægt að bæta nema með erlendri lántöku. Þetta væri því aðeins rétt, að til væri í landinu ónotað vinnuafl og fjármagn, sem ekki væri hægt að nota nema með því að taka erlent lán, en slíkt ástand er alls ekki hér fyrir hendi, og þess vegna hafa hinar erlendu lántökur verðbólguáhrif, ef þær eru notaðar til þess að flytja inn fjárfestingarvörur. Lánið hefur enn fremur verið réttlætt með því, að auka megi fjárfestinguna í landbúnaðinum, og eftirspurnin eftir lánum í Búnaðarbankanum sé mjög mikil. Lánsfjárþörf landbúnaðarins sé sérstaklega mikil. Auðvitað er þörfin mikil, en við verðum að gera okkur ljóst, að benda má á mikla fjárþörf á fjöldamörgum fleiri sviðum. Ég nefni t. d. húsnæðismál bæjanna. Húsnæðisskorturinn hér í Reykjavík er ægilegur, og á bænum er á þessu sviði smánarblettur, sem þvo verður af sem fyrst, þ. e. braggarnir. Það er því lítill vandi að benda á verkefni, sem hægt væri að nota lánsfé til að leysa. Varðandi hitt atriðið, að eftirspurnin eftir lánum í Búnaðarbankanum sé mikil, þá er það bein afleiðing af þeirri vaxtapólitík, sem Búnaðarbankinn rekur — að lána út með vöxtum, sem eru 2% og 2½% — og það þarf því engan að undra, þótt eftirspurnin eftir slíkum lánum sé mikil. Það mætti lengi halda áfram að taka erlend lán og lána hér innanlands, ef bjóða á þau með slíkum kjörum. Þessi vaxtapólitík hlýtur því að þýða skömmtun á lánsfé, og öll skömmtun er erfið, en menn verða að taka því. — Ég vildi í þessu sambandi gjarnan spyrja, hversu mikið af *starfsfé* Búnaðarbankans er bundið í landbúnaðinum og hversu mikið í öðru. Það verður ekki séð á reikningum Búnaðarbankans, hvernig lánsfénu er skipt, og væri það þó æskilegt. Niðurstaða mín varðandi lántökuna er sú, að hér er um tvo möguleika að ræða: 1) Að nota lánið til greiðslu á erlendum og innlendum kostnaði. Það verður þá að vera sumpart neyzluvörulán, ef lántakan á ekki að hafa nokkur verðbólguáhrif. Ef þetta er ætlun hæstv. ríkisstj., þá er að standa við það og játa það. — 2) Ef nota á lánið einungis til greiðslu á erlendum kostnaði, þá verður hér um verðbólguáhrif að ræða, nema gerðar verði sérstakar ráðstafanir til takmörkunar á annarri fjárfestingu innanlands. Ég vil að vísu biðja menn að skilja ekki orð mín svo, að ég álíti, að hér sé um einhver ósköp að ræða, því að þetta er auðvitað ekki mikið fé. En stefnan er í eðli sínu jafnröng fyrir það. Það var að halda á ranga braut, þegar hagnaðinum af gjaldeyriseign bankanna við gengislækkunina var varið til lánveitinga. Og nú á að stíga annað sporið á þessari röngu braut. Ef hæstv. ríkisstj. helzt þetta uppi, getur svo farið, að hún stígi þriðja sporið, — og það spor verði stærst og verst.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér áður til umræðu, hafði ég kvatt mér hljóðs út af ummælum hæstv. fjmrh. um ræður, sem ég og hv. þm. Hafnf. fluttum hér áður. Nú í millitíðinni hefur hv. 3. landsk. tekið ýmislegt fram af því, sem ég hefði annars viljað segja,

og get ég því þess vegna stytt ræðu mína að mun. Ég hlýt þó að fara nokkrum orðum um ræðu þá, sem hæstv. fjmrh. flutti, þar sem hann svaraði mér og hv. þm. Hafnf.

Hæstv. ráðh. sagði í fyrsta lagi, að við og okkar flokkur hefðum verið ósparir á að veita samþykki okkar til að taka erlend lán, t. d. Marshalllánið. Það er rétt, að sú stjórn, sem þá sat að völdum, kom sér saman um að taka lán til vissra framkvæmda. Sú stjórn gerði um leið áætlanir, á hvern hátt bezt væri að ráðstafa þessu fé, sem tekið væri að láni. Sú áætlun, sem þá var gengið frá, náði alllangt fram í tímann, og m. a. var þá komið áleiðis þýðingarmiklum fyrirtækjum, svo sem áburðarverksmiðjunni og fleirum. Varðandi Marshalllánið þá er ólíku saman að jafna og svo hins vegar þessi lántaka. Það er alkunnugt, að Marshalllánið var fengið með mjög góðum kjörum, lágum vöxtum og afborgunarlaust fyrstu árin. Og mér skildist á hæstv. fjmrh., að ríkisstj. hefði enn enga vissu fyrir því, að hægt verði að fá það lán, sem hún leitar eftir. Ég geri þó frekar ráð fyrir, að leitað verði til Stóra-Bretlands í þessu skyni. Maður veit ekki, hvernig það muni ganga, þó að þar hafi fengizt lán vegna þeirra togara, sem þar hafa verið smíðaðir og þá beinlínis fyrir atgöngu skipasmíðastöðvanna, t. d. munu Norðmenn hafa samið um lán í Englandi í sambandi við byggingu verzlunarflota síns, og getur það auðvitað verið góð og gild ástæða, og eins ef nota á lánið til kaupa á togurum eða þvílíkum framleiðslutækjum.

Í öðru lagi sagði hæstv. fjmrh., og það var grunntónninn í ræðu hans, að Alþýðufl. væri andvígur landbúnaðinum og þess vegna andmælti hann þessu frv. Þetta er nú svo ódýr röksemdafærsla, að það tekur vart að svara þessu. — Ég vil þá fyrst benda á, að hv. þm. Hafnf. taldi, að það væri vafasamt að taka þannig lán út í loftið til iðnaðarins, og hið sama á við um lánið til landbúnaðarins, og ég hygg, að enginn geti borið hv. þm. Hafnf. það á brýn, að hann vilji ekki greiða götu iðnaðarins, jafnmikinn áhuga eins og hann hefur sýnt málefnum iðnaðarins — og þó mælir hann gegn þessu frv.

Þá mælti hæstv. ráðh. á þá leið, að það væri sjálfsagt að taka lán til skynsamlegra fyrirtækja. Á þessum ummælum furða ég mig mjög. Ég hafði haldið, að það ætti að stinga fótum við um erlendar lántökur, en nú er talið sjálfsagt að taka lán til allra skynsamlegra fyrirtækja, sem þörf er á. Landið okkar er lítt numið, og við vitum, að við getum ekki stigið öll þau risaskref, sem þarf að stíga, á örstuttum tíma, því að þá mundum við binda mylustein um háls okkar. Við erum lítil þjóð og höfum lítið fjármagn og getum ekki orðið við óskum eða kröfum allra, sem mundu geta rökstutt, að þetta væri þarft eða skynsamlegt fyrirtæki. Hvað eru skynsamleg fyrirtæki? Þau eru víst æðimörg, sem telja mætti upp. Í sambandi við Marshall-áætlunina var talað um þessi stóru fyrirtæki: Sogs- og Laxárvirkjanirnar, síldarverksmiðjur, lýsisherzlustöð, aukinn kaupskipaflota, fiskiðjuver, hraðfrystihús, þurrkví, vélar til landbúnaðarins, vélar til að virkja vatnsaflið, áburðarverksmiðju, sementsverksmiðju, kornmyllu o. s. frv. Þetta eru allt skynsamleg fyrirtæki, og það er ósk allra, að þau komist sem allra fyrst upp, en geta okkar er takmörkuð og við getum ekki fengið allt á skömmum tíma. Ef út á þá braut væri farið að taka lán til allra skynsamlegra framkvæmda, þá yrði það ekki lítið fé. Þörfin fyrir lánsfé í landinu er gevsimikil. Ef t. d. nú á að taka erlent lán fyrir stofnlánadeild Búnaðarbankans og annar hluti þess fer til ræktunardeildarinnar, en hinn til húsabyggingardeildarinnar, þá yrði þeim lánum varið til húsabygginga í sveitum. Auðvitað er mikil þörf á húsabyggingum í sveitum, en ég verð að segja það, að það er víðar þörf á húsabyggingum og að sumu leyti ekki minni meðfram strandlengju landsins. Sé það rétt, að leyfa eigi fiárfestingu 300 íbúða hér í Reykjavík, þá er það einu sinni ekki nóg til þess að Reykjavík geti staðið í stað. Svo ör er heimilafiölgun orðin í Reykjavík, að þetta hrvkki vart til að halda í sama horfinu. Það væri því full þörf á að afla fjár til að leggja í íbúðabyggingar bæði í sveit og við sjó. Hvort á nú að taka erlent lán í þessu skyni og er rétt að minnast þess, að lítið var gert að þessu fyrir stríð? Ég hef verið í vafa um þetta af sömu ástæðum og ég hef gagnrýnt þetta frv., — en svo er sagt, að það eigi að taka lán til skynsamlegra fyrirtækia. Það þarf í rauninni ekki að eyða orðum að þessari nýstárlegu kenningu. — Hæstv. fjmrh. segir, að þegar fjárfestingin sé of mikil, geti verið ástæða til að taka lán erlendis og auka með henni fiárfestinguna. Hv. 3. landsk. minntist á þetta atriði, og er ég honum sammála og þarf engu að bæta þar við. — Niðurstaða mín hér er hin sama og var í fyrri ræðu. Þetta er það, sem er varhugavert, og þarf að athuga það gaumgæfilega, eins þegar þetta er til óákveðinna framkvæmda, bæði hvað snertir landbúnaðinn og lánið til iðnaðarins. Þótt annar hluti stofnlánadeildarinnar sé bundinn við ræktun og hinn við húsabyggingar, og síðan 3 milli. kr. lán til iðnaðarins, þá er þetta alveg út í bláinn, — þar sem um óákveðnar framkvæmdir er að ræða. Hér þarf mikla varúð og verður að stinga við fæti. Ég vildi fyrir mitt leyti leggja hæstv. ríkissti. mitt lið til þess að það væri hægt, ef þess væri kostur, að fá fé innanlands til stofnlánadeildar Búnaðarbankans. — Það er nú svo, eins og hæstv. fjmrh. benti á, að hvorki á innlendum markaði né á lánamarkaðinum erlendis, t. d. í Stóra-Bretlandi, er hægt að fá lán með þeim kjörum, sem stofnlánadeild Búnaðarbankans jafnan lánar með til bændanna. Það verður því, eins og um stofnlánin til verkamannabústaðanna, að hafa það svo, að stofnlánadeildin greiði mismuninn á kostnaði þessara lána, vöxtunum, annars vegar, sem greiðast eiga til stofnlánadeildarinnar frá lántakendum, og hins vegar því, sem borgað er af stofnlánadeildinni fyrir lánin, sem hún tekur til rekstrar síns, eftir lögum og reglum, sem um það gilda. Og þó tekið væri lán innanlands með 6% vöxtum til Búnaðarbankans, þá yrði að standa undir vaxtamismuninum af þeim sjóðum, sem myndazt hafa, stofnsjóðum. Ég vildi ljá hæstv. ríkissti. mitt lið til þess, að slík lán yrðu tekin innanlands, af því að ég sé mikla þörf á því, þó ég vilji líka benda á, að þörf er á fleiri lánveitingum og þá þar með lántökum innanlands, og kannske ekki minni að mörgu leyti. Því að hvað sem við kemur allri framleiðslu í landinu á vörum, þá er þó kynslóðin, sem er að alast upp á hverjum tíma, sú

dýrmætasta eign þjóðfélagsins. Og ef við þurfum að láta ótal ungbörn og unglinga búa við svo léleg húsakynni, að þessi ungmenni fyrir þær sakir glati að einhverju leyti heilsu sinni og fái minni þroska en ella, þá er lán, sem tekið væri til að koma í veg fyrir slíkt eða bæta úr því, sannarlega lán, sem þjóðinni er þörf á að taka. Og hvort sem þessar slæmu íbúðir eru í sveit eða við sjó, er ástæða til að gera alla gangskör að því, sem unnt er, að bæta úr þessum vandræðum. — Ég væri hæstv. ríkisstj. mjög þakklátur, ef hún vildi reyna að afla meira fjár innanlands í þessu skyni, svo að hægt væri að reisa fleiri ódýrar íbúðir, þar sem mest er þörfin fyrir það hér á landi. En að leita til útlanda í því skyni og binda framtíðinni þá bagga, sem með því væri gert, tel ég ekki viturlegt. Og því hef ég komið fram með þessar aths. við frv. það, sem hér liggur fyrir.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég get verið mjög fáorður, vegna þess að bæði hefur flokksbróðir minn, hv. 3. landsk. þm., og hv. 8. landsk. þm. tekið fram mikið af því, sem ég annars mundi hafa séð ástæðu til að svara hæstv. fjmrh. En ég kvaddi mér hljóðs, þegar hann fór nokkrum orðum um mínar aths. við frv., þegar það var síðast til umr. Sérstaklega kvaddi ég mér hljóðs til þess að mótmæla þeirri aðalfullyrðingu eða eiginlega eina svari hæstv. ráðh. til mín, að þessar aths. væru bornar fram af mér vegna þess að ég væri landbúnaðinum fjandsamlegur. En það er síður en svo sé, að mínar aths. hafi átt á nokkurn hátt rót sína að rekja til þess háttar hugleiðinga. Því að ég hef bent bæði einum og öðrum á það, að ég hika ekki við að fylgja málum þessa atvinnuvegar, þegar hann þarf á að halda, þegar till. um stuðning við hann eru bornar fram með sanngirni og rökum. — Þessi mótmæli vildi ég færa fram gegn ræðu hæstv. fjmrh.

Hins vegar voru í mínum aths. þrjú atriði, sem ég gerði sérstaklega að umtalsefni og hæstv. ráðh. skaut sér að mestu hjá að minnast á í sinni ræðu. Fyrsta atriðið var, að ég teldi þessa ráðstöfun, að taka erlent lán að upphæð 18 millj. kr. samanlagt, ótiltekið til landbúnaðar og iðnaðar, til ótiltekinna framkvæmda, mjög varhugaverða fjármálapólitík, vegna þess að henni fylgdi of mikil áhætta. Ég gerði greinilegan mun á að taka lán til ákveðinna framkvæmda, sem annaðhvort væru gjaldeyrisskapandi eða gjaldeyrissparandi, svo sem togarakaupa, áburðarverksmiðju, raforkuframkvæmda annars vegar og hins vegar til þeirra hluta, sem hér er talað um að taka lán til, sem við vitum ekki, til hvers er, en mun líklega vera til húsbygginga aðallega, og líklega eitthvað til ræktunarframkvæmda. Við vitum, að gjaldeyrisviðskipti okkar á síðustu árum hafa verið þannig, að þau hafa í raun og veru sigið meir og meir á ógæfuhlið, þannig að það hefur orðið halli á gjaldeyrisviðskiptum okkar á undanförnum árum, sem hefur numið tugum millj. og hundruðum millj. kr. á ári. Og þessi halli hefur verið jafnaður á alveg sérstakan hátt nú að undanförnu, með aðstoð Efnahagssamvinnustofnunarinnar. Þess vegna tel ég, og það var aðalatriðið í mínu máli, að það mætti ekki auka á þessar greiðslur okkar í vöxtum og afborgunum til útlanda, nema því aðeins, að stofnað væri með slíkum lánum til þeirra fyrirtækja, sem gætu sjálf staðið undir sér gjaldeyrislega, þannig að lánin gengju til fyrirtækja eins og togaranna, sem gætu árlega aflað miklu meiri gjaldeyris en þarf til þess að standa undir lánunum, sem til þeirra eru fengin, eða hluta — eins og gert hefur verið að undanförnu — eins og hitaveitu Reykjavíkur, sem sparar á hverju ári meiri gjaldeyri í kolum heldur en það, sem þarf að borga af þeim lánum, sem til hennar eru fengin. Sama er að segja um Sogs- og Laxárvirkjunina, sem ákveðið hefur verið að taka erlend lán til. Þessi lán standa þannig undir sér sjálf, að þau spara greiðslur í erlendum gjaldeyri fyrir olíu, sem annars þyrfti til þess að framleiða þessa raforku. En það hefur verið þrjózkazt við að sýna fram á, að þessi lántaka, sem hér er farið fram á að heimila að stofna til, mundi beinlínis verða gjaldeyrissparandi eða auka útflutningsverðmæti okkar. Það hafa að vísu verið látin liggja að því orð, að aukinn landbúnaður gæti orðið til þess, að við gætum flutt út einhverjar vörur, sem hann framleiðir, á erlendan markað. Og það er rétt — innan vissra takmarka. En það hefur ekkert komið fram um það, að einmitt þessi lántaka eigi eða geti verkað á þennan hátt. Hins vegar er ekki heldur við því að búast, ef mikill hluti lántökunnar fer til byggingar íbúðarhúsa í sveitum. En þó að það sé nauðsynlegt, er það ekki gjaldeyrisskapandi í sjálfu sér, og það er líka nauðsyn á byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum. En það út af fyrir sig að byggja íbúðarhús skapar ekki gjaldeyri. Og í augnablikinu höfum við svo mikinn halla á viðskiptareikningi okkar við útlönd, að það er ekki hyggilegt að gera ráðstafanir, sem vitandi vits verða til þess að auka okkar vaxtabyrði og afborgunarbyrði til útlanda, nema því aðeins, að samtímis verði gerðar ráðstafanir til þess að afla gjaldeyris, sem þarf til þess að inna þessar greiðslur af hendi.

Það hefur verið rætt svo mikið um það fordæmi, sem er talið líka, að þetta gæfi, og þá aðra aðila, sem ættu siðferðislega nákvæmlega jafnmikinn rétt eins og þeir, sem að þessu máli standa, að það væri tekið lán þeirra vegna. Og ég vil undirstrika, að það hefur ekkert komið fram enn, sem hnekkt hafi því.

Ég skal svo ekki fara frekar út í að ræða þetta. Það hefur verið allýtarlega rætt og komið fram greinilega sú skoðun hjá mörgum hv. þm., að þeir telji stefnuna, sem í frv. felst, varhugaverða og um of áhættusama. Og ég vil nota þetta tækifæri enn til þess að undirstrika það. Og hér er um að ræða mjög greinilega stefnubreyt. hjá hæstv. ríkisstjórn, þó að hæstv. fjmrh. hafi ekki viljað viðurkenna það. Aðallánið og stærsta lánið, og í raun og veru einu lánin, sem við skuldum við útlönd nú, eru vegna togarakaupa í Englandi og Marshalllánin, sem tekin hafa verið síðan Efnahagssamvinnustofnunin tók til starfa og eingöngu hafa farið til framleiðslutækja og gjaldeyrissparandi hluta. En það er alveg nýtt prinsíp, sem tekið hefur verið upp á þessu þingi, þar sem stofnað er til lántöku þeirrar, sem hér er farið fram á, og þegar stofnað var til lántöku fyrir fjórðungssjúkrahús á Norðurlandi, sem er sett í flokk með þessari lántöku og ég tel nákvæmlega jafnvafasama, — það er hér um að ræða stefnubreyt. hjá hæstv. ríkis-

stj., sem ég tel svo hæpna og varasama, að ég vil ekki láta hjá líða að vara við henni.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég skal nú ekki blanda mér mikið inn í umr. um einstök atriði þessa frv., sem hér hafa farið fram. Þær lántökur, sem um er að ræða í 2. gr. frv., eru miðaðar við þrenns konar framkvæmdir, þ. e. til greiðslu á kostnaði vegna togarakaupa, stærsti hlutinn, 25 millj. kr., og 15 millj. kr. til lána handa Búnaðarbanka Íslands til þess að mæta nauðsynlegri þróun í sveitum landsins í ræktun og húsabyggingum, og loks 3 millj. kr. til iðnaðarmála, sem munu, eftir því sem fram kemur í grg., vera settar í samband við frv., sem hér liggur fyrir um stofnun sérstaks banka fyrir iðnaðinn.

Það er sérstaklega einn liður í þessari lántöku, sem hér er talað um, sem valdið hefur allmiklum umr. — eða a. m. k. hafa verið langmestar umr. um. Og að því leyti sem gagnrýni hefur komið fram við einstaka liði þessa frv., — heildarstefnan hefur líka verið gagnrýnd —, þá hefur sú gagnrýni beinzt að lántökunni til landbúnaðarins. Það var einmitt þetta, sem gaf mér tilefni til þess að segja hér nokkur orð. Því mér finnst, að þessar umr. gefi fullkomlega tilefni til alvarlegrar íhugunar þess, að mönnum sést alvarlega yfir eða þeir hafa ekki gert sér grein fyrir, hvert stefnir í atvinnuþróuninni hjá okkur Íslendingum nú. Íslendingar hafa frá öndverðu byggt tilveru sína á tveimur aðalatvinnuvegum, landbúnaði og sjávarútvegi, landbúnaði að langmestu leyti lengi vel fyrst um sinn, en á sjávarútvegi að mjög verulegu leyti nú um langt skeið upp á síðkastið En þessir atvinnuvegir, sem hafa verið máttarstólpar undir atvinnulífi íslenzku þjóðarinnar, hafa verið reknir lengst af sem rányrkjuatvinnuvegir. Landbúnaðurinn var lengi rekinn sem hrein rányrkja hér á landi. Sjávarútvegurinn er enn í dag rekinn sem hrein rányrkja, og sú rányrkja er ekki rekin af Íslendingum einum, heldur líka fjölda útlendinga, sem sækja á hin íslenzku mið, alveg upp í landsteina hér hjá okkur. Því að við erum ákaflega varnarlausir gegn þessari hóflausu og gegndarlausu ásækni útlendinga á miðin hér með hóflausri rányrkju, með þeirri litlu og gagnslitlu landhelgi, sem er hér við strendur landsins. Og stefnir þessi rányrkja nú til hreinnar auðnar í ýmsum mikilvægustu sjóþorpum þessa lands. Því að þannig er komið, t. d. að taka á Vestfjörðum, þar sem voru lengst af um margar aldir einhver aflasælustu fiskimiðin við strendur þessa lands, þegar frá er tekinn Faxaflói og miðin við Vestmannaeyjar, — það er nú komið svo á þessum miðum þarna vestra, að bátaflotinn, sem þar stundar veiðar, hann er hættur að afla. Þar er ekki afli til á þeim miðum, sem hægt væri að stunda veiðar á með þessum bátum. Og það sækir alveg í sama horfið annars staðar við strendur þessa lands, þó að rányrkjan sé ekki búin að eyðileggja þar jafnmikið enn sem komið er, þar sem búið er að gereyðileggja að heita má aðrar fiskislóðir hér við land. Þannig stendur nú þetta. Og við, sem sitjum hér á Alþ., — og allir menn hér í þessu landi, — vitum, hverjar afleiðingar eru af því, að svona er komið fyrir bátaflotanum. A. m. k. helmingur af tíma þeim, sem varið er til setu á Alþ., og af þeim störfum, sem innt eru af hendi hér á Alþ., gengur til þess að gera tilraunir til að ráða fram úr því geigvænlega vandamáli, sem stafar af rányrkjunni, sem framin er á miðunum við strendur landsins.

Í sveitunum aftur á móti hefur orðið gerbreyt. á síðustu árum í þessum efnum. Í staðinn fyrir rányrkju þar hefur verið tekin upp ræktun og það í stórum stíl, enda hefur þetta gerbreytt allri aðstöðu í sveitum þessa lands. Og þó að það sé ekki um langan tíma, ekki nema örlítið brot af sögu þessa lands, sem unnið hefur verið að ræktun á Íslandi, þá er reynslan, sem fengizt hefur af þeirri ræktun, það mikilvæg og þýðingarmikil fyrir þjóðina, að hún spáir vissulega góðu og hefur borgið því, að í sveitum landsins er þó starfað enn þá af fullum krafti af því fólki, sem þar býr. — Þess vegna, þegar litið er á þetta hvort tveggja, viðhorfið um afkomuna til sveita og sjávar, þá undrar það mig svo, að ég get ekki orða bundizt, þegar það ákvæði í þessu frv. er sjáanlega þyrnir í augum manna, að gert er ráð fyrir að taka 15 millj. kr. lán til þess að sinna lánaþörfinni, sem því er samfara að auka ræktun og byggingar sem skilyrði fyrir öruggri og góðri lífsafkomu í sveitum þessa lands — samtímis því, sem grundvöllurinn er að hrynja undan afkomu manna við sjávarsíðuna, eins og sakir standa nú. Þess vegna undrar mig það alveg stórlega, að þessi liður í lántökunni skuli valda slíkum umr. eins og hér hafa orðið um hann, og að gagnrýnin hefur alveg sérstaklega beinzt gegn því, að þarna eigi að fara að taka 15 millj. kr. lán til þess að mæta þörfum manna, sem vilja helga krafta sína því starfi að rækta og byggja upp sveitir þessa lands.

En hvaða ályktanir ber okkur að draga af því ástandi, sem nú er við sjávarsíðuna? Mér skilst, að það liggi alveg opið og ljóst fyrir, að ályktunin verði þessi: Svo framarlega að ekki sé hægt að koma við stórmiklu meiri vörnum en nú er gegn rányrkju á sjónum, þannig að hægt sé að helga til eigin afnota fyrir Íslendinga miklu stærri fiskveiðisvæði við strendur þessa lands og útiloka alla rányrkju þar af hálfu erlendra manna, þá verði þess blátt áfram ekki langt að bíða, að þeir erfiðleikar, sem nú eru upp risnir úti um allar byggðir við sjávarsíðuna og hafa gripið svo um sig, að Alþ. hefur orðið að gera ráðstafanir gegn þeim, þeir hljóti að vaxa hröðum skrefum. Og hvað er það þá, sem Íslendingar hafa að flýja til, þegar svo er komið um annan elzta aðalatvinnuveg landsmanna? Ætli það sé ekki landbúnaðurinn? Hvert eigum við að flýja? Þá væri tvennt fyrir hendi fyrir Íslendinga, annaðhvort að fara upp í sveitina og rækta landið og byggja þar upp nýtt og fjörugt atvinnulíf í sveitum landsins — og það sýnir sú reynsla, sem við höfum af ræktun, að það er vel hægt að gera, — eða þá að lúta að því, sem einu sinni var hlutskipti Íslendinga, þegar engin ræktun var komin hér og engin viðleitni sýnd í því efni, að flýja í aðrar heimsálfur. Íslendingar eiga ekki nema þessi tvenn úrræði, ef sjórinn bregzt, annaðhvort að rækta landið og fá lífvænlega atvinnu fyrir Íslendinga í sambandi við ræktunina eða þá að gefast upp. En það er vitanlega fullkomin uppgjöf að flýja land sökum úrræðaleysis. Við höfum reynt að bæta úr versnandi ástandi við

sjávarsíðuna með því að fá okkur öflugri tæki, sem eru togaraflotinn. Það er alveg rétt. En með því aukum við auðvitað að sama skapi rányrkjuna. Því að það er vitað, að togararnir eru langstærstu og stórvirkustu rányrkjutækin á sjónum, sem nú er beitt.

Nei, framtíð Íslendinga liggur til landsins — alveg áreiðanlega. Og það er líka hollt og gott. Og þó að ekki fari eins illa við sjávarsíðuna og ég hef nú brugðið upp mynd af, — og við skulum vona, að við getum komið þar einhverjum vörnum við, t. d. með því að helga okkur stærri veiðisvæði við strendur landsins heldur en við nú höfum ráð á, — þá er það eigi að síður eitthvert mesta öryggi, sem Íslendingar geta veitt sér vegna framtíðarinnar, að rækta landið og efla aðstöðuna til atvinnu í sveitum landsins. Og það er ekki nokkur vafi á því, að þó að svo hafi verið nú um skeið, sem stafar af sérstökum ástæðum, að Íslendingar hafa ekki verið stórtækari með þátttöku sveitanna í að leggja til útflutningsframleiðslu, þá liggja til þess ýmsar ástæður, að svo hefur verið. Hér hafa geisað yfir landið fjárpestir, sem lagt hafa í auðn sauðfjárbúskap á stórum svæðum hér á landi, og við erum að reyna að vinna bug á þessum fjárpestum og reisa við okkar gamla atvinnuveg, sauðfjárframleiðsluna. Og við skulum vona, að það takist. Því að þegar við getum sameinað þau gæði þessa lands, sem henta sauðfjárframleiðslunni, með því að geta tekið í ræktun nóg land til vetrarfóðurs sauðfénu og svo notað hin víðlendu og kjarngóðu afréttarlönd þessa lands til sumarbeitarinnar, þá er kominn grundvöllur ekki aðeins til þess að framleiða með sauðfjárbúskapnum matföng handa þjóðinni sjálfri, heldur líka til þess að skapa með þeirri atvinnugrein mikla útflutningsframleiðslu til þess að kaupa fyrir erlendar nauðsynjar handa þjóðinni. Þetta skulu menn fullkomlega gera sér ljóst.

Nú er svo komið, að ekki nema einn þriðji hluti þjóðarinnar lifir í sveitum landsins, en tveir þriðju hlutar hennar búa í kaupstöðum og kauptúnum, og þar af er einn þriðji hluti allra landsmanna kominn saman hér í Reykjavík einni. Ég álít ekki, að við séum komnir á tryggt afkomustig fjárhagslega, fyrr en það er tryggt, að a. m. k. helmingur þjóðarinnar á fast aðsetur í sveitum þessa lands. Það eru þar líka skilyrði til þess fyrir hendi, með aukinni ræktun og hagnýtingu fossaafls þess og jarðhita, sem við eigum hér og við kunnum enn ekki að meta, hvers virði er. Og ég er ekki í vafa um, að það er hægt að skapa fleiri mönnum en helmingi þjóðarinnar, sem nú er að fólksfjölda til, afkomuskilyrði í sveitum landsins. — Þess vegna stakk það mig dálítið, þegar hv. þm. Hafnf. hér í sinni ræðu vildi ekki gera neinn mun á því, hvort fé væri lagt í húsbyggingar uppi í sveit eða í kaupstöðum landsins, eins og nú horfir við. — Hvað skyldu vera margir hér í Reykjavík, sem vinna að sjávarútvegi? Iðnaðurinn er ung og mikilsverð atvinnugrein. En enn hefur sá atvinnuvegur ekki lagt til neitt sem heitir af útflutningsvörum. Það getur vel rekið að því, að svo gæti orðið. En enn sem komið er er það ekki. Með húsabyggingum í sveitum er tryggð framleiðsla, ekki aðeins framleiðsla til eigin nota í landinu, heldur líka framleiðsla útflutningsvara. Hvert einasta hús, sem reist er í sveit, er byggt á ræktun og framleiðslu bænda til eigin nota í landinu og til útflutnings, en í kaupstöðum er ekki hægt að segja þetta í sama mæli, nema að því leyti sem snertir afnot þeirra húsa, sem beinlínis eru runnin af sjávarútvegsframleiðslu, og ég veit, að það er ákaflega mikið vandamál, sem við eigum við að stríða, þegar verður að því snúið og byrjað að gefa því gaum, að framtíð Íslands er í sveitum landsins. — Þá er það ákaflega mikið, sem búið er að binda víðs vegar, fyrst og fremst í Reykjavík, af fé í húsbyggingum yfir fólk, sem ekki tekur nema að litlu leyti þátt í þessum undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar. Ég er ekki að líta smáum augum á störf þessara manna og viðurkenni allt, sem vel er unnið, en það byggist á því, að við getum haldið uppi okkar framleiðslu til sjávar og sveita, því að þar fáum við hitann úr. Ég lít svo á, að með því viðhorfi, sem nú er, sé ekki verkefni fyrir fleira fólk, hvorki í Reykjavík né í kaupstöðum annars staðar, og það, sem verra er, ekki einu sinni fyrir það fólk, sem nú er til, því að við heyrum daglega, að nú ber mjög mikið á atvinnuleysi, svoleiðis að fólkið fær ekki vinnu til þess að framfleyta sér og sínum. Það fólk, sem setur sig niður uppi í sveitum, sinnir sínum störfum þar og ber það úr býtum, sem því tekst að framleiða úr skauti náttúrunnar eftir þeim leiðum, sem nú er unnið að í sveitum landsins með ræktun og hagnýtingu ýmissa hjálparmeðala, svo sem rafmagns og jarðhita, og svo náttúrlega með því að tileinka sér þá erlendu tækni, sem fyrir hendi er, eftir því sem við verður komið. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, því að mér fannst vera gefið tilefni til þess í umr., að á þessu væri vakin athygli, svoleiðis að við verðum nú, bæði hver einstaklingur með sínu starfi og sinni ráðdeild og það opinbera, sem hefur tekið allmikið af fjárráðum þjóðarinnar í sínar hendur, að fara að beita fjármagninu miklu meira en nú er gert til þess að tryggja fólkinu afkomu í sveitum landsins. Við náttúrlega sláum ekki slöku við að hagnýta gæði sjávarins, eftir því sem hægt er, en ef við rennum augunum yfir þá erfiðleika, sem þar blasa við, þá gefa þeir okkur bendingu um, að við verðum að grípa til annarra ráðstafana til þess að tryggja afkomu okkar og öryggi í framtíðinni, — það er fólkið og gróðurmáttur íslenzkrar moldar.

Umr. frestað.

Á 70. fundi í Nd., 16. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hafði í fyrri ræðu minni um þetta mál gert nokkrar fyrirspurnir til hæstv. fjmrh., og hann hefur nú í ræðu sinni svarað nokkrum þeirra, en þó ekki nema hluta af þeim. Ef hann gæti nú verið hér viðstaddur, vildi ég árétta nokkuð spurningar mínar, því að það væri mjög æskilegt, ef þetta frv. á að fá skjóta afgreiðslu í nefnd, að málið lægi ljósar fyrir í heild, hver væri raunverulegur tilgangur ríkisstj. með frv. og að hve miklu leyti þær aths., sem hér hafa komið fram við það, væru á rökum reistar. Hæstv. fjmrh. ræddi nokkuð mikið, eins og oft áður, um lánsfjárþenslu og verðbólgu í sambandi við þetta frv. Þó talaði hann ekki eins skorinort um þau mál og oft áður, og það var eins og hann

hefði hugboð um, að með ráðstöfunum sínum og hæstv. ríkisstj. væri nú verið að sigla nokkuð nærri þeim skerjum, sem hann og hans flokkur hafa sífellt varað þjóðina við að undanförnu. Með því sé hann nú að draga þjóðina fram fyrir þann draug, sem hann hefur áður vakið upp og reynt að særa fyrir þjóðinni. Það er rétt að geta þess strax, að þegar rætt er um þessi mál, þá verðum við að minnast þess, án þess þó að gera lítið úr nauðsyn þess að forðast lánsfjárþensluna og verðbólguna, að þær eru ekki það versta, sem komið getur fyrir þjóðina. Ef ómögulegt er að bæta úr neyð fólksins, koma í veg fyrir atvinnuleysi eða minnkun framleiðslunnar, án þess að komi til verðbólgu og lánsfjárþenslu, þá er ekki ástæða til að óttast tilkomu þeirra. Því er rétt að ræða ekki um þær einvörðungu frá því sjónarmiði, hvaða illar afleiðingar þær hafi í för með sér. Við verðum ætíð að hafa það fyrir auga, að takmarkið er að bæta úr þörfum fólksins, sjá því fyrir atvinnu, fæðu og klæðnaði, og þessar þarfir verða því að ganga fyrir öllu öðru, og ef engin leið er til þess að ná þessu takmarki öðruvísi en stofna til aukinnar verðbólgu og lánsfjárþenslu, þá verður að berjast áfram á þann hátt. Ef um velferð manna annars vegar og gildi peninganna hins vegar er að ræða, þá verða peningarnir að víkja. Þetta vil ég leggja áherzlu á, því að þetta eru þær forsendur, sem ég byggi mín rök á í þessu máli.

Hæstv. fjmrh. sagði, að lánsfjárþenslan væri nú svo mikil í landinu, að það væri ekki á hana bætandi. Í grg. fyrir frv. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Það væri mikið áfall fyrir þjóðina, ef nú þyrfti að minnka lánveitingar til slíkra framkvæmda í landbúnaðinum og þar með draga stórkostlega úr þeim.“ — Með öðrum orðum: Ráðh. heldur því fram, að lánsfjárþenslan sé nú þannig, að ekki sé á hana bætandi, en um leið segir hann, að það mundi vera mikið áfall fyrir þjóðina, ef landbúnaðurinn fengi ekki 15 millj. kr. til framkvæmda. Síðan segir hæstv. ráðh., að fjárfestingin hafi verið svo mikil síðustu ár, að hún geti ekki aukizt, en þó yrði landbúnaðurinn að fá þessar 15 millj. til framkvæmda. M. ö. o.: Það á að draga úr fjárfestingunni í öðrum atvinnugreinum. En hann hefur ekki upplýst það hér, hvar eigi að draga úr. Hins vegar heyrðum við það frá öðrum ráðh., hæstv. landbrh., að það ætti að auka fjárfestinguna á næsta ári, og heyrðist mér hann tala um það með kvíða, að áætlað væri, að hún yrði um 520 millj. á þessu ári. Ég vil nú spyrja hæstv. fjmrh.: Ef hann álítur fjárfestinguna hafa verið of mikla, hvað hefur hann þá gert til þess að minnka hana? Hvar á að draga úr henni, svo að skapist bil fyrir fyrirhugaða fjárfestingu í landbúnaðinum? Mér virðist því, að hæstv. ráðh. komist í algera mótsögn við sjálfan sig, er hann segir í öðru orðinu, að fjárfestingin sé of mikil og lánsfjárþensla og verðbólga megi ekki aukast, en í hinu, að það sé voðalegt áfall fyrir þjóðina, ef framkvæmdir í landbúnaðinum verði minnkaðar, — sem ég viðurkenni að er alveg satt. Og hann kemst í þessa mótsögn vegna þess, að landbúnaðurinn kemur við hjartað í honum. Ef til vill er það þó ekki landbúnaðurinn sjálfur, sem hann ber svo mikla ást til, heldur er þarna máske um að ræða umhyggju fyrir velferð hans flokks. Skoðun hæstv. ráðh. er með öðrum orðum: Þó að lánsfjárþenslan sé þegar of mikil, þá væri það mikið áfall fyrir þjóðina, ef hætt yrði við að taka erlent lán til landbúnaðarins. Það kemur þá af því, sem ég sagði áðan, að það eru fleiri hlutir en lánsfjárþenslan, sem taka verður tillit til, er rætt er um mál sem þessi. Og úr því að ráðh. viðurkennir nauðsyn þess að brjóta í bága við lögmálið um sem minnsta lánsfjárþenslu, þegar landbúnaðurinn á í hlut, þá ætti hann líka að koma auga á hana í sambandi við sjávarútveginn og iðnaðinn, þegar um er að ræða nákvæmlega sömu þörf hjá þessum atvinnuvegum fyrir lánsfé. M. ö. o.: Ef þjóðin hefur einhvern möguleika á því, þá ræðst hún í meiri framkvæmdir á öllum sviðum atvinnulífsins en hún hefur efni á, enda þótt það brjóti í bága við lögmálið um lánsfjárþensluna. Ég vildi benda á þetta, að það, sem ráðh. sagði í ræðu sinni, stangast mjög á við það, sem stendur í grg. En svo kom hann að seðlaveltu Landsbankans og sagði, að ríkisstj. teldi ekki fært að auka hana. Nú vildi ég spyrja hæstv. ráðh.: Ef tekið verður 15 millj. kr. lán og Landsbankinn látinn hafa það gegn því, að hann greiði Búnaðarbankanum 15 millj. kr. í íslenzkum seðlum, hvað á landsbankastjórnin þá að gera? Á hún að draga inn lánsfé frá öðrum atvinnugreinum, svo að landbúnaðurinn geti fengið þessar 15 millj. til sinna þarfa? Það eru stór fyrirtæki hér í Reykjavík, sem eru að stöðvast núna þessa dagana vegna lánsfjárskorts, og þau fá ekki einu sinni lán til þess að halda uppi eðlilegri starfsemi. Nú vildi ég spyrja hæstv. ráðh.: Er meiningin að taka þessar 15 millj. kr. úr veltunni frá sjávarútveginum og iðnaðinum og lána þær til landbúnaðarins? Ef svo er, þá eigum við kröfu á að fá upplýsingar um það nú, hvar eigi að draga úr lánastarfseminni og hvort meiningin sé að loka mörgum fyrirtækjum hér í bænum. Og ég trúi ekki, að það sé meining hæstv. ríkisstj., heldur mun fyrirætlunin sú, að auka lánveitingar sem nemur þessum 15 millj. króna. Hæstv. ráðh. segir svo, að nú sé svo komið, að það sé ekki fært að auka seðlaveltuna, nema erlent fé komi á móti. Nú sé ég ekki betur en það komi alveg í sama stað niður hvað lánsfjárþensluna snertir, hvort erlent fé er fengið til að standa á bak við aukningu seðlaveltunnar eða ekki. Það er hægt að gera ýmislegt við þessar 15 millj. af erlendum gjaldeyri, t. d. láta þær liggja erlendis. Ég held því, að það verði ekki komizt hjá því að álíta, að hæstv. ráðh. sé þarna kominn í algera mótsögn við sjálfan sig viðvíkjandi kenningum sínum um lánsfjárþenslu og verðbólgu, og hann komst í þessa mótsögn vegna ástar sinnar á landbúnaðinum. Og því er þessi afstaða hans máske skiljanleg, því að það er einmitt baráttan fyrir því að geta aukið auðsköpun okkar þjóðar, barátta, sem hefur haft einn tiltölulega smáan galla samanborið við kostina, sem sé þann, að auka verðbólgu og lánsfjárþenslu. Ég held því, að ráðh. verði að gera það upp við sig, hvaða fjármálapólitík hann ætlast til að verði rekin. Það er enginn efi á því, að íslenzku atvinnuvegirnir þurfa meira lánsfé en þeir hafa nú fengið að undanförnu, og íslenzku þjóðinni er það nauðsynlegt, að gerðar verði tafarlausar ráðstafanir til þess að auka lánveitingarnar. Það er ekki hægt að breyta út frá tveim sjónarmiðum í því sambandi, og við verðum að gera það

upp við okkur, hvaða stefnu við ætlum að taka. Hæstv. ráðh. segir, að það sé í lagi að taka erlent lán og auka með því lánsfjárþensluna hér heima. Ég vil vekja athygli hans á því í þessu sambandi, að þegar hann gengur út frá réttmæti þess, þá gerir hann það út frá lögum Landsbankans, sem kveða svo á, að það megi því aðeins gefa út seðla, að þeir séu tryggðir með gulli eða verðbréfum. Mér virðist það undarlegt, ef fara á að auka við seðlaveltuna hér heima, að þá verði gengið út frá þessari reglu. Það er alveg öfug regla við þá, sem gengið hefur verið út frá hingað til á Íslandi. Þegar landsbankalögin voru sett og ákvæði um það, að seðlarnir skyldu vera tryggðir í erlendum gjaldeyri og gulli, þá var gengið út frá friálsum alþjóðaviðskiptum. Það var gengið út frá því, að íslenzka myntin væri gjaldgeng í öðrum löndum og seljanleg á frjálsum heimsmarkaði. Lögin voru ekki miðuð við krepputíma eða ætlað að gilda á þeim tímum, er við girtum okkar land af. Þetta er ástand, sem hér hefur ekki ríkt í ein 17 ár og aldrei verið um þessa hluti þráttað. Íslenzkir seðlar hafa ekki verið seljanlegir erlendis, og Landsbankinn getur ekki staðið við skuldbindingar sínar hvað þetta snertir. Ef við eigum að fara að taka upp það hagkerfi aftur og að það sé út frá því, sem ráðh. segir óhiákvæmilegt að taka erlent lán, þá þýðir það, að við verðum að láta lögmál þess ráða á öllum sviðum. Það verður þá að leyfa framboði og eftirspurn að njóta sín og treysta síðan á lögmál þess kerfis til að regúlera efnahagslífið. Eðlileg afleiðing af því yrði afnám allra hafta í viðskiptalífinu og sköpun frjáls markaðar hér heima. Það er ekki hægt að ganga út frá þessu hagkerfi í dag, en hafa svo annað á morgun. Það er ekki hægt að samþ. eitt frv. með tilliti til þessa og þessa ástands og svo annað með tilliti til hins öfuga. Það væri að sleppa því kontróli, sem ráðh. vill hafa á öðrum sviðum, og kemur sú stefna hans m. a. fram í afstöðu hans til þess, hvort menn eiga að hafa frelsi til að byggja eða ekki. Ég held því, að ef við verðum að ganga út frá þessu lögmáli í dag, þá getum við ekki fylgt öðru á morgun, því að þá fer allt út í vitleysu. Við höfum undanfarin ár verið að reyna að byggja upp eins konar áætlunarbúskap. 1. liður í 2. gr. laganna um fjárhagsráð átti að tryggja það, að allir skyldu hafa nóga vinnu og öll framleiðslutæki hagnýtt til fullnustu. Ef þessi lög eru lögð til grundvallar, þá er ekki hægt að miða við það hagkerfi, sem landsbankalögin voru grundvölluð á. Allar hugmyndir í áætlunarkerfinu um það, að þjóðin tæki sjálf valdið af þeim, sem réðu framboðinu og eftirspurninni, þýddu að miða við hið mannlega í þessu efni. En þetta kerfi krafðist allsherjar kontróls á efnahagslífinu. Og það, sem hefur gerzt núna, er það, að ríkissti. hefur horfið burt frá því að hagnýta þetta vald til að skipuleggja þjóðfélagið, til að tryggja, að allir hefðu vinnu og öll framleiðsluöfl væru nýtt til fullnustu. Í stað þess hefur hún horfið að því að skipuleggja atvinnuleysi undir því yfirskini, að ef allir hefðu fulla vinnu, þá komi til aukinnar verðbólgu og lánsfjárþenslu. Einmitt eftir að mér varð ljóst, að þessu valdi var beitt af hálfu ríkissti., þá get ég sagt fyrir mitt leyti, að það er betra að afnema þetta kerfi en sjá hugsjónina notaða til að skipuleggja neyð hjá þjóðinni. Það er betra að sjá þetta kerfi afnumið en misnotað svona. Þá er betra að fá allan þann glundroða og þær kreppur, sem fylgja því hagkerfi, sem ég var að lýsa. Það gefur bændum, sjómönnum og verkamönnum tækifæri að berjast innan þessa kerfis og hagnýta þannig fjármagnið til góðs. Hins vegar stendur fólk alveg varnarlaust, ef valdið er í höndum ríkisstj. Ef horfið er frá því að miða við þjóðarþörf og þau lög, sem Landsbanki Íslands byggist á, er ekki nema eðlilegt, að krafa um erlent lánsfé verði gerð af fleirum en hér eiga í hlut. Það getur ekki átt að fara eftir því, hvað pólitísku valdi á Alþingi þóknast að leyfa. Það er ekki sanngjarnt að veita einni stétt lán á sama tíma og aðrar stéttir, t. d. verkamenn, þurfa á nauðsynlegum lánum að halda. Ríkisstj. getur sett takmarkanir á öðrum sviðum, en ef hér á að takmarka við það, að hlutirnir séu arðbærir, getur stór hluti þjóðarinnar heimtað lán. Hins vegar vil ég segja, að ég álít heppilegt, ef hægt er að hafa skipulagt samstarf um þetta.

Hvað viðvíkur þessu láni til landbúnaðarins verð ég að segja, að ég er óhræddur við að taka það lán, ef samtímis því fylgdi stærra lán til aukninga á framleiðslunni. Íslenzka þjóðin getur hagnýtt meira lánsfé og skapað meira en hún gerir. En hún þarf að gera stór átök, ef hún ætlar að tryggja, að staðið sé í skilum á þeim lánum, sem eru fengin. Ef tekið er lán til landbúnaðarins, verður að hugsa um leið um aðrar framleiðslugreinar, sem geta aukið og útvegað gjaldeyri. Ég hef komið inn á þetta áður, og eins og ég benti á, þá er til annar stór möguleiki. Hv. þm. Borgf. hélt hér — víst í gær — fagra ræðu um landbúnaðinn og var að verja frv. með því að segja, að við Íslendingar ættum ekki um nema tvo kosti að velja, eins og nú er komið með togarana, sem er rányrkja og eru að þurrausa okkar mið: 1) að flýja til landbúnaðarins, 2) að flýja af landi burt. — Lýsti hv. þm. trú sinni á landbúnaðinum með fögrum orðum. Ég vil leyfa mér að koma með aths. Ég er sannfærður um, að íslenzkur landbúnaður á sér mjög mikla framtíð, og er viss um, að við eigum eftir að margfalda landbúnaðarframleiðsluna og gera hana fjölbreyttari en hún er nú, og við eigum eftir að rækta öll héruð landsins. Það er ekki nokkur efi á, að landið bíður okkar vitsmuna til að hagnýta auðlindir þess. En ef allir bæir í sveitum tækju að rækta allt það land, sem þeir eiga, og unnið væri að ræktuninni með fullkomnustu vélum, verðum við að gá að því, að afköst fólksins tífaldast og margfaldast frá því, sem nú er. Við skulum gera okkur ljóst, að þótt hundraðfaldist afköstin við landbúnaðinn, er ekki víst, að fjölgi í sveitunum. Kjör þjóðarinnar mundu batna, en fólkinu í sveitunum mundi ekki fjölga, ekki hlutfallslega frá því sem nú er, vegna þess hvað afköstin margfaldast. Þetta þýðir, að við getum ekki flúið til landbúnaðarins. Við getum ekki annað en hagnýtt iðnaðarmöguleikana. Við getum byggt upp stóriðju. Ef unnið er úr Þjórsá einni, þá gefur hún í köfnunarefni meira en allur sjávarútvegur Íslendinga bezta útflutningsárið. Þar eigum við að byggja upp okkar stóriðju. Í fossunum liggur okkar framtíð. Ísland er hentugt til að þar sé sköpuð kemisk stóriðja, ef beitt er hagkvæmum vísindum. Landið er að sumu leyti hart land, þar

er lítið af málmum, en mikil orka. — Þegar rætt er um lántöku til landbúnaðarins, verður að gera sér ljóst, að það þarf einnig að gera stórkostlega aukningu í raforkumálunum. Hefur verið rætt um að ráðast í svo mikla virkjun í sambandi við áburðarverksmiðju, að þar gæti verið unnið til útflutnings. Við erum langt á eftir í raforkumálum. — Það er kannske rétt að minnast á það, að orkuvinnsla úr vatni nam s. l. ár 170 millj. kílóvattstunda, en úr gufu 18 millj., og var kostnaður álíka hjá báðum. Svo mikið mundi það spara erlendan gjaldeyri, ef við hröðuðum rafvirkjunum. Ég held, að ef við leggjum út á þá hættubraut að taka erlend lán, þá yrðum við að taka þau í stærri stíl og láta það fylgjast að, að þeim yrði varið til gjaldeyrisskapandi fyrirtækja og til að bæta lífskjör fólksins. Hins vegar, ef ekkert kerfi á að vera í afgreiðslu þessa máls, þá verður að segja þeim í fjhn. að finna upp einhverjar aðferðir, sem ekki brjáluðu þetta enn meir.

Ég veit ekki, hvað yrði um það, ef þessar 15 millj. kr. verða afhentar Búnaðarbankanum sem gjaldeyrir og honum áskilið að verja þeim eingöngu til að kaupa landbúnaðartæki, og Landsbankanum fyrirskipað að greiða Búnaðarbankanum þessar 15 millj. kr. — Mér finnst, að hæstv. fjmrh. ætti að tala alvarlega um þetta við okkur, en ekki að slá fram neinum „frösum". Ég býst við, að það sé mikill vilji fyrir hendi á Alþingi til að tryggja landbúnaðinum lánsfé. Ég býst við, að Landsbankanum verði fyrirskipað að greiða Búnaðarbankanum 15 millj. kr., sem Landsbankinn fær í erlendum gjaldeyri. Þess vegna er það rangt, að það sé andúð gegn því að tryggja landbúnaðinum lánsfé. Það er vilji fyrir því að tryggja honum 15 millj. kr. og það er líka vilji fyrir því að tryggja, að menn geti fengið að byggja nauðsynlegar byggingar. En spurningin er, hvort það eigi að taka nokkuð út úr, eða hvort hér skal aðeins veitt lán til einstakra aðila. — Ég hef beðið hæstv. ráðh. að segja, út frá hvaða sjónarmiði endurskoðunin á bankakerfinu færi fram og hverjir hefðu hana með höndum. Það er sagt frá þessari endurskoðun í grg., en Alþingi hefur ekkert fengið um hana að vita. Þegar bankakerfið hefur verið endurskoðað, hefur verið kosin til þess n. og rætt á Alþingi. Er það ekki sízt mikilsvert, þegar fjárhagskerfið er í annarri eins ringulreið og nú og þegar — eins og allir vita — vald Landsbankans er orðið slíkt ríki í ríkinu, að Alþingi hefur orðið að grípa inn í með löggjöf. — Enn fremur vegna þess, að landbrh. sagði, að fjárfestingaráætlunin væri komin og væri 520 millj. kr., óska ég eftir að fá að sjá þessa áætlun, þar sem fjvn. á að taka afstöðu til hennar. Ég vil ekki hvað sízt óska þess vegna þess, að ég álít þessa lánsfjárkreppu skapaða að óþörfu og hana verði að stöðva. — Lánveitingavaldið er gífurlegt vald í lokuðu þjóðfélagi, og er byrjað að misnota það þannig, að fyrirtækjum er lokað og aðrir taka síðan lán hjá bönkunum til þess að kaupa þau. Og þegar það eru einstakir aðilar, sem njóta sérréttinda, er hægt að yfirfæra eignir manna, sem er neitað um lánsfé, til annarra, sem fá lánsfé. Þegar svona mikið vald er sett í hendur eins banka, verður að vera strangt eftirlit með því, og þegar þetta vald er misnotað, eins og nú, verður að knýja fram meira frjálsræði í landinu. — Vona ég, að hæstv. fjmrh. láti fjhn. þessar umbeðnu upplýsingar í té, svo að hægt sé að móta afstöðu n. á sem réttustum grundvelli.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð vegna fyrirspurna hv. 2. þm. Reykv. — Um fjárfestingaráætlunina er það að segja, að hún er ekki mjög langt komin, og er ekki búið að gera sér almennilega grein fyrir henni. — Um endurskoðun bankalöggjafarinnar, þá er ekki ástæða fyrir mig að ræða hana, hún er ekki á starfssviði ríkisstj. Á hv. 2. þm. Reykv. að ræða við viðskmn. og senda fyrirspurnina til hennar. — Vil ég ekki lengja þessar umr. með því að tala um þær löngu ræður, sem hér hafa verið fluttar. En ég ætla að segja örfá orð vegna þess misskilnings hjá hv. 2. þm. Reykv., að við viljum stofna til verðbólgu vegna landbúnaðarins, en fara ætti þá leið, sem hann stakk upp á, að láta landbúnaðinn fá fé um Landsbankann. Ekki treysti ég mér til að styðja þessa leið, og þess vegna er ekki að svo stöddu önnur leið en að leita eftir erlendu láni. Hitt er annað mál, að ástandið getur breytzt, svo að hægt verði að fá innlent lán til þessara framkvæmda, án þess að eiga á hættu að auka verðbólguna, ef hægt væri að koma iðnaðarkostnaði í landsskuldabréf. Ég veit ekki, hvort hv. 2. þm. Reykv. meinti alvarlega, að hægt væri að bæta úr þessu með því að auka seðlaútgáfu Landsbankans. Sé ég ekki ástæðu til að ræða það. Finnst mér það fjarstæða og trúi ekki, að hann meini þetta í raun og veru.

Hv. 3. landsk. þm. talaði í gær eða fyrradag um þetta mál. Mun ég ekki svara honum miklu, en aðeins minnast á tvö atriði. Annars vegar sagði hann, að ekki ætti að taka erlend lán. Þetta er hans skoðun. Það fer nú eftir því, hvernig er litið á málið almennt, og getur verið um það deilt, eftir því hversu ástandið er alvarlegt og fjárþörf aðkallandi. Er það skoðunaratriði. En ég vil benda á, að á undanförnum tímum hafa verið samþ. lántökur erlendis og ekki heyrzt raddir frá herbúðum þessa flokks til varnar. Þær raddir, sem nú heyrast úr þeim herbúðum, hljóta því að vekja tortryggni, þegar þær eru á móti erlendum lántökum til landbúnaðarins. Það leikur grunur á, að það sé vegna þess, en ekki af ótta við erlenda lántöku, ekki sízt, þegar þess er gætt, hve 15 millj. kr. er lítil fjárhæð miðað við þau stórkostlegu lán, sem hafa verið tekin til annarra framkvæmda. Þetta er hreinasti hégómi og furðulegt, að það skuli heyrast nokkur rödd til að andmæla því. — Sannleikurinn er sá, að hér er aðeins ætlað að leysa til bráðabirgða sárustu þörf landbúnaðarins fyrir aukið lánsfé, en það þyrfti á næstu árum að afla þeim atvinnuvegi marga tugi milljóna króna í nýju lánsfé. Það er augljóst af þeim gögnum, sem fyrir liggja, að þetta muni þurfa. Þess vegna getur vel svo farið, að við verðum á næstu árum að taka meira lán erlendis en þetta handa okkar landbúnaði, og ég væri ekkert hræddur við að nefna í því sambandi hærri tölur en hér er talað um. Það er sannfæring mín, að við getum ekki varið þeim peningum betur en til að efla landbúnaðinn. Ég held, að það verði íslenzku þjóðinni sízt af öllu að fótakefli, þó að hún taki nokkurra millj. kr. lán til landbúnaðarins. Hann mun skila því aftur, bæði

beint með því að framleiða vörur, sem seljanlegar eru fyrir erlendan gjaldeyri, og óbeint með því að framleiða nauðsynjavörur, sem þjóðin annars þyrfti að kaupa. Ég held, að það bezta, sem við getum gert við peningana, sé að leggja þá í ræktun landsins til að bæta það og auka framleiðsluna. Mér finnst þess vegna bæði sorglegt og gremjulegt að heyra þennan söng í sambandi við þessa lítilfjörlegu lántöku, sem fyrirhuguð er handa landbúnaðinum. Þegar talað er um að bera saman, hvað gert hefur verið fyrir aðrar atvinnugreinar og að rannsaka þurfi lánsfjörþörf landbúnaðarins áður en þessi voðalega ákvörðun er tekin, að verja 15 millj. kr. til landbúnaðarins, þá hljómar það broslega í mín eyru, þegar ég hugsa um, að á undanförnum árum hafa verið samþ. lántökur fyrir aðrar atvinnugreinar, sem nema hundruð millj. króna, og það hefur ekki verið í hvert skipti talað um, að rannsaka þyrfti lánsfjárþörf þeirra.

Þá eru örfá orð út af því, sem hv. 3. landsk. þm. sagði um verðbólguna. Ég held, að hann hafi misskilið mig nokkuð. Mér fannst hann telja, að ég hefði sagt, að fjárfesting gæti aukizt frá því, sem var í fyrra, ef erlent lán fengist. Þetta voru ekki mín orð. Ég sagði, að fjárfesting gæti orðið meiri en ella, ef þetta erlenda fé kæmi inn. Við höfum ekki annað til að standa undir okkar fjárfestingu en sparnað og þetta erlenda fé, og ég held, að fjárfestingin í heild verði að vera minni en í fyrra, en ef okkur tækist að útvega þessar 15 millj., gæti hún orðið meiri en ella. Allar raddir um, að það geti orðið verðbólguaukning, ef þessar 15 millj. eru teknar til láns erlendis og notaðar til nýrra framkvæmda, virðast mér vera út í bláinn. Mér finnst það ekki á neinn hátt geta orðið til að auka verðbólguna, því vitanlega mundi verða farið þannig að, ef þetta fé væri ekki allt notað til að greiða erlendan gjaldeyri, þá mundi verða gert ráð fyrir því, þegar fjárfestingaráætlunin er sett upp. Auk þess er þess að vænta, að þetta fé verði lánað út eftir reglum ræktunarsjóðs, og þá efast ég um, að nokkurn tíma sé lánað meira en sem svarar erlenda efninu, sem gengur til hverrar framkvæmdar um sig, þegar allt er tekið til athugunar. Þetta mundi því í reyndinni svara til hins erlenda hluta þeirrar framkvæmdar, sem um væri að gera, og þá mundi ekki koma til mála, að þetta væri verðbólguaukandi vegna þess, að það yrðu íslenzkir peningar, sem kæmu til viðbótar, og þá yrði dregið úr öðrum fjárfestingum sem svaraði þeim hluta. Þetta yrði tekið inn í fjárfestingaráætlunina í heild sinni. Þess vegna eru allar þessar bollaleggingar í sambandi við þetta 15 millj. kr. lán heldur broslegar, hvernig sem á þetta er litið. Það er einmitt þannig að þessu farið, að það þurfi ekki að valda verðbólgu, þó að sinnt sé sárustu þörf landbúnaðarins.

Svo vil ég aðeins minnast á ummæli hv. 8. landsk. þm. Hann sagði, að ég hefði sagt, að það ætti að taka lán erlendis til allra skynsamlegra framkvæmda. Eins og þessi hv. þm. lagði út af orðum mínum, þá var það byggt á misskilningi. Ég sagði, að Íslendingar gætu ekki komizt hjá að taka erlend lán til ýmissa fyrirtækja, sem þeir þurfa að koma í framkvæmd. Þetta er mín skoðun, ég álít það hreina fjarstæðu, að við getum byggt okkar fyrirtæki upp án þess að taka erlend lán. Við höfum reynslu af þessu, og það hefur gefizt okkur vel. Þar með er alls ekki sagt, að við verðum að taka lán til allra fyrirtækja okkar, því fer vitanlega alls fjarri. Við verðum að gera eins mikið af skynsamlegum, nauðsynlegum framkvæmdum fyrir okkar fé og við getum, en til viðbótar verðum við að fá talsvert mikið af erlendu fé.

Að lokum vil ég minnast á það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði. Hann sagðist sakna þess, að þessir hlutir væru lítið „planaðir" eða lítil yfirsýn yfir þá. Hér væri farið fram á að taka lán vegna landbúnaðarins, en ekki um leið til að taka stærri lán til að koma upp fyrirtækjum, sem staðið gætu undir lánum landbúnaðarins. Ég vil benda þessum hv. þm. á, að við höfum nú í takinu 3 stórfyrirtæki, sem kosta samtals 300 millj. kr., en það eru Sogsvirkjunin, Laxárvirkjunin og áburðarverksmiðjan. Það er því ekki yfir því að kvarta, að þessi litla lántaka til landbúnaðarins sé sú eina framkvæmd, sem við Íslendingar höfum nú á prjónunum. Því fer alls fjarri. Við höfum fangið fullt af verkefnum, og við verðum að taka mikið lán erlendis til að halda áfram með þessi stóru fyrirtæki, og við ráðum ekki við meira á næstunni fyrir utan margar smærri framkvæmdir, sem við þurfum að sinna. Ég vil leyfa mér að benda þessum hv. þm. á þetta. Hann þarf því ekki að undrast, þó að ekki sé komið með í viðbót ný, stór „plön" upp á hundruð milljóna kr. til nýrra, stórra framkvæmda af öðrum toga. Þetta er aðeins einn lítill liður í þeirri framkvæmdakeðju, sem við erum nú með milli handanna, og mætti nefna fleira í því sambandi en þetta þrennt, t. d. togarana nýju, — það er áður búið að samþykkja stórfelldar lántökur til hinna fyrirtækjanna, og hér er verið að samþykkja lántökur til togaranna. Sum þessi fyrirtæki eiga að vera gjaldeyrisgefandi, en önnur gjaldeyrissparandi.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. um málið lengi, en ég vil gera dálitla grein fyrir atriði, sem ekki hefur komið hér fram, þrátt fyrir allar þær umræður, sem fram hafa farið um málið.

Ég vil gjarna byrja á að undirstrika það, sem hæstv. ráðh. sagði, að þetta er ekki nema bráðabirgðalán, sem bætir aðeins úr lánsfjárþörf landbúnaðarins í bili. En ég vil gera dálitla grein fyrir, hvers vegna lánsfjárþörf landbúnaðarins er svona mikil, eins og hún er nú. Fyrir 4 árum, eða árið 1946, voru samþykkt lög um landnám og nýbyggingar í sveitum. Frv. til þessara laga var fyrst undirbúið árið 1944, og var þá vísað til nýbyggingarráðs, en varð, eins og áður segir, að lögum árið 1946. Í lögum þessum var gert ráð fyrir, að stofna skyldi nýbyggingarsjóð til byggingar íbúðarhúsa á sveitabæjum og peningshúsa og íbúðarhúsa á nýbýlum, og í þingskjölum frá þessum tíma liggja fyrir nákvæmar áætlanir um sjóðinn, fjáröflunina til hans og áætlun um lánastarfsemi hans næstu 10 ár. Þessi sjóður skyldi upphaflega stofnaður af þeim tiltölulega litlu sjóðum, sem þá voru til, þ. e. byggingarsjóðnum og viðlagasjóðnum. Þetta var mjög lítið fé, eða um 3 millj. kr. Síðan var ákveðið, að ríkissjóður skyldi leggja honum til svo mikið fé við gildistöku laganna, 1. júlí 1947, að stofnsjóðurinn næmi 10 millj. kr. Síðan skyldi

stofnféð aukið með 2½ millj. kr. framlagi á ári. Sjóðurinn mundi því alls vera um 30—40 millj. kr. árið 1950. Nú er það ljóst, að þetta var ekki nægilegt fé til að standa undir þeim byggingarframkvæmdum, sem fyrirhugaðar voru. Þess vegna var ákveðið, að sjóðnum skyldi heimilt að afla fjár með vaxtabréfaútgáfu. Í lögunum stendur, með leyfi forseta: „Byggingarsjóði skal heimilt, ef stofnfé hrekkur ekki til fyrir þeim lánum, sem álitin eru æskileg, að taka lán eða gefa út handhafavaxtabréf, allt að þreföldum stofnsjóði sínum. — Handhafavaxtabréfin skulu tryggð með skuldabréfum lánþega, stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs."

Í áætlun þeirri, sem fyrir liggur um lánastarfsemi sjóðsins, er gert ráð fyrir, að á þessum 10 árum skyldi hann hafa lánað út um 80 millj. kr., og þó ekki notaðir til fulls þeir möguleikar, sem lögin heimila til að afla honum fjár. Einu ári síðar, eða árið 1947, voru samþ. lög um ræktunarsjóð, og var í þeim lögum gert ráð fyrir, að ræktunarsjóðnum skyldi séð fyrir fé á svipaðan hátt, og lána á sama tíma, eftir áætlun hans, um 40 millj. kr. M. ö. o., það er gert ráð fyrir því í þessum lögum, að þessir 2 sjóðir láni til landbúnaðarins 120 millj. kr. á þessu tímabili, og var það miðað við áætlaða lánaþörf, og sú lánaþörf var miðuð við þágildandi verðlag í landinu. Nú vita allir, að verðlag hefur hækkað svo mikið í landinu síðan 1946, að sú áætlun, sem þá var í fullu gildi, er hvergi nærri fullnægjandi nú. Þess vegna liggur það ljóst fyrir, að þó að þessi lög hefðu verið framkvæmd til fulls, þá væru þessar 120 millj. miklu minna fé en þá var áætlað. En það, sem hefur svo ekki verið gert í þessu sambandi, er að reyna að útvega fé með vaxtabréfaútgáfu. Hefði það verið gert eins og l. heimiluðu 1947, þá mundi stofnlánadeild húsbyggingarsjóðs vera það mikil nú, að það hefði ekki verið fyrir hendi sú lánsfjárkreppa, sem nú er fyrir hendi í þessum efnum. Ég ætla að benda á, að þrátt fyrir það, að það hefur ekki verið til meira fé til þess að lána úr þessum sjóði heldur en sá stofnsjóður, sem til var árið 1947, *og hið árlega framlag ríkisins, sem hefur* komið á hverju ári auk lítils háttar láns, sem Búnaðarbankinn hefur getað útvegað, og svo sá hlutur, sem sjóðurinn fékk af gengishagnaði og áreiðanlega gerir ekki betur en að vega upp á móti því verðlagi, sem hefur hækkað á byggingarvörum við gengisfellinguna, þá er nú þetta svo komið, að þó að þessar 15 millj. komi í sjóðinn, þá mundi það ekki gera betur en að bæta úr brýnustu lánsþörf á þessu ári. En í sambandi við þetta vil ég líka minnast fáeinum orðum á annað atriði, sem einmitt hefur komið inn í þessar umr., og það er fjárfestingin í landinu. Það hefur verið mikið um það talað nú að undanförnu og líka í sambandi við þetta frv., að fjárfestingin í landinu væri of mikil. Hæstv. fjmrh. lagði fyrir fjvn. að draga verulega úr þeim fjárframlögum ríkisins, sem miðuðu að fjárfestingu. Í samræmi við þessa stefnu, sem mjög hefur verið uppi á síðustu árum, þá er það upplýst, að nýbýlastjórn sótti um leyfi til þess að fá að hefja byggingu á 5 nýbýlum, sem búið er að undirbúa og rækta landið fyrir, og henni var neitað um fjárfestingarleyfi. Ég tel, að þetta stangist nokkuð við öll þau orð, sem sögð hafa verið um það, hve mikið þurfi að gera fyrir landbúnaðinn. Ég skal ekki draga úr því, að það sé nauðsynlegt, og ég undirstrika það, að það er nauðsynlegt að efla stórkostlega þetta fé til landbúnaðarins. Það er auðséð, að þær áætlanir, sem fyrir liggja frá 1946, eru ekki fullnægjandi nú, vegna þess hve verðlagið hefur hækkað í landinu á þessum 4 árum síðan. — Í sambandi við þetta vil ég líka minnast á það, að það virðist hafa farið mikið fé í gegnum hendur þjóðarinnar og þeirra ríkisstj., sem ráðið hafa hér í þessi 4 ár frá því 1946. Mér hefur reiknazt það til, að það fé, sem farið hefur í gegnum þeirra hendur til þarfa þjóðarinnar, fjárfestingar og nauðsynlegra framkvæmda, hafi verið á þessum 4 árum ekki langt fyrir neðan 2000 millj. kr. Þegar í fyrsta lagi er talin sú upphæð, sem eftir var um áramót 1946—47, og í öðru lagi, þegar taldar eru útflutningstekjur þjóðarinnar á þessum árum, og í þriðja lagi Marshallhjálpin, þá hygg ég, að það sé nálægt 2000 millj. kr. Þess vegna verður að teljast fullkomin ástæða til að draga þetta fram, til þess að benda á, að það hefði mátt framkvæma ákvæði þessara tveggja l., sem fjalla um að afla þessum sjóði fjár með lántöku innanlands þessi ár, eins og ákveðið var. Og þá væri þessi lánsfjárkreppa landbúnaðarins ekki fyrir hendi í þeim mæli, sem hún nú er.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að segja nokkur orð í tilefni síðustu ræðu hæstv. fjmrh. Hann sagði, að sér fyndist allt tal um verðbólguhættu í sambandi við þessa lántöku vera út í bláinn. Mig undrar, að hæstv. ráðh. skuli taka þannig til orða, því að málið hefur verið þannig lagt fyrir Alþ., að ógerningur er að vita, hvernig tilætlunin er að verja því lánsfé, sem hér um ræðir. Ég sýndi fram á það síðast þegar þetta mál var til umr., að til greina kæmu tveir möguleikar með gerólíkum áhrifum á fjárhagskerfi kostnað, þá hlyti að verða að útvega innlend lán til þess að greiða innlenda kostnaðinn, og afleiðhins vegar, að það væri notað til þess að greiða bæði erlendan og innlendan kostnað. Ég sýndi fram á það með rökum, að ef ætlunin væri að nota þetta lán til þess að greiða eingöngu erlendan kostnað, þá hlyti að verða að útvega innlend lan til þess að greiða innlenda kostnaðinn, og afleiðingin hlyti að verða aukin verðbólga í landinu, nema lánveitingar til annarra framkvæmda væru takmarkaðar tilsvarandi. Ef hins vegar væri tilætlunin að greiða bæði erlendan og innlendan kostnað, þá yrði einhver afgangur af gjaldeyri í bönkunum, og ef afleiðingin ætti ekki að verða verðbólga, þá yrði að nota verulegan hluta þess afgangsgjaldeyris til þess að flytja inn neyzluvörur til að mæta þeirri auknu kaupgetu, sem skapast í landinu við framkvæmdirnar. Verði þessi hluti gjaldeyrisins ekki notaður til þess að auka neyzluvöruinnflutninginn, þá hlýzt af því aukin verðbólga. Ég geri ekki þessa aths. vegna þess, að mér ofbjóði upphæðin, sem hér er um að ræða, og ekki vegna þess, að ástæða sé til að óttast stórfelldar afleiðingar af þessum ráðstöfunum, heldur vegna þess „prinsips", sem hér er fylgt. En það er mjög svo mikilsvert, þótt ekki hafi verið minnzt á það í grg. frv. og ekki heldur af þeim hæstv. ráðh., sem málið hafa flutt.

Með tilliti til þessara staðreynda verð ég að segja, að mér finnst furðulegt, að hæstv. ráðh. skuli segja, að það sé út í bláinn að tala um aukna verðbólguhættu í þessu sambandi og að það sé broslegt. Var það líka broslegt, þegar hann sjálfur gagnrýndi þær tillögur fyrrv. ríkisstj. að nota gengishagnaðinn til lánveitinga? Það var auðvitað broslegt, að ríkisstj. og meiri hl. þingsins skyldi láta sér til hugar koma að gera þessar ráðstafanir, en hæstv. ráðh. samþykkti þær að síðustu. Þá var brosað, og ekki að ástæðulausu. — Nú hefur hæstv. ráðh. upplýst, en þó ekki nægilega skýrt, að mér finnst, að fyrirhugað sé að verja þessu lánsfé til þess að greiða bæði erlendan og innlendan kostnað, en þá er ekki hægt að afstýra því, að nokkur verðbólga hljótist af hinni erlendu lántöku, nema með því að nota verulegan hluta af láninu til innflutnings á neyzluvörum. Þá yrði hér sumpart um neyzluvörulán að ræða. Hæstv. ráðh. fór í kringum þetta eins og heitan graut. En ég get ekki skilið, af hverju hæstv. ráðh. víkur ekki sérstaklega að þessu, en honum er það ljóst eins og mér, að mjög margir misskilja þetta atriði, og ákveðnir stuðningsmenn hans, t. d. hv. þm. Borgf., sem talaði þegar málið var síðast á dagskrá, telja, að þetta fé eigi að nota til þess eins að greiða erlendan kostnað við framkvæmdirnar, þ. e. a. s., að hægt sé að auka fjárfestinguna svo mikið sem svarar 15 millj. kr. í erlendum kostnaði. Hæstv. ráðh. sagði hins vegar, að heildarverð framkvæmdanna eigi ekki að fara fram úr 15 millj. kr. — En það hefur ekki verið látið koma greinilega fram af hæstv. ríkisstj., að með því móti verður hluti af láninu að vera neyzluvörulán, og þá er spurningin þessi: Er undir núverandi kringumstæðum rétt að taka erlent lán til fjárfestingar, þegar ástandið er þannig í fjárhagsmálum landsins, að lánið verður sumpart að vera neyzluvörulán, ef það á ekki að vera verðbólguaukandi? Það er kjarni málsins, sem hér er um að ræða. Ég tel, að miðað við ríkjandi ástand, sé ekki rétt að taka þetta lán vegna þess, að hluti af því hlýtur að verða neyzluvörulán.

Mér koma skoðanir hæstv. ráðh. á þessu máli á óvart. Þær eru í ósamræmi við fyrri skoðanir hans á svipuðum málum. Hann hefur einna gleggst og eindregnast varað við erlendri lántöku, að svo miklu leyti, sem um neyzluvörulán væri að ræða.

Hæstv. ráðh. sagði, að lán hefði verið tekið að undanförnu án mikilla mótmæla af minni hálfu eða flokksblaðs míns. Það er rétt, en þau lán hafa fyrst og fremst eða eingöngu verið liðir í Marshallsamstarfinu, og þar hafa Íslendingar notið algerðrar sérstöðu, bæði hvað snertir kjör og lánstíma. Mér virðist enginn ágreiningur hafa verið um það milli lýðræðisflokkanna, að eðlilegt hafi verið að taka þátt í því samstarfi. En mér hefur aldrei komið til hugar, að líta ætti á það sem almennt fordæmi. Landbúnaðurinn hefur vissulega fengið sinn hluta af því fé, sem fengizt hefur sem liður í Marshallsamstarfinu.

Eitt atriði í minni ræðu nefndi hæstv. ráðh. ekki, en það var spurningin um, hvernig lánsfé Búnaðarbankans væri nú notað, og hvort ekki væri tiltækilegt að bæta úr lánsfjárkreppu landbúnaðarins með því að breyta ráðstöfun þess lánsfjár, sem Búnaðarbankinn hefur til umráða. Mér leikur nokkur grunur á því, að Búnaðarbankinn hafi lánað talsvert fé til húsbygginga í Reykjavík. Það verður vissulega að teljast óeðlilegt, að því skuli vera þannig varið, þegar jafnháværar kvartanir heyrast um, að þessi stofnun geti ekki fullnægt lánsfjárþörf landbúnaðarins.

Að síðustu vil ég geta þess — og það kannske frekar til gamans —, að aldrei þessu vant hefur hv. 2. þm. Reykv. verið stuðningsmaður ríkisstj. í þessu máli. Ýmis rök hans hafa hnigið í sömu átt og þau, sem fram eru borin af hæstv. ríkisstj. varðandi fjármálapólitíkina almennt. Hv. 2. þm. Reykv. hefur gert sér ljóst, að þessi lántaka verki frekar verðbólguaukandi, og þess vegna var hv. 2. þm. Reykv. að stríða hæstv. ríkisstj. á því, að með þessu frv. væri hún komin í mótsögn við yfirlýsta stefnu, sem er að berjast gegn verðbólguaukningu og lánsfjárþenslu. Þetta sýnir, að það er ekki út í bláinn, að það skuli hafa verið gert að umtalsefni, að svo gæti farið, að lántaka þessi hefði áhrif til aukningar verðbólgunni í landinu.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Mér fannst þetta broslegt vegna þess, að hér er um svo litla lántöku að ræða miðað við það, að undanfarið hefur verið fjallað um geysilega stóra lántöku, sem þannig er vaxin, að ef að gagni á að koma, þá hefur orðið að útvega innlent lán fyrst til viðbótar til framkvæmdanna, sem skiptir hundruð millj. kr. — Ég held, að hv. 3. landsk. þm. hafi misskilið mig áðan, þegar ég var að reyna að upplýsa, að þetta lán mundi verða látið ganga í gegnum stofnlánadeild Búnaðarbankans, eins og sagt er í grg. frv., og þaðan lánað eftir reglum, sem þar gilda um lán fyrir nokkrum hluta kostnaðar af þeim framkvæmdum, sem stofnlánadeild Búnaðarbankans er ætlað að lána til. Sumar framkvæmdirnar fá ekki nema 30% af kostnaðinum og aðrar 40% og hæst 60% á vissar byggingar. Reyndin verður því sú oftast nær, að sá hlutinn, sem kemur að láni frá Búnaðarbankanum, verður ekki nema fyrir erlenda kostnaðinum við framkvæmdirnar. Hinn hlutann verða því bændurnir sjálfir að leggja á móti. Mér skilst, að það verði í þessu tilfelli enginn afgangsgjaldeyrir, því að oftast nær verður kostnaðurinn við framkvæmdirnar upp undir það eins mikill og veitt er til þeirra. Ég hygg, að ef það verður nokkur afgangsgjaldeyrir, þá þýði það, að taka verður tillit til almennrar fjárfestingar, og verður það til þess, að einhverjar minni framkvæmdir yrðu þá mögulegar. En hitt er mér ljóst, að Búnaðarbankinn getur ekki, nema að mjög takmörkuðu leyti, lánað sparisjóð Búnaðarbankans til 40 ára langra lána, sem er regla stofnlánadeildarinnar. Og það má ekki blanda þessu tvennu of mikið saman.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég hef nú reynt að hlýða á þessar umr., eftir því sem ég hef frekast getað, til þess bæði að sjá og heyra, hvað borið væri fram til sóknar og varnar í þessu máli. Sannast að segja kom það mér nokkuð á óvart, að svo miklar umr. urðu um málið. Reyndar var það ekki svo fjarri öllu lagi, úr því að sérstaklega voru til teknar 15 millj. kr., sem ganga skyldu til landbúnaðarins, að einhver mundi andmæla slíkri ráðstöfun. Ég get einmitt búizt við því, að

einhverjir hv. þm. hafi ekki verið alveg óviðbúnir, að svo kynni að fara, enda hefur það nú rætzt. Hver vandlætarinn á fætur öðrum hefur nú talað ákaflega fræðilega um það, hve mikil nauðsyn væri á því, að þessar 15 millj. kr. stofnuðu ekki til verðbólgu hér í landinu. Um alla þá tugi millj. eða hundruð millj. kr., sem veittar hafa verið um nokkurra ára skeið, hefur engin rödd komið í þessa átt, enda þá aldrei tekið það skref, að neitt að ráði af þeim fjármunum færi til landbúnaðarins. Og svo er látið heita svo, að þessar aths. séu ekki settar fram af því, að þeir séu óvinveittir landbúnaðinum. Það er eiginlega allt af vinátttu við landbúnaðinn, sem þetta er gert, og umhugsun fyrir þróun hans og þroska, því að þegar búið er að varpa þessu fram, þá er ætlð látið fylgja á eftir, að það sé ekki af óvináttu við landbúnaðinn, heldur sé það af ást á íslenzkum landbúnaði, sem þeir koma með þessar aths. Eins og búið er að drepa hér á, þá mun það vera svo, að þó að þessar 15 millj. kr. gangi til búnaðarins, þá fer megnið af þeim til kaupa á erlendum hlutum, sem þarf til þeirra umbóta, sem í ráði er að gera. Má þar upp telja húsbyggingar, eitthvað af gripahúsum, til að setja á stofn mjólkurbú og til að byggja sláturhús og annað, er lýtur beinlínis að framleiðslunni og til ýmissa hluta, sem þarf að kaupa, svo sem vélar og annað þess konar. Svo það er ekki svo mikil hætta á, að þetta valdi verðbólgu, þó að þessum fjármunum verði varið í þágu landbúnaðarins. Viðvíkjandi því, sem talað er um að þyrfti að koma á móti af innlendum peningum, þá er það svo, að bændur leitast við að vinna sem mest að þessu sjálfir, svo að þeir þurfi ekki að kaupa menn að, en það stafar af því, að þá skortir fé til þeirra hluta, og þeir verða að leggja á sig aukið erfiði eftir ýtrustu getu til þess að spara slíkan kostnað. Þannig hygg ég, að erlendi gjaldeyririnn fari mikið til kaupa á efni og vélum til framkvæmdanna, og hvað snertir framkvæmdina innanlands, þá er það gert af þeim mönnum, sem reyna að taka sem minnst lán innanlands til þess að koma verkinu í framkvæmd. Eins og hæstv. fjmrh. var að enda við að drepa á, þá er ekki nema nokkuð brot af kostnaðinum, sem Búnaðarbankinn lánar út á slíkar umbætur. Mundi það þá ekki verða meira en það, sem hinum erlenda gjaldeyri nemur, sem færi til þess að hægt væri að koma þessum framkvæmdum í kring. En ég vil engan veginn átelja hv. 3. landsk., þó að hann veki athygli á því, ef ógætilega er farið. En mér þykir fyrir því, að þetta skuli vera skilið þannig, þar sem búið var að drepa á það hér í upphafi umr., að gjaldeyririnn skuli fara í Búnaðarbankann, og samkv. þeim starfsreglum, sem hann hefur, væri nokkurn veginn séð fyrir því, að þetta færi til staðar, sem áður hefur verið vikið að. — Ég skal svo um leið, — af því að hv. 3. landsk. vék að því, að Búnaðarbankinn hefði lánað fé til þess að byggja hér í bænum og til iðnaðarins og sagði, að það væri rangt, vegna þess að þörfin fyrir þetta fé væri svo mikil í sveitum landsins, — þá skal ég benda honum á, að Búnaðarbankinn hefur allmikið sparifé, sem hann vill ekki lána nema til skamms tíma og þá ekki nema þeim, sem hann getur gengið út frá, að greiði lánið til baka, og þess vegna hefur bankinn lánað fé í þessu skyni, sem hv. þm. drap á, og finnst mér ekki hægt að lá honum það. Ég held, að Búnaðarbankinn hafi gætt fyllstu forsjár í starfsemi sinni, og væri betur farið, að hægt væri að segja það sama um starfsemi ýmissa annarra fyrirtækja.

Það hefur komið fram í þessum umr., að lántaka erlendis væri tæplega réttlætanleg, nema því aðeins, að hún sé gerð í því skyni að styrkja framleiðslu innanlands, sem gæfi af sér aukinn erlendan gjaldeyri. Ég vil lýsa því hér yfir, að ég tel, að það verði að gæta fyllstu aðgæzlu við erlendar lántökur, en mér finnst skjóta hér nokkuð skökku við, að þegar nú er áformað að taka 15 millj. kr. lán til landbúnaðarins, þá skuli menn spretta upp og telja voða stafa af því, — sérstaklega þegar þess er gætt, að með lögum hafa verið tekin lán undanfarin ár, t. d. voru teknar 60 millj. kr. að láni árið 1945 til togarakaupa, 57 millj. kr. 1950 og einnig 16 millj. til að greiða togarana með. Og í þessu frv. er gert ráð fyrir 25 millj. kr. lántöku í þessu skyni, — svo koma lán til Sogsvirkjunarinnar, Laxárvirkjunarinnar, áburðarverksmiðjunnar o. s. frv., og um þetta allt hefur verið samkomulag í þinginu. Ég ætla mér ekki að segja, að það hafi ekki átt rétt á sér að endurnýja togaraflotann, — og til þess þurfti auðvitað að taka erlend lán, — en hitt vil ég leyfa mér að segja, að ekki hefði þurft eins stóra lántöku í fyrra sinnið, ef farið hefði verið með féð af meiri ráðdeild en gert var, og ekki hefði heldur þurft að taka eins mikið lán til þessara 10 togara, ef sparlegar hefði verið farið með féð.

Þrátt fyrir allt var fyllsta samkomulag um þetta, er það var borið hér fram í þinginu, og jafnvel þeir okkar, sem ekki eru sannfærðir um að þetta sé bezta aðferðin og lausnin í þjóðfélagslegum málum, vildu ekki leggja stein í götu þess, að þetta gæti heppnazt.

Ég minnist þess, að tekin hafa verið lán til húsabygginga og sett í veðdeild Landsbanka Íslands, og ég man t. d. líka eftir því, að tekið var erlent lán til þess að gera eina brú hér á landi, því að okkur skorti gjaldeyrinn fyrir því efni, sem til þurfti. Ég heyrði enga rödd í þá átt, að þetta væri ónauðsynlegt. Og vissulega eru brýr nauðsynlegar, — en að þær skapi erlendan gjaldeyri, er vafamál, en það gera þær a. m. k. ekki nema sérstaklega standi á.

Ég hef drepið á þessi atriði til þess að sýna, að menn hafa ekki verið svo mjög viðkvæmir fyrir að taka erlend lán, þó að ekki skapist af því erlendur gjaldeyrir beinlínis.

En í raun og veru eru þessar 15 milljónir hégóminn einber, því að ef byggja ætti helming þeirra súrheysgryfja, sem landbúnaðurinn þarfnast, mundi þurfa 30 millj. kr. til þess eina verks, — burt séð frá öðrum framkvæmdum. Og hæstv. landbrh. lýsti yfir, að ef ekki ætti að verða stórfelldur skortur á byggingum í sveitum og minnkandi ræktunarmöguleikar, þá þyrfti 130 millj. kr. til þeirra framkvæmda. Og svo tala menn um það, að ekki liggi fyrir fjárþörf hjá landbúnaðinum.

Ég sakna þess, að hv. þm. hafa ekki verið afhentar skýrslur um þessi efni, svo að þeim hefur ekki gefizt kostur á að athuga niðurstöður þeirra, og finnst mér það hefði átt að vera búið að láta fjölrita þær eða prenta, svo að þm. þyrftu ekki að

leita til einstakra nefnda eða stjórnarráðsins til þess að fá þær. Ég get því fyllilega tekið undir það, að menn ættu að fá skýrslurnar í hendur, en það er allt annað mál en að rannsóknir hafi ekki verið gerðar í þessum efnum, því að mjög ýtarlegar niðurstöður varðandi fjárþörf landbúnaðarins eru fyrir hendi, og hefur verið skýrt frá þeim hér á Alþingi nú ekki alls fyrir löngu.

Næst er mér að halda, að allt hefði verið í lagi, ef þetta lán færi allt til sjávarútvegsins. Víst aflar hann gjaldeyris og er annar aðalatvinnuvegur landsmanna — auk landbúnaðarins. Enda byggist öll önnur starfsemi í landinu á þessum tveim atvinnuvegum. — Það er enginn tími til fyrir okkur enn að tala um það, að iðnaðurinn verði samkeppnisfær á erlendum vettvangi, svo að hann geti aflað okkur erlends gjaldeyris. Það er framtíðarinnar að skera úr um það, en við getum ómögulega reitt okkur á það. En þó færist í áttina hvað þessu viðkemur með aukinni beizlun vatnsaflsins. — En við höfum mætt þörf landbúnaðarins svo lítið og sýnt honum slíkt tómlæti, að erlendir menn, sem hafa gefið þessu gætur, telja, að við höfum farið mjög óskynsamlega að ráði okkar með því jafnvægisleysi, sem myndazt hefur við hina ójöfnu skiptingu fjármagnsins til sjávarútvegsins annars vegar og landbúnaðarins hins vegar.

Öryggi þjóðarinnar byggist á landbúnaðinum, öryggi hennar til að lifa, ef erfiðleika ber að garði. Og þetta á ekki aðeins við um okkar þjóð, heldur flestar þjóðir heims. Hvað sýnir saga Breta t. d.? Jafnan er þeir hafa lent í ófriði, hafa þeir eflt landbúnað sinn, til þess að þjóðin hefði öruggari lífsafkomu. Hvað er t. d. að segja um Ítali, sem eru þó engin sérstök landbúnaðarþjóð? En þegar erfiðleikarnir hafa sótt þá heim, hafa þeir eflt landbúnað sinn. — Hvernig er það svo hér, þar sem eiginlega er ekki nema tveim aðalatvinnuvegum til að dreifa? Mundum við þá ekki þurfa að leggja okkur fram einmitt um þetta atriði? Jú, vissulega. Til viðbótar því, sem fram kom hjá hv. þm. Borgf., þegar hann drap á, hvernig sjávarútvegurinn og atvinna í kaupstöðum gæti brugðizt o. s. frv., þá vil ég benda á eitt, sem ekki skiptir minna máli en það, sem hann nefndi, og vil í því sambandi skírskota til álits helzta vísindamanns Breta í framleiðslu sjávarafurða, manns, sem líklega hefur meiri þekkingu á þessu sviði en nokkur annar maður í heiminum. Þessi vísindamaður hefur gefið út bók, og í henni telur hann, að fiskimið heimsins séu svo uppurin, að þjóðirnar verði að koma sér saman um að draga úr fiskveiðum sínum, ef ekki á að horfa til vandræða. Hann bendir réttilega á, að ný og ný fiskimið hafi fundizt, sem bætt hafa úr rýrnun eldri fiskimiða. Einnig bendir hann á, að veiðarfærin og annað slíkt sé allt orðið svo bætt, að nauðsynlegt sé, að menn komist að samkomulagi um, hvað hver mætti veiða mikið, — annars mundi þessi þróun leiða til atvinnutjóns og ýmissa annarra erfiðleika hjá þjóðunum. Þetta byggir hann allt á athugunum sínum um margra ára bil. Mér finnst hyggilegt að hafa þetta í huga og koma meiri jöfnuði á í þessum málum og verja meira fé til landbúnaðar og ræktunar í sveitum landsins. Ég vil ekki segja þar með, að ónauðsynlegt sé að byggja yfir fólkið í kaupstöðunum, það, sem býr í slæmum húsakynnum, en vil þó segja, að það er jafnmikil nauðsyn að byggja yfir þá, sem búa úti um landið og jafnvel meiri nauðsyn, ef fólkið á ekki að flytja í burtu til Reykjavíkur. Reykjavík hefur vaxið um 20 þús. íbúa á fáum árum og bundið hundruð milljóna í húsabyggingum. Þetta heldur áfram, ef ekki verður hafizt handa um meiri byggingarframkvæmdir úti um byggðir landsins.

Ég held, að það sé enginn velgerningur við þjóðina að leggja sig fram við að koma í veg fyrir þessa 15 millj. kr. lántöku til landbúnaðarins, og ættu hv. þm. að reyna að finna sér aðra iðju þarfari. Þess er líka að gæta, að ýmis byggingarstarfsemi dregur til sín fjármagnið í landinu og er því svo safnað saman hér í Reykjavík og varið til húsbygginga fyrst og fremst. Ef atvinnuvegirnir væru öruggir í kaupstöðunum, væri þetta gott og blessað. En mér sýnist það, því miður, vera öðru nær en svo sé.

Ég ætla svo ekki að gera þetta frekar að umtalsefni. Mér hefur hálfleiðzt að heyra það, sem tínt hefur verið til þessari lántöku til andmæla, og mér hefur ekki fundizt gæta sömu víðsýni í þessum efnum eins og ég hef oft átt að venjast hér áður. Ég hef ekki viljað vera með atkv. mínu meinsmaður þeirra, sem í kaupstöðum búa, en mér finnst óhæfilegt að reka eins einhliða pólitík og gert hefur verið undanfarið og kasta aðeins smámolum til landbúnaðarins, og skal ég svo ekki þreyta hæstv. forseta frekar að þessu sinni. Ég ætlaði ekki að taka til máls í byrjun, en það er hægt að ofbjóða þolinmæði manna með því að finna allt upp þessu máli til foráttu, svo að það nái ekki fram að ganga. En ef þeir þm., sem hafa miklað fyrir sér þessa lántöku til landbúnaðarins, eru allir af vilja gerðir til að leggja honum lið, ættu þeir að gera það öðruvísi en þeir nú hafa gert.

Ég sé, að hv. 3. landsk. er að biðja um orðið. Hann er nú látinn, en „sjö sinnum falla réttlátir og standa upp aftur.“ Ég vona, að hæstv. forseti hjálpi honum til upprisunnar, — en hann getur ekki verið að biðja um orðið til þess að bera af sér sakir.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af ræðu hæstv. fjmrh. — Hv. fyrri þm. Árn. sagði, að ég væri dauður. Það er rétt, að ég hef haldið þær tvær ræður, sem mér eru heimilaðar. En mér virðist hann hafa í þessu máli dáið af sinni einu ræðu og þurfi ekki aðra til, svo að hann ætti að hafa hóf á yfirlæti sínu. En þessi eina ræða sýndi, að hann hefur ekki skilning á aðalatriði þessa máls. — Nú komu fyrst skýrar upplýsingar frá hæstv. fjmrh. og 1. þm. Árn. varðandi þetta lán. Hæstv. fjmrh. sagði: „Lánið verður allt notað til útlána eftir reglum sjóða Búnaðarbankans.“ Þá er hér um að ræða framkvæmdir fyrir ca. 50 millj. kr., og er það $^1/_{10}$ af heildarfjárfestingu landsmanna, svo að hér er ekki um neina smáupphæð að ræða. En fjárhagsráð mun hafa áætlað væntanlega fjárfestingu um 500 millj. kr. Ráðherrann sagði í einni ræðu sinni: „Við ætlum að afstýra verðbólguáhrifum með því að draga úr annarri fjárfestingu sem svarar innlendum kostnaði.“ Það er rétt, að hægt er að koma í veg fyrir verðbólgu með því að draga úr öðrum fram-

kvæmdum, enda hef ég vikið að því áður. En ég vil benda hæstv. ráðh. á, að þetta er í algerri mótsögn við það, sem ráðh. sagði í næstsíðustu ræðu sinni. En þá sagði hann: „að lántakan gerði mögulegt að hafa fjárfestinguna meiri en ella.“ Einnig sagði ráðherrann: „Hin áætlaða fjárfesting verður minnkuð í 450 millj. kr. til að skaffa rúm fyrir 50 millj. kr. nýja fjárfestingu í landbúnaðinum,“ og „fjárfestingin getur orðið meiri en ella“, þ. e. a. s. 550 millj. kr. Hvort tveggja getur ekki staðizt, og þess vegna vildi ég fá ákveðnar upplýsingar um þetta.

Ef við gerum ráð fyrir, að fjárfestingin sé áætluð 500 millj. kr. og það sé hæfileg fjárfesting án þess að efnt sé til verðbólgu, er þá meiningin, að fjárfestingin verði 550 millj. kr., — eða verður hún þrátt fyrir lánið 500 millj. kr. áfram og aðrar framkvæmdir minnkaðar ofan í 450 millj. kr.? Það er tvímælalaust rétt að minnka aðrar framkvæmdir ofan í 450 millj. kr., því að þá verður ekki um verðbólguáhrif að ræða. En þá vil ég spyrja: Hvaða framkvæmdir á að minnka? Á að draga úr byggingu íbúðarhúsa í bæjum, vegagerð, hafnargerð — eða hverju? Þessar upplýsingar ættu að liggja fyrir. Það er sýnilegt, að nauðsynlegt er að draga úr einhverjum framkvæmdum, sem ella hefði verið hafizt handa um, og mér finnst ekki óeðlilegt, að þm. úr stjórnarandstöðunni, sem ekki eiga aðgang að skýrslum um þessi efni, fái greið svör um þessi mál í umræðum hér á Alþingi.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég hélt nú í upphafi ræðu hv. 3. landsk., að hann væri að komast í höfn, en í seinni hlutanum verð ég að játa það, að mér fannst hann heldur hafa róið aftur á bak en áfram, og mun hann þess vegna vera staddur á líkum stað og í upphafi ræðu sinnar, þ. e. úti á reginhafi. — Hann sagði, að nú fyrst væri að koma fram skýring á því, til hvers ætti að nota þetta lánsfé. Það er nú út af fyrir sig gott, að hv. þm. er kominn í skilning um það. En það var þegar tekið fram í grg. frv., að þetta fé ætti að nota til þess að lána það stofnlánadeildum Búnaðarbankans. Og það er vitað, að ef þetta fé verður ekki útvegað, verður að draga stórkostlega úr búnaðarframkvæmdum á næstunni, svo að allir þeir, sem vit hafa á þessum málum og nokkurn skilning, hljóta að viðurkenna þessa þörf bankans á auknu fé til stofnlána. Með þessu láni er ekki verið að fara út í neinar auknar framkvæmdir, einungis verið að halda í horfinu. Þetta er einungis gert til þess, að ekki þurfi að fella niður fjárveitingar til landbúnaðarins. Það er tvímælalaust þetta sjónarmið, að ekki þurfi að draga enn saman fjárveitingar til landbúnaðarins, sem ræður í þessari lántöku. — Hitt er svo misskilningur hjá hv. þm., að með þessu sé verið að ryðja burtu öðrum framkvæmdum. Það er vitað, að hinar þrjár stórframkvæmdir ríkisins, Sogs- og Laxárvirkjunin og áburðarverksmiðjan, verða látnar ganga fyrir öllu öðru. Þessi lánveiting er ekki annað en ein af tilraunum ríkisstj. til þess að halda í horfinu um atvinnulíf og framkvæmdir.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hvað viðvíkur því, að engu sé verið að ryðja úr vegi með þessari nýju lántöku, þá virðist mér það vera augljóst, að eins og nú háttar sé ekki hægt að leggja út í nýja fjárfestingu án þess um leið að minnka einhverja aðra fjárfestingu. Mér finnst, að hæstv. ráðh. gæti lært talsvert af ágætu erindi, sem Halldór Kristjánsson flutti í útvarp fyrir skömmu Um daginn og veginn, þar sem hann sagði frá manni, sem harmaði að geta ekki bæði selt kjötið sitt og borðað það. Ráðamönnum ríkisins hefur gleymzt, að það er ekki bæði hægt að borða kjöt og selja það. Það er nú ekki hægt að leggja svo út í nýjar framkvæmdir, að ekki sé um leið rutt burtu einhverju öðru, sem hefði mátt framkvæma með þeim fjármunum, sem til framkvæmdanna er varið.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram út af þessari síðustu ræðu, að með þessari nýju lántöku er ekki verið að ryðja burtu nokkrum fyrirhuguðum framkvæmdum. Hér er ekki heldur verið að tala um það að auka framkvæmdir í landbúnaðinum, heldur einungis það, að ekki þurfi að koma til samdráttar í fjárveitingum til hans.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 649, n. 722, 724 og 733).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta frv. til athugunar, og eins og fram kemur í nál. á þskj. 722, þá mælir meiri hl. n. með því, að frv. verði samþ. — Nú hefur verið útbýtt nál. frá minni hl. fjhn., þ. e. a. s. öðrum þeim hv. þm., sem á sæti í n. og ekki stendur að meirihlutaáliti n., og geri ég ráð fyrir, að hann geri grein fyrir því. Hins vegar hefur ekki borizt enn álit frá hv. 2. þm. Reykv.

Frsm. 1. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Ég hef látið útbýta sérstöku nál. og borið fram þrjár brtt. — Ég vil í sjálfu sér ekki setja mig á móti því, að ríkisstj. fái heimild til lántöku til fjárfestingar. Að vísu bráðliggur nú ekki á, þar sem ekki mun hafa verið leitað fyrir sér enn þá um lánsmöguleika. En ef slíka heimild á að gefa, tel ég, að það þurfi að hafa eitthvert jafnvægi á því, hvernig lánsfénu á að útdeila í lánum innanlands. Mín till. er því sú, að Búnaðarbankinn fái að láni af því, sem hér verður tekið að láni, 12 millj. kr., og allt að 7 millj. kr. til byggingar verkamannabústaða og samvinnubyggingarfélaga í kaupstöðum, því að það má ekki alveg vanrækja þá þörf, sem þar er fyrir hendi um byggingu íbúðarhúsa, og að 6 millj. kr. fari til iðnlánasjóðs, þannig að stofnlánaþörf frá iðnlánasjóði verði fullnægt nokkuð.

Eins og hér var flutt skýrsla um fyrir nokkru, hefur ríkissjóður lagt fram til iðnaðarins um 2 millj. kr. á sextán árum, meðan ausið hefur verið fé í aðra atvinnuvegi. Ég tel því, að þessi heimild fyrir ríkisstj. vegna iðnaðarins sé sízt of há, ef ríkisstj. tekst að afla lána, innan lands eða utan. — Það má vel vera, að till. mínar hefðu átt að vera með öðrum hætti eða ýtarlegri en þær eru

hér. — Ég hef líka viljað bæta í þetta því, að lán mætti taka með ábyrgð ríkisstj. til þess að breyta kyndingu í gömlu togurunum eða gera tilraun um breyt. á kyndingu gömlu togaranna úr kolakyndingu í olíukyndingu. Mönnum ber ekki saman um, hvað þetta mundi kosta. Mönnum ætti að vera kleift — eða maður skilur ekki í öðru en að það ætti að vera kleift — að reka svo ódýr skip sem gömlu togarana með því að breyta þeim, samanborið við það verð, sem er á nýsköpunartogurunum, eins og nú er komið. A. m. k. er svo komið í mörgum þorpum hér á landi nú um atvinnulífið, að ég vil telja skylt að gera tilraun um breyt. á gömlu togurunum og sjá, hvort hægt væri að láta þá bera sig með nokkurum hætti. Ég hef ekki í þessari till. sett í þessu tilliti fram nein skilyrði. Hæstv. ríkisstj. verður að sjá, hvaða tryggingu hún getur fengið og hvernig hún getur notað þessa heimild, meðan þetta er á tilraunastigi.

Ég hef svo ekki öllu fleira að segja um þessar till. mínar. Þó að heimildin sé þarna hækkuð nokkuð eftir till. mínum, og ætlunin að gera það vegna þess, að fara skuli víðtækar í ráðstafanir fyrir þetta lán, þá er það til þess að raska ekki alveg því jafnvægi, sem þarf að haldast um atvinnuvegi og stéttir.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Eins og fram kom hér við 1. umr. þessa máls, þá voru ýmsir á því — og jafnvel flestir —, að engan veginn væri gott fyrir þjóðina að þurfa að taka útlend lán. Þó væri það sök sér, ef um væri að ræða að kaupa fyrir slíkt lán framleiðslutæki eða að verja því til arðbærra fyrirtækja, ekki sízt ef þau framleiddu gjaldeyri. Ég lét enn fremur þá skoðun í ljós þá, að ef sérstaklega stæði á, þá gæti líka orðið rétt fyrir okkur og jafnvel óhjákvæmilegt að taka lán til íbúðarhúsabygginga, ef afstýra þyrfti neyð í landinu. Nú er svo komið, eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið við umr. um þetta mál við 1. umr. og sömuleiðis a. n. l. við umr. um till. um frelsi Íslendinga til að byggja íbúðarhús, að það virðist í raun og veru lítið annað eftir skilið fyrir okkur, ef við eigum að fá að vinna að því af sæmilegum krafti að bæta úr húsnæðisþörf og atvinnuleysi, en að ráðast í erlendar lántökur. Það er hart, að svo skuli vera komið. En ég vil strax taka það fram, að ég fæ ekki séð, að það sé komið svo vegna þess, að Íslendingar gætu ekki leyst þessi mál án lántöku. Til þess að geta byggt þurfum við tvennt, vinnuafl og útlent efni. Og ég vil taka það fram, að ég álít mögulegt að útvega nægilegt útlent byggingarefni, svo framarlega sem við fengjum sjálfir að vera í friði með að hagnýta okkar framleiðslutæki, sem gjaldeyri skapa, flytja út og kaupa inn slíkar nauðsynjavörur í staðinn. Ég álít, að það, að við getum það ekki, sé af því í fyrsta lagi, hvernig framleiðslugeta okkar er lömuð vegna einokunar í landinu, þannig að við fáum ekki að hagnýta þau miklu framleiðslutæki og þá miklu markaði og hækkandi verðlag, sem hefur verið á okkar afurðum. Og í öðru lagi er nægilegt vinnuafl innanlands til þess að vinna að þessu, og meira að segja svo, að meiri hluti vinnuaflsins fæst ekki nýttur. Meiri hluti byggingarverkamanna gengur nú atvinnulaus. Og það er auðsjáanlega svo, að það er ekki látið í okkar valdi, hvort við fáum að hagnýta þetta vinnuafl. Það liggur fyrir meira að segja á Alþ., að yfirlýsing hefur komið frá fjárhagsráði til allshn. Sþ., þar sem fjárhagsráð upplýsir, að það sé skilyrði fyrir því að fá að nota mótvirðissjóð til Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar og áburðarverksmiðjubyggingar, að haldið sé ákveðnu og að því er virðist alllágu hámarki á fjárfestingarstarfsemi í landinu. Og þar sem fjárfestingarstarfsemin frá sjónarmiði þeirra manna, sem þessu ráða nú, er talin of há, — þó hún sé það síður en svo frá mínu sjónarmiði —, þá virðist það eiga að koma niður á húsabyggingum, sem landsmenn í raun og veru ekki geta að mínu áliti komizt hjá að framkvæma, að landsmenn séu að leggja í það að framkvæma viðbótarvirkjanir við Sogið og Laxá og byggingu áburðarverksmiðju nú sem stendur. Það er auðséð af upplýsingum, sem komu fram í þessari hv. d. frá hv. 3. landsk. þm., sem hefur færi á að geta eitthvað meira vitað um, hvað fjárhagsráð hugsar sér í þessum efnum heldur en aðrir, að það mun ekki vera hugsað að byggja meira en 300 íbúðir á þessu ári. Þegar vitað er, að Reykjavík ein saman þarf á að halda 500 til 600 íbúðum til viðbótar á þessum tíma, ef halda ætti í sæmilegu horfi, þá má ljóst vera, að þetta er allt of lítið. Þessi ákvörðun virðist vera tekin af fjárhagsráði út frá samningum, sem það ráð hefur gert við erlend stjórnarvöld. Og út frá þessum tilraunum til samninga og skilyrðum, sem erlend stjórnarvöld hafa sett, eigum við svo að sætta okkur við að geta ekki bætt úr atvinnuskorti og húsnæðisskorti hjá okkur. — Það hafði komið fram yfirlýsing frá hæstv. landbrh. hér í þinginu fyrir nokkru um það, að þessi fjárfestingaráætlun hefði verið afhent ríkisstj. og væri í henni gert ráð fyrir fjárfestingu, sem næmi 520 millj. kr. Fjhn. þessarar hv. d. hefur farið fram á að fá að sjá þessa fjárfestingaráætlun, en hefur ekki fengið það. Því var þá borið við, að þetta væru þannig frumdrög, að ekki væri hægt að sýna það. En þegar hæstv. landbrh. talaði um þessa áætlun hér í þinginu, var það að heyra, að þetta væri ekki aðeins frumdrög, heldur áætlun um ákveðnar upphæðir og samtals vissa ákveðna upphæð. Og hv. þm. virðast vita, hve margar íbúðabyggingar þarna eigi að vera í áætluninni, en það virðist ekki mega liggja skýlaust fyrir hæstv. Alþ. Og þó eru ákvæði um það í lögum um fjárhagsráð, að áður en fjárlög séu samin, og það þýðir áður en þau séu afgr. frá fjvn., skuli fjárhagsráð hafa skilað fjárfestingaráætluninni. — Það er sem sé svo komið, að við fáum ekki leyfi til þess fyrir okkar eigin yfirvöldum að hagnýta til fulls það vinnuafl og þá möguleika, sem við hefðum hér innanlands til að framkvæma húsbyggingar, sem bráðnauðsynlegar verða að teljast, vegna þessara skilyrða, sem þarna virðast hafa verið sett. Og þá er ekki annað eftir skilið til þess að mæta þessari þörf heldur en ef mögulegt er fyrir okkur að fá lán utanlands, sem losuðu okkur við að þurfa að hlíta þeim skilyrðum, sem þessi mál snerta, sem ég hef talað um. Ég beindi því til hæstv. landbrh., kannske í sambandi við frv. um byggingarfrelsi, hvort það mætti þá vinna fyrir erlendar lántökur, að byggingum, án þess að taka tillit til þessarar fjárfestingaráætlunar fjárhagsráðs, því að þar væri ekki að tala um aukna fjár-

festingu, nema fyrir aukið fjármagn og lánsfjárveltu, — og svaraði hæstv. ráðh. því játandi, þó að það sé undarleg hagfræði. En fyrst það er eini möguleikinn fyrir okkur til þess að fá að byggja, þá er ekki um annað að ræða en að reyna að nota sér þann möguleika. Ég hef þess vegna farið hér inn á þá leið í sambandi við þetta frv. að leggja til, að lánið sé hækkað, þ. e. að bætt sé hér við lánsheimild fyrir ríkisstj., heimild til að taka 12 millj. kr. lán, til þess að þeirri viðbót verði varið til þess að lána þeim byggingarsjóðum verkamanna, sem hið opinbera veitir lán, byggingarsjóði verkamanna, byggingarsamvinnufélögum og sveitarfélögum þeim, er byggja til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Ég býst við, að hv. þm. séu sammála um, að það sé full nauðsyn á þessu, og þá sé aðeins spurningin um það, hvort menn álíti rétt að leggja út í að taka erlent lán til þessara framkvæmda. Ég hef leitt rök frá mínu sjónarmiði að því, hvernig ég álít það óhjákvæmilegt, því miður, eins og stjórnarfari er háttað nú, ef á að byggja nokkuð, sem heitir, í viðbót við það, sem fjárhagsráð hefur hugsað sér að leyfa. Hins vegar vil ég taka fram, að ég álít heppilegast, að verkamannabústaða- og byggingarsamvinnufélög, sem kynnu nú að geta tekið þetta upp, haldi áfram að framkvæma l. um heilsuspillandi íbúðir og fengju þetta fé að sjálfsögðu til umráða í erlendum gjaldeyri til kaupa á sínu byggingarefni. Og ég álít bezt að setja það beinlínis inn í l. Að vísu þarf þá að bæta við ýmsum frekari ákvæðum, því þetta mundi veita þessum byggingarfélögum sérstakan rétt, sem þau hafa ekki sem stendur nema að mjög litlu leyti. Þau eiga mjög mikið undir högg að sækja að fá gjaldeyrisleyfi beint hjá fjárhagsráði fyrir sínum innflutningi. En ég álít bezt, að þau fengju það beint. Enn fremur vil ég taka það fram, að langheppilegast muni vera, að þessar 12 millj. kr. yrðu eingöngu notaðar til innkaupa á byggingarefni. Þá er að vísu eftir að sjá fyrir allmiklu lánsfé öðru, sem ég hef ekki gert þarna ráð fyrir, til að greiða vinnuafl og annan innlendan kostnað. Ástæðan til þess, að ég bar ekki fram við þessa umr. till. um það, er sú, að ég álít, að svo framarlega sem þetta fengist samþ. við 2. umr., mundi allmikill möguleiki á að semja um viðbót viðvíkjandi innlenda fjármagninu. Það er sem sé enginn vafi, að ef Alþ. léti sinn vilja í ljós um það, að taka skuli erlent lán til kaupa á byggingarefni, yrði ákaflega erfitt að standa á móti því, að sá hluti fjármagnsins fengist, sem þyrfti til að borga t. d. vinnuaflið og slíkt. Ég efast ekki um, að sá þrýstingur, sem skapaðist við slíka samþykkt Alþ., mundi verða nægilega sterkur til þess, að Landsbankinn fyrst og fremst yrði að láta undan hvað snertir innlent fjármagn. Ég held þess vegna, að ef þm. gætu fallizt á þessa till. nú, ætti að verða auðvelt að komast að samkomulagi til að knýja betur á viðvíkjandi innlendu fjármagni undir 3. umræðu.

Hvað snertir sanngirni í þessari till. þá vil ég aðeins benda á, eins og raunar hefur áður komið fram, bæði nú hjá hv. þm. V-Ísf. og kom líka fram við 1. umr., að ekki er nema eðlilegt, þegar farið er fram á allmikið lán til byggingar í sveitum, að nokkuð sé hugsað líka viðvíkjandi bæjunum. Ekki sízt þar sem stjórnarflokkarnir hafa með afnámi húsaleigulaganna gert ráðstafanir til þess að setja fólk út á gaddinn í stórum stíl, þannig að það ætti að vera engum skyldara en þeim, sem láta þau lög bitna á almenningi, að samþ. þær kröfur, sem fram hafa komið um aukna byggingu íbúðarhúsa í bæjum og kaupstöðum.

Ég sé, að hv. þm. V-Ísf. hefur lagt fram till., sem líka fer fram á að auka lánsheimild, sem verður því að nokkru leyti til hins sama, og er það vel farið. Og ég býst við, að sá háttur mundi verða hafður á við þessar till., að mín yrði að öllum líkindum borin upp á undan, af því að þar felst hærri upphæð, þó að till. séu að nokkru leyti sín hvors eðlis. Og ég mun auðvitað verða með till. á þskj. 724 að minni frágenginni. Ég vil taka fram, að í samþ. á lánveitingu felst, eins og ég geri grein fyrir í nál., síður en svo „prinsipíelt“ samþykki á upphæð nefndra lána. Ég hef áður gert grein fyrir því, að með því stjórnarfari, sem við höfum við að búa í landinu, álít ég ekki, að hægt sé annað en að verða við þessu með þeim breyt., sem hér er lagt til að gera. Og ég vil vonast til þess, að Framsfl. muni eftir., hverju hann lofaði við síðustu kosningar um byggingar í Reykjavík. Ég vona sem sagt, að stjórnarfl. sjái sér fært að samþ. þessa aukningu, sem kemur fram í tveimur mismunandi formum frá stjórnarandstöðunni.

Gunnar Thoroddsen: Í niðurlagi 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að verja allt að 3 millj. kr. af umræddum lánum til iðnlána, enda ákveðið með lögum um tilhögun iðnlánanna. Nú hefur þessi hv. d. afgr. frá sér frv. um stofnun iðnbanka Íslands. Ég tel því eðlilegt, að þessar 3 milljónir verði tengdar við þá bankastofnun, og hef leyft mér að flytja brtt. með hv. þm. A-Húnv. og hv. þm. N-Ísf. um, að niðurlag gr. verði á þessa lund, að allt að 3 millj. kr. verði varið til stofnunar iðnbanka. Þessi till. er í prentun enn þá, en ég taldi rétt að lýsa henni nú þegar. Ég þarf ekki að fara um hana fleiri orðum, en get vitnað til umr. í fyrra um iðnbankafrv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Við fyrri umr. þessa máls hreyfði ég nokkurri gagnrýni varðandi það, hvernig málið er undirbúið, og skal ekki endurtaka það hér. Hins vegar hef ég ásamt tveimur öðrum nm. lagt til, að frv. verði samþ., eins og fram kemur á nál. 176. Mínar aths. við frv. við fyrri umr. voru efnislegar að nokkru leyti, — þær sömu og hér komu fram frá hv. þm. V-Ísf., að í frv. sjálfu væri ekki nægilega gætt þess jafnvægis, sem æskilegt væri varðandi lánsfjárútvegun milli einstakra stétta og starfsgreina. Ég átti og viðræður við einstaka ráðh. um þetta og hefði gjarnan kosið að koma að brtt. á þessu frv. En eins og málið stendur og komið er mjög nálægt þinglokum, lítur ekki út fyrir, að auðvelt verði að koma slíkum breyt. fram. Tveir nm., hv. þm. V-Ísf. og hv. 2. þm. Reykv., hafa komið með brtt. við frv. Hins vegar finnst mér, að í því gæti nokkurs ósamræmis hjá a. m. k. hv. 2. þm. Reykv., sem hefur látið í ljós jafnmiklar efasemdir um það, að rétt væri að stofna til erlendrar lántöku, þar sem hann byggir nú sína brtt. á því, að hækkuð sé lánsheimild, sem í frv. felst, á sama hátt og gert er ráð fyrir að hækka í brtt. hv. þm. V-Ísf. Hvorugri

þessari till. treysti ég mér til að fylgja, af þeirri ástæðu, að þær byggja á þessari hækkunartill. fyrst og fremst um heildarupphæð lána. En þá finnst mér skorta nokkra nánari athugun á málinu í heild. Ég óttast þá skort á eðlilegu jafnvægi, eins og ég hef áður vikið að um þetta frv. Út af viðræðum innan míns flokks og við ráðh. leizt mér ekki þannig á, að auðvelt væri að fá meiri hl. þingfylgi fyrir breytingartillögum. Vildi ég því freista þess að setja fram þau sjónarmið, sem fyrir mér vakti, og er það gert í þáltill., sem útbýtt er. En þar er gert ráð fyrir, að fram fari athugun á þeirri nauðsyn að auka lánsfé, og stjórninni falið að undirbúa málið. Þegar mál koma fram á 11. stund, er undir hælinn lagt, hvort afgreiðsla fæst tímans vegna. Tel ég þá betra, ef þingvilji væri fyrir því, að hann kæmi fram í áskorun í garð ríkisstj. Ég hygg hins vegar, að þó að svo fari, að þetta mál nái ekki afgreiðslu, sem ég þó vona, ef nokkur tími vinnst til, þá sé samt sem áður ekki loku fyrir skotið að ná eyra ríkisstj. um efnislega meðferð málsins fyrir næsta Alþ. Væri hægt að freista þess t. d. í samvinnu við bæjarstj. Reykjavíkur, sem á hér mikilla hagsmuna að gæta. Ég vildi aðeins setja þetta fram, áður en til atkvgr. kemur um þetta mál. Og að lokum þetta: Ég tel mig ekki bundinn við að fylgja allsendis einni breyt. á frv. Í brtt. þeirri, sem hv. 7. þm. Reykv. hefur nýlega lýst, tel ég ekki efnisbreyt. felast, og mun þess vegna að henni fram kominni fylgja henni við atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá 7. þm. Reykv. o. fl. (sjá þskj. 734) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Emil Jónsson: Ég lýsti við 1. umr. þessa máls nokkuð undrun minni yfir þeirri stefnubreyt., sem virðist hafa orðið hjá ríkisstj., þar sem er farið fram á að taka stórt erlent lán, án þess að það sé ætlað til ákveðins hlutar, heldur ótiltekið afhent Búnaðarbankanum að nokkru leyti og til iðnlána að miklu leyti, en hvort tveggja óákveðið. Ég ætla ekki að endurtaka það, sem ég sagði við 1. umr. Málið virðist á þeim rekspöl nú, að stuðningsmenn ríkisstj. í fjhn. hafa skilað nál. og lagt til, að frv. verði samþ. Svo að það virðist sýnilegt, að það eigi að ná fram að ganga. En ég vil aðeins geta þess, að við 1. umr. málsins benti ég á það einnig, að afleiðing af þessu hlyti að verða sú, að það komi fram krafa frá öðrum aðilum en þeim, sem hér um ræðir, um aðstoð við ýmis önnur mjög aðkallandi atriði, sem þarfnast úrlausnar. En menn hafa ekki talið, að það ætti, eins og sakir standa, að fara fram á erlend lán. Þegar því hins vegar er slegið föstu, að þessi stefna er upp tekin að taka lán, er ekki óeðlilegt, að þeir láti nú til sín heyra. Ég segi þetta af því sérstaka tilefni, sem hér er gefið í þessu skyni af nál. minni hl. fjhn. á þskj. 724, þar sem hv. þm. V-Ísf. leggur til, að ábyrgðarheimildin verði hækkuð nokkuð og henni varið öðruvísi en í frv. greinir. Ég er efnislega því fylgjandi, að ef út í þetta verður farið, verði hækkað framlag til iðnaðar, og að þá verði einnig bætt við 7 millj. kr. til verkamannabústaða, eins og þar er lagt til. En alveg sérstaklega vil ég leiða athygli að 3. lið brtt., þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta, að á eftir 2. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

„Ríkisstj. er heimilt að ábyrgjast lán til breytingar á kolakyndingu gömlu togaranna í olíukyndingu fyrir þá kaupstaði, kauptún eða einstaklinga, sem sótt hafa um nýsköpunartogara, en ekki fá úrlausn."

Útgerð gömlu togaranna, sem svo eru nefndir, er mikið vandamál. Þeir hafa legið ónotaðir nú um æði langan tíma flestir, ekki allir að vísu; en vitað er, að ef hægt er að gera þá út undir einu formi eða öðru, mundi skapast mjög mikil aukning atvinnu í landinu og bætt úr atvinnuleysi, sem hefur gert vart við sig. Því hefur verið haldið fram, að þetta væri hægt að gera með því að breyta kyndingaraðferðinni yfir í olíukyndingu. Og það lítið ég hef kynnt mér málið er ég þeirrar skoðunar, að þetta sé hægt. Þetta er að vísu ekki rannsakað til hlítar. Liggur fyrir Alþ. till. um, að þessi athugun fari fram. Leiði hún í ljós, að þetta muni takast, er ætlazt til, að ríkisstj. veiti aðstoð sína til, að út í þetta verði hægt að fara. Þessi aðstoð er að vísu að því leyti öðruvísi en önnur lán, sem gert er ráð fyrir að veita hér, að allar líkur eru til, að þegar skipin mundu, að henni veittri, komast af stað, öfluðu þau nægilegs gjaldevris til að standa undir þeim erlendu lánum, sem til þess verða tekin. Mér er ekki fullkunnugt, um hvað stóra upphæð er að ræða. En ég hygg, að ef gert er ráð fyrir, að 10 skip þurfi þessarar aðstoðar við, mundi ekki þurfa miklu meira en 5 millj. kr. í allt, eða um ½ millj. kr. á skip. Og ef það er unnt, þá er því fé vel varið. Það verður ekki einasta til þess að bæta úr atvinnuleysi, sem hér er í landi, heldur líka til þess að gera þessi verðmæti, sem togararnir eru, varanlega arðbær. En það hafa þeir ekki verið um langan tíma.

Mér þykir sá galli á till., að þar er eingöngu gert ráð fyrir, að þessi aðstoð verði veitt kauptúnum og kaupstöðum, sem sóttu um nýsköpunartogara, en fengu ekki úrlausn. Nú er vitað, að allir eða flestir þessara gömlu togara, sem hér um ræðir, eru í Reykjavík eða Hafnarfirði. Það eru a. m. k. 4—5 togarar í Hafnarfirði og álíka margir í Reykjavík eða fleiri. Báðir þessir staðir hafa, að ég ætla, sótt um að fá einn eða fleiri af nýju togurunum og fengið þá, og mundu þess vegna ekki, ef till. verður samþ., koma til greina með aðstoð til aðgerðar á gömlu togurunum samkv. till. Ég vildi leyfa mér að leggja til, að till. yrði breytt þannig, að þetta ákvæði, sem takmarkar ábyrgðarheimildina, verði fellt niður og till. orðuð á þessa leið:

Ríkisstj. er heimilt að ábyrgjast lán til breyt. á kyndingu gömlu togaranna í olíukyndingu.

Í samræmi við það ber ég fram skrifl. brtt., að niðurlag málsl. frá orðunum „fyrir þá kaupstaði" o. s. frv. falli niður. Ég vildi mega vænta þess, að þeir, sem að frv. standa, taki þessa till. til velviljaðrar athugunar. Því að ég hygg, að það sé með fáu móti hægt að auka atvinnulíf í landinu betur með litlum tilkostnaði en með því að koma einmitt gömlu togurunum á veiðar. Væri hægt með ekki meira en 5 millj. kr. að koma 10 togurum á veiðar, mundi það bæta mjög úr því erfiða atvinnuástandi, sem hér er.

Ég skal að öðru leyti ekki fjölyrða um frv. og afgreiðslu þess, ekki endurtaka það, sem ég hef

sagt fyrr um málið, en leyfi mér að leggja fram skrifl. brtt. og bið hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá þm. Hafnf. (sjá þskj. 736) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru fáein orð út af brtt. þeim, sem hafa verið lagðar fram við þetta frv. — Það er þá fyrst í sambandi við brtt. á þskj. 724, frá 1. minni hl. fjhn., sem eru um það, að lántökuheimildin verði hækkuð um 7 millj. króna, og því láni verði varið til byggingar íbúðarhúsa; einnig um það, að hærri upphæð af láninu renni til iðnaðarins, en lánið til Búnaðarbankans lækki þá samkvæmt því. Ég vil taka fram, að ég get ekki mælt með því, að lántökuheimildin verði hækkuð frá því, sem er í frv., og er það ekki vegna þess, að ég álíti ekki nauðsynlegt að bæta við íbúðarhúsabyggingum, heldur er það vegna þess, að við teljum ekki rétt að taka meiri erlend lán en frv. gerir ráð fyrir. Því verða menn að meta það, hvað réttast sé að láta sitja fyrir lánunum, og okkar mat er það, að landbúnaðurinn eigi að sitja fyrir í þessu sambandi að svo miklu leyti, sem frv. gerir ráð fyrir. Hér er um að ræða, hvort setja eigi fjármagnið til landbúnaðarins og auka með því atvinnureksturinn og framleiðsluna eða til íbúðarhúsabygginga.

Þá er brtt. á þessu sama þskj. um það, að nýrri grein verði bætt inn í frv., og er hún þess efnis, að ríkisstj. verði heimilt að ábyrgjast lán til breytingar á kolakyndingu gömlu togaranna o. s. frv. Hv. þm. Hafnf. flutti einnig brtt. varðandi þetta efni. Ég vil nú fara fram á það við hv. flm. þessara brtt., að þeir taki þær aftur til 3. umr., vegna þess að ríkisstj. er einmitt að athuga þetta mál núna og hvað eðlilegt sé að gera í því. Þetta á líka í sjálfu sér ekki heima í frv. og ekki rétt að binda það við lántökuheimildina. Ég tel því rétt að biðja hv. flm. að taka brtt. sínar aftur, svo að hægt verði að athuga þetta nánar fyrir 3. umr.

Þá er það brtt. frá 2. minni hl. um það að hækka lántökuheimildina og verja þeirri upphæð á svipaðan hátt og 1. minni hl. leggur til, þó einvörðungu til að lána til bygginga íbúðarhúsa. Ég vil mæla gegn þessari brtt. með sömu rökum og brtt. 1. minni hl. um svipað efni. Hv. 2. þm. Reykv. minntist í þessu sambandi á það, að Framsfl. hefði lýst því yfir við síðustu kosningar, að hann vildi stuðla að byggingu nýrra íbúðarhúsa. Ég vil í þessu sambandi minna hv. þm. á það, að fyrir tilstilli Framsfl. voru sett ákvæði inn í gengisbreytingarlögin, sem urðu þess valdandi, að þessir sjóðir, þ. e. byggingarsjóður verkamanna og sjóðir byggingarsamvinnufélaganna, fengu á síðasta ári um 7 millj. króna. Þetta fé fengu þeir einvörðungu vegna þessara ákvæða, sem Framsfl. fékk komið inn í lögin. Svo það er ekki hægt að segja, að Framsfl. hafi ekki gert sitt til að bæta úr þessum málum, þótt hann treystist ekki til að fylgja þessari brtt. hv. 2. þm. Reykv.

Loks er svo skrifleg brtt. frá hæstv. forseta um það, að tekið verði inn í þetta frv. ákvæði um það, að iðnbanki skuli vera stofnaður. Það leiðir af sjálfu sér, að ríkisstj. getur ekki mælt með þessari till. Það er tekið fram í grg. frv., að þetta mál sé í athugun hjá ríkisstj., og því er ekki viðeigandi að ákveða nokkuð í þessu efni, fyrr en sú athugun hefur leitt í ljós, hvort skynsamlegt sé að bæta við banka eða ekki. Því mælist ég til þess við hv. flm., að hann taki till. til baka til 3. umr. og þá verði reynt að komast að samkomulagi um það, hvernig þessu láni til iðnaðarins verður bezt fyrir komið.

Frsm. 1. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Ég mun verða við tilmælum hæstv. ráðh. um það að taka 3. brtt. mína á þskj. 724 aftur til 3. umr. Af því leiðir að sjálfsögðu, að brtt. hv. þm. Hafnf. er líka tekin aftur til 3. umr. Ég flutti þessa brtt. vegna þess, að ég taldi rétt að gera tilraun til að dreifa togurunum og fullnægja þannig atvinnuþörfinni hjá sjómönnum og öðrum þeim, sem við sjávarútveginn vinna. En þetta kemur væntanlega nánar til umræðu við 3. umr. málsins. — Ég vil svo taka það fram í sambandi við þessa brtt., að ríkisstj. er í sjálfu sér ekki bundin við það að taka þetta lán erlendis. Ég lít svo á, að heimildina megi nota bæði innanlands og utan, og við það er mín brtt. miðuð.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég vil ekki tefja umr. mikið úr þessu, en vildi segja nokkur orð í sambandi við yfirlýsingu hæstv. fjmrh. um það, að hann gæti ekki mælt með minni brtt. vegna þess, að í henni fælist heimild til að taka lán til að byggja íbúðarhús. Hins vegar mætti taka 12 millj. til landbúnaðarins vegna þess, að þær færu til atvinnuaukningar. Nú vildi ég mega spyrja hæstv. ráðh.: Er ekki meiningin að nota þessar 12 millj. króna meðfram til að byggja íbúðarhús í sveitum? Mér hefur skilizt, að svo væri, og það kom líka greinilega fram við 1. umr. málsins. Þannig er ríkisstj. ekki mótfallin því að verja erlendu láni til byggingar á íbúðarhúsum, heldur er hún á móti því, að þau verði byggð í bæjum. Hæstv. ráðh. minntist í þessu sambandi á það, að Framsfl. hefði fengið komið á ákvæðum um veitingu allmikils fjár til íbúðarhúsabygginga í bæjum í sambandi við gengislækkunina. Ég skal ekkert segja um það, hvernig samningar stjórnarflokkanna hafi verið um þetta mál, hvort Framsfl. hafi eingöngu komið þessum ákvæðum á og Sjálfstfl. hafi ekkert átt í þeim. En ef á að fara að vega þetta og meta, þá væri ekki úr vegi að fá upplýsingar um, hvað gengisbreytingin hefur gert byggingarnar miklu dýrari og hvað framlag það, sem Framsfl. þykist hafa komið á, vegi upp á móti þeirri dýrtíð, sem hann skapaði með sömu lögum. Ég held, að fjmrh. komist ekki hjá að verða var við, að ef ástandið í byggingarmálum sveitanna er svo slæmt sem hann lætur, þá er bein neyð fyrir hendi í þessu efni í bæjunum. Fyrir 22 árum voru samþ. lög um útrýmingu kjallaraíbúða, og þessi lög hafa enn ekki verið framkvæmd. Síðan hafa líka verið byggðar íbúðir, sem eru enn þá verri og bölvanlegri en kjallaraíbúðirnar. Þannig fæ ég ekki séð, hvernig hægt er að halda því fram, að svo framarlega sem sú leið er farin að taka erlend lán til byggingar íbúðarhúsa, þá sé ekki jafnnauðsynlegt að byggja þær íbúðir í bæjum sem sveitum. Þetta vildi ég aðeins segja í sambandi við ræðu hæstv. ráðh. Það sýnir

sig að sjálfsögðu við atkvgr., hvert álit hv. þm. er í þessu máli. Ég bjóst satt að segja ekki við því, að loforð Framsfl. við síðustu kosningar um það, hvað þeir ætluðu að gera fyrir bæina, yrðu haldgóð, en nú reynir á þm. bæjanna, hvernig þeir standa sig í þessu sambandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Nd., 1. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 733,1 felld með 18:5 atkv.
— 724,1 felld með 19:7 atkv.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 724,2 felld með 17:9 atkv.
— 733,2 felld með 15:9 atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 724,3 og 736 teknar aftur.
— 734 tekin aftur til 3. umr.
3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 649, 734).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., 3. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 649, 734, 777).

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls flutti ég, hv. þm. A-Húnv. og hv. þm. N-Ísf. brtt. á þskj. 734 þess efnis, að þær 3 millj., sem ætlaðar voru til iðnaðarlána, skuli bundnar í ákveðnum tilgangi til stofnunar iðnaðarbanka. Hæstv. ríkisstj. fór fram á það við okkur, að við tækjum brtt. aftur til 3. umr., og var það gert. Þetta mál hefur verið rætt nokkuð við suma ráðherrana, og varð samkomulag um brtt. á þskj. 777, og felast í henni 2 atriði. Annað er það, að lánið skuli ekki bundið við stofnun iðnaðarbanka, heldur ef til vill iðnlánasjóðs. Ed. hefur afgr. frv. um iðnaðarbanka, en Nd. hins vegar ekki, og er nú senn komið að þinglokum og ekki víst um framgang málsins, og þess vegna þarf að gera ráð fyrir, hvað yrði um þetta fé, ef iðnaðarbanki verður ekki stofnaður. En því er ekki slegið föstu, hvort iðnlánasjóðurinn verður til frambúðar. Í niðurlagi till. er gert ráð fyrir jafnháu framlagi annars staðar frá. Er þetta álíka og var í frv. ríkisstj. um iðnaðarbankann, þar sem gert var ráð fyrir, að á móti kæmi 3½ frá iðnaðarmönnum, en 2½ frá ríkinu. — Um þessa brtt. hefur sem sagt orðið samkomulag við ríkisstj., og tel ég breytingu hennar vera til bóta frá því, sem hún var.

ATKVGR.
Brtt. 777 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 734, svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 789).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd., og því fylgdi þar grg., þar sem frv. var kynnt; en efni þess er að heimila ríkisstj. að taka allt að 43 millj. kr. lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri. Ástæður til lántökunnar eru þrenns konar. Í fyrsta lagi telst svo til, að það þurfi 25 millj. kr. til greiðslu eftirstöðva af verði togaranna nýju, og á þá að greiða upp 16 millj. kr. bráðabirgðalánið, sem tekið var í Englandi til eins árs. Í öðru lagi vantar milljónatugi í stofnlánadeild Búnaðarbankans til ræktunarframkvæmda og húsbygginga í sveitum, og er ætlunin að fá með þessu nokkurt fé til bráðabirgða á meðan leitazt er fyrir um að fá fjármagn til þessara framkvæmda, sem að haldi má koma. Þá er í þriðja lagi nauðsynlegt að fá fé til aukinna iðnlána. Fyrir Alþ. liggur frv. um iðnbanka, sem kunnugt er, en ríkisstj. telur ekki að svo komnu tímabært að samþ. það, heldur leggur hún áherzlu á, að heimiluð verði að sinni þessi lántaka til iðnaðarins, og yrði þá hægt að athuga það fram að næsta Alþingi, hvort þá þætti tímabært að stofna sérstakan iðnbanka með svipuðum hætti og ráðgert er í því frv.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. þessu sé vísað til hv. fjhn. að lokinni umræðu.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Við meðferð þessa máls í Nd. voru bornar fram 3 brtt., ein á þskj. 798 af hv. þm. Hafnf., sem ekki náði samþ., þess efnis, að ný grein skyldi bætast við frv. og ríkisstj. þar heimilað að ábyrgjast allt að 2 millj. kr. lán fyrir eigendur gömlu togaranna til að setja í þá olíukyndingu. — Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh., hvort ríkisstj. hafi í huga að gera þessar ráðstafanir með einhverjum öðrum hætti en í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Út af þessari fsp. er þess að geta, að í fjhn. Nd. er þetta mál nú til meðferðar í sambandi við frv. um togarakaup ríkisins, og kemur þar fram brtt. frá n. um þetta, sem studd er af ríkisstj. Og ég vil beina því til hv. fyrirspyrjanda, að ef hann hugsar sér að bera fram brtt. um þetta efni, þá ætti hann að bera hana fram við það mál, er það kemur hingað, en ekki við það frv., sem hér er til umr.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Í niðurl. 2. gr. þessa frv. er talað um að verja allt að 3 millj. kr. til stofnunar iðnbanka Íslands eða til iðnlánasjóðs; en fyrr í sömu gr. er talað um að verja allt að 15 millj. kr. til landbúnaðarins eða Búnaðarbankans, — „enda kæmi jafnhátt framlag annars staðar að". — Er það ekki svo að skilja, að þessi fyrirvari gildi jafnt um Búnaðarbankann sem iðnlánasjóð, og jafnhátt framlag lánsupphæðunum skuli koma annars staðar að til beggja? — Um þetta vildi ég spyrja hæstv. ráðh. Enn fremur vildi ég drepa á það, að minni hl. iðnn. gefur út álit um frv. um iðnbanka Íslands, sem nú hefur verið samþ. af hv. Nd. Og ég vildi því mælast til þess

við hæstv. forseta, að þessi d. fengi einnig að fella um það mál sinn úrskurð. Ég veit ekki, hvort meiri hl. n. skilar áliti eða ekki, en ég treysti hæstv. forseta til þess að sjá svo um, að vilji þingsins í þessu efni fái einnig að koma í ljós í þessari hv. deild.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. þm. Vestm. vil ég taka það fram, að það skilyrði, sem hann talaði um, tekur aðeins til iðnlánasjóðs, en ekki Búnaðarbankans. En á þessu stendur þannig, að flm. iðnbankafrv. fluttu brtt. við þetta frv. í hv. Nd., þar sem þeir tiltóku, að framlagið skyldi greiðast til iðnbankans. En ríkisstj. var því andvíg, og varð svo samkomulag um, að þarna stæði: „til iðnaðarbanka eða til iðnlánasjóðs, enda komi jafnhátt framlag annars staðar að". — Annars mundi lánsfé til iðnaðarins aðeins aukast um 3 millj., en það hefur alltaf verið gert ráð fyrir því, að sú upphæð yrði hærri og kæmi til meira fé frá öðrum aðilum, og eins þótt féð fari til iðnlánasjóðs í stað iðnbankans.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hefði ekki tekið hér til máls, ef hv. þm. Vestm. hefði ekki vikið að nál. meiri hl. En í því sambandi get ég upplýst, að meiri hl. n. hefur gengið frá málinu, og ég býst við, að þess vegna væri hægt að taka málið fyrir t. d. þegar í kvöld, ef hæstv. forseti hefði hugsað sér það.

Forseti (BSt): Eins og ég gat um í gær, þá hef ég ekki hugsað mér að taka önnur mál á dagskrá að þessu sinni en þau tvö, sem hér hafa verið tekin til umræðu nú á þessum óvenjulega fundartíma; en ég mun hins vegar taka málið á dagskrá strax á mánudag.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að benda á, að umrætt mál stendur jafnfætis þessu, sem hér er rætt, að því leyti hvað snertir réttmæti þess, að það fái afgreiðslu, að bæði málin eru komin frá Nd., þar sem þau hafa verið afgr. Hins vegar var það ekki krafa mín til hæstv. forseta, að málið yrði endilega tekið á dagskrá í kvöld, en ég treysti því, að hann sjái sér fært að gera það á hæfilegum tíma.

Forseti (BSt): Það er nú ekki rétt hjá hv. þm. Vestm., að mál þessi standi jafnfætis um afgreiðslu, þar sem annað hefur ekki enn þá farið til n. Og hugmyndin var, að því yrði komið til n. á þessum fundi.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svör hans og leyfi mér að vænta þess, að álit komi frá hv. fjhn. áður en afgreiðslu þessa máls er lokið að fullu. En þar sem Alþfl. á engan mann í n., vil ég leyfa mér að biðja hæstv. ráðh. að upplýsa eftirfarandi:

Er það rétt skilið hjá mér, að lánið, sem tekið er vegna togarakaupanna í Bretlandi, flytjist yfir á væntanlega kaupendur með þeim kjörum, sem ríkisstj. gengur að, þannig að vaxtabyrðin og gengisáhættan leggist þeim á herðar? — Enn fremur vil ég spyrja, hvort hið sama gildi þá einnig um þau lán, sem Búnaðarbankinn fær og ganga eiga til ræktunar og bygginga í sveitum. Þau lán, sem bankinn veitir almennt, eru annars yfirleitt til 42 ára og með vægari vöxtum, og það segir sig sjálft, að gengisáhættan t. d. af þessum nýju lánum getur hlaupið á stórum upphæðum. — Þetta vildi ég leyfa mér að biðja hæstv. ráðh. að upplýsa áður en málið fer til n.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hvað togaralánið snertir, sem hv. þm. spyr um, þá er þetta þannig vaxið, að þeir, sem kaupa togarana, taka að sér fasta, brezka lánið, eins og kemur fram í grg., eða um 70% af kostnaðinum. 10% er gert ráð fyrir, að séu borguð út, og stendur þá eftir 20% sem skuld við ríkissjóð, og lendir gengisáhættan af því á ríkinu; en það eru um 16 millj. kr., sem eru í þeirri áhættu, og á því verður sennilega einhver vaxtamunur líka.

Það er enn þá allt á huldu um það, hvernig tekst að útvega þetta lán. Ríkissjóður skuldar vegna þessara viðskipta í Bretlandi 350 þús. pund í eins árs lánum, og verður reynt að útvega fast lán til að breyta því.

Varðandi lánið til Búnaðarbankans, þá stendur hér í frv., að bankinn skuli fá það með sömu kjörum og það verður tekið. Ég reikna með því, að bankinn verði að taka lánið í erlendri mynt og taka á sig áhættuna af því, en auðvitað verður ekki farið að lána bændum þetta fé í erlendu myntinni.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. upplýsingar hans. Mér skilst af þeim að því er varðar Búnaðarbankann, að hann verði að taka áhættuna af umræddu láni, og það verði veitt með eðlilegum hætti til bænda, án nokkurrar áhættu af gengisbreytingu eða vaxtamismun. Er þannig auðséð, að á þessum tveimur lánum, til landbúnaðarins og skipanna, er ákaflega mikill munur. — Á þetta vildi ég aðeins benda hér við 1. umr. málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 789, n. 796).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það er víst almennur sannleikur, að æskilegast sé að geta tekið af sjálfs sín efnum, en þurfa ekki að leita eftir láni. En hitt er engu síður sannleikur, að æskilegt sé að taka lán, þegar ekki er hægt að taka hjá sjálfum sér og eignirnar hrökkva ekki til.

Hæstv. ríkisstj. hefur með þessu frv. farið fram á heimild til að mega taka lán, ef henni þykir rétt, og sýnt er nú, að hjá því verði ekki komizt. Lán þetta á að vera til þess að hjálpa þrem aðalatvinnuvegum landsmanna, sjávarútveginum, landbúnaðinum og iðnaðinum.

Hv. fjhn. — eða 4 menn af 5, sem á fundi voru, — voru sammála um það, að þessi lántaka væri nauðsynleg. Um 5. manninn, sem ekki mætti

á fundi, veit ég ekki. — Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þetta lengri framsögu. Í grg. fyrir frv. eru lagðar fram ástæðurnar fyrir þessu frv. og rök þau, sem hv. ríkisstj. færir fram fyrir heimildaróskunum, en eins og ég sagði áðan, þá leggja 4 af 5 fjhn.-mönnum til, að frv. verði samþ.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Í hv. Nd. var á það bent af þm. Alþfl., að með þessu frv. væri tekinn upp nýr og óvenjulegur háttur með okkur Íslendingum með því að taka erlent lán til húsbygginga og ræktunar í sveitum landsins. Þar var bent á þann meginmun, sem er á erlendri lántöku til slíkra framkvæmda og á erlendri lántöku til fyrirtækja, sem skila gjaldeyrinum fljótlega aftur eða spara stórkostlega erlendan gjaldeyri. Ég vil taka undir þær aðvaranir, sem flokksbræður mínir í hv. Nd. gáfu í þessum efnum, og vísa að öðru leyti til þeirra raka, sem þeir fluttu þar máli sínu til stuðnings.

Það er auðséð, að meiri hl. Alþ., stjórnarfl., er ákveðinn í að taka upp þá nýju háttsemi að stofna til erlendrar lántöku í þessu skyni, og er augljóst, að gegn því verður ekki rönd reist. En úr því að fara á inn á þessa braut, þá finnst mér sjálfsagt að líta á þarfir fleiri aðila en gert er í frv. eins og það liggur fyrir.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því, að lántökuheimildin verði alls 43 millj. kr. Þar af skuli verja allt að 25 millj. kr. til greiðslu eftirstöðva af kostnaðarverði þeirra 10 togara, sem verið er að smíða í Bretlandi, en af þeirri upphæð hefur ríkisstj. þegar fengið heimild fyrir 16 millj. kr. lántöku, þannig að viðbótin til togarakaupanna er samkv. upplýsingum hæstv. fjmrh. ekki nema 9 millj. kr. Síðan er gert ráð fyrir, að Búnaðarbanki Íslands fái 15 millj. kr. lán og að 3 millj. kr. verði varið til stofnunar iðnaðarbanka eða til iðnlánasjóðs. Samkv. upplýsingum hæstv. fjmrh. við 1. umr. er ætlazt til þess, að kaupendur togaranna taki á sig, um leið og þeir ganga inn í kaupin, það fasta lán, sem á togurunum hvílir og nemur 70% af kaupverði togaranna, með þeim kjörum, sem ríkisstj. hefur tekið lánið í Bretlandi, þ. e. að greiða þann kostnað, sem af lántökunni leiðir, og gengisáhættu. — En með það lán, sem fyrirhugað er að taka handa Búnaðarbankanum, er þessu á allt annan veg háttað. Það er að vísu gert ráð fyrir því, að Búnaðarbankinn taki að sér lánið, greiðslu vaxta og gengisáhættu, en þetta er í raun og veru það sama og ríkissjóður taki það á sig, því að eins og kunnugt er, er Búnaðarbankinn eign ríkissjóðs. En þeir, sem lánin taka hjá bankanum, eiga hins vegar ekki að greiða vexti neitt sem svarar til þess, sem ríkissjóður þarf að standa straum af eða greiða til hinna erlendu lánveitenda, heldur eiga vaxtagreiðslur lántakenda bankans að fara eftir reglum bankans um vexti af útlánum og miðast við 42 ára lánstíma. Gengisáhættan hvílir á ríkissjóði, en að engu leyti á lántakendum sjálfum. Það er því augljóst, að hér er gert meira upp á milli lántakenda heldur en réttlætanlegt er. Mér virðist, að það sama eigi að ganga yfir þá aðila, sem lánanna eiga að njóta, hvort sem þeir eru til sjávar eða sveita. Það ætti að vera auðvelt að bæta úr þessu með því að leggja vissa áhættuprósentu á þessi lán til þess að mæta þeirri áhættu, sem lánunum fylgir, eða a. m. k. að hafa þarna hæfilegan mismun að mati Alþ.

En það eru fleiri, sem skortir lánsfé til ýmissa framkvæmda, sem að vísu spara ekki gjaldeyri í bili eða skapa erlendan gjaldeyri. Eins og allir vita, eru þau húsaleigukjör, sem almenningur á við að búa í Reykjavík og í ýmsum stærri kaupstöðum landsins, það atriði, þar sem einna mest kreppir að. Áætlanir fjárhagsráðs fyrir yfirstandandi ár eru enn ekki komnar út, en mér hefur verið sagt, að innflutningur á byggingarvörum og þ. u. l. sé við það miðaður, að sáralitið verði byggt af nýjum íbúðarhúsum á þessu ári og miklu minna en sem svarar eðlilegri fólksfjölgun. Ef farið verður inn á þá braut að taka erlent lán til húsabygginga og annarra slíkra framkvæmda, fæ ég ekki séð, að unnt verði að standa gegn þeirri eðlilegu kröfu, að eitthvað svipað verði látið ganga yfir landsfólkið í þessum efnum, hvort heldur það er til sjávar eða sveita. — Ég vil því leyfa mér að leggja hér fram brtt. frá mér og hv. 6. landsk. þm. (HV), um að leyfisupphæðin hækki nokkuð og skiptist eins og segir í till. — með leyfi hæstv. forseta:

„Af láni því, er um ræðir í 1. gr., er heimilt að verja allt að 25 millj. króna til greiðslu eftirstöðva af kostnaðarverði þeirra 10 togara, sem ríkisstj. á í smíðum í Bretlandi, allt að 12 millj. króna til þess að lána Búnaðarbanka Íslands, allt að 7 millj. króna til verkamannabústaða og samvinnubyggingarfélaga og allt að 6 millj. króna til iðnlánasjóðs, með sömu kjörum og lánið verður tekið."

Ég hygg, að óþarft sé að hafa mörg orð um þessa brtt. Það er ljóst, að Alþ. er ráðið í því að fara inn á þá braut að taka lán erlendis í þessu skyni. Verði það gert, er að minni hyggju ómögulegt að standa gegn því af sanngjörnum mönnum, að tekið verði ekki aðeins tillit til þeirra, sem í sveitum búa, heldur einnig þeirra, sem búa við hinn brýnasta skort á húsnæði í Reykjavík og hinum stærri kaupstöðum landsins, ef þeir nota þetta fé eingöngu til bygginga á íbúðarhúsum, því að með þessu er ástæða til að ætla að hægt verði að bæta úr húsnæðisskorti fjölda manns og gera úrbót í húsnæðismálunum, sem um munar. Ég leyfi mér svo að afhenda hæstv. forseta þessa brtt.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur, þegar mál þetta var afgr. í fjhn., vegna þess að mér höfðu ekki borizt fundarboð. En ég hafði hugsað mér að bera fram brtt. við frv. í n. og freista þess, hvort hægt væri að fá hana samþ., en þar sem það hefur ekki tekizt, úr því að svona tókst til, hef ég ákveðið að koma með brtt. við frv., sem þegar er komin í prentun, en þar sem ekki hefur unnizt tími til að prenta hana, verð ég að leggja hana fram skriflega.

Að því er snertir frv. í heild er enginn ágreiningur um lánsheimild til togarakaupanna, og er ég henni að sjálfsögðu samþykkur. Hvað snertir lánsheimildir til Búnaðarbankans og til stofnunar iðnaðarbanka eða til iðnaðarsjóðs, þá tel ég í alla staði mjög óæskilegt að þurfa að taka lán erlendis í þessu skyni. Ef hins vegar er ekki annars kostur, eins og fjármálastjórnin er í landinu, til þess að landbúnaðurinn og iðnaðurinn geti fengið nauðsynleg lán og nauðsynlegan erlendan gjaldeyri til

að starfa með venjulegum hætti, en að taka lán erlendis, þá kýs ég þann kost frekar, ef ekki er hægt að bæta úr brýnustu nauðsyn þessara atvinnugreina með neinum öðrum hætti. En ég tel, að það sé engu síður þörf á lántöku til íbúðarhúsabygginga í fjölbýlinu út frá sama sjónarmiði, og ég er samþykkur hv. 4. þm. Reykv. (HG), að svo framarlega sem á að fara inn á þessa braut, sé ég, að ekki sé hægt að standa á móti því, eins og á stendur nú að því er snertir íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum, að veitt sé lán til þeirra framkvæmda. Það mál er svo þrautrætt, og allir vita ástandið í þessum efnum, að ekki er þörf á að fjölyrða um það, ekki hvað sízt, þar sem ég bar fram brtt. við frv. um lánsheimild til yfirdráttarláns hjá Greiðslubandalagi Evrópu, sem ég gerði þá grein fyrir, en var felld. Fjallaði hún um, að lán yrði einnig veitt til kaupa á byggingarefni til íbúðarhúsa erlendis frá. Ég tel, að þessari lántöku eigi aðeins að verja til kaupa á erlendu efni, og það er beinlínis tekið fram í þeirri till., sem ég mun leyfa mér að bera fram að því er snertir lánsheimild til íbúðarhúsabygginga. Í fyrsta lagi er till. á þá leið, að lánsheimildin verði hækkuð úr 43 millj. kr. upp í 55 millj. kr., og að aftan við 2. gr. bætist — með leyfi hæstv. forseta: „og enn fremur allt að 12 millj. króna til þess að lána byggingarsjóði verkamanna, byggingarsamvinnufélögum og sveitarfélögum þeim, er byggja til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum, enda noti þessi félög fé þetta eingöngu til kaupa á erlendu efni til íbúðarhúsabygginga.“

Ég leyfi mér svo að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt.

Forseti (BSt): Mér hafa borizt skriflegar brtt. við frv. það, sem hér er til umr. Í fyrsta lagi eru 2 till. frá hv. 4. þm. Reykv. (HG) og hv. 6. landsk. þm. (HV) svo hljóðandi: [Sjá þskj. 812.]

Þá hafa mér borizt svo hljóðandi brtt. frá hv. 1. landsk. þm. (BrB): [Sjá þskj. 806.]

Fyrir öllum þessum brtt. þarf afbrigði, þar sem þær eru bæði of seint fram komnar og þar að auki skriflegar. Leyfi ég mér að leita afbrigða fyrir þeim í einu lagi.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. talaði um, að misjafnlega væri búið að væntanlegum lántakendum í þessu sambandi, þar sem togaraeigendum væri að mestu leyti ætlað að bera gengisáhættuna af sínum lánum, en þeir, sem tækju lán í sambandi við landbúnað, ættu ekki að bera gengisáhættu af sínum lánum. En ef þetta er athugað betur, eru ummæli hv. þm. á misskilningi byggð. Eins og ég tók fram við 1. umr., endurtekur Búnaðarbankinn lánið frá ríkinu yfir á sig og tekur þá á sig gengisáhættu og vaxtamismun, og vitanlega verður það þá landbúnaðurinn, sem tekur á sig þá áhættu, þar sem sú stofnun, sem honum þjónar, fær áhættuna í sinn hlut og vaxtamismunurinn verður greiddur af þessari stofnun. Þetta snýr því öfugt við álit hv. 4. þm. Reykv., nema ég hafi misskilið hans ummæli, en því er ekki til að dreifa, að ríkissjóður taki á sig sérstaka áhættu vegna landbúnaðarins í þessum efnum.

Hv. 1. landsk. þm. sagði einnig, að af því að hér væri farið út á þessa braut, væri ómögulegt annað en að hækka lánsupphæðina og láta þetta einnig ná til íbúðarhúsabygginga í kaupstöðum. En mér finnst hér verið að blanda saman í raun réttri óskyldum málum. Ég hef ekki orðið var við það áður hjá þessum hv. þm. eða öðrum, þegar það hefur legið fyrir að afgreiða heimildir til lántöku eða að ábyrgjast lán, t. d. varðandi raforkuver, skipakaup eða fiskiðjuver, að þá hafi þótt sjálfsagt að samþ. um leið lántöku til íbúðarhúsabygginga. Það er fyrst, þegar rætt er um að taka þetta litla lán vegna landbúnaðarins, að honum finnst sjálfsagt að hnýta þar aftan í till. um lán til íbúðarhúsabygginga. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að það er ekki hægt að byggja aðeins útihús og fjós á jörðum í sveitunum, alveg eins og það er ekki hægt að byggja togara án lúkars fyrir sjómennina, og þess vegna er það rangt hugsað, að hér sé um algera hliðstæðu að ræða. Það getur vel verið, að þessu fé verði að öllu leyti varið til ræktunar og bygginga útihúsa í sveitum, en þó svo færi, að því yrði að einhverju leyti varið til íbúðarhúsabygginga í sveitum, þá eru íbúðir eins nauðsynlegar þeim, sem jarðirnar rækta, — eins og ekki má vanta lúkar fyrir sjómenn á togurum, — og verða því að fylgja með jörðunum, eins og útihús og ræktun og önnur tæki tilheyrandi landbúnaðarstarfinu. Mér sýnist því, að röksemdir hv. þm. fái ekki staðizt. Það er mál út af fyrir sig, hvort menn vilja leggja út í að bæta við erlendu láni til íbúðarhúsabygginga í kaupstöðum og kauptúnum, en það vill ríkisstj. ekki leggja til á þessu stigi málsins og leggur þess vegna á móti þeim brtt., sem fram hafa komið, eins og hún gerði varðandi sams konar till. í hv. Nd. Það þarf vitanlega að hlynna að íbúðarhúsabyggingum í kaupstöðum og kauptúnum, en það er sérstakt mál, sem ég mun ekki fara nánar út í hér, þar sem það er álit ríkisstj., að ekki sé viðeigandi að fara frekar út í erlendar lántökur en gert er í þessu frv. og að ekki sé rétt að blanda því máli saman við frv., sem þessar brtt. fjalla um.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil segja hér nokkur orð út af þeim umr., sem hér hafa orðið varðandi lán til togarakaupa.

Hv. 4. þm. Reykv. taldi, að með þessu frv. væri verið að gera upp á milli lántakenda varðandi gengisáhættu. — Þegar samið var um byggingu togaranna, var einnig nokkru síðar samið um sérstakt lán, sem er um 70% af andvirði skipanna, eins og getið hefur verið um, eða 125 þús. sterlingspund á hvert skip, og er þetta óviðkomandi því frv., sem hér er á ferðinni, og var afgr. áður hér á Alþ. Þetta lán verður látið fylgja togurunum með 1. veðrétti í skipunum og á að greiðast upp á 20 árum. Fyrstu 5 árin greiðast aðeins vextir, en síðan vextir og afborganir á næstu 15 árum. Það er þetta lán, sem útgerðarmenn hafa tekið að sér að greiða og bera áhættu af gengisfellingu eða eiga von á gengisgróða, ef til kemur.

Ég var í n. þeirri, sem hafði með mál þetta að gera, og mér hefði þótt eðlilegra að útgerðarmenn hefðu tekið á sig þessi 20%, einvörðungu vegna þess, að ég lít svo á, að ef breyting verður á gengi, komi það útgerðarmönnum til góða, ef gengið fell-

ur, en útgerðarmenn tapi á því, ef það hækkar, en um þetta varð ekki samkomulag í n. Það er auðvitað alveg sama, þó útgerðarmenn beri ekki áhættuna á þessum mismun, en hann er ekki 25 millj. króna, heldur sem næst 21 millj. króna. Þessi áhætta, sem ríkissjóður ber, er sem sagt eingöngu gagnvart gengisbreytingu. Útgerðarmenn fengu þetta fé með 4% vöxtum. Þeir áttu þess kost að gera hvort sem þeir vildu heldur, að taka þetta fé með stofnlánadeildarvöxtum og bera sjálfir áhættuna, eða taka féð með 4% vöxtum og ríkissjóður bæri áhættuna, og þeir völdu hið síðara, svo hér er ekki um annað að ræða en 25 millj. kr. lán, sem ríkissjóður ber enga áhættu af aðra en gagnvart gengisbreytingu, svo ég get ekki talið, að mikið sé verið að mismuna atvinnuvegunum með afgreiðslu þessa máls. Hins vegar get ég ekki fallizt á rök hæstv. ráðh. um, að landbúnaðurinn sem slíkur beri áhættuna af gengisfellingu á því láni, sem ætlað er Búnaðarbankanum. Landbúnaðurinn á ekki bankann. Búnaðarbankinn er eign ríkissjóðs, og þar að auki er landbúnaðurinn engan veginn eini atvinnuvegurinn, sem hefur viðskipti við hann. Hann hefur m. a. haft mikil viðskipti við sjávarútveginn, svo landbúnaðurinn ber enga áhættu af þessu láni fram yfir aðra atvinnuvegi. Frá þessu vildi ég skýra.

Í sambandi við togarakaupin er rétt að benda á, að ríkissjóður tekur enga áhættu á sig aðra en þá, sem stafar af gengisfellingu, því að allur kostnaður við kaup og smíði togaranna er reiknaður í kaupverði togaranna sem jafnaðarverð á hvert skip.

Í sambandi við niðurlag 2. gr. vil ég benda á, að þar stendur, að tekið skuli allt að 3 millj. króna lán til stofnunar iðnaðarbanka eða til iðnlánasjóðs, enda komi jafnhátt framlag annars staðar að. Þetta er skilið svo af hæstv. ráðh., að þetta framlag eigi að koma frá hluthöfum í iðnaðarmannastéttinni, og það kemur alveg heim, ef stofnaður er banki. En ef ekki er stofnaður banki, hvernig ber þá að skilja þetta? Ef þetta lán verður lagt í iðnlánasjóð, þá er gert að skilyrði, að það komi jafnhátt framlag annars staðar að. Þá skilst mér, að ríkið skuldbindi sig ekki aðeins til að lána þessar 3 millj., heldur jafnframt að taka jafnháa upphæð inn á fjárlög til iðnlánasjóðs. (**Fjmrh.**: Nei, það er ekki svo.) Hvaðan á þá að koma jafnhátt framlag? Það kemur ekki frá iðnaðarmannastéttinni, því ríkissjóður á sjóðinn. Ég fæ ekki skilið þessa grein öðruvísi. Ef ekki er stofnaður iðnaðarbanki og haldið verður sama kerfi og verið hefur á iðnlánasjóði, þá skuldbindur ríkissjóður sig til að fá iðnlánasjóði þetta fé og þar að auki jafnháa upphæð á fjárlögum. Ég vil gjarnan ræða þetta við hæstv. ráðh. Ef hæstv. ráðh. hefur hugsað sér annað, þá verður að breyta greininni. Ég skil greinina svona og finnst það eðlilegur skilningur og fylgi greininni með þeim skilningi. En ef hæstv. ráðh. hefur skilið greinina öðruvísi, þá er bezt að láta það koma fram, svo enginn misskilningur eigi sér stað.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. virtist undrandi yfir brtt. minni og hv. 4. þm. Revkv. og hélt því fram, að með henni væri verið að blanda óskyldu máli inn í það mál, sem hér væri til umræðu. Í því sambandi vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort hann blandi ekki sjálfur saman óskyldum málum. Mér sýnist ekki mikill skyldleiki milli lántöku til togarakaupa, lántöku handa Búnaðarbankanum og lántöku til stofnunar iðnaðarbanka, svo mér finnst það koma úr hörðustu átt, þegar hæstv. ráðh. talar um, að verið sé að blanda inn óskyldu máli með þessari brtt. Það eru lánsheimildir, sem hér er um að ræða, og það er aðalatriðið. Hér er um að ræða lánsheimildir til ákveðinna atvinnuvega eða fyrirtækja, og þá koma til athugunar þau rök, sem ég færði fram fyrir nauðsyn þess að taka lán til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum. Þá sýnist mér, að hér sé um hliðstætt mál að ræða og spurning, hvort það sé ekki jafnnauðsynlegt, en það álít ég. Hæstv. ráðh. sagði, að það gegndi öðru máli. Það sé að vísu svo til ætlazt, að fyrir þetta lán verði byggð íbúðarhús í sveitum, en þó ekki nema fyrir nokkurn hluta þess. Í því sambandi sagði hæstv. ráðh., að ekki væri nóg að hafa útihús í sveitum, fólkið þyrfti líka íbúðarhús til þess að búa í. Þetta er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðh. En þá vil ég spyrja: Er hægt að búa í Reykjavík án íbúðarhúsa? Til þess að framleiðslan í Reykjavík geti gengið dugir ekki að hafa lagerhús, frystihús eða verksmiðjuhús. Það þarf líka verkamenn, og þeir þurfa að búa í húsum. Ég gat ekki skilið ræðu hæstv. ráðh. öðruvísi en svo, að þeir, sem búa í kaupstöðum, þurfi alls engin íbúðarhús. Um nauðsyn á auknum lánum til bygginga þarf ekki að ræða. Það er nú svo, að það er talið af kunnugum, að til þess sé ætlazt, að ekki verði leyft að byggja meira en 300 íbúðir á öllu landinu, en hins vegar er vitað, að þörfin hér í Reykjavík einni er a. m. k. 500—600 íbúðir. Svo segir hæstv. ráðh., að þetta sé tómt flómós. En þetta er ekkert flómós, heldur er um það að ræða, hvort hæstv. ríkisstj. teldi ekki rétt að taka meira lán en hér er gert ráð fyrir, til þess að byggja fyrir íbúðarhús í kaupstöðum landsins, m. ö. o., ágreiningurinn er um sjálft málefnið. Ágreiningurinn er um það, hvort þessu þingi beri skylda til að gera ráðstafanir til þess, að hægt sé að byggja nauðsynleg íbúðarhús í kaupstöðum landsins.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri mesti misskilningur, að ríkissjóður bæri nokkra áhættu, t. d. af gengishækkun sterlingspunds, í sambandi við lántöku handa Búnaðarbanka Íslands. Það væru stofnlánadeildir Búnaðarbankans, sem tækju þetta lán, og ef tap yrði á því, þá gengi það út yfir bændurna. Hv. þm. Barð. hefur svarað þessu svo, að þar þarf engu við að bæta. Það tjón, sem kynni að verða af gengishækkun sterlingspundsins, gengi yfir landsmenn alla. Ég hygg, að vaxtamunurinn einn, sem bankinn ætlar að greiða, sé ekki minni en 375—400 þús. kr. á ári. Lán fæst aldrei með minni vöxtum en 5%, kannske 5½%, en stofnlánadeildin tekur 2½% í vexti, svo vaxtamunurinn verður ekki minni en 2½—3%, og 3% af 15 millj. kr. skilst mér vera 450 þús. kr., svo til þess að halda þessari stefnu, verður að ganga á eignir ríkissjóðs í bankanum sem þessu nemur. Misskilningurinn er hæstv. ráðh. megin en ekki mín megin í þessu efni.

Það þarf ekki mörg orð til þess að sýna fram á blekkingar hæstv. ráðh. í sambandi við brtt. mína og hv. 1. landsk. Ég held það þurfi ekki mörg orð

til þess að sýna, að hér er ekki verið að blanda saman óskyldum málum. Það, sem um er að ræða, er lán til byggingar í sveitum og lán til byggingar í kaupstöðum, og að telja það óskyld mál er vitanlega alveg fjarstæða, eins og hv. 1. landsk. tók greinilega fram. Það er vitanlega alveg rétt, að það er ekki nóg að hafa íbúðarhús, alveg eins og það er ekki nóg að hafa lúkar eða káetu í skipum, en það er heldur ekki nóg að hafa verksmiðjur eða frystihús, það þarf líka íbúðarhús, og það er alveg furðulegt af hæstv. ráðh. að bera fram önnur eins rök og þetta.

Hinu verður ekki heldur neitað, að þörfin er alveg eins brýn, jafnvel brýnni í sumum kaupstöðum landsins heldur en í sveitum, og er ég þó ekki að draga í efa þörf sveitanna, en það er fjarstæða að halda því fram, að hér sé um óskyld mál að ræða.

Hæstv. ráðh. lauk máli sínu með því, að hann teldi það ekki viðeigandi að fara út í frekari lántökur. Ég held, að það yrði ekki torsótt að fá frekara lán, og ég furða mig mjög á þessari röksemd hæstv. ráðh.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Barð. sagði í sambandi við iðnlánasjóðinn, þá vil ég taka það fram, að enda þótt tekið væri 3 millj. króna lán erlendis til iðnlánasjóðsins, þá sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að Alþingi veiti á móti þeirri upphæð á fjárlögum, svo ég er sammála hv. þm. Barð. að því leyti, en ef stofnaður verður iðnaðarbanki, verður að tryggja það betur, að ríkissjóður eigi meiri hluta í bankanum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það ber ekki að skilja svo niðurlag 2. gr., að ríkissjóður eigi að leggja á móti þessum 3 millj. Ef það sýndi sig, að ekki kæmi framlag á móti til iðnlánasjóðs, þá yrði að taka málið upp að nýju og athuga, hvernig þessu yrði heppilegast fyrir komið. Þetta var ekki svona í frv. upprunalega, en var breytt í hv. Nd., og þá varð það ofan á að hafa annaðhvort iðnlánasjóð eða iðnaðarbanka, en í þessu felst vitanlega engin skuldbinding á framlagi frá ríkissjóði.

Hv. 1. landsk. og hv. 4. þm. Reykv. hneyksluðust mjög á því, sem ég sagði í sambandi við byggingu íbúðarhúsa í sveitum, enda þótt ég skilji ekki almennilega, í hverju hneykslun þeirra er fólgin. Ég sagði aldrei, að hægt væri að komast af án íbúðarhúsa í kaupstöðum, enda finnst mér það alveg óþarft að ætla mér né nokkrum öðrum, að hann sé svo einfaldur að halda slíkri fjarstæðu fram. Hitt sagði ég, að þannig væri ástatt um margar jarðir í sveitum, að þar yrði að reisa íbúðarhús, ef þær ættu ekki að leggjast í auðn. Þó bygging íbúðarhúsa í sveitum og kaupstöðum sé að verulegu leyti hliðstætt, þá er það þó ekki algerlega. Íbúðir í sveitum gegna í raun og veru bæði hlutverki íbúða, sem t. d. sjómenn hafa í skipum og þeir hafa í landi, sameina þetta hvort tveggja í eitt.

Hv. 1. landsk. sagði, að það væri ekki nóg að hafa lagerhús eða verksmiðjuhús í kaupstöðum, það þyrfti líka íbúðarhús. Þessu mótmælir enginn, en þrátt fyrir það eru íbúðarhúsabyggingar í sveitum og kaupstöðum ekki svo algerlega hliðstætt, að það sé sjálfsagt, að menn vilji samþykkja um leið lántöku til húsa í kaupstöðum, en þetta var það, sem hann lagði megináherzlu á og fann engin rök fyrir að vera með öðru, en ekki hinu. Hann athugar ekki, að það er takmarkað, sem hægt er að framkvæma, og takmarkað, sem hægt er að fá af erlendum lánum, og þá verður að meta, hvað á að ganga fyrir. Það er skilningur þeirra, er standa að þessu frv., að þannig sé ástatt í landbúnaðinum, að framkvæmdir þar verði að ganga fyrir öllu öðru, og á því er þetta frv. byggt. Byggingarmálin í kaupstöðunum eru hins vegar mikið vandamál, sem verður að leysa á annan hátt en taka til þess erlent lán. Allra sízt skil ég það sjónarmið, að þeir, sem eru raunverulega á móti því að taka erlent lán, vilji nú auka lántökurnar með því að bæta þessu inn á. — Ég held það sé rétt skilið hjá mér, að tap, sem kynni að verða af þessari lántöku til Búnaðarbankans, muni raunverulega ganga út yfir bændur. Það eru stofnlánadeildir Búnaðarbankans, sem taka þetta lán, og þær skipta eingöngu við landbúnaðinn og enga aðra.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Mér þykir gott að heyra, að hæstv. ráðh. skuli vera kominn á þá skoðun, að bygging íbúðarhúsa í sveitum og kaupstöðum sé í aðalatriðum hliðstætt, og við munum þá sættast á það, að þó það sé ekki alveg hliðstætt, ekki alveg 100%, þá sé það þó hliðstæðara en lán til iðnaðarins, lán til landbúnaðarins og lán til togarakaupa. Þá er þessi endileysuröksemd hæstv. ráðh. fallin og þarf ekki meira um hana að ræða.

Ég held, að það sé ekki svo takmarkað, sem við getum fengið af lánum, að það sé leikur einn að fá 12 millj. kr. hærra lán, ef vilji er fyrir hendi. Hæstv. ráðh. sagði, að það þyrfti að leysa byggingarmál kaupstaðanna, en það ætti bara að gerast á annan hátt. Á hvaða hátt?

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli hv. deildar á þeim orðum, sem hæstv. ráðh. lét falla í lok ræðu sinnar, að landbúnaðurinn ætti að ganga fyrir öllu um lánsfé. Það er það, sem ég hef verið að halda fram, að hæstv. ríkisstj. hafi gert í þessum efnum; hún væri að draga fram hlut ákveðinnar stéttar í þjóðfélaginu, án þess að sinna jafnréttlátum og eðlilegum kröfum frá öðrum stéttum þjóðfélagsins, sem að minnsta kosti er líka nauðsynlegt að fá aðstoð í þessum efnum. Ég harma það, að hæstv. ráðh., sem ekki er aðeins ráðh. bænda, heldur einnig allrar þjóðarinnar í heild, skuli ófeiminn taka sér slík orð í munn. Ég minnist þess, að þegar Alþfl. og Framsfl. unnu saman í ríkisstj., var reynt að hnika til þannig, að samræmi væri í fjárframlögum þess opinbera til kaupstaða og kauptúna annars vegar og til sveitanna hins vegar, t. d. til bygginga í kaupstöðum og kauptúnum og bygginga í sveitum. Nú er alveg frá þessu horfið, og sýnir það, að ráðh. tekur sér slík orð í munn, greinilegar en margt annað, hvaða stefnubreyting hefur á orðið hjá ráðh. og hans flokki í þessum efnum, og nú er svo komið, eins og hæstv. ráðh. staðfesti með ummælum sínum. Hann segir hér í þessari hv. d., að hann telji, að þarfir landbúnaðarins þurfi að ganga fyrir öllu öðru í þessum efnum. Ég harma slík ummæli.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég verð að segja, að ég er hissa á þessum aths. hv. 4. þm. Reykv., því að þær eru bara útúrsnúningur. Það, sem ég sagði, var það, að gera yrði upp við sig á hverjum tíma, hvað ætti að láta ganga fyrir af þeim framkvæmdum, sem til stæðu, því að möguleikar til framkvæmdanna takmörkuðust af fjármagninu. Og ég sagði, að stj. hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að þessi litla lántaka til landbúnaðarins yrði að ganga fyrir. Þetta reyndi svo hv. þm. að túlka þannig, að með þessu sé stj. að halda uppi misrétti, það sé játað af þessum ráðh., að stj. geri upp á milli þegnanna. Þessi þm. veit vel, að undanfarin missiri er búið að setja hér gegnum Alþ. lántökur til sjávarútvegsins og stórframkvæmda í iðnaðinum, sem nema ekki 15 millj. kr., heldur mörg hundruð milljónum kr., án þess að nokkurt lán hafi verið tekið fyrir landbúnaðinn. Nú síðast er búið að taka tvö tveggja millj. kr. Marshalllán, án þess að landbúnaðurinn hafi fengið einn einasta eyri af þeim lánum, og síðan hafa komið margar aðrar lánsheimildir, án þess að landbúnaðurinn hafi komið þar til greina. Þegar hér er komið sögu, kemst svo stj. að þeirri niðurstöðu, að eitthvað verði að bæta úr þessu misrétti. Það er þess vegna ósæmilegt fyrir slíkan mann, sem fylgist vel með í þessu máli, að snúa út úr ummælum mínum og leggja þau út eins og stj. sé inni á því að vilja beita misrétti í garð atvinnuveganna og þegnanna. Þetta er lítilfjörleg tilraun til þess að leiðrétta þann gífurlega áhalla, sem hefur orðið á í þessu efni, og þetta er aðeins brot af því, sem þyrfti að gera til að jafna það mikla misrétti, sem orðið er á þessu sviði. Það er það, sem hér er um að gera.

Í sambandi við ummæli hv. 4. þm. Reykv. og hv. 1. landsk. um byggingar í kaupstöðum og kauptúnum og svona hálfgerðar glósur um það, að núv. ríkisstj. hefði ekkert gert í þeim efnum, vil ég bara leyfa mér að benda á það, að núv. ríkisstj. hefur aflað handa byggingarsjóði verkamanna meira fjármagns á því eina ári, sem hún hefur setið, en félmrh. Alþfl. á fimm árum.

Haraldur Guðmundsson: Hæstv. fjmrh. gaf til kynna í ræðu sinni, að þetta lán til landbúnaðarins væri ekki nema rétt byrjunin, því að það þyrfti enn að bæta með stórvægilegum ráðstöfunum úr því misrétti, sem væri í þessu efni; þetta væri því aðeins byrjunin á því, sem koma skyldi. Hann talaði hér um, að mikið fé hefði verið veitt til annarra atvinnuvega en landbúnaðarins, en gleymdi að taka fram, að á hverju ári hafa um 30 millj. kr. verið lagðar til þessa atvinnuvegar. — Það, sem ég átaldi og fannst geysilega óviðeigandi, voru þessi ummæli, sem hæstv. ráðh. lét falla í sinni fyrri ræðu, að það ætti að láta þarfir landbúnaðarins ganga fyrir þörfum annarra atvinnuvega.

ATKVGR.
Brtt. 806,1 felld með 10:2 atkv.
— 812,1 felld með 9:4 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 812,2 tekin aftur.
— 806,2 tekin aftur.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 821).

---

49. Fjáraukalög 1948.

Á deildafundum 15. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1948 [150. mál] (stjfrv., A. 482).

Á 31. fundi í Sþ., 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Sþ., 7. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Sþ., 9. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 482, n. 622, 637).

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjvn. hefur athugað frv. og borið það saman við ríkisreikninginn fyrir árið 1948, og leggur hún til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem bornar eru fram á þskj. 637. — Um þær till. er ekki mikið að segja. Brtt. við 2. gr., a- og b-liður, eru í samræmi við þær brtt., sem bornar voru fram við fjáraukalög fyrir árið 1947. N. telur ekki rétt að taka sem eina stofnun ríkisútvarpið, viðtækjaverzlunina, viðgerðastofuna og viðtækjasmiðjuna og leggur til, að allir liðirnir séu greindir í sundur. Þó er þetta frábrugðið í því, sem var 1947, að hér er tekin upp í einu lagi fjáraukalagaheimild fyrir viðgerðastofuna og viðtækjasmiðjuna, þar sem þessi fyrirtæki höfðu þá verið sameinuð. Um c-lið brtt. við 2. gr. er það að segja, að þar er lagt til, að gjöldin á 10. gr. III., um utanríkismál, verði lækkuð um ½ millj. Á fjárl. ársins 1948 eru útgjöldin á þessari gr. 1.886.100,00 kr., en til frádráttar er svo ½ millj. sem tekjur frá samninganefnd utanríkisviðskipta, sem ekki þótti óeðlilegt, að kæmi til frádráttar kostnaði við utanríkisþjónustuna. Á ríkisreikningnum er þetta fært inn á ýmsar tekjur. Útgjöld á greininni reynast samkv. ríkisreikningi 2.822.173,21 kr., og mismunur á þeirri upphæð og heimilaðri upphæð í fjárl. er aðeins 936.073,21 kr. Á fjáraukalfrv. er leitað heimildar fyrir 1.436.073,21 kr. — Þá er það brtt. n. við 1. gr. frv., að í stað 101.379.171,09 komi: 101.105.-163,11 kr.

Þó fjvn. leggi til, að fjáraukalögin verði að þessu sinni samþ. þannig, þá vill hún enn ítreka það álit

sitt, að hún telur formið á lögunum ófullnægjandi. N. telur, að þau beri að leggja þannig upp, að leitað sé samþykkis Alþingis fyrir öllum greiðslum umfram fjárlög. Við umræður fyrir skömmu um fjáraukalögin fyrir 1947 benti ég á, að í þessum efnum þyrfti að breyta til. Með þeim hætti, sem viðgengizt hefur, að leita aðeins heimildar í heild fyrir þeirri upphæð, sem hver fjárlagagrein hefur samtals farið fram úr fjárlögum, er þar með alls ekki leitað heimildar fyrir öllum umframgreiðslum á einstökum liðum, eins og vera ber. Er jafnvel hægt að benda á, að útgjöld, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á fjárlögum, hafa ekki komið til greina á fjáraukalögum, ef tekizt hefur að spara svo á öðrum liðum sömu fjárlagagr., að jafnvægi hefur haldizt. Fjvn. telur því, að breyta þurfi fyrirkomulaginu þannig, að leitað sé heimildar fyrir hverjum einstökum útgjaldalið, að því leyti sem hann fer fram úr áætlun, og það er ósk hennar, að hæstv. ríkisstj. taki upp það form. Um þetta vildi n. gjarnan heyra skoðun hæstv. ríkisstj. og þá einkum hæstv. fjmrh., og mundi n. láta sér nægja yfirlýsingu af hans hendi um væntanlega breytingu. Fari skoðanir hæstv. ríkisstj. og n. hins vegar ekki saman í þessu efni, þá er sá kostur fyrir hendi hjá n. að ákveða, hvort hún skuli bera fram till. til þál. um þetta eða leita annarra ráða.

Ef litið er á þessi fjáraukal., sem liggja hér fyrir til umræðu, þá ber að sama brunni um þau og fjáraukalög undanfarinna ára, að þar er um furðu háar upphæðir að ræða. Um suma liðina er það að segja, að eðlilegt mætti teljast, að þeir væru ekki jafnfyrirferðarmiklir í þessum l., t. d. ríkisbúin, sem eru fastar stofnanir, sem taka mætti upp á fjárl. með allnákvæma áætlun um tekjur og gjöld. Ýmis önnur útgjöld eru þannig einnig ýmist algerlega föst eða meira og minna viðtekin árleg útgjöld, sem betur færi á, að tekin væru inn á fjárlög. — Þá má líka benda á, að í ýmsum tilfellum er leitað heimildar fyrir upphæðum á öðrum greinum en rétt er, eins og t. d. árlegum útgjöldum vegna fálkaorðunnar, sem nema frá 30—40 þús. kr., og væri eðlilegt að áætla þau svo á fjárl. hverju sinni, í stað þess að færa þau á 19. gr. sem óviss útgjöld. Þá er t. d. einnig svo um bifreiðakostnað stjórnarráðsins, að hann er færður á 19. grein, enda þótt hann eigi í rauninni heima á 10. gr. Sama er að segja um bifreiðakostnað biskups, sem færður hefur verið á 19. gr. II, og enn má nefna til dæmis prófdómaralaun á ríkisreikningnum 1948, sem nema 40—50 þús. kr. og setja ber á viðeigandi liði fjárlaga. Eigi fjárlög að fara sem næst sönnu, þá er ekki heppilegt að hafa þannig á 19. gr. ýmis útgjöld, sem raunar eru föst og ber að áætla sem slík á viðeigandi fjárlagagreinum.

Ef litið er yfir einstakar upphæðir fjáraukalaganna, þá má segja, að sumar þeirra hljóti að vekja athygli, eins og t. d. vaxtagreiðslur ríkisins á 7. gr., sem farið hafa rúmlega eina milljón fram úr áætlun. Þessi útgjöld er vitanlega erfitt að áætla, en verður þó að teljast merkilegt, ef ekki er unnt að komast sönnu nær en þetta. — Þá hafa umframgreiðslur á 11. gr. orðið nálega 4½ millj., ef allir undirliðir eru taldir. Það hefur verið svo undanfarin ár og er enn, að ef athugaðar eru umframgreiðslur aftur að 20. gr., þá er 19. gr. langsamlega hæst á fjáraukalögunum, og er það ekki óeðlilegt, þar sem þar er um að ræða útgjöld, sem orðið hefur að greiða til margvíslegra dýrtíðarráðstafana, sem erfitt hefur verið að áætla. Á 20. gr. hafa útgjöld farið yfir 62 millj. fram úr áætlun. Voru áætluð á fjárl. nær 27 millj., en urðu í reyndinni rúmar 89 millj. kr.

Þótt þessi fjáraukal. séu, eins og fjáraukal. nokkurra undanfarinna ára, miklu hærri en viðunandi er, þá mega menn þó ekki ætla, að hægt sé að komast hjá meiri eða minni upphæðum á fjáraukalögum eða mögulegt sé að byggja fjárlög þannig upp, að ekki þurfi að grípa til fjáraukalaga. En mér finnst rétt að horfast í augu við þá staðreynd, að undanfarin ár hafa fjáraukalög verið svo há, að það getur hvarflað að manni að spyrja á þessa leið: Til hvers er Alþingi að skipa 9 manna nefnd til að vinna í fleiri mánuði að þessum málum, þegar það sýnir sig, að þessi vinnubrögð eru svo fjarri því að gefa raunhæfar niðurstöður, að á undanförnum árum hefur ríkisstj. jafnvel orðið að greiða allt að 40—50% hærri fjárupphæðir en gert var ráð fyrir í fjárlögum? Og það mætti slá þeirri spurningu fram, og yrði þó litið á hana fremur sem gamanspurningu: Hvers vegna er ekki látið við það sitja, að heimila ríkisstj. á hverju ári svo og svo mikið fé til umráða, sem hún síðan mætti verja eftir hentugleikum og eins og henni bezt líkaði? Upphæðir fjáraukalaganna eru hreint ekki svo lágar, eins og sjá má á því, að 1945 urðu þau nálega 112,4 millj. kr., 1946 90,4 millj. kr., 1947 126,5 millj. kr. og 1948 101,4 millj. kr. Lengra nær svo ekki vitneskja okkar í þessum málum, því að skilagreinir hæstv. ríkisstj. um þau eru ætíð nokkuð síðbúnar, eins og ég hef áður vikið að, og það svo mjög, að það er eins og tala yfir gröfum, er þessi mál eru rædd. Nú er það fjarri mér að segja þetta til áreitni við nokkurn sérstakan mann. Það er auðvitað þýðingarlaust að fara að deila um það, hver eigi stærstan þátt í því, að svo er um þetta mál sem raun ber vitni, heldur tel ég það svo mikið alvörumál, að ekki verði komizt hjá að svara þessum spurningum: Á að gera það að venju eða ekki, að hæstv. ríkisstjórnir virði fjárlög á hverjum tíma að vettugi? Á að koma þeirri venju á, að samþykkt fjárlaga sé aðeins gerð fyrir siðasakir, og svo megi hæstv. ríkisstjórnir hafa það eftir sínum hentugleikum, hvernig úr rætist? Ég get skilið, að ríkisstj. á hverjum tíma hafi tilhneigingu til að leggja fyrir Alþingi þannig fjárlagafrv., að það líti sem bezt út á pappírnum. En ég tel, að fyrsta boðorðið sé það, að leggja sem sannast fjárlagafrv. fyrir Alþingi, svo að það hafi skilyrði til að byggja ríkisbúskapinn á þeim grundvelli. Og svo séu þær kröfur gerðar til stj., að hún haldi sér sem allra mest innan þess ramma, sem fjárlögin hafa sett henni. Það á að minnsta kosti ekki að þurfa að koma fyrir, að útgjöld fjárl. fari 40—50% fram úr áætlun. — Þetta eru aðeins þankar mínir um þetta mál, sem ég vildi ekki láta vera ósagða, en það hefur ekki verið ætlun mín að áreita neinn eða álasa í sambandi við það. Auðvitað væri hægt að segja margt fleira um þetta mál, en það, sem hér hefur verið sagt, hygg ég að ekki sé ofmælt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð í sambandi við nál. á þskj.

622. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þótt nefndin leggi til, að frv. til fjáraukalaga fyrir 1948 verði samþ. með þeim breytingum, sem áður er getið, þá telur hún núverandi form fjáraukalaganna ófullnægjandi, þ. e. að leitað sé aðeins *fjáraukalagaheimilda fyrir því, sem útgjöld hverrar* fjárlagagreinar í heild fara fram úr heimild í fjárlögum. Nefndin telur, að þessu eigi að breyta og að þann hátt beri upp að taka, að leitað sé samþykkis Alþingis fyrir umframgreiðslu á hverjum einstökum útgjaldalið fjárlaganna."

Hv. frsm. fjvn. lagði einnig mikla áherzlu á þessa breyt. í framsöguræðu sinni hér áðan. Ég vil því lýsa því yfir, að ef það fellur í minn hlut að undirbúa næstu fjáraukalög, þá mun ég taka þetta til greina og reyna að láta ganga þannig frá þeim, að þau verði betur sundurliðuð en þessi, sem hér liggja fyrir. Ég þori þó ekki að lofa því, að sú sundurliðun nái til hvers einstaks liðs, því að það getur verið, að það reynist heppilegra, að hún nái aðeins til hvers aðalliðs, en ekki til undirliðanna. Með aðallið á ég við liði eins og t. d. greiðslur til sjúkrahúsa, að þær hafi numið þessu eða þessu á *fjárlagaárinu. Hitt kemur* þó líka til *athugunar*, að sundurliða fjáraukalögin enn meira, en ég þori engu að lofa um það nú, en ég skal láta fara fram nánari athugun á því, hve heppilegt er að ganga langt í þessu efni. En mér sýnist eðlilegt, að sundurliðunin verði meiri en hún er í þessu fjáraukalagafrv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Út af hinni löngu ræðu hv. frsm. fjvn., sem hann flutti hér áðan um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1948, og í sambandi við hugleiðingar hans um meðferð þeirra mála, þá vildi ég benda á það, að á þeim tíma, er ég fór með fjármálin í landinu, henti það oftsinnis, að upphæðir, sem höfðu verið settar inn í fjárlög og yfirfarnar af hv. fjvn. og síðan samþ. hér á hv. Alþingi, reyndust af einni eða annarri orsök ekki nægilegar til að standa undir þeim kostnaði, sem þeim var ætlað. Í sumum tilfellum má segja, að nákvæma áætlun hafi ekki verið unnt að gera. Eins og allir vita, þá eru fjárlög hvers árs byggð þannig upp, að það byrjar með því, að hver deild stjórnarráðsins sendir fjmrh. sína áætlun, sem síðan byggir upp fjárlagafrv. í sínu ráðuneyti. Og fjmrn. hefur ekki mikil tök á því að finna það strax í byrjun, hvort viðkomandi ráðun. eða deild ríkisbúskaparins hefur áætlað skynsamlega eða gleymt einhverju. Það hefur oftlega komið fyrir, að fjárlagafrv. hefur verið búið þannig í hendur fjmrn., að það hefur gefið tilefni til misfellna, að áætlað hefur verið of lágt fyrir útgjaldaliði, sem síðar hafa reynzt þurfa meiri tilkostnað. Þá eru sumir liðir fjárlaganna þannig, að gert er ráð fyrir ákveðinni upphæð, sem síðan er sett inn í fjárlögin, t. d. til viðhalds vega. Á þeim árum, sem ég gaf þessum málum nánari gætur, mátti heita öruggt, að til viðhaldsins færi um 50% hærri upphæð en fjvn. og Alþ. höfðu sett inn í fjárlögin. Við þetta getur fjmrh. ekkert ráðið. Og það eru fleiri liðir í fjárlögunum, sem eru háðir öðrum yfirráðum en fjmrn. Ég man ekki betur en t. d. framlag til jarðræktar byggist á því, hve mikið er innt af hendi á hinum ýmsu stöðum á landinu. Ef svo tekið er til athugunar í viðbót við þetta, að þetta ár, sem hér um ræðir, þ. e. 1948, var eitt af þeim árum, sem ríkisstj. hafði sérstaka útgjaldapósta með óþekktum stærðum, þar sem voru dýrtíðarniðurgreiðsla og uppbótargreiðsla á fisk, þá verður það enn frekar skiljanlegt, að slíkar tölur geta hvikað til. Meðan ríkisstj. greiddi uppbót á fisk, var t. d. sú upphæð, sem til þess var varið, háð því, hve mikið magn af fiskinum veiddist, og í öðru lagi, hve mikið af honum seldist og fyrir hvaða verð. Er því ekki undarlegt, þótt það hafi reynzt erfitt fyrir Alþingi að vita með vissu, er það afgreiddi fjárlögin, hve háar þær greiðslur yrðu. Í þá tíð dróst afgreiðsla fjárl. einmitt vegna þessara hluta. Þá var reynt að sjá borgið einum sterkasta þætti í atvinnulífi þjóðarinnar, og ég get þess hér, að það, sem tafði afgreiðslu fjárl. mest, var það, hve erfiðlega gekk að finna tekjulindir til að standa undir þeim útgjöldum. Nú er þessi niðurgreiðsla á fiski horfin úr sögunni, og má því ætla, að af henni þurfi ekki að verða hneykslunarhella á næstu fjáraukalögum. Enn fleira hefur komið til greina í þessu sambandi, sem sýnir það glöggt, að þarna er ekki alltaf leikur fjmrh. að verki, eins og virtist koma fram í ræðu hv. frsm. fjvn. hér áðan. Fjmrh. stendur sem sé oftlega frammi fyrir þeirri staðreynd, að menn koma til hans og segja, að það, sem stendur í fjárlögunum, hafi aldrei verið annað en áætlunarupphæð og það sé ekki hægt að stöðva framkvæmdirnar, þótt skakkar áætlanir hafi verið gerðar í fjárlögum. Og hvað er hægt að gera í slíkum tilfellum? Á t. d. að stöðva snjómokstur á vegum, vegna þess að fjárlögin höfðu ekki gert ráð fyrir honum? Ég bendi aðeins á þessi atriði hér — og án ásakana í garð nokkurs manns af minni hálfu — vegna þeirra orða, sem hv. frsm. fjvn. stagaðist sífellt á í sinni ræðu. Ég tel sjálfsagt að draga þessar staðreyndir fram, úr því að það féll í minn hlut að standa fyrir því máli, sem sumum skeytum hv. þm. var beint að. Og það er vitað, að upphæðir fjáraukalaga hafa oft áður verið háar. En ég held, að erfitt verði að *sigla fram hjá fjáraukalögum*, að fjmrh. verði ekki ætíð að leita heimildar Alþingis með þær upphæðir, sem hann hefur orðið að greiða, en fjárlög viðkomandi árs ekki leyft. Ég hef nú bent á sitthvað, sem sýnir, að það er ekki alltaf sök fjmrn., þótt leita þurfi heimildar eftir á fyrir ýmsar aukagreiðslur. Á ég þó ónefnt eitt mikilsvert atriði í því sambandi. Á ég þar við, að hv. fjvn. hefur a. m. k. stundum beitt þeim diktatorísku aðferðum að skera niður, að því er virtist alveg blindandi, augljósa útgjaldapósta, þrátt fyrir það, að vitað hefur verið um leið, að *slíkur niðurskurður* hefur ekki átt sér neina stoð í raunveruleikanum. Síðan er sökinni skellt á fjmrh. og sagt, að hann hafi eytt meiru en spekingarnir ætluðust til. Við þetta átti ég að búa oftar en einu sinni, og ég mátti mæta þeirri staðreynd, að þessir einræðisherrar ætluðu sér þá dul, að þeir væru menn til að skáka raunveruleikanum sjálfum í þessu efni. Vitaskuld verða þeir, sem vinna sín störf, að fá laun sín greidd, hjá því verður ekki komizt. Og Alþingi verður að horfast í augu við það, að hv. fjvn. getur hæglega skjátlazt. Þetta hefur líka gert sitt til, að upphæðir fjáraukalaganna hafa ekki verið á valdi fjmrh. Nú hefur hv. frsm. fjvn. bent á ágæta leið út úr þessum málum, sem ég ímynda mér, að allir

álíka gáfaðir menn og hann samþ. Hún var sú, að Alþingi gangi svo frá fjárlögum, að þar standi á einum stað nei, öðrum já, og þarna standi 0 og þarna 1. Síðan verði sagt við fjmrh.: Þetta framkvæmr þú og ekki hót meira. M. ö. o., að frá þeim tölum verði ekki vikið, sem Alþingi hefur búið til á sínum tíma, en það verði síðan látið skeika að sköpuðu, að hve miklu leyti hægt verði að halda uppi þeirri starfrækslu og þeim framkvæmdum, sem ætlazt er til, að eigi sér stað.

Í sambandi við formið á fjáraukalögunum, þá álít ég það raunar aukaatriði, hvernig það er, og skal ég ekki gera það að umræðuefni, þar sem líka hæstv. fjmrh. hefur minnzt á það atriði og hyggst taka það til greina, hvort ekki megi greina upphæðirnar betur í sundur. Ég hef nú bent á það, að þegar hv. fjvn. kemur með sínar ábendingar og aths. í þessu efni, þá eru til staðreyndir í málinu, sem eru ekki frá í dag og ekki frá í gær og eru orðnar innlyksa hér í þinginu, en gera það að verkum, að fjárlagafrv. verður fyrir miklum breytingum í meðferðinni, án þess að fjmrh. sé að leika sér með það, eins og hv. frsm. vildi gefa í skyn. Ég hef bent á nokkra faktora, sem ég hef komið auga á á ýmsum tímum og hafa valdið því undanfarin ár, að áætlanir fjárlaganna hafa hreyfzt til, og með því hef ég slegið föstu, að sökin liggur fjarri því alltaf hjá framkvæmdarstjóra fjármálanna, þ. e. fjmrh., þótt hann verði oft að greiða fjárupphæðir, sem hann hefur ekki fjárlagaheimild til. Ég fékk a. m. k. minn skerf af deilum við ýmsa aðila, sem bentu á, að það væri nú orðin hefð að veita til þessa og þessa, hvað sem liði áætlun fjárlaganna, og því bæri mér ekki að kvarta. Ég vildi óska, og það fyrst og fremst vegna ríkisheildarinnar sjálfrar, að hv. Alþingi og fjvn. hefðu framvegis fastari háttu og raunhæfari á sínum till. í þessu máli, en létu ekki við það eitt sitja að krítisera fjáraukalögin eftir á.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að hv. fjvn. láti sér nægja þá yfirlýsingu frá hæstv. fjmrh., að hann muni hlutast til um, að önnur aðferð verði tekin upp í sambandi við samningu fjáraukalaga. Nefndin mun þó að sjálfsögðu taka afstöðu til þeirrar yfirlýsingar sjálf. Í sambandi við þau orð hæstv. ráðh., að erfitt muni máske reynast að fullnægja óskum fjvn. um það að setja á fjáraukalögin umframgreiðslu á hverjum lið, vil ég koma með dæmi til að útskýra, hvað ég álít, að fjvn. muni eiga við. Ef umframgreiðslur eiga sér stað, t. d. á 14. gr., við getum sagt til kennaraskólans, að þá þurfi að leita heimildar fyrir þeirri umframgreiðslu, enda þótt öll sú upphæð, sem heimilt hafi verið að verja til stýrimannaskólans, hafi ekki verið notuð. Sem sagt, að heimildar verði leitað fyrir umframgreiðslu á hverjum lið innan hverrar greinar, sem farið hefur fram úr áætlun, þótt sparnaður á öðrum liðum hennar lækki þá upphæð, sem greinin í heild hefur farið fram úr áætlun. Þetta hygg ég, að sé það, sem fjvn. fer fram á.

Viðvíkjandi ræðu hv. þm. Vestm., þá held ég hann sé óþarflega viðkvæmur fyrir þessu máli. Fyrir mér vakti aðeins það, sem ég tel höfuðatriði þessa máls, að mér finnst það vera óviðunandi ástand, ef svo á að ganga til, að fjárlög fari allt að 50% fram úr áætlun. En ég gat þess áðan, að ég vildi ræða þetta málefnalega, en ekki sem ádeilu í garð nokkurs sérstaks manns, en það er eðlilegt, að ég miðaði við þau fjáraukalög, sem hér eru til umr. Þegar hv. þm. Vestm. fór að vitna í ýmislegt, sem ég hafði sagt, þá var hann ekki svo mjög nákvæmur, en varð þó að viðurkenna ýmislegt, sem ég hafði nefnt sem dæmi máli mínu til stuðnings, og gat þess, að ég hefði tekið fram, að í þessu eða hinu tilfellinu hefðu verið málsbætur. Meðal annars gerði hann að umræðuefni 19. gr. og fannst, að ég hefði fundið óþarflega að því, hvað fjárveitingar til dýrtíðarráðstafana hefðu farið fram úr áætlun. Ég gat þess sérstaklega, að dýrtíðarliðinn á 19. gr. hefði verið mjög erfitt að áætla, svo að raunhæft reyndist, en ef litið væri á fjáraukal. fyrir árið 1947 og 1948, þá sést, að það tekst mun betur fyrir árið 1948 en 1947, því þá þarf ekki að veita nema 10 milljóna kr. heimild á móti 25 milljónum fyrir árið 1947. Þetta var sem sagt viðurkennt af mér. En mér virðist hv. þm. svo viðkvæmur fyrir þessu, að hann sá ástæðu til þess, án þess að ég nefndi nokkurn ráðh., því að ég beindi máli mínu til ríkisstj., að beina máli sínu sérstaklega til fjvn. Hann fór að tala um þessa spekinga, sem sætu í fjvn., og þar fram eftir götunum. Hann beindi þeim ásökunum til fjvn., að hún hefði, þegar hann var fjmrh., skorið í blindni niður útgjöld. Ég vil fyrir hönd fjvn. mótmæla þessu. Vitanlega hafði fjvn. þá sömu viðleitni 1948 eins og fyrr og síðar, að reyna að skapa það viðhorf og sjónarmið að halda sem gætilegast og bezt á fjármálum ríkisins. Að fjvn. hafi í blindni skorið niður nokkur útgjöld, því mótmæli ég, og sé það svo, að þáv. fjmrh. sjái ástæðu til að segja þetta, þá vil ég aftur staðhæfa, að hann hafi ekki einlægt haft svo mikið fyrir að gefa fjvn. upplýsingar um þau ýmsu útgjöld, sem óhjákvæmileg voru á hverjum einstökum lið fjárlaga. Ég tel þess vegna ástæðulaust og ekki að gefnu tilefni af ræðu minni að fara að metast um það nú, hver eigi sökina.

Umr. frestað.

Á 42., 43. og 44. fundi í Sþ., 14., 21. og 22. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Sþ., 22. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Áður en ég byrja að ræða þetta mál, sem hér liggur fyrir, vil ég leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta á því, að þegar þetta mál var síðast til umr., þá hafði einn hv. þm. borið meðal annars tiltölulega alvarlegar ásakanir í garð hv. fjvn. Ég var byrjaður að svara ræðu hans, en hann vék sér af fundinum andartak, og ég óskaði eftir hléi, en hæstv. forseti taldi rétt að taka málið út af dagskrá, og skal ég ekki leggja dóm á nauðsyn þess. Síðan hefur málið verið á dagskrá í allmörg skipti, án þess að það hafi verið tekið til umr. En nú vill svo til, að þessi hv. þm. er ekki hér við, sem ástæða var til að ræða lítils háttar við í sambandi við þá ræðu, sem hann flutti um málið. Því vil ég spyrja hæstv. forseta, hvort hann teldi ekki við eigandi, að þetta mál verði ekki tekið til umr. nú,

og þó að því tilskildu, að hann telji ekki málinu stefnt í þá hættu, að það verði ekki afgr. á þessu þingi. Það er mér eins ljóst og hæstv. forseta, að það ber nauðsyn til þess, að málið fái afgreiðslu.

Umr. frestað.

Á 48. fundi í Sþ., 28. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það er alllangt síðan þetta mál var til umr. hér í hæstv. Alþ. Í framsöguræðu minni um málið vakti ég athygli á því, hve mjög útgjöld hafa mörg undanfarin ár farið fram úr áætlun og nefndi þar til nokkur dæmi. Hv. þm. Vestm. sá ástæðu til að svara þessari ræðu minni, og virtist mér ræða hans vera sambland af afsökunum hans sem fyrrv. fjmrh. og ásökunum í garð fjvn. Þegar umr. var frestað, var ég byrjaður að svara ræðu hv. þm., og skal ég nú halda áfram þar, sem frá var horfið, en ég geri ráð fyrir, þar sem svo langt er um liðið síðan málið var til umr., að það geti komið fyrir endurtekningar. — Hv. þm. Vestm. sagði m. a., að spekingarnir í fjvn. hefðu skorið niður augljós útgjöld og beitt til þess einræði. Þetta er alvarleg ásökun, ef sönn væri, og ég taldi ástæðu til þess að athuga dálítið frv. að fjárl. fyrir árið 1948 og fjárlögin fyrir sama ár og gerði nokkurn samanburð á þeim breyt., sem höfðu orðið á frv., og vil ég leyfa mér að skýra frá því, sem þar kom í ljós. Ef borið er saman fjárlfrv. fyrir árið 1948 og fjárlögin fyrir sama ár, þá kemur þetta í ljós: 7., 8. og 9. gr. frv. eru samþ. óbreyttar. 10. gr. er samþ. með 77 þús. kr. hækkun. 11. gr. A., þar er 20 þús. kr. lækkun, og er það áætlaður kostnaður við útgáfu dóma. 11. gr. B., þar á sér stað 160 þús. kr. lækkun og af þeirri upphæð er 144 þús. kr., sem frv. ráðgerði halla á skipaskoðun ríkisins, en fjvn. taldi ástæðu til að vænta þess, að sú stofnun bæri sig fjárhagslega. Auk þess lagði fjvn. til samtals um 16 þús. kr. lækkun á kostnaði við alls konar afurðamat, þetta er samtals 160 þús. kr. — 11. gr. C., þar er lækkun frá frv. um 5 þús. kr., og var þar felld niður fjárveiting til nýbyggingarsjóðsnefndar, sem fjvn. gerði ráð fyrir, að væri ekki svo nauðsynleg fjárveiting, eins og komið var. 11. gr. D. er samþ. óbreytt. — Á 12. gr. er samþ. 97 þús. kr. hækkun. — 13. gr. A. er 4.970 þús. kr. hækkun frá frv. 13. gr. B. er 412 þús. kr. hækkun. 13. gr. C. er 1723 þús. kr. hækkun. 13. gr. D. er 485 þús. kr. lækkun. Þar var gerð lækkun á rekstrarkostnaði flugvalla, sem sýndi sig að gat staðizt. En ef við athugum fjáraukalagafrv., þá er þessi gr. þar með 657 þús. kr. umframgreiðslu, og við nánari athugun kemur í ljós, að 526 þús. kr. af þessari upphæð er vegna útgjalda, sem ekki eru í áætlun fjárlfrv. og þar af leiðandi ekki í fjárl. — 14. gr. A. er samþ. óbreytt. 14. gr. B. er samþ. með 630 þús. kr. hækkun. — 15. gr. A. er samþ. með 83 þús. kr. hækkun. 15. gr. B. er óbreytt. — 16. gr. A. er með 5 þús. kr. hækkun. 16. gr. B. er með 1511 þús. kr. lækkun, þar af aðalupphæðin 1500 þús. kr. færsla milli greina, en það var fjárveiting til Samábyrgðarinnar, sem þótti eiga heima á 20. gr. 16. gr. C. er óbreytt. 16. gr. D. er 1065 þús. kr. hækkun. — 17. gr. er lækkun 260 þús. kr. Á einum lið á þessari gr. var lækkun 500 þús. kr., meðlag með börnum erlendra manna, og sú lækkun stóðst svo að segja alveg, en aftur eru ýmsar hækkanir á gr. 240 þús. kr., þannig að raunveruleg lækkun var 260 þús. kr. — 18. gr. var samþ. með 55 þús. kr. hækkun. — 19. gr. samþ. óbreytt. — 20. gr. samþ. með 1345 þús. kr. lækkun. Það var undantekningarlaust lækkun á fjárveitingum til ýmissa framkvæmda á vegum ríkisins, svo sem til ríkisspítalanna, til byggingar menntaskólans í Reykjavík og til Skálholtsskóla, og við athugun kemur í ljós, að sumar þessar fjárveitingar, sem samþ. voru í fjárl., voru ekki notaðar, svo lækkunin virtist ekki hafa komið að sök.

Samtals hafa lækkanir verið nál. 3.786 þús. kr., en hækkanir nál. 9.117 þús. kr., og sést af því, að það er síður en svo, að fjvn. hafi í blindni skorið niður nokkra fjárveitingu eða útgjöld á þessum umræddu fjárl. Það eina, sem mætti segja, að kæmi í ljós, er það, að lækkanirnar á 11. gr., 185 þús. kr., standast ekki, en benda má á það, að það er lítill hluti af þeim 4½ millj. kr., sem þessi gr. fer fram úr áætlun, og ég er sannfærður um það, að ýmsir þessir liðir, sem fjvn. samþ. að lækka á 11. gr., hefðu ekki verið lækkaðir, ef þáv. fjmrh. hefði óskað eftir og gefið upplýsingar til n. um, að ógerlegt væri að skera niður þau útgjöld.

Síðan ég kom í fjvn. hef ég aldrei orðið var við, að fjvn. hafi ekki haft sjálfsagða löngun til þess að starfa í samráði við hvern þann fjmrh., sem þá hefur farið með völd. Ef nokkru er undan að kvarta, sem ég er ekki að gera, þá er frekar hægt að segja, að fjmrh. hafi ekki ævinlega verið í sambandi við fjvn. eins og æskilegt hefði verið og betur hefði farið á. Ég held þess vegna, að það séu staðlausir stafir, að fjvn. hafi í blindni skorið niður augljós útgjöld, þegar hún hafði til meðferðar fjárlfrv. 1948. — Að fjvn. hafi beitt einræði í málum, það er náttúrlega út af fyrir sig broslegt, því að ef litið er eingöngu á það, þá er öll fjvn., ef hún stæði saman sem einn maður, ekki einu sinni ⅙ af Alþ., svo að hún hefur ekki aðstöðu til að beita einræði í meðferð þeirra mála, sem til hennar er vísað.

Hv. þm. Vestm. sagði, að það væri auðvitað erfitt að áætla útgjöld, því að margt í fjárlagaútgjöldum væri áætlunarupphæðir, og nefndi hann t. d. jarðræktarstyrkinn og viðhald vega. Þetta er alveg rétt, og ég tók það fram í framsöguræðu minni, að það væri vitað mál, að það væri oft vandkvæðum bundið að hitta nákvæmlega á raunverulegu upphæðina í hverju tilfelli. En ef við athugum fyrir árið 1948 þessar 2 áætlunarupphæðir, sem hv. þm. Vestm. nefndi sem dæmi, svo sem áætlunina um jarðræktarstyrkinn, þá kemur í ljós, að í frv. til fjárl. fyrir þetta ár gerir fjmrh. ráð fyrir því, að þessi útgjöld verði 2½ millj. kr., en á fjárl. eru þau áætluð 3 millj. kr. Því segi ég, að fjvn. hefur ekki stutt að því að skera í blindni niður eða draga fjöður yfir augljós útgjöld, og ég vil bæta því við, að fjvn. hafði mikla tilhneigingu til að áætla upphæðina hærri, vegna þess að það hafði sýnt sig á undanförnum árum, að þessi útgjaldaliður hafði farið fram úr 3 millj. kr. En við 3 millj. kr. var látið sitja, og ég hygg, að það hafi frekar staðið á þáv. ríkisstj. að taka til greina hærri upphæð en fjvn., en þó er það svo að þessi útgjaldaliður, sem að tilhlutan fjvn. var færður á fjárl. upp í 3

millj., hefur reynzt 3,6 millj. árið 1948, svo að ekki hefur fjvn. þar farið spillandi höndum um verkefni sitt. — Þá er sömu söguna að segja um hinn liðinn, sem hv. þm. Vestm. nefndi, viðhald á vegum. Á fjárlfrv. fyrir árið 1948 voru þau útgjöld áætluð 9 millj., og var það samþ. í fjárl. Það var ekki gert ráð fyrir því að áætla þessi útgjöld hærri, en ég hygg, að það sé ekki ofsagt, að fjvn. hafi haft mjög mikla tilhneigingu til þess að áætla þessi útgjöld 11 millj., eða 2 millj. hærri en í frv. En ríkisstj. vildi ekki ganga inn á slíkt, og fjvn. taldi, að við svo búið yrði að sitja.

Hv. þm. Vestm. taldi, að ég hefði haldið því fram, að það mætti ekki eiga sér stað að nokkrum stafkrók væri breytt frá fjárl., þegar til útgjaldanna kæmi. Þetta er náttúrlega ranghermi. Ég hélt því fram og vakti athygli á því, hvað það væri fjarri öllu lagi, að útgjöld færu svo langt fram úr áætlun eins og raun ber vitni, en tók fram, að vitanlega yrði aldrei komizt hjá fjáraukalögum. Hafði ég þar að sjálfsögðu m. a. í huga 22. gr. fjárl., útgjöld samkv. ýmsum l., sem samþ. eru, og síðast en ekki sízt það, að það er aldrei hægt að gera ráð fyrir því að taka í áætlun fjárl. nákvæmlega þá upphæð, sem nauðsyn ber til í hverju tilfelli að greiða. En ég lagði áherzlu á, að það hlyti að vera hægt að komast í flestum tilfellum nálægt því sanna um útgjöld einstakra liða, ekki sízt ef nægilega er byggt á reynslu undanfarinna ára, og undir öllum kringumstæðum taldi ég, að það sé mjög auðvelt að komast a. m. k. nær áætlunum heldur en hefur verið í fjárl. fyrir árið 1948. Ég vil nefna dæmi, sem ég gat um í framsöguræðu minni. Það er 11. gr., þar sem útgjöldin fara 4½ millj. fram úr áætlun fjárl., eða um 25%. Ég tók það fram þá, að ég væri ekki með neinar ásakanir á hendur einstökum aðilum, ég tel þetta miklu alvarlegra mál en að ástæða sé til að taka þetta persónulega. Ég vildi vekja athygli á því, hvað það er varhugavert að viðhafa slík vinnubrögð. Það kann að vera að einhverju leyti fjvn. að kenna, en þó vil ég ekki kannast við það, að hún hafi ekki farið eftir þeim gögnum, sem fyrir hafa legið, og reynt að fá það sannasta út úr hverju atriði sem hægt var.

Hv. þm. Vestm. taldi það aukaatriði, í hvaða formi fjáraukalög væru lögð fyrir Alþ. Það er nú svo, að fjvn. telur það ekki aukaatriði, hvort t. d. á 20. gr. fjárlaga 1948 komi 62 millj. eða rúmar 73 millj., sem mundi vera á þeirri gr., ef sú aðferð um uppbyggingu fjáraukalaga hefði verið viðhöfð, sem fjvn. leggur áherzlu á að sé notuð, m. ö. o., hún ætlast til, að sú raunverulega umframgreiðsla komi fram, án þess að þær séu lækkaðar með því, sem kannske hefur tekizt að spara á einhverjum öðrum lið í sömu gr. Hún lítur svo á, að þó fjmrh. hafi tekizt annaðhvort að losna við ákveðin útgjöld eða draga úr þeim, þá hafi hann ekki heimild til þess að ráðstafa því fé til annarra hluta, öðruvísi en að á eftir komi samþykkt Alþ.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð mín miklu fleiri og skal ekki ræða um þetta mál í þeim anda, sem mér virtist hv. þm. Vestm. hafa tilhneigingu til að færa málið inn á. En ég vil enn vekja athygli á því, sem ég taldi í framsöguræðu minni aðalatriði málsins, þ. e.: Á það að vera ríkjandi venja áfram, að það þyki raunverulega engum tíðindum sæta, þótt útgjöld ríkisins fari jafnvel 40—50% fram úr áætlun fjárl. og þessar stóru umframgreiðslur liggi svo ekki fyrir Alþ. til samþykktar fyrr en 2—4 árum eftir að þessar greiðslur hafa átt sér stað? Þetta er aðalatriði málsins og það, sem ég vildi vekja athygli á með framsöguræðu minni.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hæstv. forseti hefur látið þau orð falla, að það væri ekki viðeigandi að ræða mikið fjáraukalög í sameinuðu þingi. En ég vænti þess, að hann leyfi umr., því að landsreikningurinn fyrir sama ár er til umr. í Ed. og hann hefur talið að þessar umr. og deiluatriði eigi að fara fram undir þeim umr., en forseti Ed. er á gagnstæðri skoðun, því að hann álítur, að umr. um landsreikninginn eigi að fara fram í sameinuðu þingi, og meðan forsetarnir koma sér ekki saman um það atriði, þá vænti ég þess, að hæstv. forseti sameinaðs þings leyfi umr. um þetta mál. Annars skal ég ekki tefja mjög mikið, því að hv. frsm. hefur tekið fram nokkuð af því, sem ég hafði ætlað að segja. Ég stóð upp vegna þeirra ummæla frá hv. þm. Vestm., að aukagreiðslur fjárl. stöfuðu af einræðisstefnu fjvn. og að fjvn. hefði á þessu ári og oftar beitt því einræði við afgreiðslu fjárl. að skera niður af handahófi fjárl. þvert ofan í vilja ráðh., og af því stafi þær umframgreiðslur, sem átt hafi sér stað. Ég veit, að hv. þm. Vestm. mælir þetta ekki af því, að hann telji að þetta sé hið raunverulega, heldur er þetta misskilningur, sem ég vildi leiðrétta. Síðan ég tók við formennsku í fjvn. 1945, þá hef ég m. a. haft samvinnu við hann sem fjmrh., og ég veit ekki til, að á því tímabili öllu, sem hann var fjmrh., hafi komið fram nema 2 atriði, sem deilt var um við hann af fjvn. Annað atriðið var það, að hann sem fjmrh. óskaði eftir því, að gerð væri ein breyt. á till. fjvn., svo að skipti tugum, ef ekki hundruðum þúsunda, þar sem ákveðið er að skera niður um 15% útgjöld til verklegra framkvæmda, og átti að gera þær breyt. á sérhverjum lið. Þetta gat ég ekki fallizt á. En þessi ágreiningur stafaði mest af því, að er páv. ríkisstj. settist að völdum, sendi hún fjvn. lista um 10 millj. kr. útgjöld. Ég gerði mitt ýtrasta til þess að fá hæstv. páv. ráðh. til að falla frá þessum kröfum, og ég vil segja hæstv. páv. fjmrh. það til hróss, að hann lagði mikla vinnu í það að fá samkomulag um þetta atriði. — Ástæðan fyrir þessum auknu útgjöldum er sú, að í tíð hv. þm. Vestm. sem fjmrh. hygg ég, að ekki hafi ríkt það samkomulag í ríkisstj., sem nú ríkir, en ég vil engan veginn saka hv. þm. Vestm. fyrir það, því að þá var ekki til að dreifa þeirri sömu ábyrgðartilfinningu í Framsfl. um afgreiðslu fjárl. eins og nú er, og auðvitað kom „einræðisstefna" fjvn. ekki til greina í þessu sambandi. — Ég vil benda á, að í fjvn. urðu einmitt hörð átök milli þm. Vestm. og hæstv. núv. fjmrh. um framlag til landhelgisgæzlunnar, og gerði þá nefndin allt, sem í hennar valdi stóð, til þess að sætta þessa deiluaðila. En ef Framsfl. hefði þá haft sömu ábyrgðartilfinningu í þessum málum og hann hefur nú, þá hefði aldrei komið til þessarar deilu, og mætti taka fleiri slík dæmi.

Annað atriði, þar sem kom til ágreinings milli mín og ríkisstj., var, er þessi fjárlög voru afgr. Þá

lá frv. hér í Sþ. í 8 daga, áður en um það voru greidd atkv. til 3. umr., af því að gerð var sú krafa til mín, að fjvn. tæki aftur 80 till. af 160, sem fjvn. bar fram, og lá allt til grundvallar þessu annað en það að spara útgjöld. Ég játa, að ég setti mig á móti slíkum óskum, og ég hygg nú, að flestir viðurkenni, að það hafi verið rétt. Ég þykist alltaf hafa reynt að komast að samkomulagi í fjvn. við hvern þann fjmrh., sem að völdum situr, og þykir mér rétt að láta það koma hér fram út af ummælum hv. þm. Vestm. Ég man, að deilt var lengi um það, hvort setja ætti í fjárlög 1.000.000 kr. í bindindishallir, norrænuhallir o. s. frv., og fyrir skilning hæstv. þáv. fjmrh. var komizt að samkomulagi um að fella þetta burt úr fjárl. og sett í staðinn fjárhæð til að byggja hafnir í landinu, og býst ég ekki við, að nokkur maður sjái eftir því, að svo var gert. Um þetta urðu mikil átök milli mín og hæstv. þáv. ráðh., en á því átti hann enga sök, heldur var hann þvingaður af ráðandi mönnum í Framsfl.

Ég skal svo ekki ræða þetta nánar, en ég tel, að ástæðan fyrir því, að greiddar voru 40 millj. kr. fram yfir það, sem áætlað var í fjárl. í 1.—19. gr., stafi af því, að þá ríkti ekki það samkomulag og sú ábyrgðartilfinning í ríkisstj. sem nú, og var þetta engan veginn hæstv. þáv. fjmrh. eða Sjálfstfl. að kenna.

Forseti (JPálm): Út af þeirri aths., sem fram hefur komið, vil ég segja, að afgreiðsla fjáraukal. hafi venjulega verið skoðuð sem hreint formsmál, því að auðvitað er ríkisreikningurinn aðalatriðið, og það var fyrir óaðgæzlu, er fjárlögin voru sett í Sþ., að ríkisreikningarnir voru ekki látnir fylgja með.

ATKVGR.
Brtt. 637,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 637,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Sþ., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 752).

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Við 2. umr. þessa máls sá hv. þm. Barð. ástæðu til þess að bera fram ásakanir á hendur Framsfl. um afstöðu hans til afgreiðslu fjárlaga undanfarin ár og bar honum á brýn, að flokkinn hafi skort ábyrgðartilfinningu í afstöðu sinni til fjárl. Ég ætlaði að svara þessari ræðu hv. þm., en gætti þess ekki, að þessi hv. þm. var síðastur á mælendaskrá, svo að hæstv. forseti var búinn að taka málið af dagskrá, er ég ætlaði að kveðja mér hljóðs.

Hv. þm. sagði, að aðalástæðan fyrir því, hve illa hefði tekizt til um afgreiðslu fjárlaga undanfarin ár, væri mest að kenna heimtufrekju Framsfl. og ráðherra hans, því að þar hefði ekki verið til að dreifa neinni ábyrgðartilfinningu og samvinnuvilja um að afgr. ábyrg fjárlög. — Ég ætla að vísa þessum ummælum hans alveg á bug og álít þau vera í fyllsta máta algerlega óréttmæt og tilefnislaus. Ef hv. þm. óskar eftir að ræða þetta mál meir á þennan hátt, gæti farið svo, að hægt væri að leiða fram sem vitni ábyrga forystumenn í Sjálfstfl., sem sanna, að ef um óábyrga afstöðu til fjármálanna hafi verið að ræða, þá sé ekki síður hægt að finna hana innan Sjálfstfl. en annarra flokka.

Ég skal svo ekki ræða frekar um þetta nema tilefni gefist til. Ég hef ekki rætt þetta mál frá flokkslegu sjónarmiði, en átti nokkra orðasennu við hv. þm. Vestm. út af þessu máli, en hann ræddi málið ekki heldur flokkslega, svo að það er hv. þm. Barð., sem færði málið inn á þá braut, sem það nú er á. Og ef hv. þm. Barð. óskar eftir slíkum umræðum, þá hann um það.

Forseti (JPálm): Þessum fundi er ekki ætluð seta nema 2½ klst., og mér finnst illa horfa, ef hv. þm. ætla að taka hér upp eldhúsdagsumræður. Mun ég því takmarka ræðutímann við 5 mín.

Gísli Jónsson: Ég vil mótmæla því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Honum er bezt kunnugt um, hvaða afstöðu Framsfl. hefur haft um afgreiðslu fjárlaga, og ég hef orðið var við, að þessi flokkur hefur breytt um viðhorf í þessum efnum eftir að núv. fjmrh. tók við fjármálaráðherraembættinu. Annars skal ég ekki misbjóða hæstv. forseta með löngum ræðuhöldum um þetta mál, en e. t. v. gefst tækifæri til þess að ræða þetta síðar.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég veit ekki, hvort það er þess vert að standa upp og svara þessum hv. þm. upp á það að hafa aðeins 5 mín. til umráða. En ég get engan veginn fellt mig við niðurskurð ræðutímans í 5 mín. Þetta mál hefur sama rétt á sér og önnur mál, og er ekkert, sem réttlætir það, að ræðutíminn sé skorinn niður, og vil ég hér með mótmæla því.

Ég hef ekki fært þetta mál inn í þann farveg, sem það nú er í, heldur hv. þm. Barð., enda taldi hann nauðsyn til þess að staðfesta fyrri ummæli sín með sinni síðustu ræðu. Ég tel mig því knúðan til þess að svara hv. þm. Barð. og get engan veginn álitið mig misbjóða hæstv. forseta, þótt ég tali lengur en 5 mín.

Ég gat um það áður, að ég væri reiðubúinn til þess að leiða einn af forystumönnum Sjálfstfl. sem vitni í þessu máli. Ég vil því að gefnu tilefni leiða fram þetta vitni, sem er einn af áhrifamönnum Sjálfstfl., hv. þm. Vestm., sem hv. þm. Barð. mun telja mikinn fjármálaleiðtoga, og vil ég í því sambandi vitna í ummæli hv. þm. Barð. við 2. umr., þar sem hann sagði, að hann hefði verið sammála þessum hv. þm. öll þau ár, er hann var fjmrh. og þm. Barð. form. fjvn., að tveim skiptum undanteknum. Ég ætla því, að hv. þm. Barð. telji hv. þm. Vestm. mikinn fjármálaleiðtoga, fyrst hann segir, að hann hafi getað átt samleið með honum í slíkum málum öll þessi ár. En við umr. í Ed. í vetur mælti hv. þm. Vestm. á þá leið, — eftir að hann hafði lýst erfiðri aðstöðu sinni sem fjmrh. undanfarin ár og lýst yfir, að hann hefði vænzt betri stuðnings af Sjálfstfl. varðandi fjármálastjórnina, og sagði svo orðrétt:

„Ég átti við það að búa, að jafnvel minn eiginn flokkur lagði í bakið á mér, eftir að fjárl. voru af-

greidd, með því að samþykkja margra milljóna króna útgjöld, og leggja mér þá skyldu á herðar að greiða utan fjárlaga. Það var óforsvaranlegt.“

Ég ætla því, að það sitji ekki á þm. Barð. að kasta steinum að einum flokki frekar en öðrum í þessu efni, og ég hygg, að hv. þm. Vestm. hafi ekki haft neina löngun til þess að segja fleiri ásökunarorð í garð Sjálfstfl. en ástæða er til.

Fyrst hv. þm. Barð. óskar eftir umr. um þetta mál á þessum grundvelli, þá skal ég fara nánar inn á þetta. Hv. þm. sagði, að óábyrg afgreiðsla fjárl. stafaði af heimtufrekju Framsfl. og ráðherra hans. Það eru staðlausir stafir, að ráðh. Framsfl. eigi þessa ásökun skilið, enda hefur hv. þm. ekki komið með nein frambærileg rök fyrir þessum málflutningi sínum. Hið sanna er, að þeir hafa fylgt því eftir með festu, að áætlað væri til málanna það, sem þeir gerðu ráð fyrir, að nauðsynlegt væri. Ég tel, að slíkt sýni fyllstu ábyrgðartilfinningu, en ekki ábyrgðarleysi. Eða telur þm. það meiri ábyrgðartilfinningu að koma aftan að fjmrh. eftir að fjárlög hafa verið afgr. og heimta fé, hvað sem fjárv. líður. Ég minnist m. a. tveggja atvika, þar sem ráðh. Framsfl. fylgdu því fast fram að hækka kostnaðarlið á fjárl., og var annað það, að fyrrv. landbrh. vildi fá kostnaðinn í sambandi við mæðiveikivarnirnar hæfilega hátt áætlaðan. Ég tel, að þetta hafi byggzt á ábyrgðartilfinningu, en ekki kröfu út í loftið. — Ég man það líka, að hæstv. núv. fjmrh. óskaði eftir því, eftir að hann tók við embætti, að kostnaðaráætlunin við strandgæzlu yrði hækkuð verulega. Um þetta voru nokkuð skiptar skoðanir í fjvn., en ég tel þetta ekki ásökunarefni, heldur raunhæfa kröfu, sem sinna varð. Það hefði ekki verið unnt fyrir minna fé að halda uppi sómasamlegri landhelgisgæzlu með þeim skipum, sem um var að ræða, en líkur til, að áætlun þessa hæstv. fjmrh. mundi standast. — Í sambandi við þetta mætti minnast á fleiri atriði, en ég hirði ekki um að nefna fleira.

Í sambandi við það, að Framsfl. hafi verið óábyrgur í afgreiðslu fjárlaga, verður að ætla, að hv. þm. Barð. miði það við reynslu sína af samstarfsmönnum sínum úr Framsfl. í fjvn., og mig furðar á því, að hann skuli sjá ástæðu til þess að bera þeim slíkt á brýn. Ég veit það, að sitthvað hefur borið á milli hans og framsóknarmanna í fjvn. En er það ábyrgðarleysi, að þeir hafa alltaf skipað sér í þann flokk í fjvn., sem vill áætla tekjur það varlega, að þær geti staðizt og líkur væru fyrir, að þar væri borð fyrir báru? Ég skal játa, að við framsóknarmenn höfum ekki alltaf verið að skapi hv. þm. Barð., og það er kannske mannlegt, að þetta brjótist út hér á Alþingi í ofboðslegri gremju hans. Ég skal játa, að við framsóknarmenn í fjvn. höfum leitazt við eftir megni að skipta fé milli kjördæmanna eins réttlátlega og unnt hefur verið. Ég skal játa, að kastazt hefur í kekki milli hv. þm. og okkar framsóknarmanna í fjvn., er við höfum maldað í móinn út af þeim kröfum, sem þessi hv. þm. hefur borið fram vegna síns kjördæmis, og getur verið, að hv. þm. Barð. kalli það ábyrgðarleysi. Einnig skal ég játa, að framsóknarmenn hafa lýst óánægju sinni við þennan hv. þm., þegar hann hefur sýnt löngun til þess að mynda meiri hluta með stjórnarandstöðunni innan fjvn. Slíkir árekstrar hafa að vísu ekki orðið til vandræða, en vel má vera, að við höfum farið í skapið á honum í slíkum tilfellum.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar. En ég vil taka það skýrt fram, að það var ekki ég, sem beindi þessu máli í þann farveg, sem það nú er í. (**Forseti:** Hv. þm. hefur farið langt fram yfir þann tíma, sem leyfður var.) Ég játa vitanlega, að framsóknarmenn í fjvn. eru ekki óskeikulir, en ég mótmæli því eindregið, að starf þeirra hafi mótazt af hlutdrægni. Þeim getur auðvitað yfirsézt, eins og öllum öðrum, og e. t. v. er ein af mestu yfirsjónum þeirra sú, að þeir hafa stuðlað að því, að hv. þm. Barð. hefur verið kosinn form. fjvn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Öll ummæli hv. 2. þm. N-M. stafa af því, að ég sagði hér um daginn, að sjálfstæðismenn stæðu með meiri ábyrgðartilfinningu utan um hæstv. núv. fjmrh. en framsóknarmenn um hæstv. fyrrv. fjmrh. á sínum tíma. Hv. þm. sagði, að ég hefði myndað meiri hl. í fjvn. með stjórnarandstöðunni. En þá sjaldan, sem það hefur borið við, gerði ég það til þess að standa á móti óábyrgum óskum framsóknarmanna um ósanngjörn útgjöld. — Ég skal svo ekki ræða þetta frekar. En ég vil lýsa því yfir, að mér hefur aldrei þótt Framsfl. sýna óábyrga fjármálastefnu vegna þess eins, að þeir hafi ekki orðið við sanngjörnum kröfum míns kjördæmis, sem Framsfl. níddi niður allan þann tíma, sem sá flokkur fór þar með völd. Það var allt annað sjónarmið, sem kom fram hjá Framsfl. þá við samningu fjárlaga. En þeir hafa ef til vill talið, að það væri óþarft að koma fram af ábyrgðarsemi, þegar Sjálfstfl. væri við stjórn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að blanda mér í þær deilur, sem hér hafa átt sér stað milli þeirra hv. 2. þm. N-M. og hv. þm. Barð., jafnvel þó að hann lýsi því yfir, að hann hafi orðið að hafa samvinnu við sósíalista til þess að fá ábyrgan meiri hl. í fjvn. fyrir afgreiðslu fjárlaga. — En það var nú ekki þetta, sem ég ætlaði að ræða, heldur hitt, að hv. þm. Barð., formaður fjvn., er kunnur að því að víkja ýmsu að þeim þm., sem eiga sæti með honum í fjvn., og það oft af miður góðviljuðum huga. Þetta kom nú fyrir við 2. umr. þessa máls, og furða ég mig ekkert á því, þó að hv. 2. þm. N-M. tæki því ekki öllu þegjandi og tel, að hann hafi haft fulla heimild til að svara þeim sökum, sem á hann og aðra voru þar bornar, en hinu furða ég mig meira á, að hæstv. forseti skuli nú takmarka ræðutíma við 5 mínútur, þegar aðeins hefur verið rætt um þetta mál í 5 mínútur; ég fyrir mitt leyti efast stórlega um, að forseti hafi nokkra heimild til slíks.

Forseti (JPálm): Það tók alllangan tíma að ræða þetta mál við 2. umr., og taldi ég, að það mundi vera útrætt og mundi þess vegna vera óþarft að eyða löngum tíma nú í umr. og hafði ætlað mér, að það yrði afgr. án frekari umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég tel, að ég hafi fulla heimild til að tala hér meira en því sem svarar aths., þar sem ég er frsm. n., en ég skal nú ekki deila við forseta um það.

Ég vil aðeins lýsa því yfir, að ég tel ekki, að

ástæða sé til að draga málið lengra inn á þá braut, sem hv. þm. Barð. hefur dregið það, og tel mig geta vel við unað að hafa nú svarað þeim ásökunum, sem hann bar á mig og aðra framsóknarmenn. Mun ég því láta útrætt um þetta mál, nema frekara tilefni gefist.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 824).

50. Aðstoð til síldarútvegsmanna.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að ábyrgjast allt að 2 250 000 kr. lán til útgerðarmanna, er stunda síldveiðar á þessu sumri [6. mál] (stjfrv., A. 6).

Á 4. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og hv. þdm. er kunnugt, brást norðurlandssíldin enn þá einu sinni í sumar. Þegar kom fram í ágústmánuð, þótti sýnt, að menn gætu ekki haldið áfram veiðitilraunum, ef ekkert væri aðhafzt til stuðnings, og mundu menn þurfa að fá einhver lán, t. d. til að greiða aðkallandi kauptryggingu, ef það ætti að vera hægt að halda áfram. Að hinu leytinu var svo aflatryggingasjóður, sem ætlað er það hlutverk að bæta upp síldveiðiflotanum, þegar illa fer, en sá sjóður hefur hins vegar ekki handbært fé og enda ekki séð þá endanlega, hvernig fara mundi um vertíðina, og því ekki ljóst, hvort það yrði endanlega fullkominn aflabrestur yfir sumarið. Var þá það ráð tekið, að ríkissjóður tók eða ábyrgðist nokkur lán, sem útgerðarmönnum voru veitt í Landsbankanum og Útvegsbankanum, og jafnframt sett bráðabirgðaákvæði um það, að þessi lán yrðu síðar endurgreidd úr hlutatryggingasjóði. Síðan voru sett önnur brbl., sem breyttu l. um aflatryggingasjóð eins og nauðsynlegt var, og hafa þau verið lögð fyrir hina deild þingsins, Nd.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fyrir þessu lengri framsögu, en óska, að málinu verði vísað til fjhn. að lokinni þessari umr. Hitt málið fer að sjálfsögðu til sjútvn., þegar það kemur til hv. d., en þetta frv. fjallar eingöngu um ábyrgð ríkissjóðs.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 732).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (*Gísli Jónsson*): Herra forseti. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er 6. mál þessarar hv. d. og er um staðfestingu á brbl., sem gefin voru út á s. l. sumri vegna aflabrests á síldveiðunum, svo að tryggt væri, að flotinn gæti haldið áfram til vertíðarloka. Frv. var útbýtt hér 11. okt. s. l. og vísað til 2. umr. og fjhn. 17. okt., en hefur síðan legið hjá n., eða til 24. þ. m., að nál. er gefið út. Mér þykir hlýða að skýra í fáum orðum, hvernig á drætti þessum stendur, sem orðinn er á afgreiðslu þessa frv.

Hinn 11. okt. s. l. var einnig útbýtt hér frv. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, en þar var líka um að ræða staðfestingu á brbl., sem gefin voru út 19. ágúst s. l., og efni frv. var það að heimila ríkisstj. að skerða stofnfé sjóðsins, að fengnu samþykki ráðh. Þetta frv. hefur síðan legið fyrir hv. Nd. og verið mikill ágreiningur um það, hvort leyft skyldi að skerða hlutatryggingasjóð, án þess að honum yrði aflað tekna í staðinn. Hefur verið lögð fram í Nd. brtt. á þskj. 445, þar sem lagt er til að afla sjóðnum tekna á móti. Fjhn. þessarar d. vildi ekki afgreiða það frv., sem hér er á dagskrá, fyrr en séð væri, hvaða afgreiðslu umrætt frv. fengi í hv. Nd. Eftir þeirri afgreiðslu varð að taka afstöðu til þessa máls, og því hefur n. ekki skilað því frá sér fyrr en nú. En það er nú ljóst orðið, hvernig Nd. mun afgreiða þingmál nr. 2; það hefur verið sent til hv. sjútvn. Nd., og býst hún við, að það fái afgreiðslu óbreytt. Það er því í fullu samræmi við þá afgreiðslu, að fjhn. þessarar d. leggur til, að þetta mál verði samþ. óbreytt.

Lögin um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins frá 1948 voru sett til þess að verja bátaútveginn áföllum, sem alltaf geta átt sér stað, og þegar rætt var um setningu þessara l., urðu sterk átök um það, hvort síðasta málsgr. 10. gr. skyldi samþykkt, en hún fjallaði um, að aldrei mætti skerða stofnfé sjóðsins. Þeir, sem bjuggu þau lög til, lögðu til, að stofnféð mætti skerða að vissu lágmarki. Alþingi var hins vegar yfirleitt mótfallið því. Og það var hugsað þannig, að með því væru sjóðnum tryggðir vextir af stofnfé, og gæti hann þannig eflzt svo, að vextir hans yrðu drjúgar árlegar tekjur. Þetta var meginhugsun þeirra, sem ekki vildu skerða stofnfé sjóðsins. Ég skal ekki fara út í, hvort það hefur verið rétt eða rangt að gefa út þessi brbl. um að taka nú meginhlutann af stofnfé sjóðsins; það er umliðið og þeirri ráðstöfun verður ekki breytt. Hitt er augljóst, að það er jafnnauðsynlegt nú og setning brbl. var í sumar að gera tilraun í þá átt að fá þetta fé aftur í sjóðinn. Mér er sagt, að hæstv. sjútvmrh. hafi sagt við umr. um málið, að hann treysti sér ekki til að leggja þær byrðar á þjóðina að afla þessa fjár með öðru móti en að skerða sjóðinn. En því er samt treyst, að hæstv. ríkisstj. athugi, hvernig sjóðurinn geti fengið þetta endurgreitt, og það er í trausti þess, sem n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Hún telur nauðsyn, að þessi sjóður sé sem sterkastur og að það beri að tryggja á einn eða annan hátt, að þessa fjár sé aflað.

Á þessum forsendum legg ég til fyrir hönd n., að frv. þetta sé samþykkt óbreytt.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég stend ekki upp til þess að mæla því í gegn, að frv. *nái fram að ganga. Ég vil aðeins benda á, að orðalagið „á þessu sumri" í 1. gr. á ekki lengur við, og* því þarf að breyta, áður en frv. verður að l.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 4. þm. Reykv., að þessu þarf að breyta, en ég held það þurfi ekki að tefja málið neitt og megi breyta þessu á milli 2. og 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 6, 739).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og bent var á við 2. umr., var þörf að gera orðalagsbreytingu á 1. gr. frv. og fyrirsögn, vegna þess að miðað var við, að frv. næði fram að ganga fyrir áramót. Brtt. fjhn. á þskj. 739 er þannig:

„1. Við 1. gr. Í stað orðanna „er síldveiðar stunda á þessu sumri" komi: er síldveiðar stunduðu sumarið 1950.

2. Við fyrirsögn frv.: Í stað orðanna „er stunda síldveiðar á þessu sumri" komi: er síldveiðar stunduðu sumarið 1950."

Legg ég svo til að þessar brtt. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 739 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að ábyrgjast allt að 2250000 kr. lán til útgerðarmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1950.

Á 77. fundi í Nd., 2. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 755).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 755, n. 786).

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Frv., sem hér er tekið til meðferðar, er staðfesting á brbl., sem hæstv. ríkisstj. taldi nauðsynlegt að fá gefin út á s. l. sumri vegna aflabrests síldveiðiskipanna, er þá voru að veiðum fyrir Norðurlandi. Varð ekki komizt hjá því að veita stórum hluta síldveiðiskipanna fjárhagslega aðstoð til að greiða með hlutatryggingar skipverja og vistir og til að fyrirbyggja það, að skipin hættu veiðum á miðri síldarvertíð.

Það hefur því miður tekizt erfiðlega til með starfsemi síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins á fyrsta starfsári hennar, þar sem hæstv. ríkisstj. sá sig knúða til að fá gefin út brbl. á s. l. sumri um heimild til að skerða stofnfé síldveiðideildarinnar, með þeim afleiðingum, að búið er að eyða öllu stofnfénu, 2½ millj. kr., og tekjum deildarinnar 1950, ½ millj. kr., eða samtals um 3 millj. kr. Þó að þessu fé, 3 millj. kr., hafi verið varið af fé hlutatryggingasjóðs til þeirra útgerðarmanna, sem urðu fyrir stórkostlegum taprekstri vegna síldveiðanna í sumar, þá náði þessi upphæð aðeins til að greiða skipaeigendum 30% af taprekstrinum.

Það má hæstv. ríkisstj. og alþm. vera ljóst, að ekki verður hjá því komizt að afla deildinni tekna. Þess vegna fluttum við hv. þm. Borgf. og ég brtt. á þskj. 445 um auknar tekjur fyrir hlutatryggingasjóðinn, þar sem við m. a. gerðum ráð fyrir að hækka útflutningsgjald af síldarafurðum um 100%, eða úr ½% í 1%. Einnig gerðum við till. um, að hlutatryggingasjóðurinn fengi 10% af öllum innfluttum vörum. Því miður fengum við ekki þessar brtt. samþ. hér í d. Óhjákvæmilega hlýtur það að verða eitt af fyrstu verkum haustþingsins að leysa þetta stóra vandamál útvegsins á viðunandi hátt.

Þessi tvö frv. eru svo nátengd hvort öðru, að ég hef leyft mér að fara inn á þetta frv. á þskj. 2, sem er búið að fá afgreiðslu þessarar d., en því miður á þann hátt, sem kom fram, að þær brtt., sem við, hv. þm. Borgf. og ég, lögðum fram til þess að reyna að afla sjóðnum aukinna tekna, voru felldar, þannig að þeir útvegsmenn, sem hugsa sér að gera út á síldveiðar næsta sumar, hafa ekkert við að styðjast.

Frv. það, sem hér er til umr. á þskj. 6, leggur sjútvn. til einróma að verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 828).

---

51. Sala lögveða.

Á 26. fundi í Ed., 27. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um sölu lögveða án undangengins lögtaks [115. mál] (stjfrv., A. 214).

Á 27. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, er reglan sú, að ef maður á skuld að heimta og skuldunautur vill ekki

greiða, þá þarf fyrst að höfða mál og fá dóm, síðan að gera aðför og loksins stundum að fá eignir seldar á uppboði, sem teknar eru fjárnámi, svo að það er fyrst eftir uppboðið, að skuldin fæst greidd. Lengi hefur þó sá háttur verið á hafður um öruggari skuldir, að þá sé heimiluð einfaldari aðferð og veittur lögtaksréttur án undangenginnar málsóknar, og síðan er hægt að selja hinar lögteknu eignir við uppboð. Einnig er það þekkt, að skuld sé talin svo örugg, að heimilt sé að sleppa bæði málsókn og lögtaki og leyfilegt að ganga að eignum umsvifalaust og selja á uppboði. Ef slíkt væri mjög algengt, mundi það ef til vill þykja helzti lítið réttaröryggi, en þetta hefur tíðkazt alllengi um skuldir, sem sérstakan forgangsrétt hafa og taldar eru mjög öruggar. Nú hefur verið ákveðið, að fyrir einstökum giöldum er veð í ákveðnum eignum, og þá hefur verið heimilað um innheimtu slíkra skatta, að ganga mætti að veðunum án þess að heimila lögtak, og er í þessu fólginn verulegur sparnaður fyrir hina opinberu innheimtu. Það, sem til er ætlazt með þessu frv., er að rýmka heimildina til að sleppa undanfarinni málsókn og lögtaki og veita auknar heimildir til að ganga að eignum með uppboði, án þess þó að stofna réttaröryggi þegnanna á neinn hátt í voða. Hugmyndin er komin frá gjaldheimtumönnum ríkisins og fimrn. og var lögð fyrir dómsmrn., sem athugaði málið ýtarlega, og varð þá að ráði að flytja þetta frv. Það mundi, ef að l. yrði, hafa í för með sér verulegan sparnað við skattheimtu hins opinbera, en svo er gengið frá, að það skerðir á engan hátt réttaröryggi þegnanna, þótt samþ. sé. Því legg ég eindregið til, að frv. verði samþ., og óska þess, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 214, n. 770).

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er lagt fram af hæstv. ríkisstj. og fjallar um sölu lögveða án undangengins lögtaks. Frv. er lagt fram í sparnaðarskyni, bæði fyrir ríkið og þá, sem lögtakið er gert hjá. N. átti tal við tollstjórann í Reykjavík og borgarfógetann í Reykjavík um mál þetta, og lýstu þeir því yfir, að þetta mundi sérstaklega eiga við, þegar um væri að ræða að taka bifreiðar lögtaki, bæði þegar bílar þeir, sem lögveðið hvíldi á, fyndust ekki, og eins þegar eigandinn fyndist ekki, og er því hugmyndin að fella niður „process" þann, er lögtak nefnist, og láta í þess stað koma fyrirkomulag, sem um getur í 1. gr., þannig að auglýst verði, að uppboð verði látið fara fram, ef skuldin verður ekki greidd innan ákveðins tíma, og skráðum eiganda eignarinnar tilkynnt það í ábyrgðarbréfi. Í frv. er gert ráð fyrir, að frestur þessi sé 14 dagar, en n. ber fram brtt., þar sem gert er ráð fyrir, að hann sé 30 dagar. Eftir upplýsingum, sem n. hefur aflað sér, fer lögtak stundum fram án þess, að hlutaðeigandi viti af því, og er því mjög kostnaðarsamt, ef lengi þarf að leita að hlut þeim, sem taka á lögtaki. Þetta fyrirkomulag er því bæði kostnaðarminna fyrir þann, sem lögtakið er tekið hjá, og einnig auðveldara og ódýrara fyrir ríkið. Það er því hlaupið yfir lögtakið, en svo á sínum tíma, ef skuldin er ekki greidd áður, þá fer fram uppboð á veðinu með þeim hætti, sem um væri að ræða nauðungaruppboð. — N. var lengi að átta sig á málinu, en hún stendur einhuga með, að það nái fram að ganga með þeim breyt., sem um getur í nál. Við höfum rætt málið við tollstjóra og borgarfógeta, og taldi borgarfógeti, að of mikið umstang fylgdi þessu, en tollstjóri og dómsmrh. telja, að þetta geti vel gengið svo. — Ég hef svo ekki fleiri orð um þetta, en n. leggur til, að frv. verði samþ. með breyt. þeim, sem fram koma í áliti nefndarinnar.

ATKVGR.
Brtt. 770 (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 804).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 83. fundi í Nd., 6. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Þetta mál er komið frá hv. Ed. og hefur verið þar alllanga stund. Ég ætla, að ákvæði þessa frv. séu þannig úr garði gerð, að vel megi hlíta því, þó að málið gangi fram. Þetta er til þess að auðvelda innheimtuna, en ætti þó jafnframt ekki að koma að sök þeim, sem á að standa straum af þeim greiðslum, sem verða innheimtar samkvæmt þessum l. Ég sé á meðferð málsins í Ed., að allshn. þar hefur verið ásátt um afgreiðslu þess og borið fram breyt. á 1. gr. frv. og hv. Ed. hefur samþ. hana. Sú breyt., sem þar hefur verið gerð á hinu upphaflega frv., er til þess að tryggja enn betur hagsmuni gerðarþola. Annað atriðið, sem breytt er, er það, að þegar búið er að birta, að taka skuli lögveð, þá er gert ráð fyrir því í frv. með hálfs mánaðar fyrirvara, en eftir breyt. í Ed. með mánaðar fyrirvara. Hitt atriðið er, að frv. gerði ráð fyrir, að eftir að hálfur mánuður væri liðinn, þá mætti selja lögveð, en þetta hefur verið fært í d.

upp í 30 daga, þannig að enn betur er séð fyrir hagsmunum þeirra, sem annast greiðslur á slíkum kröfum. Þetta hefur hv. allshn. Ed. verið sammála um og d. fallizt á. Ég ætla þess vegna, að það sé svo fyrir þessum atriðum séð, að vel megi við þessi ákvæði hlíta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 829).

---

52. Togarakaup ríkisins (lán til kaupenda o. fl.).

Á 76. fundi í Nd., 1. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. 50/1950, um togarakaup ríkisins [194. mál] (stjfrv., A. 754).

Á 77. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vil mælast til þess, að umr. verði frestað um stund, vegna þess að frv. var prentað upp og það er ekki búið að útbýta því í d. Ég held, að þetta hljóti að koma mjög fljótlega.

Forseti (SB): Frv. hefur þegar verið útbýtt, en umr. verður frestað meðan hv. þm. eru að átta sig á því. — [Stutt hlé.]

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta frv. er borið fram af ríkisstj. og er breyt. á l. nr. 50/1950, um togarakaup ríkisins. Í þessum l. er ríkisstj. heimilað að lána kaupendum togaranna allt að 75% af andvirði þeirra. Nú sýndi sig í sumar, er stjórnin gerði ráðstafanir til að selja togarana, að ekki er hægt að losna við þá með þessum skilyrðum. Stjórnin hefur orðið að lána kaupendum þeirra allt að 90% af andvirði þeirra. Af þessum ástæðum er þetta frv. borið fram, til þess að fá heimild til að gera þetta, sem þegar hefur verið gert, og sömuleiðis að fá heimild til að selja þá togara, sem eftir er að ráðstafa. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að við afgreiðslu fjárl. í vetur var samþ. heimild í 22. gr. að taka til athugunar við staðsetningu togaranna, að taka tillit til þeirra staða, þar sem atvinnuástandið er erfiðast. Stjórnin lítur svo á, þó að heimild sé til að ráðstafa togurunum á öðrum grundvelli, að það sé hagstæðara fyrir kaupendur, að þetta sé ákveðið. Í 1. gr. er tekið fram, að heimild sú, er stj. var veitt á fjárl., haldist. Þó að heimildin taki ekkert ákveðið fram, ræður hún með hvaða kjörum skipin séu látin af hendi. Það er vilji Alþingis, að fullt tillit sé tekið til atvinnuástands og hnikað til með kjörin eftir því. Ég vil taka þetta fram við 1. umr. málsins og upplýsa þetta hér í umr., svo að það orkaði ekki tvímælis, hvaða heimild stjórnin hefur. Flm. eru hér og geta skýrt nánar, ef þörf gerist, hvað fyrir þeim vakti.

Mér finnst ekki vera ástæða til að hafa fleiri orð um þetta að sinni. Eins og fram kemur í aths., er þegar búið að ganga frá sölu 4 togara og verið að ganga frá sölu nokkurra, og er þó ekki öllum ráðstafað af þeim 10 togurum, er hér um ræðir. — Ég sé svo ekki ástæðu til að taka fleira fram.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð. Ég get fallizt á, að það sé aðalatriði frv., að stj. sé heimilað lán til togarakaupa. Ég vildi fá nánari skýringu á þessu. Nú liggur fyrir frv., þar sem stj. er heimilað að taka 9 millj. kr. lán. Í frv. er gert ráð fyrir, að þetta sé notað til togarakaupa. Ég vildi fá útskýringu á 1. gr. frv. Ég ímynda mér, að ef heimildin er veitt, þá hefði stjórnin næga heimild, en hér er talað um almenna heimild. Það, sem ég vildi láta koma fram, er, að mér finnst óeðlilegt að hafa heimildina svona óákveðna. Ég er því sammála, að höfuðtilgangur stj. sé að selja togarana með 10% útgjöldum kaupenda.

Pétur Ottesen: Mig langar að segja nokkur orð um þetta mál, þó að það snerti ekki beinlínis frv. Það er ekki alveg eins og það lá fyrir í gær, en nú er búið að breyta því örlítið.

Í sambandi við úthlutun togaranna vildi ég segja þetta: Stjórnin gaf út auglýsingu, 5. apríl s. l. um að þessir togarar væru til sölu og mönnum gefinn kostur á að gerast kaupendur að þeim með ákveðnum skilmálum. Nánar var vísað í atriði frá n., sem hafði haft málið með höndum, og sérstaklega til G. J. Önnur skilyrði, er sett voru fyrir sölu togaranna, voru, að kaupendur tækju að sér hluta af láni, sem tekið væri í Englandi, og ættu að greiða $^1/_{10}$ hluta af kaupverði þeirra, þegar samningar væru gerðir um kaupin. Um fleiri skilmála mun hafa verið að ræða. Að þessu hefur orðið langur aðdragandi, en nú er komið að sölu þeirra. Þessu máli hefur lyktað eins og hæstv. forsrh. upplýsti, og er þegar búið að semja um sölu á meiri hluta togaranna á þeim grundvelli, sem stjórnin hafði lagt. Nú er það vitað, að eftir á að úthluta a. m. k. þremur skipanna. Það er líka vitað, að tveir umsækjenda eru reiðubúnir að uppfylla þessa skilmála, sem hafa þó ekki fengið því framgengt, að stjórnin seldi þeim skipin. Mér skilst, að synjun til þessara umsækjenda sé miðuð við það, að stjórnin hyggst að ráðstafa skipunum á annan hátt. Eins og kom fram hjá hæstv. forsrh. og í frv. eins og það er nú, var vitnað í grg. og tekin upp í tillgr. samþykkt sú, sem gerð var við afgreiðslu fjárl. fyrir jólin í vetur. Þessi samþykkt hljóðar svo, 17. liður 22. gr.: „Ríkisstjórninni er heimilt að gera

ráðstafanir til þess, að nokkrir hinna nýju togara, sem nú eru í smíðum, verði staðsettir á þeim útgerðarstöðum, sem við erfitt atvinnuástand búa.“ — Þetta er byggt á því, að þeim, sem skipin keyptu, þóttu kostirnir nokkuð harðir. Þetta mál horfði svo uggvænlega við, að tvísýnt var, hvort stjórninni tækist að selja skipin með fyrrgreindum skilmálum. Þátttaka mín í atkvgr. var t. d. byggð á þeim skilningi, að til þessarar heimildar yrði ekki gripið, nema ekki tækist að selja skipin samkvæmt framansögðu. Þess vegna lít ég svo á, að ríkisstj. hafi aðeins heimild til að grípa til þessara ráðstafana, ef ekki væri hægt að selja skipin með þeim skilmálum, sem settir voru í upphafi um sölu þeirra. Ég vil því nota þetta tækifæri til að beina því til stj., að sá aðili, sem ég hef umboð fyrir, Akranes, æskir þess, að gengið sé frá sölu eins þessara skipa þeim til handa með þeim skilyrðum, sem stjórnin hefur sett um söluna. Ég lít svo á, að með þeirri auglýsingu, sem ríkisstj. gaf út um þetta, og þeim skilyrðum, sem umboðsmönnum hennar var falið að leggja til grundvallar í samningunum um þetta efni, þá sé hreint og beint verið að gabba þá aðila, sem í trausti þess hafa gert kauptilboð í skipin og óskað mjög eindregið eftir því, að ríkisstj. standi við þá auglýsingu, sem hún gaf út um þetta efni, og þau skilyrði, sem hún fól umbjóðendum sínum að byggja söluna á. Ef það er nú þannig, að þetta er ekki rétt hjá mér, að sá aðili, sem ég hef hér nefnt, hann sé dæmdur úr leik af þessum sökum, bið ég náttúrlega afsökunar á því. En ef það er hins vegar þannig, að það ætti að fyrirmuna þeim um það, að boði þeirra yrði tekið, þá tel ég, að það sé ekki rétt að farið og að slíkri ráðbreytni beri að mótmæla. Ég vil enn fremur benda á það, að með tilliti til þess, að í fjárlagaheimild til handa ríkisstj., sem ég lít svo á, að sé þeim takmörkunum háð, sem ég hef lýst, er talað um staði, þar sem erfitt atvinnuástand sé, — ég vil í þessu sambandi benda á það að því er Akranes snertir, að þar er að vísu einn togari fyrir, en aðalafkoma manna á Akranesi byggist hins vegar á bátaútveginum enn sem komið er. Allir vita um það, hve erfiðlega hefur að undanförnu gengið með bátaútveginn í heild, og t. d. það sem af er þessari vetrarvertíð, en nú er hún um það bil hálfnuð undir venjulegum kringumstæðum, og þó meira en hálfnuð að því er venjulegt aflamagn snertir, þá er svo ástatt nú, að mjög lítill afli er kominn á land á þessum hluta vertíðarinnar og útlitið þess vegna mjög uggvænlegt um afkomu manna þarna, sem að langsamlega mestu leyti byggist á því, að bátaútvegurinn gangi vel. — Ég kýs því að heyra hjá hæstv. forsrh., hvernig ástatt er í þessum efnum, og endurtek það, sem ég sagði áðan: Ef það er svo, að það hafi aðeins orðið dráttur á því, að bæjarstjórn Akraness fengi togara keyptan, en meiningin sé, að svo geti orðið, þá er það náttúrlega að ófyrirsynju að vera með slíka fyrirspurn. Þetta upplýsir hæstv. ráðh., en drátturinn á þessu er orðinn það langur, að mér fannst ástæða til að nota þetta tækifæri til að fá úr því skorið, hversu ástatt er í þessu efni, enda til þess ætlazt af mér, að ég fylgist með í þessu atriði, þar sem það er trú manna þar heima fyrir, að hér geti verið um verulegt hagsmunaatriði að ræða fyrir þá, og auk þess, að þeir hafi alveg sama rétt eins og þeir, sem nú hefur verið samið um sölu á togurum til, — sama rétt og þeir og eru reiðubúnir að standa við þau skilyrði, sem öðrum hafa verið sett.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég skal fyrst snúa mér að fsp. hv. 8. landsk. út af því, sem segir hér í 1. gr. frv., en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Heimilast henni að nota til þess lán það, er um ræðir í 1. gr. laga þessara, og taka til viðbótar þau lán, sem með þarf“. Ég skal viðurkenna, að þetta orðalag er kannske óheppilegt að sumu leyti, en það er ekki tilætlun ríkisstj. að fá neina nýja heimild með þessu, heldur er það algerlega bundið við heimildina í frv., sem síðast var verið að ræða um. Og ég get gefið þessa yfirlýsingu skýrt og ákveðið og tel því ástæðulaust að ræða um það frekar. Náttúrlega mætti breyta þessu orðalagi í n., ef ástæða þætti til þess.

Þá vil ég segja nokkur orð út af ræðu hv. þm. Borgf. Hann gerði hér fsp. til ríkisstj. varðandi úthlutun togaranna og einnig varðandi þá heimild, sem ríkisstj. var veitt í 22. gr. fjárl. um sérstakar ráðstafanir á einhverjum af þessum nýju togurum. Ég skal taka fram, að það var rétt frá skýrt hjá hv. þm., þar sem hann nefndi hina fyrstu auglýsingu ríkisstj. varðandi togarana, frá 1. apríl s. l. vor, þar sem mönnum eða stofnunum var gefinn kostur á að sækja um togara með þeim kjörum, sem þá voru auglýst og miðuð voru við þær heimildir, sem voru í l. En það sýndi sig, að ekki var hægt að afsetja togarana með þessum kjörum, og þegar svo hafði gengið fram undir haust, að engar líkur virtust til þess, að þetta mundi takast, tók ríkisstj. þá ákvörðun að leita eftir því að afsetja togarana með öðrum hagstæðari kjörum fyrir kaupendur, og það er það, sem nú er óskað eftir, að Alþ. veiti heimild til. Það þótti alls ekki fært á þeim tíma að bíða eftir því, að Alþ. kæmi saman, og slæmt að sitja uppi með alla togarana, áður en búið væri að ganga frá sölu á neinum þeirra. — Þó að þannig væri skipt um og boðin hagstæðari kjör, var þó langt frá því, að kapphlaup væri um togarana fyrst þar á eftir. Gekk mjög illa að koma í verk afsetningu fyrstu togaranna á hinum nýja grundvelli. En svo varð mjög snögg og ég vil segja að sumu leyti einkennileg breyting á þeirri tregðu, sem verið hafði á því að óska eftir þessum nýju skipum, þegar kom fram um áramót, því að þá var eins og allir vildu fá þessi nýju skip. Það mun vera rétt, sem hv. þm. Borgf. sagði, að bæjarstjórn Akraness hafi sótt um togara á sínum tíma, en þessi aðili hreyfði ekki neinu til þess að semja við ríkisstj. um það, alls ekki samkv. auglýsingunni frá 1. apríl og ekki heldur síðar, og það var áreiðanlega ekki fyrr en þá eftir áramótin, þegar samninganefnd kom frá Akranesi og óskaði að gerast kaupandi að einum hinna nýju togara. En í því sambandi ber að athuga, að þá var Alþ. búið að taka nokkuð afdrifaríka ákvörðun í þessu máli með þeirri áskorun, sem gerð var í sambandi við 22. gr. fjárl., þar sem ríkisstj. beint fellst á að taka mjög til athugunar að ráðstafa einhverju af togurunum með tilliti til atvinnuskilyrða úti um land,

en ekki með tilliti til þess eins, hvort hægt væri að afsetja togarana með þeim almennu kjörum, sem ákveðin voru, og varð þetta til þess að skapa nýtt viðhorf ríkisstj. í þessu máli. Og það er rétt, sem hv. þm. Borgf. sagði, að þetta var ekki gert að frumkvæði ríkisstj. sjálfrar, heldur tveggja alþm., annars af Vesturlandi, hv. þm. N-Ísf. (SB), og hins af Austurlandi, hv. 2. þm. S-M. (VH), sem báru fram þessa till., og náði hún, að því er mig minnir, ágreiningslaust samþykki Alþ. við afgreiðslu fjárl. Ég geri ráð fyrir, að það sé ekki tilviljun, að það vill svo til, að annar sá hv. alþm., sem bar fram þessa till., er af Vestfjörðum, útgerðarplássinu þar, og hinn af Austfjörðum, útgerðarplássinu þar, heldur stendur þetta ábyggilega í sambandi við hin erfiðu atvinnuskilyrði á báðum þessum stöðum, að þessu er þannig varið, og af þeim ástæðum er það, að ríkisstj. lagði þann skilning í þessa ályktun, að það ætti ekki eingöngu að taka tillit til þeirra skilyrða, sem skipin væru látin af höndum með, heldur ætti fyrst og fremst að taka tillit til atvinnuástandsins á viðkomandi stöðum og hvort með því mætti bjarga einhverju við. En það er einmitt mjög gott að fá þetta rætt nú á Alþ., svo að stj. verði ljóst á eftir, hvaða heimild hún hefur í þessu máli.

Ég efa það ekki, að bæjarstjórn Akraness geti staðið að kaupum á einum af þessum togurum, sem nú eru í boði. Hv. þm. Borgf. benti á það, að atvinnuástandið þarna væri ekki glæsilegt, og þar fyrir sig aflabrest á vertíðinni. Það er að vísu rétt, að bátaflotinn hefur aflað illa enn sem komið er, en þó er það nú alveg víst, að Akranes er einn af þeim stöðum á landinu, þar sem atvinnulífið er einna blómlegast. Má færa ýmis rök fyrir því og t. d. þau, að það hefur sýnt sig við atvinnuleysisskráningu, að ekkert atvinnuleysi er á Akranesi. Staðurinn liggur alveg sérstaklega vel við miðunum hér fyrir bátaútveginn, og þó að enn hafi svo til tekizt á þessari vertíð, er engan veginn útilokað, að úr því geti rætzt. Hitt er aftur alvarlegra, hvernig horfir t. d. á Vestfjörðum. Það má nú heita, að þar sé komin alveg hávertíð, en það má víst svo heita, að engin branda hafi fengizt þar úr sjó til þessa, og það er náttúrlega mjög uggvænlegt ástand, og mér finnst, að þetta hljóti miklu frekar að styrkja ákvörðun Alþ. í vetur í sambandi við fjárl. en að draga úr henni.

Ég gat ekki látið hjá líða að láta þessi orð falla. Það er síður en svo, að ríkisstj. hafi ekki tilhneigingu til þess að verða við óskum eins myndarlegra manna og Akurnesingar eru, að þeir geti fengið togara, þar sem þeir hafa nú fengið áhuga fyrir því, þó að sá áhugi hafi verið mjög daufur á löngu tímabili í sumar. En það er bara ekki hægt að láta þau fáu skip, sem til umráða eru, nema í fáa staði. Það er það, sem hér kemur til greina. Ég skal taka það fram, að það eru sennilega 3 togarar, sem eftir er að ráðstafa enn þá. Þeim er alveg óráðstafað og verður ekki ráðstafað fyrr en Alþ. er búið að ganga frá þessu máli, bæði hinni almennu heimild um, að lána megi almennt upp í 90% af andvirði þeirra, og gengið hefur verið úr skugga um það, hvað vakti fyrir Alþ., þegar það gekk frá ályktuninni í sambandi við fjárl. í vetur, sem ríkisstj. dregur ekki í efa, hvernig hafi átt að skilja. Hv. þm. Borgf. vildi skilja þetta á þann veg, að því aðeins væri heimilt að ráðstafa skipunum með hagstæðari kjörum en þetta frv. ráðgerir, ef ekki væri hægt að afsetja þau á annan hátt. Ég held, að þetta megi ekki lesa út úr ályktuninni í vetur, þar sem tekið er tillit til atvinnuástandsins á viðkomandi stöðum.

Ég skal einnig geta þess út af till., sem hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ) bar hér fram við annað frv., í sambandi við elztu togarana, að ríkisvaldið veitti einhverja aðstoð til þess að skinna þá upp að einhverju leyti, að hann boðaði í gær, að hann mundi taka þessa till. upp í sambandi við þetta frv. Ríkisstj. er tilbúin að ræða það mál, enda mun þetta frv. að sjálfsögðu fara í þá n., sem hv. þm. á sæti í. — Ég gleymdi því áðan að óska, að frv. yrði vísað til 2. umr. og hv. fjvn., þar á það að sjálfsögðu heima.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það er aðeins í tilefni af orðum hv. þm. Borgf., að ég leyfi mér að segja nokkur orð um þetta mál.

Eins og kunnugt er, þá veitti Alþ. hæstv. ríkisstj. rétt fyrir jólin í sambandi við afgreiðslu fjárl. heimild, sem greinir í 22. gr. þeirra l., til þess að gera ráðstafanir til, að nokkrir hinna nýju togara, sem nú eru í smíðum, verði staðsettir á þeim stöðum, sem við erfiðast atvinnuástand eiga að búa. Hv. þm. Borgf. vildi túlka þessa heimild þannig, að ríkisstj. hefði því aðeins leyfi til þess að hagnýta sér hana, að ekki fengjust kaupendur að hinum 10 togurum, sem nú eru í smíðum í Bretlandi, með áður umræddum kjörum, sem samþ. hafa verið með l. og fyrir liggja. Þetta er skilningur hv. þm. á þessari heimild. Ég vil taka það fram, að við, sem að þessu stóðum, lögðum ekki inn í hana þann skilning, nema miklu síður sé. Við gerðum þvert á móti ráð fyrir því, að þó það væru fyrir hendi kaupendur að öllum skipunum með umræddum útboðsskilmálum, þá væri ríkisstj. þó heimilt að staðsetja nokkur þeirra þar, sem atvinnuskilyrði væru örðugust og þeirra væri mest þörf, en fjármagnið eitt yrði ekki látið ráða því, hvar skipin yrðu staðsett, heldur yrði þar einnig litið á atvinnulega nauðsyn staðanna. Þessi samþykkt Alþ. fyrir jólin var einnig í fullu samræmi við kaup hinna fyrri nýsköpunartogara. Þá námu stofnlánin 75%, ef ég man rétt, og með sérstakri ályktun Alþ. var ríkisstj. heimilað að veita 10% lán til viðbótar, þannig að samtals námu lánin um 85% af andvirði togaranna. Og það er vitað mál, að þessi viðbótarheimild gerði sumum aðilum kleift að eignast skipin, sem ella hefðu ekki átt þess kost, og var þannig bætt úr atvinnuvandamálum fleiri staða en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. — Mér er það fagnaðarefni, að hæstv. forsrh. hefur látið í ljós nákvæmlega sama skilning á heimildinni og fyrir mér vakir, enda raunar ekki við öðru að búast, þar sem brtt. var flutt í samráði við hæstv. ríkisstj. á sínum tíma.

Ég tel svo ekki nauðsyn bera til að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég tel tilgangslaust að ræða það við hv. þm. Borgf., hverjir eigi að fá þessi skip. Við getum verið sammála um, að það komi margir staðir til greina, sem þörf hefðu fyrir þau, eins og t. d. Akranes. En spursmálið er fyrst og fremst um það, hvar skipin bæti úr sárastri þörf og hvar atvinnuástandið sé hrapallegast um þessar

mundir, og mestu máli skipti að koma til liðs við þá, sem eiga framtíð sína undir þessum atvinnutækjum. En að fara út í jöfnuð milli einstakra staða hér á Alþ. er óhyggilegt og ekki viðeigandi að deila um slíkt, svo miklar vonir sem fólk á hverjum stað byggir á þessum skipum; skal ég ekki hefja hér slíkar umræður, en mun hins vegar treysta hæstv. ríkisstj. til að framkvæma þá heimild, sem Alþ. veitti henni ágreiningslítið fyrir áramótin, og fara samkv. henni þær leiðir í þessu efni, sem ríkust nauðsyn ber til og bætt geta úr sárustum vandræðum og jafnvel neyð þeirra staða, sem búa við hvað örðugust skilyrði atvinnulega.

Pétur Ottesen: Hæstv. forsætisrh. staðfesti í ræðu sinni það, sem ég sagði, að allmikill dráttur hefði orðið á því að fá einstaklinga eða félög til að semja um kaup á hinum nýju togurum, og það var víst ekki fyrr en undir áramótin, að skriður komst á það. Málin stóðu þannig, er atkv. voru greidd hér á Alþ. um umrædda till., að engan veginn varð séð, hvort takast mundi að selja skipin með þeim skilyrðum, sem ráð var fyrir gert. Og styður það fullkomlega það, sem ég sagði um þann skilning, er legið hefði á bak við samþykkt þessarar heimildar. — Hæstv. forsrh. sagði, að daufur hefði verið áhuginn fyrir kaupum þessum á Akranesi framan af. Hann mun þó sízt hafa verið daufari en annars staðar; menn dokuðu yfirleitt við og vildu sjá, hvað ofan á yrði. Allir fundu til vanmáttar síns að greiða svo mikið fé út í hönd, og mun hik manna hafa stafað af því, að menn hafi beðið eftir, hvort ekki fengjust aðgengilegri skilmálar. Er ekki hægt að færa Akurnesingum það til áfellis fremur en öðrum. Og ég held ég hafi verið að lesa það í dagblöðunum, að það væri t. d. nú fyrst, sem Reykjavíkurbær væri að ganga frá samningum um þessi kaup — þ. e. a. s. í febrúarlok, — og það er þannig lítil ástæða fyrir ríkisstj. að skáka Akranesi út, að þar hafi þessu máli verið sýnd meiri deyfð eða tómlæti en annars staðar. — Hæstv. ráðh. hefur upplýst, að samið hafi verið við Rvík um 4 af þessum skipum. Og ef litið er til þess, hve margt fólk er í Reykjavík miðað við aðra staði, sem æskja þess að fá togara keypta, þá má segja, að þetta geti ekki talizt óeðlileg ráðstöfun. Hins vegar verður að hafa fulla gát á því, að höfðatalan skiptir ekki öllu máli í þessu sambandi, og forðast ber að hlaða allt of mikið undir það, að svo sé háttað málum, að atvinnuskilyrða sé hvergi að leita annars staðar á landinu en hér í Rvík. Það er engan veginn heppilegt þjóðfélaginu, að fólkið sé þannig dregið hér saman í hnapp á kostnað hinna dreifðu byggða úti um landið, heldur verður að skapa því lífvænleg skilyrði sem víðast. Þetta sjónarmið er fullkomlega athugavert í sambandi við þá úthlutun, sem hér ræðir um. Þannig hefði undir öllum kringumstæðum verið hyggilegra, að Rvík hefði ekki fengið nema 3 af þessum togurum, en Akranes þá 1 togara. Þar hafa verið sköpuð skilyrði til framleiðslu, sem hafa kostað stórfé, en eru ekki notuð nema að litlu leyti, svo sem t. d. 3 hraðfrystihús, fiski- og síldarverksmiðja og lýsisbræðsla, sem á einum sólarhring getur unnið hráefni fullhlaðins togara. En þessi skilyrði, sem fólkið hefur þarna skapað, eru engan veginn fullnýtt. Þessu finnst mér að hæstv. ríkisstj. hefði átt að gefa gaum, og ég skýt því hér inn í, af því mér finnst fullkomlega athyglisvert að taka það með í reikninginn, hvernig ástatt er á hinum ýmsu stöðum hvað þetta snertir, a. m. k. í sambandi við aðgerðir Alþ. síðar meir í atvinnumálum landsmanna.

Viðvíkjandi þeim deilum, sem hér hafa nú risið upp og þar sem hæstv. ríkisstj. hefur leitt hv. þm. N-Ísf. sem vitni, þá vil ég benda á, að ég hef kynnt mér í handriti ræðu þá, er hann flutti á sínum tíma um þetta mál, og að svo miklu leyti sem líta má á hana sem gagn í málinu — því þótt hv. þm. sé maður vel metinn, ber auðvitað ekki að líta á vilja hans sem vilja Alþ. —, þá er hún ekki mikilsvert gagn fyrir málstað hans nú, því ekkert er í henni að finna, sem kemur í bága við þá skoðun, að þar sem heimild Alþ. er til komin á þeim tíma, þegar ekki var útséð um, að ríkisstj. gæti selt nýju togarana, þá var það fyrst og fremst gert af þeim sökum, að nauðsyn virtist þá, að grípa þyrfti til ráðstafana, sem ella hefðu ekki komið til greina; og sú nauðsyn er nú ekki lengur fyrir hendi, eins og þá var útlit fyrir. Staðhæfing mín um þetta mál stendur því óhögguð; ég hef aðeins sagt, að heimildarákvæðið sé í gildi með þeim skilningi, sem ég hef í það lagt; og frvgr. gæti ég greitt atkv., án þess það raskaði staðhæfingu minni.

Hv. þm. N-Ísf. sagði, að það væri ekki ástæða til að fara að metast hér um það, hvaða atvinnuástand væri fyrir hendi á hinum ýmsu stöðum, sem vonir setja til þessara skipa. Ég átti ekki frumkvæði að slíkum umr., heldur vék ég að því að gefnu tilefni frá hæstv. forsrh., hvernig ástatt væri í þeim efnum í mínu byggðarlagi, og þótti mér eftir ástæðum rétt, að það kæmi hér fram. Ég mun hins vegar ekki lengja þessar umr. frekar. Ég mun að sjálfsögðu ræða við hæstv. ríkisstj. um þetta mál á öðrum vettvangi fyrir hönd umbjóðenda minna. Sem stuðningsmanni hennar er mér annt um það, að hún standi við sínar auglýsingar og þau skilyrði, sem hún setti þar fyrir sölu togaranna. Og ég lít þannig á þá heimild, sem henni var gefin, að það sé rangt af henni að synja Akurnesingum um kaup á einum togara, eins og til er stofnað þessa máls, og um það atriði hlýt ég að ræða við hæstv. ríkisstj. við annað tækifæri.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Út af þeim umr., sem hér hafa orðið í sambandi við 17. lið 22. gr. fjárl. fyrir árið 1951, þá vil ég taka fram, að við sósíalistar erum sammála þeirri skoðun á þessum lið, sem fram kom hjá hæstv. forsrh. og hv. þm. N-Ísf. Og sé þetta lesið yfir, þá er augljóst mál, að ríkisstj. er gefin heimild til að gera ráðstafanir í þá átt, að nokkrir hinna nýju togara verði staðsettir þar á landinu, sem atvinnuskilyrði þykja hvað örðugust, og það er algerlega lagt á vald ríkisstj. að ákveða slíka staðsetningu, og er hún ekki um það á neinn hátt bundin, hvorki við fyrri auglýsingar um sölu skipanna né annað. Ég er þannig á öndverðri skoðun við hv. þm. Borgf. um það, að heimildin sé bundin við það, að þær greiðslur fari fram, sem gert var ráð fyrir, og að þeir sitji fyrir, sem geta talið fram ákveðnar upphæðir. — Ég vil taka það fram, að ég vil ekki fara að deila við hv. þm. Borgf. um atvinnuástand

á ýmsum stöðum. En ég heyrði það á ræðu hæstv. forsrh., að ríkisstj. hefði athugað það rækilega, hvernig bezt yrði að ráðstafa skipunum. Og í því sambandi vil ég leyfa mér að benda á, að áhuginn fyrir þessum skipum blossaði skyndilega upp á ýmsum stöðum upp úr áramótunum síðustu, en ekki fyrr, þar sem t. d. Siglufjörður o. fl. höfðu áður sent hingað til Rvíkur þessara erinda. En þessi áhugi, sem vaknaði fyrst eftir áramótin, mun hafa staðið í sambandi við hinar góðu sölur, sem þá voru gerðar á ísfiskinum í Englandi. En þegar nú er sýnt orðið, að ekki er að treysta á þennan markað, hefur áhuginn dofnað. — Ég held, að hæstv. ríkisstj. sé treystandi til að afla sér þeirra upplýsinga, sem til þarf að vega það og meta, hvar þessara atvinnutækja er mest þörf; það hefur ekki verið lagt fyrir þingið að taka ákvarðanir um það, enda mun það ekki hafa verið gert áður og ríkisstj. og nýbyggingarráð annazt það á sínum tíma. Þetta er ekki ástæða til að ræða sérstaklega; en ég vænti þess, að ríkisstj. noti þá heimild, sem henni var fengin í umræddri grein fjárl., og láti þau sjónarmið ráða, er þar koma fram. Ríkisstj. er vandi á höndum hvað úthlutun þessa snertir, en svo var einnig á sínum tíma um nýsköpunarstjórnina með sín 30 skip, og það endaði með því, að til þess að leysa þann vanda varð að fjölga skipunum um tvö í viðbót. Hvernig þetta fer úr hendi nú, verður ekki séð, en ég vænti þess, að ríkisstj. geri sitt bezta til þess að sjá svo um, að þessi skip komi í þá staði niður, þar sem þeirra er mest þörf til atvinnuaukningar og þau geta látið rætast þær vonir, sem stærstar eru bundnar við tilkomu þeirra.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Mér er ávallt mjög ljúft að eiga orðastað við hv. þm. Borgf., og er hann velkominn hvenær sem er á fund ríkisstj. að ræða það, er hann lystir. En einu vildi ég mótmæla, sem fram kom í ræðu hans, — því, að mér fannst hann gefa í skyn, að ef ríkisstj. yrði ekki unnt að láta Akurnesinga hafa einn togaranna, þá væri hún að svíkja gefin loforð, er hún hefði almennt auglýst eftir kaupunum. En í auglýsingu hennar var vitaskuld alls ekki fólgin nein skuldbinding um það, að allir, sem sæktu um togarana, skyldu fá þá, heldur var með auglýsingu hennar tryggt, að allir stæðu jafnt að vígi um að sækja um skipin.

Að öðru leyti sé ég svo ekki ástæðu til að ræða frekar þetta mál. Það fer sjálfsagt í n., og vona ég, að hún hraði störfum sem mest, og verði þá unnt að taka það til 2. umr. hér í d. á morgun, því að ætlunin er, að störfum Alþ. ljúki innan fárra daga.

Pétur Ottesen: Út af ummælum hæstv. forsrh. vil ég taka fram, að ég tel umbjóðendur mína gabbaða, ef þeim er ekki gefinn kostur á að gera þau kaup, sem auglýst var eftir, þar sem Akranes uppfyllir öll þau skilyrði, sem sett voru fyrir þeim kaupum, og eftir var að ráðstafa 3—4 togurum, þegar eftir var leitað.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Frv. þessu var vísað til hv. fjhn. eftir 1. umr., sem fór fram í gær. N. hefur ekki alveg lokið afgreiðslu málsins. En nm. mæla með því, að frv. verði nú látið ganga til 3. umr., og mun nál. væntanlega liggja fyrir við 3. umr. málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Lagt var fram skrifl. nál. (sjá þskj. 792). — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað frv. á fundi sínum nýlega og hefur gefið út nál., sem verður á þskj. 792, en liggur ekki fyrir enn, — það er ekki komið frá prentsmiðjunni. Ég skal með fáum orðum gera grein fyrir efni þess. Í fyrsta lagi er gerð orðalagsbreyt. á 1. gr. frv., en 2. málsgr. 1. gr. hljóðar þannig: „Heimilast henni að nota til þess lán það, er um ræðir í 1. gr. laga þessara, og taka til viðbótar þau lán, sem með þarf.“ Nefndin leggur til, að í staðinn fyrir orðin „taka til viðbótar þau lán, sem með þarf“ komi: önnur lán, sem heimilað er að taka í þessu skyni. — Því það er ekki þörf á að láta nýja lántökuheimild vera í þessari gr., vegna þess að í 1., sem hafa verið sett, og í frv., sem liggur fyrir og verður að l. á þessu þingi, er heimild fyrir ríkisstj. til viðbótarlántöku; því þótti þetta heppilegra orðalag. — Hin brtt. frá n. er um það, að á eftir 2. gr. komi ný gr., sem ég vil leyfa mér að lesa upp. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 2 millj. króna lán til kaupa á gömlum togurum og til að setja olíukyndingu í þá, gegn fyrsta veðrétti í skipunum, enda fari ábyrgðin ekki fram úr 75% af kostnaðar- eða matsverði skipanna með olíukyndingu.“

Þessi brtt. er borin fram af n. í samráði við ríkisstj. Ég skal taka það fram, að 2 nm., hv. þm. V-Ísf. og hv. 2. þm. Reykv., áskilja sér rétt til að flytja viðbótartill. um breyt. á frv., og skilst mér, að þeir muni ætla að flytja slíkar till. — Fleira sé ég ekki ástæðu til að taka fram af hálfu n.

Emil Jónsson: Herra forseti. Þegar hér var til umr. frv. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku fyrir stuttu, þá bárum við hv. þm. V-Ísf. fram till. um það, að ríkisstj. yrði heimilað að ábyrgjast fyrir eigendur gömlu togaranna lán, sem þyrfti til

að breyta kyndingaraðferðinni í þessum gömlu skipum, þannig að það væri hægt að setja í þá olíukyndingu í staðinn fyrir kolakyndingu. Það hafa verið færð rök að því, hversu þýðingarmikið atriði þetta er um rekstur skipanna, og sýnt fram á, að það mundi vera hægt að gera þá út þannig, en ekki öðruvísi, en viðbúið, að það þurfi flestir einhverja aðstoð ríkisins til þess að fá þetta gert. Þar sem um er að ræða a. m. k. 10 skip, sem gætu kannske komizt á veiðar með þessu móti, en hafa flest eða öll legið óarðbær undanfarið, þá er það ákaflega þýðingarmikið atriði, að hægt sé að koma þessum skipum á veiðar. Við urðum við því flm. þessarar till. þá, fyrir tilmæli ríkisstj., að taka þessa till. til baka og gengum út frá því, að þetta mundi verða athugað af ríkisstj., enda mun það hafa verið gert milli umr. En árangurinn virðist ekki hafa orðið annar en sá, að nú eigi að hjálpa með kaup á 2—3 af gömlu togurunum og koma þeim út á land og hjálpa til þess að þeir verði olíukyntir, en engar ráðstafanir eru gerðar til þess að hjálpa eigendum þeirra togara, sem eftir eru, til þess að koma þeim á veiðar. Án þess að fara að tefja umr. með langri ræðu, þá langar mig til að koma með brtt. við brtt. fjhn. á þskj. 792, sem er svo hljóðandi:

„Aftan við 2. tölulið bætist: Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 2 millj. kr. lán fyrir eigendur eldri togara til þess að setja í þá olíukyndingu, þó ekki yfir 75% af breytingarkostnaði, með þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar."

Í fyrri till. okkar var farið fram á, að þessi upphæð yrði ekki takmörkuð, en vegna þess, hve daufar undirtektir þetta hefur fengið, þá höfum við ákveðið að hafa ekki heildarupphæðina hærri en 2 milljónir og takmarka um leið, hversu mikinn hluta af breytingarkostnaðinum má ábyrgjast, eða 75%. Vil ég vænta þess, að hv. dm. og hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að afgr. þessa till. jákvætt, því það er þýðingarmikið atriði, að þessu máli verði hægt að þoka áfram. — Vil ég leyfa mér að biðja hæstv. forseta að fá afbrigði fyrir þessari brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 798) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég get í sjálfu sér lýst ánægju minni með brtt. hv. fjhn., sem borin er fram í samráði við ríkisstj.; ég sé þó ekki, að þar muni vera rúm fyrir fleiri en í hæsta lagi 3 togara til að breyta kyndingu þeirra í olíukyndingu. Ég skil till. svo, enda kom það fram í fjhn. og hjá ríkisstj. varðandi þessa 3 togara, sem þarna mundi verða um að ræða, að sú ábyrgð mundi verða veitt til þeirra kaupstaða og kauptúna, sem orðið hafa útundan í úthlutun þeirra skipakaupa, sem eftir eru. Það er á þessu stigi erfitt að áætla, hvað það mundi kosta að gera þessar breyt. á togurunum og koma þeim á veiðar, og það er ekki séð um þessa staði, sem úthlutað verður þessum skipum, hvað mikið framlag þeir kynnu að hafa sjálfir. En ég vænti þess, að ríkisstj. muni í framkvæmdinni sýna góðan vilja og sníða af agnúana, sem annars mundu verða á því að koma þessu máli af stað. Ég er sannfærður um, að það á að gera þessa tilraun með gömlu togarana; það eru á ýmsan hátt breyttir útgerðarhættir nú, bæði geta togararnir farið á karfaveiðar með betri árangri en áður og á ufsaveiðar og eins geta þeir stundað veiðar fyrir frystihúsin, og ef þeir gera það, með ekki allt of löngum útivistum, þá má fullyrða, að sá fiskur er eins góður og bátafiskurinn. Þess vegna er skylt að gera þessa tilraun, því að það gæti orðið mjög gróðavænlegt fyrir þjóðarheildina og miklar gjaldeyristekjur, ef sú tilraun heppnaðist.

Ég er einnig meðflm. með hv. þm. Hafnf. að viðbótartill. Það er ekki um svo mikla viðbót að ræða, þó það séu 2 milljónir, eða sem svarar ¼ af ábyrgðinni, sem tekin verður fyrir einn nýsköpunartogara, en sú upphæð gæti þó komið 4—5 togurum á veiðar. Mér er kunnugt um sæmilega stæða menn, sem hafa ráð á slíkum togurum og hafa hug á að breyta kolakyndingu í olíukyndingu, en ráða þó ekki við það án aðstoðar ríkisvaldsins. Tel ég mjög heppilegt að liðsinna þeim mönnum, einkum ef þeir hafa tryggingu fram að leggja. Þess vegna er það sem ég er einnig á þessari brtt. Með báðum till. mundi vera hægt að breyta 7 togurum, sem um er að ræða, — má vera, að það kæmi ekki til mála að breyta fleirum, en það er áreiðanlegt, að það er allt of kostnaðarsamt að gera það við alla gömlu togarana.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að það er þó samkomulag í n. og ríkisstj. um þá till., sem þegar er flutt, um þessar 2 milljónir, sem eiga að stuðla að því að setja olíukyndingu í gömlu togarana og koma þeim út á land. Enn fremur vil ég lýsa fylgi mínu við þá till., sem flutt er nú, viðbótartill. frá hv. þm. Hafnf. og hv. þm. V-Ísf. um að bæta við 2 millj. króna, og ég álít, að það sé mjög sanngjarnt að gera þarna meira, og ég flutti þáltill. um það ásamt fleiri þm., sem nú er hjá fjvn., að skora á ríkisstj. að reyna að stuðla að því, að allir gömlu togararnir komist út. Ég vil benda hv. þm. á það í sambandi við þær athuganir, sem farið hafa fram á gömlu togurunum, að þegar talað er um gróða eða tap eða að lána ákveðna fjárhæð á mánuði til eigenda gömlu togaranna upp í taprekstur, þá hefur verið reiknað þannig, að eigendurnir hafa sagt: svo framarlega sem það væri olíukynding í gömlu togurunum, þá mundum við ekki þurfa á að halda nokkrum styrk. — Ef það er rétt, að það sé hægt að gera þessa breyt. hér heima, að setja olíukyndingu í togarana, og það kosti ekki nema ½ milljón, þá ætti það eftir því að dæma að borga sig á einu ári, út frá því verði, sem menn nú reikna með á fiskinum, og jafnvel með því að hjálpa í bráð.

Ég vil benda á, að framundan virðist vera ekki aðeins hækkun á síldarverði, heldur líka síhækkandi verð á fiski, og ef við breytum sem flestum af gömlu togurunum nú og höfum þá til undir síldarvertíðina, þá getur það þýtt, að þetta borgi sig fjárhagslega þegar á þessu ári; og það væri blóðugt að sleppa því tækifæri og fara svo kannske að eiga við þetta, þegar síldarvertíðin er komin. Ég held þess vegna, að hæstv. ríkisstj. ætti, úr því hún hefur brugðizt vel við þeim uppástungum, sem fram hafa komið hvað snertir að koma gömlu togurunum út á land, að taka vel undir þessa till.,

sem komin er fram frá hv. þm. Hafnf. og hv. þm. V-Ísf. Það er tvímælalaust þarna á ferðinni að geta notað sér möguleika, sem nú eru framundan viðvíkjandi okkar fiskveiðum, sem okkur veitir ekki af að reyna að nota í tíma. Það er ekki það mikið í húfi, þó að hæstv. ríkisstj. leyfi stuðningsmönnum sínum að samþ. þessa till., hún er þá ekki nema heimild, ef eitthvað breytist, þannig að stjórninni virtist vera fásinna að leggja í þetta, og hún þarf þá ekki að nota þessa heimild. — En ég held, að það sé rétt gert að taka á móti þessum möguleika, sem þarna er boðið upp á.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. fjhn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu frv. — N. hefur borið fram 2 brtt. Fyrri brtt., sem hv. frsm. lýsti, var alveg í samræmi við það, sem ég gat um við 1. umr., að þótt orðalagið sé eins og það er, þá er alls ekki meiningin að fá neina nýja heimild til lántöku, og get ég því fallizt á þetta og tel það betur farið að orða þetta eins og þarna er gert ráð fyrir. — Hitt er svo nýtt efnisatriði, sem kemur hér fram í síðari brtt., en ég gat um það við 1. umr., að ríkisstj. væri fús til að athuga þann möguleika, að einhver heimild yrði veitt til þess að gera tilraun með það að gera gömlu togarana út á veiðar, og sérstaklega á þann hátt að koma í þá olíukyndingu, og sú brtt., sem öll n. stendur að, er þannig, að ríkisstj. mun mjög vel geta sætt sig við hana, en hún er á þá leið, að verja megi allt að 2 millj. kr., þó ekki yfir 75% af kaupverðinu, í þessu skyni. Ríkisstj. telur rétt og sjálfsagt að gera tilraun til, hvort ekki megi hagnýta þessi gömlu skip. Þess ber að geta, að það eru skiptar skoðanir um það, hvort þetta sé rétt eða ekki. Ýmsir menn, sem hafa þekkingu á skipum og skipasmíði, telja vafasamt, að þetta borgi sig. Út frá því sjónarmiði álítur ríkisstj., að þær heimildir, sem nú eru veittar, eigi að vera takmarkaðar. Er þetta fyrst og fremst tilraun til, hvort hægt sé að búa togarana út til veiða með tiltölulega litlum kostnaði. Það, sem fyrir ríkisstj. vakir, er að geta veitt nokkrum stöðum, sem hafa orðið hart úti vegna aflaleysis o. fl., aðstoð til að gera tilraun með þessa hluti. Ríkisstj. lítur svo á, að nauðsynlegt sé, að hún hafi þessa heimild. — Hér hefur komið fram viðbótartill. frá hv. þm. Hafnf. og hv. þm. V-Ísf. um að verja til viðbótar 2 millj. kr. til þeirra eigenda gömlu togaranna, sem vildu gera þá út á þennan hátt. Ég tel vafasamt, að það sé rétt að samþ. þessa viðbótartill. Ég held, að ekki sé heppilegt, að Alþingi geri slíkar ráðstafanir, án þess að gengið sé úr skugga um, hvort þessar aðgerðir svöruðu kostnaði. Ríkisstj. telur, að nóg sé að taka 2 eða 3 skip til tilrauna og þannig bæta þörf þeirra staða, sem verst eru settir. — Ég held, að það hafi ekki stafað af fjárskorti, að eigendur gömlu togaranna hafa ekki gert þá út, heldur af trúleysi á, að þessar aðgerðir væru réttmætar, og hafa eigendurnir ekki þorað að ráðast í þær. Hygg ég, að þetta hafi ráðið miklu um, að ekkert hefur verið gert áður. Ríkisstj. lætur sér ekki detta í hug að gera þetta nema eftir umsögn fróðra manna um, að þetta væri skynsamlegt. Er því þetta nægileg tilraun.

Hv. 2. þm. Reykv. lýsti því yfir, að stórkostleg hækkun á sjávarafurðum væri framundan, og mætti því leggja stórfé til skipanna. Þetta er nú vafasamt. Það er ekki hægt að segja neitt um það enn, en betur að rétt væri. En ekki er vert að rasa um ráð fram. En sem sagt, ég vil leggja til, að brtt. fjhn. verði samþ., en ég sé mér ekki fært að mæla með viðbótartill. þeirra hv. þm. Hafnf. og hv. þm. V-Ísf. Ég álít ekki rétt fyrir Alþingi að ganga lengra en það hefur gert. En við þessa tilraun vinnst tvennt: 1) kemur í ljós, hvort þetta borgar sig, 2) verður hægt að veita ýmsum stöðum aðstoð, og þá ekki sízt þar, sem staðir, sem byggja sína afkomu á sjávarafurðum og veiðum, hafa orðið fyrir tilfinnanlegu aflaleysi. — Þetta vildi ég leyfa mér að taka fram í sambandi við þetta mál.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég get ekki að því gert, að orð hæstv. forsrh. um till. okkar hv. þm. V-Ísf. urðu mér nokkur vonbrigði. Að vísu má segja, að hann andmælti till. ekki, en hann treysti sér ekki til að mæla með henni. Þetta rökstuddi hann með því, að hann teldi ekki rétt að veita heimild fyrir svo stórri fjárhæð að órannsökuðu máli. Ég verð að segja, að ég held, að Alþingi hafi oft áður veitt stærri upphæðir að minna athuguðu máli. Málið liggur þannig fyrir, að ef skipin færu á veiðar, ekki óvissar síldveiðar, heldur á veiðar strax í dag, og veiddu fyrir frystihús, mundu þau standa undir sér, ef í þeim væri olíukynding. Þetta væri grundvöllurinn að því, að skipin færu á veiðar strax í dag fyrir frystihús og fiskimjölsverksmiðjur. Þetta hefur verið athugað nýlega, sérstaklega eftir að kolaverð hefur hækkað frá mánuði til mánaðar, og óhugsandi er að gera skipin út með þeim til lengdar. Bæjarútgerð Hafnarfjarðar á þann eina togara, sem nú er rekinn, og hafa kolin verið keypt í Englandi, en nú er sá markaður búinn í bili. Er þá ekki um annað að gera en að leggja skipinu eða reka það með 80—100 þús. kr. halla. Þessa þarf ekki, ef olíukynding er sett í skipin. Er það ekkert smáræði, sem hér er um að ræða. T. d. eru í Hafnarfirði 4 skip, sem mætti gera þannig út. Ég hygg, að það verðmæti, sem þessi skip gætu fært landinu, væri slíkur gjaldeyrisgróði fyrir þjóðfélagið, að hann væri ekki auðveldar fenginn annars staðar. Auk þess mundi þetta vera hin ákjósanlegasta úrlausn í yfirvofandi atvinnuleysi.

Ég verð að viðurkenna, að ekki er rannsakað til hlítar, hvort hægt er að koma olíukyndingu fyrir í skipunum, með góðum árangri. Sumir segja, að það sé auðvelt, aðrir ekki. Líklega hafa þeir rétt fyrir sér, sem segja, að það sé gerlegt.

Leyfi ég mér að fara fram á það við Alþingi, að það heimili ríkisstj. að veita ábyrgð fyrir 2 millj. kr., ef henni sýnist svo. Hvorki mér né neinum af þeim, sem að málinu standa, dettur í hug að fara fram á, að þessi ábyrgðarheimild verði notuð, nema eigendur skipanna og ríkisstj. séu sammála um, að þetta borgi sig. En það er of seint að biðja um heimildina, þegar komið er langt fram á ár, því þá situr ekkert Alþingi. Ég teldi það ekki mikla áhættu, þótt heimildin væri samþ. og ríkisstj. fengið vald til að úrskurða þetta, hvort sem hún notaði það eða ekki. Vænti ég þess, að hæstv. forsrh. láti ekki við það sitja að vera svo hlutlaus

sem hann var, heldur mæli með till. á þeim grundvelli, að heimildin verði ekki notuð, nema rétt og skynsamlegt þyki.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að benda á þrjú atriði í sambandi við brtt. hv. þm. Hafnf. og hv. þm. V-Ísf. Í fyrsta lagi vil ég taka það fram, að það er áreiðanlegt, að ef núverandi eigendur skipanna, t. d. í Reykjavík og Hafnarfirði, álitu, að hagkvæmast og bezt væri fyrir þá að setja olíukyndingu í skipin, væru þeir búnir að gera það eða byrjaðir á því, þar sem þeir eru það vel efnum búnir, að þeir geta gert það án ríkisábyrgðar. Þessir menn eiga um tvo kosti að velja: að láta skipin liggja með nokkru tapi eða kosta til olíukyndingar, — og hafa þeir valið fyrri kostinn. Ég tel, að ef ríkið eigi að ganga í þetta mál, sé nauðsyn á betri upplýsingum. Það liggur ekkert fyrir um málið, svo að ríkið taki ábyrgð á lánum til þess að eigendur skipanna komi þessu máli í framkvæmd. — Efa ég stórlega, að ástæða sé til að gera þetta. Í öðru lagi kom fram í ræðu hv. þm. Hafnf., að aðeins væri um 2 millj. kr. að ræða, en ekki talað um, hver væri veðréttur skipanna. Gæti svo farið, að það yrði tvöfaldur veðréttur og yrðu þetta 2 millj. kr. að viðbættum veðrétti. Það er áhættuákvörðun, hvort taka eigi sjóveðið eða sleppa skipunum og taka þetta sem hreint tap. Þetta er ákaflega áhættusamt og 2 millj. kr. ábyrgð gæti alveg eins orðið 4 millj. kr. ábyrgð. Það veit enginn fyrr en á skellur. Ég sé ekki ástæðu til að koma yfir á ríkið ábyrgðinni af endurbót þessara togara. Ef hún er nauðsynleg, efa ég ekki, að bæjarútgerðirnar og eigendur togaranna munu leysa þetta sjálfir. Það er annað mál með staði úti á landi, sem aflabrestir hafa herjað. Mér finnst ekki hægt að mæla með því, að þessi viðbótartill. verði samþ., og mæli ég eindregið gegn því að hún verði samþ.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég get tekið duglega undir þessa viðbótartill., sem fram hefur komið. Það hefur verið þannig í sambandi við lög um togarakaup, að alltaf hefur verið um það nokkur tregða hér á Alþingi. Fyrst þegar lögin voru á Alþingi, árið 1949, kom engin heimild. Ég man, að svo var flutt brtt., ég held, að ég hafi verið 1. flm., um að heimila ríkisstj. að selja til bæjar- og sveitarfélaga 85%, og var till. felld, og till. um 75% var einnig felld. Loks kom fram till. um 10%, og var hún samþ. Á næsta þingi, í maí 1949, var þessu breytt, ef ég man rétt, og þá hafðist í gegn að hafa það 75%. Nú er svo komið, að það er orðið 90%, en var til að byrja með 10%, eða hefur alveg snúizt við. — Það er skiljanlegt, að ríkisstj. var treg í þessu máli, en ég hygg, að í sambandi við viðbótartilll. um gömlu togarana sé hún of treg, þar sem aðeins er um 2 millj. kr. að ræða.

Hæstv. forsrh. sagði, að ég hefði verið að tala um, að framundan væri hækkun á sjávarafurðum. Ég býst við, að hæstv. forsrh. og ríkisstj. sé kunnugt um, að verð á síld og öðru er að stórhækka. Ég held, að síldarverðið verði hærra en það hefur verið nokkru sinni áður. Svo að þegar athugað er með gömlu togarana í sambandi við síldarverðið, er þetta hörmulegt, ekki sízt ef sækja þarf síldina lengra burt.

Ríkisstj. á ekki að bíða eftir heimildum, heldur á hún að afla þeirra og fá strax úr þessu skorið. Þarf þá að athuga, hvort hægt sé að gera þetta hér heima og hvort það getur gengið fljótt fyrir sig.

Það er auðséð, að það er engu að tapa, þótt viðbótartill. fáist samþ. Viðvíkjandi veðréttinum þá er það aðeins samningsatriði, og ræður ríkisstj. því, að hverju hún gengur, og venjulega þarf hún að fá heimild frá Alþingi varðandi það, svo að það er ekkert að óttast.

En nú er sannleikurinn sá, að nú sem stendur er ekki auðvelt að fá lán í bönkunum. (**Fjmrh.:** Það gæti orðið verra fyrir málið. Þá gera eigendurnir það ekki sjálfir.) Ég held, að það sé engin hætta á, að einstaklingarnir geri ekki allt, sem þeir megna að gera. Það er aðeins svo erfitt að gera hlutina án samþykkis ríkisstj. Þess vegna er betra að samþykkja heimildina. Vil ég ekki aðeins benda á væntanlega hækkun, heldur einnig möguleikana, sem eru fyrir hendi.

Emil Jónsson: Herra forseti. Mig langar aðeins til að svara hæstv. fjmrh. örfáum orðum. Hann rökstuddi sín andmæli með því, að þessi fyrirtæki væru svo gamalgróin, að þau þyrftu ekki á þessari ábyrgð að halda. Vildi ég taka það fram, að flest þessara fyrirtækja hafa keypt skip og eytt öllu sínu fé og stofnað til stórskulda og geta því ekki gert þetta nema með aðstoð. Hvað viðkemur veðrétti, þá er það á valdi hæstv. fjmrh. og getur hann tekið þann veðrétt, sem hann telur gildan og er ekki eins áhættusamur og hann gerir ráð fyrir.

Mér finnst, að hæstv. ríkisstj. sé ekki nægilega ljóst, hvað hér er um að ræða. Það er gjaldeyrisöflun, ef 10 eða 12 togarar eru gerðir út. Það gæti hæglega orðið 30—40 millj. kr. beinn gjaldeyrisávinningur fyrir þjóðina, og væri það ekki lítið atriði í þjóðarbúskapnum, ef þetta kæmist á. Ég verð að segja, að hæstv. ríkisstj. sýndi furðulegt tómlæti, ef hún athugaði ekki þessa möguleika. Ég hef ekki nákvæmar tölur, en ég held, að ég áætli varlega, ef ég segi, að það kæmu 3—4 millj. frá hverjum togara á ári. — Ætla ég ekki að orðlengja þetta frekar. Hæstv. ríkisstj. og hennar háttv. menn virðast ekki treysta sér til að samþykkja þessa heimild, og er ekkert hægt að segja við því frekar. Þessi heimild yrði ekki notuð, nema ríkisstj. og eigendur togaranna hefðu fengið fullvissu um, að það væri rétt. En ég held, að þá væri vandfundin betri leið fyrir ríkisstj. út úr gjaldeyrisörðugleikunum, ef þetta tækifæri væri að engu haft.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð. — Hv. þm. Hafnf. viðurkenndi áðan, að þetta mál væri svo nýtt, að engin athugun hefði farið fram á því, hvort hægt væri að setja olíukyndingu í togarana. Málið horfði öðruvísi við, ef vissa væri fengin fyrir því, hvað hér væri hægt að gera. Þetta mál horfir allt öðruvísi við. Þessi útreikningur, sem hv. þm. gerði um gjaldeyrisöflun 10—12 togara, er út í

loftið. Hann hefur áður viðurkennt, að enginn grundvöllur sé fyrir þessu. Fyrst og fremst telur hæstv. fjmrh. ekki rétt, að heimildin sé víðtækari en nú er. Ef svo fer, að tilraun verður gerð með að setja slík tæki í 2—3 togara og það reynist bjargráð, þá er rétt að taka málið til athugunar. Mér finnst hlægilegt að vera með víðtæka heimild í svo lítið athuguðu máli og hv. þm. Hafnf. viðurkenndi. Af þessari ástæðu tel ég, að við eigum ekki að samþ. viðbótartill. hv. þm. Hafnf. og hv. þm. V-Ísf.

ATKVGR.

Brtt. 792,1 samþ. með 27 shlj. atkv.

— 798 felld með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, MK, SG, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, EOl, EmJ, FJ, GÞG.

nei: JG, JörB, PÞ, SkG, StSt, StgrSt, ÁB, BÓ, EystJ, GG, HÁ, HelgJ.

JR, KS, BÁ, SB greiddu ekki atkv.

8 þm. (IngJ, JóhH, JS, JÁ, ÓTh, PO, SÁ, GTh) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég lít svo á þetta mál, að ef óhætt og skynsamlegt er að lána 90% út á þessi skip, þá er engin hætta að heimila ½ millj. til að koma gömlu togurunum á flot, og segi því já.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég álít, að þar sem þetta mál er á byrjunarstigi, sé ekki ástæða til að taka ákvörðun um fjárveitingu til þessara skipa. Ef tilraunin gefst vel, þá ætlar stjórnin að afla sér heimildar til að gera það, sem þarf til að koma fleiri skipum á flot. Ég segi því nei.

Brtt. 792,2 samþ. með 25 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 83. fundi í Ed., 5. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 799).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 799, hefur gengið í gegnum Nd., og eins og frv. ber með sér, þá er hér um að ræða breyt. á l. nr. 50/1950, um togarakaup ríkisins, en þar eru ákvæði um það, að ríkisstj. sé heimilt að lána kaupendum togaranna allt að 75% af andvirði þeirra. Í aprílmánuði s. l. var svo auglýst eftir kaupendum að togurunum með þeim kjörum, sem l. heimiluðu, en engir kaupendur gáfu sig fram með þeim kjörum, og þegar sýnt þótti, að ekki mundi vera hægt að selja skipin á þeim grundvelli, þá ákvað ríkisstj. í samráði við n. þá, sem sá um úthlutun skipanna, að rýmka um kjörin upp á væntanlegt samþykki Alþ., þannig að láta lán, sem næmi allt að 90% af andvirði skipanna, fylgja þeim. Það hefur nú verið samið af hálfu ríkisstj. um sölu á allmörgum af hinum 10 togurum með þessum kjörum. Frv. er því borið fram til að fá lagaheimild fyrir því, sem þegar hefur verið gert, og einnig fyrir þeim samningum, sem eftir er að ganga frá. En það hefur fleira komið inn í málið hér í þinginu bæði fyrr og síðar. Eins og hv. þm. muna, var við afgreiðslu fjárl. samþ. svo hljóðandi heimild fyrir ríkisstj. í 22. gr. XVII. lið: „Að gera ráðstafanir til þess, að nokkrir hinna nýju togara, sem nú eru í smíðum, verði staðsettir á þeim útgerðarstöðum, sem við erfitt atvinnuástand búa."

Eftir að Alþ. hafði samþ. þessa heimild, þá var ljóst, að ríkisstj. þurfti að breyta til um úthlutunaraðferð á togurunum. Hún leit svo á og lítur svo á, að ekki beri eingöngu að fara eftir því, hvar er hægt að komast að hagkvæmustum kjörum, heldur eftir því, hvar þörfin sé mest. Af þessum ástæðum er því vitnað í 1. gr. þessa frv. til XVII. liðar fjárl. fyrir 1951, og í Nd. kom fram í umr. hjá hv. 1. flm. till. í vetur, að svo er litið á þetta, að ríkisstj. sé ekki bundin við almenn kjör, heldur hvað nauðsynlegt sé að gera fyrir þá staði, sem verst eru staddir. Mér þótti rétt að taka þetta fram hér við 1. umr., því að þetta er ekki sagt skýrt í till., þó að slíkt hafi verið tilætlun þeirra, sem fluttu till., og eins þeirra, sem stóðu að samþykkt hennar.

Þá var sett inn í frv. 2. gr. í Nd., þar sem ríkisstj. er heimilað að ábyrgjast allt að 2 millj. kr. lán til kaupa á gömlum togurum og til að setja olíukyndingu í þá, gegn 1. veðrétti í skipunum, enda fari ábyrgðin ekki fram úr 75% af kostnaðar- og matsverði skipanna með olíukyndingu. Ríkisstj. hugðist með þessu gera tilraun til að koma 2—3 af gömlu togurunum á veiðar. Ég hef litla þekkingu á þessum efnum og skal játa, að ég get ekki sagt út frá minni þekkingu, hvort þetta er hægt eða heppilegt, og skoðanir fróðra manna um þessi mál eru mjög skiptar. Telja sumir, að þetta sé vart mögulegt, en aðrir telja það vel fært. En 12—15 skip liggja nú og ryðga niður við hafnarbakkann, og athuga þarf, hvort ekki sé hægt að reka þau, en ríkisstj. mun ekki nota þessa heimild nema að ráði hinna beztu manna á þessu sviði, en sumir togaranna geta verið góðir, þó að aðrir séu slæmir, því að þeir eru af mismunandi gerð og aldri og misjafnlega meðfarnir.

Það er rétt að taka það fram hér við framsöguna, að í Nd. kom fram, að rétt væri að hafa þessa heimild víðtækari, en ríkisstj. beitti sér gegn því. Málið er enn svo lítið upplýst, og að dómi ríkisstj. er þetta nægilegt til að sýna, hvort heppilegt sé að fara lengra á þessari braut. Það er vafasamt að gefa eigendum allra gömlu togaranna í skyn, að þeir geti hlaupið til ríkisstj. og fengið styrk til viðgerðar á skipum sínum, og því vildi ríkisstj. ekki hafa þetta víðtækara, og náðist samkomulag um það við fjhn. Nd., þó að sumir vildu ganga lengra í þessum efnum. Mál þetta þarf að ganga í gegnum þingið, og ég vil mælast til þess við hæstv. forseta og hv. þm., að þeir hraði málinu sem mest. Ég vil svo leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að þessari umr. lokinni.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég er með þessu frv. og vona, að breyt. Nd. séu til nokkurra bóta, þ. e. að bæta við lánsheimild að upphæð 2 millj. kr. til kaupa á gömlum togurum og til að

setja í þá olíukyndingu, en hæstv. ráðh. upplýsti ekki, hvað fjármagn þetta mundi nægja til kaupa á mörgum togurum. (**Forsrh.**: Ég nefndi 2—3 skip.) Það er einmitt það, sem mér hefur verið sagt að mundi vera. Ég tel því breyt. þá, sem gerð var á frv. í Nd., til bóta frá frv. hæstv. ríkisstj., en það er samt að minni hyggju of skammt gengið. Það er sagt, að hér muni liggja um 10 gamlir togarar, sem séu sæmilega sjófærir, en eigendurnir treysta sér ekki til að gera þá út, og auk þess er þörf á að breyta um kyndingu í þeim. Í Nd. kom því fram till. um, að auk þess, sem ákveðið er nú í frv., væri heimilað að ábyrgjast allt að 2 millj. kr. lán handa eigendum gömlu togaranna til að setja í þá olíukyndingu. Hve langt þetta nægir, er mér ekki kunnugt, en ætla má, að það muni nægja í a. m. k. 4 skip, og ætla má, að til séu svo mörg góð skip. Ég mun því leggja fram brtt. þess efnis, en þar sem Alþfl. á engan fulltrúa í fjhn., vil ég mælast til, að hv. n. taki hana til athugunar.

Ég er sammála hæstv. forsrh. um það, að þetta mál sé á tilraunastigi og ekki sé rétt að slá neinu föstu um breyt. á kyndingunni í 7—8 skip. En það er vitað, að þessu þingi muni brátt ljúka og þing ekki koma saman fyrr en næsta haust. Á þeim tíma gæti fengizt úr því skorið, hvort ráðlegt sé að setja olíukyndingu í þessi skip, og ef það væri almennt álit manna, að þetta bæri að gera, væri mjög bagalegt, ef þessi heimild væri ekki fyrir hendi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þetta mál kemur í nefnd þá, sem ég á sæti í, og skal ég því ekki ræða það mjög ýtarlega nú, en ég vildi þó mega gera nokkrar fyrirspurnir til hæstv. ráðh. Í 1. gr. var sett nýtt ákvæði inn í Nd. um, að heimild sú, sem stj. er veitt, skuli halda gildi sínu. Hæstv. ráðh. lýsti yfir, að er þetta var samþ., var ætlazt til þess, að ríkisstj. væri heimilt að ráðstafa nokkrum hluta togaranna, ef 10% greiðsla fengist, þótt fleiri byðust til þess að greiða út meira fé en tilskilið er, — og mun þetta vera skoðun fleiri. — En ég er á annarri skoðun. Þetta sjónarmið kom aldrei fram, er þetta var rætt, en það getur þó verið, að það hafi verið hugmynd flm., því að þeir hafa hugsað sér, að þeirra umbjóðendur fengju þessi skip fyrir lítið fé og með sem minnstri álagningu. En þetta sjónarmið kom hvorki fram í grg. né annars staðar, er þetta var rætt. En nú telur ríkisstj. sig hafa heimild til að ráðstafa 3 skipum til atvinnubótavinnu í landinu.

Ég vil benda á — og æskja svars —, hvort ríkisstj. mundi láta það hafa endanleg áhrif á afstöðu sína, hve mikil greiðsla fengist frá viðkomandi aðilum, ef svo stæði á, að fleiri aðilar sæktu um þau skip, sem eftir eru, en tala skipanna er nú. Við skulum t. d. taka tvo staði, þar sem atvinnuástandið er svipað og báðir staðirnir teldu sig þurfa á þessum skipum að halda til atvinnuaukningar, en annar staðurinn treysti sér til þess að greiða meira og taka á sig meiri byrðar. Mundi það þá vera afgerandi, eða yrði farið eftir öðrum reglum?

Það komu 8 beiðnir um skip, þar sem 2 aðilar vilja greiða 10% og telja sig standa jafnt að vígi hvað þörfina fyrir skipin snertir og hinir 6, sem einnig sækja mjög fast á.

Ég vil einnig benda á, að það getur ekki verið, að sú stefna, sem hér er tekin, verði lokasporið, sem stigið er í þessum efnum. Ef Alþingi tekur þá ákvörðun að úthluta skipunum til þeirra staða eingöngu, sem erfiðleikar steðja nú að, þá mun fjöldi aðila án efa koma á eftir og gera jafnréttmætar kröfur til Alþingis, svo að hér er farið inn á mjög erfiða braut, svo framarlega sem skipin geta ekki gengið út á annan hátt.

Bornar hafa verið fram hér á Alþingi till. í sambandi við Flatey og atvinnuörðugleikana á Bíldudal. Teldi ég, að þessir staðir ættu meiri hönk upp í bakið á Alþingi, er búið er að samþ. þessa till.

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðh., hvort hann teldi nokkuð athugavert, þótt gerðar yrðu nokkrar breyt. á þessu frv., þegar það verður rætt í fjhn. Í sambandi við 2. gr. vil ég einnig gera aths. Þar stendur: „Ríkisstj. er heimilt að ábyrgjast allt að 2 millj. kr. lán til kaupa á gömlum togurum.“ Mér skilst, að meiningin sé, að aðrir aðilar kaupi togarana með stuðningi ríkisstj., en ekki að ríkisstj. sjálf kaupi þessi skip. Fyndist mér því rétt að breyta þessu orðalagi. Er þetta ekki rétt skilið hjá mér? (**Forsrh.**: Jú.) Enn fremur stendur í þessari sömu grein: „og til að setja olíukyndingu í þá, gegn 1. veðrétti í skipunum, enda fari ábyrgðin ekki fram úr 75% af kostnaðar- og matsverði skipanna með olíukyndingu.“

Ég hefði talið heppilegra að gera tvær breyt. á þessu. Í fyrsta lagi, að aðstoðin nái aðeins til að kaupa olíukyndingartækin, og í öðru lagi, að ábyrgðin færi ekki fram úr því verði, sem það kostar að setja olíukyndingartækin inn. Ég tel það ekki rétta stefnu að ábyrgjast meira og álagningin sé þá bundin 1. veðrétti, en seljendurnir á 2. veðrétti á eftir ríkissjóði í sambandi við söluverðið. Enn fremur vil ég setja, að þetta skuli ekki gert, nema fyrir liggi ákveðin meðmæli sérfræðinga. Vafasamt er, að skynsamlegt sé að kasta öllu þessu fé í olíukyndingartæki í fleiri skip en hér um ræðir. Þær upplýsingar komu fram í Sþ., að það lá fyrir tilboð 1946 frá Englandi um þessi tæki, sem nam 15.000 pundum — eða 700.000 kr. —, og held ég, að athuga bæri gaumgæfilega allt, sem máli skipti í þessu sambandi, áður en fé er lagt til þessara framkvæmda, því að það er margt, sem bendir til þess, að ekki sé hægt að fá þetta fé aftur, — en ég skal ekki ræða um það að svo stöddu. En ég mundi fylgja þessari till., ef heimildin yrði ekki notuð nema fyrir lægi álit sérfræðinga um það, að rétt sé að fara út í þetta.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég skal taka það fram, að sama sjónarmið kom fram í Nd. og hjá hv. þm. Barð. um, að heimildina í fjárl. frá í vetur bæri að skilja svo, að þetta kæmi aðeins til greina, ef ekki væri hægt að selja togarana með 10% kaupgreiðslu. Og af því að nokkur óvissa ríkti um það, hvernig bæri að skilja þetta, þótti ríkisstj. rétt að bæta þessu í löggjöfina og láta svo þingið skera úr um það, hvernig ætti að skilja þetta. En verði þetta samþ., þá álítur ríkisstj., að hún hafi rétt til ráðstöfunar á togurunum með vægum kjörum. Ég held það geti ekki orkað tvímælis, að það hafi vakað fyrir flm. og mjög mörgum alþm. að

skilja þetta á þann hátt, sem ríkisstj. hefur gert. — Hv. þm. Barð. spurði, hvernig ég liti á, ef um tvo staði væri að velja, sem æsktu eftir að fá togara, en báðir hefðu þeir við svipaða atvinnuörðugleika að etja. Þetta hefur nú ekki verið rætt í ríkisstj., en ég lít svo á, að ef atvinnuörðugleikarnir eru jafnmiklir á báðum stöðunum, þá yrði úthlutað til þess staðar, sem meira gæti greitt. En það er auðvitað matsatriði, hvernig meta beri atvinnuörðugleikana hjá viðkomandi stöðum. Ég get viðurkennt, að með þessu fordæmi geti fleiri komið á eftir, en bindandi fordæmi er þetta ekki. Og ef eitthvað af þessum skipum er látið með vægari greiðsluskilmálum til þeirra staða, þar sem atvinnuörðugleikar eru, þá er það aðeins tilraun ríkisstj. til þess að lyfta undir atvinnulífið á þessum stöðum, — svo að fordæmið er þannig alls ekki nýtt. En slíkar kröfur koma úr öllum áttum um eitthvað svipað, og því er ekki að leyna, að 2. gr. er áframhald af þeim kröfum, sem um er að ræða. Ríkisstj. gekk inn á það, að 2. gr. yrði sett inn, vegna þess að hún hugsar sér, að ef þeir staðir, þar sem aflaleysi og atvinnuleysi hefur orðið, gætu lagt fram einhverja fjárhæð í þessu skyni, þá væri rétt, að ríkið setti nokkurt fé á móti. — Það getur vel verið, að það þurfi að breyta orðalaginu, en auðvitað er það meiningin, að þessir staðir, sem um ræðir, kaupi skipin, en ekki ríkisstj.

Hv. þm. Barð. taldi ekki unnt að ganga lengra í þessum efnum en greiða olíukyndinguna. Þeir þm., sem fluttu þetta mál í Nd., vildu hafa ábyrgðarheimildina hærri út frá því sjónarmiði, að ef líta ætti á þetta sem bætt atvinnuskilyrði á viðkomandi stöðum, þá ætti að minnsta kosti að fást ¾ af kaupverðinu á þennan hátt. Og af þessum ástæðum held ég, að vafasamt sé að takmarka þetta frekar.

Ég tók fram í framsöguræðu minni áðan, að ríkisstj. muni ekki nota þessa lánsheimild nema því aðeins, að fyrir liggi álit sérfræðinga um það, að hægt sé og auðvelt að gera þessa breytingu, og ég hef ekkert á móti því, að sett verði inn í frv. ákvæði um þetta.

Hv. 4. þm. Reykv. hefur flutt hér brtt. sama efnis og felld var í Nd., um að ganga lengra í þessum efnum og veita ábyrgð fyrir öðrum 2 millj. kr. Ég mælti á móti þessu í framsöguræðu minni og skal ekki fjölyrða um það nú. En ríkisstj. er á móti því að ganga lengra í þessum efnum, vegna þess að hún telur ekki ástæðu til, eins og málið stendur nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 799).

Of skammt var liðið frá 1. umr., og lagt var fram skrifl. nál. (sjá þskj. 817). — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, hefur ekki unnizt tími til að láta prenta álit nefndarinnar, og ekki hefur heldur unnizt tími til að kalla n. saman til að lesa nál. yfir, því að hugmyndin er að ljúka málinu sem fyrst, en nm. hafa fengið það til umsagnar, og aths. hefur komið frá einum hv. nm. Það var bent á það á fundi n. í dag, að eðlilegt væri að breyta 1. málslið 1. mgr. þannig, að það kæmi beint fram, að atvinnuþörfin væri ekki látin ráða eingöngu, þegar togurunum væri úthlutað, heldur væri jafnframt höfð hliðsjón af því, hvaða skilyrði væru til útgerðar á þeim stöðum, sem óskuðu eftir skipum, og þá einnig, hvort þessir aðilar, sem fengju skipin með vægustu kjörum, gætu gert þau út. Við álítum þetta mikið atriði og teljum, að hafa verði hliðsjón af því við úthlutunina. Ég vil taka fram, að einn af umsækjendum togara þeirra, sem búið er að úthluta, og greiddi 10% af andvirðinu, treysti sér ekki til að gera skipið út nema hann fengi yfirfærslu á 6000 pundum og 120 þús. kr. lán til að geta tryggt það fyrsta mánuðinn. Mér finnst rétt, að þetta komi hér fram, því að það er ekki rétt að afhenda skipin, nema eigendurnir geti komið þeim heim, því að mér skilst, að hér eigi ekki að vera um aðra aðstoð að ræða en þá að veita lán með þessum kjörum, sem sé lægri útborgun en gert var ráð fyrir í upphafi, en því fylgi ekki sú kvöð að veita lán til að gera skipin út. Það væri því rétt, að þetta kæmi beint fram í frv., en vegna þess að breyting mundi tefja framgöngu málsins hér, þá hefur orðið samkomulag um að taka ekki slíka breyt. inn í frv., en fylgi mitt er bundið því skilyrði, að slík athugun sé látin fara fram, áður en skipin eru afhent. Ef illa gengur með slík skip, þá hlaða þau á sig skuldum, þar sem ekki mun vera hægt að greiða skipshöfninni, sem er stórfé í hverri ferð, og ekkert verður hægt að leggja fyrir til tryggingar gegn áföllum, og í slíkum tilfellum gæti farið svo, að ríkissjóður yrði að taka að sér ekki aðeins að greiða skipin, heldur einnig tap af útgerðinni og að leysa út sjóveð.

Hæstv. forsrh. lýsti því yfir í dag, að ef fyrir lægi að dómi ríkisstj., að fleiri en einn aðili stæði jafnt að vígi um þörf á að fá togara, en annar aðilinn gæti frekar greitt út fyrir skip, þá væri hans tilboði heldur tekið, í trausti þess, að sá aðili mundi heldur geta komið útgerðinni á fjárhagslega traustan grundvöll. Þá kom fram, að heppilegast væri að binda kostnað þann, sem gert er ráð fyrir í 2. gr., við það, að fyrir lægju meðmæli frá sérfræðingi og vitað væri, hve mikill kostnaður yrði af slíkri breytingu. Ég vil upplýsa, til að koma í veg fyrir misskilning, að n. var ekki algerlega sammála um að miða eingöngu við breytingarkostnað, en ég tel það heppilegast. Það er ekki heppilegt, að ríkisstj. tryggi sölu á gömlum skipum, sem þaulvanir útgerðarmenn treysta sér ekki til að gera út, til aðila, sem ef til vill hafa miklu minni þekkingu á útgerð. N. var ekki einhuga um þetta, en ég tel, að hæpið sé, að ríkissjóður annist greiðslu á söluverði slíkra skipa. Ég hef mínar skoðanir á því, hvernig muni ganga fyrir nýja aðila að taka við þessum skipum og láta útgerð þeirra bera sig, og tel ekki heppilegt, að ríkissjóður taki á sig ábyrgð á greiðslu söluverðsins. En hér er aðeins um heimild að ræða, og það kemur auðvitað ekki til mála, að ríkissjóður gangi í ábyrgð, nema fyrir liggi sérfræðingaálit og kostnaðaráætlun.

Ég hef heyrt einstaka aðila minnast á, að aðgerðir þessar muni kosta um 300 þús. kr. á skip, en ég fullyrði, að það muni kosta miklu meira, og þykir líklegt, að það verði ekki mikið undir 800 þús. kr. á skip, og þegar þetta er athugað *ofan í kjölinn, þá kemur ýmislegt fram, sem óvanir menn gera sér ekki grein fyrir í fljótu bragði.* Ég vænti þess því, að hæstv. ríkisstjórn láti athuga málið vel, áður en hún fer út í þetta. Ég þekki það vel, að þegar farið er að breyta einhverju, jafnvel þó að það sé minna en þetta, þá er það margt, sem þarf að lagfæra, þó að það hefði annars mátt bíða.

N. athugaði till. hv. 4. þm. Reykv., sem var lýst hér við 1. umr. og borin hafði verið fram í Nd., en ekki hlotið samþykki þar, og vildi hv. 1. landsk. þm. láta samþ. hana, en aðrir nm. gátu ekki fallizt á það. — Einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að fylgja brtt., sem fram kunna að koma, eða að bera fram brtt. Ég mun bera fram brtt. við 3. umr., ef frv. verður breytt við þessa umr., því að ég tel nauðsynlegt, að þær brtt. komi inn í frv., sem ég þegar hef lýst. Ég mun hins vegar ekki bera fram brtt., ef hægt er að koma frv. fram óbreyttu, né styðja aðrar brtt., sem hér kunna að koma fram, í trausti þess, að frv. nái samþykki eins og það nú er.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 4. þm. Reykv. og hv. 6. landsk. þm. [Sjá þskj. 818.] Er hún of seint fram komin og þarf afbrigða.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég gerði að vísu grein fyrir brtt. minni við fyrstu umr. og get látið fá orð nægja nú. — Mér þykir rétt að láta það koma fram, að mér þykir miður, að hv. fjhn. hefur ekki getað fallizt á að mæla með brtt. Ég þori ekkert að fullyrða um það, hversu mikill kostnaður er því samfara að gera þá breyt. á gömlu togurunum að setja í þá olíukyndingu. Hitt virðist mér allir sammála um, að ef það væri gert, þá séu mjög miklar líkur til þess, að *togararnir gömlu geti orðið sæmilega rekstrarhæfir* og jafnvel sambærilegir við hin nýju skip, þegar tillit er tekið til þess mikla verðmunar, sem á skipunum yrði.

Hv. frsm. fjhn. lét þess getið í sinni ræðu, að afstaða hans — og mér skildist nefndarinnar — til 2. gr. frv. væri sú að *mæla með* því, að samþykkt væri á því byggð, að sú ríkisstj., sem nú er, mundi athuga vandlega alla málavexti áður en hún réðist í að ábyrgjast þau lán, sem ætlazt væri til með heimildinni. Þess vegna væri þrátt fyrir þau vandkvæði, sem hv. frsm. taldi á því að framkvæma þessa grein — þess vegna væri óhætt að afgreiða frv., því að ríkisstj. mundi ekki ganga lengra í þessu efni en unnt væri. Ég hygg, að með sama rökstuðningi megi mæla með því, að hæstv. ríkisstj. samþ. brtt. okkar 6. landsk. þm. Sjálfsagt notar hæstv. ríkisstj. ekki heimildina nema hún telji, að það sé ráðlegt og skynsamlegt. Ég hygg, að það sé nokkurn veginn séð nú þegar með þeim nýju togurum, sem eru að koma og koma á næstunni, að ekki er fullnægt nema að nokkru leyti óskum hinna ýmsu byggðarlaga og einstaklinga um að fá botnvörpuskip til rekstrar. Og mér er sagt, að ýmsir þeir staðir og félög, sem ekki hafa hlotið hina nýju togara og verið útundan við úthlutunina, *teldu hag sínum störum betur komið*, ef þeim gæti tekizt að fá olíukynta togara, þó gömul skip væru, úr því hin nýju hafa ekki fengizt.

Það tekur að sjálfsögðu ekki lítinn tíma að gera þessa breyt. á skipunum, og því hygg ég, að allt mæli með því, að þessi heimild, sem um ræðir í brtt. minni, verði veitt nú í sambandi við afgreiðslu þessa frv., þannig að ef ráðlegt sýnist að ráðast í þessa breyt. með togarana, þá sé hægt að snúa sér að því sem fyrst, því hver tími, sem líður án þess að togararnir séu hreyfðir og án þess að þeir fari til veiða, er eyddur frá dýrmætum framleiðslustörfum og skapar ekki vinnu fyrir það fólk, sem vantar vinnu, og ekki heldur verðmæti, sem flutt eru út úr landinu og veita erlendan gjaldeyri til ýmiss konar nauðsynja. Ég vil því vænta þess, þrátt fyrir daufar undirtektir hv. fjhn., að deildin geti fallizt á þessa brtt., sem hér um ræðir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 818 felld með 10:4 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 830).

---

53. Vinnumiðlun.

Á 13. fundi í Nd., 31. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um vinnumiðlun [59. mál] (stjfrv., A. 95).

Á 14. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta frv. hér um vinnumiðlun á þskj. 95 er borið fram af hæstv. ríkisstj. Þau lög, sem gilt hafa um vinnumiðlun, eru frá 1935, og er þar svo kveðið á, að í hverjum kaupstað skuli vera vinnumiðlunarskrifstofa, ef viðkomandi bæjarstjórn æskir þess eða atvinnumálaráðherra mælir svo fyrir. Þróun málsins hefur orðið sú, að kaupstaðirnir utan Reykjavíkur hafa lítið notfært sér þetta. Það hafa að vísu verið settar upp slíkar skrifstofur á 7 stöðum utan Reykjavíkur, en þær hafa víða verið

lagðar niður aftur, svo að nú eru aðeins starfandi vinnumiðlunarskrifstofur í 5 af 13 kaupstöðum utan Reykjavíkur. Í Reykjavík hefur þróunin orðið önnur. Þar eru starfandi tvær skrifstofur, önnur samkv. ákvæðum l. frá 1935, en hin rekin sérstaklega af Reykjavíkurbæ. Það ætti að vera einsætt, að það er óheppilegt og enda óþarft, að tvær vinnumiðlunarskrifstofur séu starfandi, jafnvel í svo stórum bæ sem Reykjavík, þannig að heppilegt þótti og í sparnaðarátt að sameina þær. Eins og ég sagði áðan, hafa kaupstaðirnir úti á landi lítið notfært sér heimild l., svo að framlag ríkissjóðs til vinnumiðlunarskrifstofustarfsemi hefur farið að mestu leyti til skrifstofunnar í Reykjavík. Með þeim tilraunum, sem ríkisstj. hefur gert til að draga saman starfsmannakerfið, þá hefur þetta verið athugað, og niðurstaðan af þeirri athugun er þetta frv., sem byggist á því, að sveitarfélögin sjálf starfræki vinnumiðlunarskrifstofurnar og beri kostnaðinn af þeim eða hagi rekstri sínum samkv. þessu frv. — Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að helztu aðilar geti átt fulltrúa í stjórn vinnumiðlunarskrifstofunnar. 3 af 5 eiga að vera kosnir hlutfallskosningu af bæjarstjórn, en einn á að vera fulltrúi alþýðusamtakanna og annar fulltrúi vinnuveitenda. Á þennan hátt er leitazt við að tryggja það, að öll helztu sjónarmið í þessu sambandi geti komið fram, en þar sem gert er ráð fyrir, að bæirnir greiði allan kostnaðinn, þykir hlýða, að þeir fái meiri hluta í stjórninni.

Sé ég ekki ástæðu til að taka fleira fram í svipinn, en legg til, að málið fari til heilbr.- og félmn. að lokinni þessari umr., og vil ég taka það fram, að ég er reiðubúinn að ræða málið þar og taka til athugunar till. um aðra skipan þessara mála.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég vildi lýsa nokkurri undrun og andstöðu minni við þetta stjórnarfrv. Hæstv. félmrh. sagði, að þetta væri einn liðurinn í þeirri stefnu hæstv. ríkisstj. að spara útgjöld og draga úr launagreiðslum til opinberra starfsmanna. Ég vildi sízt deila á hæstv. ríkisstj., ef hún gerði skynsamlegar og röggsamlegar till. um að draga úr óþarfa eyðslu, en mér þykir undrum sæta, ef sparnaðarkutanum á fyrst og fremst að beita gegn þeirri félagsmálalöggjöf, sem sett hefur verið á síðari árum, ekki sízt þegar svo horfir, að oft hefur verið mikil þörf, en nú brýn nauðsyn að styrkja heilbrigðis- og félagsmálalöggjöfina í landinu. Mér þykir sem hér sé byrjað á öfugum enda, og það þykir mér leitt, því að ég veit af persónulegri reynslu, að hæstv. félmrh. er frjálslyndur maður og víðsýnn, og ég hefði kosið honum annað hlutskipti en það að skera greinarnar af því félagsmálatré, sem vaxið hefur upp nú á síðari árum. Það er einmitt nauðsynlegt nú að gera endurbætur á l. um vinnumiðlun í þá átt, að vinnumiðlunarskrifstofurnar yrðu starfhæfari og settar upp víðar og hefðu öruggt samband og samvinnu sín á milli, í stað þess að gera ráðstafanir, sem miða að því að draga úr starfi þeirra. Það er því síður ástæða til að flytja þetta frv., sem hæstv. félmrh. hefur nýlega lýst yfir því í sameinuðu þingi, að hann teldi greiðslugetu ýmissa bæjarfélaga mjög takmarkaða, og er því ósanngjarnt, ef þetta hefur við rök að styðjast, að ætla þeim að taka á sig þyngri bagga en verið hefur til þess að halda uppi vinnumiðlunarskrifstofum í landinu. Eins og segir í grg. og fram kom í ræðu hæstv. ráðh., þá eru höfuðbreytingarnar, sem frv. gerir ráð fyrir, þessar: I. Allt vald er tekið úr höndum ríkisstj. til að ákveða um stofnun vinnumiðlunarskrifstofa. II. Fjárframlög, sem hingað til hafa verið greidd úr ríkissjóði, eiga að falla niður, en bæjarsjóðir beri kostnaðinn af skrifstofunum. — Þó er á því ein undantekning. Ef framkvæma á vinnumiðlun varðandi sveitir landsins, þá skal það kostað úr ríkissjóði, en bæirnir eiga hins vegar að greiða allan kostnaðinn hjá sér. Þetta er svipað öðru, sem örlar á í stefnu hæstv. ríkisstj., að mismunur er gerður gagnvart fólki eftir því, hvort það býr í sveit eða við sjávarsíðuna. Það er alltaf fljótar hlaupið til að hjálpa þeim, sem í sveitunum búa. Þótt ríkisstj. geti sparað rúmlega 100 þús. kr., þá er svo mikið í húfi, eins og horfur eru nú ískyggilegar, að fremur en að leggja niður vinnumiðlun, þá ætti ríkisvaldið að halda henni áfram, svo sem kostur er á, og auka hana og vinna að rannsóknum á atvinnuástandinu, svo að gera megi allsherjar áætlun um aðgerðir til úrbóta. Í vissum landshlutum, t. d. vestan lands og norðan og jafnvel austan, bólar nú á mjög alvarlegu atvinnuleysi, og því miður er útlit fyrir, að það sé vaxandi. Eins og högum er nú háttað, ber ríkisvaldinu því bein skylda til þess að gera eitthvað til að hindra atvinnuleysið og deila sanngjarnlega niður þeirri atvinnu, sem til fellur, og það verður bezt gert á þann hátt, að ríkisvaldið hafi heildarafskipti af þeim málum. Því er nauðsynlegt, að ríkisstj. hafi hér með eftirlit og fyrirskipunarrétt um stofnun vinnumiðlunarskrifstofa, þar sem þeirra er þörf, og þá er rétt, að ríkissjóður beri og nokkurn kostnað af því. En með þessu frv. er stigið spor í öfuga átt. Ég skal ekki segja, hvað margir kaupstaðir héldu áfram að reka vinnumiðlunarskrifstofu, ef frv. yrði samþ., en ég held, að vinnumiðlunarskrifstofur þær, sem til eru í landinu, yrðu bæði færri og afkastaminni eftir en áður. Það eru svo engin rök í málinu, þótt risið hafi upp deila milli þeirrar vinnumiðlunarskrifstofu, sem hér starfar samkv. l., og ráðningarskrifstofu Reykjavíkurbæjar. Það er óheppilegt ástand, og á sínum tíma var mjög reynt að fá þessar skrifstofur til að sameinast. En tilvera þeirra beggja hér rökstyður á engan hátt nauðsyn þess að draga úr höndum ríkisstj. vald til að halda uppi vinnumiðlun í öðrum kaupstöðum. Ríkisstj. hefur orðið vör við, hve ástandið í atvinnumálunum er orðið ískyggilegt. Frá alþýðu Vestfjarða berast eindregnar óskir um aðgerðir til úrbóta, en eina svarið, eða eitt af þeim fáu svörum, sem verkalýðssamtökin fá, er framlagning þessa frv. Og einnig er ljóst, hvernig Alþýðusamband Íslands lítur á þetta. Alþýðusambandið hefur mótmælt, og verkalýðurinn lítur á þetta sem óþurftarmál, til að draga úr því, að vinna geti orðið sem mest. Fyrir því er ég andstæðingur þessa frv. og tel, að meiri þörf væri að endurskoða vinnumiðlunarlöggjöfina, sem nú er 15 ára gömul, í samráði við menn á þeim stöðum, sem mesta reynslu hafa í þessum efnum, og breyta henni í þá átt að efla opinbera vinnumiðlun og koma á heildarsamtökum um land allt. En með þessu er á hinn bóginn verið að draga úr afskiptum hins opinbera af þessum málum. Ég er sann-

færður um, að vinnumiðlunarskrifstofum mundi fækka og þær ekki reknar nema á stöðum, sem búa yfir allverulegu fjármagni. Líklegt má telja, að Reykjavík og Hafnarfjörður mundu reka vinnumiðlunarskrifstofur áfram, en vafasamt, hvort það yrði víðar. En þó að þessir staðir héldu uppi vinnumiðlun, yrði dregið úr vinnumiðlun um land allt, því að þeir staðir, sem vilja nú halda uppi vinnumiðlun, gætu það ekki áfram. Ég vil því lýsa yfir undrun minni á framkomu þessa frv. og þeim sparnaði, sem það á að hafa í för með sér, og teldi vænlegra til að auka atvinnu í landinu, að auka og dreifa vinnumiðluninni á milli fleiri staða.

Nú er högum svo komið, að fólk flýr úr ýmsum verstöðvum á landinu til Reykjavíkur. Þetta er hættuleg þróun, og ég veit, að ráðamenn Reykjavíkur líta á hana sem óskyggilega. Og ég er sannfærður um, að ef ekki er hlustað á raddir fólksins um að fjölga, en ekki fækka vinnumiðlunarskrifstofum, þá mun það hafa þau áhrif, að fólkið mun flýja enn þá meira en áður til Reykjavíkur. Og mér finnst það vera ömurleg örlög, að einn af mætustu þm. Framsfl. skuli verða til þess að berjast fyrir þessu frv., og það er ömurlegt, að ríkisstj., þar sem Framsfl. hefur forsæti, skuli koma fram með sparnað af þessu tagi. — Ég vil vænta þess, að þm. athugi vel sinn gang, áður en þeir breyta vinnumiðlunarlöggjöfinni í þessa átt. Vinnumiðlunina ber að auka og koma á föstu skipulagi í samræmi við fengna reynslu. Og orð hæstv. forsrh. gefa veika von um, að heppilegra verði talið að halda þessum málum í því formi, sem nú er.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér virðist, að það sé stefna hæstv. ríkisstj. með þessu frv. að minnka afskipti ríkisvaldsins af að tryggja mönnum atvinnu, og hún ætli nú að sleppa þeirri ábyrgð, sem hún ber á að miðla þessum málum. Ég verð að segja, að ef ætti að taka þá stefnu upp, þá er byrjað á öfugum enda. Það er hlutverk þessara vinnumiðlunarskrifstofa að tryggja mönnum vinnu, og það er eðlilegt, að ríkisvaldið geri sitt til að tryggja þegnunum vinnu. En hvað á ríkisstj. þá eftir, þegar vinnumiðlunarskrifstofurnar hafa verið lagðar niður? Jú, hún á eftir að banna mönnum að vinna. Vinnumiðlunin er eitt af höfuðafskiptum ríkisvaldsins af vinnu manna, og nú á að leggja niður þennan stuðning ríkisvaldsins, — og hvað þá? Við, sem þekkjum til, vitum, að meginið af allri útgerðinni er nú að stöðvast, og við vitum, að þessi útgerð væri öll í gangi, ef ríkisvaldið tæki ekki gjaldeyrinn af þeim, sem að henni vinna, og úthlutaði honum til gæðinga sinna. Með þessu er verið að svipta smábæi og útgerðarmenn úti um land þeim gjaldeyri, sem þeir hafa unnið fyrir, og með því kippt fótunum undan afkomu fólksins. Ríkisvaldið hefur tekið að sér að úthluta gjaldeyri þjóðarinnar. Ríkisvaldið hefur með þessu tekið á sig siðferðislega ábyrgð, það hefur tekið á sig þá ábyrgð, að það verður að afhenda þeim, sem að framleiðslunni vinna, aftur þann gjaldeyri, sem þeir afla, eða sjá þeim fyrir atvinnu. En hvað er nú ríkisstj. að gera? Hún er að neita þeirri ábyrgð og skorast undan að tryggja fólkinu vinnu, m. ö. o., vill halda valdinu til að banna mönnum að vinna, en sleppa ábyrgðinni að sjá þeim fyrir vinnu. Ég held, að ef á að auka á afskipti ríkisvaldsins, þá verði að vera samræmi í afskiptum þess.

Annaðhvort verður ríkisstj. að segja við fólkið: „Þið verðið að bjarga ykkur sjálf", — þó að á því fyrirkomulagi yrðu auðvitað gallar, — eða: „Ég tek ábyrgðina, ég hef vald til að taka gjaldeyrinn, og ég tek ábyrgðina á að sjá ykkur fyrir sómasamlegri vinnu." Ríkisstj. getur ekki tekið gjaldeyrinn með valdi, úthlutað honum til gæðinga sinna og sagt við fólkið: „Ég vil ekkert hafa með það að gera, hvort þið hafið vinnu eða ekki." — En hver er afleiðingin, ef ekki er haft samræmi á þessari stefnu? — Við skulum athuga þá stefnu, sem fram kemur í þessu frv. Hún er sú, að alþýðan í landinu nýtur einskis af þeirri forjá, sem ríkisvaldið ætti að vera henni í atvinnumálum. En hvað er gert við gjaldeyrinn? Jú, hann er tekinn til auðugustu mannanna í Reykjavík. Alþýðan hefur þá forsjá, að gjaldeyririnn er tekinn af henni og honum svo aftur úthlutað til voldugustu mannanna í Sjálfstfl. með vissu tilliti til voldugra manna í Framsókn. Það þarf enginn að segja fólki á Vestfjörðum það í dag, að engin bót mundi ráðast á vandræðunum þar, ef þeir fengju að nota þann gjaldeyri, sem þeir vinna fyrir. Nei, það mundu koma tilboð frá Reykjavík og það mundi verða kapphlaup milli gæðinga ríkisvaldsins til að kaupa afla þeirra, því að þá yrðu þeir að kaupa þann gjaldeyri, sem fjárhagsráð útvegar þeim nú. Vestfirðir gætu rekið arðvænlega útgerð, ef þeir aðeins fengju að hagnýta þann gjaldeyri, sem þeir afla. Það er ekki verið að skapa hvöt til að framleiða, — nei, það er nánast refsivert. Það er ríkisvaldið, sem tekur gjaldeyrinn frá fátækri alþýðunni og fær hann í hendur heildsölunum. Með þessu er ríkisvaldið að drepa kaupstaðina úti um land, að drepa útgerðina, og stöðvun hennar stafar af þessu einu.

Nú kemur ríkisvaldið fram með frv. um að fella niður vinnumiðlun, sem ríkisvaldið átti að hafa. M. ö. o. að létta af sér þeirri ábyrgð, að ríkisstj. ætti að fylgjast með og reyna að hafa áhrif á, að almenningur hefði sómasamlega vinnu. Ég sé ekki betur en að þetta frv. sé spor í þá átt að rífa niður þá félagslegu þróun, sem varð á árunum 1934—37 og 1944—47, á þeim tíma, sem mest einkennist af róttækum áhrifum. En einkennilegt virðist, að þetta frv. er borið fram á sama tíma og öllum einokunarviðjum heildsalanna í Reykjavík er haldið föstum. Ég fæ því ekki séð, að nokkurt samræmi sé í aðgerðum ríkisstj. Það virðist eiga að rífa niður þá endurbótalöggjöf, sem sett hefur verið, á sama tíma og einokun þeirri, sem skapaðist á styrjaldarárunum og engum datt í hug að ætti að vera til frambúðar, er haldið gagnvart allri landsbyggðinni. Það er verið að smáhöggva af endurbótunum, en auka á sama tíma völd lítillar auðstéttar. Þetta er það, sem ríkisstj. er að segja með þessu frv. Ég held, að það væri æskilegt, að það kæmi fram skýr yfirlýsing frá ríkisstj., hvort það er meiningin að draga úr því, sem ríkisstj. á að gera til að tryggja fólkinu atvinnu, en herða á sama tíma einokunarvald heildsalanna í Reykjavík. Ég held, að ríkisstj. ætti að gefa upp stefnu sína. Er meiningin að slaka þannig til, að Íslendingar fái frelsi til að vinna, verzla og framleiða, sem þeir ekki hafa? Það væri æskilegt, að skýr af-

staða kæmi fram, því að til þess mun ætlazt, að nokkurt samræmi sé. Þetta frv. fer nú til nefndar, og eru í n. fleiri mál, sem snerta þessi sömu mál, stefnu ríkisstj. gagnvart atvinnuvegunum, og það væri æskilegt, að þá lægi ljóst fyrir stefna ríkisstj. í atvinnulífi þjóðarinnar. Ef ríkisvaldið er staðráðið í að svipta fólkið allri vinnumiðlun, þá verður það jafnframt að gefa því frelsi til að skapa sér vinnu. Ég vil láta þetta koma fram, ef ríkisstj. vill gera glögga sína afstöðu. Þetta er ekki aðeins sparnaðarfrv., heldur borið fram að kröfu íhaldsins og notað til að breyta um stefnu viðvíkjandi atvinnulífi þjóðarinnar.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af ræðu hv. 8. landsk. — Hann lýsti undrun og andstöðu við frv. og þann sparnað að rífa niður félagsmálalöggjöf síðustu ára. Og virtist mér, að hv. þm. vildi láta liggja orð að því, að það væri yfirleitt verið að vinna að slíku hér á Alþ. Mér er það nú alls ekki kunnugt, að svo sé. En um þetta frv., sem hér liggur fyrir, þá virðist mér það mjög ofmælt, að það sé verið með því eða eigi í sambandi við það að rífa niður félagsmálalöggjöfina, þó það sé borið fram hér.

Því hefur ekki verið mótmælt, að lögin um vinnumiðlun, sem nú eru orðin 15 ára gömul, hafi verið tiltölulega mjög lítið notuð utan Reykjavíkur. Því að það er ekki aðeins svo, að aðeins nokkur hluti af þeim stöðum, sem notað gátu þessi lög, hefur notað þau, heldur hafa þær vinnumiðlunarskrifstofur, sem settar hafa verið á fót utan Reykjavíkur, verið lítið notaðar. Það er því aðeins ein vinnumiðlunarskrifstofa, sem starfrækt hefur verið samkv. þessari löggjöf, sem getur eiginlega heitið skrifstofa. Þetta er líka að ýmsu leyti eðlilegt, því að til þess, að hægt sé að starfrækja slíkar skrifstofur, verður að vera tiltölulega margt fólk á hverjum stað, þar sem þær starfa. Fyrir utan Reykjavík eru okkar kaupstaðir svo litlir, að vinna, sem vinnumiðlunarskrifstofur taka til, miðlast á ýmsan hátt, án þess að það þurfi sérstaka skrifstofu til þess, og hefur sýnt sig, að þessi hefur orðið raunin á.

Það hefur komið fram undir umr., að hjá hv. þm., sem hér hafa talað, virðist hafa komið fram geysimikið vantraust á starfsemi þeirra bæjarfélaga, sem eiga að sjá um þetta, ef breytt yrði til í þessu efni um tilhögun á vinnumiðlun. En hvers vegna má ekki treysta því, að bæjarfélag, sem sér, að þörf er á vinnumiðlunarskrifstofu, setji upp slíkt apparat, samkvæmt heimild, sem er í löggjöfinni, ef þetta frv. verður samþ.? Ef hægt er með slíkum kostnaði að miðla vinnu, hvað er þá eðlilegra en að það séu bæjarstjórnirnar á slíkum stöðum, sem hefjist handa um þetta? Mér virðist, að það liggi opið fyrir, að bæjarstjórnirnar sjái fyrst og fremst um þessa starfsemi og beri þá kostnaðinn af henni. Því að hvað getur verið hagkvæmara fyrir bæjarfélag, sem sér, að hægt er að koma atvinnulausum mönnum í vinnu með því að hafa vinnumiðlunarskrifstofu, heldur en að það geri það? Það mundi hver heilbrigður bæjarstjórnarmeirihluti vilja gera eða bæjarráð. Og það eru þessi rök, sem liggja til grundvallar því, sem hér er borið fram í þessu frv., samanber 7. og 8. gr., þar sem er í 8. gr. tekið fram, að félmrh. geti sett reglugerð um vinnumiðlun í einstökum atvinnugreinum, og heimilt sé að fela vinnumiðlunarskrifstofum kaupstaðanna slíka vinnumiðlun á tilteknum landsvæðum, og að þann kostnað, sem leiði af ákvæðum þessarar gr., greiði ríkissjóður. Þetta er sett hér inn beinlínis með það fyrir augum, að hægt sé á þennan hátt að grípa inn í, ef ríkisstj. þykir ástæða til, vegna einhverra ástæðna, sem gerðu það nauðsynlegt, að vinnumiðlun gripi lengra inn í þjóðfélagslífið en gert er ráð fyrir að öðru leyti í frv., þannig að horft verði yfir þessi mál í víðari sjónhring heldur en bæjarfélögin gætu gert annars, án þessara ákvæða.

Hv. þm. sagði, að hér væri landbúnaðurinn tekinn sérstaklega, og það ætti að kosta vinnumiðlun fyrir hann af því opinbera. Vinnumiðlunin fyrir landbúnaðinn hefur farið svo fram undanfarið, að Búnaðarfélag Íslands hefur starfrækt þessa vinnumiðlun og kostað hana að miklu leyti. Hins vegar hefur hún verið starfrækt sem deild hjá Vinnumiðlunarskrifstofunni í Reykjavík nokkurn hluta ársins. En kostnað við þessa vinnumiðlun hefur ríkissjóður greitt. Og vitanlega getur um slíkt verið að ræða fyrir fleiri atvinnuvegi en landbúnaðinn, og er því ekki ástæða til að tala um hann sérstaklega í þessu sambandi. En sú vinnumiðlun, sem starfrækt er fyrir landbúnaðinn, gengur fyrir sig vissa tíma ársins, og er ástæða til að setja sérstök ákvæði um hana í sambandi við vinnumiðlunarskrifstofur, sem fyrir hendi væru. En það er ekki hugmyndin með þessu að breyta til frá því, sem verið hefur, að Búnaðarfél. Ísl. beri kostnaðinn af þeirri vinnumiðlun, heldur hitt, að setja þessa vinnumiðlun við þennan atvinnuveg í samband við þá vinnumiðlunarskrifstofu, sem starfandi er hvort sem er, í Reykjavík eða annars staðar. Ég leyfi mér því að mótmæla því, að þetta, sem hér er borið fram í þessu frv., sé árás á félagsmálalöggjöf síðustu ára. Yfirleitt er í þessu frv. þannig gengið frá ákvæðunum um yfirstjórn vinnumiðlunarskrifstofanna á hverjum stað, að ég hygg, að allir megi vel við una. Það er eðlilegt, að bæjarfélögin á hverjum stað hafi meiri hl. í stjórn slíkra vinnumiðlunarskrifstofa, en hitt er líka eðlilegt, að verkamenn hafi þar einn fulltrúa og atvinnurekendur hafi þar einnig fulltrúa, og ákvæði um þetta viðkomandi stjórn vinnumiðlunarskrifstofanna hafa verið sett inn í frv., til þess að engin tortryggni komist þar að að neinu leyti og að þessir aðilar geti starfað saman að þessum þýðingarmiklu málum.

Hv. 8. landsk. þm. sagði, að það væru ekki rök í þessu máli sú deila, sem hér hefur verið um ráðningarskrifstofu Reykjavíkurbæjar og vinnumiðlunarskrifstofuna. Ég viðurkenni, að það eru ekki heildarrök í málinu, að þessi deila er fyrir hendi eða hvernig hún er, enda er það ekki borið fram af mér í málinu í því skyni, þó ég nefndi þetta og þeir hv. þm., sem tekið hafa til máls hér, að það er vitanlega óþarft að vera með tvær vinnumiðlunarskrifstofur hér í Reykjavík. Og ég hygg, að allir séu sammála um það. Og þó að það sé verið að gera grín að því að spara svona lítið eins og hér er um að ræða af hálfu ríkisins, eitthvað yfir eitt hundrað þús. kr., þá má náttúrlega gera grín að öllu. En það vill verða svo yfirleitt um alla hluti, þegar talað er um að reyna að spara

fyrir ríkið og draga saman kostnað, að það verða einhverjir til að segja, að þeir vilji jú reyndar spara fyrir ríkið, en bara ekki á þessum lið, sem þá er um að ræða. Og ég held fram, að ekki sé ástæða til að ætla, þó að ein skrifstofa starfi í Reykjavík að vinnumiðlun, að það sé neitt verra en það fyrirkomulag, sem nú er, ef þeir, sem starfa eiga þarna, starfa saman á réttan hátt. — Það er jafnan svo, þegar bent er á eitthvað til að spara, að menn vilja bara ekki spara á þessum lið, en benda svo aldrei á, hvar þeir vilji, að sparað sé í staðinn.

Ég er sammála um það, að það geti verið nauðsynlegt að halda uppi samstæðri vinnumiðlun að einhverju leyti yfir landið. Og einmitt ákvæðin í 8. gr. frv. gera það að verkum, að það er hægt að grípa þannig inn í, ef ástæða þykir til. En mér er alveg óskiljanlegt, að nokkurt bæjarfélag muni láta hjá líða að setja upp einhvers konar vinnumiðlun innan sinna takmarka, ef bæjarfélagið telur, að það mundi koma að verulegum notum til þess að bæta úr atvinnuleysi að hafa slíka vinnumiðlun. En þegar til þess kæmi að setja tengsl á milli slíkra vinnumiðlunarskrifstofa, þá er það ríkisstjórnin, sem getur gripið þar inn í og leitað samráðs við vinnumiðlunarskrifstofurnar og tengt þær saman, eftir því sem frv. gerir ráð fyrir.

Hugleiðingar hv. 8. landsk. þm. um fólksflutninga til Reykjavíkur í sambandi við þetta mál, held ég, að eigi nú tæplega heima í sambandi við málið. Ég hef ekki trú á því, að samþykkt þessa frv. orki nokkru um vaxandi fólksflutninga til þess staðar né annarra, eftir að reynsla er fengin af því, hvernig löggjöfin frá 1935 um vinnumiðlun er notuð, þó að við séum sammála, hv. 8. landsk. þm. og ég, um, að slík áframhaldandi þróun, sem fólksflutningar til kaupstaðanna er, sé óheppileg og sjálfsagt sé að stuðla að því, að hún færist ekki í aukana.

Ég sé ekki beina ástæðu við þessa fyrstu umr. málsins að fara út í mjög langar umr. um það. En ég vildi taka þessi atriði fram út af ummælum hv. 8. landsk. þm. Ég sagði áðan, að ég væri fús til að ræða við þá hv. n., sem fær frv. til meðferðar. Því að sjálfsagt geta einhver ákvæði verið í frv., sem ástæða væri til að breyta að einhverju leyti, og er sjálfsagt að gera það, ef fram kemur, að hægt er að fá betra form á því.

Hv. 2. þm. Reykv. hélt hér alllanga ræðu, en kom allmikið inn á gengismál og verzlunarmál, sem ég vil ekki blanda inn í þetta mál nú. Hann sagði, að næsta skref ríkisstj. hlyti að verða, að hún bannaði með öllu að vinna. Ég veit ekki, hvað hv. þm. á við með þessu. Ég hef þann grun, að það séu aðrir menn en ríkisstj., sem stuðla að því leynt og ljóst að banna mönnum að vinna. Og getur vel verið, að þetta hafi verið svo nærri þessum hv. þm., að hann hafi ekki haft beint vald á því, sem hann sagði, þegar hann hélt þessu fram. En ummæli eins og þessi eru náttúrlega ekki svara verð. — Hv. 2. þm. Reykv. var líka með það, að það væri verið að rífa niður endurbótalöggjöf á sviði vinnumála, sem sett var á tímabilunum 1934—1937 og 1944—1947. Já, mikið má af gera, ef þetta getur heitið því nafni, að verið sé að gera slíkt eins og þetta með flutningi þessa frv., eftir síðustu 15 ára reynslu. — Að öðru leyti vil ég ekki fara inn á ræðu hv. 2. þm. Reykv. Hún snerti þetta mál, sem fyrir liggur, mjög lítið. Um gjaldeyrispólitík og verzlunarpólitík ríkisstj. verður rætt á sínum tíma, en ekki er ástæða til að blanda umr. um þau mál hér inn í. — Ég sé svo ekki ástæðu, að svo stöddu, að fara fleiri orðum um þetta.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Tilhögun vinnumiðlunar í Reykjavík hefur borið á góma í þessum umr., og vil ég með fáeinum orðum skýra afstöðu mína til þessa frv.

Ég vil geta þess fyrst, að vinnumiðlun hafi verið upp tekin af Reykjavíkurbæ áður en núgildandi lög um vinnumiðlun voru sett í ársbyrjun 1935. Bæjarstjórn Reykjavíkur var áður ljóst, að gagnlegt væri og nauðsynlegt að koma slíkri stofnun á fót. Þess vegna var það árið 1933, að bæjarstjórn Reykjavíkur stofnaði vinnumiðlunarskrifstofu, sem bar og ber heitið Ráðningarskrifstofa Reykjavíkurbæjar. Þessari skrifstofu var ætlað svipað hlutverk eins og síðar var ákveðið í vinnumiðlunarlöggjöfinni og eins og gert er ráð fyrir í meginatriðum í 4. gr. þessa frv.

Nokkru eftir að þessi ráðningarskrifstofa hafði verið stofnuð og var tekin til starfa, var flutt hér á Alþ., að ég ætla síðari hluta árs 1934, frv. um vinnumiðlun. Og þar var svo gert ráð fyrir, að skylt væri, ef atvmrh. mælti svo fyrir, að setja skyldi á stofn vinnumiðlunarskrifstofur í öllum kaupstöðum landsins. Bæjarstjórn Reykjavíkur taldi þá með öllu óþarft, að löggjafarvaldið fyrirskipaði stofnun nýrrar vinnumiðlunarskrifstofu í Reykjavík, þar sem önnur vinnumiðlunarskrifstofa var nýlega komin á laggirnar þar. En þrátt fyrir mótmæli bæjarstj. Reykjavíkur gegn þessum óþarfa og óþarfa eyðslu ákvað þáverandi þingmeirihluti á Alþ. að samþ. lögin eins og frv. um þau lá fyrir og þar með að þvinga annarri vinnumiðlunarskrifstofu til viðbótar upp á Reykjavíkurbæ. — Ég ætla, að árangurinn af stefnu þessarar löggjafar hafi orðið harla lítill. Eftir þeim fregnum utan af landi, frá kaupstöðum, þar sem vinnumiðlunarskrifstofur hafa verið starfandi eftir þessum l., hefur ekki verið ýkja mikið gagn af þeim. Aðalárangur þessara laga virðist því hafa verið sá, að Reykjavíkurbær hefur nú í 15 ár haft tvær vinnumiðlunarskrifstofur, þar sem alveg óþarft var að hafa nema eina. Stjórn þessarar vinnumiðlunarskrifstofu, sem þröngvað var upp á bæinn, var þannig skipuð, að fulltrúar frá bæjarstj. voru í minni hluta. Og þó að bæjarsjóður hafi greitt tvo þriðju af rekstrarkostnaði þessarar skrifstofu, hefur bæjarstj. ekki getað ráðið neinu um það, hver sá kostnaður yrði né tölu starfsmanna, af því að fulltrúar frá bæjarstjórninni hafa verið í minni hluta í stjórn vinnumiðlunarskrifstofunnar. Eftir l. er ráðin sérstök stjórn þessarar vinnumiðlunarskrifstofu, og hún ræður forstöðumann og starfsmenn skrifstofunnar. Árangurinn af þessu er svo á, að kostnaðurinn við þessa skrifstofu hefur orðið óheyrilega mikill. Ráðningarskrifstofa Reykjavíkurbæjar, sem heyrir undir bæjarráð, hefur kostað í rekstri nokkuð innan við 100 þús. kr. síðasta ár, en rekstur vinnumiðlunarskrifstofunnar, sem þröngvað var upp á bæinn, hefur kostað yfir 200 þús. kr. á sama tíma, sem er af því, að í þessari stofnun er fleira starfsfólk en þörf er á, án þess að bæjarstj. Reykja-

víkur, þess aðila, sem ber tvo þriðju rekstrarkostnaðarins, ráði þar nokkru um. Hvað eftir annað hafa verið gerðar tilraunir til að draga úr þessum kostnaði með því að sameina skrifstofurnar. En því miður, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir ár eftir ár, hefur ekki tekizt að ná samkomulagi um það. Ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, verður samþ., hefur það varðandi Reykjavík þá miklu umbót og sparnað í för með sér, að hér væri aðeins starfandi ein vinnumiðlunarskrifstofa eða ráðningarskrifstofa. Ég tel það breyt. til bóta, ekki aðeins frá fjárhagssjónarmiði, heldur mundi tilgangi skrifstofunnar miklu betur náð, þegar einn ábyrgur aðili hefði þessi störf með höndum, heldur en þegar tvær skrifstofur starfa að alveg sama verkefni.

Eins og kemur fram í grg. þessa frv., samþ. bæjarstj. Reykjavíkur þann 16. marz s. l. að skora á ríkisstj. að leggja niður Vinnumiðlunarskrifstofuna í Reykjavík, þar sem viðurkennt væri, að með öllu væri óþarft að reka tvær vinnumiðlunarskrifstofur í bænum. Fyrir bæjarsjóð Reykjavíkur yrði samþykkt þessa frv. til verulegs sparnaðar og fyrir ríkissjóð einnig. Ég skil ekki vel, hvernig þeir tveir hv. þm., sem andmæla þessu frv., komast að þeirri niðurstöðu, að samþykkt þess og þar með sameining þessara vinnumiðlunarskrifstofa í Reykjavík í eina skrifstofu eigi að verða til þess að draga úr framkvæmd nauðsynlegrar vinnumiðlunar í Reykjavík eða höggva eitthvert skarð í þennan þátt félagsmálastarfseminnar, eins og hv. 8. landsk. þm. vildi vera láta. Hann talaði um, að það þyrfti að bæta skipulag vinnumiðlunarinnar, í stað þess sem þetta frv. gerði ráð fyrir. Ég held, að samþykkt þessa frv. mundi, að því er Reykjavík við kemur, verða til sparnaðar bæði fyrir ríkissjóð og bæjarsjóð, en um leið bæta þessa starfsemi í Reykjavík — gagnstætt því, að samþykkt l. frá 1935 um vinnumiðlun varð til þess að trufla vinnumiðlunarstarfsemina í Reykjavík og baka henni margvíslegt tjón.

Ég skal ekki á þessu stigi málsins ræða um viðhorfið í þessum efnum utan Reykjavíkur, en aðeins taka fram, að ég tel, að því er Reykjavík varðar, að þetta frv. muni horfa til bóta. — Ég vil líka taka fram, í tilefni af ummælum, sem hér hafa fallið, að ég tel frv. einnig stefna í rétta átt að því leyti, að bæjar- og sveitarstjórnum er eftir ákvæðum þess í sjálfsvald sett, hvort þær reka slíkar vinnumiðlunarskrifstofur. Ég tel, að of langt hafi oft verið gengið í löggjöf í því að taka fram fyrir hendur sveitarstjórnanna og fyrirskipa þeim eitt og annað eða áskilja samþykki Alþ. til ýmissa hluta, sem þær gerðu. Ég tel það stefnu í rétta átt að láta sveitarstjórnir hafa meira sjálfræði heldur en verið hefur í ýmsum efnum á undanförnum árum. Og ég tek undir það með hæstv. forsrh., að ég tel, að sveitar- og bæjarstjórnir eigi að hafa það vakandi auga á atvinnuástandinu í sínu umdæmi, að ef nauðsyn er til stofnunar vinnumiðlunarskrifstofu þar, þá muni fulltrúar þeirra staða í bæjar- eða sveitarstjórn stofna slíkar skrifstofur. Og ég tel, sem sagt, ekki ástæðu til að ríghinda þessa skyldu í lögum, eins og gert hefur verið til þessa. Reynslan er líka sú, að l. frá 1935 um vinnumiðlun hefur alls ekki verið framfylgt, því að í stað þess, að gert er ráð fyrir því í þeim l., að vinnumiðlunarskrifstofur séu í öllum kaupstöðum landsins, þá eru aðeins í fimm af þrettán kaupstöðum landsins nú vinnumiðlunarskrifstofur starfandi.

Ég vil vekja athygli á einu atriði, sem ég tel, að betur mætti fara í þessu frv. Í 6. gr. frv. er svo fyrir mælt, að stjórn vinnumiðlunarskrifstofu hverrar skuli vera skipuð fimm mönnum. Að mínu áliti er þessi nefnd eða stjórn algerlega óþörf. Ég lít svo á, að vinnumiðlunar- og ráðningarskrifstofur eigi, eins og önnur fyrirtæki vegna sveitarstjórnarmála, að heyra undir bæjarstjórn eða bæjarráð. Og mér finnst, þar sem ein meginrök fyrir þessu frv. hjá hæstv. ríkisstj. eru sparnaður, þá hefði hún átt að stíga sporið út til fulls og setja ekki á laggirnar óþarfa stjórn og skrifstofur. Því að einhver kostnaður hlýtur að verða af því.

Ég ætla, að ekki sé ástæða til að ræða ýtarlegar um þetta frv. að sinni. En að sjálfsögðu styð ég þá till. hæstv. forsrh., að málið fari til 2. umr. og heilbr.- og félmn., og vil að sjálfsögðu áskilja mér rétt til þess að bera fram eða fylgja brtt. við einstök atriði frv.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur atriði úr ræðu hv. 7. þm. Reykv. og hæstv. fors- og félmrh., sem ég ætla að drepa á. Fyrst vil ég víkja að ræðu hv. 7. þm. Reykv., sem ræddi nokkuð um starfsemi Ráðningarskrifstofu Reykjavíkurbæjar og forna sögu starfsemi vinnumiðlunarskrifstofunnar hér í bænum á vegum ríkisins og þann ágreining, sem risið hefur fyrr og síðar út af starfsemi þessara stofnana.

Ég dreg ekki í efa, að einhver vísir að ráðningarskrifstofu hafi verið stofnaður í Reykjavík áður en l. voru sett á Alþ. árið 1935 um vinnumiðlun. Hitt er jafnvíst, að mér fannst stjórn Reykjavíkurbæjar alltaf sýna, og sérstaklega í upphafi, nokkra stirðni út af vinnumiðluninni hér í Reykjavík, og hefði kosið, að það hefði verið á annan veg strax í upphafi og nánara samstarf hefði orðið milli ríkisins og stjórnar Reykjavíkurbæjar um þessi mál. En það tókst ekki. Og síðan hafa vinnumiðlunarskrifstofurnar verið tvær í Reykjavík. En þó einstakir kaupstaðir vilji heldur reka sínar eigin vinnumiðlunarskrifstofur en að hafa það starf í skjóli ákveðinnar löggjafar um reksturinn, þá tel ég það ekki til sérstakrar fyrirmyndar. Að öðru leyti mun ég ekki fara langt út í þann samanburð, sem hv. 7. þm. Reykv. gerði á starfsemi þessara tveggja vinnumiðlunarskrifstofa. En ég get sagt það, að vinnumiðlunarskrifstofan í Reykjavík, sem rekin er eftir l. frá 1935, hefur áreiðanlega haft með höndum langtum meiri og umfangsmeiri vinnumiðlun heldur en Ráðningarskrifstofa Reykjavíkurbæjar, því að til þeirrar fyrr nefndu skrifstofu hefur ekki aðeins verið leitað varðandi þá opinberu vinnu, sem ríkisvaldið hefur haft með höndum, heldur hafa atvinnurekendur og einstaklingar í atvinnuleit meira til hennar leitað en til Ráðningarskrifstofu Reykjavíkurbæjar. Þess vegna er ekki óeðlilegt, að kostnaður við Vinnumiðlunarskrifstofuna í Reykjavík verði meiri en við Ráðningarskrifstofu Reykjavíkurbæjar. Háttv. 7. þm. Reykv. sagði, að ef frv. yrði samþ., yrði það til þess að bæta vinnumiðlunina í Rvík. Ég skal nú ekkert um það fullyrða, ég vildi vona, að svo yrði, en ég held þó, að það sé ekki nema eðlilegt, að í höfuðborginni, þar sem er saman kominn

fjöldi fólks af öllu landinu, þar sé skrifstofa, sem sé rekin hvort tveggja í senn af ríkinu og Reykjavíkurbæ, kostuð af báðum þessum aðilum og hafi með höndum vinnumiðlun, ekki einungis í bænum sjálfum, heldur einnig fyrir fólk, sem búsett er í bænum og leitar eftir atvinnu annars staðar. Ég hef þess vegna talið, að hlutverk vinnumiðlunarskrifstofunnar sé yfirleitt þannig, að það sé mjög eðlilegt, að náið samstarf sé á milli ríkisheildarinnar og hlutaðeigandi bæjarstjórnar, þar sem vinnumiðlunarskrifstofa er, þannig að það verði sameiginlegt áhugamál viðkomandi bæjarstj. og ríkisvaldsins að reyna að greiða úr fyrir atvinnulausu fólki og miðla vinnu, eftir því sem kostur er á, og því tel ég, að l. um vinnumiðlun hafi gengið í rétta átt, og eftir því, sem ég bezt veit, er með svipuðum hætti löggjöf annarra ríkja, sem hafa sett hjá sér reglur um vinnumiðlun, að vinnumiðlunin er ekki talin óviðkomandi ríkisvaldinu, heldur er það talið mjög eðlilegt, að það sé ríkisvaldið, sem hafi rekstur slíkra vinnumiðlunarskrifstofa með höndum. Ég mundi fyrir mitt leyti telja sízt til bóta, að rekstur vinnumiðlunarskrifstofunnar í Rvík væri eingöngu í höndum Reykjavíkurborgar, en afskipti ríkisvaldsins þar engin, svo að spádómur minn er nokkuð á annan veg en spádómur hv. 7. þm. Reykv. Sá sami hv. þm. talaði um, að það væri yfirleitt til bóta, að bæjarstjórnir hefðu sjálfsvald í slíkum málefnum, en ég held satt að segja, þó að ég vilji ekki draga úr því, að sveitar- og bæjarstjórnum sé veitt talsverð sjálfsstjórn og völd, að þá séu málefnin þannig saman ofin, að þau snerti hvora tveggja í senn, ríkisvaldið annars vegar og bæina hins vegar. Og sízt af öllu mundi ég sem bæjarfulltrúi hafa á móti því, að ríkisvaldið styrkti og styddi vinnumiðlun í Rvík. Ég mundi sem stjórnandi í hvaða bæ sem væri telja, að það væri virðingarvert og þakklætisvert, ef ríkið teldi sig hafa til þess skyldur og ástæður að hafa nokkurt frumkvæði í þessum efnum og vildi veita fé úr ríkissjóði til rekstrar þessa fyrirtækis. Ég hefði því talið, að það væri alls ekki gengið nærri eðlilegu valdi bæjar- og sveitarstjórna, þó að gildandi væri í landinu löggjöf, sem gerði hvort tveggja í senn, að veita ríkisvaldinu frumkvæði að því að stofna til slíkrar skrifstofu og í annan stað, ef þetta frumkvæði væri notað, þá væri ríkið skyldugt til þess að láta nokkurt fé af mörkum til rekstrar starfseminnar. Slíkt samstarf sjálfstæðra aðila til lausnar þýðingarmiklu vandamáli er mjög eðlilegt, og ætti hvorugur aðilinn að afþakka aðstoðina; hvorki bæjar- né sveitarstjórnir ættu að afþakka aðstoð og samvinnu ríkisvaldsins né heldur ríkisvaldið að afþakka og vilja komast hjá að hafa samvinnu við bæjarfélögin um rekstur slíkrar stofnunar. Mér virðist því, að höfuðatriðin í núgildandi löggjöf frá 1935 um vinnumiðlun í landinu séu eins eðlileg og hægt sé að hugsa sér. — Þetta vildi ég segja út af orðum hv. 7. þm. Reykv.

Ég vildi þá aðeins minnast á þau atriði í ræðu hæstv. forsrh., sem mér finnst vera tilefni til að drepa á. Hann gat þess, að l. um vinnumiðlun hefðu verið tiltölulega lítið notuð utan Rvíkur. Það má segja, að svo hafi verið síðustu 10 ár, en það stafar að verulegu leyti af því, að frá því að umskipti urðu í atvinnuháttum á Íslandi um 1940 og fram til þessa dags hefur sem betur fer tiltölulega mjög lítið borið á atvinnuleysi, og hefur þetta ástand orðið nokkuð til þess að draga úr áhuga fyrir stofnun og rekstri vinnumiðlunarskrifstofa, þó að ég álíti, að það hafi ekki verið rétt. Þar sem hins vegar er nú byrjaður nýr þáttur í atvinnusögu Íslendinga, þar eð fyrir dyrum er nokkur ótti um atvinnuleysi, eins og á tímabilinu frá 1934—40, þá finnst mér ríkari ástæða en nokkru sinni fyrr til að haga löggjöfinni á þann hátt, að hún verði að sem mestum og almennustum notum og ríkið veiti aðstoð sína til þess að hrinda þeim málum áleiðis.

Hæstv. ráðh. sagði, að andstaðan gegn frv. af minni hálfu væri vantraust á stjórn kaupstaðanna, en því fer víðs fjarri. Ég hef mjög mismunandi álit á stjórn kaupstaðanna í landinu, en afstaða mín gegn málinu byggist að engu leyti á því, að ég hafi vantraust á stjórn kaupstaðanna. Sumum kaupstöðum finnst mér vera ágætlega stjórnað, öðrum miður vel og sumum jafnvel mjög illa stjórnað, en ég álít, að það sé brýn nauðsyn til þess, eins og ég áður sagði, að ríkisvaldið og bæjaryfirvöldin vinni saman til úrlausnar þessu vandamáli. Það er ekkert vantraust á bæjarstjórnir, þó að ríkisvaldið segði sem svo: Ég vil gjarnan hafa frumkvæðið að einhverju leyti um þessi mál og styrkja þetta fjárhagslega. — Þetta álít ég, að sé mjög eðlileg hugsun. Hér á fyrst og fremst að hafa í huga heill heildarinnar, ekki einstakra héraða og landshluta, heldur heill landsins og allrar þjóðarinnar.

Hæstv. ráðh. fór nokkrum orðum um það, að ég hefði í minni ræðu á óviðeigandi hátt drepið á vinnumiðlun í sambandi við landbúnaðinn, en ég gerði það alls ekki að ástæðulausu, því að í grg. ráðh., sem fylgir frv., segir: „Hér er landbúnaðurinn einkum hafður í huga.“ Svo að það var beinlínis grg., sem leiddi mig inn á það að minna á, að það væru sérstök ákvæði varðandi landbúnaðinn.

Hæstv. ráðh. sagðist mótmæla því, að hér væri um að ræða árás á félagsmálalöggjöf landsins. Þrátt fyrir mótmæli hans get ég ekki fallið frá þessari skoðun minni, að svo sé. Ég tel það vera beinlínis að draga úr þessum þætti félagsmálalöggjafarinnar, þegar á að draga úr valdi ríkisins í sambandi við vinnumiðlun og aðstoð ríkisins til vinnumiðlunar í landinu. Það er verið að draga úr vinnumiðlun með þessum hætti, og það er gert á þeim tíma, þegar veður öll eru válynd og búast má við því, að þröngt verði fyrir dyrum vegna þess, að þörf verði á aukinni atvinnu og á því að miðla henni á sem réttlátastan hátt.

Þetta voru þau atriði úr ræðu hæstv. ráðh., sem ég sé ástæðu til að minnast á, en að sjálfsögðu fer þetta frv. til nefndar, og fæ ég þá tækifæri til þess að bera fram nýjar till. varðandi þetta mál og þá að gera nánar grein fyrir þeim við 2. og 3. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. minntist sérstaklega á tvenn rök fyrir frv., önnur þau, að reynslan hefði sýnt, hve lítið vinnumiðlunarskrifstofan hefði verið notuð undanfarin ár, en það hefur þær eðlilegu orsakir, að undanfarinn áratug höfum við búið við lítið atvinnuleysi og sú

stjórn, sem þá sat lengst við völd, nýsköpunarstjórnin, beitti sér að því af alefli að tryggja öllum sem mesta og bezta atvinnu. Hins vegar gerir sú ríkisstj., sem nú situr að völdum, ráðstafanir til þess að draga úr atvinnu manna um leið og hún vill leggja niður vinnumiðlunarskrifstofuna eða a. m. k. afskipti ríkisins. Ég held því, að þessi röksemd, að reynslan hafi sýnt, að ekki hafi verið þörf fyrir vinnumiðlunarskrifstofuna, verði ekki notuð til þess að réttlæta það, að leggja eigi þessa stofnun niður, þegar sýnt er, því miður, að einmitt vegna stjórnarstefnunnar er vaxandi þörf fyrir miðlun á vinnu, ávísun á vinnu, sem upphaflega var tilgangurinn með vinnumiðlunarskrifstofunni.

Hin höfuðrökin voru sparsemi fyrir ríkissjóð, og hæstv. forsrh. fannst ekki viðeigandi að gera grín að því, þó að hugsað væri um að spara ekki hærri upphæð en 100 þús. kr. Það er nú dálítið einkennilegt prinsíp hjá hæstv. ríkisstj., þar sem ekki er um stærri upphæð að ræða, hvar hún kýs að taka þann sparnað. Útbýtt hefur verið skýrslu hér til okkar, sem er þskj. nr. 33. Í þessari skýrslu er eitt höfuðatriðið langur og mikill bálkur um vinnumiðlun, sérstök samþykkt nr. 88 um skipulagningu vinnumiðlunar, og þar eru till. viðvíkjandi þessu máli, þar sem m. a. er mælt svo fyrir í 2. gr. þessarar samþykktar, bls. 14: „Vinnumiðlunin skal byggð upp af kerfi af vinnumiðlunarskrifstofum, er nái um allt landið og sé undir einni miðstjórn fyrir allt ríkið.“ Þegar nú ríkisstj. er samkvæmt eigin ósk búin að fá þessa skýrslu og borga fyrir það 110 þús. kr., skýrslu, sem við gátum líka fengið ókeypis hvar sem var, á að breyta þveröfugt við skynsamleg fyrirmæli í þessari skýrslu til þess að spara. Við eigum að borga 110 þús. kr. fyrir að fá þetta uppkast, þar sem við hefðum getað aflað upplýsinga um það sjálfir ókeypis, hvernig við ættum að haga vinnumiðluninni, en svo þegar við erum búnir að borga 110 þús. kr. fyrir þetta, eigum við að spara okkur að framkvæma það og hafa ekki neina vinnumiðlunarskrifstofu. — Ég nefni þetta sem dæmi um það, hvernig ríkisstj. fer aftan að hlutunum.

Svo vil ég segja eitt, því að hæstv. forsrh. sagði, að bæirnir gætu kostað þetta. Hvað geta bæirnir hér á Íslandi staðið undir miklu til frambúðar? Er til nokkurs að hrúga stöðugt meira og meira ofan á bæina? Ég tala ekki um Reykjavík, því að hún er undantekning, heldur á ég við bæi úti um land. Ég held nú, að það væri nær, að ríkið tæki á sig ofurlítið af þeim byrðum, sem bæirnir verða nú að bera, en ríkið sparar nú á þann hátt að skella byrðunum ofan á bæina, sem eru að kikna undir þeim byrðum, sem á þeim hvíla. Það er nú orðið mjög almennt atvinnuleysi í mjög mörgum kaupstöðum úti um land, og það verður sannarlega að teljast nokkuð kalt af ríkinu að ætla sér að spara við sig þannig, svo að segja á þeirra kostnað.

Hæstv. ráðh. minntist á, að ég hefði sagt, að það mundi líklega verða næsta skrefið hjá ríkisstj. að banna mönnum að vinna. Ég sagði það ekki, heldur sagði ég, að það væru aðgerðir ríkisvaldsins, sem bönnuðu mönnum að vinna og framleiða. Ég skal nefna sem dæmi, að fyrir tveimur árum framleiddum við Íslendingar 30 þúsund tonn af freðfiski, og þessi vinna er ein undirstaðan undir atvinnulífi fjölda kaupstaða um allt land. Með ráðstöfunum ríkisvaldsins hefur þessi framleiðsla verið sett niður í 15 þúsund tonn á s. l. ári, með samræmdum ráðstöfunum ríkisstj. og bankavaldsins, af hálfu ríkisstj. með því að banna mönnum frjálsa verzlun með þessa framleiðslu, sjálfstæða markaðsleit og innkaup í staðinn og af hálfu bankanna með því að neita framleiðslunni um lán út á meira en 15 þús. tonn. Það hefur þannig verið skorið niður úr 30 þús. í 15 þús. tonn á ári. Það er enginn efi á því, að það er hægt að selja og kaupa inn vörur aftur til Íslands fyrir eins mikið og áður var gert, 30 þús. tonn, en það þarf mun meiri atorku við það en áður og það þarf að fara fleiri leiðir til þess að ná í verðmæti fyrir þennan útflutning en áður þurfti, það þarf að leyfa einstaklingum að hafa miklu óbundnari hendur um sína starfsemi í þessum efnum en verið hefur. Hvað gerir hæstv. ríkisstj. í þessu? Með því að fella allar þær till., sem fram hafa komið um það að rýmka til í þessum efnum, bannar hún mönnum þessa framleiðslu, bannar mönnum að flytja inn vörur, þó að hún gæti haft allan hemil á verðlagi í þessu sambandi. Og það er engum vafa bundið, að það, sem gerir nú þorpum úti um allt land langerfiðast að draga fram lífið, það er þessi dauða hönd frá valdhöfunum hér í Rvík, sem lögð er á þeirra starfsemi. Þetta kalla ég að banna að vinna. Hins vegar skal ég ekki gera þetta mál sérstaklega að umtalsefni. Ég vildi aðeins leiðrétta þann misskilning, sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh.

Ég vil að lokum benda á eitt atriði í 6. gr. frv., sem ég skil ekki fyllilega og álít ekki æskilegt, en þar stendur m. a.:

„Skulu þrír þeirra kjörnir af hlutaðeigandi bæjarstjórn með hlutfallskosningu, og skal einn þeirra sérstaklega kjörinn sem formaður stjórnarinnar.—“

Ég get ekki skilið þetta fullkomlega. Ef kjósa skal 5 menn og 3 þeirra með hlutfallskosningu, og einn þeirra sérstaklega sem formann stjórnarinnar, þá hlýtur annaðhvort að vera, að af þessum 3 mönnum, sem kosnir eru með hlutfallskosningu, sé einn tilgreindur sem formaður, eða þá að sá hljóti formannsstöðuna, sem fær flest atkvæði. Eða á máske að kjósa formanninn sérstaklega eftir á? Það er ekki hægt að kjósa formann með hlutfallskosningum, en það er hægt að ákveða, að einn þessara þriggja skuli vera formaður, t. d. sá efsti á listanum. Þetta er óljóst orðalag og gæti valdið misskilningi og deilum, og því æskilegt, að nefndin athugi þetta júrídíska atriði og fái úr því skorið, ef mögulegt er.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að bæta miklu við það, sem hv. 8. landsk. sagði hér áðan. Það er greinilegt, að flutningur þessa frv. er stórt spor aftur á bak í félagsmálum okkar. Það var áhugamál meiri hluta bæjarstjórnar Reykjavíkur að leggjast á móti stofnun vinnumiðlunarskrifstofu, og Sjálfstfl. taldi sig ekki hafa nóg áhrif á atvinnulíf bæjarins. Af þessari ástæðu hefur vinnumiðlun ríkisins verið illa séð af bæjarstjórn Rvíkur. Nú hefur hæstv. forsrh. flutt frv. í þá átt að veita bæjarstjórn Rvíkur vilja sinn í þeim efnum og gerzt þannig talsmaður Sjálfstfl. Hvaða ástæður liggja til þess, veit ég ekki, en þær geta síðar komið í ljós. Eins og hv. alþm. er kunnugt, hefur það verið skylda að koma upp vinnumiðlunarskrifstof-

um í bæjum, ef meiri hluti viðkomandi bæjarstjórnar hefur óskað þess eða ef atvmrh. hefur mælt svo fyrir. Nú er þetta vald tekið af atvmrh., og ég tek undir þau orð hv. 8. landsk., að þetta er spor aftur á bak. Hlutverk vinnumiðlunarskrifstofanna hefur verið tvöfalt. Í fyrsta lagi að safna skýrslum um atvinnuleysi og í öðru lagi að miðla vinnu og gefa upplýsingar í því sambandi. Meðal annarra menntaðra þjóða þykir nauðsynlegt að vita nokkrum sinnum á ári, hvernig ástatt er í atvinnumálum landsins. Ég má segja, að víðast hvar sé skýrslum um þetta safnað 4 sinnum á ári. Það er auðséð á lögum frá 1928 um atvinnuleysisskráningu, að hv. alþm. hefur þá verið ljóst, að nauðsynlegt er að vita nokkuð um þetta mál. Í þeim lögum er sagt, að safna skuli atvinnuleysisskrám tvisvar á ári, og Hagstofa Íslands síðan vinna úr þeim skýrslum og birta niðurstöður. Þessi lög hafa ekki komið til framkvæmda, og því var vinnumiðlunarskrifstofum falið að safna þeim skýrslum.

Mér er kunnugt um, að þetta hefur verið gert, en hagstofan hefur algerlega vanrækt að vinna úr skýrslunum og birta þær. Það eina, sem við höfum fengið að vita um þetta mál, eru þær upplýsingar, sem manntalið gefur, en það fer fram á 10 ára fresti, og þar eð langur tími fer í að vinna úr skýrslum þess, eru upplýsingar, sem við fáum um atvinnuástandið þar, orðnar um 20 ára gamlar. Því höfum við verið harla ófróðir um atvinnuskiptinguna í landinu. Stórþjóðirnar, eins og t. d. Bretar og Bandaríkjamenn, geta sagt mánaðarlega um það, hve margir eru atvinnulausir í landi þeirra, en við, sem erum að byggja upp atvinnulíf okkar, látum okkur þetta litlu skipta.

Með því að leggja nú til, að vinnumiðlunarskrifstofurnar hætti að njóta stuðnings ríkissjóðs, er hætt við, að þær leggist algerlega niður hjá mörgum bæjarfélögum. Á þennan hátt er kippt burtu þeim grundvelli, sem nauðsynlegur er til þess að hagstofan geti gefið út skýrslur um atvinnuskiptingu og atvinnuhættina í heild. Nú má máske segja, að þar sem hagstofan hefur ekki gert þessar skýrslur, þá geri það ekkert til, þótt möguleikinn til að gera þær sé tekinn frá henni. En ég hygg, að nú sé búið að útvega Hagstofu Íslands betri aðstöðu en áður til þess að vinna úr ýmsum skýrslum með vélaafli. Og flutningur þessa máls gefur tilefni til að reyna að koma þessum málum á þann grundvöll, sem lög frá 1928 mæla fyrir. Það er full ástæða til þess að taka nú skrefið áfram og koma okkar skýrslusöfnun í það horf, sem nauðsynlegt er talið hjá siðuðum þjóðum. Það ætti að gera bæjunum að skyldu að hafa vinnumiðlunarskrifstofur, sem söfnuðu skýrslum um atvinnulífið, og sjá svo um, að hagstofan vinni úr þeim, svo að við fengjum að vita a. m. k. 4 sinnum á ári, hvernig ástatt væri í atvinnumálum okkar. Ég vildi skjóta þessu til þeirrar hv. nefndar, sem fær málið til meðferðar, hvort ekki sé rétt, að vinnumiðlunarskrifstofurnar í bæjunum safni skýrslum um atvinnulífið, og hagstofan fái þær svo og vinni úr þeim, svo að við getum vitað sem oftast um tölu atvinnulausra manna í landinu, en ekki verði tekið það spor, sem hæstv. forsrh. gerist hér talsmaður fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Á 34., 35., 36., 37. og 39. fundi í Nd., 8., 11., 12. og 13. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 14. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 95, n. 270, 323 og 344).

Frsm. meiri hl. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Þetta frv. um vinnumiðlun á þskj. 95 er borið fram af hæstv. ríkisstjórn og lá fyrir heilbr.- og félmn. til athugunar. N. ræddi málið á allmörgum fundum og hefur þar haft til viðtals hæstv. félmrh. — Samkomulag varð ekki í n. um málið. Meiri hl. n. vill samþ. frv. svo að segja óbreytt, en minni hl., tveir hv. þm., hafa skilað hvor sínu nál. og eru frv. andvígir. — Við í meiri hl. n. leggjum til, að breytt verði 6. gr. frv. á þá leið, að því er snertir formannskosninguna, þar sem í frv. er ákveðið, að form. skuli vera kosinn — en það er ekki hægt, þegar hlutfallskosning er höfð, — að ákvæðið um það falli niður, að kosinn skuli varamaður eins og í frv. segir, en í stað þess kjósi stjórnin sér sjálf formann, eftir að kosning í stjórn hefur farið fram.

Þetta frv. hefur valdið deilum hér á hæstv. Alþ. við 1. umr. Við höfum borið það saman við l. frá 1935, en þar er ákveðið, að bæjarstjórnum sé heimilt að reka vinnumiðlunarskrifstofu, ef þeim sýnist svo, og auk þess geti atvmrh. ákveðið, að vinnumiðlun fari fram í vissum kaupstöðum. Þetta hefur verið framkvæmt á undanförnum árum, þannig að í fimm af þrettán kaupstöðum landsins hefur þetta verið framkvæmt undanfarið. Og þetta hefur verið kostað af bæjarsjóðum að tveimur þriðju hl., en af ríkissjóði að einum þriðja, og síma- og póstkostnaður hefur verið greiddur alveg af ríkissjóði.

Þetta frv. fer fram á, að bæjarstjórnirnar einar skuli ráða því, hvort vinnumiðlunarskrifstofur skuli reknar í viðkomandi kaupstöðum eða ekki, og í öðru lagi, að ríkið hætti að taka þátt í þessum kostnaði. Og frv. gerir ráð fyrir, að bæjarsjóðirnir sjálfir greiði kostnaðinn að öllu leyti, eins og líka eðlilegast er, því að þetta eru náttúrlega aðallega bæjarmál á hverjum stað, og það er ekki nema eðlilegt, að bæjarsjóðirnir sjálfir greiði allan kostnað við þessa starfsemi. Enda hefur það verið svo, að tilmæli hafa komið frá einu eða tveimur bæjarfélögum um, að þau fengju sjálf að ráða þessum málum og greiði allan kostnað af þeim. Þetta er aðalbreyt. með frv. Meiri hl. n. hefur skilað áliti og leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem ég gat um. Minni hl. ber fram sínar ástæður fyrir því að óska, að frv. verði ekki samþ.

Frsm. 1. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er meginefni þessa frv., að fellt verði niður framlag ríkisins til vinnumiðlunar í kaupstöðum og að ríkið láti þar með af afskiptum af skipun þeirra mála. Samkv. gildandi l. frá 1935 starfa nú vinnumiðlunarskrifstofur í fimm kaupstöðum, og hljóta ákveðið framlag úr ríkissjóði. Það framlag á að falla niður samkv. þessu frv., ef

samþ. verður. Má því gera ráð fyrir, að ýmsar af þeim vinnumiðlunarskrifstofum, sem nú starfa, yrðu lagðar niður, ef mál þetta nær fram að ganga.

Það er látið í veðri vaka af hæstv. ríkisstj., sem flytur þetta frv., að með því sé tilætlunin að spara ríkissjóði fé. Sá sparnaður mundi nema 105 þús. kr. Alþ. fjallar nú einmitt þessa dagana um frv. til fjárlaga fyrir næsta ár. Á því fjárlagafrv. er enginn sérstakur sparnaðarblær, — því fer víðs fjarri. Það er því í raun og veru hlægilegt að bera á borð fyrir hv. þd., að það sé sparnaðarvilji, sem liggi til grundvallar flutningi þessa frv. Hv. stjórnarflokkar hafa ekki sýnt sérstakan sparnaðaráhuga á ýmsum öðrum sviðum, þar sem þó hefur gefizt tilefni til að sýna hann. Í gær var hér til atkv. till. í Sþ. varðandi ríkisútvarpið. Miðaði hún að því, að gerð væri athugun á rekstrarkostnaði ríkisútvarpsins í því skyni að auka hlutdeild dagskrárinnar í tekjum þessarar menningarstofnunar. — Reyndist ekki þingmeirihluti fyrir þeim sparnaði, sem þar var lagt til, að reynt yrði að koma í framkvæmd. Það var meiri hl. hv. stuðningsfl. ríkisstj., sem hafði ekki áhuga á þeim sparnaði, sem ég álít, að hefði getað numið talsvert meiru en þeim 105 þús. kr., sem hér á að spara. Það er m. ö. o. ekki sama, til hvers fénu er varið.

Ég sagði áðan, að það hlyti að vera eitthvað annað en sparnaðaráhugi, sem lægi til grundvallar flutningi þessa frv. Það er kunnugt, og hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. nefndi það í sinni framsöguræðu, að tilmæli hafa komið um það frá einum kaupstað, þ. e. Ísafirði, að breyta gildandi l. um vinnumiðlun í þá átt, að bæjarstjórnir skipi meiri hl. í stjórn þessara stofnana. Og meiri hluti bæjarstj. á þessum stað mun hafa boðizt til þess að greiða allan kostnað við stofnunina, ef slík breyt. næði fram að ganga. Á Ísafirði munu hafa átt sér stað nokkur pólitísk átök um stjórn vinnumiðlunarinnar. Núv. bæjarstjórnarmeirihl. á Ísafirði, sem skipaður er sjálfstæðismönnum og sósíalistum, mun hafa óskað eftir breyt. á skipun þessara mála, einungis út frá pólitískum sjónarmiðum. Hér í Reykjavík mun og hafa verið nokkur andúð ríkjandi í garð gildandi vinnulöggjafar af hálfu núverandi bæjarstjórnarmeirihluta. En bæjarstj. hefur starfrækt sérstaka vinnumiðlunarskrifstofu við hlið þeirrar, sem starfrækt er samkv. gildandi l. um vinnumiðlun. Ástæður þess, að bæjarstj. í Reykjavík hefur starfrækt slíka vinnumiðlunarskrifstofu, eru e. t. v. ekki einungis áhugi fyrir því, að vinnumiðlun í Reykjavíkurbæ sé sem greiðust, heldur e. t. v. og að öllum líkindum annars eðlis. Fyrir milligöngu vinnumiðlunarskrifstofu eru vitanlega ýmis skilyrði til þess að hafa áhrif á vinnumarkaðinn. Og það leikur sá grunur á, að ástæðan til þess, að Reykjavíkurbær hefur starfrækt sína vinnumiðlunarskrifstofu, sé sú, að hann óski að hafa skilyrði til slíkra áhrifa á vinnumarkaðinn hér í Rvík. Ég hygg, að í þessari deilu, sem er um skipun vinnumiðlunar á Ísafirði og Reykjavík, sé að finna ástæðu þess að þetta frv. er fram borið. Meiri hl. bæjarstjórnanna á þessum stöðum óskar eftir auknum áhrifum í þessum efnum, og hæstv. ríkisstj. hefur látið hafa sig til að hlaupa eftir þessari ósk frá tveim bæjarstjórnarmeirihlutum, þótt hún sé ekki af góðum toga spunnin. En það undarlega hefur gerzt, að frá upphafsstað málsins, Ísafirði, hafa nú komið mótmæli gegn frv., það virðist vera heldur á eftir tímanum, því að það eru víst 2 til 3 ár síðan sú samþykkt var gerð, sem frv. er byggt á, en nú hefur bæjarstjórnin á Ísafirði séð að sér og breytt um skoðun. Nú liggur hér fyrir Alþ. bréf frá bæjarstj., þar sem hún andmælir þessu frv., sem hér liggur fyrir, svo að bæjarstj. í Reykjavík virðist nú vera ein eftir um að mæla með þessari breytingu. Að ástæðunni til þess leiddi ég getur áðan. Ekki getur tilætlunin verið sú að spara fé, því að í fjárhagsáætlun Reykjavíkurbæjar fyrir næsta ár er gert ráð fyrir því að verja meira fé í þessu skyni en gert hefur verið undanfarið. Það verður þess vegna enginn heildarsparnaður af þessu, því að það litla, sem ríkissjóður ætlar að spara, það ætlar bæjarsjóður Reykjavíkur að greiða. En því má treysta, að eitthvað sérstakt sjónarmið býr á bak við, þegar Reykjavíkurbær býðst til að greiða tugi þús. króna, sem ríkissjóður hefur áður greitt. Slíkt er ábyggilega ekki gert af eintómum áhuga á bættri vinnumiðlun.

Gegn þessu frv. hafa borizt ýmiss konar mótmæli. Miðstjórn A.S.Í. hefur lýst sig andvíga því samkv. bréfi frá 26. okt., stjórn fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík einnig, sömuleiðis bæjarstjórn Ísafjarðar í bréfi frá 13. nóv., einnig bæjarráð Hafnarfjarðar og ef til vill fleiri. Ég held, að mótmæli hafi einnig borizt frá Akureyri. Því fer svo fjarri, eins og þessi mótmæli bera með sér, að frv. þetta sé borið fram eftir tilmælum kaupstaðanna. Þvert á móti hafa komið mótmæli frá meiri hl. þeirra kaupstaða, er málið snertir. Það er ekkert undarlegt, að það sæti slíkum mótmælum af hendi verkalýðsfélaganna og kaupstaðanna. Hafi verið ástæða til að tryggja vinnumiðlun í kaupstöðunum, á meðan atvinnuástandið var enn sæmilegt, þá er það ekki síður nú, er atvinnuhorfur hafa versnað, og það gegnir furðu, að hæstv. félmrh. skuli nú telja rétta tímann til að leggja til, að dregið verði úr þessari starfsemi, þegar þörf er að auka hana verulega vegna breytinga á atvinnuhorfum síðustu mánuðina.

Þá vil ég vekja athygli hv. þingdeildar á því, að Alþjóðavinnumálastofnunin, sem Ísland er aðili að, hefur látið sig skipun vinnumiðlunar í aðildarríkjunum allmiklu skipta, og það er skoðun allra þeirra, sem þekkja vel til á vinnumarkaðinum og hafa skilning á gildi þess, að hann sé vel skipulagður, að vinnumiðlun sé mjög gagnleg til að sporna við atvinnuleysi og tryggja fulla hagnýtingu á vinnuaflinu. Það er því ekki að ástæðulausu, að Alþjóðavinnumálastofnunin hefur látið sér mjög annt um fyrirkomulag vinnumiðlunar hjá aðildarríkjunum, og í því skyni hefur stofnunin staðið fyrir alþjóðasamþykkt um vinnumiðlun á þingi, sem haldið var í San Francisco 1948. Var hún samþ. með öllum atkv., en í 1. lið 1. gr. samþykktar nr. 88 um skipulagningu vinnumiðlunar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem samþykkt þessi tekur til, skal halda uppi eða tryggja það, að haldið sé uppi opinberri ókeypis vinnumiðlun.“ Og í 2. lið sömu gr. segir: „Aðalverkefni vinnumiðlunarinnar skal vera að tryggja sem bezta skipulagningu vinnumarkaðarins, en slík skipu-

lagning er ómissandi þáttur í viðleitni hverrar þjóðar til að koma á og viðhalda vinnu fyrir alla ásamt þróun og hagnýtingu framleiðslumöguleikanna. Hafa skal um þetta samvinnu við aðrar hlutaðeigandi stofnanir hins opinbera eða einstaklinga, ef nauðsynlegt þykir." — Og í 2. gr. segir: „Vinnumiðlunin skal byggð upp af kerfi af vinnumiðlunarskrifstofum, er nái um allt land og sé undir einni miðstjórn fyrir allt ríkið." Ég læt nægja að vitna í þessar tvær greinar í alþjóðasamþykktinni, en Ísland er aðili að henni. Íslendingar áttu tvo fulltrúa á þinginu í San Francisco 1948 og greiddu þeir atkv. með samþykktinni, efalaust með samþykki ríkisstj. eða félmrn. Nú mun það vera svo, að alþjóðasamþykkt mun ekki vera talin bindandi fyrir neina þjóð fyrr en búið er að samþ. hana á þjóðþingi, en í því að fulltrúar þjóðarinnar greiða atkv. með samþykktinni, hlýtur að felast skuldbinding um að taka málið fyrir á þjóðþinginu til athugunar, og ræður þingið að sjálfsögðu, hvort samþykktin verður samþ. eða henni hafnað. En það er gagnslaust að vera aðili að slíkum alþjóðasamþykktum, ef ekkert er síðan gert með slíka samþykkt í heimalandinu. Hæstv. ríkisstj. hefur litið svo á varðandi samþykkt um félagafrelsi, því að hún hefur verið staðfest hér. En þessi samþykkt hefur ekki verið lögð fyrir, og hefur því ríkisstj. skotið sér þar undan skyldu við Alþjóðavinnumálastofnunina, sem Ísland er þó aðili að. En þetta er þó ekki verst. Hitt er verra, að hæstv. ríkisstj. skuli leyfa sér að flytja frv., sem fer í þveröfuga átt við samþykkt þings Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, áður en sú samþykkt er lögð fyrir þjóðþingið til athugunar. Slíkt er að gera þátttöku í alþjóðastofnunum að hreinum skrípaleik. Fulltrúar eru sendir á þing með ærnum kostnaði, og síðan er borið fram frv. af ríkisstj., sem gengur í þveröfuga átt við samþykkt, sem fulltrúar hennar hafa greitt atkvæði með. Þetta frv. er tvímælalaust í algeru ósamræmi við ákvæði og anda þeirrar samþykktar, sem ég var að ræða um. Þar er gert ráð fyrir, að ríkið skuli halda uppi opinberri ókeypis vinnumiðlun. En samkv. þessu frv. hefur ríkið enga skyldu til að halda uppi vinnumiðlun, heldur er bæjarstjórnum í sjálfsvald sett, hvort þær geri það eða ekki, svo að verið er að gera beinar ráðstafanir til að draga úr þeirri vinnumiðlun, sem hér hefur verið haldið uppi að undanförnu. Það er því vægast sagt óeðlilegt og ósmekklegt af hæstv. ríkisstj. að bera fram þetta frv. skömmu eftir að við gerumst aðilar að slíkri alþjóðasamþykkt. Auk þess er stefna frv. óeðlileg og alþýðu manna til óþurftar eins og nú horfir. Alþýðuflokkurinn telur, að hér sé verið að stíga skref aftur á bak og er stefnu frv. gersamlega andvígur, svo andvígur, að hann sér ástæðu til að marka stefnu sína í þessum málum og skyldum félagsmálum í sérstöku frv. á þskj. 343 um atvinnustofnun ríkisins, þar sem gert er ráð fyrir, að vinnumiðlun sé aukin og að atvinnustofnunin hafi hana með höndum ásamt ýmsum skyldum efnum, svo sem leiðbeiningum um stöðuval o. fl. Alþfl. álítur, að þær breytingar hafi orðið á síðasta ári og þó einkum á síðustu mánuðum, að fyllsta ástæða sé til að auka ráðstafanir á þeim sviðum félagsmálanna, sem einkum hafa verið vanrækt, t. d. því, sem lýtur að auknum hreyfanleik vinnuaflsins, og tryggja betur hagnýting þess, ekki sízt hjá öryrkjum, gamalmennum og unglingum, en það er náskylt vinnumiðlun. Alþfl. flytur frv. sitt til að marka stefnu sína í þessum málum, svo gerólík sem hún er stefnu hæstv. ríkisstj. Hún vill leitast við að spara með þessu móti rúmlega 100 þús. kr., en með því móti á hún á hættu, að vinnuafl landsmanna verði verr nýtt en verið hefur og erfiðara að tryggja öllum atvinnu, en það er áreiðanlega meira en 100 þús. kr. virði að vinnuaflið sé skynsamlega hagnýtt og komið í veg fyrir atvinnuleysi. Af þeim ástæðum, sem ég nú hef greint, legg ég til, að frv. verði fellt.

Frsm. 2. minni hl. (Jónas Árnason): Herra forseti. Þó að við hv. 3. landsk. skilum ekki sameiginlegu nál., þá greinir okkur ekki á í skoðunum. Ég legg til, að frv. þetta verði fellt. Með frv. er gert ráð fyrir, að ríkið hætti stuðningi og að greiða kostnað við vinnumiðlun í landinu, en slíkt skuli greitt af bæjarfélögunum, ef slíkri starfsemi er á annað borð haldið uppi. En það eru engar skynsamlegar ástæður sjáanlegar fyrir þessari breytingu. Þegar atvinna var enn næg í landinu, fengu vinnumiðlunarskrifstofurnar góðan stuðning frá ríkinu, en nú eru aftur komnir þeir tímar, að atvinnuleysið ógnar verkalýðnum, og þá er lagt fram á Alþ. frv. um, að ríkið svipti þessar stofnanir þeim styrk, er þær nutu á tímum nægrar atvinnu, og lami með því móti stórlega starfsemi þeirra. Ég sé því engin rök, sem mæli með frv. þessu, og legg til, að það verði fellt.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hv. 3. landsk. hefði ekki þurft að eyða löngum tíma í að lýsa stefnu Alþfl. Hv. þm. vita, að þessi flokkur er með nefið niðri í öllu í stöðugri opinberri grautargerð, því að eftir því sem opinber afskipti af ýmsum hlutum eru meiri, því fleiri embætti og forstjórastöður fyrir þennan litla flokk. Það væri farsælla, að hinir gáfuðu forustumenn flokksins vildu sýna af sér framtak fyrir þjóð sína, og þegar það hefur verið gert, þá er ég sannfærður um, að ekki verður lengur talað um pínulitla flokkinn og kjósendur munu sjá margt gott í fari hans, en nú hverfur allt í gufunni af hinum opinbera grautarkatli, sem þeir eru alltaf að sveima í kringum. — En ég kvaddi mér hljóðs til að leiðrétta og mótmæla hinum órökstuddu dylgjum, sem hv. 3. landsk. var hér með áðan. Hann var að dylgja með, að það væri annað en að greiða fyrir vinnumiðlun, sem lægi á bak við það, að bæjarstjórn Reykjavíkur legði til, að þessi breyting væri gerð á fyrirkomulagi vinnumiðlunar, sem sé að sjálfstæðismennirnir í meiri hluta bæjarstjórnar Reykjavíkur vildu nota vinnumiðlunarskrifstofuna í pólitísku skyni, en hér kastar sá grjóti, sem í glerhúsi býr, því að Ráðningarstofa Reykjavíkurbæjar var til áður en lög voru sett um slíkar stofnanir og áður en hin ráðningarstofan var sett á stofn. Og engar rökstuddar ásakanir liggja fyrir um, að Ráðningarstofan hafi verið misnotuð í þessu skyni, en þegar flokksbræður hv. 3. landsk. fundu ástæðu til að flytja inn í Alþ. frv. um vinnumiðlunarskrifstofu, sem setja átti við hliðina á stofu þeirri, sem fyrir var, var það gert í pólitískum tilgangi þessara manna. Þegar menn koma svo hér fram eftir 15—16 ár og halda því fram, að póli-

tískur tilgangur hafi legið á bak við stofnun Ráðningarstofu Reykjavíkur, og það fulltrúar flokks með slíka forsögu, þá þykir mér skörin vera farin að færast upp í bekkinn. Hins vegar hefur oft borið á góma í bæjarstjórn Reykjavíkur að sameina þessar stofnanir, og meiri hlutinn hefur sýnt, að ekki stendur á honum í því efni, en slíkar tilraunir hafa engan árangur borið, þó að þær væru margítrekaðar. — Þá sagði hv. þm., að aukin framlög væru til vinnumiðlunar á fjárhagsáætlun Reykjavíkurbæjar, sem sýndi, að enginn sparnaður væri af þessu, og að það væri eitthvað á bak við það, ef Reykjavíkurbær ætlaði að fara að greiða það, sem ríkið hefði greitt fram að þessu. Þetta er rangt, því að það, sem ákveðið er í vinnumiðlun 1951, það er af því, að þá er ekki gert ráð fyrir, að l. komi til framkvæmda fyrr en 1. marz, en bærinn veitti á yfirstandandi ári 95 þús. kr. til Ráðningarstofunnar og 140 þús. kr. til Vinnumiðlunarskrifstofunnar, eða samtals 235 þús. kr. í þessu skyni, en það er samt skoðun forráðamanna bæjarins, að með því móti að bæta við liðlega einum manni, þá geti bærinn annazt báðar stofurnar, og þó að bætt væri 40 þús. kr. kostnaði við rekstur Ráðningarstofunnar, þá nemur rekstur hennar ekki nema 135 þús. kr., en bærinn þarf nú að leggja fram 235 þús. kr. í þessu skyni, svo að hann mundi græða 100 þús. kr. á þessari breytingu og ríkið allt sitt framlag. Og það sýnir sig, hve framkvæmdin er óeðlileg, þegar báðir aðilar græða á henni. Og það er síður en svo, að bærinn ætli að fara að greiða það, sem ríkið á að greiða, heldur getur bæjarsjóður hér sparað sér 100 þús. kr. með því móti að sjá einn um vinnumiðlunina, án þess þó að rýra hana nokkuð. Það kunna að vera nokkur atriði þessa frv., sem þurfa frekari breytinga við heldur en var frá hv. n., en ég er ekki enn reiðubúinn til að leggja þær fram, en það er þá hægt við 3. umr. En þetta vildi ég segja til leiðréttingar mishermi og ranghermi hv. 3. landsk. um forsögu og framkvæmdir í málinu og hvernig það horfir við frá sjónarhóli bæjarstjórnar Reykjavíkur eins og stendur.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það er langt frá því, að ég vilji blanda mér í umr. þeirra hv. 3. landsk. og hv. 5. þm. Reykv., en ég er svolítið eldri en hv. 5. þm. Reykv., og ég vildi segja, eins og segir í þjóðsögunni: Gjörla kenni ég þef þennan, — þegar ég sé frv. þetta og heyrði ræðu hv. 5. þm. Reykv. Þetta frv., að koma vinnumiðluninni í Reykjavík undir stjórn Sjálfstfl., er gamall draumur flokksins, og það hefur enga þýðingu fyrir hv. þm. að koma hér fram og segja, að hér sé bæði um sparnaðar- og praktiskt mál að ræða. Á tímum neyðarinnar var það svo, að Sjálfstfl. notaði sér úthlutun bæjarvinnunnar í pólitískum tilgangi. Ég veit ekki, hve mikið efling Sjálfstfl. hefur byggzt á þessu, en ég er ekki í vafa um, að stofnun fyrsta málfundafélags verkamanna stóð í sambandi við þetta. Á síðari árum hefur ekki borið eins á þessu af því, að aðstaðan til að nota sér neyð manna til pólitísks framdráttar var ekki fyrir hendi. Nú má vera, að hv. 5. þm. Reykv. eygi þá ágætu möguleika fyrir framkvæmdir hæstv. ríkisstj., að þessir dagar komi aftur. Og einmitt í von um þetta og í samráði við afturhaldsstjórnina mun þetta frv. fram borið. Ég get í rauninni látið þetta nægja handa hv. 5. þm. Reykv. Um það leyti, sem fyrst kom hér fram frv. á Alþingi um söfnun atvinnuleysisskýrslna og vinnumiðlun, mun hann hafa verið um það að sleppa bleiubuxunum á Húsavík. Ég held, að ég muni það rétt, að fyrstu lögin um þetta efni hafi verið sett 1928. (**JóhH:** Ég hef þá átt að ganga nokkuð lengi með bleiubuxurnar.) Getur verið, að ég muni aldur hv. þm. eitthvað skakkt. En á þeim tíma var það sameiginlegt álit Sjálfstfl. og Framsfl., að það væri nauðsynlegt fyrir Alþingi að vita jafnan, hvernig atvinnu manna í landinu væri háttað, og að það væri ekki sveitarstjórnarmál, heldur opinbert mál, sem miklu varðar þjóðina í heild. Af þessum ástæðum var sett löggjöf um söfnun atvinnuleysisskýrslna og sú skylda lögð á herðar sveitarstjórna að safna og vinna úr þessum skýrslum. Nú liðu 7 ár, og reynslan varð sú, að þessi söfnun var alls ekki framkvæmd. Það var enginn til að reka á eftir sveitarstjórnunum og líta eftir því, að þær ræktu sína skyldu. Af þessari ástæðu er það svo, að lög eru sett 1935 um stofnun á vinnumiðlunarskrifstofum, sem er nú falið að safna og vinna úr þessum skýrslum, og mér er kunnugt um það, að á þessum skrifstofum voru færðir nákvæmir vinnumiðlunarlistar um vinnudaga og tekjur manna. Þessar skýrslur voru mikils virði fyrir bæjarstjórnir á þeim stöðum, þar sem skrifstofunum var komið upp. Nú fór það svo, að þegar atvinnuleysi minnkaði og eftirspurn eftir vinnu var mikil, þá mun starf þessara skrifstofa ekki hafa verið rækt eins og skyldi, og það mun hafa dregizt að stofna þessar skrifstofur sums staðar. Þó liggja hér fyrir skýrslur um það, að vinnumiðlunarskrifstofum hafi verið komið á fót í 7 kaupstöðum, en það er eðlilegt, að þær hafi ekki enn verið stofnaðar í hinum nýju kaupstöðum, vegna þess að atvinnuleysi hefur enn ekki gert verulega vart við sig þar. En undireins og sverfur að, er bráðnauðsynlegt að vita á hverjum tíma um atvinnuástandið í kaupstöðunum sem annars staðar. Nú vilja menn máske segja, að þetta sé mál sveitarstjórnanna og komi ekki að nokkru leyti við málum ríkisstj. En vissulega er svo ekki, er atvinnuleysi er að verða almennt, eins og nú er. Þá er það þjóðarböl, en ekki málefni hverrar sveitarstjórnar fyrir sig. Enda eru þeir miklu fólksflutningar, sem nú eiga sér stað frá atvinnuleysisþorpunum, ekki síður vandræðamál fyrir þau sveitarfélög, sem verða að taka við þessu fólki, en þá, sem flytja. Það hefur mætur maður hér í Reykjavík kvartað yfir því, að þessir fólksflutningar gætu orðið Reykjavík mjög hættulegir. Nú lítur út fyrir, að á næstu árum muni allur þorri vinnandi manna safnast hér í þorpin og kaupstaðina við Faxaflóann. Eftir verður heima í þorpunum aðeins fólk, sem af einhverjum ástæðum getur ekki flutt burtu. Og svo alvarlegt er þetta, að ég fæ ekki séð, hvað verður um þá, sem eftir verða í þessum þorpum, t. d. á Vestfjörðum, þar sem þorpsbúar eiga alla afkomu sína undir sjósókninni. Ég þarf ekki að fara um þetta öllu fleiri orðum, því að það er svo auðséð, að þetta er ekki mál, sem við kemur sveitarstjórnunum einum saman, heldur þjóðinni allri. Og eins og hv. frsm. 1. minni hl. leiddi skýr rök að, þá er engin meining að láta sem þetta sé þjóðfélaginu óviðkomandi.

Hjá öllum menningarþjóðum erlendis, t. d. á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum, er talið sjálfsagt, að ríkið hafi slík mál með höndum, og þar er safnað vinnuskýrslum svo vel, að það liggur mánaðarlega fyrir, hve margir menn vinna í hverri atvinnugrein fyrir sig. Við Íslendingar yrðum að eins konar viðundri, ef við teldum söfnun slíkra skýrslna óviðkomandi ríkinu. Hvort sem litið er til sjávarins, sveitanna eða til iðnaðarins, þá er það nauðsynlegt fyrir ríkisvaldið að vita hverju sinni, hvernig atvinnuvegunum er háttað. Það má vera, að sumir kunni að álíta, að söfnun atvinnuleysisskýrslna og að vinna úr þeim sé ekki annað en einhvers konar skriffinnska. En það er nú öðru nær. Það getur engum dulizt, að það, að atvinnuafli sé nýtt til fullnustu, er eitt stærsta þjóðfélagsmálið, sem við eigum við að glíma. Enda hefur það farið svo, að hjá öllum hinum stærri þjóðum þykir sjálfsagt að hafa um þetta svo nákvæmar skýrslur, að sá þm. þætti eins og álfur út úr hól, sem léti sér detta í hug, að ríkisvaldið ætti ekki að hafa söfnun atvinnuleysisskýrslna á sínum vegum og vinnumiðlun og koma atvinnulífinu í gang til að frelsa þjóðina í heild undan böli atvinnuleysisins. En það undarlega skeður hér, að ekki einungis einstaka þm., heldur og meiri hl. hv. heilbr.- og félmn. styður og leggur fram þá fáránlegu till., sem komin er frá hæstv. ríkisstj. og miðar að því, að hv. Alþingi gefi yfirlýsingu um það, að atvinnuvegir þjóðarinnar séu ekki lengur þjóðmál, heldur sérmál sveitarstjórnanna. Ég veit ekki, að hvers konar viðundri þm. eru að gera meiri hl. heilbr.- og félmn. með þessu frv. En það má kannske segja um þetta, að þarna fari allt saman. Mér er sagt, að í nýútkominni handbók bænda sé skýrt frá því, hve býli séu mörg á landinu og hve margir búendur. En mér hefur einnig verið sagt, að þessar tölur í handbókinni séu hreinar ágizkanir, að enginn viti raunverulega, hve margir stundi búskap í dag. Það eru teknar um þetta skýrslur á 10 ára fresti, og sennilega tekur önnur 10 ár að vinna úr þeim skýrslum. Þetta er eins og með aðrar atvinnugreinar okkar. Enginn veit, hve margir vinna við iðnaðinn. Fiskifélagið mun safna með aflaskýrslum, hve margir menn eru á sjónum á hverri vertíð, en þær skýrslur eru ekki notaðar af stjórn landsins til vinnumiðlunar. Skýrslur okkar um það, hve margir vinni við þessa og þessa atvinnugrein, eru svo gersamlega í molum, að erlendum hagfræðingum þykir það alveg ótrúlegt og svo mikill skrælingjaháttur, að maður fer hjá sér, er það berst í tal. Ofan á þetta allt ætlar svo hæstv. ríkisstj. að slíta í sundur þær litlu tilraunir, sem gerðar hafa verið af hálfu ríkisstj. til að koma þessum málum í viðunandi horf. Jafnhliða því, að nú fer atvinnuleysi ört vaxandi í landinu og hér standa yfir einhverjir þeir stærstu fólksflutningar, sem átt hafa sér stað í landinu og eru ekki aðeins hættulegir fyrir Reykjavík, heldur fyrir allt landið, þá virðist um að gera að loka augunum fyrir því, hvað er hér að gerast. Mér kemur í hug, hvort þetta sé þáttur í því að breiða yfir allt það, sem miður fer hjá okkur. Í samræmi við það að vita ekki, hve margir bændur búa í landinu, í samræmi við að vita ekkert um skiptingu manna í iðngreinirnar, í samræmi við það að salta skýrslur Fiskifélagsins um það, hve margir eru á sjó á hverri vertíð, væri svo eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. hætti að greiða dýrtíðaruppbót á laun samkv. réttri vísitölu. Það má vera, að ríkisstj. telji það ekki hagfræði að vita, hve margir eru atvinnulausir á hverjum tíma í landinu. Menn gætu ef til vill haldið af þessu, að hæstv. ríkisstjórn hefði ekki trú á hagfræðingum. En það er nú öðru nær. Tveir hagfræðingar voru látnir undirbúa gengislækkunina fyrir hönd ríkisstj., og sá hæstv. ráðherra, sem lagði það lagafrv. fram, tók það ráð, er hann lenti í bobba í umræðunum, að segja: Ja, hagfræðingarnir segja þetta. — Og nú er mér sagt, að hæstv. ríkisstjórn, eftir að hafa fundið það ágæta jafnvægi, sem koma átti í sambandi við gengislækkunina, sé nú búin að senda eftir nýjum hagfræðingi til þess að athuga, hvort ekki megi koma í veg fyrir, að þetta jafnvægi eyðileggi þjóðarbúskapinn. Það var sagt, er gengislækkunarlögin voru afgr., að væntanlega yrði jafnvægi komið á í ágúst næstkomandi, og í samræmi við það átti að greiða uppbót á laun fram að þeim tíma. Nú hefur hæstv. fjmrh. sagt, að hann legði til, að hætt yrði að greiða dýrtíðaruppbót á laun, og er það þá í samræmi við það, að hæstv. ríkisstj. héldi, að jafnvægi hafi komizt á 8—9 mán. of snemma.

Ég sé, að fundartími er að verða búinn, og skal því ekki tefja þessa umr. frekar. Ég vildi aðeins láta koma fram þá skoðun mína, að ég tel, að þetta frv. sýni meiri þægð Framsfl. við Íhaldið en búast hefði mátt við, og að það sýni meiri afturhaldssemi og skilningsleysi á þjóðmálum en ég held, að nokkur íhaldsstjórn gæti verið þekkt fyrir að láta koma fram. Á sama tíma og jafnvel hinar minnstu þjóðir telja nauðsynlegt að safna og vinna úr öllum upplýsingum, er snerta atvinnuástandið í landinu, þá ætlar þessi hæstv. ríkisstj. að loka niður í skúffu allar slíkar upplýsingar, ef þeim verður þá nokkurn tíma safnað.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Nd., 15. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hv. þm. Ísaf. ræddi þetta mál allmikið á deildarfundi í gær. Hann virtist vera í fremur vondu skapi, og það var auðheyrt, að jólaskapið hafði enn ekki náð tökum á honum. Að vísu varð mér á að nefna einhver atriði í sambandi við stefnu Alþfl. í þessum málum, og hefur það getað farið í fíngerðar taugar hans. En það eru nokkur atriði úr ræðu þessa hv. þm., sem ég vildi drepa á og koma með leiðréttingar við. Hann vék nokkuð að því sama og hv. 3. landsk., að á bak við þá hugsun bæjarstj. Reykjavíkur að taka alla vinnumiðlun bæjarins í sínar hendur lægi það, að meiri hl. bæjarstj. vildi með því beita sínu pólitíska valdi. Ég hef áður neitað þessum ummælum og geri það ákveðið aftur. Hann sagði enn fremur, að Sjálfstfl. hefði notað tíma neyðarinnar til að úthluta bæjarvinnunni út frá pólitískum sjónarmiðum og að stofnun Óðins hefði verið af þeim toga spunnin. Um leið og ég mótmæli þessu eindregið, vil ég ýta ögn við minni hv. þm. og vekja athygli hans á því, að það félag var stofnað af allt öðrum ástæðum. Ástæðan fyrir stofnun þess var fyrst og fremst sú, að þá ríkti það ástand í verkalýðsmálunum, að sömu lög giltu

fyrir fagsamtökin og hin pólitísku, þ. e. fyrir Alþýðusambandið og Alþfl., og Alþfl. notaði verkalýðssamtökin sér til framdráttar. Samkv. þeim lögum voru þeir menn, sem ekki voru í Alþfl., óhlutgengir í Alþýðusambandið. Þetta var ástæðan fyrir stofnun Óðins, til að berjast fyrir pólitísku frelsi, svo að verkamenn hefðu sama rétt innan stéttarinnar, hvaða pólitíska skoðun, sem þeir hefðu. Af þessari baráttu Sjálfstfl. fékkst svo það, að samkomulag varð á milli þáverandi stjórnarflokka, Sjálfstfl., Framsfl. og Alþýðufl., um að þessu yrði að breyta. Og það má virða Alþfl. það til lofs, að hann gekk inn á þá skoðun af frjálsum vilja, að rétt væri að skilja sundur löggjöf þessara samtaka, sem raunar voru óskyld, en höfðu átt samleið frá upphafi. Alþfl. sem öðrum var þá ljóst, að þetta ástand gæti ekki staðið lengur og að það væri þegar búið að standa of lengi. Þetta vildi ég minnast á til að leiðrétta þau ummæli, sem hv. þm. Ísaf. hafði í gær um þessa hluti, og svo til að vekja athygli á því, að það hlýtur að vera misskilningur hjá þeim hv. þm. og hv. 3. landsk., að hér geti legið til grundvallar pólitísk löngun meiri hl. bæjarstj. Reykjavíkur að breyta lögunum, svo að hún geti fengið aðstöðu til að úthluta bæjarvinnunni eftir geðþótta sínum. Ástandið í þessum málum í dag er þannig, að hér í Reykjavík eru 2 skrifstofur, vinnumiðlunarskrifstofan og ráðningarstofa Reykjavíkur, sem ráðstafar allri bæjarvinnu, svo að ef Sjálfstfl. vildi beita þessu valdi, þá hefði hann betri aðstöðu til þess nú en eftir að búið væri að breyta lögunum eins og gert er ráð fyrir í frv. Þar er gert ráð fyrir, að stjórn hverrar vinnumiðlunarskrifstofu verði skipuð 5 mönnum, og þar af á viðkomandi bæjarstjórn ekki nema 3, sem kosnir skulu með hlutfallskosningu, en hinir 2 eru fulltrúar atvinnurekenda og verkamanna, svo að meiri hl. bæjarstjórnanna á augsýnilega ekki að geta haft þar neitt alræðisvald. Ef bæjarstjórn Reykjavíkur hefði hug á að misnota ráðningarskrifstofuna, þá ætti Sjálfstfl. að vera á móti þessu frv. og kjósa það ástand áfram, sem nú er, því að nú hefur hann skrifstofu, sem hann gæti notað í þeim tilgangi, ef hann hefði löngun til. En það er vegna þess, að slíkt hefur aldrei vakað fyrir Sjálfstfl., að hann vill nú breytt og bætt skipulag á þessum málum. Enda hefur aldrei verið nein deila á milli bæjarstj. og verkalýðsfélaganna hér í Reykjavík um skipun þessara mála þau 5 ár, sem ég hef verið í bæjarstjórn. Í hæsta lagi að sósíalistar, sem enginn tekur alvarlega, hafi verið með einhverjar getsakir í þeim efnum. Aðstaða bæjarstj. til valdbeitingar á þessu sviði er því alla vega betri nú en eftir að búið er að breyta lögunum, og því hlýtur þarna að vera um misskilning að ræða hjá hv. þm. Ísaf. og 3. landsk.

Þriðja atriðið úr ræðu hv. þm. Ísaf., sem ég vildi koma ögn að, var það, að hann talaði um, að við værum eins og álfar út úr hól hvað alla statistik snertir, og minntist m. a. á því til staðfestingar, að í nýútkominni handbók bænda hefðu tölur um bændafjölda verið hrein ágizkun og að önnur lönd, svo sem hin kapítalistisku Bandaríki, hefðu svo fullkomið skipulag á þessum málum, að þau gætu séð mánaðarlega, hve margir ynnu í hverri atvinnugrein, en á sama tíma færum við svo aftan að siðunum, að leggja niður slíkar stofnanir. Um þetta fór hann mörgum fögrum orðum. En nú vildi ég spyrja hv. þm.: Hvar eru þær miklu upplýsingar, sem hefðu átt að koma frá þeim vinnumiðlunarskrifstofum, sem eru búnar að starfa í ein 16 ár? Ég hef ekki orðið var við þær, og ég held, að það fari enginn sjóður í sjóinn, þótt þetta frv. yrði samþ.

Ég gat þess áður við umr. þessa máls, að ég mundi ef til vill við 3. umr. flytja brtt. við frv. og í sambandi við 6. gr. þess. Einn tilgangur þessa frv. er, eins og komið hefur í ljós hér, sparnaður. Brtt. mín er í þá átt, að þar sem stendur í frv., að laun stjórnarmanna og starfsliðs vinnumiðlunarskrifstofunnar skuli ákveðin í reglugerð, þá verði gerð sú breyting á, að laun stjórnarmanna verði ekki ákveðin. Ég tel ekki ástæðu til að ætla stjórnarmönnum sérstök laun, því að ég býst við, að þeir muni ekki hafa miklu verkefni að sinna, og verða að líkindum menn, sem hafa fast starf. Ég vil þó ekki fella þessi ákvæði alveg niður, en hafa þau í þá átt, að laun starfsliðs skrifstofunnar skuli ákveðin með reglugerð. En verði þessi breyting gerð, þá kemur það auðvitað ekki í veg fyrir, að hægt verður að veita þeim einhverja þóknun fyrir sitt starf. En ég tel sem sagt, að störf þessara stjórna muni verða svo lítil, að ekki sé ástæða til að ætla þeim sérstök laun, og því mun ég koma fram með brtt. við 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Ég verð að segja það, að mig furðar á þeim bægslagangi, sem hér hefur orðið hjá hv. þm. Alþfl. í umr. um þetta mál. Þeir virðast álíta, að hér sé einhver voði á ferðum, ef þetta frv. nær fram að ganga. Ég held, að þeir skilji ekki þann mun, sem hér er um að ræða, sem sagt þann, að nú verða það bæjarstjórnirnar, sem sjá um og greiða allan kostnað við vinnumiðlunina, en ríkið kemur þar ekkert nálægt. Það er ósköp eðlilegt, að bæjarfélögin vilji ráða sínum málum sjálf og taka þetta starf á sínar hendur að öllu leyti, og sum þeirra hafa þegar farið fram á það. Hv. 3. landsk. vildi gera lítið úr þeim sparnaði, sem þetta frv. mundi hafa í för með sér, og sagði, að Framsfl. væri ekki með sparnaði, nema hann kæmi niður á andstæðingunum, og hann vék að ríkisútvarpinu í því sambandi og þeirri till., sem hann átti þátt í að leggja hér fram um það. Ég skal ekki bera á móti því, að í sambandi við þá stofnun kunni að vera alls konar óregla, og kemur það þá væntanlega fram við rannsókn á þeim málum. En ég fullyrði, að ástandið er ekki verra þar en víða annars staðar. Og skyldi það máske vera svo, að Alþfl. búist ekki við að eiga ýkja marga menn þar? Framsfl. beitti sér gegn þessari till. af þeim sökum, að hann vildi ganga lengra og láta fara fram víðtækari rannsókn. Og ég vona, að sú rannsókn fari fram, bæði við útvarpið og annars staðar, og að þá verði ekki hirt um pólitískar skoðanir eða hagsmuni einstakra manna. Hv. þm. gerði einnig mikið úr því, hvað þessi sparnaður næmi litlu. Jú, 100 þús. kr. séu ekki há upphæð og ríkið þurfi ekki að spara. Og ég sé raunar ekki þá hættu, sem þessi breyting hefði í för með sér, á því, að viðkomandi bæjarstjórnir misnotuðu aðstöðu sína við þessi störf og þær gætu þarna fengið einokunarvald í þessum málum. Ég held, að þær gætu það engu síður nú

en eftir að þessi breyting hefur farið fram, ef meiri hluti viðkomandi bæjarstj. hefði hug á því. Frv. kveður svo á um, að 3 menn af 5 í hverri skrifstofustjórn skuli kosnir hlutfallskosningu af viðkomandi bæjarstjórn, og raunverulegi munurinn er því aðeins sá, að áður átti atvmrh. að skipa einn en bæjarstj. tvo. En ég veit, að stjórnarandstæðingarnir hafa mikla trú á stjórninni, og því halda þeir, að slíkum málum sé betur komið hjá henni en bæjarfélögunum. Í stjórn hverrar skrifstofu á síðan að kjósa þá 2 menn, sem eftir eru, frá atvinnurekendunum og verkalýðssamtökunum á staðnum, sinn frá hvorum aðila, og ég sé ekki betur en með því verði tryggt, að öll sjónarmið, sem uppi eru, fái að njóta sín. Og ef þarna verður hætta á ferðum um misnotkun, þá verður það af slælegu eftirliti verkalýðsfélaganna, sem eiga hægt með að fylgjast með öllu, er fram fer, og ættu að geta séð til þess, að ekki verði beitt atvinnulegri skoðanakúgun.

Þá ræddi hv. 3. landsk. mikið um það, að þetta væri stórt spor aftur á bak að því er snertir alla skýrslusöfnun og vinnslu úr þeim. Ég held, að eins og frv. þetta liggur nú fyrir, þá séu í því nákvæmlega sömu ákvæðin og eru í gömlu lögunum um það, að skrifstofurnar haldi uppi skráningu og útgáfu skýrslna. Og ég hef ekki orðið var við, að mikið hafi komið frá þessum skrifstofum, og ég held, að það geti varla versnað frá því, sem hefur verið. Í sambandi við alþjóðavinnumálastofnunina, þá veit ég ekki til þess, að við séum komnir í þá stofnun, því að það hefur aldrei verið gengið frá því formlega.

Ég get ekki séð, hvers vegna hv. þm. Alþfl. eru svo mjög á móti þeim sparnaði, sem þarna er um að ræða, bæði fyrir bæjarstj. Rvíkur og ríkissjóð. Að vísu hef ég ekki orðið var við, að sá flokkur hafi borið fram till. í fjvn., sem miðað hafa að sparnaði, og hann hefur alltaf verið á móti sparnaði, nema sá sparnaður hafi verið honum til framdráttar.

Hv. þm. Ísaf. hélt langa ræðu um það, að við framsóknarmenn værum nú svínbeygðir í faðmi íhaldsins. Ég mun ekki svara honum að ráði í því efni, því að það mun verða gert af öðrum. En ég vil minna hann á, að það er ekki langt liðið frá því, er hann sjálfur var í þeim náðarfaðmi, og ég held, að hann hafi kunnað vel við sig. Ég held, að ég hafi aldrei séð kátari mann en hann, er hann komst í þann faðm. Ég held, að honum hafi mest sviðið það, er hálfbræður hans, kommúnistar, rifu hann úr faðminum, þegar þeir yfirgáfu þjóðarskútuna, er þeir sáu, að skútan var að sökkva. Nú situr ekki á honum að koma með brigzlyrði. En ég vona, að íhaldsfaðmurinn standi honum enn opinn, ef hann reyndi að gerast ábyrgur og taka þátt í þeim umbótum, sem verið er að gera, og þá er faðmurinn honum enn opinn, og hann mun verða miklu ánægðari. — Ég ætla nú ekki að þreyta menn með lengri umr. og er búinn að svara hv. frsm. 1. minni hl.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég get ekki látið þetta mál fara fram hjá án þess að segja nokkuð. Mér er dálítið kunnugt um þetta, því það snertir allan verkalýð í Reykjavík. — Líklega frá 1926 og 27 og eftir 1930—32 var n., sem úthlutaði atvinnubótavinnu. Þá var ákveðið, hvað ríkið hefði mikið til úthlutunar, og þess vegna var álitið, að þegar ríkið lagði fé fram, fengju þeir atvinnubótavinnu, sem ekki höfðu hér heimili. En um leið og n. þessi hætti störfum 1935, þótti rétt að setja vinnumiðlunarskrifstofu og lagt mikið til atvinnubótavinnu. En eitt enn, 1942 er vinnumiðlunarskrifstofan látin hafa það starf að ráða og takmarka, hvert menn fari í vinnu. Á öllum þessum tíma var það opinbert leyndarmál, að ráðningarstofa Reykjavíkurbæjar, sem var þá, hefur alveg og alltaf verið notuð í pólitískum tilgangi. Ég get vel um þetta talað, því ég varð fyrir því. Ekki hefur verið kvartað til bæjarstj., en oft kvartað og mönnum hótað. Mönnum var sagt upp vegna skoðana, en ekki spurt, hvort þeir ynnu vel eða illa. Á þeim tíma, er allir gátu fengið vinnu, þá lögðum við hart að okkur í Dagsbrún að sameina þetta í eina skrifstofu. — Það er álit verkamanna, að við starfið þar væri ekki komið við „sorteringu". Það er eingöngu vegna þess, að skrifstofan þar gerði ekki það, sem vinnumiðlunarskrifstofu er ætlað að gera. Það vantaði í starfið það, sem hv. þm. Ísaf. sagði í gær, það var notað í pólitískum tilgangi. Enda man ég vel, að þegar stór hópur manna var að vinna, voru oft einkennilegar uppsagnir, þegar fækkað var. Ekki var fækkað eftir verkfærni eða ástundun. Það er hart, þegar talað er um vinnusvik, þá er það hart fyrir verkamann, sem alltaf kemur til starfs síns og leysir verkið vel af hendi, að vera fyrst kastað út í atvinnuleysi, en aðrir lélegri verða eftir í vinnu. Það þarf ekki að fræða mig um þetta, — ég veit það vel.

En svo er komið með sparnaðartill. Mér finnst, að eftir því, sem málið liggur fyrir, og eftir því, sem komið hefur fram með álögum, sem eru lögð á verkafólk, að það sé hart að vilja fara að spara þetta nú, þegar meiri hlutinn af verkalýðnum í Reykjavík telur þetta öryggismál fyrir sig. Það er dálítið einkennilegt, svo ég segi ekki meira, að þegar nóg var atvinna, var haldið fast í ráðningarskrifstofu Reykjavíkurbæjar, en þegar atvinnuleysi er komið, dettur mönnum í hug að leggja hana niður. Þetta kemur manni dálítið einkennilega fyrir sjónir.

Ég er sannfærður um, og það er meiri hluti verkalýðsins, að þarna er ekki um sparnað að ræða. Hitt er annað mál, hvað komizt verður langt. — Ekki er það ósjaldan að menn, bæði til sjós og lands, eru látnir hafa pokann sinn, vegna þess að þeir hafa ekki verið í því andlega ástandi, sem æskilegt þótti. Ég held, að það verði aldrei til nota, að mennirnir fái ekki að njóta vinnunnar eftir verkhæfni. Það getur verið gróði í bili, en aldrei til lengdar. — Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta, því við vitum, að Dagsbrún og Alþýðusambandið hafa eindregið mótmælt þessu. — Það er ekki mikið gert með áskoranir og vilja þessa vinnandi fólks hér á Alþingi. Ég tel að málum verkalýðsins sé hvergi verr komið en hér á Alþingi.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði, getur þá verið, að honum finnist annað, en það er mín sannfæring, að verkamenn vita um þessar ofsóknir. Það er engin viðsýni, þótt hann tali um, að hv. þm. Ísaf. sé ekki í jólaskapi. Þetta er trú og sannfæring verkamanna, sem þurfa undir þetta

að sækja, og maður getur ekki séð neina aðra ástæðu en þá, sem ég nefndi. Það þýðir ekki, hvort sem lítið eða mikið er um þetta rætt. Það er búið að koma sér saman um þetta, en það er á móti verkamönnum í Reykjavík og verkalýðssamtökunum í heild.

Frsm. 1. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég ætla að svara hv. 1. þm. Rang. nokkrum orðum. Hann kvaðst ekki sjá, að nein veruleg breyting verði á skipulagi vinnumiðlunar, þótt frv. yrði samþ. Hann sér engan mun á því, hvort vinnumiðlunin er í höndum bæjarstjórna eða óháðra ríkisstofnana. Mig furðar á, að hv. þm. skuli engan mun sjá á þessu. Hann hefði getað lært ýmislegt af ræðunni, sem verkamaður flutti hér áðan. Hv. 1. þm. Rang. lítur vissulega öðruvísi á svipað mál. Harðvítug deila hefur t. d. orðið um búnaðarráð og skipun þess. Þar var deilt um skilyrði til pólitískra áhrifa, og þar skorti ekki, að hv. þm. sæi, hvílík hætta það er, að skilyrði væru til pólitískrar íhlutunar. Þá voru augu hans sjáandi, því að þar stafaði hættan frá andstæðingum hans. Hér sér þm. hins vegar engan mun. Þjónusta hans og flokksmanna hans við þau öfl, sem hér eru að verki, gengur svo langt, að þeir ganga með algerlega lokuð augun, enda hrasa þeir og detta. Rök hans eru öll á tréfótum, og þess vegna fellur hann, — og fall hans er mikið. Hv. þm. spurði, hvers vegna ég flytti till. um rannsókn á ríkisútvarpinu og hvers vegna ég tæki það eitt út úr af ríkisstofnunum, því ástandið væri sízt verra þar en annars staðar. Væri ástandið slæmt í útvarpinu, væri það jafnslæmt í öðrum ríkisstofnunum. Hann ætti að vita það, því að hann á sæti í fjvn. Ég vil benda hv. þm. á, að því fylgir skylda að eiga sæti í fjvn. Ef þetta er satt, sem hann sagði, að það ætti sér stað slík óstjórn í fleiri stofnunum, hvernig getur hann þá leyft sér að skýra frá óstjórninni og sukkinu í ríkisstofnunum, án þess að koma með till. til bóta, till. um að „hreinsa til"? Ástæðan til till. minnar um útvarpið var sú, að ég taldi varið of litlu fé til dagskrárinnar. Var óverjandi, að þar skorti fé, fyrst hægt var að sanna, að stjórnarkostnaður væri óhóflegur. Við Alþfl.menn erum reiðubúnir að styðja aðrar ráðstafanir til sparnaðar. Hv. þm. hefur aðstöðu til að láta til sín taka á þessu sviði, ef hann vill. En hann heldur verndarhendi yfir óstjórninni og sukkinu, þótt hann tæpi á því hér, að um slíkt sé að ræða. — Hv. þm. gerir mikið úr sparnaði frv., sem muni nema um 105 þús. kr., og gleymir að nefna aukin útgjöld úr bæjarsjóði. Það er þó að kasta krónunni, en spara eyrinn, ef dregið er úr vinnumiðlun í landinu. Það kostar margfalt meira en þessar 100 þús. kr. Ef ríkissjóð vantar 100 þús. kr., skal ég benda á ótal möguleika til að spara þessar 100 þús. kr. Má nefna fjölda stofnana, sem hægt er að spara við, t. d. Búnaðarfél. Málsvari Alþfl. gerði þetta að umtalsefni í fjárlagaumræðunum. Hjá Búnaðarfélaginu væri hægt að spara mörg hundruð þús. kr. — En þá langaði hv. þm. Rang. ekkert til að spara.

Hv. þm. sagði, að Ísland væri enn ekki í alþjóðavinnumálastofnuninni. Þetta er rangt. Ísland er þar fullgildur aðili. Hv. þm. mun hafa átt við það, að samþykktin, sem ég gat um, hafi ekki verið staðfest af Íslandi. En fulltrúar Íslands hafa greitt atkv. með henni og það á að leggja hana fram til staðfestingar. Alþingi hefur ekki fengið tækifæri til að segja já eða nei, því að það hefur ekki verið spurt. Í staðinn ber ríkisstj. fram frv. þvert ofan í samþykkt alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Að lokum vil ég vekja athygli á hinum sérkennilegu kjarnyrðum í niðurlagi ræðu hv. 1. þm. Rang. Hann bauð Alþfl. upp á ástaratlot Sjálfstfl. Það er óvenjulegt, að drós bjóði upp á atlot annarrar drósar, en svo langt eru stjórnarflokkarnir nú leiddir. Framsfl. hefur sótt fast eftir vinfengi við Alþfl. Hann er nú hættur því og býður þá upp á faðm Sjálfstfl. í staðinn. En það verður ekki þegið heldur. Það er í sjálfu sér sómi fyrir Alþfl., að fyrst skuli Framsfl. ganga á eftir honum með grasið í skónum, og vilja síðan koma honum í vinfengi við Sjálfstfl., þegar hann hefur fengið hryggbrot. Allt er þetta mjög óvenjulegt og virðist bera vott um það, að samlífið í ríkisstj. sé með undarlegum hætti og öðrum en menn eiga að venjast. En engin von er til, að slík bónorð beri nokkurn árangur. Gengislækkunin hefur spillt mannorði þessara flokka meira en svo, að Alþfl. vilji eiga við þá nokkur skipti.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég vil svara hv. 5. þm. Reykv. nokkrum orðum. Hann komst þannig að orði, að ég hefði sagt hér á fundinum í gær, að Sjálfstfl. notaði tíma neyðarinnar til að úthluta bæjarvinnunni. Ég sagði þetta ekki. Ég sagði, að það væri álitið, og það var staðfest af kunnugum manni í ræðu rétt áðan, að Sjálfstfl. notaði tíma neyðarinnar til þess að úthluta bæjarvinnunni sér til pólitísks framdráttar. Ég mundi vilja biðja hv. 5. þm. Reykv. að skilja ekki þetta síðasta eftir, þegar hann fer að svara mér um þetta mál. Nú er það svo, að við vitum allir, utan þings og innan, að þetta er gamalt pólitískt mál Sjálfstfl., að reyna að ná vinnuúthlutun til atvinnulausra manna sem mest í hendur bæjarstjórnarmeirihlutans í Reykjavík, — og í hvaða tilgangi er það gert? Er það gert til þess að vera alveg viss um, að vinnunni sé rétt úthlutað, að henni sé úthlutað til þeirra, sem mesta þörf hafa fyrir vinnu? Trúir bæjarstjórnarmeirihlutinn ekki fulltrúum verkamanna eins vel til að gera þetta og sjálfum sér? Ég held, að þessar ástæður séu svo augljósar, að það þurfi ekki að rekja þær frekar. Það er ákveðinn tilgangur með þessu, eins og hv. 6. þm. Reykv. lýsti hér svo átakanlega áðan eftir margra áratuga dvöl hér í Reykjavík, og bæjarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík hefur nú loks fengið Framsfl. til þess að gera þessa breyt. Af því að hv. 1. þm. Rang. var rétt áðan að tala um það, hve kært hefði verið með mér og Sjálfstfl. meðan ég sat í ríkisstj. með ráðh. Sjálfstfl., þá vildi ég segja honum, að það var mjög af hálfu Sjálfstfl., meðan þessi stjórnarsamvinna var, sótt fast eftir að fá slíka breyt., sem nú er fram borin og Framsfl. beitir sér fyrir. En þrátt fyrir þá miklu kærleika, sem voru milli mín og Sjálfstfl., þá var aldrei léð máls á að framkvæma slíkt óþurftarverk gegn verkalýðnum í Reykjavík.

Hv. 5. þm. Reykv. minntist nokkuð á ástæðurnar fyrir því, að málfundafélagið Óðinn var stofn-

að á sínum tíma, og hv. þm. hélt því fram, að málfundafélagið Óðinn hefði verið stofnað vegna þess að Alþýðusambandið hefði verið pólitískt. Nú er það svo, að því hefur oft verið haldið fram af andstæðingum Alþfl., að Alþfl. hafi notað verkalýðshreyfinguna og stofnað hana sér til pólitísks framdráttar. Fyrir þá, sem kynnu að trúa þessu, er rétt að geta þess, að þegar Alþýðusambandið fyrst var stofnað, þá var það pólitískt, en það var verkalýðsfélagið í Reykjavík, sem stofnaði Alþfl., en ekki Alþfl., sem stofnaði til Alþýðusambandsins. Þetta vildi ég biðja hv. 5. þm. Reykv. að leggja sér á minni, svo hann fari ekki með staðreyndir, sem stangast allar við þann sögulega veruleika. Verkalýðsfélögin töldu, að þau gætu ekki komið málum sínum fram fyrir tilstuðlan þeirra pólitísku flokka, sem þá störfuðu í landinu, og stofnuðu þess vegna Alþfl., en Alþfl. ekki verkalýðsfélögin. — Hitt er svo kunnugt, að verkalýðsfélagið Óðinn var á sínum tíma stofnað fyrir áhrif, sem mjög gengu þá yfir álfuna, svokallaðar „vinnufylkingar", sem var alþekkt frá nazistum í Þýzkalandi. En hafi á sínum tíma verið eðlilegt, að Óðinn starfaði, af því að verkalýðsfélögin hafi verið pólitísk, þá var líka eðlilegt, að Óðinn væri lagður niður um leið og Alþýðusambandinu var breytt og það tilheyrði ekki neinum stjórnmálaflokki. Sjálfstfl. hefur hins vegar kosið, einn allra flokka, að halda uppi pólitískri starfsemi og pólitískum félagsskap innan verkalýðshreyfingarinnar, og Alþfl. hefur ekki minni kröfu að gera til Sjálfstfl., um að hann leggi niður þennan pólitíska félagsskap innan verkalýðsfélaganna, heldur en Sjálfstfl. hafði á sínum tíma til þess að krefjast þess, að Alþýðusambandið yrði óháð pólitískum flokkum. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 42. *fundi í Nd., s. d.*, var *enn fram haldið* 2. umr. um frv.

Finnur Jónsson [frh.]: Í svari mínu til hv. 5. þm. Reykv. benti ég á, að hvað sem menn segðu, þá hefði átt sér stað pólitískur félagsskapur innan verkalýðsfélaganna, en óeðlilegt væri að halda slíkum félagsskap áfram, eftir að búið væri að gera þá breyt., sem gerð hefur verið á Alþýðusambandi Íslands. Vitanlega er Óðinn innan verkalýðsfélaganna. Þetta hefur verið deild verkamanna í Dagsbrún, og hvað sem hver segir, þá er það félag stofnað til að eftirlíkja vinnufylkingu þá, sem Hitler á sínum tíma setti í gang í Þýzkalandi. Ég er ekki að segja, að félagið hafi síðan starfað í þeim anda, en af íhaldsmönnum þeim, sem stofnuðu þetta félag, var það tilætlunin.

Hv. þm. var að tala um, að það hefði ekki hafzt mikið upp úr vinnumiðlunarskrifstofunni. Mér er kunnugt um starfsemi einnar slíkrar skrifstofu, og hún var þannig, að þessi skrifstofa gat gefið bæjarstj. upp eða verkalýðsfélaginu, hvað margir menn væru atvinnulausir og hvaða tekjur verkamenn hefðu haft, það sem af var árinu. Þetta var gert upp mánaðarlega og starfi skrifstofunnar hagað samkvæmt reglugerð, sem gefin hafði verið út af ríkisstj. Hitt er svo annað mál, að hagstofan hefur á undanförnum árum verið langt á eftir tímanum með svona skýrslur, þannig að sá hagfróðleikur, sem menn í öðrum löndum telja sér nauðsynlegt að fá á hverjum tíma, hefur venjulega ekki legið fyrir nema á margra ára fresti og þá sem eins konar sögulegur fróðleikur. Nú er búið að gera þá breyt. á hagstofunni, að hún er búin að fá fullkomnar og góðar vinnuvélar og mun því geta unnið úr slíkum skýrslum á þeim tíma, sem talinn væri hæfilegur án ýkjamikils tilkostnaðar. En þegar búið er að gera hagstofunni kleift að vinna úr þeim skýrslum, sem hver menningarþjóð telur sér nauðsynlegt að fá um sitt atvinnuástand, þá telja stjórnarfl. sér sæma að flytja frv. á Alþingi um að kippa grundvellinum undan því, að slíkum skýrslum sé safnað.

Ég fór nokkrum orðum um það í gær, hversu nauðsynlegt aðrar þjóðir teldu sér að hafa glöggar vinnuskýrslur og vinna úr þeim, bæði vegna verkalýðsins og þjóðfélagsins í heild, en það er vitanlegt, að það er ekkert vit í því eða réttlæti að láta vanta menn í eina atvinnugrein í þjóðfélaginu, en hafa of marga í annarri, svo að ekki sé safnað skýrslum, sem eru undirstaða undir því, að hægt sé að hafa áhrif á, að vinnuafli sé hagnýtt á þann hátt, sem þjóðfélaginu og verkalýðnum er fyrir beztu. Mér þykir leitt að geta ekki sannfært hv. 1. þm. Rang. um þetta, en ég er vonlaus um að geta það, því að hann skilur hvorki upp né niður í þessum málum. Þær ræður, sem hv. þm. hefur hér flutt, hafa borið vott um, að hann vill ekki, eins og hann er þó greindur og skilningsgóður, hleypa hér neinum skilningi að. Hann er búinn að taka að sér að verja vondan og óréttmætan málstað á Alþingi. Og þá finnst honum eins og gömlum og góðum glímumanni, að sjálfsagt sé að reyna að standa, hvernig sem hann þarf að bolast til þess.

Hv. 1. þm. Rang. var að blanda ríkisútvarpinu inn í þetta mál. Og það vill nú svo til, að sú till., sem alþýðuflokksmenn fluttu um útvarpið, var ekki um að rannsaka ríkisútvarpið og fjármál þess, heldur um nefndarskipun til þess að athuga, hvort ekki væri hægt að fá meira fé til dagskrár útvarpsins. Í allshn. kemur einn ágætur þm. með till. um að bæta við till., að n. athugi um leið, hvort ekki sé hægt að koma þar við almennum sparnaði. Nú hefur hv. 1. þm. Rang. verið að dylgja um það, að þetta hefði verið flutt af alþýðuflokksmönnum vegna þess, að þarna séu ekki margir alþýðuflokksmenn í stofnuninni. En till. um athugun á þeim almenna sparnaði var ekki flutt af alþýðuflokksmönnum, heldur einum ágætum flokksmanni hv. frsm., hv. 1. þm. Árn. Hann lét þess getið, að hann, sem í mörg ár hefur verið endurskoðandi ríkisreikninganna, teldi rétt að láta þessa athugun fylgja till., sem alþýðuflokksmenn hafa borið fram. Ummæli hv. 1. þm. Rang. um það, að alþýðuflokksmenn hafi eitthvað sérstaklega verið að bekkjast til við útvarpið með sinni till., af því að þar séu svo fáir alþýðuflokksmenn, eru því algerlega ósæmileg og hitta fyrst og fremst hans eigin flokksmann, hv. 1. þm. Árn., ef þau hitta nokkurn mann, en ég vil ekki segja, að þau geri það, vegna þess að ég veit ekki annað en hv. 1. þm. Árn. hafi flutt þessa till. um sérstaka athugun á fjárstjórn útvarpsins algerlega áreitnislaust gagnvart nokkrum manni eða stjórnmálaflokki. Og sízt mundi hann sjálfur átt að hafa þann hugsunarhátt, sem hann ekki hefur, en hv. 1. þm. Rang. vill eigna okkur alþýðuflokksmönnum, og enn síður ætti

hann að vilja bekkjast til við þessa stofnun, ríkisútvarpið, því að þaðan er mér sagt, að hafi komið einn maður á flokksþing Framsfl., eftir að hann hafi verið lengi villtur á villigötum kommúnista.

Sami ógeðslegi hugsunarhátturinn kom fram hjá honum, þegar hann var að drótta því að okkur alþýðuflokksmönnum, að við mundum vilja halda við ríkisstyrktri vinnumiðlunarskrifstofu, af því að við ættum svo marga menn þar í vinnu. Ég vil segja honum það, að þær 100 þús. kr., sem veittar eru til vinnumiðlunar frá ríkinu, eru ekki feitur biti handa mörgum mönnum, a. m. k. mundi hvorki ég né hv. 1. þm. Rang. fitna af þessu, ef allar vinnumiðlunarskrifstofurnar skiptu þessu milli okkar. En hv. þm. er með þessar ógeðslegu dylgjur í sambandi við þetta mál, sem er hvorki beina- né bitlingamál, heldur stórt þjóðfélagsmál, sem færi betur, að hv. 1. þm. Rang. vildi einhvern tíma skilja. Hér er ekki um það að ræða, að einhverjir menn á vinnumiðlunarskrifstofu verði atvinnulausir, heldur hvort ríkið á að hafa afskipti af þessu máli og sjá um, að hægt sé að fá glöggt yfirlit um atvinnuástandið á hverjum tíma. — Ég hefði gjarnan viljað óska, að hæstv. forsrh., sem er vanur að vera hér mjög þaulsætinn, gæti verið hér viðstaddur, en hann virðist nú horfinn úr d. Ég hefði viljað, að hann væri hér, meðan við ræðum þetta mikilsverða mál, sem kostar ríkissjóð lítið fé, en getur kostað verkalýðinn og þjóðfélagið stórfé.

Ég fer að láta máli mínu lokið, en fyrst hæstv. forsrh. er kominn í sæti sitt, vil ég láta í ljós undrun mína og hryggð yfir því, að hann skuli hafa gerzt til að flytja þetta frv. hér inn í þingið. Ég vil ítreka þau tilmæli, sem fram hafa komið frá Alþfl. áður, að taka þetta mál til nýrrar athugunar, láta þessa starfsemi nú ekki niður falla, heldur safna fullkomnum atvinnuskýrslum um alla atvinnuhætti landsmanna, eins og gert er hjá öðrum menningarþjóðum. Hagstofan með þeim möguleikum, sem hún hefur til að vinna úr þessum skýrslum, vinnur úr þeim á svo traustan hátt, að það geti komið að gagni fyrir ríkisstj. og aðra, sem vilja athuga um atvinnuástandið í þjóðfélaginu.

Hv. 1. þm. Rang. var að bjóða mér skiprúm á stjórnarskútunni, að mér skildist, með þeirri ágætu skipshöfn, sem þar væri nú til að halda landinu á floti. Þetta var ákaflega vel boðið, eins og hv. þm. var von og vísa. En ég verð að harma það, að ég get ekki tekið þátt í þessari siglingu. Og ástæðan er sú, að mér virðist hæstv. stj. ekki fara þannig að, að hún hagi sér þannig, að hún sé að halda ríkisskútunni á floti. Mér virðist þvert á móti, að sigling stjórnarskútunnar minni helzt á eina alþekkta ferð mótorskipsins Leó til Snæfellsnesshafna. Hún var á þá lund, að eigandinn lét bora göt á skipið. Mér virðist þjóðarskútan vera orðin lek og á hana sé að koma æ meiri slagsíða, án þess að reynt sé að bæta úr, og mér virðist, eins og öllu er stýrt nú, að allt hljóti að fara í kaf innan skamms. Ég get því ekki tekið því ágæta boði hv. 1. þm. Rang. að taka þátt í slíkri siglingu.

Forseti (SB): Mér hefur borizt frá hv. 5. þm. Reykv. brtt. við 6. gr. frv. um, að orðin „stjórnarmanna og“ í síðustu málsgr. falli niður. Hefur hv. þm. lýst þessari brtt. sinni. Hún er of seint fram komin og þar að auki skrifleg. Þarf tvöföld afbrigði til þess að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 469) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Ég hef af ýmsum ástæðum, sérstaklega af því, að ég hef verið bundinn við umr. í Ed. öðru hverju, minna getað verið við þessar umr. en ég hafði ætlað að vera, og mun ég því ekki mjög blanda mér inn í þær umr., sem orðið hafa um málið. En mér hefur virzt, þegar ég hef komið að umr., að þær hafi fjallað ekki nema að nokkru leyti um það frv., sem hér liggur fyrir, heldur væru þær hálfgerðar eldhúsdagsumr., sem nú er búið að losa okkur við fram yfir áramót. Ég vil ekki blanda mér inn í það atriði. Ég vil hins vegar segja örfá orð um málið sjálft. Það var að vísu gert við 1. umr., og þarf því ekki að segja mikið um það nú.

Því er mjög á lofti haldið, að þetta frv. sé mikil fjörráð við verkalýðinn. En það er nú orðin nokkuð löng reynsla af þessum vinnumiðlunarskrifstofum. Og reynslan er sú, þegar frá er tekinn einn staður, höfuðstaðurinn sjálfur, þá hefur gagnið af þessari löggjöf orðið afskaplega lítið. Og mér finnst þetta eðlilegt. Ég skil ekki, að á þeim stöðum, þar sem eru 2—3 þús. manns, þurfi sérstaka vinnumiðlunarskrifstofu til þess að fylgjast með atvinnuástandinu, það sé nokkuð annað, sem þurfi að gera til þess að atvinnulífið sé þar með eðlilegum hætti, eftir því sem möguleikar leyfa. Þetta er hlutur, sem bæjarstj. og starfsnefndir bæjanna geta auðveldlega gert, enda er það svo, að það mun hvergi nema í Reykjavík vera það, sem kalla mætti skrifstofu, sem annast þetta starf, heldur fer framlag ríkisins til bæjarstjórnanna, og þær sjá um þetta, og er þetta fé þá nánast styrkur til þeirra til að leysa þetta starf af hendi. En í Reykjavík er þetta svo, að þar hafa verið starfandi tvær skrifstofur, sem er alger ofrausn, enda ástæðulaust að láta svo vera, ef það er þá ekki einu sinni sæmileg samvinna milli þessara stofnana, sem ég skal ekki segja um, ég þekki það ekki, en hitt er vitað, að það er alltaf einhver togstreita hér í höfuðstaðnum um þessa starfsemi og ekki það samband á milli, sem vera ætti. Út frá þessu sjónarmiði er þetta frv. flutt — og eingöngu þessu.

Ég skal viðurkenna það, sem ég held, að hv. þm. Ísaf. hafi sagt, að það er ekki hægt að gera mjög mikið úr sparnaðinum við þessa breyt. Hér er aðeins um 100 þús. kr. að ræða, og það er upphæð, sem veltir ekki miklu. En það er þetta skipulagsleysi sem mér finnst ástæða til að breyta. (**FJ:** Væri þá ekki réttara að lagfæra skipulagið heldur en afnema það?) Ég kem að því síðar.

Það kom fram hjá andmælendum þessa máls, að með þessu ætti að hafa í frammi einhverja atvinnukúgun. Þeir, sem slíku halda fram, verða að gera það upp við sig, hvort það muni vera mikil hætta á því, þó að aðeins ein vinnumiðlunarskrifstofa sé starfandi á hverjum stað. Það ætti þá helzt að vera það, að bæjarstjórnarmeirihl. hér, sem er ekki mjög stór, beitti einhverri slíkri kúgun í þessu efni, en ég verð að segja, að ég hef ekki

mikla trú á slíku, allra sízt þegar litið er á það skipulag, sem gert er ráð fyrir í 6. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að stjórn vinnumiðlunarskrifstofunnar sé skipuð fimm mönnum, þrír skuli kosnir hlutfallskosningu af bæjarstjórn, og hefur minni hl. þá ávallt möguleika á því að koma þar að einum manni, því að ég get ekki ímyndað mér, að alþýðuflokksmenn séu hræddir um, að þeir tapi svo fylgi, að þeir geti ekki komið þar að einum manni með hlutfallskosningu. Þeir eiga því að geta verið öruggir hvað það snertir. Auk þess eiga að vera tveir aðrir menn í stjórn vinnumiðlunarskrifstofunnar, annar tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands eða fulltrúaráði verkalýðsfélaganna innan Alþýðusambands Íslands, en hinn af félagi atvinnurekenda á staðnum. Ég álít, að gegnum þessa stjórn hljóti að vera hægt að hafa þau ítök frá öllum aðilum, að allur grunur um misbeitingu ætti að vera úr sögunni.

Það hefur komið fram skrifl. brtt. um, að stjórnin sé ólaunuð. Ég álít það út af fyrir sig ekki stórt atriði og mun að svo stöddu ekki segja neitt um það, en ég legg áherzlu á, að þessi skipan verði höfð á um stjórn stofnunarinnar, eins og ráðgert er í 6. gr. frv. Er það með það fyrir augum, að á þann hátt geti öll sjónarmið komið fram frá hálfu verkalýðssamtakanna og fulltrúa þeirra og atvinnurekenda hins vegar og bæjarstj. sjálfrar, sem rekur skrifstofuna og kostar hana og hefur meiri hl. í stj. Annað tel ég ekki sæmilegt og tel það eitt meginatriði þessa máls. Þá eru ákvæði um það í 8. gr. frv., að hægt sé að koma á meiri vinnumiðlun og jafnvel nokkurs konar kerfi úti um land, þegar rn. telur þörf fyrir og nauðsyn ber til að gera slíka hluti. Mér virðist því mjög sæmilega séð fyrir þessu í frv., eins og það er. Ég á því dálítið erfitt með að skilja það ofstæki, sem hefur gripið suma menn, sem hafa talað um þetta mál eins og einhverja sérstaka árás á verkalýðinn og fjandskap gegn honum. Mér virðist það svo fjarstætt sem nokkuð getur verið. Hér er aðeins verið að koma heppilegra skipulagi á mál, sem hefur verið í ólestri og enginn hefur neitað að væri með þessum tveimur skrifstofum í Reykjavík, sem ekkert samband hafa sín á milli. Það er skipulag eða skipulagsleysi, sem einhvern veginn verður að bæta úr, það er ég viss um, að hv. 3. landsk. þm. viðurkennir frekar en flestir aðrir. Hann hefur nú ásamt flokksbræðrum sínum hér í deildinni borið fram sérstakt frv., sem koma á í staðinn fyrir vinnumiðlunina. Það er að vísu virðingarvert að reyna að gera tilraun til þess að koma einhverju skipulagi á þessi mál, og skal ég athuga við umr. þess, hvað gott er í því, en mér sýnist við fljóta yfirferð á því, að það geri ráð fyrir nokkuð stórri stofnun. Annars skal ég ekki fjölyrða um þetta frv. að svo komnu máli.

Ég ætla nú að snúa mér að hv. 3. landsk. viðvíkjandi einu atriði, sem hann ræddi hér um í sinni ræðu og lagði mikið upp úr. Hann vildi halda því fram, að það væri óheimilt að gera þessa breytingu vegna samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Hann viðurkennir að vísu, að við séum ekki bundnir þessari samþykkt, vegna þess að Alþingi hefur ekki samþ. hana, en heldur því hins vegar fram, að ráðh. hafi vanrækt að leggja hana fyrir þingið og gert sig að því leyti til brotlega við þessa stofnun. — Þetta er hin mesta firra. Hún hefur einmitt verið lögð hér fram á Alþingi, og vænti ég þess, að hv. þm. hafi fengið þingskjalið eins og aðrir þingmenn. Ríkisstjórninni er aðeins skylt að tilkynna hv. þingmönnum samþykktir stofnunarinnar, og hvaða þm. sem er getur svo borið það fram, en ríkisstj. er engan veginn skyldug til þess. En hefði ríkisstj. hins vegar vanrækt að tilkynna þessa samþykkt, þá mætti segja, að hún hefði gerzt brotleg, en mér er kunnugt um, að þessu er einmitt svona háttað í flestum löndum. Skylda ríkisstj. nær til þess eins að leggja þetta fyrir Alþingi, til þess að hver þingmanna sem vill geti sett það fram í frv.formi. — Ég vildi aðeins leiðrétta þetta, vegna þess að hv. þm. gerði mikið úr þessu atriði.

Hv. þm. Ísaf., sem reyndar er ekki við hér sem stendur, talaði um það, að ríkisstj. væri að bora fleiri og fleiri göt á þjóðarskútuna. En mér er óhætt að fullyrða, að ef mörg göt hafa verið boruð á þjóðarskútuna í tíð þessarar stjórnar, þá voru þau ekki færri, þegar hv. þm. og hans flokksmenn stóðu við stýrið, — en mér finnst annars bezt að ræða þetta mál með rökum, en ekki sleggjudómum út í loftið.

Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. að þessu sinni. Það er sýnilegt, að það siglir engan hraðbyr hér í deildinni og að það verður ekki að lögum fyrir þinghlé, en ég get ekki tekið ráðleggingu hv. þm. Ísaf. þess efnis, að íhuga málið vandlega aftur og taka svo frv. aftur. Ég hef lýst því áliti mínu, hvers vegna þetta eigi fram að ganga, og umr. hafa ekki breytt skoðun minni.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það virðist enginn þeirra þremenninganna, sem helzt hafa haldið hér uppi andúð gegn þessu frv., vera viðstaddur, og verð ég því að láta skeika að sköpuðu um það, hvort þeir heyra mál mitt eða ekki.

Hv. 6. þm. Reykv. (SG), sem gegnir því starfi jafnframt að vera form. í stærsta verkamannafélagi landsins, sem sé verkamannafélaginu Dagsbrún, hélt áðan ræðu um þetta mál og kom þó lítið nálægt meginefni málsins. Aðaluppistaðan í ræðu hans var árás á eina stofnun Reykjavíkurbæjar, ráðningarstofuna. Hann fullyrti að hún væri pólitískt misnotuð af meiri hl. bæjarstj. og að fjöldi verkamanna hefði orðið fyrir uppsögn atvinnu án tillits til verkhæfni, heldur aðeins af pólitískum ástæðum, og sagðist hann tala hér af þekkingu, bæði sem form. Dagsbrúnar og einnig af því að hafa sjálfur orðið fyrir pólitískum ofsóknum af hálfu ráðningarstofunnar.

Út af þessum fullyrðingum hv. 6. þm. Reykv. hef ég leitað mér upplýsinga hjá ráðningastofunni að því er hann sjálfan snertir persónulega. Að þeim fengnum kemur í ljós, að hann hefur aldrei, hvorki fyrr né síðar, leitað til ráðningastofu Reykjavíkurbæjar um vinnu í þau 17 ár, sem hún hefur starfað, og að hún hefur aldrei komið nálægt hans atvinnumálum, hvorki að því er snertir ráðningu eða uppsögn. Það er því enginn fótur fyrir fullyrðingum hans um að hafa orðið fyrir barðinu á þeirri stofnun vegna pólitískra skoðana. Hins vegar hef ég fengið upplýsingar um það, að þegar haldið var uppi atvinnubótavinnu af bænum, mun bæjarverkfræðingur hafa ráðið þennan

mann sem flokksstjóra eða verkstjóra, en hversu lengi, veit ég ekki. En við þær athuganir, sem ég lét fara fram, hefur það eitt komið í ljós, sem bendir til þess, að fullyrðingar hans séu staðlausir stafir með öllu.

Ég verð líka að segja það, að ef eitthvað væri til í því, sem hann hélt fram, hefði mátt búast við, að einhvern tíma hefði komið hljóð úr horni um þessi mál í bæjarstj. Ég hef setið í bæjarstj. í 12 ár og hef aldrei heyrt, að ráðningastofan beitti verkamenn pólitískum ofsóknum, og allir, sem ég hef spurt, hafa aldrei heyrt á þetta minnzt, fyrr en hann ber þessi ósannindi fram í þingsölunum.

Að því er snertir þau ummæli hv. 6. þm. Reykv., að ráðningaskrifstofan væri pólitískt verkfæri Sjálfstfl. og að það væri undantekningarlaust álit verkamanna, að hún beitti verkamenn hlutdrægni, sem væru í andstöðu við Sjálfstfl., þá virðist mér, að á þessu ári hefðu a. m. k. einhvern tíma átt að koma fram umkvartanir um slíkt til bæjarstj., bæjarráðs eða borgarstjóra. Mér vitanlega hafa slíkar umkvartanir aldrei komið fram, og hefði minni hl. bæjarstj. getað borið fram kvörtun yfir, ef það væri rétt, að það væri undantekningarlaust álit verkamanna, að hér sé um pólitíska hlutdrægni að ræða. — En það er annað, sem mér virðist koma hér fram. Hv. 6. þm. Reykv. hefur í 8 ár verið form. Dagsbrúnar, stærsta verkamannafélags landsins, og ef um svona svívirðilega vinnuúthlutun er að ræða hjá bænum, hefði hann fyrr átt að láta þetta mál til sín taka sem fulltrúi og trúnaðarmaður þessara samtaka. Hann hefur aldrei komið til bæjarstj., bæjarráðs eða mín út af umkvörtunum yfir, að menn hans í Dagsbrún væru beittir pólitísku misrétti af ráðningastofunni. Hann hefur komið að máli við mig út af öðru máli. Þegar rekstur stærsta verkstæðis bæjarins, áhaldahúss bæjarins, var endurskipulagður, kom í ljós, að hægt væri að spara þar mikið mannafl með því að fækka þar um 12 menn. Þá kom hv. 6. þm. Reykv. til mín og fór fram á að halda öllu í sama horfinu, þótt sannazt hefði, að unnt væri að koma sparnaði við í þessum rekstri. Mér finnast það ákaflega furðuleg vinnubrögð af þessum hv. þm., sem er þm. Reykv., að beina ekki umkvörtunum sínum til réttra aðila, þ. e. bæjarstj., en að koma hér inn á Alþ. með árásir á bæjarstj. Reykjavíkur, sem að því er hann snertir er hægt að sanna, að er fleipur eitt.

Hins vegar koma þessar ásakanir og gagnrýni frá manni, sem styður þann stjórnmálaflokk, sem á þá ósk heitasta að koma á hér á landi alræði eins flokks og vill afnema allt skoðanafrelsi og málfrelsi, en vegna þeirra ummæla, sem hann lét hér falla, taldi ég nauðsynlegt að svara hans tilefnislausu árásum, og mun ég nú fara örfáum orðum um frv. sjálft.

Hv. 3. landsk. þm. (GÞG) og hv. þm. Ísaf. (FJ) telja, að með þessu frv. sé verið að stíga stórt skref aftur á bak í félagsmálum; hér sé um enga sparnaðarviðleitni að ræða og tilgangurinn með því sé að gefa bæjarstj. yfirráð yfir vinnumarkaðnum. Við skulum athuga, hvernig þessu er varið í Reykjavík. Hér starfar ráðningastofan, sem heyrir undir bæjarstj. og er kostuð af henni. Önnur stofnun starfar hér á sama sviði, sem haldið er uppi vegna lagaboðs, vinnumiðlunarskrifstofan í Reykjavík, og hefur hún sáralítið verkefni, en kostar helmingi meira en ráðningastofa Reykjavíkurbæjar. Hvað vinnst með samþykkt þessa frv.? Hér verður þá starfandi aðeins ein vinnumiðlunarskrifstofa. Í fyrsta lagi sparast með því stórfé, bæði fyrir bæjarsjóð og ríkissjóð, þannig að gera má ráð fyrir, að með þessari sameiningu muni kostnaðurinn verða helmingi minni en nú er fyrir báða þessa aðila. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að starf þessarar einu stofnunar verði miklu ábyrgðarríkara. Það er mjög óheppilegt að hafa 2 stofnanir á sama stað, sem hafa með höndum sama verkefni, og það er allra dómur, að verkefnin vinnist miklu betur með því að hafa eina stofnun heldur en tvær. Í stað þessara tveggja skrifstofa mundi sem sé koma ein, og eftir frv. yrði hún ekki eingöngu undir bæjarstj. Reykjavíkur, eins og nú er, heldur er gert ráð fyrir, að stj. hennar skuli skipuð 5 mönnum, 3 skulu kjörnir af bæjarstj. með hlutfallskosningu, einn tilnefndur af verkalýðsfélagi og einn af félagi atvinnurekenda.

Munurinn á þessari skrifstofu eins og hún er fyrirhuguð í frv. og vinnumiðlunarskrifstofunni, sem nú starfar, er sá, að í yfirstj. hennar kýs bæjarstj. þrjá menn í stað tveggja, og kemur þriðji maðurinn í stað fulltrúa ráðh. Hér er um það að ræða, að í fyrsta lagi sparast með þessu fé fyrir ríkissjóð og bæjarsjóð, í öðru lagi kemst á betra skipulag og heppilegri vinnubrögð og í þriðja lagi fær bæjarstj. Reykjavíkur með hlutfallskosningu kjörna þrjá menn í stj. í stað tveggja áður; bæjarstj. ræður m. ö. o. meiru en áður, sem eðlilegt er, þar sem hún ber kostnaðinn, og er því furðulegt, að þm. Reykv. berjist á móti því, að Reykjavík fær meiri völd en áður í þessum efnum.

En mesta rökvilla hv. 6. þm. Reykv. er sú, að eftir að hann er búinn að lýsa yfir, að ráðningastofa Reykjavíkurbæjar sé ekkert annað en pólitískt verkfæri, þá vill hann, að þetta frv. verði drepið, þótt það geri ráð fyrir, að í stj. vinnumiðlunarskrifstofunnar eigi sæti fulltrúi verkamanna, og vill hann drepa málið til þess að það ástand, sem hann lýsti, haldi áfram.

Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, því að rökin gegn því eru svo gersamlega haldlaus. — Að vísu mætti segja, að eðlilegt væri, að ríkissjóður legði fram fé til þessara mála, en ég get vel fallizt á það, að bæjarsjóður standi fyrst og fremst undir kostnaðinum og sérstaklega með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengizt hefur þann hálfan annan áratug, sem þessi starfsemi hefur hér verið rekin, að heppilegast er að fara þá leið, sem hér er lagt til, því að afskipti ríkisvaldsins af þessum málum hafa aðeins orðið til að gera vinnuskipulagið erfiðara og kostnaðinn meiri fyrir ríkissjóð og bæjarsjóðina.

Ég tel ekki þörf á að svara ýmsum þeim einstöku atriðum, sem hér hafa komið fram og hafa verið mjög utan við málið. — Hv. þm. Ísaf. vitnaði í síðustu ræðu sinni í þann góða mann, hv. 6. þm. Reykv., og vildi strika undir hans ummæli. Þeim hefur nú verið svarað og hv. þm. Ísaf. að því leyti einnig. Hann réðst hér á félag sjálfstæðra verkamanna, Óðin, og krafðist þess, að það yrði lagt niður. Það er öllum vitanlegt, að það félag er fyrst og fremst stofnað til að auka lýðræðið innan verkamannasamtakanna, og það kemur því nokkuð

úr undarlegri átt, þegar hv. þm. Ísaf., sem hefur verið mikill áhrifamaður í sínum flokki, telur Óðin hafa verið stofnaðan með atferli nazistanna sem fyrirmynd. Það hefur verið vitnað í einræðisbrölt í verkalýðshreyfingunni hér á landi, sem svipar til þess, þegar Alþfl. reyndi að svipta þá menn réttindum, sem vildu ekki skrifa undir yfirlýsingar hans, og það var fyrst og fremst gegn slíku ofbeldi, sem sjálfstæðisverkamenn stofnuðu sinn félagsskap. En þegar hv. þm. Ísaf. heimtar, að félag sjálfstæðisverkamanna sé lagt niður, þá er ég hræddur um, að afnám þess félags mundi koma illa niður á hans flokki, Alþfl., því að ég veit ekki betur en að áhrif Alþfl. í verkalýðssamtökunum byggist á því, að sjálfstæðir verkamenn hafa bundizt samtökum við Alþfl. til að hrinda áhrifum kommúnista. Hv. þm. Ísaf. ætti því að tala varlega um að heimta, að þessi félagsskapur verði lagður niður, því að slíkt mundi kannske fyrst lenda á Alþfl. sjálfum.

Ég tel ekki þörf á að ræða þetta mál frekar, því að það hefur verið skýrt bæði af hæstv. forsrh., hv. 5. þm. Reykv., frsm. n., hv. 1. þm. Rang., auk þess sem ég tók fram við 1. umr. málsins.

Frsm. meiri hl. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. frá því, sem orðið er. — Mér hefur verið núið því um nasir, að ég sé ekki kunnugur þessum málum, en ég hef töluvert lært af að hlusta á þær umr., sem hér hafa farið fram. Ég er satt að segja mjög undrandi á málflutningi andmælenda þessa frv., sérstaklega því, hve rök þeirra stangast á. Allt þeirra tal byggist á því, að þeir telja þessa breyt. á vinnulöggjöfinni spor aftur á bak. Maður skyldi þá ætla, að sú löggjöf, sem staðið hefur um þessi mál undanfarin 16 ár, hafi reynzt vel. En hvað skeður? Allur þeirra málflutningur gengur út á að lýsa, hvað sú löggjöf hafi reynzt illa, hve starf ráðningarskrifstofunnar hafi verið mislukkað og alls konar misbeitingar hafi átt sér stað þar. Maður skyldi þá ætla, að þeir yrðu fegnir því, að þessi skrifstofa sé lögð niður. Breyting sú, sem frumvarpið fer fram á, er einmitt í því fólgin, að skrifstofa þessi sé lögð niður og önnur skrifstofa sett í staðinn, þar sem verkalýðsfélögin fái fulltrúa í stjórn. Ég held, að þessi breyting verði að teljast til bóta, eftir þeim lýsingum, sem andmælendur þessa frv. sjálfir hafa gefið. Ég hef hér í minni fyrri ræðu lýst því, í hverju þessar breytingar eru fólgnar, og skal ekki endurtaka það, enda er það orðið ljóst af þeim umr., sem hér hafa farið fram, en ég þarf að víkja örfáum orðum að ræðu hv. 3. landsk. Hann beindi því mjög að mér, að ég hefði vanrækt þingmannsskyldu mína, einkum vegna þess, að ég hefði aldrei komið með till. til sparnaðar. Ég man nú ekki eftir till., sem hv. þm. hefur komið með í þá átt, ég held, að þær hafi nú heldur gengið í þá átt að auka útgjöld ríkissjóðs en hitt, svo mér finnst það sitja illa á honum að lá öðrum að hafa ekki komið með sparnaðartill. Það er líka hans skylda að koma með till. í þá átt. Ég hef þó sýnt viðleitni til þessa svo að segja á hverju þingi. Enn fremur sagði hv. þm., að ég sem meðlimur í fjvn. hafi ekki gert neitt í þá átt að draga úr óráðsíu og sukki ríkissjóðs. Hvað er nú hæft í þessu? Fyrir ekki alllöngu kom öll fjvn. fram með till. um athugun á rekstri ríkisins. Samkv. henni átti að rannsaka, hvort ekki væri unnt að draga úr kostnaði ríkissjóðs og komast af með færra fólk í þjónustu ríkisins. Þessi till. var samþ. á Alþingi, og þá voru í ríkisstjórn fulltrúar flokks hv. 3. landsk. og hafa verið þangað til fyrir rúmu ári, en samt var þetta aldrei gert, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til þess að koma því til vegar. Auk þess hef ég oft borið fram hér á Alþingi till. til sparnaðar, bæði einn og með öðrum, en mér er óhætt að segja, að hv. 3. landsk. hefur alltaf verið á móti, eða ekki man ég betur. Það er fyrst nú, þegar hans menn eru hættir að vera ráðherrar, að fer að brydda á því hjá honum, að eitthvað þurfi að gera í þessu máli. — Ríkisstj. er nú að athuga starfrækslu ríkisins og reyna að koma á sparnaði á ýmsum sviðum. Þetta er mjög erfitt og vandasamt verk, og ég býst við, að hv. 3. landsk. muni tala þó nokkur orð á Alþingi, áður en þær breyt. í sparnaðarátt, sem fyrirhugaðar eru, komast á. Nei, það situr ekki á honum né fulltrúum hans flokks að bera mönnum á brýn, að þeir hafi ekki komið með sparnaðartill., því þeim er hann og hans flokkur alltaf á móti. — Ég skal ekki lengja þessar umr. frekar, en ég undrast rök þessara manna, hvernig þau stangast á.

Það, sem verið er að gera, er að draga úr gjöldum ríkis og bæja og koma á betri skipan í þessum málum. Ég undrast, að þessir menn skuli ekki vilja neina breyt. í þá átt. Þeir telja sér skylt að vera á móti ríkisstj. og öllum hennar till., hvort sem þær eru góðar eða illar; það er nokkurs konar flokkssamþykkt. — Hv. 5. þm. Reykv. hefur komið hér fram með brtt., en ég vildi óska, að hún væri látin bíða til 3. umr.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls átti ég orðaskipti við hæstv. forsrh. og einnig við hv. 7. þm. Reykv. Ég tel ekki sérstaka ástæðu til þess að skipta mér af þeim umr., sem fram hafa farið í deildinni, enda þau rök flutt af fulltrúum míns flokks, hv. 3. landsk. og hv. þm. Ísaf., sem fullnægjandi eru. Ég tel þó rétt að segja nokkur orð um þetta mál. Þó hæstv. fors- og félmrh. sé fjarstaddur, vafalaust önnum kafinn við önnur mikilvægari störf, þá vil ég víkja örfáum orðum að þeirri stuttu ræðu, sem hann hélt hér fyrir kaffihlé, einkum fyrir þær sakir, að mér fannst hæstv. ráðh. hafa merkilega fátækleg rök að flytja til stuðnings þessu máli, miklu fátæklegri en ég gæti búizt við af honum og þeim kynnum, sem ég hef haft af málflutningi hans. Rök hans voru eiginlega þau, að löggjöfin um vinnumiðlun hefði verið mjög lítið notuð til þessa og þörf væri endurbóta, þess vegna væri till. fram komin. Ég skal að vísu játa, að þessi löggjöf um vinnumiðlun, sem sett var 1935, hefur ekki verið notuð eins mikið og búast mætti við, en þær ástæður eru til þess, að á undanförnum 10 árum hefur ástandið verið þannig, að ekki hefur verið hörgull á vinnu fyrir verkamenn, þar sem meiri eftirspurn hefur verið en framboð á vinnuafli; af því leiðir, að vinnumiðlunarskrifstofan hefur verið minna notuð en ella. En nú er útlitið þannig, að búast má við umskiptum í þessu efni, og víða er þegar kominn í ljós skortur á vinnu, og þá kemur aukið og nýtt verkefni fyrir vinnumiðlunarskrif-

stofu til að fullnægja hlutverki sínu. Ég held því, að þessi rök hæstv. ráðh. séu lítilsvirði, sérstaklega þegar þess er gætt, að frv. er þannig vaxið, að búast má við, að dregið verði úr vinnumiðlun eftir að löggjöfin er komin á, og muni því heldur auka vandkvæðin en hitt. Mér finnast rök hæstv. forsrh. mun veikari en mætti búast við af honum og undirstrika það, að hann hafi hvorki vilja né sannfæringu til að stuðla að framgangi þessa máls, enda þótt hann af einhverjum ástæðum hafi gerzt hvatamaður að flutningi þess.

Þeir, sem hafa kynnt sér ályktanir þings alþjóðavinnumiðlunarsambandsins, sem það gerði fyrir 2 árum, geta ekki dregið í efa, að þær samþykktir, sem það gerði, ganga í öfuga átt við það, sem þetta frv. gerir. Í upphafi þessarar umr. færði hv. 3. landsk. fyrir þessu fullgreinileg rök, enda má það augljóst vera, þar sem allir hv. alþm. hafa átt þess kost að kynna sér samþykktir þess og vafalaust allir gert það, þar sem þeim var útbýtt hér á hv. Alþingi sem þskj. Nú er það að vísu svo, eins og tekið hefur verið fram, að þessar ályktanir alþjóðavinnumiðlunarþingsins hafa ekki verið fullgiltar af Alþingi og hæstv. ríkisstj. ekki séð ástæðu til að fara fram á slíka fullgildingu, en ég hafði haldið, að það væri af þeirri ástæðu, að þegar voru í gildi l. á Íslandi um þessi efni og þess vegna ekki brýn ástæða til fullgildingar samþykktanna. Mér er kunnugt, af svolítilli nasasjón af störfum alþjóðavinnumiðlunarsambandsins, að sá háttur er víða hafður á, að þátttökuríki fullgilda samþykktir þess á þingi, en þar sem til eru l. í aðalatriðum í samræmi við þessar ályktanir, er auðvitað ekki knýjandi ástæða til fullgildingar. Ég leit svo á, er hæstv. ríkisstj. lét leggja þessar samþykktir fyrir Alþingi sem þskj., að hún teldi gildandi löggjöf í höfuðatriðum í samræmi við þessar samþykktir, og þyrfti því ekki löggildingar við. En svo skeður það, að ríkisstj. flytur frv., sem er í beinni andstöðu við samþykktir þessar, eða a. m. k. stórt spor aftur á bak. Þegar þess er gætt, að við áttum fulltrúa á þessu þingi, er galt samþykktum þess jáyrði sitt, þá er það vafalaust siðferðislega rangt fyrir þátttökuríki í alþjóðavinnumiðlunarsambandinu að leggja fram frv., sem gengur í öfuga átt við þær samþykktir. Ég tel, að það sé a. m. k. siðferðislega rangt af hálfu ríkisstj., eftir að við erum aðilar að samþykktum alþjóðavinnumiðlunarsambandsins, að setja slíka löggjöf.

Ég þarf ekki að minna á þau atriði, sem þeir köstuðu á milli sín, hv. þm. Ísaf. og hæstv. forsrh., um það að bora gat á þjóðarskútuna, en vil ekki inn á þau fara. Hins vegar get ég ekki neitað því, að mér virðist ríkisstj. vera að bora göt á félagsmálalöggjöf landsins með flutningi þessa frv. og öðrum slíkum, t. d. um breyt. á l. um almannatryggingar virðist mér hún vera með ráðnum hug að bora göt á félagsmálakerfið í heild. Út af þeim umr., sem orðið hafa út af rekstri ráðningarskrifstofu Reykjavíkur og starfsemi málfundafél. Óðins, þá verð ég að undrast þau ummæli varðandi Óðin, að það félag hafi verið stofnað vegna þess að skipulagi alþýðusamtakanna hafi þurft að breyta með skipulagsbundnum samtökum svo kallaðra sjálfstæðisverkamanna. Ef það hefur verið verkefni félagsins, þá er því fullnægt fyrir 10 árum og starfsemi Óðins af þeim sökum ónauðsynleg. Hitt er annað mál, að starfsemi Óðins brýtur síður en svo í bága við íslenzk lög um myndun slíkra félaga. Hins vegar hlýtur menn að greina á um nytsemi þessa félagsskapar fyrir íslenzka alþýðuhreyfingu.

Í sambandi við það, sem hv. 7. þm. Reykv. var að tala um einræðisbrölt Alþfl. í sambandi við skipulag alþýðuhreyfingarinnar, þá má geta þess, að það var með líkum hætti hér og í upphafi annars staðar. T. d. var skipulagið í Svíþjóð eins fyrstu 10 árin, en var þá breytt, vegna þess að það þótti ekki hentugt lengur. Sama hefur þróunin orðið á Íslandi. Við, sem þekkjum sögu íslenzkrar alþýðuhreyfingar, vitum, að í fyrstu tíðkaðist það, að í verkalýðsfélögunum væru eingöngu menn, sem aðhylltust jafnaðarstefnuna, hinir héldu sig utan við þau, og þegar Alþfl. var stofnaður, mynduðu þau kjarna hans. Svo gerðist það æðilöngu síðar, að það var tekið upp í samninga, að þeir menn, sem væru í verkalýðsfélögum, ættu forgangsrétt til vinnu, og þá streymdu menn, sem ekki aðhylltust jafnaðarstefnuna, inn í verkalýðsfélögin. Þangað til mátti segja, að setja mætti ekvalmerki milli verkalýðsfélaganna og Alþfl. Þetta skipulag var síður en svo óeðlilegt, og enn þann dag í dag eru til verkalýðsfélög í Svíþjóð og Bretlandi, sem eru í verkamannaflokknum. Einstakir félagsmenn þurfa ekki að ganga í flokkinn frekar en þeir sjálfir vilja, en félögin sem slík eru í flokknum. Þannig helzt þetta skipulag enn þann dag í dag í þessum löndum, og það þarf síður en svo að ásaka Alþfl. fyrir nokkurt einræðisbrölt í þessum efnum, heldur stafar þetta af þróuninni í verkalýðsmálum og stjórnmálum á Íslandi á þeim tíma.

Ég skal ekkert segja um, hvaða hlutverki verkalýðsfélag sjálfstæðismanna á að gegna, fyrst það var ekki lagt niður fyrir 10 árum, eftir unninn sigur, en ég fæ ekki betur séð en það verði svo að vera eftir stjórnskipulagslögum, að það haldist, — annað mál er hitt, hve starfsemi þess er heppileg fyrir íslenzka alþýðuhreyfingu.

Hv. 7. þm. Reykv. sagði, að vinnumiðlunarskrifstofan hafi haft lítið hlutverk, og miðað við afköst og mannahald nokkuð dýr. Sannleikurinn er, að hún hefur alltaf haft nokkurt verkefni, en ráða má af líkum, að það verkefni er ekki nærri eins mikið og ætla mætti, þar sem Rvík hefur sérstaka ráðningarskrifstofu. Með þessu frv. er gert ráð fyrir, að hægt sé að spara ríkissjóði 100 þús. kr., en það getur orðið of dýr sparnaður. Mér skilst, að í fjárhagsáætlun Reykjavíkurbæjar sé gert ráð fyrir 100 þús. kr. hækkun til þessara mála, svo þetta verður síður en svo sparnaður fyrir Reykjavík og miðað við málefni lítill og nánasarlegur sparnaður fyrir ríkissjóð. . . . . .

. . . . . En úr því varð ekki, að því er ég hygg vegna þess, að sjálfstæðismönnum hafi ekki líkað, að stjórn vinnumiðlunarskrifstofunnar væri með þeim hætti, sem núgildandi löggjöf gerir ráð fyrir. Þó að ég fylgdi því á sínum tíma, að það yrði með þessum hætti, væri ég reiðubúinn að ræða um breytta löggjöf í þessu efni, ef það gæti orðið til þess, að aðeins yrði ein vinnumiðlunarskrifstofa í Rvík og haldið yrði þeim vísi að vinnumiðlunarlöggjöf, sem áður var, en ekki dregið úr henni, eins og gert er með frv. hæstv. ríkisstj. Þau rök voru færð fyrir því, að félmrn. skipaði einn mann, sem væri formaður, og vinnumiðlunarskrifstofan

legði fram ⅓ kostnaðar við skrifstofuna. Má segja, að þetta væri á fullum rökum byggt, en því miður hefur þessum tveimur ráðningarskrifstofum verið haldið uppi hér í Rvík um langan tíma, eða í 15 ár. Þó að gerðar hafi verið hvað eftir annað tilraunir til að sameina þetta, hefur aldrei náðst um það samkomulag. Ég lýsti því oft yfir við ráðamenn Reykjavíkurbæjar, að ég væri því samþykkur að reyna að ná samkomulagi um að sameina þessar skrifstofur í eitt, en varðandi það um ráðningaskrifstofu Reykjavíkur, að menn hafi óttazt, að hún hafi til þessa verið rekin með kannske nokkuð pólitískum blæ, þá skortir mig skilyrði til þess að dæma um það, því að ég þekki ekki rekstur skrifstofunnar, en eitt er víst, og það er það, að það er rétt hjá hv. 6. þm. Reykv. (SG), — og erum við þar á sama máli, þó að okkur greini annars oft á, — að verulegur hluti af reykvískum verkalýð telur það verr farið, ef hér á að koma til sögunnar eins konar framhald af ráðningarskrifstofu Reykjavíkur, þótt það yrði að vísu eftir sérstakri löggjöf, sem hér yrði sett. Ég held mér sé óhætt að segja, að við höfum báðir orðið þess varir meðal verkamanna, að þeir eru hræddir við þessa skipulagsbreytingu hér í Rvík. Hvort þessi ótti er rökstuddur, veit ég ekki, en hann er til staðar.

Frsm. meiri hl. n., hv. 1. þm. Rang., sagði í síðustu ræðu sinni, að ef hann hefði ekki verið viss um málstaðinn, sem hann tók að sér að flytja hér sem frsm. meiri hl., þá hefði hann orðið sterkari í trúnni eftir að hafa heyrt ræður andstæðinga málsins, og þau rök færði hann fram til styrktar sinni auknu trú, að því hefði verið lýst yfir, að vinnumiðlunarlöggjöfin hefði reynzt illa, vegna þess að í skjóli hennar hefðu starfað aðrar skrifstofur. Þetta er náttúrlega mjög fjarri lagi; ráðningarskrifstofa Rvíkur hefur ekki starfað í skjóli vinnumiðlunarlöggjafarinnar, heldur þvert á móti. Þrátt fyrir þessa löggjöf mundi enginn geta bannað Reykjavíkurbæ að reka sína skrifstofu á sama hátt og verið hefur, þannig að það er fjarri öllu lagi, að í skjóli vinnumiðlunarlöggjafarinnar hafi þróazt þessi tvöfeldni, ef svo má segja, í vinnumiðlunarskrifstofu höfuðstaðar landsins. Og þetta voru eiginlega einu rökin, sem hv. 1. þm. Rang. hafði fram að flytja fyrir málstað sínum. Ég man eftir þeim tíma, þegar við stóðum saman hér á Alþ., hv. 1. þm. Rang. og ég, í harðri andstöðu við frv., sem flutt var af hæstv. aðalforseta þessarar d., hv. þm. N-Ísf., um að breyta vinnumiðlunarlöggjöfinni í dálítið svipaða átt og hér er farið fram á. Við stóðum þar hlið við hlið í andstöðu við frv. Nú hafa orðið á þessu umskipti, — ekki hvað snertir Alþfl., heldur hvað snertir Framsfl. Þeir hafa valið sér nýja samstarfsmenn í þessu máli, en Alþfl. hefur nákvæmlega sömu afstöðu til málsins og áður hefur verið. Hvort hv. Framsfl. hefur í samræðum við Sjálfstfl. öðlazt einhvern nýjan sannleika í þessu máli, get ég ekki sagt um, en staðreynd er það, að Alþfl. hefur ekki skipt um skoðun, en það hefur Framsfl. aftur á móti gert.

Ég held, að í sjálfu sér þurfi ég ekki að hafa þessi orð mín fleiri. En með tilvísun til þess, sem fram hefur komið í ræðu hv. 3. landsk. og hv. þm. Ísaf., og með tilliti til þeirra orða, sem ég sagði við 1. umr. þessa máls, og með tilliti til þess, sem ég nú hef sagt, vil ég að lokum geta þess, að það eru fjórar höfuðstaðreyndir, sem gera það að verkum, að ég og mínir flokksbræður munum ákveðið greiða atkv. gegn frv. Það er í fyrsta lagi vegna þess, að það er dregið úr frumkvæði ríkisvaldsins og aðstoð þess við vinnumiðlun í landinu. Það er frá okkar sjónarmiði tvímælalaust spor aftur á bak í þessari grein félagsmálalöggjafarinnar íslenzku, að dregið er úr frumkvæði ríkisvaldsins og aðstoð við vinnumiðlun í landinu. — Í öðru lagi er það hlægilegt yfirklór að tala um sparnað, enda mun það ekki valda því, að þetta frv. er fram borið. Þetta verður að minnsta kosti ekki sparnaður fyrir bæjarfélögin, en hæstv. forsrh. lýsti yfir því í sambandi við almannatryggingafrv., að hagur bæjarfélaganna væri þannig, að þau ættu örðugt með að standa undir greiðslum til almannatrygginganna, hvað þá að bæta því við að greiða meiri rekstrarkostnað í sambandi við vinnumiðlun. — Í þriðja lagi brýtur það í bága við siðferðislega skyldu, er hvílir á Íslendingum sökum aðildar þeirra að alþjóðavinnumálastofnuninni. Ég veit ekkert, hvernig næsti fulltrúi íslenzku ríkisstj. færi að því að skýra það á alþjóðaþingi vinnumálasambandsins, hvernig á því hefði staðið, að Ísland hefði, í stað þess að endurbæta og auka sína vinnumálalöggjöf í samræmi við samþykktir alþjóðaþingsins, dregið úr henni og brotið í bága við alþjóðasamþykktir, sem gerðar voru fyrir tveimur árum, meðal annars fyrir fulltingi fulltrúa Íslands. — Í fjórða lagi má geta þess, að þessi löggjöf, ef sett verður, væri sett í hreinni andstöðu við verkalýðssamtökin. Allsherjarþing íslenzku verkalýðssamtakanna hefur lýst andstöðu sinni gegn þessari skipulagsbreytingu. Auk þess er hættulegt fyrir hvaða ríkisstj. sem er að setja löggjöf, sem er í beinni andstöðu við skipulagsbundin verkalýðssamtök í landinu. En það er einn þátturinn í samstarfi hæstv. ríkisstj. að virða að vettugi íslenzk verkalýðssamtök. Það getur gengið að vissu marki, en það er ekki hyggilegt, og það mun seinna koma á daginn, að það hefnir sín.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi beina til hv. 7. þm. Reykv., borgarstjórans í Reykjavík. — Ég hef aldrei leitað til ráðningarskrifstofu Reykjavíkurbæjar, en við skulum bara athuga hana. Það hefur verið borgarstjóri í Rvík á undan þessum borgarstjóra, og ég geri ráð fyrir, að starf borgarstjórans nú í þessum málum sé nákvæmlega áframhald af því, sem verið hefur. Og við skulum líta á þetta tímabil, sem ég nefndi áðan, frá 1939—40. Þá átti ég einmitt í stríði með atvinnu hér í Rvík, og það hefur ekkert breytzt, og ég er viss um, að hv. 7. þm. Reykv. veit það alveg tvímælalaust, að þetta er sama stefna og var þá. Ég, sem hef lifað þá tíma, óska ekki eftir, að verkamenn lifi upp þann atvinnuleysistíma, með því fyrirkomulagi, sem þá var, þó að ég sé hræddur um, að nú sé heldur farið að síga á þá hlið.

Það er auðséð á öllu, enda kemur það dálítið greinilega fram í brtt. hv. 5. þm. Reykv., sem hann ber hér fram, að í raun og veru virðist eiga að færa nafn vinnumiðlunarskrifstofunnar yfir á ráðningarskrifstofu Reykjavíkurbæjar, þannig að vinnumiðlunarskrifstofa Rvíkur heiti bara vinnumiðlunarskrifstofa, og þessi nýja stofnun verði í

rauninni ekkert annað en framhald af ráðningarskrifstofu Reykjavíkurbæjar. Það er nefnilega gefið til kynna, að það sé yfirstjórn Reykjavíkurbæjar, sem eigi að ráða hér, og þó að það væri ekkert annað en þetta, mega hv. þm. vita, að af þessu mundi leiða ákaflega mikla tortryggni verkamanna hér í Rvík. Það verður að teljast mjög óréttlátt að ætla að bera þannig fyrir borð hagsmuni þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, að þeir fái ekki að hafa hér hönd í bagga, og ég er viss um, að engin verkalýðsfélög hér í Rvík mundu fást til þess að mæla með þessu. Og þó að hæstv. Alþ. sjái sér ekki fært að taka tillit til þess, en það verða verkamenn svo oft að sætta sig við, þá hlýtur að koma að því, að verkamenn, sem vinna að þessum störfum, verða að hafa einhverja íhlutun um það, hvernig þeim verður ráðstafað.

Hv. 7. þm. Reykv., borgarstjórinn í Rvík, sagði, að það væru staðleysu stafir, að um atvinnukúgun væri að ræða. Það er ég alveg viss um, að hv. þm. segir móti betri vitund, því að reynslan sýnir það ljóslega, að menn hafa verið reknir úr vinnu aðeins fyrir sínar pólitísku skoðanir. Sé farið í gegnum sögu verkalýðshreyfingarinnar, kemur í ljós, að allir þeir, sem hafa barizt fyrir þessum frjálsu réttindum fólksins, hafa verið meira og minna útilokaðir af atvinnurekendavaldinu. Sú hefur verið saga verkalýðshreyfingarinnar, og ég er viss um, að enginn hv. þm. getur borið á móti þessu. Þetta er ekki eingöngu hér, því að þetta hefur ætíð verið svo um allan heim, ef undirokaðir menn hafa verið að reyna að ná rétti sínum, að þá hafa valdhafarnir alltaf útilokað þá menn, sem hafa haft forustuna fyrir því, og þetta er einmitt það, sem við viljum, að vinnumiðlunin komi í veg fyrir, að menn séu sviptir atvinnu og lífsbjörg fyrir sínar skoðanir, fyrir það, að þeir eru að berjast fyrir rétti sínum. Og það er það, sem fólk er hrætt um, að þótt ástandið sé slæmt eins og nú er, þá versni það við þetta.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég hefði nú ekki mikið blandað mér í þessar löngu umr., ef ég hefði ekki heyrt þau rök, sem af hálfu hæstv. forsrh. og af hálfu 1. þm. Rang., frsm. n., hafa verið flutt sem aðalrök í þessu máli, en þeir töldu báðir, að meginrökin fyrir flutningi frv. væru þau, hvað þessi löggjöf hefði reynzt illa. Til stuðnings þessari fullyrðingu sinni færðu þeir fram þau rök, að í Rvík væru starfandi tvær vinnumiðlunarskrifstofur og skipulagsleysið í starfseminni gerði það að verkum, að þessu þyrfti að breyta, en hvorugur gat um það, hvernig þessi l. hefðu reynzt úti á landi eða hvort menn þar væru ánægðir með þau. Vildi ég aðeins láta þetta koma fram, áður en þessari umr. lýkur.

Það, sem hefur gerzt í Rvík, er það, að bæjarstjórn Rvíkur hefur ekki sætt sig við l., heldur hefur hún haldið uppi fyrir eigin reikning skrifstofu utan við þau, og af því hefur skapazt sá glundroði, sem talinn er vera orsök þess, að flutt er frv. um að breyta þessum l. Ef bæjarstjórn Rvíkur hefði ekki gert þetta, þá væri ein vinnumiðlunarskrifstofa starfandi hér í Rvík. Ég skal ekkert um það segja, hvers vegna Reykjavíkurbær hefur valið þennan kost. Það hafa komið hér fram ýmsar getsakir um það, og skal ég ekkert um það fullyrða, en það virðist auðséð, að þeir hefðu getað látið sér nægja að halda uppi einni vinnumiðlunarskrifstofu og málið þannig leyst. — En sem sagt, þetta var nú ekki það, sem ég aðallega vildi segja, heldur ætlaði ég að skýra frá þeirri reynslu, sem ég hef af þessum l. í Hafnarfirði, þar sem starfrækt hefur verið vinnumiðlunarskrifstofa allan tímann síðan lög þessi voru sett og til dagsins í dag og með þeim árangri, að frá bæjarráði Hafnarfjarðar hafa borizt einróma mótmæli gegn því, að þessum l. verði breytt. Þetta sýnir, að öllum aðilum, sem í bæjarstjórninni eiga sæti, hefur ekki þótt neitt við l. að athuga. — Ég vildi láta þetta koma fram, vegna þess að þetta skipulagsleysi og þessi slæma reynsla, sem á að hafa fengizt af þessum l., á bara ekki við nema í Rvík, og það á við í Rvík einvörðungu vegna þess, að bæjarstjórn Rvíkur hefur af einhverjum ókunnum ástæðum talið sig þurfa að halda uppi tveimur vinnumiðlunarskrifstofum, þar sem nóg var að hafa eina. Nú er það aftur á móti svo í Hafnarfirði og þar, sem líkt stendur á, að eini árangurinn af þessari lagasetningu yrði sá, að gjöldunum við rekstur vinnumiðlunarkerfisins yrði velt yfir á bæina í stað þess, að áður skiptu bæirnir og ríkið þessum kostnaði nokkuð á milli sín. Nú vita það allir, að fjárhagur bæja úti um land — ég skal ekki segja um Rvík — þrengist óðum hvað líður með minnkandi gjaldgetu fólksins af ýmsum orsökum, vegna þess að ríkissjóður leggur undir sig meira og meira af þeim tekjustofnum, sem bæirnir höfðu áður, sem gerir það að verkum, að útsvarsálagningin getur ekki orðið eins mikil og þörf er á til þess að rekstur bæjarfélaganna geti verið í því horfi, sem nauðsyn ber til, en rekstur bæjanna þyngist líka, ef störf, sem kostuð hafa verið af ríkinu, eru nú færð yfir á bæjarsjóðina, svo að þeir verða nú að bera byrðar, sem ríki og bæir báru áður í sameiningu. Þetta tvennt, að ríkið leggur undir sig tekjustofna bæjarfélaganna, hvern á fætur öðrum, en veltir af sér útgjöldum, eins og í þessu tilfelli, yfir á bæina, hlýtur að valda bæjarfélögunum miklum fjárhagsörðugleikum. Í Hafnarfirði t. d. yrði afleiðingin af þessari löggjöf sú, að útgjöldin af vinnumiðluninni færðust yfir á bæinn, en yrðu tekin af ríkinu. Nú geri ég ráð fyrir, að þetta yrði á annan veg hjá öðrum bæjarfélögum, sem sé á þann veg, að þau sjái sér ekki fært að halda uppi þessari nauðsynlegu starfsemi, að tekjuöflun og fé bæjanna fari í aðra starfsemi, er sé svo brýn, að þetta verði látið sitja á hakanum, og þá hlýtur þetta frv. að verka á þann hátt, að störf vinnumiðlunarskrifstofanna verði lögð niður og skrifstofunum lokað, og þess vegna verkar frv. þvert á móti því, sem hæstv. forsrh. og félmrh. var að lýsa yfir áðan, þ. e. að verið væri að færa málið í annað og betra og skipulegra horf en hér hefði verið áður með gömlu l. — Ég sé, að hæstv. ráðh. er kominn í d. Ég var að segja, að fyrsti árangurinn af þessari lagasetningu yrði sá, að sums staðar yrði þessi starfsemi lögð niður, því að bæirnir hefðu ekki efni á því að halda því uppi einir, og á öðrum stöðum yrði það á þann hátt, að þessi miklu útgjöld, sem ríkissjóð munar ekkert um, þau yrðu færð yfir á þá, sem eiga kannske erfitt með að borga þau. Mér finnst þetta ganga í öfuga átt, ef það verður til þess, að þetta starf verði alveg fellt niður. Mér sýnist, að

eina ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, sé þessi ágreiningur hér í Rvík, vegna þess að ekki hefur náðst samkomulag milli þessara vinnumiðlunarskrifstofa, sem starfandi eru í Reykjavíkurbæ. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh., hvort ekki séu önnur ráð fyrir hendi til að fá þetta lagað en að ráðast þannig að stofnunum, sem eiga í erfiðleikum og þurfa á styrk ríkisins að halda til starfsemi, sem óumdeilanlega er hin mesta þjóðarnauðsyn. Ég skal ekki rekja það nú, hver nauðsyn ber til að þessari starfsemi sé haldið uppi. En ég vil skjóta því til hæstv. ráðh., hvort ríkisstj. geti ekki hugsað sér neina aðra leið til að laga þetta deilumál, sem fyrst og fremst er bundið við Rvík, þannig að aðrir þurfi ekki að gjalda þess.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Í ræðu hv. 8. landsk. kom fram nokkur misskilningur, sem mér þykir vert að leiðrétta. Hann skýrði frá því, að í fjárhagsáætlun Rvíkur væri gert ráð fyrir því að hækka framlagið til ráðningarskrifstofu bæjarins um 100 þús. kr. og væri þannig ekki mikill sparnaður á ferðinni. En þetta er á misskilningi byggt. Áætlaðar eru í einu lagi 250 þús. kr. til vinnumiðlunarskrifstofanna beggja, og minnkar það hlutfallslega, er lög þessi taka gildi, er hér um ræðir.

Út af ræðu hv. þm. Hafnf., sem lá Rvíkurbæ á hálsi fyrir það, að hann hefði ekki viljað sætta sig við núgildandi lög um þetta efni, þá vil ég segja það, að sökin er hér ekki Rvíkur. Það var Rvík, sem fyrst bæja á landi hér kom á hjá sér vinnumiðlunarskrifstofu, og það var hann og flokksbræður hans, er síðar stóðu að því að þvinga upp á bæinn annarri skrifstofu og greiða kostnað við hana, sem varð helmingi meiri en kostnaðurinn við ráðningarskrifstofu bæjarins, enda mála sannast, að hann hefur numið hærri upphæðum en nokkur rök mæla með.

Þá vildi ég leyfa mér að segja það, út af ræðu hv. 6. þm. Reykv., að mér er það að vísu gleðiefni, að hann át ofan í sig flest það, er hann hafði áður sagt, svo sem það, að hann hefði orðið fyrir barðinu á hlutdrægni þessarar ráðningastofu. Hann er nú búinn að draga þar í land og kveðst aldrei hafa til hennar leitað. Og að því er ég kemst næst, mun hann heldur ekki hafa undan neinu að kvarta í viðskiptum sínum við bæinn. Hvernig þeim hefur verið háttað fyrir 1933, er mér ekki fullkunnugt, en mér er sagt, að þessi hv. þm. hafi oft fengið vinnu sem verkstjóri hjá bænum, en hans aðalstarf var lengi við kirkjugarðinn, og ég veit ekki annað en honum hafi jafnan verið prýðilega tekið af fyrrv. bæjarverkfræðingi, enda hefur sá maður lýst í viðtali við mig undrun sinni yfir brigzlum hv. þm.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Mér finnst nú vera hangið hér nokkuð í nöfnum. Því að þótt ég hafi ekki persónulega orðið fyrir aðkasti af hálfu ráðningaskrifstofu Rvíkurbæjar, þá verða þeir, sem standa í baráttu fyrir verkalýðinn, alltaf fyrir aðkasti, og það er jafnan sama aflið, sem verður þess valdandi, og tilviljun hvaða nafn því er gefið. Hér er um lögmál að ræða, og gegn þessu afli, sem alltaf er á móti réttindum verkalýðsins, verður barizt unz annar hvor aðilinn verður ofan á; og ég er ekki í neinum vafa um, hvor aðilinn það verður.

Frsm. 1. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mig langar til að segja fáein orð í tilefni af ræðu hv. 7. þm. Reykv., en hún mótaðist nokkuð af því, að hann heyrði ekki síðari hluta umræðnanna um þetta mál í gær. Höfuðrök hv. þm. fyrir málinu voru þau, að það væri óeðlilegt, að bæjarskrifstofurnar hefðu ekki meiri hluta í stjórn vinnumiðlunarskrifstofunnar, og enn fremur hitt, að óþarft væri, að tvær vinnumiðlunarskrifstofur væru hér í bænum. Það sem hv. þm. sagði var rökstuðningur fyrir gömlu frv. um vinnumiðlun, sem flutt var af hv. þm. N-Ísf. og náði ekki fram að ganga; en efni þessa frv. er um allt annað og meira. Efni þess er fyrst og fremst það að afnema rétt ríkisvaldsins til þess að skipa fyrir um vinnumiðlun, og er það stærsta sporið, sem stigið yrði aftur á bak með samþykkt þess. Á þetta atriði minntist hv. þm. hins vegar ekki. Við Alþfl.menn vorum andstæðingar hins fyrra frv., en vegna þessa ákvæðis erum við þó enn andstæðari þessu frv. Ég get að vissu leyti skilið, að það séu óskir bæjarstjórnanna að hafa meirihluta í stjórnum vinnumiðlunarskrifstofanna og kalla þau rök, sem að því hníga, ekki fráleit. En að afnema afskipti ríkisvaldsins af þessum málum, það er hins vegar fráleitt, og þess finnast ekki dæmi meðal nokkurra nágrannaþjóða okkar, að ríkisvaldið sé afskiptalaust um þessi mál. Ég hef leitað upplýsinga um það í félmrn., og sá háttur, sem hér á upp að taka, væri einsdæmi í nálægum löndum, og hin ríkjandi skoðun er þar alls staðar sú, að eðlilegt sé og nauðsynlegt, að ríkið hafi þarna hönd í bagga.

En í tilefni af ræðu hv. 7. þm. Reykv. og afstöðu hans vil ég leyfa mér að spyrja hann og hæstv. forsrh., hvort það væri hugsanlegt, að fallið yrði frá því að fylgja þessu frv. fast eftir, ef samkomulag gæti orðið um lausn málsins á svipuðum grundvelli og lagt var til í frv. hv. þm. N-Ísf. á sínum tíma. Það hlýtur að vísu eitthvað að hafa gerzt síðan það frv. var á döfinni, fyrst það er nú nauðsynlegt að stíga enn stærri spor aftur á bak en þar var gert ráð fyrir; en eins og kunnugt er, þá var Framsfl. á móti því og átti sinn þátt í að það var fellt. En væri nú gerð þessi breyting á lögunum, að bæjarstjórnirnar fengju meiri hluta í stjórnum skrifstofanna, þá vildi ég spyrja, hvort ekki gæti orðið sú stefnubreyting í málinu, að ákvæðið um að afnema afskipti ríkisvaldsins yrði numið burt, og málið þannig leyst í meiri friði en nú horfir.

Þá vildi ég enn fremur, að gerð yrði úrslitatilraun til þess að sameina hinar tvær stofnanir, sem starfa að vinnumiðlun í Rvík og ég játa, að er óeðlilegt að séu tvær, án þess þó að öll afskipti ríkisins yrðu felld niður. Það hafa verið gerðar tilraunir til þess, en ég tel ástæðu til að gera nú í því efni úrslitatilraun, og fresta þá meðferð þessa máls á meðan. Allar líkur eru til þess, að með samþykkt þessa frv. verði mjög dregið úr vinnumiðlun í landinu; en það er sérstaklega alvarlegt mál nú, þegar að kreppir í atvinnu- og fjárhagsmálum þjóðarinnar.

Þessu frv. hefur líka að vonum verið harkalega andmælt af verkalýðsfélögum og bæjarstjórnum

ýmissa kaupstaða, svo sem Hafnarfjarðar, Ísafjarðar, Siglufjarðar o. fl., og allt eins af hálfu Sjálfstfl.manna sem annarra í þessum bæjarstjórnum. Enn fremur hlýtur það að skipta verulegu máli, að stefna frv. er þveröfug við það, sem tíðkast í nágrannalöndum okkar, og í fullu ósamræmi við samþykktir um þessi mál, sem Íslendingar hafa staðið að á alþjóðavettvangi. Þetta eru allt svo veigamikil atriði, að ég skil ekki, hvernig unnt er að komast fram hjá þeim og taka málið til frekari athugunar.

Emil Jónsson: Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. ræddi nokkuð það, sem ég sagði um vinnumiðlunarskrifstofurnar í Reykjavík, og vildi bera af sér, að hann ætti nokkra sök á því, að þær væru tvær. Hann sagði eins og rétt er, að vinnumiðlunarskrifstofa Rvíkurbæjar hefði verið starfandi áður en hin kom til sögunnar, og honum fannst ekki eðlilegt, að bæjarstj. hefði viljað sætta sig við l. frá 1935. Þar var þó aðeins reynt að fá því framgengt, að haldið yrði uppi vinnumiðlun um allt land með sama hætti og í Rvík, og bæinn rak engin nauð til að halda uppi sinni skrifstofu í trássi við þau viðtæku lög.

Ég skal ekki lengja mál mitt, en vil leyfa mér að spyrja hæstv. forseta, hvort ekki megi fara fram á það við hv. heilbr.- og félmn., að hún athugi á milli umræðna, hvort ekki mætti fara þá leið, sem hv. 3. landsk. stakk upp á um samkomulag í þessu máli, svo að ekki þurfi að koma til þeirra afleiðinga, er ég lýsti í minni fyrri ræðu að það mundi hafa, ef frv. þetta yrði samþ. í núverandi formi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 43. fundi í Nd., 18. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:10 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 19:8 atkv.
Brtt. 270,a.—b. samþ. með 22:1 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 19:7 atkv.
7.—11. gr. samþ. með 20:9 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:9 atkv.

Á 44. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 12. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 447, 469).

Frsm. meiri hl. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Ég vil mælast til þess við forseta, að hann taki málið út af dagskrá, því að komið hefur fram brtt., sem nefndin hefur enn ekki getað tekið afstöðu til. Óska ég því, að málinu verði frestað fram yfir helgi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 15. jan., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 447, 469, 485).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 485. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Jónas Árnason): Herra forseti. Við flytjum hér á þskj. 485 brtt. við það frv., sem fyrir liggur til umr., hv. 3. landsk. þm. og ég. Hv. 3. landsk. þm. er fyrri flm. till., en sökum forfalla hans kemur í minn hlut að fylgja þessum till. úr hlaði, og til þess þarf ekki langt mál.

Efni brtt. er það, að félmrh. skal heimilt að fyrirskipa vinnumiðlun, þar sem þess þykir þörf. Skal í fjárl. ákveða framlög ríkissjóðs til vinnumiðlunar. Þau skulu þó ekki nema meiru en einum þriðja af kostnaði hverrar vinnumiðlunarskrifstofu, sem starfrækt er í samræmi við þessi lög. Allur annar kostnaður við rekstur vinnumiðlunarskrifstofanna greiðist úr hlutaðeigandi bæjarsjóðum.

Það var upphaflega von okkar flm. þessarar brtt., að n. gæti staðið óskipt að þessari málsbót, sem þarna er till. um. Við fengum ekki skilið, að nokkur gæti séð í því hættu, jafnvel á ströngustu sparnaðartímum, að haldið væri opnum dyrum fyrir það opinbera til að hlaupa undir bagga með bæjarfélögum um það að miðla verkalýðnum vinnu á tímum vaxandi atvinnuleysis. En okkur varð ekki að þessari von, því að meiri hl. n. tjáði sig andvígan till. — Nú er það von okkar, að hv. þd. beri meiri gæfu í þessu efni heldur en hv. n., sem athugaði málið, og að hv. d. því samþ. þá smábreyt., sem farið er fram á í brtt.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Þetta mál var nú rætt mikið við 1. og 2. umr. málsins, svo að það er kannske ekki mikil ástæða til að lengja þessar umr. Því að ef það er þingvilji að stíga þetta spor aftur á bak, sem stefnt er að með frv. þessu, þá verður það sjálfsagt ekki hindrað.

Ég vil lýsa yfir fyrir mitt leyti, að ég tel þær brtt., sem hér liggja fyrir frá tveimur hv. þm., nokkuð til bóta á frv., ef þær næðu samþykki, þó að þær séu ekki fullnægjandi. Á þessum tímum, þegar atvinnuleysið sýnist vera að halda mjög alvarlega innreið í landið, er ákaflega táknrænt, að til skuli vera hér afturhaldsstjórn, sem telur sér nauðsynlegt að reyna að koma í veg fyrir, að atvinnuleysisskýrslur verði birtar í landinu. Nú er það sjálfsagt ekki nema í samræmi við aðrar aðfarir þessarar hæstv. ríkisstj., að þetta sé gert. Þetta er framhald af afskiptaleysi hæstv. ríkisstj. af togaraverkfallinu á síðasta ári, afskiptaleysi, sem leiddi til þess, að landið tapaði stórfé í gjaldeyri og að stórvirkustu atvinnutækin voru látin liggja ónotuð mánuðum saman. Nú kann að vera, að einhverjir segi, að það hafi þó loksins verið farið í það að leysa þetta mál af hálfu hæstv. ríkisstj., og er það rétt. En á sama hátt og hæstv. ríkisstj. fór í það að leysa togaraverkfallið seint og um síðir, hefði hún getað tekið að sér að leysa það snemma á verkfallstímanum. Það var því miður ekki gert. En í framhaldi af þessu er nú bátaútvegurinn látinn liggja óvirkur vikum saman, og sýnist ekki, að neitt sé aðhafzt af hálfu hæstv. ríkisstj. til þess að fá þar á einhverja lausn. Alþ. skildi svo fyrir jólin, að alþm. fóru heim í jólafrí, þannig að ekkert var gert til þess að reyna að undirbúa, að vélbátaflotinn gæti farið af stað á veiðar. Og þetta er gert á þeim tímum, þegar svo vill til, að það ástand er að skapast í öðrum löndum, að

helztu nauðsynjar vélbátaflotans eru að verða alveg ófáanlegar. Veiðarfæri hækka í verði vikulega eða jafnvel oftar, og mikill hluti af þeim nauðsynjum, sem bátaútvegurinn þarf, er stríðsvarningur, sem verður erfiðara og erfiðara að fá með degi hverjum.

Mér skilst, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé í fullu samræmi við aðgerðaleysi hæstv. ríkisstj. í togaraverkfallinu og aðgerðaleysi hennar og dugleysi um það að koma vélbátaflotanum af stað. — Ég hef heyrt það sagt, að það muni hafa verið haft hér á orði, að það gerði e. t. v. ekki mikið til, þó að vélbátaflotinn lægi óhreyfður út janúarmánuð. En nú vill svo til, að hér við Faxaflóa a. m. k. eru gæftir daglega, þannig að það er sennilega ekki minna en tugir millj. kr., sem tapast við það, að vélbátaflotinn kemst ekki af stað í janúarmánuði. Nú, af þessu hlýtur að skapast atvinnuleysi, og er það í fullu samræmi við aðrar aðgerðir hæstv. ríkisstj. að reyna að breiða yfir það með því að birta ekki opinberar skýrslur um ástandið í þessum málum. Og á sama tíma, sem aðrar þjóðir telja sér skylt að fylgjast vel með atvinnuástandinu í löndum sínum, eigum við Íslendingar ríkisstj., sem lætur sig slíkt engu varða. Það má vera, að þessi hæstv. ríkisstj. fái heldur léleg eftirmæli, þegar að því kemur, að hún láti af völdum, en hún reisir sér sjálf minnisvarða með verkum sínum, og þessi minnisvarði verður fyrst og fremst byggður á þremur atriðum: afskiptaleysinu af togaradeilunni, sinnuleysinu um stöðvun bátaútvegsins og þessu frv., sem hér liggur fyrir. Í fornöld var talið, að það að reisa níðstöng væri til skammar og miska fyrir þann, sem fyrir því yrði, og hæstv. núv. ríkisstj. hefur reist sjálfri sér þrefalda níðstöng með verkum sínum.

Frsm. meiri hl. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Út af brtt. á þskj. 485 og 469 þá vil ég taka það fram, að meiri hl. n. gat ekki fallizt á brtt. á þskj. 485 og leggur til, að þær verði felldar. Um brtt. á þskj. 469 gengu ekki atkvæði í n., og litu nm. svo á, að það skyldi vera á valdi hlutaðeigandi bæjarstjórna, hvaða laun stjórnarmeðlimir fengju.

Það er fjarstæða hjá hv. þm. Ísaf., að ekki verði safnað skýrslum um þessi efni eftir sem áður, enda er tekið fram skýrum stöfum í 4. lið 4. gr., að hlutverk vinnumiðlunarskrifstofu sé m. a. að fylgjast með atvinnuháttum, eftir því sem auðið sé, og safna skýrslum og gögnum í því augnamiði, en það er ekki nægilegt að safna skýrslum um atvinnuleysi, — hitt er betra, að ekki þurfi til þess að koma, að slíkt ástand skapist. En ég held, að hv. þm. Ísaf. og hans flokkur ætti ekki mikið að tala um þessi mál, og ég held, að hann eigi líka nokkra sök á níðstönginni.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það er leiðinlegt með hv. 1. þm. Rang., hve illa honum gengur að skilja þetta frv., og að hann skuli standa í þeirri meiningu, að haldið skuli áfram að safna skýrslum um atvinnuástandið í landinu, en ef þetta frv. verður samþ., þá er enginn til að sjá um slíka söfnun. Með því fyrirkomulagi, sem verið hefur á þessum málum, gat félmrn. ráðið því, að settar væru upp vinnumiðlunarskrifstofur, en með samþykkt þessa frv. er slíkt ekki lengur á valdi ráðuneytisins, svo að nú eru slík yfirráð ráðuneytisins um söfnun þessara skýrslna úr sögunni og það getur ekki lengur skipað fyrir um söfnun þeirra. Það má ef til vill segja, að ekki hafi orðið sá árangur af starfi skrifstofanna nú á undanförnum árum sem vera ætti, en það stafar af því, að um nokkurt árabil var enginn atvinnulaus í landinu, svo að ekki var fylgzt eins vel með í þessum efnum og skyldi. Nú er það svo með atvinnuskýrslur, að þær eiga ekki aðeins að fjalla um það, hvort menn séu atvinnulausir, heldur einnig hvaða vinnu hver einstakur maður stundi. Nú er það svo með ríkisstj., sem vilja fylgjast vel með því, sem er að gerast í landinu, að þær telja nauðsynlegt að fylgjast vel með atvinnuástandinu í landinu. Ef við tökum mikilsvirða nágrannaþjóð, t.d. Breta, sem dæmi, þá telja þeir sér vart annað fært en fylgjast vel með því, hve margir vinni við hverja atvinnugrein, t. d. við kolavinnslu, svo að þeir geti fært vinnukraftinn til eftir því, sem til þarf. Sama má segja um höfuðatvinnuvegina hjá okkur, sjávarútveg og landbúnað, að nauðsyn ber til að fylgjast vel með þeim. Hjá Fiskifélaginu mun vera hægt að fá upplýsingar um það, hve margir vinni að sjávarútvegi, en um það, hve margt fólk vinni að landbúnaði, munu engar skýrslur vera, nema manntal, sem tekið er á 10 ára fresti og önnur 10 ár tekur að vinna úr. Ég sá það nýlega í blaði eftir merkum búnaðarfrömuði, að hann taldi nauðsynlegt að breyta vinnumiðlunarskrifstofunum og breyta þeim þannig að safna skýrslum úr hverjum fjórðungi eða sýslu, en það er að tala fyrir daufum eyrum að ræða slíkt við hæstv. ríkisstj., og hv. 1. þm. Rang. vill ekki skilja þetta, því að hann hefur eins og hæstv. ríkisstj. bitið sig svo fast í þetta leiðinda**frv.**

ATKVGR.

Brtt. 485,1 felld með 18:9 atkv.

— 485,2 felld með 18:9 atkv.

— 469 felld með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JR, JörB, SÁ, ÁB, BÓ, GTh, HÁ, IngJ, JóhH, SB.

nei: JÁ, LJós, PÞ, SG, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, EOl, EystJ, FJ, HelgJ.

KS, SkG, GG, JG, JPálm, JS greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÓTh, PO, StSt, StgrSt, BÁ, EmJ, GÞG) fjarstaddir.

Brtt. 485,3 felld með 19:9 atkv.

Frv. samþ. með 20:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JR, JörB, KS, PÞ, PO, SÁ, SkG, ÁB, BÓ, EystJ, GG, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, SB.

nei: JÁ, LJós, SG, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, EOl, FJ.

6 þm. (ÓTh, StSt, StgrSt, BÁ, EmJ, GÞG) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 50. fundi í Ed., 16. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég tel rétt að láta þessu frv. fylgja örfá orð hér við 1. umr. málsins í hv. Ed. Þetta frv. hefur nú gengið í gegnum Nd. og er komið hingað. Sú breyt., sem með þessu frv. er gerð á núgildandi löggjöf um þetta efni, er það, að ætlazt er til samkv. þessu frv., að vinnumiðlun verði eftirleiðis starfrækt af sveitarfélögum, þar sem þörf þykir fyrir það, og þá um leið kostuð af bæjarsjóðum eða sveitarsjóðum, en ekki eins og nú, að þær verði settar upp að frumkvæði ríkisstj. og kostaðar að nokkru leyti úr ríkissjóði. Þessi l. um vinnumiðlun hafa verið alllengi í gildi hér hjá okkur, eða frá 1935, og má segja, að sú löggjöf hafi mjög lítið verið notuð annars staðar en hér í Reykjavík. Að vísu hafa í nokkrum kaupstöðum utan Reykjavíkur verið starfræktar vinnumiðlunarskrifstofur að einhverju leyti, en þar er varla um sjálfstæðar stofnanir að ræða, heldur hafa þær starfað einhvern tíma úr árinu og kostnaður við þær verið lítill, og ýmsir kaupstaðir utan Reykjavíkur hafa alls ekki treyst sér til að nota þá heimild, sem þar var fyrir hendi. Þetta virðist eðlilegt, vegna þess að kaupstaðir okkar flestir utan Rvíkur eru ekki það stórir, að það virðist vera nauðsyn á sérstakri skrifstofu til þess að miðla vinnuafli þar, heldur mun það vera nægilegt, að það sé gert í sambandi við störf bæjarstjórnanna yfirleitt, og virðist því reynslan benda á, að svona hafi þetta verið. Öðru máli er að gegna í jafnstórum bæ og Reykjavík, sérstaklega eins og nú er orðið. En sá háttur hefur hér verið á, að hér hafa verið starfræktar 2 vinnumiðlunarskrifstofur, önnur samkv. l. frá 1935, kostuð sameiginlega af ríkinu og Rvík, en hin kostuð sérstaklega af Reykjavíkurbæ. Þetta er að mínum dómi og flestra annarra óeðlilegt, að um 2 vinnumiðlunarskrifstofur sé að ræða, — það hlýtur að vera heppilegra, að hér sé aðeins um eina skrifstofu að ræða, sem hafi þetta verkefni með höndum. Það hefur ekki tekizt til þessa að fá samkomulag um það, að hér væri aðeins ein skrifstofa, sem hefði þetta með höndum, og þetta hvort tveggja, sem ég hér hef nefnt, annars vegar, að l. frá 1935 hafa lítið verið notuð utan Rvíkur í hinum smærri kaupstöðum, og hins vegar, að hér í Rvík hefur það ólag verið á, að það hafa verið 2 vinnumiðlunarskrifstofur starfandi, hefur m. a. gert það að verkum, að ríkisstj. varð ásátt um að leggja til, að þessu yrði breytt á þann veg, sem hér er gert ráð fyrir. Til þess er ætlazt, að þar, sem vinnumiðlunarskrifstofur starfa, verði stjórn þeirra skipuð með þeim hætti, sem fram er tekið í 6. gr. frv., en þar er svo til ætlazt, að 3 menn séu kjörnir af hlutaðeigandi bæjarstjórn með hlutfallskosningu og 2 tilnefndir, annar af hálfu fulltrúaráðs verklýðsfélaga á staðnum og hinn af hálfu atvinnurekanda. Þetta á að vera stjórn vinnumiðlunarskrifstofunnar, og þetta skipulag er hugsað til þess, að þar geti komið fram allar skoðanir frá þeim aðilum, sem þarna eiga hlut að máli, fyrst og fremst bæjarstjórnum, og þá meiri og minni hl. bæjarstj., og auk þess fulltrúum frá þessum meginaðilum þjóðfélagsins, verkamönnum og atvinnurekendum. Þetta virðist mér, að ætti að nægja til þess að fyrirbyggja alla tortryggni gagnvart því, að ekki sé starfað á réttan hátt og óhlutdrægt að öllu leyti að miðlun vinnuaflsins samkv. þessu skipulagi. — Þá er einnig gert ráð fyrir því, að ráðuneytið geti gripið inn í og fyrirskipað vinnumiðlun í einstökum atvinnugreinum, ef svo þykir þurfa á sérstökum stöðum eða sérstökum tímum ársins, eftir því sem ástæða er til, og svo er til ætlazt, að ríkið greiði þá vinnumiðlun, sem á þann hátt væri fyrirskipuð af ráðuneytinu.

Ég sé ekki ástæðu til, á þessu stigi málsins, að hafa þessi orð fleiri, en vildi aðeins með þessum fáu orðum gera grein fyrir þeim breyt., sem gera á á þessari löggjöf, og því, hvers vegna ríkisstj. hefur talið rétt að leggja frv. þetta fram nú. Það er dálítill sparnaður fyrir ríkissjóð að þessu, á annað hundrað þús. kr., miðað við það, sem verið hefur undanfarið. Það var talið eitt af viðleitni ríkisstj. til þess að draga saman það sem hægt væri. Ég ætla ekki að gera mikið úr því, að þetta sé sérstaklega stórt atriði í rekstri ríkisins, en ef aldrei er reynt að gera neitt, þá verður aldrei neitt gert á því sviði eða öðrum, en mér dettur ekki í hug að strika yfir þetta atriði. En ég tel hitt atriðið, sem ég nefndi, engu veigaminna, að ekki hefur verið um heilbrigt skipulag að ræða hjá okkur að undanförnu, og við þurfum að fá þessu breytt á einn eða annan hátt, og þá sáum við ekki aðra leið heppilegri til þess en þá, sem hér er farin. Mál þetta var mjög mikið rætt í neðri deild, og voru skoðanir þar skiptar um það, og geri ég ráð fyrir, að svo sé einnig hér í þessari hv. d., og mun þá hitt og annað koma fram í þeim umr., sem væntanlega fara fram um málið. — Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til heilbr.- og félmn., sem hafði þetta mál með höndum í neðri deild.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að spyrjast fyrir um það, hvort þetta mál væri flutt af ríkisstj. sem sparnaðarmál, en ég þurfti ekki að spyrja, því að hæstv. forsrh. gat þess sem síðustu og sennilega aðalraka fyrir tilveru málsins, að það væri að nokkru leyti flutt sem sparnaðarmál. Ég verð að segja, að smækkað hefur um sparnaðarmálin hjá hæstv. ríkisstj., þegar þetta er enn þá talið vera í tölu þeirra mála, sem hún flytur til sparnaðar í rekstri ríkisins. Jú, 100 þús. kr. eru ætlaðar úr ríkissjóði til þess að sinna þátttöku í kostnaði af vinnumiðlunarskrifstofum í landinu. Ríkisstj. hefur samkv. l. frá 1935 skipað form. stjórna vinnumiðlunarskrifstofa, og vinnumiðlunarskrifstofum hefur verið ætlað það hlutverk fyrir hönd ríkissjóðs að greiða fyrir ráðningu fólks milli héraða og milli sveita og kaupstaða og milli landshluta. Þetta hef ég talið þjóðfélagslegt hlutverk, sem skrifstofurnar hafa innt af höndum, og þannig þjónað ríkinu á móti þessum 100 þús. kr., sem þær hafa fengið til starfsemi sinnar. Nú á að breyta þessu á þann hátt, að þetta eiga ekki að vera að neinu leyti ríkisstofnanir, — ríkisstj. afsalar sér þeim rétti að tilnefna form. í stjórn vinnumiðlunarskrifstofanna, og þeim er að sjálfsögðu ekki heldur ætlað að starfa nema að ráðningum og vinnuútvegun innan þess sveitarfélags, þar sem þær starfa. Ég tel þetta út af fyrir sig tvímælalaust vera til þess að draga úr gildi

þessarar starfsemi, og ég tel illa farið, að hæstv. ríkisstj. skuli breyta á þann hátt, því að nú, með vaxandi atvinnuleysi, var einmitt full þörf fyrir, að vinnumiðlunarskrifstofur héldu uppi sinni starfsemi, að útvega atvinnu út fyrir sveitarfélagið, sem þær starfa í, og útvega fólk til sveita og milli landshluta eftir því, sem atvinnulífið þyrfti á vinnuafli að halda. En þarna er öfugt að farið, þarna á að stoppa, þegar vaxandi þörf er fyrir slíka starfsemi. Hæstv. forsrh. sagði, að það hefði verið tiltölulega lítill kostnaður í sambandi við rekstur vinnumiðlunarskrifstofa. Þó voru þær starfræktar ekki aðeins í Reykjavík, heldur á Akureyri, Ísafirði og í Vestmannaeyjum, á tímabili a. m. k., og í fleiri kaupstöðum landsins, og þær hafa unnið stundum alls ekki ómerkilegt starf. Það var ekki við því að búast á þeim tíma, sem nóg var atvinna í landinu, að vinnumiðlunarskrifstofurnar hefðu mikið að gera, en þó var þeim haldið uppi, en nú fer þörfin fyrir þessa starfsemi vaxandi.

Hæstv. ráðh. minntist á það, að hér í Reykjavík störfuðu 2 vinnumiðlunarskrifstofur. Hvernig getur staðið á því? Hér var starfandi vinnumiðlunarskrifstofa samkv. l., að nokkru leyti kostuð af ríkinu, en samt sá Reykjavíkurbær ástæðu til þess að stofnsetja aðra vinnumiðlunarskrifstofu. Þetta virðist stangast við rök hæstv. forsrh., þar sem hann segir, að lítil þörf sé fyrir tvær skrifstofur hér. (**Forsrh.**: Ég sagði, að lítil þörf væri fyrir skrifstofur utan Rvíkur). En hér skal nú í vaxandi atvinnuleysi leggja niður ríkisskrifstofuna. Ég get ekki annað séð en að Reykjavíkurbær hætti að bera sinn hluta af ríkiskostnaðinum, ef hann teldi nóg að hafa eina skrifstofu, og neitaði þess vegna að reka aðra skrifstofu við hliðina á hinni, á kostnað bæjarins. Reykjavíkurbær hefur ekki talið nægilegt, að ein vinnumiðlunarskrifstofa væri starfrækt, þó er þess sannarlega þörf, að ríkið reki skrifstofu hér í Reykjavík. Fyrir landbúnaðinn hafa verið reknar þrjár ráðningarskrifstofur, og svo er því haldið fram, að það sé ekki þörf á þessu. Ein breyt. er sú, að sveitarstjórnum er gert skylt að kosta skrifstofurnar. Þetta leiðir til þess, að þær verða lagðar niður, því að þó ríkissjóður hafi þörf fyrir sparnað, hafa sveitarfélögin enn meiri þörf á sparnaði, því að það þrengir meira að þeim en ríkissjóði. Hann sér um sig og hefur auk þess rýmra olnbogarúm til þess að afla sér tekna.

Það verður ekki um það deilt, að nú er brýn þörf fyrir vinnumiðlun í hverjum kaupstað og hverju þorpi og þörf á því að færa atvinnuleysingjana á milli staða, eftir því sem vinna gefst. Þess vegna er það sízt verjandi núna að leggja þær niður, jafnvel þó að ríkissjóður verji til þeirra 100 þús. kr. Hvaða hagsmunum er svo verið að þjóna með sparnaði eins og hér um ræðir? Það vakir ekki fyrir ríkisstj. að spara með þessu, — það er eitthvað annað.

Í löggjöfinni um vinnumiðlun hefur verið ákveðið, að félmrn. skuli skipa formenn í stjórn vinnumiðlunarskrifstofanna. Þetta gat afstýrt því, að vinnumiðlunin væri framkvæmd hlutdrægt, ef meiri hlutinn ýtti undir hlutdrægni í starfsemi þessara stofnana. Hvað viðvíkur vinnumiðlunarskrifstofunum, þá hefur það verið borið fram, að form. væri ekki tilnefndur af félmrn., heldur af atvinnurekendum. Ég held því fram, að skrifstofurnar eigi ekki að vera tæki í höndum atvinnurekendanna. Það er illt, ef hæstv. forsrh. stuðlar að því, að þær greiði fyrir atvinnu hjá vissu fólki, svo að þær verði pólitískt kúgunartæki í höndum vinnuveitenda. Slík skrifstofa verður til bölvunar, en ekki bóta, og er því fé illa varið, sem varið er til slíkrar stofnunar. Að ríkisstj. tilnefni formanninn, er nokkur trygging, en að fella það ákvæði burt, er stórskemmd á lögunum. Tilgangurinn leynir sér ekki. Þetta er ekki runnið undan hans rifjum og á að þjóna allt öðrum hagsmunum en hans, enda er það ekki í samræmi við hans lífsskoðanir, það er mér kunnugt um. Ég lýsi fullkominni andstöðu minni við þetta frv., sem á ekkert skylt við sparnað og er borið fram til að þjóna allt öðrum tilgangi en að þjóna vinnumiðlun í landinu. Alþfl. mun vinna gegn þessu frv., sem væri réttilega nefnt frv. til atvinnukúgunar, því að það er það sannarlega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VH, ÞÞ, BBen, GJ, JJós, KK, RÞ, BSt.

nei: HV, HG.

7 þm. (StgrA, BrB, EE, FRV, HermJ, LJóh, PZ) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og félmn. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, KK, RÞ, VH, ÞÞ, BBen, GJ, BSt.

HG, HV greiddu ekki atkv.

7 þm. (HermJ, LJóh, PZ, StgrA, BrB, EE, FRV) fjarstaddir.

Á 78., 79. og 80. fundi í Ed., 1. og 2. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Ed., 5. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 447, n. 719 og 731).

Frsm. meiri hl. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Eins og segir í nál. á þskj. 731, þá hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Við, sem myndum meiri hl., teljum, að eðlilegt sé að ríkisstj. geti, eins og ráð er fyrir gert í núgildandi l., hlutazt til um það, hvernig vinnumiðlun er háttað í landinu, og það sé verið að taka af henni nauðsynlegan rétt til slíkra afskipta, ef frv. þetta verður samþ. Samkv. gildandi l. er það á valdi ráðh. að ákveða, að vinnumiðlunarskrifstofa skuli starfrækt á einhverjum stað, og hann getur einnig ákveðið, ef hlutaðeigandi bæjarstjórnir æskja þess, að slíkar skrifstofur skuli lagðar niður. Er meiri hl. sammála um að telja slíka heimild nauðsynlega.

Eins og segir í grg. fyrir frv., þá hefur kostnaður við vinnumiðlunarskrifstofur ríkisins orðið þó nokkur, t. d. rúmar 100 þús. kr. á s. l. ári. Það má nú segja, að þetta sé ekki mikil upphæð, eins og nú er ástatt; og þá er spursmálið, hvað skrifstofan hafi skilað miklu starfi, og meginsjónarmið í þessu máli hlýtur að vera það, hvort hér sé um að ræða þarfa stofnun eða ekki. Og það má segja, að það sé a. m. k. varhugavert nú, eins og atvinnuástandi þjóðarinnar er háttað, að ríkisvaldið kasti frá sér heimild til að hlutast til um vinnumiðlun á grund-

velli gildandi l. og hætti að hlaupa undir bagga með slíkri starfsemi. — Að vísu er gert ráð fyrir, að bæjarstjórnir geti sett á stofn slíkar skrifstofur, ef þær telja nauðsynlegt. En hugmyndin með núgildandi lögum er sú, að ríkisvaldið geti hlutazt til um, að slíkar stofnanir séu starfræktar, og enn fremur, að vinnumiðlun geti haft þýðingu fyrir landið allt, en ekki einungis einstaka staði. Ég fyrir mitt leyti vil ekki, að heimild ríkisvaldsins að hlutast til um vinnumiðlun milli staða, þar sem atvinna er ýmist of lítil eða of mikil, sé felld niður.

Eins og um getur í grg., þá starfa hér tvær skrifstofur að vinnumiðlun, eða ráðningaskrifstofa Rvíkurbæjar og vinnumiðlunarskrifstofa ríkisins, og var sú fyrrnefnda, eins og vitað er, stofnuð til þess að ráða starfsmenn fyrir Reykjavíkurbæ. Eins og lagt er til í hinni rökst. dagskrá, þá hlýtur að teljast æskilegt, að athugun fari fram á starfsemi vinnumiðlunarskrifstofanna, og lægi nærri, að þá væri gengið úr skugga um það, hvort vinnumiðlunarskrifstofa ríkisins hafi starfað þannig, að þörf sé á annarri skrifstofu við hlið hennar. Það virðist ljóst vera, að það, sem liggur til grundvallar frv., sé óskin um sparnað, og skal það ekki lastað út af fyrir sig. En ég segi fyrir mig persónulega, að eigi að fara að spara ríkissjóði fé, þá virðist réttara að byrja þann sparnað á einhverju öðru.

Alþjóðavinnumálastofnunin, sem við erum aðilar að, gerir ráð fyrir því, að haldið sé uppi vinnumiðlun af hálfu hlutaðeigandi ríkja; og það virðast engin rök mæla með því, úr því við erum í þeim samtökum, að við fellum þá niður löggjöf, sem er í samræmi við þá kvöð, sem stofnunin leggur þátttökuríkjum sínum á herðar. Ég kann að vera ein um þá skoðun, en mér virðist, að eigi að fara að spara á þessu, þá ættum við fyrst að hætta að vera aðilar að þessari stofnun.

Ég mun svo ekki orðlengja þetta meira, en till. meiri hl. n. er sem sagt sú, að hin rökst. dagskrá á þskj. 731 verði samþ.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og sést á nál. minni hl. á þskj. 719, þá leggur hann til, að frv. verði samþ. óbreytt, en getur ekki fylgt hinni rökst. dagskrá. Frv. þetta er borið fram sem stjórnarfrv. í hv. Nd.; því var útbýtt í október og var hér til umr. hinn 8. febr., en hefur síðan legið hjá n. Innan ríkisstj. er fullt samkomulag, að frv. nái fram að ganga óbreytt eins og það er á þskj. 447.

Það má ljóst vera, að bæjarstj. Rvíkur hefur ekki talið sér annað fært en reka áfram þá vinnumiðlunarskrifstofu, sem hún hafði upphaflega, vegna þess að vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins hefur ekki tekizt að inna svo starf sitt af hendi, að bæjarstj. gæti sætt sig við. Skal ósagt látið, af hverju það stafar, en það hefur aldrei getað fengizt samkomulag um það á milli bæjarstj. og ráðuneytisins að sameina þessar skrifstofur í eina stofnun. Og þar sem hér er um að ræða stærsta bæjarfélag á landinu, þá virðist rétt, að því beri sjálfu að annast þessa starfsemi að öllu leyti, úr því það telur sér nauðsyn að reka aðra skrifstofu hvort sem er samhliða ríkisskrifstofunni.

Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, þá er æskilegt, að vinnumiðlun geti átt sér stað á milli einstakra byggðarlaga, en hefur ekki átt sér stað nema í mjög smáum stíl. Ég minnist þess í því sambandi, að ég hef oft heyrt og lesið um aðvaranir ráðamanna Rvíkurbæjar til manna úti um land, að leita ekki hingað til atvinnu. Og þetta sýnir glöggt, að venjulega er ekki óskað eftir, að menn komi hingað í atvinnuleit. Og slíkar auglýsingar hafa einnig heyrzt frá fleiri stöðum, svo að staðreynd er, að atvinnumiðlun á milli staða á sér aðeins stað í smáum stíl.

Þá vil ég benda á, að mér þykir málum blandað, þegar því er haldið fram, að vinnumiðlun geti bætt úr atvinnuleysi, eins og fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl. Það bætir ekki úr atvinnuleysi, þótt miðlað sé milli manna; til þess þarf að gera aðrar ráðstafanir. Þetta eru óskyld mál, og má ekki blanda þeim saman. Og þó að atvinnukreppa sé, þá get ég þannig ekki séð, að það hafi mikla þýðingu, þó ríkisstofnunin sé lögð niður og þessi starfsemi sé lögð undir vinnumiðlunarskrifstofu Rvíkurbæjar. Það verkefni, sem fyrir liggur, er að miðla vinnu á milli manna innbyrðis á hinum einstöku stöðum. Og það getur ekki talizt óeðlilegt, að staðirnir sjálfir annast það. Enda hníga óskir bæjarstj. Rvíkur að því.

Ég mun ekki fjölyrða frekar um þetta. Eins og ég hef þegar tekið fram, þá mælir minni hl. n. með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram og ljóst varð af ræðu hv. þm. Barð., þá hefur n. ekki getað orðið sammála um afgreiðslu frv. Minni hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Meiri hl. lítur hins vegar svo á, eins og hv. frsm. tók fram, að eins og nú er ástatt í atvinnulífi þjóðarinnar, þá sé óeðlilegt á allan hátt og óheppilegt, að ríkisstj. kasti frá sér þeirri heimild, sem hún nú hefur til að mæla svo fyrir, að haldið skuli uppi vinnumiðlun í landinu. Öllum kemur saman um það, að keppa beri að því, að allir, sem unnið geta, eigi kost á vinnu við gagnleg og hagnýt störf, svo að vinnuafl þjóðarinnar notist sem bezt ásamt þeim tækjum, sem til eru í þágu framleiðslunnar. Enn fremur hygg ég, að allir séu sammála um það, að atvinnulíf okkar sé nú orðið svo fjölbreytt, að það sé oftrú að ætla, að þetta geti gerzt af sjálfu sér, án nokkurrar íhlutunar ríkisvaldsins. Þannig getur t. d. verið um að ræða blómlegt atvinnulíf eða sæmilegt í einni starfsgrein, en stöðvun í annarri, og án þess að hver nái til annars um miðlun á vinnuafli. En það er einmitt megintilgangur vinnumiðlunar að bæta úr þessu. Og þetta er ástæðan fyrir því, að hvarvetna um heim að heita má er vinnumiðlun talin veigamikill þáttur í allri félagsmála- og menningarlöggjöf. Á fundum alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur þannig alltaf verið litið svo á, að það væri eitt helzta viðfangsefni samtakanna að koma þessum málum á sem öruggastan grundvöll hvarvetna. Og ég hygg, að fulltrúar Íslands í þeim samtökum hafi ekki látið þar í ljós, að við hefðum nokkra sérstöðu í þeim efnum. Á þingi þessara samtaka í San Fransisco árið 1948 var gerð samþykkt um skipulag vinnumiðlunar í þátttökuríkjunum, samþykkt, er síðan skyldi send til aðildarríkjanna til staðfestingar. Og það liggur í hlutarins eðli, að þeir fulltrúar, sem greitt hafa sam-

þykktinni atkvæði, hafa jafnframt bundizt til að leggja til við stjórnir sinna heimalanda, að hún yrði þar staðfest af þjóðþingum.

Í ályktuninni, sem samþ. var í San Fransisco 1948, segir m. a. svo í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Hvert það aðildarríki alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem samþykkt þessi tekur til, skal halda uppi eða tryggja það, að haldið sé uppi opinberri ókeypis vinnumiðlun.“ — Ég veit nú ekki til, að af hálfu fulltrúa Íslands hafi verið neitað að greiða þessari tillgr. atkvæði eða stuðla að framgangi hennar. — Þá segir enn fremur svo í 2. gr. sömu samþykktar: „Vinnumiðlun skal byggð upp af kerfi af vinnumiðlunarskrifstofum, er nái um allt landið og sé undir einni miðstjórn fyrir allt ríkið.“ — Ég veit ekki heldur til, að fulltrúi Íslands hafi greitt atkv. gegn þessari till., og hefur hann að sjálfsögðu tekið afstöðu í samvinnu við sína ríkisstj. Þessa samþykkt hefði eftir eðli málsins átt að leggja fyrir Alþingi innan ákveðins tíma til staðfestingar. Það var látið undan dragast. Og ég hef heyrt, að hæstv. ríkisstj. hafi nú borið því við í umr. um þetta frv., að þessi samþykkt alþjóðavinnumálastofnunarinnar væri á engan hátt bindandi, af því að hún hefði ekki verið samþ. af íslenzkum stjórnarvöldum. En ástæðan til þess, að staðfestingar var ekki leitað, var raunar sú, að talið var af mönnum, sem til þekktu, að íslenzk löggjöf uppfyllti þegar helztu skilyrði samþykktarinnar. Og það hygg ég sé sönnu nær. — Nú kemur hins vegar fram frá hæstv. ríkisstj. till. um að fella úr gildi lög um vald ríkisins til að ákveða vinnumiðlun í landinu. Og verði það frv. samþ., er gengið þvert ofan í yfirlýstan vilja fyrrv. ríkisstj. í gegnum fulltrúa hennar á fundinum 1948, og gert að engu það, sem sú samþykkt fjallar um.

Ég verð nú að segja, að þetta lofar ekki góðu um þátt okkar í alþjóðlegu samstarfi í framtíðinni, og mig furðar stórlega þetta háttalag, ekki sízt þar sem það er þó jafnan viðurkennt í orði af þeim, sem að frv. þessu standa, að atvinnuástandið hér á landi sé langt frá því að geta talizt sæmilegt. Sú eina röksemd, ef rök skyldi kalla, sem hæstv. ríkisstj. ber fram, er sú, að með þessu séu sparaðar um 100 þús. kr. á þátttöku ríkisins í þessum kostnaði. Ég vil fullyrða, að þetta er fyrirsláttur einn. Ríkisstj. veit, að sú upphæð skiptir bókstaflega engu máli um fjárhag ríkisins. Og ef ástæða væri til að ætla, að vinnumiðlunarskrifstofa ríkisins væri rekin á óhagkvæman hátt og greiðslur ríkissjóðs yrðu meiri en ástæða þætti til, þá væri auðvelt að ráða bót á því með reglugerðarbreytingu, í stað þess að fella niður heimild ríkisvaldsins til að halda slíkri starfsemi uppi. Alveg á sama hátt hefur ríkisstj. heimild til að fylgjast með starfseminni og gæta þess, að hún sé rekin á hagkvæman hátt og að ekki sé eytt meiru fé en hæfilegt má teljast. Ég vil taka mjög ákveðið undir þau orð hv. frsm. meiri hl. hér áðan, að það er óskiljanlegt ábyrgðarleysi af hæstv. ríkisstj. að ætla nú að fara að fleygja frá sér þeirri heimild, sem hún hefur nú samkv. gildandi lögum til að hafa afskipti af þessum málum. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta hátterni hæstv. ríkisstj. mjög til vansæmdar fyrir hana. Samkv. nýafstaðinni atvinnuleysisskráningu voru í 11 bæjarfélögum landsins 1200 manns atvinnulausir með um 2100 manns á framfæri sínu. Þannig hafa verið yfir 3300 manns ofurseldir atvinnuleysinu, því að það má gera ráð fyrir, að raunveruleg tala atvinnuleysingjanna á þessum stöðum sé nokkuð miklu hærri, auk þess sem vitað er um fjölda atvinnuleysingja á þeim stöðum, sem skráning hefur ekki farið fram á. Það er vitað, að í þessum 11 bæjarfélögum, þar sem skráning hefur farið fram, eru það margir, sem ekki hafa látið skrá sig, þegar samtímis atvinnuleysisskráningunni er ekkert gert til þess að bæta úr fyrir hinum atvinnulausu. En auk þessara staða eru til fleiri staðir á landinu, þar sem herjar meira og minna atvinnuleysi, og nægir í því sambandi að benda á ástandið í Bíldudal og Flatey, sem hefur verið hér til umr. á Alþ.

Á slíkum tímum sem þessum, og á meðan útlit er fyrir, að atvinnuleysi fari enn vaxandi, er mér óskiljanlegt ábyrgðarleysi hæstv. ríkisstj., sem hún sýnir nú, með því að ætla að fara að fleygja frá sér þeirri heimild, sem hún hefur nú í lögum til þess að hlutast til um þessa hluti. Þetta hátterni er raunar hið sama og ríkisstj. sagði við atvinnuleysingjana: Þetta er mál, sem ríkisstj. kemur ekki við. Sjáið þið um ykkur sjálfir, við skiptum okkur ekkert af ykkar málum. — Slíkt svar sem þetta getur engin ríkisstj. veitt sínu fólki.

Sannleikurinn er sá, að það, sem þarf að gera nú, er að auka og endurbæta þá vinnumiðlunarstarfsemi, sem nú er fyrir í landinu, ekki aðeins miðað við attvinnuleysistíma, heldur einnig við þá tíma, er venjulegt atvinnuástand ríkir. Engri þjóð ríður meira á því en okkur Íslendingum, að vinnuaflið sé ekki látið ónotað og öll framleiðsluöfl nýtt til fullnustu. Í hv. Nd. hefur nú verið lagt fram frv. til laga um atvinnustofnun ríkisins, og ég álít, að í þá átt, sem það frv. stefnir, eigi einmitt að ganga í þessum málum, en ekki að fara nú að fella niður vinnumiðlun í landinu. Á öllum venjulegum tímum er rík ástæða til að sjá unglingum og öðrum skólanemendum fyrir atvinnu við þeirra hæfi þann tíma, sem þeir stunda ekki námið. Á öllum tímum ber nauðsyn til þess að sjá öryrkjum fyrir vinnu við þeirra hæfi, bæði til þess að nota þeirra vinnuafl til gagns fyrir alla þjóðina og einnig til að gera þeim sjálfum lífið bærilegra, og engum ber ríkari skylda til að sjá um þetta en ríkisvaldinu sjálfu. Á hverju ári flykkjast hundruð og þúsundir manna á milli staða í atvinnuleit, vegna þess hve eftirspurn eftir verkafólki færist til á milli staða eftir árstíðum. Sveitirnar þurfa t. d. á hundruðum karla og kvenna að halda á vissum tíma ársins, en geta svo ekki séð þessu fólki fyrir atvinnu á öðrum tímum. Þetta er vandamál út af fyrir sig, því að það er hæpið, að hægt sé að grípa upp verkafólk yfir sumarið, en segja því svo að fara brott, þegar haustar, því að nú sé ekkert meira með það að gera. En við búum nú við þessa atvinnuhætti, og við því er í sjálfu sér ekkert að segja, en það leiðir þá af sjálfu sér, að í slíku landi er mjög nauðsynlegt að hafa vinnumiðlun á milli sveitarfélaga umfangsmikla. Hv. þm. Barð. sagði hér áðan, að vinnumiðlun á milli staða hefði alltaf verið hér í smáum stíl. Mér er þó kunnugt um, að vinnumiðlunarskrifstofa Reykjavíkur eingöngu hefur ráðið árlega svo hundruðum skipti fólk til land-

búnaðarstarfa yfir sumarið, og það hefur hún gert engu síður í þágu þeirra, sem vantað hefur fólk í vinnu, heldur en í þágu þeirra, sem vantaði atvinnu. Það er vitað, að á vissum tímum árs streymir fólk til Siglufjarðar í atvinnu og til Vestmannaeyja og hingað til Reykjavíkur og útgerðarstöðvanna við Faxaflóa. Nokkuð af þessu fólki er ráðið beint í gegnum aðilana sjálfa, en mikið er þó ráðið í gegnum vinnumiðlunarskrifstofurnar hér í Reykjavík og annars staðar. Þessa starfsemi ber því að auka, en ekki leggja hana niður. En vinnumiðlunarskrifstofur, sem hin einstöku bæjar- eða sveitarfélög rækju fyrir sig, hefðu engu slíku hlutverki að gegna og engan áhuga á því. Þeirra hlutverk væri að miðla vinnunni innan síns bæjar- eða sveitarfélags.

Hv. þm. Barð. lagði á það mikla áherzlu, að það væri samkomulag innan ríkisstj. að afgreiða þetta frv. óbreytt. Ég vil engan veginn bera brigður á sannleiksgildi þessara orða hv. þm., en hingað til hefur hann ekki látið sér nægja slíkar röksemdir til þess að móta skoðun sína á málum. Hann hefur hingað til viljað móta sína skoðun sjálfur. Ég tek því þessi orð hv. þm. sem vott um það, að hann hafi séð fátt, sem mælti með þessu frv., úr því að hann telur kost þess vera þann stærstan, að hæstv. ráðh. hafi komið sér saman um að afgreiða frv. óbreytt. Ég hélt satt að segja, að hv. þm. hefði veigameiri rök fyrir sinni afstöðu en þetta. Hann sagði réttilega, að ekki hefði tekizt að sameina þær tvær vinnumiðlunarskrifstofur, sem störfuðu hér í Reykjavík. En nú hygg ég, að eins og ástatt er núna, muni vera tiltölulega auðvelt að leysa það mál, þannig að ekki verði nema ein skrifstofa í bænum, því að hið ágæta samkomulag innan ríkisstj. ætti að geta stuðlað að þeirri lausn. Hv. þm. mun vita, að þetta er auðgert nú, ef vilji er fyrir hendi. Hv. þm. sagði, að það væri eðlilegast, að bæjar- og sveitarfélögin önnuðust sjálf vinnumiðlun í sínu umdæmi. Ég hef svarað þessu áður, að vinnumiðlun má ekki og getur ekki takmarkazt við einstök sveitarfélög, því að það þarf að miðla vinnunni á milli staða. Ég get því á engan hátt fallizt á, að rétt sé að samþ. þetta frv. og fella með því heimild ríkisstj. til að kveða á um vinnumiðlunarstarfsemina í landinu. Og ég vil bæta því við, að mér er ekki grunlaust um, að sú ástæða liggi á bak við þetta frv., að hæstv. ríkisstj. búist við því, að atvinnuástandið í landinu haldi enn áfram að versna, og þá vilji hún vera búin að losa sig við heimildina til að hafa afskipti af vinnumiðlunarstarfseminni í landinu, til þess að geta svarað á eftir, að hún hefði ekki haft vald eða rétt til þess með lögum að grípa inn í til að bæta úr því ástandi. Hún vill koma sér hjá þeim óþægindum, sem eru samfara þessari heimild, á slíkum tímum, sem hún býst við að fari í hönd. Ég játa, að þetta eru ekki góðgjarnar hugleiðingar í garð hæstv. ríkisstj., en ég finn engar ríkari ástæður fyrir afstöðu hennar í þessu máli en hún vilji ekki skipta sér af atvinnuleysinu í landinu á þeim tímum, sem fara í hönd. Því að það trúir því enginn maður, að ástæðan sé sparnaður, og mér þykir miður, að nokkur ráðh. skuli bera slíku við. Annars harma ég það, að viðkomandi ráðh. skuli ekki geta verið við umr. þessa máls, en það verður að sjálfsögðu að taka því.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég get ekki séð betur en að öll ræða hv. 4. þm. Reykv. hafi verið byggð upp á þeim stóra misskilningi, að vinnumiðlunin sjálf auki atvinnuna í landinu, og sérstaklega bentu niðurlagsorð þessa hv. þm. á það, að hann gerði ekki greinarmun á þessu tvennu, þ. e. vinnumiðlunarstarfseminni og atvinnuleysinu. Ég hef ekki orðið var við, að vinnumiðlunin sjálf hafi aukið atvinnu í landinu, heldur hefur hún aðeins verið til þess að miðla vinnunni á milli aðila. Hér blandar hv. þm. þessu saman og leggur áherzlu á það, að atvinnuleysið muni verða minna í landinu, ef þessi lög haldist óbreytt. Því eru þau orð, sem hann beindi til hæstv. ríkisstj. í lok ræðu sinnar, markleysa ein. Hv. þm. veit ósköp vel, að ríkisstj. er nú að gera stórfelldar ráðstafanir til aukningar atvinnunni í landinu. Við vorum m. a. að ræða í dag um heimild til handa ríkisstj. til þess að taka lán erlendis, sem hún hyggst verja til þess að auka atvinnuna í landinu. En þetta á ekkert skylt við vinnumiðlunina. Mín skoðun er sú, að vinnumiðlunin út af fyrir sig bæti aldrei úr atvinnuleysinu í landinu. Það mesta, sem hún fær áorkað í þessu efni, er að skipta atvinnunni réttlátlega á milli manna, og þá tel ég réttast, að það sé í höndum sveitarfélaganna sjálfra, að skipta vinnunni á milli þegnanna, en ekki í höndum ríkisins.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það væri ekki eðlilegt, að sveitarfélögin vildu halda uppi vinnumiðlun á milli héraða, þar sem það væri ekki í þeirra verkahring. Þetta er alger misskilningur hjá hv. þm. Hvers vegna ætti t. d. vinnumiðlunarskrifstofa Reykjavíkur ekki að telja sér skylt að benda fólki hér í Reykjavík á vinnu úti á landi? Ég held einmitt, að það stæði engum nær en vinnumiðlunarskrifstofunni að benda fólki úr sínu eigin bæjarfélagi á atvinnu úti á landi, og það er síður en svo ástæða til að láta ríkisvaldið koma þar nálægt. Nákvæmlega sama er að segja um Siglufjörð og aðra kaupstaði landsins. Hvers vegna ætti það ekki að vera í þeirra verkahring að fá fólk til að gegna störfum í þeirra eigin sveitarfélagi, ef þar vantar vinnukraft? Ég get ekki séð neitt óeðlilegt við það. Annars finnst mér, að hér sé verið að deila um aukaatriði.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að hér væri aðeins um heimild fyrir sveitarfélögin að ræða, og er það alveg rétt. En ég vil benda á það, að ríkisstj. getur hætt allri vinnumiðlun nú án þessara laga, en henni finnst eðlilegt og rétt, að sveitarfélögin sjálf fái heimild til að halda uppi vinnumiðlun. Í 1. gr. laga frá 1935 um vinnumiðlun segir: „Í hverjum kaupstað landsins skal stofnuð vinnumiðlunarskrifstofa, ef bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar ákveður, eða atvinnumálaráðherra mælir svo fyrir.“ Þessi gr. mælir svo fyrir, að það er hægt, ef hlutaðeigandi bæjarstjórn ákveður, að setja á stofn vinnumiðlunarskrifstofu, og einnig getur atvmrh. þvingað bæjarstjórnir gegn vilja þeirra til að setja vinnumiðlunarskrifstofur á stofn. En úr því að heimild er til þessa, þá hlýtur líka að vera heimilt að kippa þessum skrifstofum burtu, ef hlutaðeigandi bæjarstjórn ákveður eða viðkomandi ráðh. þykir það heppilegt. Nú þykir heppilegt, að Reykjavíkurbær annist einn vinnumiðlun í bænum án íhlutunar ríkisins, vegna þess m. a., að reynsla

hefur sýnt, að vinnumiðlunarskrifstofa ríkisins hefur ekki getað annazt þessi störf ein.

Ég get ekki heldur séð, að samþykkt þessa frv. brjóti nokkuð í bága við þær samþykktir, sem gerðar voru í San Francisco 1948 og Íslendingar voru aðilar að. Ég get ekki séð nokkurn mun á því, hvort heimildin til þess að halda uppi vinnumiðlun er fyrir ríkisstj. eða bæjar- og sveitarfélögin, því að í báðum tilfellunum er ætlazt til þess, að vinnumiðlun sé haldið uppi, ef þess er óskað af þessum aðilum. Ég get því ekki séð, að þetta frv. brjóti nokkuð í bága við samkomulag á fyrrnefndri ráðstefnu erlendis. Hins vegar vil ég benda hv. 4. þm. Reykv. á það, að þetta virðist vera hreint innanríkismál, enda óeðlilegt, að fulltrúar geti bundið sínar þjóðir langt fram í tímann. Ef þarna væri um gagnkvæman samning á milli þjóðanna að ræða, þá væri það að sjálfsögðu eðlilegt. En það, sem hver þjóð er að gera nú, er það að einangra sig þannig frá öðrum þjóðum, að þær geti ekki komið og tekið atvinnuna frá henni. Svo að hugsjónin hefur þá ekki náð lengra en það, að hver þjóð hugsar út af fyrir sig í þessu efni. Það hefði sannarlega verið öðru máli að gegna um þetta atriði, ef samkomulag hefði orðið um það, að hver þjóð, sem átti þarna hlut að máli, hefði rétt til að sækja vinnu til hvaða lands sem væri og er aðili að alþjóðavinnumálastofnuninni. En um þetta var ekki samið, og því væri mjög óeðlilegt, ef við færum að binda okkur við samþykktir þessarar ráðstefnu.

Hv. þm. sagði, að það sýndi mikið ábyrgðarleysi hjá hæstv. ríkisstj. að ætla nú að fara að fella þá heimild úr gildi, sem hún hefur til afskipta af þessum málum, þegar 1200 manns væru nú atvinnulausir í 11 bæjarfélögum landsins. En er þetta ástand í atvinnumálunum einmitt ekki þrátt fyrir þá tilhögun, sem hér hefur verið höfð á vinnumiðlunarstarfseminni í landinu? Ég held því, að þetta atriði sanni bezt, að það er ekki til þess að bæta úr atvinnuleysinu, þótt fleiri vinnumiðlunarskrifstofum sé haldið uppi. Til þess þarf aðrar ráðstafanir, sem nú er verið að reyna að gera. — Ég vil einnig benda á reynslu síðustu ára af vinnumiðluninni. Þegar atvinnurekendur þurftu á fólki að halda í vinnu, hvaða aðstoð fengu þeir þá? Þegar eftirspurnin eftir verkafólki var hér mest, þá var útilokað að fá menn í vinnu frá t. d. 8—12 nema borga þeim fullt dagkaup. Svo fengust þessir menn ekki til að vinna frá 1—5 öðruvísi en fyrir fullt dagkaup. Þannig var ástandið þá, þrátt fyrir tvær vinnumiðlunarskrifstofur hér í Reykjavík. Ég held, að vinnumiðlunarskrifstofurnar út af fyrir sig hafi ekki á nokkurn hátt getað bætt úr þessu atriði, vöntuninni á atvinnu annars vegar og vöntuninni á verkafólki hins vegar. Þeirra starf hefur verið að leiðbeina mönnum í sambandi við þetta mál, en þó hygg ég, að þær hafi gert það í smáum stíl, en þegar mikið atvinnuleysi hefur ríkt á einhverjum stað, þá hefur komið til þeirra kasta að úthluta vinnunni á staðnum, og einmitt vegna þess þótti nauðsynlegt að stofna aðra vinnumiðlunarskrifstofu hér í Reykjavík.

Hv. þm. mótmælti að hér væru hundruð manna ráðnir til búnaðarstarfa, án þess að það færi fram í gegnum vinnumiðlunarskrifstofuna. Ég sagði áðan, að það væri ekki annað, sem gerðist, en að þessi starfsemi flyttist inn á vinnumiðlun bæjarins, þó að ríkisskrifstofan væri lögð niður, og ég veit ekki betur en að slík vinnumiðlun fari fram hjá Búnaðarfélagi Íslands. Þar er því þriðja vinnumiðlunarskrifstofan hér í Reykjavík, sem langmest annast þennan þátt vinnumiðlunar.

Hv. 4. þm. Reykv. benti á nauðsyn þess að geta miðlað vinnu til unglinga og öryrkja. Það er annað atriði, og það mál verður ekki leyst, þó að haldið verði áfram óbreyttu því fyrirkomulagi, sem ríkt hefur í landinu síðan 1935 um vinnumiðlun almennt. Vinnumiðlunarskrifstofur ríkisins, sem starfað hafa síðan 1935, hafa á engan hátt tekið að sér það verkefni og mundu heldur ekki gera það, þó að l. yrðu óbreytt. — Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta atriði, frá mínu sjónarmiði er þetta ekki stórt mál.

Hv. þm. sagði, að ég hefði venjulega myndað mér sjálfstæða skoðun um mál, hvort sem ríkisstj. bætti það gott eða illt. Þetta er rétt, og mín skoðun á þessu máli breytist í engu, þó að l. sé breytt. Mér finnst eðlilegt, að bæirnir og sveitarfélögin annist sjálf þessa vinnumiðlun sín á milli og innbyrðis og álít hana betur komna í þeirra höndum heldur en að láta ríkið skipta sér af því, — það er mín skoðun og ég veit, að hv. 4. þm. Reykv. trúir því. Hitt er annað atriði, að ég reyndi miðlunarleið í þessu máli, ekki af því, að ég teldi málinu ekki eins vel borgið og það er nú, heldur af því að ég vildi fá samkomulag við sem stærstan hluta alþm. um þetta mál, og ég reyndi miðlunarleið, sem ég taldi, að ég gæti sætt mig við, en henni var hafnað af öðrum aðilum og mér tókst ekki að miðla þar málum eins og ég hefði viljað gera. En það er ekki af því, að ég sé hér að mæla efnislega með neinu, sem ég ekki sjálfur hef trú á að sé rétt, því að það mundi ég ekki gera fyrir neinn mann hér á hæstv. Alþingi.

Mín skoðun er sú, að þessi mál séu betur komin í höndum sveitarfélaganna sjálfra en þó að ríkisstj. sé að halda uppi stofnunum, eins og gert hefur verið undanfarið, sem kosta nokkurt fé, en hafa ekki alltaf sýnt fulla sanngirni um þau mál.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég hélt því ekki fram í fyrri ræðu minni, að vinnumiðlunarskrifstofurnar væru beinlínis til þess að auka atvinnu, þannig að ef hv. þm. Barð. hefur skilið mig svo, þá er það misskilningur hans, hvort sem það liggur í lélegri framsetningu hjá mér eða lélegri eftirtekt hjá honum. Þó er það nú svo, að vinnumiðlunarskrifstofurnar geta undir vissum kringumstæðum aukið atvinnuna eitthvað dálítið, ef fyrir þá stofnun lánast að fá fólk til að vinna verk, sem annars væru óunnin, og í ýmsum tilfellum má finna slíks dæmi. En hitt er rétt, að ekki er þess að vænta, að vinnumiðlunarskrifstofurnar auki verulega atvinnuna í landinu.

Hv. þm. sagði, að ástæðan til þess, að hann er með frv., sé sú, að hann telji vinnumiðlun eins vel komna í höndum sveitarstjórna eins og að því leyti í höndum ríkisstj., sem þær eru samkv. gildandi l., en samkv. gildandi l. eru þær bæði í höndum ríkisstj. og sveitarfélaga. Um þetta má kannske deila, þó hygg ég, að ekki leiki á tveim tungum, að vinnumiðlun, sem nær út fyrir einstök byggðarlög, sé betur tryggð með því, að ríkið sé þar aðili að.

En það, sem mestu skiptir í þessu sambandi, er það, að ekki er trygging fyrir því, að nokkurri vinnumiðlunarskrifstofu sé haldið uppi, ef þetta frv. er samþ. En hv. þm. virtist ganga út frá því, að vinnumiðlunarskrifstofurnar starfi áfram í öllum kaupstöðum, þó að frv. sé samþ., en ég hygg, að hann hafi ekki ástæðu til að ætla það. Ég tel víst, að á ýmsum stöðum verði þær lagðar niður; ég tel ekki líklegt, að hér í Reykjavík þori bæjarstjórnin að leggja vinnumiðlunarskrifstofuna niður, en ég fullyrði, að þeim verði ekki haldið uppi, ef þetta frv. verður að l. Breyt., sem gerð er með þessu frv. frá gildandi l., er sú, að í staðinn fyrir það, að nú getur hvor aðilinn sem er, bæjar- eða sveitarstjórn eða ríkisstj., ákveðið að starfrækja vinnumiðlunarskrifstofur, þá hefur framvegis ríkisstjórnin engin afskipti af þessum málum, það er algerlega á valdi bæjarstjórnanna sjálfra, hvort þær vilja hafa á hendi nokkra vinnumiðlun, hvernig svo sem ástandið er í atvinnumálum. Samkv. gildandi l. getur ríkisstj. ákveðið að hætta að starfrækja vinnumiðlunarskrifstofu á einhverjum stað, þ. e. a. s. ef bæjarstjórnin fellst á, að skrifstofan sé lögð niður, en ef bæjarstjórn heldur skrifstofunni áfram, þá er ríkisstj. skyldug til að taka þátt í kostnaðinum við að starfrækja hana. Það er augljóst, að engin trygging er fyrir því, ef frv. er samþ., að vinnumiðlunarstarfseminni verði haldið uppi í landinu. Allar líkur benda til þess, að sveitarstjórnirnar muni taka sér ríkisstj. til fordæmis og feta í hennar fótspor. Ríkisstj. telur ekki ástæðu til þess að halda uppi vinnumiðlun, — því skyldum við vera að því? — Ég skal ekki fullyrða, að það verði svo, ég tel ólíklegt, að það verði hér í Reykjavík eða yfirleitt, en ég tel mjög líklegt, að einhvers staðar á landinu verði það niðurstaðan, ef frv. er samþ.

Hv. þm. sagði, að hvorki við né önnur þátttökulönd í alþjóðavinnumálastofnuninni væru bundin um aldur og ævi samþykkt hennar. Þetta er rétt, og ég býst við, að það sé rétt, að við séum ekki einu sinni, eins og nú stendur, formlega bundnir af samþykktinni frá 1948, vegna þess að hún var aldrei staðfest hér á Alþ. En það breytir ekki því, að í augum annarra aðila að þessum samtökum verður framferði ríkisstj. í hæsta máta undarlegt. Hún hefur tilkynnt, að það þyrfti ekki að breyta íslenzkum l. til þess, því að þau væru í samræmi við þessa samþykkt, en breytir svo l. nú þannig, að við komum ekki undir ákvæði samþykktarinnar. Ef við hefðum verið búnir að staðfesta þessa samþykkt, þá gátum við ekki leyst okkur frá henni á annan hátt en þann að gera nýja alþingissamþykkt um það, að við segðum okkur frá ályktuninni, og tilkynna það með hæfilegum fyrirvara. Ekkert slíkt er gert nú. Nú er þessari stofnun bara tilkynnt, að l. sé breytt þannig, að við fullnægjum ekki ákvæðum þessarar samþykktar. Ég veit, að hv. þm. viðurkennir, að þetta sé óskemmtileg aðferð, ég vil segja ósæmileg vinnubrögð að því er snertir þátttöku í alþjóðlegu samstarfi.

Ummæli hv. þm. um það, að svo hafi verið ástatt hér í Reykjavík, meðan mest var eftirspurn eftir vinnuafli á stríðsárunum, og eftir þau, að ekki hafi verið unnt að fá í gegnum vinnumiðlunarskrifstofuna mann til að vinna 1—2 tíma upp á annað en heil daglaun, er algerlega óviðkomandi starfi vinnumiðlunarskrifstofanna, þær hafa ekki nein afskipti af því, hvernig reglur eru settar um laun eða vinnutíma verkalýðsfélaga og samninga milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda, — það veit hv. þm. vel. Þetta er aðeins sú frjálsa samkeppni í samskiptum milli atvinnurekenda og verkamanna, það fer eftir því, hvernig kaupin gerast á eyrinni. Þegar svo mikill hörgull er á vinnukrafti, að menn geta sett slík kjör, þá gera þeir það sums staðar, og tilsvarandi aðgerðir koma á móti af hinna hálfu, þegar þessi viðskipti eru óbundin, eins og víða hefur átt sér stað. En hvað sem um þetta atriði má segja, þá er það ekki í sambandi við starf vinnumiðlunarskrifstofanna og engan veginn til þess ætlazt, að þær hafi áhrif á samninga milli atvinnurekenda og verkamanna um kaup og kjör og vinnutíma eða annað þess háttar, enda er þeim ekki slíkt ætlað.

Hv. þm. virðist halda því fram, að sönnun þess, að vinnumiðlunarskrifstofurnar geri ekki mikið gagn sé einmitt í því fólgin, að nú skuli vera, þrátt fyrir það þó að 2 vinnumiðlunarskrifstofur starfi í Reykjavík, yfir 3300 manns í landinu, sem búa við atvinnuleysi, þar af ⅓ hér í Reykjavík. Ég sé ekki, að þetta sanni nokkuð til eða frá að því er snertir vinnumiðlunarstarfsemina. Þetta sýnir okkur, að eins og sakir standa, þá hefur atvinnupólitík ríkisstj. leitt til þess, að atvinna hefur dregizt svo saman á vissum stöðum á landinu, að hún nægir ekki fyrir þann fjölda fólks, sem hefur lífsframfæri sitt af því að stunda þá vinnu, sem þar hefur fallið til. Þetta er sorgleg staðreynd, og það er á engan hátt hægt að kenna vinnumiðlunarskrifstofunum um það, þær geta í þessu sambandi ekki gert annað en það, ef þær geta dregið úr atvinnuleysinu með því að greiða fyrir samskiptum þeirra, sem vantar fólk, og þess hóps, sem vantar vinnu. Eitthvað munu þær geta dregið úr því, en að þær geti gerbreytt atvinnuástandinu í landinu með því verksviði, sem þær nú hafa, er auðvitað fjarri sanni. Til þess að það yrði gert, þyrfti að færa út þeirra starfsemi þannig, að þær hefðu ávallt undirbúnar framkvæmdir, sem hægt væri að snúa sér að, þegar vinnu þryti, og gætu þannig létt fyrir þeim, sem við atvinnuleysi búa. Ég vil á engan hátt draga í efa, að hv. þm. fylgi sannfæringu sinni í þessu máli, ég vildi bara óska, að hans sannfæring væri þá betur undirbyggð og sterkari rökum studd en mér finnst hún vera að þessu sinni.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Það eru tvö atriði, sem ég vildi svara í ræðu hv. þm., vegna þess að það snertir kjarna þessa máls. Annað er það, að hann segir, að það séu ósæmileg vinnubrögð að afnema þessi l. eftir þá samþykkt, sem við erum búnir að gera í sambandi við alþjóðavinnumálaskrifstofuna í San Francisco. Ég vil ekki samþ., að það séu ósæmileg vinnubrögð, en ég vil taka það fram, að það var vegna þess að þetta spor hefur verið stigið, að ég gerði tilraun til að fá málið leyst á öðrum grundvelli, og það er vegna þess, að ég er honum sammála um, að það hefði verið skemmtilegra að leysa þetta mál á öðrum grundvelli en gert er. En það tókst ekki að ná samkomulagi við meiri hl. nefndarmanna um að leysa málið á þann veg. Ég tel þetta hins vegar

ekki ósæmilegt fyrir okkur, — þetta er innanríkismál og það er engan veginn ósæmilegt fyrir okkur að afgr. málið eins og hér er lagt til.

Hitt atriðið er meginatriði málsins, þ. e. hvort nokkrar líkur eru til þess, að haldið verði áfram vinnumiðlun í landinu, og einmitt vegna þess að ég tel fullar líkur til þess, þá tel ég ekki heldur ósæmilegt að afgr. málið á þennan hátt. Öll rök hv. 4. þm. Reykv. um nauðsyn vinnumiðlunar í landinu styðja það, að það verði að halda áfram vinnumiðlun, því ef það er raunverulega hans skoðun, að vinnumiðlun yfirleitt sé nauðsynleg til þess að draga úr atvinnuleysinu, eins og hann heldur fram, — ætlar hann þá að telja mér trú um, að sveitarstjórnir með fulla ábyrgð leggi niður vinnumiðlun hjá sér? Hvers vegna ætti bæjarstj. Rvíkur að leggja niður sína vinnumiðlunarskrifstofu, ef hin skrifstofan er lögð niður? Hvaða frambærileg rök eru til þess að halda, að hún muni þá hlaupa til og einnig leggja niður sína skrifstofu? — Sannleikurinn er sá, að ég tel, að það falli enn meiri ábyrgð á hendur sérhverju sveitarfélagi til þess að halda uppi vinnumiðlun, þegar kreppir að. Þess vegna er meiri ástæða til þess að halda áfram vinnumiðlun en þó það sé gert samkv. l., sums staðar takmarkað, sums staðar sáralítið og sums staðar í sambandi við vinnumiðlun eða við hliðina á vinnumiðlun bæjanna. Ég held einmitt, að þetta sé trygging fyrir því, að vinnumiðlun verði haldið áfram.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það ætti ekki að vera þörf á því að deila um það, hvert sé hlutverk vinnumiðlunarskrifstofanna, vitanlega er það þetta: Að skrásetja vinnumarkaðinn, fá áreiðanlegar opinberar skýrslur um það, hvar sé ónotað vinnuafl og hvar er ekkert atvinnuleysi, til þess síðan að undirbyggja skynsamlegar aðgerðir og ráðstafanir til að fullnýta vinnuaflið, svo að atvinnuvegirnir geti fengið af því sem mest not og sem allra bezt sé bætt úr þörfum manna um atvinnu.

Það er vafalaust ekki hægt annað en viðurkenna, að þetta sé mikilsvert hlutverk, og þetta hlutverk er því þýðingarmeira sem meira ber á atvinnuleysi. M. ö. o., hlutverk vinnumiðlunarskrifstofanna hefur aldrei, um margra ára bil, verið eins brýnt og eins víðtækt og einmitt nú, og þá er rokið til að leggja niður alla íhlutun ríkisins um það, hvort haldið sé uppi rekstri vinnumiðlunarskrifstofanna í landinu eða ekki. Ég tek undir það með hv. 4. þm. Reykv., að ég tel þetta ákaflega furðulegt og stefnt alveg í öfuga átt af ríkisstj., sem vitanlega getur ekki lokað augunum fyrir því, hvernig atvinnuástandið er, og ekki heldur leitt hjá sér að gera ráðstafanir því til úrbóta. Ef menn væru bara að ganga með þessar skráningar án nokkurs tilgangs, þá væri sjálfsagt að hætta því, en þessi skráning fer fram til þess að mynda sér nauðsynlega og sanna mynd af atvinnuástandinu á hverjum tíma með það fyrir augum að vita, hvaða ráðstafanir eiga við. En ríkisstj., sem ætlar sér ekki að gera neinar ráðstafanir, hvernig sem atvinnuástandið verður, hún gæti sagt með nokkrum rétti: Ég kæri mig ekkert um að vera að kosta neinu til, að slík skráning fari fram á vinnuaflinu.

Það hefur engum dottið í hug að býsnast yfir því, að atvinnuástandið sé eins og það er, þrátt fyrir það, þó að l. um vinnumiðlun hafi verið í því formi, sem þau eru. — En það er annað. Af því að l. um vinnumiðlun eru í gildi ennþá, þá vitum við betur um það, hvernig atvinnuástandið var í ýmsum sveitarfélögum landsins um mánaðamótin janúar—febrúar, og það er sannarlega ekki lítils virði, ef góður vilji væri til þess að bæta úr því ástandi, að vita, hvernig því er háttað. Ef til vill munu sumir segja, að við værum rólegri um ástandið, ef við hefðum ekki fengið þessar ólukkans tölur, sem gáfu okkur þessa ónotalegu vitneskju. En það er aðferð strútsins að stinga höfðinu í sandinn, en ætti ekki að vera aðferð ríkisstj. og ekki heldur fylgismanna hennar. Ég kemst ekki hjá því að minna á, að það hefur verið furðuleg afstaða Sjálfstfl. í þessu máli, ekki aðeins á þessu þingi, heldur hvað eftir annað áður. Það hefur a. m. k. tvívegis verið borið fram frv. af einum þm. hans, hv. þm. N-Ísf., um það að gera breyt. á l. um vinnumiðlun. Í hvaða átt? Jú, bara í þá átt, að ríkisstj. skipi ekki formann í stjórn vinnumiðlunarskrifstofanna. En samkv. gildandi l. á að kjósa stjórn vinnumiðlunarskrifstofu á þann hátt, að bæjarstj. kýs 2 menn, samtök atvinnurekenda og verkamanna sinn manninn hvor, og ríkið, sem ber ⅓ kostnaðar, á að skipa formann, og mér sýnist það eðlilegur háttur að skipa þessum málum á þann hátt, að samtök atvinnurekenda og verkamanna skipi 2 menn, bæjarstjórn 2, þ. e. fulltrúa fyrir meiri hl. og minni hl., og ríkið hafi oddaaðstöðuna. En það er tvívegis búið að hamra á því, að það sé höfuðnauðsyn að breyta þessari skipan um stjórn vinnumiðlunarskrifstofanna. Getur hv. þm. Barð. sagt mér, af hverju þrástagazt er á því, að þessi breyting sé nauðsynleg? Það er ekkert af öðru en því, að Sjálfstfl. hefur lagt höfuðáherzlu á það í öllum þeim kaupstöðum, sem hann hefur meiri hl., að stjórn vinnumiðlunarskrifstofunnar væri skipuð í samræmi við flokkslegan vilja, og þar hefur verið þyngsta lóð á vogarskálinni vitneskjan um það, að þá væri vinnumarkaðurinn í Reykjavík undir nokkurs konar yfirstjórn Sjálfstfl., og jafnt í öðrum kaupstöðum, þar sem Sjálfstfl. hefur meiri hl. Það er þetta ofurkapp, sem lagt er á það að koma vinnumiðlunarskrifstofunum undir flokkslega stjórn Sjálfstfl., sem nú er fullkomlega með því að flytja þetta frv., sem ekki er heilbrigt mótív fyrir afgreiðslu málsins á Alþ. Það er á engan hátt hægt að skipa þessum málum á eðlilegri hátt en löggjöfin gerir ráð fyrir, að atvinnurekendur og verkamenn eigi jafna hlutdeild í stjórn þessara stofnana, en ríkið hafi oddaaðstöðuna, og því ætti ekki að breyta. Það er vitanlega hárrétt, sem hv. form. n. sagði áðan, að aðalatriði þessa máls er þörfin fyrir vinnumiðlun, þörfin fyrir skráningu vinnuaflsins og þörfin fyrir úrbætur til þess að nýta vinnukraftinn, og sú þörf hefur ekki verið jafnrík og nú í mörg ár.

Ég tel ekki hafa neina þýðingu að vera að ræða þetta mál miklu lengur. Það er áreiðanlega öllum hv. dm. ljóst, hvers eðlis málið er, og það eru ekki rökin, sem ráða afstöðu manna í þessu máli, eins og stundum vill brenna við, heldur fyrir fram teknar ákvarðanir, sem kaup hafa tekizt um innan ríkisstj., — þar verða menn að dansa eftir öðrum nótum en menn álíta réttast. Ég harma, að það skuli einmitt vera svona mál, sem einna auðveldast

virðist vera að fá samkomulag um í hv. sambræðslustjórn.

ATKVGR.
Rökst. dagskráin á þskj. 731 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KK, LJóh, VH, BBen, SÓÓ, GJ, HermJ, BSt.
nei: PZ, RÞ, StgrA, BrB, HV, HG.
3 þm. (JJós, ÞÞ, FRV) fjarstaddir.
2.—11. gr. samþ. með 8:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:4 atkv.

Á 85. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KK, LJóh, RÞ, ÞÞ, BBen, SÓÓ, GJ, BSt.
nei: HV, HG.
StgrA, BrB greiddu ekki atkv.
5 þm. (HermJ, JJós, PZ, VH, FRV) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Haraldur Guðmundsson: Ég álít, að hér sé um mál að ræða, sem sjálfsagt sé að spyrna gegn með öllum þinglegum hætti, og segi ég því nei.

Forseti (BSt): Afbrigðin eru samþ. með 8:2 atkv., 2 þm. sátu hjá, en 5 eru fjarstaddir. Málið liggur þá fyrir til 3. umr., og tekur hv. 4. þm. Reykv. til máls.

Haraldur Guðmundsson: Það liggur hér fyrir till. til rökstuddrar dagskrár frá meiri hl. heilbr.- og félmn., og er ég einn af þeim meiri hl. og mun því að sjálfsögðu fylgja þessari dagskrá. Hvaða afgreiðslu hún fær, er ekki hægt að segja um fyrir fram og ekki fyrr en umr. er slitið og atkvgr. um hana fer fram. Ég verð því að leyfa mér að leggja fram nú skriflegar brtt. við frv., sem því aðeins koma til atkv., að hin rökst. dagskrá nái ekki samþykki d., sem ég vil þó vona, að verði, því að ég tel, að það sé sú eðlilegasta og sjálfsagðasta afgreiðsla á þessu máli.
Þær brtt., sem ég legg fram, eru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: [Sjá þskj. 831.]
Ég tel, að eins og þessum málum er komið, eins og atvinnuástandið er í landinu, sé gersamlega óverjandi, að hæstv. ríkissti. fleygi frá sér allri ábyrgð í þessum efnum og firri sjálfa sig rétti til þess að hafa afskipti af meðferð atvinnumála í hinum einstöku kaupstöðum landsins.

Forseti (BSt): Mér hafa borizt brtt. frá hv. 4. þm. Reykv. (HG), sem hann hefur nú lýst. — Brtt. eru of seint fram komnar og auk þess skriflegar, og þarf því afbrigði til þess, að þær megi koma fyrir, og leita ég þeirra hér með.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 831) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Rökst. dagskráin á þskj. 731, frá meiri hl. heilbr.- og félmn., felld með 9:6 atkv.
Brtt. 831,1—2 felldar með 10:6 atkv.
— 831,3 felld með 10:4 atkv.

Frsm. meiri hl. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Ég vil vekja athygli á því, að 11. gr. gerir ráð fyrir, að l. taki gildi 1. marz.

Forseti (BSt): Þetta er að sjálfsögðu lítils háttar formgalli á frv. En ég sé nú ekki, að hægt sé að laga það úr því sem komið er. Þetta er 3. umr. og umr. slitið, og verður hv. d. að gera út um þetta með sínu atkv.

Frv. samþ. með 10:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 833).

---

54. Lax- og silungsveiði (innlausnarréttur veiðiréttinda).

Á 23. fundi í Nd., 17. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 1942, um breyt. á l. 112 1941, um lax- og silungsveiði [98. mál] (þmfrv., A. 173).

Á 24. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt af landbn., og er í aðalatriðum skýrt frá tilgangi þess í grg. Samkv. gildandi l. um lax- og silungsveiði er frestur til innlausnar á veiðiréttindum bundinn við árið 1947. Nú er það svo, að á nokkrum stöðum urðu landeigendur, er hug höfðu á þessu, of seinir til að krefjast innlausnar, og er þetta frv. flutt til að gefa mönnum kost á að innleysa réttindi sín í þessum efnum. Er það von mín, að hv. deild fallist á þann rétt, sem hér er veittur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 26. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 173, n. 247).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá er þessi breyt., sem gerð er með þessu frv., ekkert annað en það að framlengja þann rétt, sem menn hafa haft til að kaupa veiðiréttindi aftur til jarða sinna, til 1951. Eins og öllum er kunnugt, höfðu bændur rétt til að kaupa aftur lax- og silungsveiði undir jarðir sínar, sem hefur verið seld frá þeim áður fyrr, en jafnframt var sett það skilyrði, að þá væri myndað veiðifélag um ána. Nú eru veiðifélög ekki komin alls staðar, og þar af leiðandi hafa menn ekki getað keypt undir sig veiðina. Sums staðar hafa árnar verið leigðar erlendum mönnum þangað til 1951, og þá fellur sá leiguréttur niður, og líka af þeim ástæðum hafa menn ekki verið eins hugaðir að kaupa veiðina undir sig. Þess vegna hefur landbn. miðað réttinn við 1951, því að þá hygg ég, að þær ár séu orðnar lausar, sem eru í erlendri leigu, og þá er möguleiki fyrir menn að mynda um ána veiðifélag. Landbn. mælir með því, að þetta verði samþ., svo að enn um sinn gefist mönnum kostur á því að kaupa veiðina undir jörðina.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 3. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og sést á grg., er réttmæt krafa til þessara veiðiréttinda fallin niður. En ég vil spyrja hv. 1. þm. N-M., sem er manna kunnugastur um þessi mál, hvort það sé til mikils tjóns, ef þessi réttur er ekki endurnýjaður.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Eins og ég hef getið um áður, held ég, að aðalástæðan fyrir því, að þetta er sett svona fram í Nd., sé, að veiðiréttindin eru bundin við vissan tíma. Ég veit t. d. um eina á, sem er leigð útlendingum, en leigan er útrunnin í ár. Þá skapast möguleiki fyrir íslenzka veiðimenn að mynda með sér félag um hana í sumar. Og svo er önnur á, sem er í leigu íslenzkra manna og er veiðiréttur hennar líka útrunninn í sumar. Þá á að vera hægt að ná réttinum undir sjálfar jarðirnar. Þetta mun vera aðalástæðan, en það kann að vera eitthvað fleira, sem mér er ekki kunnugt um.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 305).

---

55. Fyrningarafskriftir.

Á 22. fundi í Sþ., 5. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir [126. mál] (þmfrv., A. 275).

Á 34. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Fjhn. flytur þetta frv. að tilmælum fjmrn., og er frv. um það að framlengja ákvæði gildandi laga um sérstakar fyrningarafskriftir. Samkv. þessum lögum er heimilað að reikna auka-afskriftir af vissum eignum við skattaframtal. Síðan hafa þessi ákvæði verið framlengd og gilda nú um tæki, sem tekin voru í fyrstu notkun 1949 og 1950. Lögin eiga því að falla úr gildi um næstu áramót, og er hér lagt til, að þau verði framlengd og nái til tækja, sem tekin verða í fyrstu notkun 1951—1953. — Fjhn. er sammála um að mæla með samþykkt þessa frv., og óska ég, að málinu verði vísað til 2. umr. að þessari lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 36. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það hefur um nokkur ár verið í lögum, að afskrifa megi ýmsar eignir eftir sérstökum lögum, skip og reyndar fleiri eignir, sem teknar hafa verið fyrst í notkun á þeim árum. Þessi ákvæði falla úr gildi 1. jan., en rétt þykir að leggja til, að þetta verði áfram í lögum um þau tæki og skip, sem tekin verða fyrst í notkun næstu 3 ár. — Ég hef svo ekki fleiri orð um þetta. Það mun ekki vera ástæða að vísa málinu til nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KK, RÞ, StgrA, VH, ÞÞ, GJ, HG, BSt.

PZ, HV greiddu ekki atkv.

7 þm. (JJós, LJóh, BBen, BrB, EE, FRV, HermJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þessi lög voru ranglát, þegar þau voru sett, og hafa orðið til þess, að margir stórgróðamenn hafa safnað auði, meðan aðrir eru komnir með eigur sínar niður í núll.

2. gr. samþ. með 8:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:1 atkv.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 392).

---

56. Verðlag.

Á 18. fundi í Ed., 13. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm [89. mál] (þmfrv., A. 148).

Á 19. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til að gera þrjár breyt. á l. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm. — Það hefur sýnt sig, að fornsölur hafa haft vörur á boðstólum svo að segja nýjar, sem eru ófáanlegar annars staðar, og við verði, sem annars staðar er óþekkt. Sumpart er þetta verð svona hátt vegna þess, að fornsölurnar kaupa vörurnar hærra verði en heildsöluverð þeirra er, og sumpart vegna þess, að þær leggja meira á en venjulega álagningu. Ég vil aðeins leyfa mér að nefna hér eitt dæmi: Gólfteppi, sem var fyrir nokkrum mánuðum keypt á 1600 kr., er nú til sölu í fornverzlun á 4200 kr., og þannig eru mörg dæmi um vörur, sem fornverzlanir hafa á boðstólum — stundum á þreföldu verði. Það mun vera nokkur vafi á því, hvort verðlagsákvæðin nái til þessara verzlana, en það er að minnsta kosti enginn vafi á því, að þau ná ekki til þess, að hægt sé að gera ráðstafanir til að hindra, að þær geti haft til sölu þessar óheyrilega dýru vörur og þannig aukið ágóða sinn og álagningu, því að það er gefinn hlutur, að ef keyptur er hlutur á 2000 kr. og síðan seldur með skaplegri álagningu, þá hefur fornsalan minna upp úr því en ef hún keypti hann á 3000 kr. og seldi síðan. — Þá miðar 2. gr. frv. að því að útiloka, að vefnaðarvara, sem ætluð er til sölu í verzlunum, sé seld til iðnaðar, nema til þess sé ætlazt, og 3. gr. er til lagfæringar á hegningarákvæðum l., sem margir hafa séð að þurfa lagfæringar við.

Ég vona, að þessar till. nái því, sem til er ætlazt, og leyfi mér að vænta þess, að frv. verði vísað til 2. umr., og þar sem frv. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm var í allshn. á síðasta ári, geri ég það að till. minni, að málinu verði vísað þangað að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 148, n. 217, 172).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Eins og segir í nál. á þskj. 217, ræddi allshn. þetta frv. við fulltrúa fjárhagsráðs og verðlagsstjóra. En þeir höfðu áður haft málið til athugunar og óskuðu beinlínis eftir því að ræða við n. eða einhvern úr n. um það. Og hafði fjárhagsráð sjálft tekið málið fyrir á fundi sínum, þannig að þessir menn, sem við allshn. töluðu, sem voru þá náttúrlega sérstakir fulltrúar fjárhagsráðs, voru algerlega umboðsmenn fjárhagsráðs á fundi n.

Um 1. gr. frv. segir svo í nál., með leyfi hæstv. forseta: „Í sambandi við 1. gr. frv. vill nefndin taka fram eftirfarandi: Samtímis því sem frv. þetta kom fram, hefur fjárhagsráð gefið út tilkynningu um hámarksverð á notuðum vörum, sem seldar eru í fornverzlunum. Nefndin vill ekki draga í efa heimild fjárhagsráðs samkv. gildandi lögum til að

gefa út slíka tilkynningu, en telur þó eftir atvikum rétt, að sett verði skýr ákvæði um þetta efni.“

Þetta var afstaða n. til þessa. Sem sagt, tilkynning kom nú þarna frá fjárhagsráði um þetta efni, samtímis því að þetta frv. kom fram hér í þinginu. En það þótti rétt, þrátt fyrir það, að leggja til, að þessi ákvæði væru gerð skýrari.

Þá er um 2. gr. það að segja, að eftir samræðurnar í n. lagði n. til, að sá málsl., sem lagt er til að breytt verði í gildandi l., skyldi orðast eins og segir í þskj. 217. En breyt. er fólgin í tvennu: Í fyrsta lagi, að samkv. breyt. er ábyrgðin lögð á herðar iðnfyrirtækjanna, en ekki verzlananna, eins og gert er ráð fyrir í frv., og þykir það í framkvæmd eðlilegt og nauðsynlegt og ekki framkvæmanlegt öðruvísi. Svo er breyt. fólgin í því, að bætt er við garni, þar sem talað er um, að óheimilt sé að framleiða vörur til sölu í verzlunum úr innfluttri vefnaðarvöru, nema innflutningsleyfi hafi verið veitt fyrir vörunni til iðnaðar, þannig að þarna komi: vefnaðarvöru og garni. Þetta heyrir undir sama þátt atvinnulífsins. Og þessi vara, garnið, vill renna út úr verzlunum og vera tekið til vinnslu á óeðlilegan hátt.

Þess skal getið í þessu sambandi, að fjárhagsráð hefur haft þetta mál talsvert mikið til athugunar og hefur víst gjarnan viljað gefa út tilkynningu um það eitthvað í þessa átt, sem hér er gert ráð fyrir. En það var ekki talið öruggt, að heimild væri fyrir því.

Eins og mönnum er kunnugt, hafa vefnaðarvörukaupmenn mjög látið í ljós, að þeir telji, að of mikið fari til iðnaðar af vefnaðarvörum. En eins og kunnugt er, fær iðnaðurinn ákveðinn hluta af innflutningnum á hverjum tíma til sinna nota. En það, sem ekki er flutt inn beinlínis til iðnaðar, er ætlað óumdeilanlega til þess, að það sé haft í verzlunum óunnið.

Það voru allir nm. mættir á fundi, þegar mál þetta var afgreitt, og voru þeir allir samþykkir því að afgreiða málið eins og segir á þskj. 217.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil spyrja hv. nefnd, hvort hún hafi talað við hæstv. viðskmrh. um málið.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Því skal svarað, að n. hefur ekki haft sérstakt samráð um þetta við hæstv. viðskmrh., og það var eiginlega vegna þess, að við töldum svo mikinn styrk að samvinnunni við fjárhagsráð um þetta, að það var ekki gert. En að sjálfsögðu mundi vera hægt milli umr. að ræða þetta nánar við hæstv. viðskmrh.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vildi beina því til hv. allshn. að tala um þetta mál við hæstv. viðskmrh. milli 2. og 3. umr. málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 172 tekin aftur.
Brtt. 217 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 229).

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Það kom til tals við 2. umr. þessa máls, að allshn. hefði ekki átt tal við viðskmrh. um þetta frv., og lofaði ég fyrir hönd n. að sjá um, að það yrði gert milli umr. Form. n. hefur nú rætt málið við hæstv. viðskmrh., og hefur hann fyrir sitt leyti engar athugasemdir við það að gera.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 32. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 33. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 15. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 229, n. 326).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég get látið nægja að skírskota til nál., en n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Athugasemd er í nál. frá tveim hv. nm., sem stafar af því, að þeir voru ekki alveg búnir að ganga frá afstöðu sinni, þegar n. afgr. málið, en síðar hafa þessir hv. þm. tjáð mér, að eftir nánari athugun tækju þeir undir álit n. um að samþ. frv. óbreytt.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal gera nokkru nánari grein fyrir afstöðu okkar tveggja nm. en hv. frsm. hefur nú gert. Fyrst þegar þetta mál var rætt í allshn., þá lét ég í ljós vantrú og að sumu leyti andúð á ákvæðum frv., þegar svo að segja stöðugt er verið að gera allt eftirlit margbrotnara og skipulagninguna víðtækari. Málin virðast ganga mjög stirðlega í þessu bundna kerfi, og þá var ætlað að bæta úr þessu með nýjum eftirgrennslunum og nýjum höftum, og taldi ég slíkt óvænlegt, og bæri fremur að höggva á hnútinn og draga úr höftunum og koma á frjálsara viðskiptalífi. Þetta var eitt atriðið m. a., sem mér þótti varhugavert, ekki eingöngu í þessu frv., heldur ýmsum málum, sem við erum þessa dagana að kljást við. Ég var einnig vantrúaður á það, að þetta frv. yrði til þess að bæta úr því ástandi, sem við allir erum sammála um að sé illþolandi, en það er, að heimilin fái ekki vefnaðarvöru óunna og þurfi að kaupa hana unna fyrir miklu meira verð en hún kostaði raunverulega, ef heimilin ættu kost á að leggja fram vinnu sína sjálf. Ég áleit, að farið yrði í kringum þessi ákvæði, og væri hér jafnvel verr farið en heima setið. Ed. gerði á

upphaflega frv. nokkrar breyt., og við nánari eftirgrennslan sýnist mér, að hér geti orðið af nokkur lagfæring, og það er fyrst og fremst af því, að það virðist vera samkomulag milli allra þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, um að vilja bæta úr þessu. Það liggja fyrir frá vefnaðarvörukaupmönnum, frá iðnrekendum og frá verðlagseftirlitinu yfirlýsingar um fullan vilja til að bæta úr ástandinu í þessum efnum, og þess vegna má vænta góðs árangurs af frv. En áður en þetta frv. var flutt, skrifaði Félag íslenzkra iðnrekenda fjárhagsráði og lagði þá til að taka upp sömu framkvæmd á þessu máli og þá, sem felst í þessu frv., og tel ég raunar, að þessa leið hefði mátt fara án sérstakrar lagasetningar. En afskipti Félags íslenzkra iðnrekenda eru mikið innlegg í málið, því að það eru einmitt þeir, sem hafa verið ásakaðir fyrir að taka vöruna til sín. Vil ég því með leyfi hæstv. forseta leyfa mér að lesa kafla úr bréfi iðnrekendafélagsins. Þar segir svo:

„Nýlega samþykkti félag vefnaðarvörukaupmanna ályktun þess efnis, að heimilin fengju of lítið af vefnaðarvöru og iðnaðurinn of mikið. Vegna þessa sérstaka tilefnis getum við ekki látið hjá líða að bera fram við háttvirt fjárhagsráð tillögu, sem er orðin mjög tímabær og miðar að því að bæta úr álnavöruskorti heimilanna. Vér leggjum til, að ekki verði öðrum aðilum leyft að framleiða og selja tilbúna fatnaðarvöru úr innfluttri álnavöru en þeim, sem hafa fengið gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir dúkavöru með það fyrir augum að vinna úr henni, þ. e. a. s. þeim, sem hafa iðnaðarkvóta. Framkvæmdina má hugsa sér þannig, að fulltrúum fjárhagsráðs í verðlagsmálum sé falið að synja samþykkis á verðreikningum frá öðrum fatnaðarvöruframleiðendum en þeim, sem hafa iðnaðarkvóta, og síðan mundi verðgæzlustjóri fylgjast með því, að ekki verði farið í kringum þessi fyrirmæli af þeim, sem flytja inn óunna vöru og eiga skilyrðislaust að afgreiða hana í því formi beint til neytendanna. Þessir síðasttöldu aðilar eru allir aðrir innflytjendur vefnaðarvöru en þeir, sem hafa iðnaðarkvóta."

Þannig hljóðar bréf Félags íslenzkra iðnrekenda, og ég hef rætt við fulltrúa verðgæzlustjóra um það, hvaða framkvæmd hann hugsaði sér á málinu, ef þetta frv. yrði að l., og þá vitnaði hann í álit iðnrekendanna og gerði ráð fyrir þessari framkvæmd, að fá yfirlit yfir þetta, þegar verðreikningar liggja fyrir frá iðnrekendum. — Skal ég svo ekki orðlengja þetta, en með tilvísun til þess, sem ég nú hef sagt, leyfi ég mér að leggja til, eins og aðrir nm., að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Á 42. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 428).

---

57. Skattgreiðsla Eimskipafélags Íslands.

Á 23. fundi í Sþ., 6. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands [127. mál] (þmfrv., A. 276).

Á 34. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Meiri hl. fjhn. flytur þetta frv. eins og áður. Eimskipafélagið hefur notið þessarar skattgreiðslu frá 1928. Einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að bera fram brtt. eða fylgja öðrum, og hygg ég það verði við 2. umr. málsins.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég er ekki sammála meðnm. mínum um flutning þessa frv., og get ég búizt við, að umr. geti orðið um það við 2. umr. málsins. Þetta spursmál er allmikið deiluatriði. Nú er Eimskipafélag Íslands með ríkustu félögum, sem til eru í landinu í hluthafaformi. Síðustu reikningar sýna um 55 millj. kr. eignir. Þó er margt af því metið á lágu verði. Andstaðan um skattfríðindi þess stafar ekki af því, að menn vilji draga úr gildi þess fyrir þjóðfélagið, enda hefur það greinilega komið fram á undanförnum árum. En hitt er allt annað mál, að nú þegar E.Í. er orðið eitt ríkasta félag landsins og það er talið þjóðarnauðsyn, að almenningur þrengi svo og svo mikið að sér, — er þá rétt og eðlilegt, að E.Í. haldi þessum skattfríðindum?

Nú er um tvennt að ræða:

1) Að E.Í. greiði skatta sína og létti þannig undir með öðrum þegnum þjóðfélagsins.

2) Að ríkið eignist ákveðinn hluta E.Í. sem mótvirði þess skatts, er ríkið gæfi eftir.

Ég veit, að viðvíkjandi því síðara mun vafalaust verða svarað, að það væri lítið betur farið, þó ríkið eignaðist allmikla hluti í Eimskipafélaginu, eins og nú er, það sé ekki svo heppileg stjórn á Eimskipafélagi Íslands, svo að það mundi ekki verða betra, þó ríkið færi að stjórna félaginu. Um það mætti margt segja og að sjálfsögðu ræða um stjórnina á Eimskipafél. Ísl. En hvernig svo sem um það hefur verið háttað fram að þessu, þá hefur að vísu ekki komið til neinna vandræða út af þessum málum, þ. e. hlutafjáreign einstaklinga í félaginu. En slíkt getur orðið, hvenær sem er. Það hefur hver maður, sem á hlutabréf í Eimskipafélagi Ísl., rétt til þess að selja sín hlutabréf. Þeir, sem eiga smáhlutabréf í félaginu, halda margir við það að eiga þau af gamalli tryggð. En það er ekki hægt að

segja, hvernig færi, ef af hálfu einstakra manna væri reynt að ná tökum í Eimskipafélaginu. Og það er ekkert sérstakt, sem kemur í veg fyrir það, hvað hlutafjáreignina snertir, að stjórn félagsins gæti með hlutabréfakaupum komizt í hendur nokkurra manna. Og þó ekki megi borga nema 4% arð nú sem stendur, þá er vitanlegt, að það að ráða slíku félagi getur þýtt það að ráða yfir stórkostlegum fjármálalegum forréttindum, þó ekki megi greiða í hlutafjárarð nema 4%. Og það kæmi til með því, hvernig hefur verið haldið vöruflutningum að skipum Eimskipafélags Ísl. og öðrum íslenzkum skipum. Og þá er gefið, að með núverandi farmgjöldum kemur Eimskipafél. Ísl. til með að safna allmiklum auði, sem m. a. er hægt að nota til yfirráða í fyrirtækjum, með því að setja fjármagnið í önnur fyrirtæki og nota það til fjáröflunar á þann hátt. Og nú þegar er það orðið svo, að Eimskipafél. Ísl. kaupir hlutabréf í öðrum félögum og eignast jafnvel meiri hl. í öðrum hlutafélögum hér á landi. — Ég veit, að máske muni það verða sagt sem mótbára hvað þetta snertir, að ef svo færi, að slík óheillaþróun færi að gerast í h/f Eimskipafél. Ísl., þá muni Alþ. vafalaust grípa inn í og koma í veg fyrir það. Ég vil í því sambandi segja, að það er enginn kominn til að sanna, ef Alþ. væri þannig skipað á slíkum tíma, að það kærði sig um að grípa þar inn í. Það væri hugsanlegt, að sams konar auðmenn eða auðfélög, sem þá ættu meiri hl. í Eimskipafél. Ísl. gegnum innkaup á hlutabréfum, hefðu einnig möguleika til að hafa meirihlutavald á Alþ. — Ég hygg því, að Alþ. eigi í tíma að gera sínar ráðstafanir viðvíkjandi þessu, þannig að ríkið eignist vaxandi hlutabréfaeign í Eimskipafélagi Íslands. Hitt er annað mál, að ríkið gæti sett ákvæði, sem þýddu það, að það yrði ekki gripið til þess að beita því valdi, sem hlutafé ríkisins gæfi, fyrr en sérstakt tilefni gæfist til. Það væri vel hægt, ef menn álitu þessa breyt. óheppilega vegna rekstrarskipulagsins. Ég held þess vegna, að það sé rétt, að þarna sé gerð á breyt. Ég er ekki þar með að meina, að venjuleg tekjuskatts- og eignarskattsákvæði ættu að gilda fyrir Eimskipafél. Ísl., því það mundi þýða fyrir Eimskipafél., eins og okkar tekju- og eignarskattslög eru nú sniðin og sérstaklega tekjuskattsl., að taka svo að segja allan þess gróða í ríkissjóð, svo stórt félag sem Eimskipafél. Ísl. er og eins og okkar skattalög nú eru. Það yrðu því að gilda um félagið nokkur sérstök skattfríðindi.

Ég mun nú sjá, hvort ekki muni verða einhver viðleitni um breyt. í þessa átt, sem tryggi betur aðstöðu þjóðarinnar a. m. k. hvað framtíðina snertir. Ég vildi þess vegna bíða og sjá, hvort brtt. kynni að koma fram við 2. umr. eða samkomulag kynni að verða um brtt. þá, ekki sízt vegna þess, að einstakir nm. hv. meiri hl. fjhn. hafa óbundnar hendur um brtt. Ég ætla þess vegna ekki að marka neitt frekar afstöðu mína um málið heldur en ég hef gert með þessu. Ég mun ekki verða á móti þessu frv. við 1. umr. og sjá svo, hvað gerist við 2. umr.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. En mér finnst þó ástæða til að benda á það, að Eimskipafél. Ísl. hefur á engan hátt brugðizt sínu verkefni og hefur starfað á undanförnum árum líkt og það væri fyrirtæki þjóðarinnar allrar. Ef menn þar hefðu einhverja tilhneigingu til að vinna fyrir sjálfa sig, þá hefðu þeir fallið fyrir þeirri freistingu á undanförnum árum. En svo hefur nú ekki orðið, heldur hefur Eimskipafél. Ísl. starfað á þann hátt, að hlutafjáreign einstakra manna í félaginu er líkust því, að viðkomandi menn ættu 4% ríkisskuldabréf eða slíkt. Þeir hafa aldrei misbeitt sínu valdi.

Ég hygg líka, að lengi mætti um það deila, hvort ekki borgaði sig betur, að ríkið gefi eftir skattgreiðslur félagsins til ríkisins, eins og nú er gert, og að Eimskipafélag Íslands sjái fyrir samgöngunum og skipakaupum, eins og það hefur gert, í stað þess að ríkið taki skatta af félaginu og eigi svo að borga styrki til félagsins vegna flutninga, eins og venjulegt er á öllum þessum sviðum. En lengra skal ég ekki fara út í það.

Ég mundi telja, að nokkur ástæða væri til að óttast, ef Eimskipafélagið sækti ekki um skattfrelsi, því að það væri þá gert í þeim tilgangi að losna við að mega ekki borga meira en 4% í arð af hlutabréfum. En meðan það sækir um skattfrelsi og vill vera bundið við 4% greiðslu í hagnað og að mega ekki verja fé félagsins í annað en til samgöngumála, þá er hinum þjóðfélagslega tilgangi með félaginu fullnægt. Hlutafélagsformið ber í sjálfu sér ekki að fordæma. Það hafa komið upp fyrirtæki, sem byggð hafa verið upp sem hlutafélög, þó að ríkið hafi þar sterkustu aðstöðu til stjórnar félagsins. Og þetta hefur gefizt vel. Og í þessu efni, sem hér er um að ræða, hygg ég, að það fyrirkomulag þurfi ekki að trufla hina æskilegu þróun í rekstrinum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hafði við 1. umr. gert nokkra grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, og ég hafði búizt við, að nokkrar brtt. kæmu fram við frv. fyrir 2. umr., þar sem einstakir nm. fjhn. höfðu áskilið sér rétt til að bera fram brtt. við frv. En engar slíkar breyt. hafa enn komið fram. Ég mun þess vegna ekki bera fram brtt. við frv. við þessa umr., þar sem ég geri ekki ráð fyrir, að aðrir en við sósíalistar mundu greiða þeim atkv., eins og nú er komið málinu. Ég get þá lýst því yfir, að ég mun greiða atkv. gegn 1. gr. frv. nú og rökstyð það með því, sem ég hef áður sagt hér, að ég tel það óforsvaranlegt, þegar álögur allar eru svo þungar á almenningi, að stærsta hlutafélagið sé skattfrjálst. Það var bent á það af hv. form. n., að það væri ekki svo hættulegt með það, að hluthafar Eimskipafélagsins mundu græða mjög mikið á félaginu, þegar félagið sækti um þessa undanþágu og á meðan sá varnagli væri sleginn, að ekki mætti greiða hluthöfum nema 4% í arð, en þá væri fyrst hætta á ferðum, þegar félagið hætti að sækja um slíka undanþágu, því að þá ætlaði það að greiða meira en 4% í arð af hlutabréfum félagsins. Ég vil mótmæla þessu. Sá arður, sem hér er af hlutafélögum, stafar ekki af

arðsútborgun, heldur er látinn renna til einstakra voldugra manna innan félagsins á annan hátt, en sú slæma regla er þar aftur á móti ríkjandi, að lítill eða enginn arður er greiddur af hlutabréfum, og er það gert til að gera hina smáu hluthafa leiða á því að vera í félaginu, og því reynt af hinum voldugri í félaginu að svelta hina smærri út úr því, gera þá leiða á að vera í félaginu. Og það að greiða ekki út arð í hlutafélögum er því venja hinna voldugu hluthafa til að ná öllum tökum á félaginu. Svo að það er síður en svo, að það geti ekki samrýmzt hag hinna voldugu að greiða ekki út arð af hlutabréfum. Ég hef bent á, að eins kunni að fara í Eimskipafélagi Íslands, og það, að hinir smærri hluthafar hafa ekki þegar selt sín hlutabréf í því, stafar af eins konar ræktarsemi við félagið, og að enn er við lýði hjá mörgum nokkuð af þeim hugsjónaeldi, sem vaknaði við stofnun Eimskipafélagsins. En sú regla, að ekki sé greiddur nema 4% arður, kemur á engan hátt í veg fyrir aukið vald hinna auðugri hluthafa í félaginu, og þó að svo sé enn, að mikill hluti af bréfunum sé á höndum annarra en þeirra, þýðir það engan veginn, að þjóðin sem slík hafi ráðin í þessu hlutafélagi. Ég tók enn fremur fram við 1. umr., að ég mælti þetta ekki fyrst og fremst vegna þess, að hættan væri svo mikil nú í augnablikinu, heldur vegna þess, að slík hætta gæti myndazt, ef einstakir voldugir menn fengju of mikið vald á félaginu, og hve slík yfirráð einstakra auðmanna í svo voldugu félagi sem Eimskipafélaginu gætu verið hættuleg. Og þess vegna væri heppilegast, að ríkið eignaðist nokkurn hluta hlutabréfanna, — gæti t. d. eignazt ⅛ hluta þeirra. Þetta mundi ekki þýða meirihlutaráð ríkisins í félaginu, heldur hefði það að sjálfsögðu aðeins ⅛ hluta atkvæða í því, en það mundi veita öryggi fyrir síðari tíma og vinna gegn of miklum ráðum einstakra voldugra manna innan félagsins. Mín skoðun er sú, að skynsamlegast sé að gera slíkar ráðstafanir með góðu samkomulagi við félagið og áður en veruleg hætta hefur enn myndazt. Eimskipafélagið nýtur enn mikillar viðurkenningar fyrir sitt góða starf í þágu þjóðarinnar, og ég býst við, að hægt væri að ná samkomulagi við það um skattgreiðslu. Ég vil minna á það, að það er ekki rétt gagnvart öðrum borgurum þjóðfélagsins að láta Eimskipafélagið njóta þessara algeru fríðinda um skattgreiðslur, þegar til eru í landinu önnur félög, sem starfa á svipuðum grundvelli, en verða að greiða alla skatta. Hins vegar veit ég, að þýðingarlaust er að bera fram um þetta brtt., nema fleiri standi þar að. Ég mun því greiða atkv. á móti 1. gr. frv. við þessa umr., en freista þess að ná samkomulagi um brtt. fyrir 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19:1 atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Á 37. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef við fyrri umræður þessa máls rætt nokkuð um það skattfrelsi, sem Eimskipafélaginu er tryggt með þessu, og ég hafði búizt við, að það mundu koma fram nokkrar brtt. við þetta frv. Mér hafði skilizt svo á þeirri afstöðu, sem fram kom í fjhn., að hún væri e. t. v. að hugsa um að koma með brtt. Það hefur ekki orðið af því, og þar með þykir mér sýnt, að ekki sé þess kostur að fá samkomulag um, að nokkuð af þeim gróða, sem Eimskipafélagið fær nú árlega, — m. a. vegna þess, hvernig að því er haldið öllum flutningum fyrir tilstilli ríkisins, — sé tekið til ríkisins, til þess að létta álögum af öðrum. Það ætti a. m. k. að fást samkomulag um, að ríkið fengi í staðinn fyrir skattfrelsið fleiri hlutabréf en áður í Eimskipafélaginu.

Ég álít mjög slæmt, að það skuli ekki nást samkomulag um þessa hluti. Það er áreiðanlega of langt gengið að gera þær stofnanir, sem njóta sérstakra hlunninda og fríðinda, skattfrjálsar. Þetta á ekki aðeins við með fyrirtæki eins og Eimskipafél., raunverulega er það að stefna í sömu átt með sum ríkisfyrirtækin, t. d. Landsbankann. Það er alveg ófært, þegar annar aðalatvinnuvegur landsmanna, vélbátaútvegurinn, er að kikna undir álögum, og það eru heimtaðir sívaxandi skattar í landinu til að standa undir atvinnuvegunum, að þó er ekki lagður skattur á þá vexti, sem Landsbankinn fær, eða þann farmgróða, sem Eimskipafélagið fær af freðfisksútflutningnum.

Ég býst við, að það sé ekki fjarri lagi, að $^1/_{10}$ af verðmæti freðfisksins nú séu farmgjöld til Eimskipafélagsins eða þeirra, sem flytja hann út. Hverjir vextirnir eru, vita menn. Þarna þarf að breyta til. Það er ekki hægt að láta skapast hér á landi auðfélög og auðstofnanir, sem eiga 50—100 millj. skuldlausar og eiga þar að auki að njóta skattfrelsis og safna meiri og meiri gróða af undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, sem ris þó ekki undir sínum eigin rekstri. Ég hef ítrekað þetta nokkuð, bæði við 1. og 2. umr. þessa máls, og ekki fengið undirtektir. Ég hef ítrekað það um leið, að afstaða mín til Eimskipafélagsins væri ekki af því, að ég kynni ekki að meta til fulls störf þess, en ég álít, bæði vegna þeirra ástæðna, sem eru hjá almenningi, og vegna þjóðarinnar allrar, að heppilegra hefði verið að gera þarna nokkrar breytingar á. En úr því að ekki er neinn möguleiki fyrir brtt., sem yrði samþ., þá mun ég ekki bera fram brtt., heldur halda áfram að greiða atkv. móti þessum lögum til að leggja áherzlu á, að ég álít ekki stefnt í rétta átt með áframhaldandi skattfrelsi þessa auðugasta fyrirtækis landsins á sama tíma og álögur á almenning eru þyngdar.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. hefði borizt frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 36. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 276, n. 420).
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er gamall kunningi hér á Alþingi og þarf ekki að eyða mörgum orðum um það. Fjhn. hefur athugað þetta frv., og varð nefndin ekki sammála um það. Minni hl., hv. 1. landsk. þm. (BrB), vill fella það. Meiri hl. leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Ég skal ekki tefja tíma d. á þessu máli og láta þetta nægja, nema sérstakt tilefni gefist. — Ég legg til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nefndarálit þetta án fyrirvara og mun greiða atkv. með frv. óbreyttu. Ástæðan til þess er sú, að það mun koma þungt niður á Eimskipafélag Íslands að greiða stóreignaskatt fyrir ýmsa, er hluti eiga í félaginu, og auk þess hefur E.Í. staðið í ýmsum framkvæmdum, byggt ný skip o. s. frv. Ég ásamt 1. þm. Árn. flutti frv. um þetta efni í fyrsta skipti hér á þingi, og þá varð það að lögum. En þá var ekki ætlunin, að það gilti um aldur og ævi. Og ég vil, að það verði ekki skilið svo, að E.Í. eigi í framtíðinni að hafa þessi skattfríðindi. Þetta vildi ég, að mætti koma hér fram.

Haraldur Guðmundsson: Það er rétt hjá hv. frsm. fjhn., að þetta frv. er gamalt og kemur hér fram á öðru hverju þingi og er þá venjulega afgr. í flaustri. Ég hef jafnan greitt atkv. gegn þessum skattfríðindum, en ekki vegna þess, að það er E.Í., sem á í hlut, heldur tel ég, að hér sé farið inn á ranga braut. Það væri þá miklu nær að styrkja félagið á einhvern annan hátt. Upphaflega voru þessi fríðindi veitt með vissum skilyrðum, t. d. að það skyldi veita ákveðnum fjölda námsmanna ókeypis far til útlanda, — en ég held, að þessi skilyrði hafi nú verið felld brott. En þótt segja megi, að það starfi meira nú sem alþjóðarfélag en einkafélag, þá getur hæglega orðið breyting á því. Get ég því ekki fallizt á, að það eigi að veita félaginu þessi fríðindi. — Ég hygg, að skv. hinum sérstöku ákvæðum um fyrningu skipa, þá sé ástæðulaust að undanþiggja félagið tekjuskatti, a. m. k. þær afskriftir, sem þar eru heimilaðar, eru svo rúmar, að það útilokar, að eignir félagsins komi til skatts, þó að það eigi nú 4 ný skip.
Þá vil ég geta þess í sambandi við hinn mikla eignaauka félagsins, er myndaðist með sérstökum hætti, að hagnaðinn fékk félagið sem sé ekki af sínum eigin skipum. Á þessum tíma var það ríkisstj., sem gerði ráðstafanir til að fá skip á leigu og fékk þau með ákveðnum kjörum, og síðan voru þessi skip afhent E.Í., og gróðinn af þessum skipum var mikill og rann í vasa E.Í. Það hefði verið eðlilegra, að hagnaðurinn hefði runnið til ríkisins og hefði síðan mátt leggja hann til félagsins, er varið skyldi til nýbygginga. — Ég kunni betur við að láta þessa greinargerð koma fram vegna afstöðu og atkvæðis míns.

Brynjólfur Bjarnason: Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. Barð. hafi getið þess, að n. klofnaði um málið, og nál. frá mér liggur enn ekki fyrir. Ég er andvígur þessu frv., og það er æði skrýtið, að hv. Alþingi skuli þurfa að eyða tíma í að ræða þetta mál á hverju ári. Ég hef verið andvígur þessu frv. og tel enga frambærilega ástæðu til að ívilna félaginu um skatta; því hefur græðzt svo mikið fé á undanförnum árum. Hér er um svo lítil skilyrði að ræða, og mundu sjálfsagt fleiri vilja njóta þessara hlunninda, ef boðið væri.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég þarf ekki mikið að ræða um málið sjálft, því að ég er á móti því og hef alltaf verið. Hins vegar langar mig til að fá nokkrar upplýsingar hjá hv. frsm., því að n. hlýtur að hafa athugað þetta mál.
1) Uppfyllir Eimskipafélag Íslands enn þá þau skilyrði í 3. gr. l. að veita 60 mönnum ókeypis far á ári til útlanda? — Ég er hræddur um, að þetta skilyrði hafi ekki verið uppfyllt.
2) Úr því að það liggur núna svona mikið á að veita þessi skattfríðindi, þar sem sagt er, að eignaraukaskatturinn verði svo þungur á félaginu, hefur þá félagið ekki afskrifað eignir sínar eins og löglegt er? Ef svo er, þá er skrýtið að tala um þungan eignaraukaskatt, — þegar hús félagsins er komið niður í 1 krónu og „fossarnir" niður í 500 kr. Þetta virðast vera sæmilegar afskriftir, og ég hugsa, að félagið sleppi sæmilega við eignaraukaskatt samanborið við aðra. — Mér finnst þá lítið verða eftir af þeirri röksemd, þar sem því er haldið fram, að aðalástæðan til þessara skattfríðinda sé sú, að félagið hljóti svo þungan eignaraukaskatt.
Um þetta hvort tveggja langaði mig til að fá upplýsingar: hvernig 3. gr. laganna hefur verið haldin og hvað eignaraukaskattur félagsins mundi verða mikill og á hvaða eignir lagður.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Út af framkomnum aths. vil ég segja nokkur orð. — Hv. 1. þm. Eyf. lýsti því, að hann væri raunverulega andvígur skattfríðindunum. En hann mundi hins vegar samþ. frv. nú, m. a. vegna þess, að félagið yrði annars að greiða eignaraukaskatt fyrir hluthafa og hann nokkuð þungan á þessu ári. Ég mun ekki ræða þessi atriði og læt nægja fylgi hans við frv. og er honum þakklátur fyrir yfirlýsingu hans.
Hv. 4. þm. Reykv. lýsti sig andvígan skattfríðindunum sumpart vegna þess, að þau skilyrði, sem félaginu hafi verið sett, hafi ekki verið uppfyllt og ekki sé trygging fyrir því, að ágóði félagsins verði notaður til almenningsheilla —, og minntist hann á það, að ágóðinn af leiguskipunum hefði átt að renna í ríkissjóð — eða þá ríkið að öðrum kosti að verða hluthafi í félaginu. — Ég get ekki upplýst nú, hvort þessi skilyrði hafi verið uppfyllt nú eða ekki. Ég vil benda hv. þm. á, að Alþingi á að sjá um, að eignir félagsins séu notaðar til almenningsheilla. Félagið greiðir nú 4% arð til hluthafa. Auðvitað er hægt að svipta þessu og taka skattfríðindin af. Svo að ég get ekki séð, að hv. þm. geti bundið

fylgi sitt við þá ástæðu að ætla, að þetta verði ekki gert. Ef það sannast, að E.Í. hafi ekki notað þetta fé til almenningsheilla, þá getur Alþingi gert það, sem því sýnist. Hitt atriðið, að arðurinn renni til félagsins, getur ekki heldur verið nein ástæða. Ef svo væri ekki, þá er ekki nema um tvennt að ræða: 1) Félagið verði gert upp vegna taps á eigin skipum. 2) að láta ríkið verða hluthafa í félaginu, — og það er þetta, sem hv. þm. vill. — Ber skipaútgerð ríkisins sig svo vel, að það sé æskilegt, að ríkið geri út fleiri skip? — Vegna þessara fríðinda, sem félagið hefur notið frá upphafi, þá er nú svo komið, að það á þennan glæsilega skipastól, sem siglir meira að segja fyrir erlend skipafélög og aflar þar með Íslandi gjaldeyris og ber uppi heiður og nafn Íslands á erlendum höfnum. Allt þetta væri útilokað, ef fylgt væri stefnu þeirra, sem afnema vilja skattafríðindin, því að þá væri félagið í raun og veru, eins og flest önnur félög, sem rekin hafa verið sem fyrirtæki einstaklinga, steindautt, vegna þess að okkar skattalög bera í sér dauða hvers fyrirtækis, sem þau ná til. En það er það, sem þessir menn stefna að, sem vilja ekki láta Eimskipafél. Ísl. njóta skattafríðinda áfram, að einstaklingafyrirtæki, hvort sem þau eru rekin í sambandi við einstaka menn eða sem hlutafélög, geti ekki safnað fé og gegnt sínu starfi, heldur fari þetta allt yfir á ríkið og ríkissjóð, þannig að það sé ríkið, sem sé atvinnurekandinn og forsjónin í þessum hlutum í landinu. Þetta er stefnumál, og af þessari stefnu er afstaða hv. 4. þm. Reykv. sprottin. Ég hefði talið, að miklu fremur hefði verið ástæða til að viðurkenna hagsýni Eimskipafél. Ísl. og lofa því að starfa áfram, af því að það hafði hugsun á því að leigja skip á stríðstímanum, til þess að jafna hallann á rekstri sinna eigin skipa. Því að annars hefði Eimskipafél. Ísl. orðið að gefa upp baráttuna fyrir að halda rekstrinum í góðu horfi. Og því má ekki heldur gleyma í sambandi við Eimskipafél. Ísl., að það hefur á tvennum ófriðartímum, 1914 til 1918 og 1939 til 1945, verið sá aðilinn, sem hefur haldið uppi sambandi milli Íslands og útlanda, þegar svo að segja engir aðrir fengust til að gera það, og það þannig, að þessa þjóð hefur ekki skort vörur og við höfum getað lifað nokkurn veginn sem menningarþjóð, jafnvel þó ófriður væri árum saman. Nú vilja sumir hv. þm. launa þetta hlutverk, sem félagið leysti af hendi á hættutímum og erfiðleikatímum, með því að lama þetta félag svo fjárhagslega, að það verði að draga stórkostlega saman sinn rekstur. — Ég vil geta þess, að óbeinlínis greiðir Eimskipafél. Ísl. stórkostlegar fjárfúlgur í ríkissjóðinn í sambandi við ýmis gjöld, sem renna í ríkissjóð, sem ríkissjóð munar mjög mikið um og meira en nokkurn tíma tekjuskattinn af félaginu. Því að væri það vængstýft eins og hér er ætlazt til af sumum hv. þm., þá mundi að sjálfsögðu umsetning þess, fjármagn og geta um leið minnka svo mjög til að skapa mönnum atvinnu og til þess að afla gjaldeyris fyrir þjóðina og til þess að bera uppi með heiðri nafn landsins erlendis, eins og það jafnan hefur gert frá fyrstu byrjun síns starfs.

Hv. 1. landsk. þm. sagði, að úr því að það væri verið að bera þetta mál, sem hér liggur fyrir, fram á hverju þingi, þá hefði verið eðlilegast að vera ekki að takmarka tímann, sem þetta gilti fyrir. Ég er eiginlega alveg á sömu skoðun. Ég álít, að þetta hefði ekki átt að gilda aðeins um tvö ár, heldur um ótiltekinn tíma, svo lengi sem Eimskipafélag Ísl. sinnir þessu hlutverki, sem það gerir, og greiðir ekki nema 4% í arð og ver ekki sínum hagnaði nema til almenningsheilla. Og ég mundi hafa flutt brtt. um þetta nú, ef ekki væri það á móti því, að það kostaði það, að frv. yrði þess vegna að fara aftur til hv. Nd., svo fremi að sú brtt. væri samþ. En ég vil ekki tefja fyrir málinu, og treysti því, að það nái fram að ganga. Ég treysti því, að svo margir verði unnendur Eimskipafél. Ísl. á Alþ. framvegis, að þessu máli verði aldrei hætta búin, svo oft sem það kemur til afgreiðslu þingsins.

Út af aths. frá hv. 1. þm. N-M., sem lýsti hér yfir, að hann væri á móti málinu, og gerði þá fyrirspurn, hvort félagið uppfyllti enn þá skilyrðin, sem sett eru í 3. gr. l., þ. e. að flytja ákveðinn hluta námsmanna ókeypis milli landa, og hvort n. hefði ekki kynnt sér þetta, vil ég taka fram, að málið var ekki tekið til athugunar í hv. fjhn. fyrr en í dag. Það hefur ekki verið tími til þess að leita slíkra upplýsinga. Mér þykir hins vegar líklegt, að með breyttu viðhorfi í landinu, síðan þetta ákvæði var sett, þá hafi einnig það breytzt, að Eimskipafél. Ísl. hafi ekki gert þetta — hvorki kannske haft aðstöðu til þess eða jafnvel að ekki hafi verið þörf fyrir að það væri gert, á sama hátt sem þörfin var fyrir þetta á þeim tíma, sem þetta ákvæði var sett. Þó er mér ókunnugt um, nema félagið geri þetta enn að einhverju leyti. Og um það má fá upplýsingar. En sé ekki þetta skilyrði uppfyllt, þá finnst mér ekkert á móti því, að það sé á valdi fjmrh. að meta það til fjár, hvað þetta sé mikið atriði, sem þannig er óuppfyllt, og láta Eimskipafél. greiða fyrir það. Það getur ekki gert ákaflega mikinn mismun, hvernig þessu er farið nú. Ég vil í sambandi við þetta benda á, að í mörg undanfarin ár hefur Eimskipafél. Ísl. ekki haft í raun og veru annað farþegaskip í förum en Brúarfoss. Því að hin skipin eru flest ekki farþegaskip, þó að þau geti tekið nokkra farþega, og á síðasta sumri að nokkrum hluta var Gullfoss í förum hjá félaginu sem farþegaskip. — En n. er ekki kunnugt um, að hve miklu leyti þetta skilyrði hefur verið uppfyllt.

Hitt atriðið, sem hv. þm. spurði um, eftir hvaða reglum Eimskipafél. Ísl. afskrifaði sínar eignir, þá óskaði hv. þm. alveg sérstaklega upplýsinga um það í sambandi við það, sem félagið á að greiða í skatt vegna skipanna og annarra eigna. Og hv. þm. telur, að þetta atriði sé undirstaða þess, hvort þetta mál eigi fram að ganga. Ég upplýsi, að það er ekki afstaða meiri hl. n. Það hefur engin áhrif á mína afstöðu til málsins. Ég hefði hins vegar álitið rétt, að Eimskipafél. Ísl. hefði ekki heldur átt að greiða þennan eignaraukaskatt, en geri það ekki að neinu ágreiningsatriði, enda er það eftir ákvæðum í öðrum lögum. En það hefur engin áhrif á mína afstöðu til málsins, hvort Eimskipafél. Ísl. greiðir hann. Það er og verður þjóðarblessun, að Eimskipafél. Ísl. fái að starfa og inna sitt hlutverk af hendi, án þess að vera vængstýft fjárhagslega. Það hefur sýnt sig öll undanfarin ár, að félagið hefur rækt þetta hlutverk vel. Og það hefur sýnt sig, að það er eina gufuskipafélagið í landinu, þrátt fyrir það þó önnur hafi komið upp,

sem hefur getað staðizt öll þessi áföll, sem það hefur gert einmitt fyrir þau skattfríðindi, sem Alþ. hefur veitt því. Öll önnur félög, sem hafa komið hér upp til að inna af hendi sama hlutverk, eru horfin að meira eða minna leyti. Og hversu stórt atriði gæti það ekki orðið fyrir Íslendinga, ef siglingar gætu orðið með stærstu atvinnugreinum landsmanna með fjölgun á skipum flotans, svo að við gætum þannig tekið inn mikið af erlendum gjaldeyri. Hvaða atriði er þetta fyrir Norðmenn? Það sama gæti orðið hjá okkur og hjá Norðmönnum í þessu efni, svo framarlega að ekki sitji á Alþ. of margir skammsýnir menn á þessum sviðum. En flestallar tilraunir til þess að koma upp flutninga- og farþegaskipum hér á landi hafa orðið til einskis, vegna þess að þegar vel hefur gengið fyrir slíkum fyrirtækjum, hefur allur ágóðinn verið tekinn af þeim, og þegar illa hefur gengið fyrir þeim, hafa þau ekki haft í neitt hús að venda, en orðið að gefast upp. Þetta er nú sú raunasaga.

Ég get þess vegna ekki upplýst það, sem hv. þm. spurði hér um. Meiri hl. n. þótti ekki ástæða til að tefja málið til þess að fá þessar upplýsingar, vegna þess m. a., að það hefði ekki haft nein áhrif á afstöðu þess nefndarhluta til málsins. Ég hygg því, að þær aths., sem fram hafa komið, séu nægilegt svar.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Nokkrar fullyrðingar í ræðu hv. frsm. meiri hl. n. eru þannig, að mér þykir ástæða til að svara þeim nokkrum orðum. Hann segir, að ég og mínir flokksmenn stefnum að því að gera rekstur Eimskipafél. Ísl. að opinberum rekstri. Það er að vissu leyti rétt. Ég teldi það miklu heppilegra og meira öryggi í því fyrir þjóðina, að ríkissjóður ætti meirihlutaráð í félaginu. Að hv. þm. vill nú, að félagið borgi ekki nú tekjuskatt og eignarskatt, er í sjálfu sér eðlilegt. Það er í samræmi við það, að hann telur, að allir beinir skattar eigi að vera felldir niður, það verði hætt að taka tekjuskatt í ríkissjóð af tekjum manna. En ég veit ekki, hvernig þá færi fyrir Eimskipafél. Ísl. Þá eru þessi fríðindi búin að vera. (**GJ:** Einkennileg rök.) — Ástæðan til þess, að Eimskipafél. Ísl. voru í upphafi veitt þessi skattfríðindi, var sú, að það átti við að keppa erlend félög, og var þetta gert til þess að félagið gæti komið undir sig fótum í byrjun, til þess að standast samkeppnina við þessi erlendu félög. Og það var rökstuðningurinn fyrir þessum skattfríðindum. Nú er sá grundvöllur fyrir þessu löngu *burtu fallinn. Hér er engin erlend félög að keppa* við nú. Og þetta er sérstök aðstaða, sem Eimskipafél. Ísl. hefur gagnvart öðrum skipafélögum. Og hvenær sem Eimskipafél. Ísl. er losað við skatta, er gengið á hlut hinna, sem greiða skatta. Þeirra skattar verða hærri af þeim sökum. Og ég sé ekki, að ástæða sé nú til þess að halda þessum skattfríðindum áfram til handa þessu félagi. Norðmenn hafa miklar gjaldeyristekjur af sínum skipaflota. Ég veit ekki annað en skipafélögin hjá þeim borgi skatta, eins og hver önnur félög og einstaklingar borga til hins opinbera. — Ég skal svo láta þetta nægja.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, JJós, KK, LJóh, VH, ÞÞ, GJ, BSt.
nei: HG, PZ, RÞ, StgrA, BrB, FRV, HV.

2 þm. (BBen, EE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 8:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:3 atkv.

Á 43. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 443).

---

58. Aðstoð til útvegsmanna.

Á 20. fundi í Nd., 13. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um aðstoð til útvegsmanna [88. mál] (þmfrv., A. 147).

Á 21. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. um aðstoð til útvegsmanna er flutt að beiðni hv. sjútvmrh., en einstakir nefndarmanna hafa áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Hæstv. ráðh. mun nú gera grein fyrir efni frv. En að lokinni þessari umr. legg ég til, að því verði vísað til 2. umr.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Enda þótt hér sé um allmikinn lagabálk að ræða, er ekki ástæða til að halda langa ræðu, því að málið er gamalkunnugt hér á Alþingi, mest vegna þess að sum þau ákvæði, sem lög þessi fjalla um, hafa verið rædd í sambandi við setningu fjárlaga undanfarið og sum fest sérstaklega í lögum nr. 85 1948. Ef nú er farið að fyrnast yfir einstök atriði þessa máls í minni hv. þm., þá er það rifjað upp í tveimur bréfum, sem ráðuneytið lét fylgja þessu frv., sem eru dagsett 27. sept. s. l. og 13. okt. s. l., og eru bæði frá skilanefnd, sem hefur í tvö ár fjallað um þessi mál, og eru þau prentuð aftan við frv.

Kjarni málsins er sá, að bátaeigendur hafa verið í skuldaskilum undanfarin tvö ár og auk þess haft skuldafrest nokkurn tíma áður. Ástæðan er hinn bági fjárhagur útvegsmanna, sem mönnum er löngu kunnur. Ég hygg, að það sé álit þeirra manna, sem bezt þekkja til um hag útvegsmanna, að þeir séu svo illa á vegi staddir nú, að tæplega sé von, að þeir rétti við af eigin rammleik. Ég er þó ekki að spá því, því að margt skeður, sem framsýnir menn ekki sjá, hvað þá aðrir, en það er ekki skynsamleg bjartsýni að gera ráð fyrir því, að útgerðin rétti við af eigin rammleik. Og um það ástand, sem nú er fyrir hendi, um þvingunar-

skuldaskil, fjallar þetta frv. Það er að sönnu svo, að í frv. er gert ráð fyrir aðstoð til handa þeim útvegsmönnum, sem vilja reyna frjáls skuldaskil skv. 1. gr. En því miður er svo komið hag flestra útvegsmanna, að aðeins fáir munu geta orðið þeirra hlunninda aðnjótandi án þess að þvingunarskuldaskil komi til. Í þeirri stuttu grg., sem fylgir frv., er gerð grein fyrir þeim breytingum frá áður gildandi l. og eins og þar segir, þá er meginmunurinn á ákvæðum I. kafla frumvarpsins og II. kafla laga nr. 100/1948 sá, að í 5. gr. frumvarpsins er það skilyrði sett fyrir aðstoð, að birt verði áskorun til lánardrottna og ábyrgðarmanna aðstoðarbeiðanda um að lýsa kröfum á hendur honum að viðlögðum kröfumissi, og enn fremur að eftirgjafir á lánum ríkissjóðs samkvæmt 1. gr. skuli ekki nema hærri hundraðshluta en eftir verður gefinn að meðaltali þeim útgerðarmönnum, sem aðstoð fá samkvæmt II. kafla frumvarpsins. Þ. e. a. s., að þeir, sem fá frjáls skuldaskil, mega ekki fá að meðaltali meiri hluta eftirgjafar en þeir, sem bundnir eru við þvinguð skuldaskil skv. II. kafla frv.

Varðandi innköllun skulda hefur verið nokkur ágreiningur, hvort nauðsynlegt væri að láta slíka innköllun fara fram. En við nánari athugun á málinu hef ég fallizt á þá skoðun, að slíkt sé nauðsynlegt og muni, þegar á hólminn kemur, reynast aðila hagkvæmast til öryggis. Þetta frv. er að því leyti frábrugðið fyrri lögum um þetta efni, að gert er ráð fyrir lánum úr skuldaskilasjóði með 5% vöxtum til að veita útgerðarmönnum aðstoð á þá lund, en þó með þeim hemli, að lánið fari ekki fram úr 20% af eign þeirra. 10. gr. kveður á um, hverjir skuli fá lán úr sjóðnum, en auk þess er gert ráð fyrir greiðslufresti á afborgunum til stofnlánadeildar og fiskveiðasjóðs, og það var skoðun bæði skilanefndar og ríkisstj., að án slíks frests næðu slík skuldaskil ekki fram að ganga, og þetta var gert með góðu samþykki, en þó þannig, að afborgunum þessara 3 fyrstu ára er deilt með jöfnum þunga niður á hin árin, og ég hygg, að þessi frestur ætti að geta komið útvegsmönnum að haldi. Þessi frestur til stornlánadeildar og fiskveiðasjóðs nær til allra, hvort sem um er að ræða frjáls skuldaskil samkv. I. kafla eða þvinguð skuldaskil samkv. II. kafla. Ég geri helzt ráð fyrir, að ágreiningur geti orðið um það, hvort nauðsynlegt hafi verið að láta þvinguð skuldaskil fara fram, og hvort ekki hefðu nægt þessar 18,5 millj. úr ríkissjóði án þess að nokkuð annað kæmi til, og ég viðurkenni, að mér hefði verið sú leið hugljúfust, að sú aðstoð, sem ríkið veitti, hefði meir verið hugsuð sem styrkur en sem lán, og ég er sannfærður um, að ef nægilegt væri að gefa útvegsmönnum þessar skuldir eftir, þá ættu þeir einhuga vilja Alþingis að baki sér í því, en því miður geri ég ekki ráð fyrir, að fjárhag þeirra sé svo komið nema í örfáum tilfellum. Þá kom til álita að hafa þann hátt á að segja við útvegsmenn, sem svo vel væru staddir að geta keypt sig undan viðjunum, að þeir mættu nota þetta fé til þess, þá hefði komið fram sú gagnrýni, að þeim, sem kröfur áttu á hendur útvegsmönnum, hefði verið ívilnað, þetta hefði verið talið misrétti, og ég hef látið sannfærast af rökum þeirra manna. Meginatriði þessa máls, um frjálsu og þvinguðu skuldaskilin, verður þess vegna það, að enda þótt ríkið kannske hefði verið fáanlegt til þess að gefa eftir þær 18½ milljón kr., sem það telur til skulda í þessum efnum hjá hlutaðeigandi aðilum, gegn því, að aðilar þessir hefðu þá getað keypt sig frjálsa allra annarra krafna, með því að strika út þessar skuldir, þá hefði sú leið komið mjög takmörkuðum hópi útvegsmanna að haldi. Hins vegar þótti ekki fært að veita þennan rétt nokkrum örfáum mönnum, úr því að ríkið ætlaði að gera kröfur hvort sem væri í bú þeirra, sem farið yrði með í þvinguð skuldaskil. En ég álít, að ríkið eigi að gera það. Mín skoðun er sú, frá því er ég kom í þetta ráðherraembætti og að svo miklu leyti sem ég hef látið hana í ljós, að ég hefði tilhneigingu til að láta gefa eftir þessar kröfur, ef hægt væri að kaupa menn með því undan öllum kröfum með skuldaskilum með þvingunarvaldi, en ef útvegsmenn á annað borð gætu ekki keypt sig frjálsa frá þvinguðum skuldaskilum, að ríkið þá gerði gildandi sínar kröfur eins og aðrir.

Og hv. þm. verða að gera sér grein fyrir því, að í þvinguðum skuldaskilum í þessum efnum er eftirgjöf kvaða af hendi ríkissjóðs þá ekki orðin nein linkind gagnvart útvegsmönnum, heldur gagnvart kröfuhöfum á hendur útvegsins, og það hefur a. m. k. stundum heyrzt á hæstv. Alþ., að sumir þeirra manna hafi hagnazt svo vel á útveginum, að ekki þætti ástæða til að bæta þar um af ríkisins hendi.

Ég endurtek svo um þennan kafla aðeins það, að ég skil þá menn, sem hafa haft löngun til að komast undan þvinguðum skuldaskilum. Ég hef, eðlis málsins vegna, við fyrstu athugun, haft vilja til að fylgja þeim að málum. En við gaumgæfilega athugun hef ég komizt að þeirri niðurstöðu, að sú leið, sem hér er farin, sé sú skynsamlegasta fyrir útgerðina sjálfa og auk þess fyrir ríkissjóðinn. Og þess vegna tek ég till. hv. skilanefndar til greina hvað þetta varðar, og reyndar í flestum öðrum efnum, með þeim frávikum, sem ég hef gert grein fyrir og nánar kemur fram grein fyrir í grg. með frv. á bls. 7.

Ég vil svo aðeins vekja athygli á nokkrum smáatriðum í sambandi við þetta mál. Upphaf 1. gr. frv. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Stjórn Skuldaskilasjóðs, samanber 14. gr., er heimilt að fengnu samþykki ríkisstj. að semja við útgerðarmenn og útgerðarfélög, er síldveiðar stunduðu á tímabilinu 1945 til 1950, um eftirgjöf að nokkru eða öllu leyti á neðantöldum skuldum þeirra". Ég geri ráð fyrir, að margur, sem rennir aðeins augum yfir þetta frv., telji, að frv. fjalli eingöngu um þá, sem hafa stundað síldveiðar á hinu tiltekna tímabili. Svo er þó ekki, því að samkv. 2. málsgr. 10. gr. frv. er einnig heimilt að veita öðrum vélbátum eða línuveiðaskipum, sem orðið hafa fyrir sérstökum óhöppum á þessu tímabili, lán á sama hátt, þótt þeir hafi ekki stundað síldveiðar þessi ár. Vildi ég aðeins vekja athygli á þessu, til þess að fyrirbyggja óánægju eða óþarfa misskilning, sem gæti orðið út af því, að álitið væri, að ríkið ekki aðstoðaði þá, sem fyrir slíkum óhöppum hafa orðið, ef þeir hafa ekki beðið tjónið vegna síldveiða.

Þá vil ég leyfa mér að vekja athygli á nokkrum misprentunum, lítils háttar þó. Ég tók t. d. eftir í grg., að í síðara bréfi skilanefndar, dags. 13. okt., er ýmist vitnað til bréfs eða grg. frá 27. sept. eða

26. sept., en mun eiga að vera 26. sept. Það eru fleiri þannig smávillur, sem hafa slæðzt inn í próförk og má sjálfsagt athuga til leiðréttingar í n., áður en n. hefur gengið frá frv.

Ég vil svo aðeins geta þess, að þetta frv. hefur verið sent til umsagnar bönkunum og Landssambandi ísl. útvegsmanna. Það hefur komið fram nokkur gagnrýni, en þó ekki veigamikil, frá þessum aðilum, en afrit af þeim bréfum hafa verið send hv. sjútvn.

Að lokum vil ég aðeins endurtaka það, að vegna þess að þetta mál er gamalkunnugt, þá hef ég ekki séð ástæðu til þess að gera þann veg grein fyrir því eins og um nýmæli væri að ræða. Því að sannarlega er málið það stórt, að ef það væri nú nýtt á Alþ., ætti Alþ. kröfu á ýtarlegri skýrslu um málið heldur en ég hef gefið hér.

Ég geri ráð fyrir, að um það lýkur þá verði það einhverjir, sem heltist úr lestinni af þeim, sem gert hafa út til þessa, og að einhverjir af útgerðarmönnum séu það vel stæðir, að þeir fái ekki hjálp eftir þessu frv. Og aðrir kunna kannske að vera það illa stæðir, að þeir telji ekki ástæðu til að óska eftir hjálp. Enn aðrir kunna að hafa rekið sinn útveg þannig, að þeir þyki ekki þess verðir að njóta aðstoðar þess opinbera í þessum efnum. En hins vegar vil ég mega vona, að útvegurinn í heild hafi gagn af þessu frv. og að með frv. takist að gera hreint fyrir dyrum í þessum efnum. Því að þess er sannarlega þörf. Það hefur verið óþolandi ástand, sem ríkt hefur í þessum málum að undanförnu — gersamlega óþolandi. Kröfuhafar á hendur útveginum hafa ekki getað sótt rétt sinn að lögum, og útgerðarmenn hafa ekki vitað, hvar þeir stóðu frá degi til dags, og allt hefur þetta haft áhrif í þá átt að sljóvga sjálfsbjargarviðleitni útvegsmanna og færa allt til verri vegar í þessum efnum á alla lund. Svona er það, eftir því sem málin blasa við frá mínu sjónarmiði.

Nú veit ég vel, að enda þótt takast mætti að gera sæmilega hreint í þessum efnum nú á þessari stund, þá fer því mjög fjarri, að með því sé búið að tryggja framtíð þessa útvegs, enda er það ekki ætlanin með þessu frv. Það er annað mál og þessu óskylt. Og ég vildi mega mælast til þess, að menn blönduðu því máli ekki of mikið saman við þetta mál. Það mál verður rætt hér á hæstv. Alþ., áður en við skiljum. En það er öllum til framdráttar, sem hlut eiga að máli, að þetta mál megi sigla hraðan byr gegnum þingið, eftir því sem auðið er um svo stórt mál. Og ég geri mér því meiri von um það sem öll málsaðilar þessa máls eru öllum hv. þm. kunn, heldur en vera mundi, ef hér væri um eitthvert nýmæli að ræða.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég hafði fyrir um hálfum mánuði síðan aðstöðu til þess sem starfandi í nefnd hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna að kynna mér þetta frv., og eins og hæstv. atvmrh. gat um, þá liggur það álit væntanlega fyrir hv. sjútvn. þessarar d. Ég sé, að hæstv. ríkisstj. hefur að vissu leyti tekið til greina þær aths., sem nefndin frá L. Í. Ú. gerði við frv., en að vissu leyti ekki. Og enn fremur held ég, að frv. hafi breytzt nokkuð til hins verra, frá því að það var lagt fyrir L. Í. Ú. Ég fer ekki út í það, sem tekið hefur verið til greina af þessu. En ég vil sérstaklega benda á, að nefndin frá L. Í. Ú. taldi síðustu málsgr. 1. gr. frv. vera heldur óhyggilega, vegna þess að með henni yrði varla hægt að koma við frjálsum skuldaskilum, ef erfiðleikar væru fyrir hendi, fyrr en búið væri að ljúka þeim lögbundnu skuldaskilum. Þetta taldi nefnd L. Í. Ú. heldur óheppilegt, vegna þess að hún lítur svo á, að bæði væri betra fyrir útvegsmenn og fyrir ríkið, að sem allra flestir gætu komizt í frjáls skuldaskil sem möguleikar væru á. Ég veit, að hæstv. atvmrh. mun vera þetta ljóst. Og ég mun freista þess að vita, hvort ekki muni vera á síðara stigi málsins þingvilji fyrir þessu á þennan hátt, sem n. frá L. Í. Ú. stakk upp á.

Ein af breyt., sem ég tel, að gerðar hafi verið til hins verra á frv., er sú breyt., sem gerð hefur verið á 3. gr., að jafna greiðslum þeim, sem áfallnar eru og nema nokkuð mörgum milljónum kr., niður á þau þrjú ár, sem eftir eru lánstímans, eins og til er tekið í gr., í stað þess að færa lánstímann aftur um þrjú ár. Ég hygg, að það muni þurfa mjög miklar breyt. á aðstöðu útvegsmanna til þess að auðið verði fyrir þá að standa í skilum með þessar afborganir á þennan hátt, sem gert er ráð fyrir í frv., og þess vegna hefði verið réttast að halda frv. eins og það var að þessu leyti, þegar það kom til Landssambandsins. — Ég vildi enn fremur benda á það í framhaldi af álitsgerð L. Í. Ú., að ekki verður séð, hvernig hægt er að komast af um það að fullnægja öllum greiðslum útvegsmanna, sem eru í vanskilum, með þeirri skuldabréfaútgáfu, sem gert er ráð fyrir í frv. Enda hefur skilanefndin bent á það í bréfi sínu frá 13. okt. s. l., að sjóðurinn muni þurfa að hafa nokkurt laust fé til umráða. Vera má, að það sé í ráði og að hæstv. atvmrh. viti af því, að einhverjir möguleikar séu til þess að útvega laust fé, og að hann sé búinn að gera sér grein fyrir, hvar hægt sé að fá það, og ætli að aðstoða skilanefndina um útvegun á því, þegar búið er að afgreiða þessa löggjöf, og væri þá æskilegt að fá upplýsingar um það.

Mér heyrðist hæstv. atvmrh. segja eitthvað á þá leið, að það væri í seinni kafla þessa frv. að verulegu leyti farið eftir þeim skuldaskilasjóðslögum, sem samþ. voru á Alþ. 1935, en að vissu leyti hafi verið breytt út af því, m. a. á þann hátt, að skuldabréf þessa nýja skuldaskilasjóðs, sem gert er ráð fyrir að gefa út, eigi ekki að hafa eins mikla greiðsluhæfni og hin eldri skuldabréf. Ef við athugum, hvernig þetta mundi vera í framkvæmd, þá yrði það sennilega þannig, að verzlanir, verkstæði og ýmsar stofnanir, sem eiga fé hjá útveginum, mundu fá þessar skuldir borgaðar að einhverju leyti með þeim skuldabréfum, sem getið er um í þessu lagafrv. Skuldabréfin mega vera gefin út til allt að fimmtán ára og vera með 4½% vöxtum. Sennilega eru þessar skuldir það lítið veðtryggðar, að með skuldabréfunum mundi ekki greiðast nema ⅕ hluti þeirra eða svo. Auðvitað eru einhverjir möguleikar fyrir því, að hærra hlutfall mundi verða greitt. En mikið af þessum skuldum mundi ekki greiðast með meiru. En þá yrði í þessum tilfellum skuldareigandi að afskrifa ⅘ hluta skuldarinnar og taka sem greiðslu skuldabréf til 15 ára með 4½% vöxtum upp í einn fimmta hluta skuldarinnar. En hvergi er gert ráð fyrir, að hann geti komið þessum skuldabréfum neinn veg-

inn fyrir sig til að greiða skuldir, sem hann er í við önnur fyrirtæki eða við ríkissjóð eða ríkisstofnanir. Ég hef ekki neina sérstaka samúð með þessum fyrirtækjum, sem ég nefndi. En ég get vel trúað því, að þessi ákvæði gætu orðið til þess að torvelda mörgum þeirra að halda áfram sínum rekstri. Í eldri skuldaskilasjóðslögunum var gert ráð fyrir, að skuldabréfin væru með nafnverði gildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum, sem stofnaðar væru fyrir 1. janúar 1935, að svo miklu leyti sem þær væru ekki fulltryggðar, með fasteignaveði eða handveði o. s. frv. Enn fremur skyldu skuldabréfin gilda sem gjaldeyrir með nafnverði til greiðslu á víxlum, sem gefnir hefðu verið út eftir 1. jan. 1935, *ef skuldin var stofnuð upphaflega fyrir þann* tíma. Skuldabréfin voru þó eftir þessum eldri lögum ekki gildur gjaldeyrir fyrir ríkissjóð, ríkisstofnanir, banka, sparisjóði, bæjarfélög eða sýslufélög til þess að greiða skuldir sínar með þeim. Í þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir því, að skuldabréfin séu aðeins gildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum útvegsmanna, sem fá lán hjá sjóðnum, m. ö. o., að skuldareigandi, sem þarf að afskrifa verulega mikinn hluta af sínum útistandandi skuldum hjá útveginum, getur ekki komið þessum bréfum fyrir sig á sama hátt og gert er ráð fyrir í eldri skuldaskilasjóðslögunum. Ég hygg, að hæstv. atvmrh. hljóti að hafa tekið eftir þessu, og vildi ég gjarnan fá að heyra álit hans á því, hvort hann héldi ekki, að þetta gæti valdið öðrum en vélbátaeigendum allmiklum vandræðum. Nefndin frá Landssambandinu benti lauslega á þetta í bréfi sínu til hæstv. ráðh., svo að mér þykir líklegt, að hann sé þegar búinn að athuga nokkuð um þetta mál.

Ég vildi sem sagt leggja áherzlu á það, að ég teldi, að það þyrfti að taka mjög rækilega til athugunar, hvort ekki ætti að hafa ákvæðin um þau frjálsu skuldaskil nokkru rýmri en gert er í frv. Og enn fremur hygg ég, að þetta atriði, sem ég benti nú á, þyrfti að takast alveg sérstaklega til athugunar.

Ég vildi svo auk þess benda á, að fyrir utan þær veðskuldir, sem hvíla á útgerðinni, þ. e. venjulegu veðskuldir, þá mun hvíla á henni talsvert mikið af skuldum, sem tryggðar eru með sjóveði í skipum, bæði vátryggingarupphæðir og iðgjöld til almannatrygginganna og í þriðja lagi svo nefndar sjóveðskröfur. Hæstv. ráðh. gat þess ekki í sinni framsögu, hvað hugsað væri fyrir um greiðslur á þessum kröfum. En auðséð er, að skuldabréf sjóðsins geta ekki komið þar til greina sem gjaldeyrir, enda væri það algerlega óeðlilegt, a. m. k. hvað viðvíkur sjóveðskröfunum. Vera má, að ætlunin sé, að aflatryggingasjóður greiði þær af hendi. En ég vildi sérstaklega óska þess, að hæstv. atvmrh. upplýsti nú við þessa umr., eða svo fljótt sem hann telur sér fært, hvað hann hugsar sér um greiðslur á sjóveðskröfum háseta frá s. l. sumri, sem eftir standa hjá útgerðinni. Ég hef minnzt á þetta áður hér á hæstv. Alþ., að það er hæstv. Alþ. tæplega sæmandi að taka af hásetunum réttinn til þess að innheimta sjóveðskröfur með málsókn eins og alþjóðavenja er til og svo sem réttur er til á öllum öðrum skipum en þeim, sem stundað hafa síldveiðar hér við land, án þess að á móti komi, að Alþ. sjái um greiðsluna á þessum skuldum, annaðhvort með því að innleysa sjóveðskröfurnar eða greiða þær. — Ég hef séð því haldið fram í einu stórblaðinu, — ég hygg, að það sé Tíminn, — að sjómenn, sem hafi stundað síldveiðar á síðasta sumri, hafi fengið sína kauptryggingu greidda frá ríkinu. Og hefur blaðið farið háðulegum orðum um þá „moðhausa“, sem ekki skildu þetta. Nú er sannleikurinn sá í þessu, að sjómenn, sem ráðnir eru upp á mjög lága kauptryggingu á síldveiðunum, munu hafa fengið greiddar úr aflatryggingasjóði kröfur sínar, sennilega fram til 10. ágúst eða þar um bil. En allir eða flestallir munu þeir eiga inni um mánaðarkaup eftir, sem mundi verða 1500 til 1800 kr., en frá því dregst fæði, sem í mörgum tilfellum hefur kostað 600 til 800 kr. fyrir þennan tíma. — Eins *og ég sagði, hefur sjómönnum verið fyrirmunað* með lögum frá Alþ. að innheimta þessar kröfur. Og ég veit, að hæstv. atvmrh. er mér sammála um það, að það er Alþ. tæplega sæmandi að láta þetta ástand haldast lengi. Ég óska því, að ef hæstv. atvmrh. gæti, svaraði hann mér um það, hvernig hann hugsar sér fyrst og fremst, að þessar sjóveðskröfur yrðu greiddar, og í öðru lagi, hvernig hann hugsar sér að útvega skuldaskilasjóði fé til þess að greiða þær aðrar sjóveðskröfur, sem alveg auðséð er, að skuldabréf eiga ekki að ganga til greiðslu á.

Ég skal ekki fara að ergja menn á því að gera hér neinn samanburð. Það er eins og menn þoli það ekki og tali um það, að farið sé út í meting á milli landbúnaðarins og sjávarútvegsins. En mér er mjög vel kunnugt um það, að margir útvegsmenn líta á þau lán, sem veitt hafa verið til útgerðarinnar á undanförnum árum, á sama hátt og allur almenningur í landinu og Alþ. lítur á það fé, sem notað hefur verið til sauðfjárveikivarnanna, sem eins konar hallærishjálp, sem ekki eigi að grípa til, nema alveg bráðnauðsynlegt sé, og eigi ekki að færa til skuldar hjá þeim, sem hafa fengið það. Vissulega hefur síldarleysið undanfarin ár gert sjávarútveginum ekki minna tjón en sauðfjárveikirnar sveitunum, en nú eru útgerðarmenn krafðir um þá hjálp, sem þeim var veitt, og auglýst eftir kröfum í bú þeirra, og ríkissjóður gerir kröfu sem aðrir kröfuhafar. — Ég ætla ekki að fara frekar út í þetta, því að ég vil komast hjá að vekja deilur, en ég komst ekki hjá að gera ofurlítinn samanburð og tel, að ég hafi gert það með fullum rétti og af fullri sanngirni. Út af fyrirspurnum mínum til hæstv. atvmrh. vona ég, að hann svari þeim nú, ef hann getur.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hér liggur nú fyrir frv. um skuldaskil vélbátaútvegsins. Þetta er því ekkert smámál, þegar þess er gætt, að vélbátaútvegurinn er einn gildasti þátturinn í atvinnulífi okkar. Það hafa verið birtar skýrslur, sem sýna, að hann leggur til hér um bil 75% af gjaldeyristekjum okkar árlega. Svo að það atriði að samþykkja l. um þvinguð skuldaskil á þennan atvinnuveg er eitt stærsta málið, sem fyrir þingið getur komið. Það er því varla hægt að ræða mál þetta án þess að koma víða við og gera sér ljósa grein fyrir því, hvernig nú er ástatt í þessum efnum. Ég skal þó reyna að stytta mál mitt og lengja ekki umr. fram yfir það, sem óhjákvæmilegt er. Mér hafa fundizt umr. þær, sem hér hafa farið fram um skuldaskil vélbátaútvegsins, furðu einhliða. Það hefur verið rétt eins og um væri að ræða privat-

mál útvegsmanna, sem kæmi lítið við þeim mönnum, sem eiga þó allt sitt undir þessum atvinnuvegi, og landsmönnum í heild. Það er vitað, að vélbátaútvegurinn á nú við mikla örðugleika að stríða, og því hefur verið lýst æ ofan í æ, að einn stærsti þátturinn í því er aflaleysið á síldveiðunum á undanförnum sumrum. Ríkissjóður hefur brugðizt svo við þessum óhöppum, að hann hefur veitt kreppuhjálp til þeirra, sem verst hafa verið staddir. Þegar þetta hefur verið gert og komið fyrir hér í Nd., hefur það komið fram, að meiri hlutinn, sem þá hefur verið, hefur litið svo á, að veita bæri þessa aðstoð sem styrk, sem ekki bæri að endurkrefja, og litið á það sem eðlilega aðstoð, ef það þá dygði útveginum. En nú hefur vélbátaútvegurinn orðið að búa við fleiri örðugleika en síldarleysið. Hann hefur orðið að búa við þung kjör frá hinu opinbera og orðið að sætta sig við sama fiskverð nú í rúm 3 ár, þegar allir aðrir, í hvaða rekstri sem þeir eru, hafa fengið stórauknar tekjur, en þeir, sem við bátana vinna, búa við óbreytt kaupgjald, en allir aðrir fá stórfellda launahækkun. Þetta er á sama tíma og dýrtíðin hefur stóraukizt og allt farið hækkandi, og hefur þetta þyngt mjög fyrir útgerðinni samhliða aflaleysinu. Og nú skulda útgerðarmenn svo mikið, að talið er, að verði að gera þá upp og framkvæma skuldaskil í þessari atvinnugrein. Ef málið væri svo auðvelt, að aðeins þyrfti að bjarga tilteknum hópi manna, sem við bátaútveg fengist, og veita þeim eftirgjöf skulda, svo að þeir gætu aftur farið að róa á miðin, þá býst ég við, að margir mundu ljá málinu lið, en málið er nú ekki svo einfalt. En mesti vandinn er ekki sá, að útgerðarmenn geti ekki staðið í skilum, heldur hitt, að mjög stór þáttur í íslenzku atvinnulífi er að hrynja og afkomu fjölda manna þannig stefnt í hreinan voða, *og bitnar þetta þyngst á því fólki,* sem stundar þennan atvinnuveg í sjávarþorpum og útgerðarbæjum úti um land. En þegar svo er komið málum, þá er það lausn hins opinbera að framkvæma skuldaskil hjá þessum atvinnuvegi, og segja við þá, sem staðið hafa að því að afla 75% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar: Þið, sem eigið kröfur á þessa útgerð, skuluð gefa útgerðinni þær eftir. — En þeir, sem eiga kröfur á útgerðina, eru m. a. sjómenn. Það er hinn mesti misskilningur, að sjómenn *hafi þegar fengið allt sitt.* Þeir eiga kröfur, sem hafa nú ekki lengur forgangsrétt. Þetta eru menn, sem hafa lagt sig í líma við þetta starf og hafa trúað, að með bættri rekstrarafkomu mundu þeir fá skuldir sínar greiddar. En upphæðir þær, sem starfsmenn útgerðarinnar eiga nú inni, eru allverulegar. Þessir menn eiga nú með þessu patenti að fá kröfur sínar greiddar aðeins að nokkrum hluta og það með bréfum, sem þeir fá ekki peninga fyrir, nema þá með því móti að fara á braskaramarkað með þau. Hverjir aðrir eiga svo kröfur hjá útgerðinni? Halda menn, að það séu heildsalarnir og embættismennirnir og þeir aðrir, sem auðveldast ættu með að bera þetta? Nei, það eru útgerðarbæirnir og þorpin og fólkið, sem þar býr, og fyrirtæki þau, sem það hefur komið upp, sem þetta kemur þyngst niður á. Ég skal taka dæmi til að sýna, hve heppilega ráðstöfun hér er um að ræða. Það hefur verið rætt hér um Ísafjörð og erfiðleika þá, sem þar steðja að. Þegar á að strika út allverulegan hluta af skuldum *vélbátaútvegsins* á Ísafirði, eða um 2—3 millj. króna, — hverjir verða þá fyrir skellinum? Það eru verzlanir þær, sem útgerðin hefur skipt við á staðnum, vélaverkstæði og ýmiss konar samtaka- og samvinnufélagsskapur Ísfirðinga sjálfra, sem nú undanfarið hafa stunið undir þeim byrðum, sem á þeim hafa hvílt. Og nú er þessum aðilum sagt, að vandamál þeirra skuli vera leyst, ef þeir striki út kröfur sínar á útgerðina. Það er þetta og ekkert annað, sem lausn þessa vandamáls byggist á samkvæmt þessum till. Ég vil nefna annað dæmi úr mínu byggðarlagi. Og er fróðlegt fyrir þann flokk, sem hefur gumað svo mjög af stuðningi sínum við samtök útvegsmanna, að athuga það. Þar hafa útvegsmenn komið upp olíusamlagi, sem sér um sölu á brennsluolíu, komið upp sjóðum, sett á stofn sitt eigið félag, sem sér um sölu á afurðum útgerðarinnar og sér um innkaup á nauðsynjavörum til hennar. Það hefur verið komið upp vélaverkstæði og dráttarbraut, sem sér um viðgerðir á bátum félagsmanna. Þessir aðilar hafa teygt sig jafnvel lengra en þeir gátu til að reyna að halda bátunum gangandi. En hver er svo lausn Alþ. á þessum málum? Hún er sú, að setja öll þessi samtök á hausinn. Þau eiga að fá greiðslu á skuldum sínum í bréfum, sem ekki eru gjaldgeng, fyrr en en þá eftir mörg ár og þá aðeins að litlu leyti. Að því leyti, sem nú er óhjákvæmilegt að veita bátaútveginum eftirgjöf á skuldum eða gjaldfrest, þá verður það að vera vandamál þjóðfélagsins í heild. Það er ekki hægt að segja við þá, sem stunda þennan atvinnuveg eða eiga skipti við hann, að þeir skuli taka á sig byrðarnar, sem af þessu stafa, en þeir, sem fleyta rjómann af atvinnurekstri þessum, skuli sleppa og ekkert leggja fram. En það er ekki nóg með, að svona sé komið fram við útgerðarbæina, heldur er farið svo með sjómennina, *sem alltaf er þó verið að segja,* að séu of fáir, að engin önnur starfsstétt í landinu hefði látið bjóða sér slíkt, sem þeir hafa orðið að þola. Þeir hafa orðið að þola, að Alþ. samþykkti að taka af þeim rétt til að innheimta kaup sitt hjá útgerðinni. Hvað hefðu hv. þm. sagt, ef samþ. hefði verið að taka af þeim rétt til að innheimta kaup sitt? Og hvað hefðu aðrar starfsstéttir í landinu sagt við slíkri meðferð? Ætli þeir hefðu ekki sagt: Hingað og ekki lengra. — Og það hygg ég, að allir hefðu sagt. *En Alþ. hefur samþ. þetta og ætlar nú enn* að halda áfram á þeirri braut að neita sjómönnum um rétt til að innheimta kaup sitt, sem er þó vissulega ekki hátt eftir aflaleysið undanfarið.

Það er sannarlega ekki von, að margir vilji stunda þennan atvinnuveg, þegar skilningur valdhafanna er á þessa leið, og ekki mikil von, að þeir staðir, sem hafa lagt sig fram til að afla gjaldeyris, geti dafnað, þegar búið er svona að þeim. Eins og ég hef komið að áður, tel ég það kjarna *málsins,* að ekki *megi einangra þetta vandamál* við vandamál nokkurra útvegsmanna, og það má ekki leysa málið á kostnað þess fólks, sem við þessa atvinnugrein vinnur, heldur þjóðarinnar í heild, því að það er þjóðarnauðsyn, að þessi atvinnuvegur geti haldið áfram af fullum krafti, en dragist ekki saman ár frá ári. Það er ekki langt síðan hæstv. ríkisstj. taldi sig vera að leysa öll vandamál, og vandamál útgerðarinnar líka, með gengislækkuninni. Það vita nú allir, að þessi samþykkt *var geysilegt áfall fyrir vélbátaútveginn. Svo mikið*

áfall, að í heilum landshlutum hefur öll vélbátaútgerð lagzt niður langan tíma úr árinu, þó að hún væri áður stunduð þar allt árið. Því hefur verið borið við, að þetta stafaði af því, að verðfall hefði orðið á fiski á erl. markaði síðan gengisbreytingin var gerð, þannig að hún hefði ekki reynzt nægileg, en nú eru fyrir hendi tölur, sem sanna, að þetta er rangt. Hvað saltfisknum viðvíkur sýna nýjar tölur, að meðalverðlækkun á honum síðan gengisbreytingin var gerð nemur 5½—6%, en saltfiskframleiðendur fá nú samt sem áður mun lægra verð fyrir fiskinn heldur en verið hefði, ef fiskábyrgðin hefði verið í gildi. Ég veit, að því verður haldið fram, að fiskábyrgðin hafi verið svo dýr, að ekki hafi verið hægt að halda henni áfram og því hafi einnig orðið að svipta vélbátaútgerðina henni. Ég hef nýlega lesið það í blaðinu Víði, að öll útgjöld af fiskábyrgðinni í þau 3 ár, sem hún var í gildi, hafi numið 50 millj. kr., en 30 millj. af því var vegna frosna fisksins, en 20 millj. á saltfisk, eða sem næst því. En þessar greiðslur voru taldar eftir, og virtist ríkja fullkomið skilningsleysi á því, hvaða gildi ábyrgðin hafði fyrir alla landsmenn og þó einkum fyrir vélbátaútveginn. Með fiskábyrgðinni var sjómönnum tryggt fast og ákveðið verð fyrir afla sinn. Bátarnir gátu gengið öruggir, því að vitað var, hvað fengist fyrir aflann. Með gengisbreytingunni var þetta öryggi rifið burtu. Sama má segja um hraðfrystihúsin, þau höfðu einnig öryggi, svo að þau gátu keypt fiskinn af bátunum og unnið úr honum, þannig að framleiðslan var á þessum tíma miklu meiri en eftir að þessu öryggi var kippt burtu og gengisbreytingin kom í staðinn. Ég tel, að ekki verði komizt hjá að minnast á, að á sama tíma sem ríkisvaldinu þótti of dýrt að greiða 50 millj. kr. á 3 árum fyrir þetta öryggi til handa vélbátaútgerðinni og hraðfrystihúsunum, þá hefur ekki þótt of dýrt að greiða embættismönnum ríkisins 23 millj. kr. hærri laun á einu ári, eða frá s. l. hausti, en það er hærri upphæð heldur en fiskábyrgðin kostaði á einu ári. Ég segi þetta ekki vegna þess, að ég telji ekki að a. m. k. sumir þessara manna hafi þurft launahækkun, en þeir hafa samt sem áður búið við mun betri kjör en menn þeir, sem þágu öryggi af fiskábyrgðinni. En gengisbreytingin var ekki gerð vegna bátaútvegsins, heldur til að létta af ríkissjóði greiðslum til öryggis þessum atvinnurekstri. Það var auðvitað góðra gjalda vert. En þá skyldi maður líka halda, að ríkisstj. hefði viljað létta ýmsum fleiri gjöldum af ríkissjóði og gera ráðstafanir á annan hátt til að tryggja rekstur útvegsins, t. d. með lækkun vaxta og skatta. En raunin varð sú, að ríkissjóður lækkaði í engu neinn þann skatt, sem ríkið hafði lagt á vegna fiskábyrgðarinnar, og þó var engu eytt til að tryggja það, að vélbátaútvegurinn gæti haldið áfram né til þess að tryggja fiskiðnaðinum öryggi í rekstri. Og í framhaldi af því, að fiskábyrgðinni var hætt og rekstri vélbátaútvegsins stefnt í voða með gengislækkunarlögunum, þá á svo nú að taka alla útvegsmenn og hengja í eitt reipi og gera öllum þeim, er sjávarútveg stunda, ómögulegt að lifa. — Það getur verið, að sumum finnist þessi orð mín nokkuð stór, en ég hygg, að þeir hinir sömu þyrftu ekki að leita lengi svipaðra skoðana hjá þeim, sem hafa það hlutskipti að búa við þau kjör og taka á sig þá erfiðleika, sem þessar ráðstafanir hafa haft í för með sér. Enda verður því ekki á móti mælt, að mikið skilningsleysi hefur ríkt um þessi mál hér á Alþingi. Og hin þvingaða skuldaskilaleið, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er gott dæmi um skilningsleysið á þeim vanda, sem útvegurinn á raunverulega við að stríða. Þegar þar á að fara að gera ráðstafanir til úrbóta, er aldrei gert það, sem beinast liggur við að gera eða útvegsmenn sjálfir hafa óskað eftir. Útvegsmenn hafa ekki beðið um þetta frv. og þær aðgerðir, sem fyrirhugaðar eru samkv. því. Þetta frv. er fram komið að undirlagi Landsbankans, eins og fram kemur í grg. frv., og það er hann, sem krefst þess, að rutt sé í burtu öðrum kröfum en hinum veðtryggðu; þær skulu standa óhaggaðar. Hins vegar hefur ekki komið nein krafa frá Landsbankanum um að lækka þá óhóflegu vaxtabyrði, sem á útgerðinni hvílir; en hvergi í víðri veröld munu slíkir vextir vera jafnháir og hér, eða 6½%, út á veiddan afla, sem aðeins bíður eftir afskipun. Ef reiknað er með því, að meðalafli á vélbát sé 1000 skippund yfir vetrarvertíðina, þá þýðir það, að vaxtagreiðslurnar einar nema um 20 þús. kr. á ári. Svo hár er nú þessi eini póstur. En hann á ekki að lækka. Áður bundu þó bankarnir sig við 4%, en nú skulu það vera 6½%, og engu þar um þokað. Ekki hefur Alþingi heldur séð ástæðu til að létta af útveginum útflutningsgjöldunum, sem lögð eru á útflutta vöru. Í öðrum löndum er útflutningurinn styrktur, en á Íslandi er lagt á hann allhátt gjald. Ef eitthvað á að gera fyrir bátaútveginn, t. d. eins og þegar sett voru lögin um hlutatryggingarsjóð, þá er eina leið Alþingis sú, að leggja hinar fjárhagslegu byrðar á útvegsmennina sjálfa. Tillaga, sem hér kom þá fram í því máli, um að leggja örlítið hundraðsgjald á innflytjendurna sjálfa, hún var felld af þinginu eftir mikinn bægslagang þeirra manna, er ganga erinda innflytjendanna leynt og ljóst. Allar óskir frá útvegsmönnum um þann stuðning af hálfu ríkisins, að þeir fái að létta af sér nokkru af milliliðaokrinu, hafa enn fremur verið hundsaðar. Hins vegar er svo útvegsmönnum boðið upp á allar aðrar „lausnir", eins og t. d. þessa skuldaskilaleið, sem engir útvegsmenn hafa óskað eftir.

Það er ekki nema eðlilegt, að menn spyrji, hvernig á því standi, að leiðir eins og þessar skuli eiga að fara á Alþingi. Ég hef nú löngum þótzt finna það, að hjá hv. framsóknarmönnum ríki í þessu efni skilningsleysi og beinn fjandskapur við útveginn á köflum, sem styðst við þá skoðun, að það sé vinningur fyrir sveitirnar, að dauflega gangi við sjóinn. Það hefur t. d. ekki leynt sér hjá þessum flokki, að hann hefur reynt að hamla þar framkvæmdum, eins og nýsköpunarframkvæmdunum á sínum tíma, og í blaði flokksins klingir þetta alltaf annað slagið; og af hans hálfu hefur ekki staðið á því, að talað væri um, að fara þyrfti hina lögþvinguðu skuldaskilaleið. Einnig nokkur hluti Sjálfstfl. vill fara þessa leið, sá hluti hans, sem nú er í innilegustum venzlum við ríkisvaldið og vill koma sér undan því að hjálpa útveginum með því að láta nokkuð af forréttindum sínum eða fríðindum. Hann vill gjarnan lögþvinga skuldaskil sjávarútvegsins, og ríkisvaldið gengur hans erinda.

Þetta mál á nú eftir að fá eðlilega athugun í sjútvn., og mun ég reyna að gera þá tilraun að fá

þar fram nokkrar breyt. á frv., enda þótt ég sé því ósamþykkur í meginatriðum. Aðalatriðið fyrir útveginn er hinn gangandi rekstur, sem frv. þetta tryggir á engan hátt, og ef hann væri tryggður, mundu útgerðarmenn mótmæla með öllu afskiptum eins og þessum. En þegar svo er komið sem nú, að útveginum er neitað um allt rekstraröryggi, þá fallast mönnum hendur, og sumir segja: Ja — hví ekki að njóta þess skjóls, sem Alþ. ætlar með þessu að veita okkur, þó það kunni þá að leiða til almenns flótta frá útgerðinni? — En þær mundu afleiðingarnar verða, ef farið verður inn á þessa óheillavænlegu leið. Og það kemur væntanlega brátt í ljós við framgang þessa máls, hvort þegar er búið að binda svo hendur þingmanna í þessu máli, að ekki megi velja aðrar leiðir heppilegri.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég viðurkenni, að ég fylgdist ekki almennilega með þeirri hálfleiðinlegu ræðu, sem hv. 2. landsk. flutti hér; og satt að segja, þá áttaði ég mig ekki almennilega á því, hvað hann var að fara, fyrr en ég tók eftir því, að annar maður hafði enn þá meira að gera en hann sjálfur, þ. e. a. s. sá, sem sat við hlið hans, sjálfur ritstjóri Þjóðviljans, sem skrifaði af kappi. Og þá skildi ég samhengið, er ég sá, að ræða hans var töluð beint inn í hátalara Þjóðviljans. (**Rödd úr þingsal:** Er hæstv. ráðh. nokkuð illa við að fá að glöggva sig betur á ræðunni þar?) — Nei, því ég eyði aldrei mjög miklum tíma í að lesa dagblöðin, og ég er fljótur að lesa Þjóðviljann eins og önnur blöð. Og ég vil segja þessum góðu vinum mínum það, að mér er aldrei illa við að sjá neitt í honum. Ég vissi bara ekki áðan, hvað hv. þm. var að fara, þar sem ræða hans snerti hvergi kjarna málsins, en ég skildi svo tilganginn, þegar ég sá, hvað sessunauturinn átti annríkt. Mig langar annars til að segja ritstjóranum, sem á að fara með handritið í blaðið, að ég ráðlegg honum að taka þar út úr einstaka liði, ef allt á að fara vel á pappírnum. Hann ætti t. d. ekki að fara nákvæmlega út í að gera grein fyrir þeim 50 milljónum, sem hv. þm. sagði, að það kostaði að standa undir fiskábyrgðinni í þrjú ár. Og áður en hann lætur þetta dæmi á pappírinn, þá held ég það væri rétt fyrir hann að reikna út hitt dæmið, að saltfiskverðið hafi lækkað um 6%, enda þótt erlendur gjaldeyrir hafi við gengisfallið hækkað um 74%. Ég hefði gaman af að sjá þessum dæmum komið saman, ef hvort tveggja er rétt, að útvegsmenn fái nú lægra en ábyrgðarverð fyrir fiskinn, enda þótt erlendur gjaldeyrir hafi hækkað um 74%, og hitt, að 17 millj. hafi þurft til að standa undir ábyrgðarverðinu á ári.

Þá vil ég einnig leyfa mér að ráðleggja ritstjóranum að fella niður þetta með embættismennina. Það eru svo hjáróma orð í hinni heilögu baráttu kommúnista fyrir bættum kjörum opinberra starfsmanna. Og ég er svo hræddur um, að margir vinir Þjóðviljans yrðu annars fyrir vonbrigðum og mundu skilja illa þetta falska hljóð úr Norðfjarðarhorninu. — Og hann ætti að strika út ýmislegt fleira — eins og þau orð, sem hann hafði um útgerðarmennina, að það ætti að hengja þá alla; það er leiðinlegt fyrir hv. þm., að þeir heyri, að hann lýsi þeim eins og mönnum, sem eru að falla í snöru. — Ég legg sem sagt til, að þetta verði leiðrétt í dálkum Þjóðviljans, þar sem þetta er talað fyrir hann. En inn á Alþingi átti þessi málflutningur ekkert erindi.

Hitt heilræðið, að það sé enginn vandi að halda útveginum gangandi og láta hann bera sig með því að leyfa útvegsmönnum þetta og leyfa þeim hitt, það höfum við oft heyrt áður frá kommúnistum, sem telja það aðalatriðið að losna við hraðfrysta fiskinn með einhverju móti. En það er þetta, sem ég hef nú gert, er ég leyfi hina nýju verzlun kommúnista við Austur-Evrópulönd og stuðla að því, að keypt sé í vöruskiptum hveiti, sem er 44,8% hærra í verði en það hveiti, sem fá má annars staðar í dag. En ef utanríkisverzlun landsins á að reka með þeim hætti, að einungis sé hugsað um, hvernig losna skuli við vöruna, en ekki um það, hvað fáist fyrir hana, þá er komið út á hálar brautir, og þá er fyrst og fremst verið að svíkja verkalýðinn og taka sjálfum sér gröf. Afleiðingin yrði taumlaus verðbólga í landinu, sem mest bitnaði á þeim, sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Það er vitanlega enginn vandi að segja við útgerðarmennina, að nú skuli létt af þeim öllum vanda. Kaupið þið bara þetta og seljið þið hitt! — En sá, sem vill leysa vandann með þessum hætti, eins og hv. 2. landsk., veit ekki, hvað hann er að segja eða fer með vísvitandi blekkingar. Já, ég verð víst að nota orðið blekkingar, þó það sé leiðinlegt að taka sér í munn. En hv. þm. veit, hvað hann syngur, og sér í gegnum þetta allt. Hann hefur næga þekkingu og dómgreind til að skilja þessa hluti. Það eru aðeins tveir dagar síðan ég sat með honum fund um þessi mál, og ég veit hann er þeim kunnugur. En það, sem hann hafði að segja um það mál, sem hér liggur fyrir, kafnaði allt í umbúðunum, og mér er ekki alveg ljóst, hvað fyrir honum vakti. Ég veit þannig ekki, hvort óskir hans voru þær, að ríkið greiddi allar skuldir útvegsmanna, eða hvað hann átti við, þegar hann talaði um þann hluta Sjálfstfl., sem vildi hlífa verzluninni á kostnað útvegsins. Mér fannst eins og hann vildi láta í það skína, að ég væri nú í rauninni ekki í þeim hópi, og gera það eins og af persónulegri velvild við mig, og það er auðvitað þakkarverð viðleitni. En ég gat bara ekki skilið, hvers vegna þessir vondu menn vilja sérstaklega styðja þetta frv., þar sem þessar ráðstafanir koma til með að mæða bæði á verzlun og iðnaði. Það getur verið, að rétt á einstaka stöðum, eins og t. d. Norðfirði, falli þessi dómur eða þessi niðurfelling á kröfum og skuldum með miklum þunga á félög, sem verkalýðurinn sjálfur eigi. En það er ekki hin almenna regla.

Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var annars ekki bara sú, að ég vildi skemmta þessum tveimur vinum mínum, sem ég hef nú vikið orðum að, heldur að svara fyrirspurnum frá hv. þm. Ísaf. Honum má ljóst vera af því, sem ég sagði, að síðasta málsgr. 1. gr. er svo orðuð sem gert er til að umlykja þá hugsun, að hinum einstöku kröfuhöfum verði ekki misvilnað. En augljóst er, að þær tvær leiðir er ekki unnt að samræma að fullu, annars vegar kröfu ríkissjóðs til frjálsra skuldaskila með fullri eftirgjöf og hins vegar að setja undir þann leka, að einum kröfuhafa sé ívilnað á kostnað annars. — Út af sjóveðs-, lögveðs- og tryggingargjöldunum vil ég svo leiða athygli hans að 7. gr., sem kveður svo á, að fjmrh. sé heimilt

að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu á láni til skuldaskilasjóðs að upphæð 20 millj. kr. Það er á allra vitorði, sem um málið hafa fjallað, samanber ummæli skilanefndar í fylgiskjali, að það verður þörf á nokkurri fúlgu til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur, bæði varðandi lögveðs- og tryggingargjöld. Má ég segja, að ég hafi tryggt það, að þetta lán fáist. En vitaskuld er ríkisstj. ljóst, að þessi lagafyrirmæli koma ekki að fullum notum nema.... Varðandi greiðsluhæfni skuldabréfasjóðs viðurkenni ég sjónarmið hv. þm. Ísaf. sem jafnrétt því, sem sett er fram í 9. gr. Það má deila um, hve langt þessi réttur til afnota á skuldabréfum skuldabréfasjóðs á að ná. Það er auðvitað rétt, að þau fyrirtæki, sem eiga að taka við þessum bréfum, óska eðlilega eftir því að geta greitt sínar skuldir til kröfuhafa með þeim. En það er matsatriði, hverjir möguleikar voru á að gefa þessum bréfum viðtækt gildi, og ríkisstj. hefur ekki talið unnt að hafa þetta á annan veg.

Ég held, að ég eigi ekki vandsvarað neinu af því, sem til mín hefur verið beint; þó það væri að vísu fleira í ræðu hv. 2. landsk., sem ástæða væri til að ræða um, þá vil ég ekki tefja umr. frekar með því, þar sem ég álít líka, að það sé utan við umræðu um þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. atvmrh. hafði farið fram á það í fyrri ræðu sinni hér, að menn héldu sig sem bezt við efni þessa frv. í umr. um þetta mál. Hins vegar hefur hann nú sjálfur brotið svo í bága við þessa ósk, að ég tel mig hafa rétt til þess líka, en hann talaði hér áðan af allmiklum gáska.

Þegar ég sá fyrirsögn þessa frv., þá fannst mér, að hæstv. atvmrh. hefði nú tekið að sér að leika ömurlegt hlutverk með því að leggja þetta frv. hér fram. Fyrir nokkrum árum stóðum við saman í því að koma fótum undir sjávarútveginn og tryggja það, að hann gæti gengið, og hann veit, við hverja þurfti þá að berjast. Hann veit, að það þurfti að berjast við landsbankavaldið og heildsalaklíkuna og að það þurfti að hnika landsbankavaldinu fet fyrir fet og brjóta vald hans eigin flokks á bak aftur til að tryggja það, að svo nauðsynlegt mál næði fram að ganga. Nú leggur hæstv. atvmrh. fram frv. samkv. fyrirskipan Landsbankans og heildsalanna hér í Reykjavík, frv. til laga um refsingu gagnvart sjómönnum og útgerðarmönnum. En hver er þá tilgangurinn með þessu frumvarpi? Er tilætlunin sú, að koma því inn hjá mönnum, að sjávarútvegurinn sé baggi á þjóðinni, sem hún þurfi að losna við sem fyrst? Ég held, að það sé nauðsynlegt, að hv. þm. segi þjóðinni um það hér, hver sé tilgangurinn með þessu frv., hvort hann sé sá, að gefa afturhaldsöflunum sérstakt tækifæri til ánauðar. Það mætti ætla, að slíkt frv. kæmi sízt frá hæstv. atvmrh. Maður getur látið sér detta í hug, að skilningsleysið hjá hæstv. ríkisstj. sé svo mikið, að hún bókstaflega skilji ekki samhengið á milli sjávarútvegsins og afkomu þjóðarinnar. Í þessu sambandi dettur mér í hug gömul saga, sem gerðist norður í Húsavík fyrir um 20 árum í sambandi við útgerð Njáls, en það var bátur, sem Guðjohnsen gamli kaupmaður gerði út. Sonur hans kom til hans með reikninga fyrir Njál og sagði þá heldur þokkalega og mikið tap á þeim. „Nú," sagði Guðjohnsen, og sonurinn hélt áfram að tala um tapið og karl tók lítið undir. Loks sagði sonurinn, að þetta væri ófært og gæti ekki gengið lengur. Þá leggur karl frá sér verk sitt og segir: „Heyrðu mig, sonur sæll. Gerir þú þér ljóst, að það er Njáll, sem framleiðir gjaldeyrinn fyrir þær vörur, sem við höfum í búðinni til að selja, og það er vinnan við Njál, sem gerir fólkinu fært að kaupa vöruna, sem er tekin út hjá okkur?" Og Guðjohnsen gamla tókst ekki að sannfæra son sinn um það, að það væri á Njáli, sem þeir græddu, og nú er eins komið fyrir valdhöfunum og syninum, að þeir skilja ekki, að það er bátaútvegurinn, sem gefur þjóðinni gjaldeyrinn. Því að eftir 1934 var klippt á þann þráð, sem tengdi saman útveginn og verzlunina, og bátarnir hafa nú í 2 áratugi verið sviptir öllum gjaldeyri, sem þeir hafa framleitt, og honum hefur verið útbýtt til manna hér í Reykjavík, sem hafa enga hagsmuni í aukinni gjaldeyrisframleiðslu. Og því ríkir nú algert skilningsleysi á því, að það sé útvegurinn, sem aflar þjóðinni alls gjaldeyrisins, og að það sé á honum, sem verzlunin græðir. Og nú er sama skilningsleysið að koma fram hjá hæstv. atvmrh. með flutningi þessa frv. Hvað er nú gert í þessum málum? Í stað þess að leyfa bátaflotanum að framleiða gjaldeyri til afnota fyrir sín bæjarfélög, þá er framleiðslan stöðvuð og gjaldeyririnn tekinn af bátunum og fluttur til Reykjavíkur og skipt á milli heildsala og braskara. Þannig er skorið á þá líftaug, sem hefur tengt athafnalífið og framleiðsluna, og með því drepinn allur áhugi fyrir að gera framleiðsluafköstin sem mest. Það fer meira að segja að verða refsivert að framleiða gjaldeyrinn. Slíkir menn eru settir undir skuldaskil. Sérhver hv. þm. veit það ósköp vel, að gjaldeyririnn er mjög eftirsóttur hér á landi og að menn sækjast mjög eftir honum. En þeir, sem framleiða hann, eru litnir þeim augum, að þeim beri að refsa. Hvernig í ósköpunum á áhugi að haldast fyrir framleiðslunni í okkar þjóðfélagi, ef svo á að ganga til?

Ég vil vekja athygli á því hér, að með samþykkt þessa frv. er verið að torvelda útgerð bátaflotans, en ekki bæta úr. Hvernig skyldi ganga með vinnuafköst útgerðarmanna, er þeir eiga von á slíku frumvarpi? Sannleikurinn er sá, að gjaldeyririnn er tekinn frá útgerðarmönnum og fenginn í hendur fámennrar einokunarklíku hér í Reykjavík, og það er hún, sem er að sliga útveginn og stefna með því þjóðinni í voða. Og það er þetta vald afturhaldsaflanna, heildsalarnir og Landsbankinn, sem heimtar að þessu fyrirkomulagi sé haldið áfram. Það er þessi einokunarklíka, sem heimtar, að útveginum verði þrælkað út með því að bera hana á baki sér, og það er hún, sem krefst nú aðstoðar til að geta sligað útveginn að fullu. Hún heimtar, að þannig sé farið með útveginn, svo að hún geti haldið áfram að raka af honum gjaldeyrinn. Það er þetta, sem er að gerast með tilkomu þessa frv. Það er raunar aðeins eitt, sem þarf að gera til þess að útvegurinn rétti við. Einokunarklíkan þarf að fara af baki hans, hún verður að hætta að sliga hann, og þá mun hann rétta við.

Hæstv. atvmrh. minntist á vöruskipti í sambandi við verzlun við Ungverjaland. Ef hann vill fara

inn á vöruskipti, þá gæti hann haft þá aðferð að setja lágmarksverð á það, sem flutt er út, og hámarksverð á það, sem flutt er inn, og leyfa útvegsmönnum að annast sjálfum um kaupin, en ekki veita einokunarklíku hér í Reykjavík aðstöðu til að gína yfir viðskiptunum og ráða, hvað keypt skal inn og hvað ekki. Hann leyfir sölu til Spánar, og við fáum ekki að heyra neitt um verð þar. Það er seldur saltfiskur til Brasilíu, og þaðan verðum við svo að kaupa kaffi á þreföldu verði. Og til Bandaríkjanna fáum við að selja freðfisk með 20% lægra verði en hægt væri að fá fyrir hann. Ætli væri ekki betra að setja lágmarksverð á útflutningsafurðirnar og hámarksverð á innflutninginn og hætta að svipta útvegsmenn gjaldeyrinum og fá hann í hendur Birni Ólafssyni og öðrum heildsölum hér í Reykjavík?

Sú ríkisstj., sem nú situr að völdum, er að draga máttinn úr útveginum, í stað þess, að hún gæti auðveldlega bætt aðstöðu hans. Hún gæti það með því að hætta að skipta sér af honum. Um leið og ríkisstj. lýsir því yfir, að hún sé hætt að skipta sér af útveginum eins og hún gerir nú, þá skal hún sjá til þess, að allur útvegurinn fer af stað af fullum krafti.

Ég veit, að hæstv. atvmrh. vill ógjarnan ræða þetta mál, því að það er samkomulag á milli heildsalanna og ríkisstj. að skipta einokuninni á milli sín. Ég skyldi ræða um þá starfsemi og þá verkaskiptingu, sem þessi einokunarklíka hefur komið á, og þess vegna er óhjákvæmilegt, þegar þetta frv. er lagt fram, annað en taka til umræðu sjálfa aðstöðu sjávarútvegsins í þjóðfélaginu. Ef það eru einhverjir, sem halda, að hér sé um aðstoð til útvegsins að ræða, þá fara þeir villir vegar. Hvernig haldið þið, að það sé fyrir þá, sem hafa lánað sjávarútveginum allt, sem þeir höfðu aflögu, að verða nú að taka við þessum bréfum? Þau eru að vísu góð fyrir vissa stétt. Við vitum, að þegar fátæk samvinnufélög úti á landi hafa fengið þessi bréf, þá fara þau með þau hingað til Reykjavíkur og selja þau kaupmönnum með 20—30% afföllum, en þeir fara svo og selja bönkunum þau. Þarna er verið að setja á stað svikamyllu til að arðræna útvegsmenn og koma vélbátaflotanum á kné. Ríkisstj. heldur áfram að halda honum í sama kútlingnum, á meðan Landsbankinn græðir 17 millj. króna á hverju ári á okurvöxtum. En um það er ekki talað eða gróða heildsalanna. Þessir aðilar halda áfram að raka af sjávarútveginum, svo að hann fer á höfuðið. Ég man vel eftir því, er verið var að knýja fram lögin um stofnlánadeildina, hvernig afstaða Landsbankans var gagnvart þeim lögum. En það tókst þá að láta Alþingi vera húsbónda á sínu heimili og samþykkja þau lög í trássi við Landsbankann. Ég veit, að Landsbankinn hefur ekki gleymt, að hann varð undir í því máli þá, og nú hyggst hann hefna þeirra ófara. Nú þykist hann geta náð sér niðri á sjávarútveginum með því að skipa svo fyrir, að þetta plagg verði samþ. hér á Alþingi. Mér þykir leitt að heyra hæstv. atvmrh., sem átti stóran þátt í að leggja grundvöllinn að þeirri skipulagningu sjávarútvegsins, sem þá var gerð, og vann þá öfluglega að því að brjóta vald Landsbankans á bak aftur, að heyra hann nú koma hér fram sem boðbera Landsbankavaldsins. Ég hef oft sagt, að það yrði ekki ráðin nein bót á aðstöðu sjávarútvegsins, fyrr en þetta vald væri brotið á bak aftur. Þess vegna er farin röng leið með þessu frumvarpi. Ef einokunarklíkan vildi aðeins fara af baki sjávarútveginum og hætta að beygja hann undir sinn þunga, þá geta menn séð til, hvort sjávarútvegurinn getur ekki rétt við. Ég ætla svo að láta lokið að þessu sinni að ræða þetta mál, sem hér er raunverulega til umræðu, um aðstöðu sjávarútvegsins í landinu, um rétt sjómanna gagnvart þeim aðilum, sem hafa svipt þá gjaldeyrinum og þeim gróða, sem ætti að vera að útgerðinni. Þetta frv. miðar að því að halda áfram að festa verstu meinsemd þjóðfélagsins, með því að láta sjómenn ganga með tap af sínum rekstri, svo að verzlunarstéttin geti aukið gróða sinn. Það getur ekki gengið í kapítalistísku þjóðfélagi, að sjávarútvegurinn sé rekinn með tapi. Það getur ekki gengið að hafa hann sem mjólkurkýr fyrir Landsbanka- og heildsalavaldið. — Ég býst við, að þetta mál eigi eftir að verða rætt meira hér og að hæstv. atvmrh. ræði það þá í fullri alvöru.

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Nd., 16. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Lúðvík Jósefsson: *Herra forseti.* Það voru nokkur orð í tilefni af ræðu hæstv. atvmrh. við upphaf þessarar umr., sem var frestað. Hæstv. ráðh. kaus þá aðferð, þegar hann gerði athugasemdir við mína ræðu, að slá málinu upp í grín og hagaði málflutningi sínum yfirleitt þannig sem honum væri sem minnst umhugað um málið í heild. Það kann að vera, að hæstv. atvmrh. viti ekki, hvernig málið stendur, en ég hygg, að hann viti þó betur en hann vildi vera láta í þessari ræðu sinni. Skal ég svo víkja að aths. hans.

Hæstv. ráðh. vildi gera nokkuð úr því, að það væri rangt, að fiskábyrgðin hefði kostað ríkissjóð um 50 millj. kr. í þau 3 ár, sem fiskábyrgðin var í gildi. Ég gat þess í minni ræðu, hvaðan ég hefði þessar upplýsingar, sem sé að þær væru úr blaði, sem væri talið mjög áreiðanlegt varðandi upplýsingar um sjávarútvegsmál, — blaði, sem einn af flokksbræðrum hæstv. ráðh. gefur út, með öðrum orðum blaðinu Víði, sem Einar Sigurðsson í Vestmannaeyjum gefur út. Hæstv. ráðh. þurfti því ekki að eyða í það löngu máli, að ég hefði hér farið með rangar tölur. Ég hef engar aðrar upplýsingar um þetta og hygg þær réttar, enda hef ég ekki séð þessum tölum mótmælt, og væri það að sjálfsögðu mjög auðvelt fyrir hæstv. ráðh. sjávarútvegsmála að upplýsa Alþ. um annað, ef hann hefur aðrar tölur. En kannske hefur hann ekki haft hugmynd um, hverjar þessar tölur voru frekar en annað, sem hann virðist ekki fylgjast með í sambandi við vandamál sjávarútvegsins. — Þá reyndi hæstv. ráðh. að gera gys að og tortryggja þau ummæli mín, er ég sagði, að verðfallið, sem orðið hefði á útfluttum saltfiski frá því gengislækkunin var gerð og til þessa, hefði numið 5½ til 6% að meðaltali. Hann hefur sýnilega ekki lesið blað síns flokks, Morgunblaðið, frá viðkomandi degi, sem birti þessar upplýsingar eftir formanni Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, hr. Richard Thors, og daginn eftir hér á Alþ. verð-

ur svo flokksbróðir hæstv. ráðh., hv. þm. Vestm., að lesa þetta sama yfir honum. Þessi tala, sem ég nefndi, var því byggð á upplýsingum, sem lágu fyrir um þetta mál, og óþarfi að tortryggja þær í einu eða neinu. Hitt verða menn einnig að sjá, að þrátt fyrir það, að verðið erlendis hefur ekki breytzt meira en þetta, þá er það staðreynd, að bátaútvegsmenn fá nú minna fyrir útfluttan saltfisk en þeir hefðu fengið samkv. fiskábyrgðarl. Þeir fá nú eftir gengislækkunina kr. 2.40 fyrir kg, en hefðu átt að fá samkv. fiskábyrgðarl. um kr. 2.70 fyrir kg, og þeir, sem eiga að taka á móti þessum greiðslum, kunna að meta þessar tvær tölur. Svo getur hæstv. ráðh. verið að skopast að mínum ummælum, þegar slíkar upplýsingar liggja fyrir, en staðreyndirnar liggja eigi að síður fyrir. — Það er kannske rétt að víkja nokkrum orðum að því, sem hæstv. ráðh. vildi gera að höfuðatriði í sinni ræðu, þar sem hann sagðist ekki skilja, hvað ég væri að tala um. En hvað er það, sem hann virðist ekki skilja í þessu máli? Hann virðist ekki skilja það, að þegar á að strika út tugi milljóna króna af skuldum bátaútvegsins, munu slíkar aðgerðir koma allþungt niður á útgerðarbæjum og útgerðarþorpum, eða þar sem bátaútvegurinn á heima. Þetta var eitt af þeim atriðum, sem ég lagði áherzlu á. Hæstv. ráðh. hélt því hins vegar fram, að þessi skuldaeftirgjöf mundi sérstaklega mæða á verzlunar- og iðnaðarstéttinni. Það er nú kannske hægt að segja mönnum slíka hluti, en sannleikurinn er sá, að það verða ekki þeir aðilar, sem tapa, sem hæstv. ráðh. talaði um; það verða viðskiptaaðilar útvegsmanna úti um land, m. a. fjöldamargir sjómenn og starfandi menn við útveginn, sem ekki hafa lagt fram sjóveðskröfur, heldur átt innieignir hjá þeim frá ári til árs og ættu að hafa forgangsrétt að þeim. Þessir menn sjá nú fyrir, að þessar innieignir þeirra verða strikaðar út samkv. þessum l., ef frv. verður samþ. Það verða einnig félagssamtökin í útgerðarbæjunum, sem hljóta að verða fyrir tapi í þessu sambandi. Sú staðreynd verður því ekki umflúin, að þessar ráðstafanir verða gífurlega þungar og til hins verra fyrir útgerðarstaði landsins og verða þess valdandi, að ýmsir aðilar á þessum stöðum hljóta að fara á höfuðið. Í stuttu máli jafngildir þetta því, að skuldamál útvegsins eigi að leysast á þann hátt, að Alþ. segi við útgerðarstaði landsins: Það eruð þið, sem skuldið, og þið verðið því að taka við skuldasúpunni og strika skuldirnar út, og þar með er málið leyst. — Þetta skildi hæstv. ráðh. ekki eða þóttist ekki skilja.

Þá kem ég að hinu atriðinu. Hæstv. ráðh. virtist ekki skilja það, að þessi eftirgjöf á skuldum vélbátaútvegsins leysir í rauninni ekki þann vanda, sem nú steðjar að honum. Meginvandamál útvegsins í dag, sem þarf að leysa, er að koma málum hans í það horf, að reksturinn fái staðið undir útgjöldunum. Það er einnig staðreynd, að skuldaskilafrv. er ekki komið fram samkv. beiðni útgerðarmanna, heldur eftir beiðni Landsbankans. Það kann að vera, að hæstv. atvmrh. hafi í rauninni álitið, að vandamál útvegsins væru ekki önnur en þau að fá nokkra eftirgjöf á skuldum vegna hinna miklu aðgerða, sem hann stóð að ásamt samstarfsmönnum hans í ríkisstj. með því að samþ. gengislækkunina á s. l. vetri og að þær ráðstafanir hefðu leyst þann vanda, sem snýr að gangi rekstrarins. Ég hygg hins vegar, ef hæstv. ráðh. fæst til þess að tala við þá menn, sem þarna eiga mest í húfi og búa við erfið kjör í þessum efnum, þá muni fara nokkuð svipað fyrir honum og hv. þm. Vestm., sem vitnaði um það hér á Alþ. í gær, að þegar hann hefði komið til sinna umbjóðenda og rætt nú við útvegsmenn í stærstu verstöð landsins, hefði hann komizt að raun um það, sem hann hefði ekki gert sér ljóst áður, þegar hann hefði mætt slíkum ugg og ótta hjá þeim, að hann fyndi sig nú knúinn til þess að vara ríkisstj. við og benda henni á, að þessi mál þyrfti að leysa á annan hátt en hún hefur lagt til fram til þessa. Ég ætla því, ef hæstv. ráðh. fæst til þess að hugleiða þessi mál í alvöru og hlýða á mál þeirra manna, sem þarna þekkja bezt til, að hann muni sannfærast um það, að sú skuldaskilaleið, sem hér er lögð til, sé ekki vænleg til að leysa þann vanda, sem steðjar að þessari atvinnugrein og kemur ómaklega niður og leysir í rauninni engan vanda. Aðrar leiðir koma hér til greina, og nokkrar þeirra minntist ég á hér í fyrradag. En ég skal taka það fram, að það er einn þáttur í sambandi við þessi skuldaskil, sem Alþ. hefði mátt vera búið að samþ. fyrir löngu. Þar á ég við það, að ríkið gefi útvegsmönnum hreinlega eftir þau kreppulán, sem ríkið hefur veitt þeim vegna aflabrests á síldveiðum, en slíka eftirgjöf þarf ekki að tengja við þvinguð skuldaskil útvegsins. Það er afar einfalt að gera samþykkt um að veita þessar eftirgjafir, er eiga í rauninni ekkert skylt við þau þvinguðu skuldaskil, sem hæstv. ráðh. ræddi um.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri að sinni. Þetta mál liggur nú til athugunar hjá hv. sjútvn., og það mun gefast kostur á því síðar hér í d. að ræða betur um það, hver áhrif þessa frv., ef að l. verður, hljóta að verða, og hver sé afstaða útvegsmanna yfirleitt til þeirra aðgerða, sem hér á að lögleiða með þessu skuldaskilafrv.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég skal ekki vera margorður, enda tel ég þessar umr. hafa farið í meginatriðum út fyrir hinn eðlilega ramma málsins, og sá, sem gaf tilefni til þess, var hv. 2. landsk. þm. Það var einnig þess vegna, sem ég sagði, að ég hefði ekki áttað mig á, hvert hv. þm. var að fara í ræðu sinni. Ég hafði ekki þá ánægju að hlýða á ræðu hv. 2. þm. Reykv. um þetta mál, nema hluta af henni. Hann hóf mál sitt með því — það heyrði ég þó — að fara út fyrir eðlilegan ramma málsins, en mér hefur verið sagt, að hann hafi talað ýtarlega um landsbankavaldið og heildsalagróðann, og vil ég leyfa mér að skírskota til ræðu, sem ég hélt hér á Alþ. fyrir 2 árum til andsvara um þetta sama efni. Þau rök, sem ég færði fram þá, eru enn í gildi, og tel ég því óþarfa að endurtaka þau nú.

Hv. 2. landsk. þm. sagði, að ég hefði talið hann fara með rangmæli varðandi 2 atriði. Hann sagði, að ég hefði sagt það rangt vera, að ríkissjóður hefði skaðazt á fiskábyrgðinni um 50 milljónir kr. í 3 ár, og enn fremur að verðfallið á saltfiskinum hefði aðeins numið 6%. Hvorugt sagði ég. Ég sagði og gekk út frá, að þessar 50 milljónir væru rétt tilgreindar. Þá sagði ég: Það var um að ræða 17 milljónir króna að meðaltali á ári í þessum efnum, — og ég vildi láta hann álykta hverja viðbótar-

skatta við þyrftum að leggja á þjóðina, ef hún nú hefði átt að geta risið undir sams konar fiskábyrgð og áður kostaði almenning í landinu ekki nema 17 millj. króna. Sjálfur gaf hann hér upplýsingar um, að verðfallið á saltfiskinum hefði numið 6%. Þann 10. þ. m. var ég á fundi Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, þar sem hv. 2. landsk. þm. var einnig, en þar skýrði form. Sölusambandsins frá þessari niðurstöðu á athugunum, sem stjórn þess hafði látið gera í þessum efnum, og þó að ég að sönnu gæti um það í ræðu minni, sem ég flutti þar, að mér þætti mjög ósennilegt, að verðfall á fiskinum hefði ekki orðið meira, datt mér ekki í hug að véfengja þessa niðurstöðu, þótt hún kæmi mér á óvart. Hins vegar sagði ég við hv. 2. landsk. þm.: Ef verðfall á fiskinum er 6%, en gengislækkunin hefur hækkað söluverð fisksins erlendis um 74% og samt telji útgerðarmenn sig fá minna fyrir hvert kíló fiskjar í krónum og aurum heldur en þeir fengu fyrir gengislækkun, hvernig mundi dæmið þá standa, ef gengislækkunin hefði ekki verið gerð, og hvað mundu 17 millj. króna hrökkva lengi til þess að fylla það skarð, sem þar væri fyrir skildi? — Það var þetta, sem ég var að gera aths. við, en ekki að ég bæri brigður á þær tölur, sem hv. 2. landsk. þm. tilgreindi. — Ég veit að sönnu ekki, hverjir það verða, sem tapa á niðurfellingu skulda samkv. þessu frv., að svo miklu leyti sem um þvinguð skuldaskil verður að ræða, en það kemur mér á óvart, ef þeir, sem reka verzlun og iðnað, eiga ekki langmestan hluta af þeim kröfum, sem menn eiga á hendur útveginum í landinu og þá sérstaklega bátaútveginum. Það er mér einnig ný fregn, ef hætta er á því, að sjómenn fái við þessar aðgerðir stóran skell á sig. Ég held, að sjómenn eigi veðkröfur fyrir sínum skuldum, og ég veit ekki til, að þeir hafi fallið frá þeim kröfum — enda ástæðulaust að gera það. Ég held þess vegna, að það sé ólíklegt, sem hv. þm. gaf í skyn, að meginþunginn af niðurfellingu skulda samkv. frv. leggist á herðar hinna vanmáttugu í þessum efnum.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði talað um það, að gengislækkunin, sem gerð var í marz s. l., mundi sjá öllu farborða, einnig þeim vanda, sem hér er verið að etja við. Það hefur áður verið tekið fram, að þetta frv. er ætlað til þess að gera hreint fyrir dyrum útvegsins, og hv. 2. landsk. þm. veit, að mörg utanaðkomandi atvik hafa komið í veg fyrir, að þær vonir, sem bundnar voru við gengislækkunina í þágu útflutningsframleiðslunnar, hafi getað rætzt. En hefði gengislækkunin ekki verið framkvæmd og ríkissjóður hefði tekið að sér að fullnægja þörfum útvegsins, þá hefði ekki verið um annað að ræða en að leggja óbærilega þunga nýja skatta á almenning í landinu, og enginn hv. þm. hefur enn treyst sér til að benda á, hvar ætti að taka þær hundruð millj. króna, sem til þess hefði þurft. Aðaltilgangur gengislækkunarinnar var að létta undir með framleiðslunni með hækkuðu afurðaverði í krónum talið og vegna lækkaðs gengis krónunnar og svo hins vegar að færa almenningi í landinu nokkrar óbeinar bætur og aðallega með verzlunarfrelsi, sem vonir stóðu til að hægt væri að koma á, ef hallæri hefði ekki bætzt svo hörmulega ofan á þessar réttmætu fyrirætlanir og vonir, sem við gengislækkunina voru tengdar, því að ef tekizt hefði að gefa verzlunina frjálsa, hefði af því leitt aukið framboð á vörum og þar með lægra verð á innfluttum vörum.

Hv. 2. landsk. þm. þarf ekki — þótt hann sé sjálfur útvegsmaður — að tala hér neitt digurbarkalega við mig um það, að ég fylgist ekki með því, hvað útgerðarmenn tali og hugsi í þessum málum. Ég held, að ég sé eins kunnugur þessum málum og hann, og það líður varla sá dagur, að útvegsmenn tali ekki við mig um sín hagsmunamál — bæði í sambandi við embætti mitt sem sjútvmrh., auk þess sem ég á fjölda persónulegra vina í þessari atvinnugrein og hef sjálfur verið virkur þátttakandi í henni um langt skeið. Ég held þess vegna, að hann hafi engan kunnugleika fram yfir mig um þeirra hag eða viti betur, hverjum augum þeir líta framtíðina, og hann má ekki rugla því tvennu saman, hvort ég sjái ástæðu til að hlæja að honum sjálfum fyrir undarlegan málaflutning í þessu máli eða hvort mér sýnist sjálft yrkisefnið hlátursefni, — það er hagur útvegsins í landinu. Ég væri ánægður með þennan hv. þm. og hans flokk, ef þeir vildu taka með eins mikilli alvöru á málum útvegsins og ég hef gert og ef þeir vildu koma til dyranna eins og þeir væru klæddir, ekki til þess að þóknast útgerðarmönnum, heldur til þess að tjá þeim, eftir hvaða leiðum unnt væri að verða við óskum þeirra og hverjum af kröfum þeirra væri ekki hægt að verða við. Þessi hv. þm. var viðstaddur á fundi Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, þar sem mjög var deilt á ríkisstj. fyrir aðgerðir hennar í málefnum útvegsins og að hún hefði ekki tryggt annað gengi á ítölsku lírunni, og hann hlustaði á mig taka á mínar herðar þá andúð útgerðarmanna, sem leiddi af þeim ráðstöfunum ríkisstj., þar sem þeim fannst hún ekki hafa litið nægilega á þarfir útvegsins, en hins vegar var sjónarmið ríkisstj. og sérstaklega mitt þannig vegna hinnar aðkallandi nauðsynjar á að stöðva verðbólguna í landinu, að ég sá mér ekki fært að verða við kröfum útgerðarmanna og sagði þeim það þá sjálfur og tók á mig persónulega óþægindi af þessu. En hins vegar var sjónarmið ríkisstj. og mitt þá, að vegna þarfar almennings í landinu, vegna nauðsynjarinnar á að stöðva verðbólgu í landinu, þá sá ég mér ekki fært að verða við kröfum útvegsins, hvað þetta snerti, og tók þess vegna á mig persónulega óþægindi af þessu, enda þótt ýmsir útgerðarmenn vildu gefa því þann blæ, að ríkisstj. væri að kenna um þetta og eiginlega helzt eins og enginn væri nema ég í ríkisstj. — En ég skal vera ánægður, ef hv. 2. landsk. þm. talar um mál útvegsins eins og hann hefur innræti til, en sleppir hinum eingöngu pólitísku sjónarmiðum flokks síns, sem oft einkenna hann og hans flokksmenn, — þó að enginn hv. þm. sé sennilega saklaus í þeim efnum.

Hv. 2. landsk. þm. vék enn að því, að æskilegt hefði verið, að ríkið gæfi eftir allar sínar kröfur á hendur útveginum, án þess að setja við því nokkur skilyrði. Og ég sé nú ekki ástæðu til að endurtaka mikið af því, sem ég um þetta sagði, þegar málið var rætt hér í hv. d. fyrir tveim dögum. En ég vil þó minna á það, að mitt sjónarmið var í öndverðu, að ég hefði ekki séð neitt eftir því fyrir hönd ríkissjóðs að leggja því máli stuðning, að svo miklu leyti sem mín orð hefðu haft þar þunga, að ríkið

gæfi útgerðinni eftir þessar 18½ millj. kr., án þess að setja við því skilyrði, ef ég hefði treyst því eða talið mig mega treysta því, að þetta kæmi útveginum að verulegu gagni. Það var einmitt vegna þess, að rannsókn málsins og framhald hallærisins leiddi í ljós, að svo litlar líkur voru til, að slík aðstoð ríkisins gæti orðið útveginum í heild að verulegu gagni, að ég taldi ekki rétt að leggja til, að þetta væri gert. Til mála kom þá, eins og ég áður hef bent á, að gefa nokkrum hluta útvegsmanna eftir kröfur ríkissjóðs, þeim, sem færu í frjáls skuldaskil, að öllu, en að láta kröfur ríkissjóðs koma inn í önnur bú útvegsins til jafns við kröfur annarra kröfuhafa. En ekki heldur þetta sjónarmið gat ég aðhyllzt, vegna þess að þar hefði kröfuhöfum verið misvilnað. — Ég býst við, að sjónarmiðin í þessu séu okkur svo kunn, að það sé í raun og veru ekki ástæða til að skýra þau frekar. Það er nokkurt álitamál, hvað á að gera í þessu. Og ég segi allan minn innri mann, þegar ég viðurkenni, að mín tilhneiging var öll í þá átt að gefa þetta allt eftir. Ég lít á það eins og þeir hv. þm., sem hér hafa rætt um málið, að æskilegast væri, að ríkið viðurkenndi, að þessar kröfur væru niður fallnar, því að a. m. k. hefðu menn gert ráð fyrir því, þegar til þeirra var stofnað eða þegar hagur þeirra versnaði enn meir, að miðað við aðgerðir ríkisins gagnvart öðrum þurfandi þegnum þjóðfélagsins þá væri engu óeðlilegri linkind sýnd, þó kröfur þessar væru felldar niður af hálfu ríkissjóðs. En rannsókn málsins, yfirvegun og rökrétt hugsun leiddu mig inn á þá braut, sem frv. ber með sér. Og ég minni hér enn á það, að eftirgjafir á þessum kröfum af ríkisins hendi eru ekki eftirgjafir til útvegsins sjálfs, nema þá í óbeinum skilningi. — Ég vil ekki vera að gera því skóna á þessu stigi málsins, en við skulum hugsa okkur, að ríkið beri fram þessar kröfur sínar almennt, um 18½ millj. kr., í frjálsum skuldaskilum. Ef gefnar væru eftir af þeim 2½ eða 3½ millj. kr., sem ríkið annars gæti innheimt eftir frv., ef meiri hl. væri afskrifaður almennt af skuldunum, þar sem gert væri ráð fyrir, að kröfurnar, sem ríkið ætti í þessi bú, gæfu 20% í innheimtu — og það eru einnig alveg ímyndaðar tölur — og að ríkinu þannig áskotnaðist eitthvað nálægt þrem millj. kr., eru þeir hv. þm., sem hér hafa talað um þetta mál, vissir um, að það mætti ekki verja þeim þrem millj. kr. betur, annaðhvort í þágu útvegsins sjálfs eða þeirra manna, sem minnst burðarmagn hafa, t. d. sjómanna og verkamanna, þannig að meira gagn hlytist af í þágu þessara sjónarmiða, sem frv. er borið fram fyrir, heldur en með því að láta kröfuna um þær 3 millj. kr. niður falla? Ég hef ekkert umboð til þess að bjóða upp á slíka meðferð þessa fjár, sem ríkið þarna á. En að því er míns áhrifavalds gætir í þessum efnum, er ég fyrir mitt leyti að sjálfsögðu til viðræðna um það, hvernig ætti að ráðstafa því fé, sem ríkinu áskotnaðist með innheimtu þess hluta af þessum kröfum, sem auðið reyndist að innheimta. Við fyrri skuldaskilin minnir mig, að kröfur, sem ríkið innheimti, væru látnar falla Fiskveiðasjóði og koma þannig útveginum óbeint til hagsbóta. Einhvern slíkan hátt mætti hafa á þessu nú. Og ég vil, að menn athugi þetta allt, annaðhvort undir meðferð málsins í þinginu eða á seinna stigi þessa máls. Því að ekki verður málfrelsi tekið af mönnum, þó afgreiðslu þessa frv. verði lokið á Alþ. Það er ekki eins og menn missi réttinn til þess að fjalla um þetta mál fyrir það.

Ég vil svo ekki fara um málið fleiri orðum. Aðalatriðið er, að hlutverk þessa frv. er ekki það að tryggja framtíð útvegsins að neinu leyti á líkan hátt og ætlað var með gengisbreytingarlögunum. Þá átti að koma útveginum á réttan rekstrargrunn. Tilgangur þessa frv. er meir sá að gera hreint fyrir dyrum útvegsins nú — eins og hreingerning á íbúð, áður en flutt er inn í hana. Svo er eftir að sjá, hvernig gengur að draga fram lífið í nýhreingerðu íbúðinni.

Það er að sjálfsögðu ýmislegt, sem fram hefur komið í þessum umr., sem ég er ósammála um og gæti flutt um það langar ræður og skýrt mismunandi sjónarmið. En af því að ég álít, að öllum sé fyrir beztu, að þetta mál fái fremur hraðan heldur en seinan gang gegnum hæstv. Alþ., vil ég ekki að nauðsynjalausu tefja umr. — Og ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að heldur en að ljúka ekki umr. um málið í dag verði haldinn eftirmiðdagsfundur, og ef það dugir ekki til þess, þá kvöldfundur.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég vil ekki lengja umr. að óþörfu né heldur gera tilraun til að auka á þann ama, sem ég veit, að hæstv. atvmrh. er að því, að sú hin mikla lækning, sem hann ætlaði sér að gera með gengisbreyt., hefur mistekizt.

Ég spurði um það hér í fyrradag, hvaða ráðstafanir yrðu gerðar til þess að fá fé í sjóðinn til að greiða sjóveðsskuldir, sem á útgerðinni hvíla. Hæstv. ráðh. svaraði því, að hann vissi ekki, hvort lánin mundu fást, en að lögin mundu ekki koma að fullum notum, nema þetta tækist. Nú hafði ég sérstaklega spurt um sjóveðskröfur, sem hvíla á skipum frá síðasta sumri, og ég vildi, út af þessu svari hæstv. ráðh., biðja hann enn að upplýsa, hvort hann álíti eða viti, hvort möguleikar séu á því, að aflatryggingasjóður geti innt þessar greiðslur af hendi, og hvort þetta gæti orðið fljótlega, og hvers vegna það er ekki þegar orðið, ef aflatryggingasjóður hefur fé til þess að greiða þetta. (**Atvmrh.:** Það veit hv. þm. vel um.) Ég veit, að ekki var notuð sú heimild, sem um þetta var gefin í bráðabirgðal. í sumar, að fullu. En hvort hún nægir til þess að ljúka þeim sjóveðskröfum, sem hvíla á skipunum frá því í sumar s. l., það veit ég ekki. En ég hef áður lagt á það áherzlu og vil leggja áherzlu á það, að það er óviðunandi ástand, að síldarskipahásetar einir allra háseta í landinu geti ekki krafið inn sitt kaup frá sumrinu, og að Alþ. heimili þetta, það getur ekki haldizt til lengdar.

Á milli funda hafði nefnd frá L. Í. Ú. tækifæri til að ræða þetta frv. svolítið við hv. sjútvn. þessarar d. og leggja fram þar sínar skoðanir. Hæstv. atvmrh. komst svo að orði, að ef felldur yrði niður viss hluti af síðustu málsgr. 1. gr. frv., þá mundi það verða til þess, að kröfuhöfum mundi verða mismunað, m. ö. o. ef heimild væri í löggjöfinni til þess að gefa eftir hallærislánin að fullu, þá gæti það orðið til þess að mismuna kröfuhöfum. Ég fæ ekki skilið þetta. Mér skilst, að kröfuhafar mundu fá hlutfallslega því meira og hlutfallslega

allir því meira hver um sig, eftir því sem meira yrði gefið eftir af ríkisláninu. (**Atvmrh.:** Það væri eingöngu um það að ræða að gefa það eftir, sem í síðustu málsgr. er talað um, í frjálsum skuldaskilum, ef felldur væri niður nokkur hluti síðustu málsgr. 1. gr.). En kaflinn er ekki eingöngu um frjáls skuldaskil. Hann er um fleira. Og það má álíta, að 1. gr. taki eins til krafna ríkissjóðs gagnvart þeim, sem fara í þvinguð skuldaskil. Og mér skilst, að 3. gr. þessa kafla nái einnig til skulda þeirra, sem fara í þvinguð skuldaskil, alveg eins og til hinna, sem fara í frjáls skuldaskil. Og ef svo væri ekki, virðist mér vanta ákvæði um þetta efni, sem í 3. gr. er, í síðari hluta frv. Ef ég misskil þetta, þá veit ég, að hæstv. atvmrh. muni vera ljúft að leiðrétta það. En eins og þetta frv. liggur fyrir, þá er sjálfsagt nauðsyn á að flýta afgreiðslu þess. — En frv., eins og það liggur fyrir, er alveg meingallað. Og eftir að hæstv. atvmrh. hefur svo oft, bæði fyrr og síðar, látið hér á Alþ. í ljós allan þann velvilja til útvegsins, sem hann er kunnur að, þá skil ég ekkert í því, að hann skuli hafa lagt þetta frv. fyrir eins og það liggur hér fyrir nú.

Hv. 2. landsk. þm. gat þess, að skuldaskilin mundu eflaust koma hart við allmarga fátæka menn í kaupstöðum úti á landi. Ég tók undir þetta í minni fyrri ræðu og vil ítreka það, að mörg af þeim fyrirtækjum, og líklega allflest, sem þessi skuldaskil koma hart við, eru engin milljónafyrirtæki, og mörg þeirra eru sameign útvegsmanna sjálfra. Og eins og þetta frv. liggur fyrir, þá er hætt við því, að þessi skuldaskil þrengi mjög að kosti margra þessara fyrirtækja.

Ég minntist svolítið á það í minni fyrri ræðu um þetta mál, að með gömlu skuldaskilasjóðslögunum frá 1935 var greiðsluhæfni þeirra skuldabréfa, sem þá voru gefin út vegna skuldaskila, miklu víðtækari en gert er ráð fyrir í þessu frv., þannig að það mátti segja, að þeir skuldareigendur, sem fengu þá greiðslur í skuldabréfum, gætu notað skuldabréfin nokkurn veginn sem reiðufé. En eins og þetta frv. liggur hér fyrir, þá eru skuldabréfin ekki gjaldeyrir til neins annars en til greiðslu á skuldum útvegsmanna til þeirra, sem fá þessi skuldabréf í hendur. Kröfuhafar verða í fyrsta lagi að afskrifa af sínum skuldum kannske 80, kannske 90, kannske 95% og fá upp í þetta skuldabréf, sem þeir verða að liggja með og geta ekki komið neinn veginn fyrir sig í peninga, en verða að liggja með, með 4½% vöxtum, þangað til þau verða dregin út á sínum tíma. Það er ekki hægt að loka augunum fyrir því, hæstv. atvmrh., að þetta ákvæði í frv. er svo meingallað, að það hlýtur að stórspilla fyrir því, að útvegurinn úti um landið a. m. k. geti gengið með fullum krafti, jafnvel þó önnur skilyrði væru hagstæð fyrir hendi.

Í sambandi við þetta er sú breyt. gerð á frv., frá því að það lá fyrir hjá L. Í. Ú. til athugunar, að í staðinn fyrir að færa aftur um þrjú ár vangoldnar afborganir og vexti af lánum Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóðs Íslands, sé jafnað niður þessu, sem vangreitt er, á lánstímann, sem eftir er. Nú vitum við, að eftir að búið er að gera þessa aðgerð, sem eru skuldaskilin, þá er bókstaflega ekki til neitt lánstraust hjá þessum útvegsmönnum. Og ég verð að segja, að með því útliti, sem nú er, eins og hæstv. atvmrh. alveg réttilega lýsir því, þá er það nokkuð mikil bjartsýni að gera ráð fyrir, að vélbátaútvegurinn, sem ekki hefur á undanförnum árum getað staðið í skilum með árlegar jafnar greiðslur vaxta og afborgana í Fiskveiðasjóð og Stofnlánadeildina, muni geta bætt við hinar árlegu greiðslur vaxta og afborgana að miklum mun, frá því sem áður hefur verið.

Ég hefði haldið, að með því að hafa í lögum heimild til þess að gefa eftir þessi hallærislán, sem enginn hefur reiknað með, að væru innheimtanleg — a. m. k. ekki svo neinu næmi — þá gætu útvegsmenn meir bætt fyrir sér en þeir geta annars. Mér skilst, að með fullum eftirgjöfum á þessum skuldum gætu sennilega minnkað nokkuð greiðslur, sem færu fram í þessum mjög óálitlegu skuldabréfum. Og ég hygg, að það séu nokkur dæmi til þess a. m. k., að menn gætu sloppið við að greiða sínum skuldheimtumönnum hluta af skuldinni í þessum skuldabréfum, en gætu í staðinn útvegað sér eitthvert reiðufé, ef heimildin væri eins og L. Í. Ú. hefur lagt til, að hún væri í þessu efni. Og fyrir fyrirtæki, sem þarf að afskrifa stóra skuld, kannske hjá mörgum mönnum, og það ekki mjög ríkt fyrirtæki, þá hlýtur það að vera ákaflega mikill léttir, ef fyrirtækið gæti fengið greiðslu í reiðufé, en þyrfti ekki að taka við 15 ára skuldabréfum, sem það þó getur ekki gert neitt við annað en að láta þau liggja og bíða eftir, að þau verði dregin út. — Ég get ekki komizt hjá að benda hæstv. atvmrh. á þetta í fullri alvöru og biðja hann að taka þetta rækilega til yfirvegunar fyrir næstu umr. málsins.

Það má vera, að einhverjir, sem hafa mikil völd í fjármálum, hafi komið inn í þetta frv. ákvæðum, sem hæstv. atvmrh. er ekki að öllu leyti til geðs. En ef svo er, þá hefur hann þá aðstöðu, ef hann vill við það ráða, að geta það. Og ég vildi mælast til þess, að ef hæstv. atvmrh. getur, við nánari athugun, séð, að nokkuð muni mega betur fara í þessu frv., eins og ég hef bent hér á, þá athugi hann þetta betur milli umr. og geri það, sem í hans valdi stendur, til að kippa því í lag. Ég er ekki í vafa um, að ef hæstv. atvmrh. beitir sér fyrir þessum umbótum, þá er það í hans valdi að koma þeim fram.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. atvmrh. minntist örlítið á það, sem ég hafði sagt hér í ræðu, sem ég hélt, síðast þegar þetta mál var til umr. Og hann virtist, eins og einstaka sinnum áður, vilja gera lítið úr því, að hér væri nokkurt hringavald eða bankavald, sem nokkuð kæmi við útveginn eða bakaði honum nokkrar búsifjar. Ég veit ekki, hvort hæstv. atvmrh. vill ekki ræða þetta mál af því, að honum finnist sér það of skylt og sér henta að slá þessu yfir í „frasa". En ég er reiðubúinn til þess að ræða þetta mál nokkru nákvæmar en ég gerði síðast. Og ég held, að það sé óhjákvæmilegt, ef Alþ. ætlar að gera upp við sig, hverjar þess skyldur eru gagnvart sjávarútveginum og hverjum það er að kenna, hvernig sjávarútvegurinn er kominn. Ég held, að ef Alþ. ætlar að afgr. mál eins og þetta á einhverjum réttlætisgrundvelli, þá verði hv. alþm., og ekki síst hæstv. ríkisstjórn, að vera alveg ljóst, hverja ábyrgð ríkið

ber sem slíkt og hverja ábyrgð Alþ. ber sem slíkt, með löggjöf, á því, hvernig nú er komið fyrir sjávarútveginum.

Ég vil ekki tefja þetta mál, en mig langar til að rekja í stuttu máli, hvernig er komið fyrir báta-útveginum, sem er að vinna þýðingarmikil störf fyrir þjóðfélagið.

Einhverjir fyrstu aðilarnir, sem vélbátaeigendur komast í kynni við, þegar þeir þurfa að koma af stað sinni útgerð, eru þeir seljendur, sem útgerðarmenn kaupa útgerðarvörur af, t. d. þeir, sem græða mest, olíuhringarnir. Ég býst við, að það blandist engum manni hugur um, að olíuhringarnir séu einhverjir allra mestu gróðaaðilar í okkar þjóðfélagi. Og hver er afstaða Alþ. til þeirra? Hún er sú, að þessir olíuhringar hafa einokun á olíuinnflutningnum og fá að selja útgerðinni olíu og fá einokun til þess. Og útgerðin hefur enga aðra möguleika. Þessir olíuhringar hafa grætt svo millj. kr. skiptir á ári hverju á viðskiptum við útgerðina. Og það hafa legið fyrir skýrslur um seinustu rannsókn, sem gerð hefur verið um afstöðu milli olíuhringanna annars vegar og smábátaútvegsins hins vegar, sem sýna, að gróði olíuhringanna og annarra hringa, sem bátaútvegurinn hefur skipt við, hefur verið nokkurn veginn jafnmikill eins og tap báta-útvegsins. Og þetta er staðfest í skýrslum ríkisstj. Hæstv. atvmrh. þarf ekki annað en að fletta upp í bók, sem honum var handgengin á sínum tíma, svo kallaðri Rauðku, til þess að sjá það út reiknað af hv. sjálfstæðismönnum og fyrrv. þm., að þetta standist á. — Hvað verður svo það næsta fyrir bátaútveginn, þegar hann er sloppinn frá hringunum og búinn að taka við veiðarfærum o. þ. l. með okurverði? Þá kemur hann næst til bankanna og biður um lán til þess að gera út. Hvaða svar fær hann þar? Jú, hann fær kannske lán, eftir langar stöður og mikla bið. Og með hvaða kjörum? Þau eru nú með 6% og 6½% vöxtum. Og samt er um að ræða hér aðstoð bankans eða bankanna til að framleiða þann hlut, sem eftirsóttastur er í þjóðfélaginu, gjaldeyrinn. 6% og 6½% vextir, — hvað þýðir það fyrir smáútveginn? Það er svo um sæmilega forretningu lítils atvinnurekanda í þjóðfélaginu, að ef hún ber 4% vexti, þá þykir það sæmilegt. — Ef smáútvegurinn fengi 2% vaxta lán og þau fyrirtæki, sem við útveginn starfa, þá mundi það gefa þeim 4% mismun frá því, sem nú er í vöxtum. Og það mundi breyta miklu, stórkostlega miklu, það veit hæstv. atvmrh. Ef hæstv. atvmrh. færi eftir því, sem hann kallaði sínar góðu tilhneigingar hér áðan, ætti hann að fá þingið til þess að samþ., að vextirnir yrðu ekki nema 2—2½%. En það er Landsbankinn, sem vill hækka vextina upp úr öllu valdi. Landsbankinn hefði sannarlega efni á því að veita smábátaútveginum 2—2½% í staðinn fyrir 6—6½%, en það er enginn vafi á því, að vextirnir fara upp í 7% eða jafnvel meira. Hvernig er afkoma Landsbankans? Við vitum það báðir, að undanfarin ár hefur verið um að ræða 16—17—18 millj. kr. hreinan gróða hjá Landsbankanum og að hann hefur átt yfir 100 millj. kr. í skuldlausum eignum nokkur undanfarin ár. Ég held því sannarlega, að Landsbankinn hefði efni á að lækka vextina niður í 2—2½% og minnka svolítið þennan gróða. Á Alþ. að slá því föstu, að þegar um er að ræða annars vegar stofnun, sem ríkið á sjálft og græðir stórkostlega á þeim gjaldeyri, sem vélbátaútvegurinn skaffar honum, — á að slá því föstu, að ef annar hvor eigi að láta undan, sé það lamb fátæka mannsins, sem eigi að slátra, en ríkasti aðilinn í okkar þjóðfélagi skuli engar fórnir færa og taka allt af hinum? Ég á bágt með að skilja þessa undanlátssemi við stofnun, sem er ekki annað en nokkrir embættismenn, sem heyra undir Alþ. og ríkisstj. Að vísu var það svo á árunum 1945—46, að þá voru Íslendingar óháðir þessu bankavaldi og ríkisstj. og Alþ. þorðu að segja því til syndanna og segja fyrir um, hvernig ætti að vinna þjóðinni til gagns. Er það vegna þess, að þetta ástand er breytt nú, að látið er svona undan Landsbankanum? Ég mundi gjarnan í þessu sambandi vilja fá upplýst: Er það svo, að t. d. Kveldúlfur og S.Í.S. séu farin að fá það mikil lán hjá Landsbankanum, að bankinn sé farinn að nota sér þau tök, sem hann þannig getur fengið yfir voldugustu aðilum okkar þjóðfélags, til þess að fyrirskipa Alþ., eins og hann ætlar sér að gera með þessu frv., hvernig það eigi að leysa þessi mál? Atvmrh. segir, að hann hafi góða tilhneigingu til þess að afgr. þetta mál þannig, að það komi að sem beztum notum fyrir útvegsmenn, en biður hins vegar um að flytja hér frv., sem hann segir sjálfur, þegar hann hefur athugað það vel, að hann sé engan veginn fullkomlega ánægður með. Er það orðið svo, að Landsbankinn fyrirskipi hæstv. ríkisstj., hvernig frv. hún eigi að flytja í þinginu?

Þegar svo ríkisvaldið er búið að beygja vélbáta-útveginn undir það að verða að greiða okurrentur og láta síðan taka af honum vöruna og selja hana án þess að hann hafi nokkuð af henni að segja, þá gerist það, að gjaldeyririnn, sem með þessu móti er skapaður, er líka tekinn af fiskframleiðslunni og honum úthlutað eftir því, sem ríkisstj. þóknast, og fyrst og fremst til þeirra aðila, sem lagt hafa í kosningasjóð Sjálfstfl. (**Atvmrh.:** Ég heyrði ekki, hvað hv. þm. sagði.) Ég sagði, að hugsanlegt væri, að þeim gjaldeyri, sem aflað væri að lokum með þessu móti, væri úthlutað eftir því, sem ríkisstj. þóknaðist, og fyrst og fremst til þeirra, sem lagt hefðu í kosningasjóð Sjálfstfl. Þannig fer þá um þennan gjaldeyri, þegar vélbátaútvegurinn eftir alla þessa erfiðleika, sem hann býr við sökum ráðstafana hæstv. ríkisstj., er búinn að afla hans með ærnum erfiðismunum, gjaldeyri, sem er þjóðinni lífsnauðsyn. Er þessi gjaldeyrir þá svo eftirsóknarverður? Já, hann er það eftirsóknarverðasta í verzluninni, það er barizt um hann. Jafnvel heilir flokkar sameinast fyrst og fremst á þeim grundvelli, hvernig þeir eigi að skipta þessum gjaldeyri milli sín og sinna gæðinga. Af þessum gjaldeyri fæst svo gróði, mikill gróði. Þessi gjaldeyrir, sem vélbátaútvegurinn aflar, er undirstaðan undir aðalgróðalindunum í þjóðfélaginu, og heildsalastéttin, sem fær sinn stóra hluta af þessum gróða, vill svo náttúrlega helzt ekkert koma nærri þessari útgerð, segir meira að segja, að þessi útgerð beri sig ekki, hún sé á hausnum og það borgi sig ekki að gera út. Þetta er það álit, sem blöð Sjálfstfl. eru að reyna að skapa á útgerðinni, sem sé algert skilningsleysi á þörfum þjóðarinnar í þessum efnum. Þessir sömu aðilar, sem búnir eru að græða á tá og fingri á þessum útvegi, búnir að mergsjúga

hann, þessir aðilar koma nú og segja, að þessi útvegur sé alltaf rekinn með tapi, þessi útvegur sé byrði á þjóðinni og það dugi ekkert annað við þennan útveg en að gera hann upp. Hvaða vit er nú í þessu? Hvaða vit er í því, að það bankavald, sem búið er að græða á þessari útgerð, komi hér til okkar á Alþ. með frv. eins og þetta og segi við okkur: þessi útgerð er alltaf með tap, þetta er ómögulegur rekstur og ekki við hann talandi, það verður að gera hann upp og á þann hátt, að það vilji helzt enginn maður koma nærri þessari útgerð framar? — Alþ. verður að skapa hér einhvern réttlætisgrundvöll í afstöðu sinni gagnvart vélbátaútgerðinni. Alþ., sem er búið að beita sér svona móti útgerðinni, gefur öllum mögulegum ránfuglum í þjóðfélaginu aðstöðu til þess að kroppa svona duglega í hana á hverjum tíma, sem dreginn er fiskur úr sjó. Alþ. á að segja við þessa ránfugla: Þið verðið að láta af hendi rakna svolítið af þeim gróða, sem þið eruð búnir að gleypa af útgerðinni, lækka svolítið vextina, lækka svolítið olíuverðið, lækka svolítið gróðann. — Þetta tókst hér fyrir nokkrum árum, að fá nokkra lækkun á ýmsu því, sem að útgerðinni laut, t. d. lækkun vaxta, á meðan bankavaldið hafði ekki algerða einveldis- og einokunaraðstöðu í þjóðfélaginu, og ég held, að þeir tímar hljóti að koma, að Alþ. taki að sér enn á ný að fyrirskipa þær aðgerðir gagnvart þeim, sem á útgerðinni hafa grætt, að þeir verði nokkuð að létta undir með henni.

Hæstv. atvmrh. talaði um, að það væri hallæri, sem hefði komið í veg fyrir, að það hefði verið hægt að gera ýmislegt, sem hæstv. ríkisstj. hefði haft í huga. Hallærið, sem hæstv. atvmrh. er að tala um, það er skapað af hæstv. hallærisstjórn. Að vísu hefur verið síldarleysi undanfarin ár, og aflabrestur á þorskveiðunum hefur að vísu verið meiri á einstökum stöðum á landinu en áður, en það er þó ekki hann, sem hefur skapað það, að framleiðslan er miklu minni á freðfiski en verið hefur undanfarið. Ég sé, að Morgunblaðið í dag telur markaðsleysið sem hallæri. Markaðsleysið er búið til af hæstv. ríkisstj. og skipulagt, og hæstv. ríkisstj. vill ekki eða þorir ekki að gefa landsmönnum nokkra möguleika á að sýna fram á, að það sé ekki hallæri á því sviði. Það er haldið vægðarlaust í þá einokun, sem þessir voldugu aðilar hafa skapað sér á Íslandi, og síðan er reynt að telja fólki trú um, að ekki sé hægt að finna neinar leiðir út úr þessu. Ég þekki slíkan áróður, og e. t. v. þekkir hæstv. atvmrh. hann líka, því að það er sami áróður og fór fram árið 1944 í Vísi og Tímanum, að það yrði markaðsleysi og verkföll undireins og stríðinu lyki. Það voru þá vissir aðilar, sem höfðu áhuga fyrir því að lækka kaupgjald hjá fólki, það átti þá að reyna að telja fólki trú um, að markaðsleysi og verkföll væru alls staðar yfirvofandi strax í stríðslok, vegna þess að það voru ákveðnir aðilar, sem vildu þá setja allt á annan endann hér í þjóðfélaginu, og meira að segja Tíminn skrifaði í september 1944, að það væri þó betra, að allt stöðvaðist en samið væri við verkamenn um kauphækkun. Það eru samsvarandi öfl að verki núna, öfl, sem ýmist hafa ekki neina trú á, að íslenzkur sjávarútvegur geti þrifizt, eða vilja hagnýta sér atvinnuleysið, sem skapast með þessu hallærisástandi, með markaðsleysi til þess að knýja kaupið niður. Það er vitanlegt, að atvinnuleysi og atvinnuskortur vegur nú hart að almenningi hér í landi, og það ríkir fátækt og skortur á fjöldamörgum verkamannaheimilum hér í Rvík, sem þó hafa staðið einna bezt af verkamannaheimilum landsins. Það er reynt að telja fólki trú um, að það sé hallæri og þess vegna verði að sætta sig við allt. Sem forsendu fyrir launalækkun er nauðsynlegt fyrir valdhafana að skapa vonleysi hjá fólki, brjóta niður hjá því alla trú á því, að nokkuð sé hægt að gera. Árið 1944 átti að skapa þetta sama, skapa vonleysi og trúleysi á, að nokkuð væri hægt að gera. Það tókst ekki, meðal annars vegna þess, að hæstv. atvmrh. skildi þá, hve mikla möguleika Íslendingar höfðu, þó að hann fengi ekki allan flokk sinn, ekki einu sinni allan þingflokk sinn til að skilja það og styðja þá stj., sem hann myndaði. Fyrst ekki er hægt að skapa ríkisstjórn, sem þorir að hjálpa þjóðinni, þá fer fólkið fram á leyfi til að bjarga sér sjálft, en því er bannað það, af því að einokun ríkir í þessum efnum. Þó að vélbátaeigendur og bæir úti um land vilji bjarga sér með því að flytja sjálfir út framleiðslu sína, þá fá þeir það ekki. Þeim er haldið í járngreipum, og það er gert af flokki, sem segist fylgja frjálsri verzlun og framtaki einstaklinganna. Og svo segir hæstv. atvmrh., að ástandið hjá vélbátunum hefði ef til vill verið betra, ef hægt hefði verið að gefa verzlunina frjálsa. En hvers vegna er það ekki gert? Á hverju strandar? Það strandar á þeim aðilum, sem einokunaraðstöðu hafa í þessum efnum. Það er auðvelt að gefa verzlunina frjálsa, — og hvenær væri meiri þörf á því en einmitt núna, þegar ríkisstj. er búin að skapa hallæri í landinu? En við skulum gera okkur ljóst, að hallærisástand þarf ekki að ríkja í landinu. Íslenzka þjóðin er ríkari nú en hún var 1944 eða 1945. Hún er ríkari vegna þess, að peningar þeir, sem þjóðin átti þá, voru notaðir til kaupa á tækjum, sem nú geta skapað meiri auð en þjóðin hefur nokkru sinni eignazt. Þá var deilt á okkur hæstv. núv. atvmrh. fyrir að vilja heldur kaupa atvinnutæki til landsins fyrir peninga þessa en setja þá á vexti í enskum skuldabréfum. Allir geta nú séð, hve viturlegt það hefði verið að kaupa erlend skuldabréf í stað togaranna, sem við keyptum, og eiga nú slík kaup fyrir höndum með því verðlagi, sem er á togurum erlendis núna. Íslenzka þjóðin er því ríkari nú en hún var í stríðslok og heldur en hún hefði verið, þó að hún ætti mikið fjármagn í erlendum skuldabréfum. Hún á nú togara, sem geta skapað hundruð millj. í erlendum gjaldeyri árlega, ef einokunarvaldið aðeins bannar það ekki. Við getum auðveldlega selt allt, sem við framleiðum, en einokunarvaldið hindrar það, — einokunarvaldið, sem er að brjóta niður allan sjávarútveg okkar. Ég held því, að hæstv. atvmrh., ef hann finnur einhverjar góðar tilhneigingar hreyfast í brjósti sínu, geti óhræddur lagt þær fyrir hérna, því að ef um betra frv. en þetta væri að ræða, getur hann verið öruggur um fylgi þm. við það. En ef hann lætur landsbankavaldið svæfa þessar góðu tilfinningar sínar og kæfa þær niður, þá er það illt og mun kosta harðvítuga og grimma baráttu. Ríkið getur gefið eftir sín lán, og það hefur alltaf verið gert ráð fyrir því hér í Alþ., að slíkt yrði gert án stórkostlegra skilyrða. Þá væri hægt að bæta fyrir mönn-

um, ef út í það yrði farið að gefa út skuldabréf, með því móti að gera þau gjaldgeng upp í bankaskuldir.

Þegar gengið er að vélbátaútveginum, verður að tala við hann sem aðila, sem þjóðin hefur grætt á og á skyldum að gegna við, en það á ekki að gera á hann árás að fyrirskipan einokunarvaldsins, sem hefur brotið hann niður og vill nú láta gera hann upp.

Ég hef nú orðið langorðari um þetta en ég ætlaði, en það er nú svo með hæstv. atvmrh., að theoria er annað en praksis hjá honum, og hann sagðist ekki ætla að fara út fyrir mál það, sem hér er til umr., en fer það svo samt sem áður, og þá hef ég tilhneigingu til að feta í hans spor. Ég held, að þessar umr. hafi verið til góðs. Þær hafa sýnt þær raddir einar frá hv. þm., að þeir séu á móti svona aðgerðum við vélbátaútveginn. Þeir vilja láta meta þýðingu hans fyrir þjóðina, og hve illa og ósanngjarnlega hefur verið farið með hann af valdhöfunum til ágóða fyrir einstaka volduga aðila í landinu.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Hv. þm. Ísaf. talaði hér nokkur orð um málið út frá svipuðu sjónarmiði og fyrir tveim dögum. Ég vil ekki angra hv. þm. með því að heimta, að hann sýndi fram á, hvernig ástandið væri nú, ef hann hefði fengið að ráða og engin gengislækkun hefði orðið og pundið væri nú í 26 krónum. Ég hef ekki brjóst í mér til að bæta þeim áhyggjum á hann að fara fram á, að hann útskýri þetta fyrir hv. þm. Það ríkir misskilningur á milli okkar hv. þm. Ísaf. um skilning á frv. Ég benti á, að ef niður væri felld síðasta mgr. 1. gr. frv., þá væri opnuð leið fyrir stjórn skuldaskilasjóðs til að gefa eftir að fullu kröfur ríkissjóðs á hendur þeim mönnum, sem færu frjálsu leiðina, en ekki þeim, sem færu í þvinguð skuldaskil, og er þannig hinum tveim aðilum mismunað, eftir því hvort þeir fara í frjáls eða þvinguð skuldaskil, og man ég ekki betur en L. Í. Ú., eða n., sem hann átti sjálfur sæti í, gengi ekki lengra en vilja láta fella niður þessa mgr. Ef menn fara frjálsu leiðina, þá hefur ríkissjóður ekki af þeim annan bagga en þann að gefa þeim eftir skuldir við ríkissjóð, en þeir væru ekki þátttakendur í því 20 millj. kr. láni, sem ríkissjóður ætlar til hjálpar þeim, sem fara í þvinguð skuldaskil. — Varðandi deilurnar um kröfuhafa, þá skal ég ekki segja mikið, en hv. 2. þm. Reykv. virtist telja aðalkröfuhafana vera olíuhringa og því um líkt. Ég man ekki til, að L. Í. Ú. bæri fram kröfur um breyt. á frv., sem bentu til, að það teldi frv. meingallað, og eftir því, sem form. sjútvn. hefur skýrt frá, þá hafa fulltrúar L. Í. Ú. í raun og veru fallið frá óskum sínum um breytingar á frv., öðrum en þeim, að þessi mgr., sem ég ræddi um, falli niður, og svo það, sem hv. þm. Ísaf. bar fram, að greiðsluhæfni skuldabréfanna yrði víðtækari en gert er ráð fyrir samkv. frv. Ég man ekki fyrir víst nema þriðja óskin væri um að færa aftur um 3 ár gjaldfallnar afborganir til fiskimálasjóðs, í stað þess að bæta þeim ofan á aðrar afborganir. Ég játa, að það er léttir fyrir útveginn að færa þessar afborganir aftur, en það skiptir ekki öllu máli fyrir útveginn, ef hann réttir við á annað borð, hvort hann greiðir upp lánið á 15 eða 20 árum. Hv. þm. vildi gefa mér allar hinar beztu og fegurstu tilhneigingar gagnvart þessu frv., en sagði, að aðrir hefðu haft áhrif á mig til hins verra. Ég veit ekki, hvort leið sú, sem ég vildi í fyrstu fara, hefði verið betri og orðið útveginum að meira gagni, og ég hygg, að þetta frv. komi útveginum að mestu haldi og er byggt á rökréttastri hugsun; að vísu er þetta frv. samkomulagsatriði milli stjórnarflokkanna, og þeir eiga undir þjóðbankann að sækja með lán í þessu skyni, svo að ekki er óeðlilegt, að hans sjónarmið sé líka að nokkru tekið til greina, þó að hv. 2. þm. Reykv. vildi leggja slíkt nokkuð undarlega út. Ég vil segja það, að hefði ég einn átt að semja þetta frv., þá hefði það verið nokkuð öðruvísi, en að vel athuguðu máli hefði ég með góðri samvizku getað fallizt á allt í því, og í aðalatriðum er mitt sjónarmið ríkjandi í því. Ef það hefði komið í ljós, að eftirgjöf á skuldunum við ríkissjóð hefði leyst viðjarnar af útgerðinni, þá hefði ég ekki séð eftir þeim eftirgjöfum, en eftirgrennslanir leiða í ljós, að slík eftirgjöf nær ekki þeim tilgangi, sem frv. markar.

Ég sé ekki ástæðu til að svara ræðu hv. 2. þm. Reykv. miklu. En ég verð að segja, að það er langt síðan ég hef hlustað svo gaumgæfilega eftir því, sem hann hefur sagt, því að menn eru orðnir langleiðir á þessum glamurkenndu ræðum þessa hv. þm., án þess þó að ég sé að segja, að menn séu orðnir leiðir á hv. þm. sjálfum persónulega. En nú kom þó eitt nýtt fram í ræðu hans. Ég sá nýjan þátt í eðli hans, því að hann var að brigzla mér um, að ég bæri þetta frv. fram tilknúinn af Landsbankanum vegna minna eigin skuldaskipta við bankann. Ég veit, að hv. þm. sárskammast sín fyrir þetta. Hann veit, að ég þarf ekki að leita til Landsbankans. Ég hefði af fornri viðkynningu við þennan hv. þm. ekki búizt við, að hann hefði sagt þetta, þó að hann hefði meint þetta, hvað þá þegar ég veit, að hann meinar ekkert með þessu og veit, að þetta er rangt. Það er ekki ætlunin að taka hér upp langar umr. um bankana, og ég veit ekki, hvernig þeir reynast, ef öll kurl koma til grafar, og hver verður dómurinn um íslenzka banka. Íslenzkt atvinnulíf er ákaflega stopult. Sjávarútvegurinn, sem er stærsta atvinnugrein okkar, er miklu stopulli og misærasamari atvinnuvegur heldur en flestar menningarþjóðir byggja afkomu sína á, og bankarnir eru eins konar samnefnari af slíkum misærasömum atvinnuvegi. Ég hef sem bankaráðsmaður Landsbankans talið, að bankinn færði reikninga sína skakkt og að ekki eigi að bókfæra vexti af skuldum, sem eru tapaðar, eða líklegt megi telja, að séu tapaðar, heldur beri að færa þetta á sérstakan reikning, þangað til ljóst er, hvort skuldunaut sé mögulegt að greiða a. m. k. vexti fyrir eitt ár. En nú er vangoldnum vöxtum bætt ofan á stofnlánið og endirinn verður sá, að skuldunauturinn getur ekkert greitt. Ég treysti mér ekki til að dæma um það, hvort einhver óveruleg vaxtalækkun sé réttmæt, en hitt er aðalatriðið, að hagur Landsbankans er ekki með slíkum blóma og hv. 2. þm. Reykv. vill vera láta. T. d. hefur Útvegsbankinn orðið að taka hærri vexti af lánum sínum til að geta talið fjárhag sinn forsvaranlegan. Ég veit ekki, hvort einhverjar smávægilegar vaxtalækkanir hjá Landsbankanum gætu

verulega bætt hag útgerðarinnar. Slíkt væri vitanlega hugsanlegt, ef útgerðin greiddi aðeins 2½% vexti af lánum sínum, — en heldur nokkur því fram í alvöru, að bankinn geti lánað útgerðinni með þeim kjörum, eins og það er áhættusamt? Ég vil spyrja hv. 2. þm. Reykv., hvort hann sem fulltrúi í bankaráði Landsbankans eða hvort flokksmenn hans hafi gert till. um slíka vaxtalækkun. Ég man ekki eftir svona ræðum hjá honum í bankaráði Landsbankans. Ef ég ætti að taka ræðu hv. þm. alvarlega og svara henni lið fyrir lið, þá mundi það taka a. m. k. einn til tvo klukkutíma, en til slíks er hvorki ætlazt af honum sjálfum né öðrum. En ég skil ekki, hvað slík ræðuhöld eiga að þýða hér í þinginu í sífelllu bæði í tíma og ótíma, — og venjulega í ótíma. Ég var að leita eftir einhverju atriði, sem síðan væri hægt að svara og ræða á málefnalegum grundvelli, en ég gat hvergi fótað mig. Hann hóf upp mikinn harmagrát yfir því, að allt frelsi væri tekið af fiskframleiðendum og á þessum málum væri einokunarstjórn, sem seldi framleiðsluna, að framleiðendum forspurðum, og að í stjórn S.Í.F. væri aðeins einn umboðsmaður bátaeigenda. Hv. þm. veit manna bezt, að ríkisstj. er ekki leyfilegt að skipta sér af þessu, ef 65% fiskframleiðenda taka saman og mynda félag með sér og falla þá hin 35% undir þennan félagsskap. Þessir menn kjósa sér síðan sjálfir stjórn. Ég var á fundi í sambandinu fyrir nokkru síðan, og bar ég þá í tal, hvort ekki væri rétt að hafa tvö sambönd vegna rógmælgi þeirrar, sem nú væri uppi um sambandið, og þá mundi einnig myndast nokkur samkeppni, sem mundi hindra, að þessi þörfu samtök kölkuðu með aldrinum, og sú hugsjón, sem í upphafi var þess valdandi, að félagsskapurinn var stofnaður, þroskaðist með samkeppninni. En mér virtist, að menn vildu ekki ljá þessu eyra, og það voru fleiri en einn, sem sögðu: Við viljum þessi samtök öflug og sterk og viljum standa saman sem einn til að ná því markmiði. — En svo kemur hv. 2. þm. Reykv. hér fram með belgingi og talar um einokun. Er þessi þm. orðinn svona vanur við að slá hausnum við steininn, að hann sé gersamlega hættur að hugsa, og láti hrærigrautinn aðeins buna út úr sér án nokkurs hemils og sé steinhættur að nota sínar góðu gáfur? En málflutningur hans var allur á þá lund. Ég verð að segja, að ég var steinhissa og undrandi á þessu. Ég skrifaði hjá mér, að hann sagði, að ríkisstj. væri að telja mönnum trú um, að hér væri hallæri, en girti síðan fyrir, að borgararnir gætu sýnt, að svo væri ekki. Það eru einkum þrjár stofnanir, sem annast söluna á fiskinum, sem eru allar frjáls samlög, það er að segja S.Í.F., S.Í.S. og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og svo fiskiðjuver ríkisins. Þessar stofnanir fara með umboð framleiðenda og annast söluna á fiskinum í skjóli frjálsrar samkeppni. Þessar stofnanir senda óskir sínar um útflutningsleyfi, og það fellur undir mitt ráðuneyti að veita þau, en ekki utanríkisráðuneytið eins og löngum er látið skína í, þegar liggur á að sverta hæstv. utanrrh., og ég held mér sé óhætt að segja, að það hafi aldrei staðið á fullri viðleitni minni til að greiða fyrir slíkum óskum. Þannig var nýlega leitað leyfis, eins og hv. 2. þm. Reykv. veit manna bezt, til að selja 1000 tonn af hraðfrystum fiski til Ungverjalands, og það stóð ekki á mér að leyfa þá sölu, enda þótt taka yrði upp í þetta talsvert magn af hveiti, sem hvorki var meira né minna en 44,8% dýrara en hveiti, sem fá má frá Kanada. Annars býst ég nú við, ef við yrðum við þeim óskum að leyfa frjálsan innflutning í vöruskiptum, þá yrðum við nú að taka hveitið og setja í einhvern þeirra vöruflokka, sem ekki yrði heimilt að flytja inn án leyfis. (**EOl:** Bjó hæstv. ráðh. sjálfur til þá yfirlýsingu, sem útvarpið flutti frá ríkisstj. 13. sept. s. l., sem svar við viðtali við mig um markaðsmálin?) Nei, hún var ekki samin af mér. (**EOl:** Hefur hæstv. ráðh. þá ekki með sjávarútvegsmálin að gera?) Jú, en ekki utanríkissamninga, það fellur undir ráðuneyti hæstv. utanrrh. Þetta hélt ég að hv. þm. vissi nú og þyrfti ekki að spyrja. (**EOl:** En veit hæstv. ráðh., hvað hann er að segja?) Já, en mér kemur nokkuð ókunnuglega fyrir, að til viðbótar venjulegum áhugamálum hv. 2. þm. Reykv. virðist nú kominn brennandi áhugi fyrir því, að útflytjendur megi selja vöru sína frjálst úr landi, hverjum sem er og fyrir hvað sem er. Ég skal ekki leiða neinum getum að, hvernig á þessum áhuga stendur, en þetta er góð viðbót við umræðuefni eins og bankavaldið og heildsalana. (**EOl:** Hefur hæstv. ráðh. aldrei orðið var við þennan áhuga áður?) Nei, hv. þm. bar allt annað fyrir brjósti, er við störfuðum sem mest saman. Annars ætla ég ekki að fara að rekja ævisögu hv. þm., þótt það kynni að vera skemmtileg saga. En ef það er svo, að hann beri í brjósti sérstakan áhuga fyrir þessu nú orðið, þá get ég fullvissað hann um það, að öll ríkisstj. er einhuga um að hlynna að hverjum þeim viðskiptum og hvar í löndum sem er, sem almenningi geta talizt til hagsbóta. Og ef hann óttast, að hans fyrirtæki verði þar höfð útundan, þá hefur hann þá sönnun fyrir því gagnstæða, er ég nefndi áðan. Annars mætti það nú æra óstöðugan, ef ég ætti að fara að rekja ræðu hv. þm. lið fyrir lið, enda veit ég, að hvorki hann né aðrir ætlast til þess.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Á fundi þeim, sem sjútvn. átti með nefnd frá landssambandinu, tók ég fram, að við hefðum ekki enn sem komið væri athugað þetta frv. nema í aðaldráttum. En við töldum þar um þrjú stór atriði að ræða, og eftir þeim að dæma taldi ég frv. meingallað. Nú er um að ræða mismunandi skilning minn og hæstv. ráðh. Mér skilst, að hann haldi því fram, að 1. kafli frv. fjalli eingöngu um þá, sem hafi frjáls skuldaskil, en ég hygg, að hann fjalli einnig um bundin skuldaskil. Það er ekki hægt að undanskilja síðasta málslið 1. gr., og það hygg ég hæstv. ráðh. hljóti að sjá, ef hann athugar t. d. 26. gr., en þar stendur m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Skuldir tryggðar með veði, þó því aðeins, að skuldarupphæð nemi eigi meiru en verðmæti veðsins. Sé skuldin hærri en verðmæti veðsins samkv. mati því, sem lagt er til grundvallar við samningsgerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr mati veðsins.“ En í 1. gr., 1. tölulið, er talað um „Sjóveðs- og aðrar lögveðskröfur, er ríkissjóður hefur innleyst“ o. s. frv., og í 3. gr. er talað um greiðslufrest á lánum úr Stofnlánadeild og Fiskveiðasjóði. En ákvæðin í 1. og 3. gr. eru einmitt sett vegna ákvæðanna í 26. og 27. gr. um að samningurinn hafi ekki áhrif á skuldir tryggð-

ar með veði. Af þessu hygg ég augljóst, að ef felld yrði niður síðasta málsgr. 1. gr., þá mundi 1. gr. gilda jafnt um lögþvinguð skuldaskil og hin frjálsu, og misrétti það, sem hæstv. ráðh. talaði um, væri ekki fyrir hendi. — Ég vona, að ég hafi gert þetta ljóst og það hafi aðeins verið á misskilningi byggt, ef hæstv. ráðh. hefur verið á móti breytingu, og að andmæli hans gegn því séu þar með niður fallin.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja fáein orð í tilefni af því, sem fram kom í ræðu hæstv. atvmrh. Hann hefur hér tvisvar minnzt á sölu á frosnum fiski til Ungverjalands, er nýlega var gerð, í sambandi við umræður um það fyrirkomulag, sem nú gildir um sölu á íslenzkum sjávarafurðum. Og þegar hann minntist á þessa sölu, skýrði hann frá því, að ríkisstj. hafi samþ. að taka sem greiðslu hveiti, sem væri 44,8% hærra að verði en hveiti á frjálsum markaði. Ég tel nú rétt, að það komi fram, að ég heyrði ráðh. einnig minnast á þetta á fundi, sem við sátum báðir fyrir nokkrum dögum. En þá kom skýrar í ljós en í ræðum hæstv. ráðh. nú, hvernig í þessu liggur. Verðið á þessu hveiti er í rauninni nálega engu hærra en það hveitiverð, sem við verðum nú að greiða, en hins vegar talsvert hærra en það hveiti, sem hægt mundi vera að fá í Kanada, ef við gætum greitt í frjálsum dollurum. En við verzlum með Marshall-dollara, sem er bundinn *gjaldeyrir og óhagstæður*. *Þessi staðreynd er nú* dregin undan. Ég skal játa, að ég er ekki kunnugur þessu niður í kjölinn, en hæstv. ráðh. gerði að minnsta kosti engar athugasemdir við það, er þessar staðreyndir voru dregnar fram á fyrrnefndum fundi. — Þá er það önnur staðreynd í sambandi við þetta, sem líka er skotið undan algerlega, að verðið á þessum umræddu fiski er miklu hærra en það ábyrgðarverð, sem áður var greitt fyrir frystan fisk, þannig að hægt er að taka mismuninn og bæta upp undirsölu á þeim fiski, sem seldur er til Bandaríkjanna. Sé því dæmið gert upp rétt, þá er þarna um miklu hagstæðari sölu að ræða fyrir þjóðarheildina heldur en fisksöluna til Bandaríkjanna.

Þá vil ég leyfa mér að benda á í sambandi við ummæli hæstv. ráðh., að þó það séu að nokkru leyti starfandi frjáls félagssamtök framleiðenda, þá er það samt svo, að vald ríkisins yfir gerðum þeirra er svo mikið, að kalla má, að það hafi tögl og hagldir, og getur hindrað eðlileg viðskipti og bannað sölur hvert sem er, ef því býður svo við að horfa. Til *dæmis eru hér nú aðilar*, sem bjóðast til að kaupa saltfisk fyrir frjálsan gjaldeyri, eða sterlingspund, við miklu hærra verði en hann hefur verið seldur á vegum ríkisstj. Hér er nú staddur aðili, sem býður 2,70 kr. frítt um borð, í stað 2,40 kr., ef framleiðendur fengju aðeins heimild til að gera samninga um þessa sölu til Ítalíu. En heimildir virðist skorta, og þannig virðist gengið frá, að ekki megi selja meira af fiski til Ítalíu á þessu ári, og hinu hærra verðtilboði verður því að neita, hvað sem líður nú hag þjóðarinnar. Þannig stendur ríkisstj. í vegi fyrir því, að menn geti selt vöru sína nema eftir hennar eigin dintum. — Frelsinu er þannig ekki fyrir að fara. Þar með er ekki sagt, að ekki sé eðlilegt, að framleiðendur hafi sín samtök til að selja vöru sína; en þau eru aðeins svipt frelsi til þess, þegar ríkisvaldinu býður svo við að horfa.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. atvmrh. endaði sína ræðu með yfirlýsingu um það, að ríkisstj. væri einhuga um að hlynna að hverjum þeim viðskiptum og hvar sem væri, sem almenningi væru til hagsbóta. Má ég nú eftir þessa yfirlýsingu hæstv. ráðh. leyfa mér að spyrja hann, hvernig á því stendur, að ríkisstj. og fjárhagsráð skuli ekki fást til að leyfa viðskipti við Austur-Þýzkaland, t. d. með þeim skilyrðum, sem gert er ráð fyrir í frv., er ég hef flutt um þetta efni, að þeir, sem flytja inn vöru í vöruskiptum, selji hana ekki við hærra verði en því, sem almennt er í landinu um slíka vöru? Hæstv. atvmrh. hlýtur að þekkja það frv., sem ég hef lagt fram hér á þinginu, þar sem gert er ráð fyrir þessu fyrirkomulagi. En hæstv. ríkisstj. hefur bara ekki fengizt til að ræða þetta einu orði, og blöð hennar hafa ekki á málið minnzt fyrr en nú, að Morgunblaðið fer á stúfana með róg og rangfærslur, t. d. varðandi hámarksákvæðið, og lýsir því yfir, að frv. sé óraunhæft, þar sem viðskipti byggð á þessum grundvelli séu svo óhagstæð. En af hverju mega nú framleiðendur ekki reyna að selja þá vöru, sem þeir liggja með, t. d. til Austur-Þýzkalands eða Póllands í vöruskiptum gegn því skilyrði, að varan, sem þeir flytja inn í staðinn, sé síðan verðlögð eins og vörur frá frjálsum gjaldeyrislöndum, eins og t. d. Englandi? Má vera, að verðið á hinum innfluttu vörum yrði í sumum tilfellum hærra, en innflytjendurnir jafna þá þann halla sín á milli og hafa sjálfdæmi um það, hvað þeim er hagkvæmt. Hví mega fyrirtækin ekki reyna þetta? Hvers vegna má t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna ekki framkvæma slík viðskipti? Ekki er hún þó víst mitt „prívat"-fyrirtæki? Ég spyr, af því mér heyrðist hæstv. ráðh. vera eitthvað ruglaður í ríminu; hann virðist t. d. halda, að ég hefði raunverulega gert þann hveiti-„bisness", er hann talaði um. Það er alger misskilningur hjá hæstv. ráðh.; *ég hef engar tillögur gert í því efni*. Hann veit raunar sjálfur, að það er allt öðruvísi til komið. Hæstv. ríkisstjórn vill gjarnan láta í veðri vaka að verið sé að reyna þessa leið af hennar hálfu — og jafnframt, að leiðin sé ekki fær. Í yfirlýsingu þeirri, sem hún gaf út til að hnekkja upplýsingum mínum um markað í Austur-Þýzkalandi, lézt hún sjálf hafa reynt allt, sem hægt væri til að taka upp þessi viðskipti, og nú á að láta í það skína, að *það standi svo sem ekki á tilraununum, en* viðskiptin séu bara svo óhagkvæm. Og ráðh. gefur yfirlýsingu um hinn góða vilja ríkisstj. En því miður kemur það mjög undarlega fyrir að heyra slíkar yfirlýsingar, á meðan stofnanir eins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna verða að ganga bónleiðar til búða fjárhagsráðs um að fá að gera slík viðskipti. — Nú veit þó hæstv. ríkisstjórn, að það er ný vertíð fram undan, og þá þyrfti að vera búið að selja sem mest af þeim fiski, sem liggur í landinu, og gera samninga um nýjar sölur. Hún veit líka, að aðrar þjóðir eru nú að reyna að gera sem stærsta samninga við Austur-Evrópulöndin, en hefst ekki að, heldur eru hendur þeirra aðila bundnar, sem taka vildu upp þessi viðskipti, og

látið líta svo út sem verið sé að vernda almenningshagsmuni í sambandi við vöruverðið. En hví vill þá ríkisstj. ekki gefa þessum aðilum rétt til að selja vöru sína gegn því skilyrði, að vara, sem þær tækju í skiptum, yrði að lúta hámarksákvæðum hennar um sölu innanlands? Eða má ekki framkvæma þessi viðskipti á öðrum grundvelli en þeim, að hagstæðar sölur til Austur-Evrópu séu látnar bæta upp tapið á sölunum til Ameríku? Vill nú ekki hæstv. ráðh. upplýsa, hvaða fiskur liggur hér eiginlega undir steini?

Þá sagði hæstv. ráðh., að hann væri hissa á þeim brennandi áhuga, sem ég hefði fyrir þessu viðskiptafrelsi. Hefur hann þá aldrei orðið var við það áður í öllum okkar viðskiptum? Var það ekki hann, sem lét mig fara sem fulltrúa ríkisstj. til Moskvu og Prag eftir stríðið til að afla nýrra markaða austur þar? Og hefur þetta ekki tekizt? Og hefur það ekki gefið Íslandi mikla peninga sem hagstæðustu viðskipti, sem við höfum átt? Nú mega Íslendingar hins vegar ekki reyna þessa leið lengur, ekki einu sinni sjálf sölusamtök fiskframleiðendanna. Svo viðhefur hæstv. ráðh. aðeins blekkingar og vafninga í umræðum um þessi mál. Ég verð alveg að frábiðja mér þá aðferð í umræðum, sem hann beitti hér. Það er nauðsyn, að þessi mál séu rædd af einlægni og það komi fram, hvort Íslendingar eigi að hafa eitthvert frelsi til að bjarga sér annað en tóma frasa um frelsi almennings. Er ekki unnt að þokast örlítið nær kjarna málsins? Er ekki rétt að spyrja t. d. í sambandi við söluna á hveitinu, hvaða skilyrði hæstv. ríkisstjórn setji t. d. um verð á kaffi, sem keypt er í sambandi við saltfisksöluna til Brazilíu? Er hæstv. ríkisstj. þar að miða við hag almennings? Þar eru engin skilyrði sett. En af hverju ekki að setja hámarksverð á vörur, sem fluttar eru inn úr þeirri áttinni, eins og gert er ráð fyrir í mínu frv.? Það er hægt að miða verðmæti innfluttrar vöru við kíló fiskjar og hafa hemil á verði hennar með því að miða kaupin við það. Og hvers vegna ekki að setja slíkt hámarksverð og lofa síðan þeim aðilum, sem slík innkaup vilja gera og fengið geta vörur fyrir það verð, að hafa frelsi til þess eða bera hallann, ef þeim reynast viðskiptin óhagkvæm? Hæstv. ráðh. hefur áreiðanlega margar beiðnir fyrirliggjandi um slík viðskipti. En þeim er synjað. Hæstv. ríkisstjórn vill bara ekki af einhverjum ástæðum leyfa þau eða taka upp viðskipti t. d. við Austur-Þýzkaland.

Varðandi S.Í.F., sem ráðh. sagði, að ég hefði verið að hnýta í, þá vil ég segja honum, að mér er kunnugt um sölur S.Í.F. engu síður en honum, og lagafyrirmæli, sem veita ráðh. rétt til að veita S.Í.F. einokun. En það hefur orðið að keppa frjálst, og ég sé ekki betur en það geti unað við það að vinna fyrir þá, sem í því vilja vera. Og hin hættulegu undirboð, sem hafa átt sér stað, gæti ríkisstj. ákaflega vel hindrað. Hún þarf ekki annað en setja lágmarksverð á saltfiskinn, og þá fær enginn aðstöðu til að undirbjóða S.Í.F.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. mikið úr því sem komið er, úr því líka þeir, sem hafa hreyft þessu máli, eru að hallast út af, en ekki hægt annað en deila hart á þá, ef um það skal ræða.

Út af því, sem hv. 2. landsk. talaði um, þá var þar um misskilning að ræða varðandi hveitiverðið, sem ástæða er til að leiðrétta. Hann hélt, að samanburður minn hefði leitt í ljós, að við ættum þess kost að fá ódýrara hveiti, ef við hefðum fé handbært. Verðsamanjöfnuður minn var aðeins miðaður við það hveiti, sem búið er að kaupa til landsins, en ekki það, sem keypt verður í framtíðinni. Það væri freistandi í þessu sambandi að gera nokkra grein fyrir því verzlunarfrelsi, sem menn eru æ ofan í æ að staglast á, en það er ekki tími til þess nú. En ég vildi aðeins segja þetta, að það, sem fyrir mér vakir, er, að ef ég á og á meðan ég vil halda í afskipti ríkisvaldsins af þessum málum, þá vil ég reyna að koma í veg fyrir, að landsmönnum verði bakað tjón með óheppilegri samkeppni í útboði vörunnar. Ég geri þetta vegna þess, að ég hef langa reynslu í þessum efnum, og sú reynsla hefur leitt í ljós, að taumlaus útboð færðu landsmönnum mjög mikið tjón. Undir þann leka má kannske setja með því að setja lágmarksverð, en ég held, að ef svo yrði gert, þá felist í því viðurkenning á því, að ríkisvaldinu beri að skipta sér af viðskiptalífinu. Hvort til er sæmileg trygging fyrir því, að sú ráðstöfun skaði ekki þjóðina, orkar tvímælis. Sannanir í því efni mun erfitt að leggja á borðið. Ég hygg, að þeir, sem stunda viðskipti, mundu þá láta umboðsmenn sína flytja viðskiptamönnum á erlendum vettvangi þau skilaboð, að ef þeir bara biðu ögn, þá mundu þeir fá það fyrir 95 kr., sem þeir þurftu áður að borga 100 kr. fyrir. Það væri freistandi fyrir þá, sem ættu í hlut, að gera þetta, og slík skilaboð mundu geta valdið því, að þeir hikuðu við að festa kaup í bili, og yrði það þá máske til þess, að aðrir gætu ekki selt. Þessi freisting er að vísu ekki síður fyrir hendi í því skipulagi, sem nú ríkir, og ef ég gæti sannfærzt og fengið tryggingu fyrir því, að úr þessu mætti bæta, þá er enginn fúsari til þess en ég. Ég átti mikinn þátt í stofnun fisksölufélagsins, sem hér um ræðir. Ég starfaði þá í Kveldúlfi og hafði samtök við forráðamenn þar, ekki vegna þess, að stjórnarmenn þess félags væru öðrum færari eða frömuðir verzlunar í landinu, heldur var það hitt, að svo var ástatt, að þessir menn voru langstærstu fisksölumenn landsins og seldu 3 af hverjum 5 fiskum, sem fluttir voru út, og náðu því hærra verði og græddu meira en aðrir á fisksölu. Niðurstöður okkar urðu þær, að fiskframleiðendur færu á hausinn vegna óheppilegra útboða á fiskinum. Varð þetta til þess, að við snérum okkur til Magnúsar Sigurðssonar þáverandi bankastjóra og Ásgeirs Ásgeirssonar til þess að reyna að tryggja þessu félagsmáli okkar fylgi valdhafa í landinu. Það getur verið, að sú reynsla, sem ég fékk þá, rígbindi mig um of við óttann við að breyta til, en ég hef viljað hafa viðleitni til að auka frelsi á þessu sviði. Ég er ekki að segja, að mín stefna sé svo fast mótuð, að ég vilji ekki ræða skynsamlegar tillögur til úrbóta útflutningsverzluninni. En ég hef ástæðu til að óska eftir sem allra mestu frelsi í innflutningnum og ekki nema hæfilegum höftum í aflasölunni. Ég tel, að þetta skýri margt það, sem kom fram í ræðum þeirra hv. þm., sem hér hafa rætt um þetta mál.

Varðandi samning þann við Þýzkaland, sem hv. 2. þm. Reykv. talaði um, þá veit hann, að ríkisstj.

gerði tilraun til að ná samningi við Austur-Þýzkaland í fyrra, og hann veit, að þá var ekki hægt að selja fisk þangað og litlar líkur til, að úr rættist. Ríkisstj. hefur viljað ná verzlunarsamningi við það land sem önnur lönd, ef mögulegt væri að fá þaðan vörur, sem okkur vanhagaði um, og fyrir gott verð.

Að lokum vildi ég svo segja það, að svo vanur útgerðarmaður sem hv. 2. landsk. má ekki láta sig henda slíka villu sem þá, að það sé vegna lélegrar frammistöðu, að við seljum ekki saltfisk suður á Ítalíu, þó að í dag sé hægt að selja hann þar fyrir hærra verð en við fáum nú fyrir hann. Verðsveiflurnar eru svo tíðar, og þar sem við erum lítil viðskiptaþjóð og höfum sölu í fáum löndum, þá eigum við það alltaf á hættu, að við missum einhvern spón úr okkar aski. En aðalatriðið er það, hvort heildarútkoman verði betri með því að hafa þetta svona eða öðruvísi. Þetta er svo alvarlegt mál, að það er betra að tala um það í fullri alvöru og kerskilaust. Það hlýtur hver maður að sjá það, að það er heildarútkoman, sem þarna verður að líta á. Aðalhættan er alltaf sú, að freistarinn komi og segi: „Viljir þú rjúfa samtökin og selja mér fiskinn, þá skaltu fá meira fyrir hann, því að ég borga betur.“ — Þetta gæti hann gert og eyðilagt samtökin og látið þjóðina með því borga þann blóðpening hundraðfalt. Þetta verður að hafa hugfast. — Það eru enn nokkur atriði, sem ég á ósvarað, en umr. hafa þegar staðið svo lengi, að ég vil ekki lengja þær.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 147, 303).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 303. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Síðan þetta mál var til 1. umr. í hv. deild, hefur sjútvn. tekið frv. til athugunar og rætt það á nokkrum fundum. Á fund n. hafa komið fulltrúar frá L.Í.Ú. og ræddu þeir þær breytingar, er þeir töldu nauðsynlegar á 1., 3. og 9. gr. frv.

Nú síðar, skömmu áður en nál. var afgr. í n. og brtt. ákveðnar, barst henni bréf frá L.Í.Ú. eftir að fundur þess hafði verið haldinn, þar sem rædd voru nokkru fleiri atriði en áður höfðu komið til umræðu, og hefur n. einnig athugað þau. Sömuleiðis hefur n. talað við hæstv. ráðh., sem stendur að flutningi þessa frv.

Niðurstaðan af athugunum n. er sú, að hún flytur við frv. nokkrar brtt. á þskj. 303, og hafa ekki aðrar brtt. komið fram enn, hvað sem kann að verða síðar.

Áður en ég skýri brtt. á þskj. 303, vil ég leyfa mér að rifja upp í örfáum orðum aðalefni þessa frv., þ. e. a. s. í hverju sú aðstoð við útvegsmenn, sem það fjallar um, er fólgin í aðalatriðum. Er þá fyrst og fremst um þá útvegsmenn að ræða, sem stunduðu síldveiðar á tímabilinu 1945—1950 fyrir Norðurlandi, auk þess sem fleiri, er sérstaklega stendur á um, koma einnig til greina.

Aðstoð sú, sem hér um ræðir, er aðallega tvenns konar. Í fyrsta lagi er í 1. gr. frv. gert ráð fyrir, að eftir verði gefin að meira eða minna leyti 6 aðstoðarlán, sem ríkissjóður hefur veitt útvegsmönnum á undanförnum árum eða ábyrgzt greiðslu á og síðan tekið að sér. Lán þessi nema samtals 18½ milljón króna. — Þetta er fyrsta meginatriði frv.

Annað meginatriði þess er svo það, að í 2. kafla er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist allt að 20 millj. kr. lán til að greiða fyrir skuldaskilum útvegsmanna. Gert er ráð fyrir, að lán þessi verði aðallega veitt í skuldabréfum, en án efa verður þó að veita nokkuð mikið í peningum einnig, þar sem margt, sem hér er um að ræða, verður naumast greitt öðruvísi.

Í þriðja lagi er svo það, að þeir útvegsmenn, sem fá eftirgjafir, eiga að fá greiðslufrest á afborgunum á stofnlánum úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóði Íslands, sem þeir hafa ekki getað greitt undanfarið, en þau nema sem næst 7 millj. kr. í dag. Er gert ráð fyrir, að þessi greiðslufrestur verði veittur þannig, að þetta jafnist niður á þau ár, sem eftir eru af lánstímanum. Þetta er þriðja meginatriði frv. Ég vildi aðeins rifja þau stuttlega upp, og mun nú gera grein fyrir brtt. sjútvn.

Fyrsta brtt. n. á þskj. 303 er við 1. gr. frv. Er þar lagt til, að gerðar verði þrjár breytingar á gr. Fyrsta breytingin, á a-lið, er gerð til samræmingar á orðalagi við 2. gr. og er um það, að á eftir orðunum „síldveiðar stunduðu“ komi: fyrir Norðurlandi. — Breytingin, sem lögð er til í b-lið, stafar af misrituðu ártali, og er lagt til, að ártalið „1947“ falli niður. Það varðar lán, sem veitt voru á vertíð til áframhaldandi rekstrar, og voru þau veitt á árunum 1948 og 1949, en ekki árið 1947. Hér er um misritun eða misprentun að ræða á einhverjum tíma, og er þetta því engin efnisbreyting.

C-liður 1. brtt. er hins vegar nokkur efnisbreyting. Þar er lagt til, að niðurlag 1. gr. falli niður. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Eftirgjöf samkvæmt þessari grein skal einnig heimil, þó veðtrygging kunni að vera fyrir láninu, — og svo fellt úr: „en skal þó ekki nema hærri hundraðshluta en eftir verður gefinn að meðaltali þeim útgerðarfyrirtækjum, sem aðstoð fá til opinberra skuldaskila samkvæmt lögum þessum.“ — Hér er átt við eftirgjöf á svokölluðum frjálsum skuldaskilum, og þótti réttara að setja ekki þessa reglu og láta ákvörðun um hundraðshlutann heldur vera á valdi þeirrar stjórnar, sem með skuldaskilin fer. Er brtt. þannig í því fólgin, að stjórn skuldaskilanna verður samkv. henni ekki bundin við það að gefa aldrei eftir meira en þennan hundraðshluta, heldur verður það á hennar valdi að kveða á um það hverju sinni.

Þá er önnur brtt. n. á þskj. 303, við 10. gr. Það stendur svo í 10. gr., að lán úr skuldaskilasjóði megi veita eigendum vélskipa og línuveiðigufuskipa, sem stundað hafa síldveiðar fyrir Norðurlandi einhvern tíma á árunum 1945—1950. Er hér í fyrsta lagi um orðalagsbreyt. að ræða til samræmis við orðalag annars staðar; en önnur breytingin er efnisbreyt. á þá lund, að í stað orðanna „eigendum vélskipa og línuveiðigufuskipa“ komi: eigendum eða útgerðarmönnum vélskipa eða línuveiði-

gufuskipa. — N. var bent á, að sumir stunda útgerð með vélskipum án þess að vera eigendur þeirra, og virðist ekki rétt að útiloka þá frá skuldaskilunum, ef þeir óska þeirra.

3. brtt. er svo við 12. gr., um gjalddaga lána úr skuldaskilasjóði. Í frv. er hann ákveðinn 1. maí, en n. leggur til, að hann verði 1. nóvember, en það er venjulegur gjalddagi á föstum lánum. N. þykir rétt, að hann verði hér hinn sami, enda hafa komið fram óskir um það af hálfu útvegsmanna.

4. brtt. er við 5. gr. frv. og er orðabreyting; — í stað „menn" komi: umboðsmenn. — Er gert ráð fyrir, að stjórn sjóðsins geti skipað menn til að afla gagna varðandi lánin, og eru þeir á öðrum stað nefndir umboðsmenn; er lagt til, að það orð sé tekið upp hér.

5. brtt. er við 16. gr., í tveimur liðum. En þessir tveir liðir eru um sama efni, varðandi þá umboðsmenn sjóðsins, sem gert er ráð fyrir, að stjórn hans geti skipað samkv. 15. gr. Orðalag 15. gr. er þannig, að þar er aðeins um að ræða heimild til sjóðsstjórnarinnar til að skipa mennina, og er það í ósamræmi við orðalag síðar, þar sem gert er ráð fyrir, að þeir séu skipaðir. Samkv. brtt. er gert ráð fyrir heimild til skipunarinnar eingöngu, ef sjóðsstjórnin hefur talið þörf á. Í öðrum lið brtt. er að vísu önnur breyt. á atriði, sem mátti til að leiðrétta, þar sem í frv. er gert ráð fyrir, að sjóðsstjórnin fái álit umboðsmanna sinna um aðstöðu viðkomenda til vélbátaútgerðar.

6. brtt. er við 17. gr. og er í 3 liðum, a, b, c. Fyrsti liður brtt., a, er í rauninni aðeins leiðrétting, en b- og c-liðirnir eru hins vegar þess efnis, að síðasta málsgr. 17. gr. falli niður, en nýrri gr. bætt inn í, sem þá verður 18. gr. Hér er raunar ekki um efnisbreyt. að ræða, heldur er hér sett í sérstaka grein efni, sem nefndinni þótti ekki eiga heima í 17. gr., um það, hver ákveða skuli mat á skipum og fasteignum lánbeiðenda, en hin nýja grein, sem bætist við, er um það, hvernig það mat skuli endanlega ákveðið. Það er gert ráð fyrir því í grg., að þetta mat verði endanlega ákveðið af stjórn Skuldaskilasjóðs. Sjóðsstjórnin ákveður þá endanlega þetta verð á skipum og fasteignum lánbeiðenda, að fengnum upplýsingum og með samráði við umboðsmenn og matsmenn sjóðsins. Þessi ákvæði um endanlegt mat á eignum lánbeiðendanna eru gerð ýtarlegri í brtt. en í frv., og er þar vitnað í þær greinar, sem ákvæði um samsvarandi lán til skuldaskila standa í. En þetta atriði er nokkuð mikilsvert, þar sem gert er ráð fyrir, að upphæð lána þessara geti ekki farið fram úr 20% af virðingarverði eignanna, og í öðru lagi möguleikinn til að verða þessarar hjálpar aðnjótandi mjög háður þessu verði. Þessi matsákvæði eru gerð skýrari með því að færa þau í sérstaka grein út af fyrir sig með 6. brtt.

7. brtt. n. er við 18. gr. og er við það miðuð, að það er ekki skylt að skipa umboðsmenn eða virðingamenn, og því taldi n. ekki rétt orðalag frv. um það, hvenær stjórnin getur tekið ákvarðanir um það, hvort lánbeiðandi komi til greina við lánveitingu. Það getur farið svo, að þessir mats- og umboðsmenn hafi ekki verið skipaðir, og því taldi nefndin rétt að gera þarna smábreyt. á.

8. brtt. er við 20. gr. og er um það að fella niður nokkur orð í upphafi gr., sem n. telur, að ekki eigi við þarna, þar sem ekki er þörf á að semja frv. til skuldaskila fyrir þá menn, sem hafa fengið aðstoð samkv. 1. gr. frv.

9. brtt. er við 26. gr. og er um það, að aftan við gr. komi ný málsgr., sem hljóði svo, með leyfi hæstv. forseta: „Með kröfur ríkissjóðs samkv. 1.—3. tölul. 1. gr. laga þessara má þó að fengnu samþykki ríkisstj. fara sem óveðtryggðar kröfur, þótt veðtrygging kunni að vera fyrir láninu." Í fyrstu gr. frv. er svo ákveðið, að eftirgjöf skuli einnig heimil, þó að veðtrygging kunni að vera fyrir láninu. Nefndin taldi, að naumast bæri að álíta, að þetta ákvæði ætti við annað en það, sem viðkemur 1. gr., og því þótti henni öruggara, að hér kæmu hliðstæð ákvæði um skuldaskilin. Þau ákvæði eru orðuð þannig, að það megi fara með þessi lán ríkissjóðs samkv. 1. gr. eins og önnur óveðtryggð lán, þótt veðtrygging kunni að vera fyrir láninu, en í upphafi 26. gr. er tekið fram, að samningur um skuldaskil hafi engin áhrif á þessar veðkröfur. Þessi ákvæði, sem n. vill setja, eru undanþáguákvæði um það, að þrátt fyrir ákvæðin í upphafi 26. gr. sé heimilt að fara með fyrrnefnd lán eins og óveðtryggð lán. Það er um þessi lán að segja, að sum eru tryggð með veði í skipi og sum með sjóveði, en það mun ekki ætlunin, að farið sé með þau lán sem veðlán, og því þótti nefndinni rétt að taka öll tvímæli af um að svo væri.

10. brtt. er aðeins orðalagsbreyt., og sé ég ekki ástæðu til að ræða hana.

Brtt. þær, sem n. hefur gert við þetta frv., eru ekki aðrar en þessar, en það er ýmislegt, sem n. hefur verið bent á, m. a. frá sjónarmiði útvegsmanna, og æskilegt hefði verið að breyta, en hún við nánari athugun hefur ekki séð sér fært að verða við. Skal ég nefna þar ákvæði 9. gr. um gildi skuldabréfanna til greiðslu á skuldum, þar sem svo er ákveðið, að skuldabréfin, sem Skuldaskilasjóður borgar með þeim mönnum, sem lán fá hjá honum, skuli aðeins vera gjaldgeng með nafnverði upp í skuldir útvegsmanna sjálfra. Það hefði auðvitað verið æskilegt frá sjónarmiði þeirra, sem taka við þessum bréfum frá útvegsmönnum, að þeir hefðu getað fengið tryggt, að þeir fengju fullt verð fyrir þessi bréf. En það er hins vegar svo, að ástæður leyfa naumast, að þessi lán séu veitt í peningum, en ef skuldabréfin eru gerð gjaldgeng með nafnverði, þá er það svipað og lánið hefði verið veitt í peningum. En hins vegar má gera ráð fyrir, að mikill hluti þessara lána verði innleystur með peningum, með kaupum á hinni veðsettu eign og annarri lögveðskröfu, og dregur þetta úr ákvæðunum um skuldabréfin, sem sumum eru þyrnir í augum. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. atvmrh. muni ræða þetta atriði hér á eftir. — Ég skal svo ekki hafa þessa ræðu lengri, en vil vekja athygli á því, að þetta frv. hefur legið alllengi fyrir þinginu og því æskilegt, að afgreiðslu þess sé hraðað sem mest, því að full þörf er á, að framkvæmd þess hefjist sem fyrst.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. sjútvn. fyrir að athuga þetta mál og fyrir þær brtt., sem eru prentaðar á þskj. 303 og hv. frsm. hefur nú gert grein fyrir. Ég er þessum brtt. samþykkur og tel þær til bóta og til að gera ákvæði frv. greinilegri. Eins og hv.

frsm. hefur skýrt, þá er hér ekki um að ræða miklar efnisbreyt. á frv., nema breytingarnar samkv. c-lið 1. brtt. við 1. gr. frv. Þar er um allmikla breyt. að ræða. Skal ég því ekki gera till. að umræðuefni, en vil þó víkja lauslega að c-liðnum í 1. brtt. Eins og hv. þm. er kunnugt, var það þrennt, sem Landssamband ísl. útvegsmanna lagði sérstaka áherzlu á, að breytt yrði í þessu frv. Í fyrsta lagi það, sem c-liðurinn fjallar um, en eins og hv. frsm. skýrði frá, þá er efnisbreytingin sú, að í stað þess, að í frv. er mælt svo fyrir, að eftirgjöf á lánum samkv. 1. gr., sem eru veðtryggð, skuli ekki nema hærri hundraðshluta en eftir verður gefinn að meðaltali útgerðarfyrirtækjunum, sem aðstoð fá samkv. lögum þessum, þá skuli samkv. brtt. þessi höft leyst af og stjórn Skuldaskilasjóðs í sjálfsvald sett, að hve miklu leyti hún gefur eftir þessar kröfur. Mér er kunnugt um, að útgerðarmenn lögðu áherzlu á þetta atriði, og ég viðurkenni og fagna þessari brtt. og hygg, að hún muni verða til að greiða fyrir skuldaskilunum og létta kröfum af ríkissjóði. Hin önnur till., sem útgerðarmenn komu fram með, var um gjaldhæfni skuldabréfa Skuldaskilasjóðs samkv. 8. gr., eins og hv. frsm. drap á. Ég fellst á, að æskilegra hefði verið, ef hægt hefði verið að verða við þessari ósk útgerðarmanna, og ég fellst einnig á það sjónarmið, að þetta er nokkuð harður kostur þeim til handa, sem eiga þessar kröfur, að fá ekki nema lítinn hluta þeirra greiddan og auk þess með bréfum, sem ekki eru hæf til greiðslu á skuldum kröfuhafanna sjálfra. Ég vil þó taka fram, að skaði þessara manna orsakast ekki af skuldaskilunum sjálfum, heldur af þeim töpum, sem leiða til skuldaskilanna. En þeir verða þó fyrir töpum þessir menn, og það væri æskilegt að geta gert gjaldhæfni þessara bréfa meiri, þótt það hafi ekki reynzt auðið nú, því að ótti er um, að ef sú leið væri farin, þá mundi það trufla þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til að halda í horfinu útgáfu seðla og aðrar ráðstafanir innan vébanda lánsstofnana til að koma í veg fyrir verðbólgu í landinu. Í öðru lagi vildi ég segja þetta um bréfin: Enda þótt greiðsluhæfni bréfanna sé takmörkuð með lögum, þá hlýtur sú regla að gilda jafnt um þessi bréf eins og önnur ríkistryggð verðbréf, að þau eru ætluð til sölu, og sé ég enga ástæðu til að efast um, að bankar og aðrar lánsstofnanir muni athuga með velvilja að greiða eitthvað fyrir föstum viðskiptamönnum sínum í sambandi við þessi verðbréf. Misnotkun mætti auðveldlega útiloka, með því að skilanefnd léti lánsstofnunum á sínum tíma í té lista yfir númer og upphæð þeirra bréfa, sem hver einstakur skuldheimtumaður fær við skuldaskilin. Ég vil árétta það, að enda þótt lög takmarki greiðsluhæfni bréfanna, þá standa vonir til, að bankarnir greiði fyrir sínum viðskiptamönnum og taki við bréfum og greiði þá þær skuldir, sem móttakandi bréfanna stendur í. — Þriðja atriðið, sem útgerðarmenn lögðu mikla áherzlu á, var varðandi ógreiddar afborganir á stofnlánum, sem nema nú samtals um 7,1 millj. króna. Útgerðarmenn óskuðu eftir því, að allt að 3 ára afborganir færðust aftur, þannig að lánstíminn lengdist um 3 ár. Ég hefði óskað að verða við þessari ósk útgerðarmanna, en ég hef ekki séð mér það fært og því látið nægja þau ákvæði, sem felast í 3. gr. þessa frv., en þar er tryggt, að ekki verði gengið hart að mönnum vegna þessara skulda, heldur jafnist upphæð gjaldfallinna afborgana niður á þau ár, sem eftir eru af lánstímanum. Ég hef áður sagt, að þetta frv. byggðist í fyrsta lagi á samkomulagi innan stjórnarinnar, eins og önnur frv., sem stjórnin flytur. En í öðru lagi hef ég átt í samningum um þessi mál við aðra aðila, einkum þó Landsbankann, og ég geri ráð fyrir, og mun knýja á til þess að svo verði, að hann muni inna af hendi þær greiðslur í reiðu fé, sem nauðsynlegar eru til þess að frv. nái fram að ganga. Ég hef orðið að semja við Landsbankann um þessi atriði einn, og hann hefur reynt að halda fast við, að staðið verði í skilum með afborganir af lánunum. Menn verða að gera sér ljóst, að það er að sjálfsögðu eðlilegt sjónarmið banka að standa sem fastast við þá kröfu, að skuldunautarnir standi í skilum. Það er orðið algengt hér að halda með þeim, sem ekki standa í skilum, og það er ekki vinsælt, ef bankarnir ganga hart eftir sínum skuldunautum að borga. Það hlýtur alltaf að vera matsatriði, hve bankarnir ganga langt í þessum efnum. Við fjmrh. höfum rætzt við um þetta atriði og fallizt á það sjónarmið bankanna, að ef á annað borð rætist úr fyrir útveginum, þá sé engin hætta á ferðum. En það er alltaf matsatriði, hvort skuldunautar geti staðið undir láni og borgað það á 11—14 árum eða 14—17. En um leið og ég mæli gegn því, að hann geti staðið undir láninu á 14 eða 17 árum, er enginn kominn til að segja, ef hann geti ekki staðið undir því á 14 árum, að hann geti það þá á 17. — Þetta verður alltaf matsatriði.

Ég tel svo, að þetta mál liggi ljóst fyrir hv. dm. Í fyrsta lagi af því að þetta er margrætt mál hér á undanförnum árum, till. útvegsins og úrræði honum til bjargar, í öðru lagi vegna þess, að formsatriði þessa frv. eru nokkuð shlj. eldri l. um þetta efni, og loks vegna þess, að þetta frv. var rætt hér ýtarlega við 1. umr., auk þess sem hv. frsm. n. hefur gert glögga grein fyrir þeim brtt., sem n. flytur, ásamt þeim höfuðbjargráðum, sem frv. færir útvegsmönnum. Af öllum þessum ástæðum liggur málið svo ljóst fyrir, að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það frekar nema sérstakt tilefni gefist til. En ég vil mjög taka undir óskir hv. frsm. um, að málið fái sem skjótasta afgreiðslu í hv. d. og raunar í hæstv. Alþ., því að öll töf á frv. er til hins verra.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hæstv. atvmrh. og hv. frsm. sjútvn., að æskilegt væri, að þetta mál fengi sem skjótasta afgreiðslu. Annars hefur það ekki legið hér í d. og er ekki mjög mikið rætt, heldur hefur það legið hjá hv. sjútvn. til athugunar, og að sjálfsögðu hefur sú athugun komið að nokkru gagni, en æskilegt hefði verið, að frv. hefði tekið nokkuð fleiri breyt. en það hefur gert eftir þá löngu athugun, sem það hefur fengið hjá sjútvn. Hæstv. atvmrh. gat þess að það hefði aðallega verið þrennt, sem Landssamband ísl. útvegsmanna hefði lagt áherzlu á að breyta í frv., vegna þess að við fyrstu athugun, sem frv. fékk hjá L.Í.Ú., var það í nokkuð öðru formi en það er nú. M. a. kom frv. þannig frá hæstv. atvmrh. til L.Í.Ú., að gert var ráð fyrir, í staðinn fyrir jafnar afborganir af skipakaupalán-

um á lánstímanum, sem eftir var, að lánstíminn væri færður aftur um 3 ár. Ég veit ekki annað en að fulltrúar Landssambandsins hafi verið mjög ánægðir með þetta ákvæði frv. og talið það til bóta. Þessu er svo breytt síðar í meðförunum, og þegar Landssambandið fékk frv. næst til athugunar, þá er búið að breyta þessu í jöfn vanskilalán til enda lánstímans. Að öðru leyti hafði frv. tekið þeirri breyt. frá því sem var upphaflega, að gert var ráð fyrir, að stjórnin væri skipuð þremur mönnum, einum frá hvorum banka og einum frá ríkisstj. Þetta taldi Landssambandið yfirleitt eðlilegt og hafði ekkert við það að athuga. Síðar, þegar frv. var lagt fram á Alþ., þá er þetta þannig, að í stjórninni skuli vera 4 menn, 2 frá bönkunum og 2 þar að auki, annar frá fjmrn., en fyrir hvern 4. maðurinn er, veit ég ekki. En í sambandi við þessa nýskipun á stjórn skuldaskilasjóðs fór Landssambandið fram á, fyrst farið væri að fjölga í stjórninni, að hún yrði ákveðin 5 menn og Landssambandið fengi 1 fulltrúa. Sá háttur hafði verið á hafður um þetta frv., að áður en það var lagt fyrir þingið, hafði það verið sent L.Í.Ú., og ég get fyrir Landssambandsins hönd verið ánægður yfir, að svo var gert. Landssambandið hafði þá fulltrúafund, og hann tók frv. til athugunar og gerði við það nokkrar aths. Eftir þennan fund var skipuð sérstök n. í málið, sem kom á fund hjá sjútvn. og fékk tækifæri til að setja fram nokkrar aths., sem nm. vildu gera fyrir hönd Landssambandsins. Eftir að frv. var svo lagt fram, var haldinn aðalfundur Landssambandsins, sem enn fékk frv. til athugunar, og eftir þá athugun voru samþ. till., sem sendar voru sjútvn., með bréfi dags. 4. des. þessa árs, og aðalatriðin í þeim aths., sem fundurinn gerði við frv., eru aðeins í 7 liðum. Það fyrsta er, að fellt verði niður ákvæði 1. gr. frv. um, að eftirgjöf samkv. henni megi ekki nema hærri hundraðshluta en eftir verður gefinn að meðaltali þeim útgerðarfyrirtækjum, sem aðstoð fá til opinberra skuldaskila. Þetta atriði hefur hv. sjútvn. tekið til greina, og vil ég lýsa ánægju minni yfir því. Aðrar aths., sem fundur Landssambandsins gerði við þetta frv., voru, að ákvæði 3. gr. um greiðslufrest á ógreiddum afborgunum af lánum til skipakaupa úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóði Íslands verði færð í hið upprunalega horf frv., þannig að lánstíminn lengist um 3 ár. Á þetta ákvæði hafði Landssambandið frá byrjun lagt sitt samþykki, og verður að telja miður farið, að því var breytt á þann hátt sem gert var, þegar frv. var lagt fram á Alþ. Undanfarin 3 ár hefur verið erfitt að standa í skilum með skipakaupalán, og ég fyrir mitt leyti verð að telja, að hagur vélbátaútvegsins hljóti að breytast mjög mikið til batnaðar til þess að hægt sé að njóta hagnaðar með þær afborganir, sem gert er ráð fyrir með þessu frv., að ekki hafi verið hægt að standa í skilum með undanfarin 3 ár. Það hefði að öllu leyti verið eðlilegra, að sá háttur hefði verið hafður á þessu, sem upprunalega var gert ráð fyrir í frv., að lengja lánstímann. Ef útlit yrði fyrir það, að hagur vélbátaútvegsins batnaði mikið, þá var að sjálfsögðu hægt að hafa ákvæði í gr. um það, að stjórn skuldaskilasjóðs gæti, ef hagur bátaútgerðarinnar batnaði, stytt þennan lánstíma eða lagt niður þann tíma, sem um er að ræða í frv. En fyrir fram að gera ráð fyrir því, að hagur vélbátaútgerðarinnar lagist það mikið, að hann þoli hærri afborganir en hann hefur gert undanfarin ár, tel ég ákaflega óvarlegt. Ég fæ ekki skilið, að hæstv. ríkisstj. vilji fallast á þetta, vegna þess að ef á að gera ráðstafanir á annað borð til þess að gera vélbátaútveginum fært að starfa áfram, þá þyrftu þessar ráðstafanir að vera þannig, að ekki væri tekið aftur með annarri hendinni það, sem látið er með hinni, en það tel ég, að sé gert með þessu ákvæði frv. eins og það er nú. Þriðja aths. var, að heimildin til greiðslufrests á skipakaupalánum verði látin ná til þeirra, sem síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi á árunum 1945—1950, þó menn eigi hafi fengið aðstoðarlán, ef þeir að dómi skilanefndar eiga erfitt með greiðslu. Þessi aths. er gerð eftir mjög ákveðnum tilmælum nokkurra norðlenzkra útgerðarmanna, sem bentu á, að það væru dæmi þess á Norðurlandi, að menn hefðu komizt þar af án þess að fá nokkur aðstoðarlán, en nú væri hag þeirra svo komið, að þeir ættu erfitt með sumir að standa í skilum með skipakaupalánin. Ég hygg, að þessi aths. sé alveg rétt, og eins og frv. er orðað, virðist mér vera ákaflega hæpið, að nokkrir útgerðarmenn eða útgerðarfélög geti fengið frest á stofnlánadeildarlánum eða fiskveiðasjóðslánum, nema að fá aðstoð samkv. þessum l., þ. e. a. s. skuldi ríkissjóði lán samkv. 1. gr. frv. og láti auglýsa eftir kröfum á hendur sér í Lögbirtingablaðinu samkv. 5. gr. frv. Nú fæ ég ekki skilið, ef svo kynni að vera ástatt um nokkra menn, að þeir hafi hingað til getað innt af hendi greiðslur, sem þeir áttu að greiða, en þyrftu nú að fá frest í Stofnlánadeildinni, hvers vegna ætti að fara að auglýsa þeirra bú til eins konar gjaldþrotaskipta. Ég fyrir mitt leyti vildi beina því til hv. sjútvn., að hún freisti þess að taka þessi tilmæli til greina, þar sem ekki er gert ráð fyrir því, að aðrir geti fengið frest á stofnlánadeildarlánum, þó þeir hafi stundað síldveiðar undanfarin ár, en þeir, sem áður hafa fengið aðstoð samkv. lögunum.

Fjórða aths. er á þá leið, að dráttarvextir verði ekki reiknaðir af vangoldnum lánum þessara ára. — Nú er það svo, að allur fjöldi þeirra, sem hafa átt fé hjá útgerðarmönnum, geta ekki fengið vexti af sínu fé á þessum árum, og það sýnist ekki ástæða til þess að fara með dráttarvextina upp, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., á þessum skuldum, sem sannarlega eru óinnheimtanlegar á þessum tíma, og það getur ekki gert nema hækka skuldaupphæðina, sem er nóg fyrir.

Þá er 5. aths., að stjórn skuldaskilasjóðs verði gefin heimild til að fella niður auglýsingu um innköllun, ef hún telur umsækjandann hafa gert fulla grein fyrir fjárhag sínum. Það var litið svo á af aðalfundi Landssambandsins, að ef stjórn skuldaskilasjóðs telur, að maður geri fulla grein fyrir fjárhag sínum, þá þyrfti ekki að auglýsa eftir innköllun, heldur yrði þetta á valdi stjórnar skuldaskilasjóðs. Þó að þetta sé ekki mikilsvert atriði, þá skil ég ekki annað en að það sé meinfangalaust að leggja þetta á vald skuldaskilasjóðs.

Þá er 6. atriðið, að skuldabréf skuldaskilasjóðs fái eigi minna gildi sem gjaldeyrir til greiðslu á skuldum en ákveðið var í l. um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda frá 3. marz 1935. Upp úr þessu atriði var mjög mikið lagt, og ég heyrði það á hæstv.

atvmrh., að hann taldi, að raddir, sem hefðu komið fram við fyrri umr. málsins um það að auka gildi skuldabréfanna, væru á fullum rökum reistar. Ég vil endurtaka, að ég geri lítið úr því, að hæstv. atvmrh. gefi hér yfirlýsingu um, að honum finnist hann hafa rökstuddar vonir fyrir því, að bankarnir mundu á einhvern hátt greiða fyrir sölu þessara skuldabréfa. En ég hygg, að ef svo kynni að fara, að þessar rökstuddu vonir brygðust eitthvað, þá mundi vera meira öryggi í því fyrir skuldareigendur, sem þurfa að afskrifa mikið af sínum skuldum, að fá eitthvert ákvæði um það, til hvers þessi bréf skuli hafa gildi. En það mundi verða erfitt að fara eftir á að semja fyrir hvern mann við lánsstofnanir, hvað bær vildu úr þessum bréfum gera, því venjulega hefur verið á það bent hér í hv. d., að ýmis fyrirtæki, sem hafa lánað vélbátaeigendum á undanförnum árum, mundu verða mjög hart úti, ef bréfin fengju ekki meira gildi en gert er ráð fyrir í l., og ef ætlazt er til þess, að þau fái meira gildi, þá fæ ég ekki skilið, hvers vegna ekki má setja ákvæði um það inn í lögin. Ef til vill mundu þau ekki þurfa að hafa eins víðtækt gildi og gert er ráð fyrir í eldri skuldaskilasjóðslögunum, en það er svo þröngur stakkur sniðinn með þessu frv., að það getur orðið mörgum, sem eiga að búa við framkvæmd þessara l., til óþæginda og tjóns.

Þá var það 7. aths. frá Landssambandinu, að stjórn skuldaskilasjóðs verði skipuð 3 mönnum eða 5, og tilnefni L.Í.Ú. einn mann í stjórnina. Ég skal viðurkenna, að með því að í stjórninni séu ekki nema 3 menn, þá er erfitt að uppfylla þessa ósk, mér finnst eðlilegt, að stjórn skuldaskilasjóðs sé skipuð einum manni frá hvorum banka og einum frá ríkisstj., en ef stjórnin er aukin úr 3 mönnum, þá er þessi till. Landssambandsins réttmæt og sjálfsögð.

Um þær aths., sem hingað hafa verið sendar, mun ég ekki fara fleiri orðum, en ein aths. kom fram sérstaklega á aðalfundi Landssambandsins, sem n., sem skipuð var af aðalfundinum, var falið að koma áleiðis til Alþ. En það var aths. um það, hvað ætti að leggja til grundvallar við mat á skipum og eignum vélbátaeigenda. Á fundinum kom fram sú skoðun, að eðlilegt væri, að skipin yrðu metin nokkuð eftir þeim aldri, sem gert er ráð fyrir í l., en farið eftir lögboðnum og löglegum afskriftum. Á það var bent, að mjög miklar afskriftir á skipum á þessu ári mundu leiða til þess, að mörg af hinum eldri skipum og nokkur af þeim yngri mundu þá verða metin svo lágt, að mikil freisting yrði fyrir veðhafa að láta leggja sér þau út, og á þann hátt mundu verða eigendaskipti á skipunum. Það var svo gerð sú aths., að ef ákvæði yrði sett inn í l. um það, að fullt tillit væri tekið til lögheimilla afskrifta, þá mætti setja ákvæði í 26. gr., „enda óski veðhafi ekki eftir kaupum á hinni veðsettu eign," og mætti hækka þetta matsverð að verulegu leyti. Ég hygg, að ástæðan fyrir því, að þetta kom fram á landssambandsfundinum, sé sú, að menn óski yfirleitt eftir því, að ekki yrði farið út í það að afskrifa skip neitt fyrir veðskuldum. Þeir, sem hefðu stjórn þessara mála með höndum, mundu sjá um það, að réttur veðhafa væri tryggður án þess að tillit væri tekið til þess, hvort líklegt væri, að skipaeigendur gætu nokkurn tíma borgað veðskuldir. Þessir menn færðu það fram því til framdráttar, að þeir teldu rétt, að veðskuldir væru skrifaðar eitthvað niður, að bankarnir hefðu á undanförnum árum, þegar útgerðin tapaði miklu fé, safnað mjög miklum sjóðum og hefðu þess vegna í rauninni möguleika til þess að geta afskrifað nokkuð af þessum skuldum til þess að létta undir með vélbátaútveginum og reyna að tryggja framtíðarrekstur hans. Nú er ég ekki á þeirri skoðun, að það eigi á einn eða annan hátt að ganga á rétt veðhafa með þessu uppgjöri, en ég tel, að þetta sé þó atriði, sem vel þyrfti að athuga, en það mundi frekar vera framkvæmdaratriði í skuldaskilunum en að unnt sé að setja um það ákvæði í löggjöf. Það eru að vísu í þessu frv. settar sérstakar reglur, í 17. gr., um það, hversu skuli fara um mat á fasteignum og skipum lánbeiðanda, án þess þó að sérstaklega sé farið inn á þetta atriði. En ég fyrir mitt leyti hefði talið, að hv. sjútvn. hefði þurft að taka þetta atriði sérstaklega til umr., það væri þess virði, að hún bæri sig saman við stjórn skuldaskilasjóðs eða atvmrh. um það, hvað hugsanlegt væri í þessum efnum.

Ég vil ekki tefja framgang þessa máls, en ég taldi rétt að láta þetta koma fram við þessa umr., en mun milli 2. og 3. umr. leita samkomulags við aðra hv. þm. um það að flytja brtt. við þetta frv. á þeim grundvelli, sem ég hef hér lýst. Ég geri ráð fyrir, að óskað sé eftir því, að frv. sé afgr. við þessa umr. í dag eða á næsta fundi, en mundi þá bera fram brtt. við 3. umr. á þá leið, sem ég hef sagt frá.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og hér er fram komið, þá hefur sjútvn. haft þetta mál til athugunar, hún hefur ekki gefið út neitt nál. um frv., sem stafar af því, að þetta frv. er flutt af n., en aðeins athugað milli umr. Við þessa athugun n. komu fram óskir um allmargar breyt. á frv., og n. féllst á að gera þær breyt., sem hún stendur öll að og fluttar eru á þskj. 303. Ég vil taka það fram, að eins og kom fram við 1. umr., þá er ég andvígur meginefni frv. um skuldaskil, sérstaklega þeim þætti í skuldaskilunum, sem er bundinn við hin þvinguðu skuldaskil. Ég er þeirrar skoðunar, að sú leið, sem þar er lagt til að farin verði, sé mjög óréttlát og óeðlileg og komi allhart niður á þeim, sem sízt skyldi. En eigi að síður tel ég, að hægt sé að gera nokkrar breyt. til bóta á frv., og hef tekið þátt í störfum n. að því leyti. En hitt vil ég undirstrika, að ég er andvígur meginefni frv., sem snýr að hinum lögþvinguðu skuldaskilum. Ég vil minna á það, sem ég sagði fyrr um þessi lög, að þau koma hart niður á sjávarþorpum og kaupstöðum, sem hafa aðallega vélbátaútgerð. Þar eru mestar skuldir, og verða því fyrirtæki á þessum stöðum harðast fyrir skuldaskilalögunum. Eftir erfiðleika, sem hafa steðjað að, er ástandið í útvegsmálum bæjanna svo slæmt, að sízt er á það bætandi, með því að setja á höfuðið fleiri fyrirtæki, en það yrði afleiðing þess að samþ. skuldaskilalögin.

Þá vil ég einnig benda á, að þótt vélbátaútgerðin fái nokkra eftirgjöf á skuldum síðustu ára, mun það bitna allhart á útgerðinni, að hún skuli þurfa að notfæra sér slíka lagaheimild. Lánstraust útvegsins hverfur með öllu. Ég hygg, að ekki hafi

liðið margir dagar frá því að frv. var borið fram, þar til allflestir, sem skipta við vélbátaútgerðina, höfðu kippt að sér hendinni og þorðu ekki að lána lengur. Það hefur komið í ljós, að óhjákvæmilegt er, ef vélbátaútgerðin á að haldast, þá verða bankarnir að veita ríflegra lán til rekstrarins, þegar einstaklingar hafa nú með öllu kippt að sér hendinni, vegna þess að þeir hafa misst traust á getu útgerðarinnar. Nú er eftir að vita, hvort lánsstofnanir geta aukið lánin eða hvort útvegurinn verður að draga saman seglin vegna minnkandi rekstrar. Meðal annars vegna þessa er ég andvígur þeirri stefnu, sem fram kom í 2. kafla frv. um lögþvingun skuldaskila.

Þá kem ég að nokkrum atriðum í frv., sem ég ætla, að breyta megi til batnaðar. Hygg ég, að ég sé að miklu leyti sammála hv. þm. Ísaf. um það, sem gera má til bóta. Tel ég rétt að setja í 3. gr. ákvæði um, að þeir aðilar, sem enn hafa ekki fengið stuðning frá ríkinu og ekki sækja um skuldaskil, geti einnig orðið aðnjótandi að greiðslufresti. Það er víst, að ef ekki væri orðið við þessari beiðni, leiddi það af sér, að útgerðarfélög mundu neyðast til að óska eftir skuldaskilum. Ég vil undirstrika það, að sú nauðsyn er brýn, að gjaldhæfni skuldabréfa verði aukin verulega frá því, sem frv. gerði ráð fyrir. Það er alltaf bót fyrir fyrirtæki að fá þó þannig bréf, sem eru að einhverju leyti gjaldgengur miðill, en ekki bréf, sem ganga hvergi manna á milli. Vera kann, að sú yfirlýsing, sem atvmrh. gaf hér, geti orðið til bóta, ef bankar landsins færu eftir því, sem kom fram í ræðu hans. Mér finnst, að það minnsta, sem hægt sé að fara fram á, sé, að sett yrðu í lögin einhver skýlaus ákvæði um, að þeir hefðu rétt til að nota þessi bréf til greiðslu til banka landsins.

Í sambandi við þetta frv., c-lið 1. brtt., vildi ég láta koma fram, að aðaltilgangurinn með ósk útvegsmanna um að koma á þessari breyt., sé að geta á eftir farið hina frjálsu skuldaskilaleið, þ. e. að fá eftirgefin stuðningslán ríkisins, þar sem slík eftirgjöf kæmi að notum. Þetta ákvæði í c-lið er lítils virði, ef það er ekki ætlunin að veita útgerðarmönnum, ef óskað er, eftirgjöf á þessum skuldum til ríkisins, svo að þeir geti komið á viðunanlegum rekstri. Þar sem útgerðarmenn hafa lagt áherzlu á þetta, þá er þetta tilgangurinn. Nú óska ég, að komi fram hjá hæstv. ráðh., hvort ekki sé ætlunin að veita eftirgjöf á stuðningslánum ríkisins, sem að dómi skuldaskilan. nægði til að halda útgerðinni áfram. En það er ekki um að villast, að útgerðarmenn vilja forðast þvinguð skuldaskil. Ég er þeirrar skoðunar, að ef þeir fá eftirgjöf skuldaskila, geti þeir haldið rekstri sínum áfram.

Ég skal ekki tefja framgang málsins, en er andvígur þeirri leið, sem kemur fram í 2. kafla frv.; ég tel, að hún komi ómaklega niður. Ég vil vinna að breytingum á frv., en ekki nú, til að tefja ekki framgang málsins.

Legg ég til, að málinu verði vísað til 3. umr.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þær ræður, sem hér hafa verið fluttar af hv. þm. Ísaf. og hv. 2. landsk. þm., sem komu með gagnrýni á frv., gefa ekki tilefni til langrar ræðu af minni hálfu. Ræða hæstv. atvmrh. skýrði tilgang frv. En vegna þess, sem hv. 2. landsk. þm. sagði um þvinguð skuldaskil og frjáls skuldaskil og að hann sagðist vera mótfallinn þvinguðum skuldaskilum, vil ég minna á, að enn eru í gildi lög um frjáls skuldaskil, sem sett voru í árslok 1948 um það efni. Í þeim lögum var heimilað að gefa eftir, að nokkru eða öllu leyti, viss aðstoðarlán, sem síldarútvegsmönnum voru veitt, að því tilskildu, að þeir útvegsmenn gætu náð frjálsum skuldaskilum. Skilanefnd, sem starfað hefur samkv. þeim lögum, var ætlað að ganga þá frá eftirgjöfum, að fengnum þessum skuldaskilum. Nú var það orðið 1949, sem gefinn var kostur á þessum frjálsu skuldaskilum. Margir sóttu um eftirgjöf lána og fengu greiðslufrest. Síðan hafa fleiri bætzt við, en niðurstaðan var sú, að mjög fáir höfðu sagt n., að þeir gætu náð frjálsum skuldaskilum. Þetta sýnir, að frjáls skuldaskilaleið er engan veginn einhlít og hefur ekki nægt hlutaðeigendum, því ef svo hefði verið, þá hefðu þeir lagt sig fram við að fá hana. Nú er þessi kafli laganna um skuldaskil útvegsmanna til orðinn vegna þess, að menn sáu, að hin eldri ákvæði um frjáls skuldaskil nægðu ekki. Nú hefur sú reynsla, sem ég nefndi, sýnt, að þau komu fáum að gagni. Þótt talað sé um þvinguð skuldaskil, þá er ekki um neina þvingun að ræða fyrir útgerðarmennina. Það er verið að þvinga kröfuhafa, hann verður að gefa eftir ákveðinn hundraðshluta. Er þetta nefnt þvinguð skuldaskil eftir þessari aðferð, til aðgreiningar frá frjálsum skuldaskilum. Æskilegt er, að menn geri sér grein fyrir, að lögin eru engin þvingun fyrir útgerðarmenn.

Þá vil ég lauslega minnast á fáein atriði, sem hér komu fram. Vona ég, að það gefi ekki tilefni til mikilla andmæla. Í fyrsta lagi það, sem hv. þm. Ísaf. sagði. Hann sagði, að málið hefði verið lengi til meðferðar í sjútvn. Ég vil geta þess, að það kom ekki til umr. fyrr en um miðjan nóv., en það eru nokkrir dagar síðan n. hefur lokið brtt. við frv. Tíminn milli 1. og 2. umr. er tíminn, sem útgerðarmenn og aðrir þurftu til að athuga málið. Hv. þm. gat þess, að frv. hefði breytzt síðan það var sent til Landssambands ísl. útvegsmanna. Má vel vera svo. Till. hafa verið gerðar um málið af skilanefnd. Ég veit ekki, hvort frv. hefur verið í annarri mynd í stjórn L.Í.Ú. Þegar fulltrúi L.Í.Ú. kom til sjútvn. 15. nóv., var óskað breytinga á 3. gr., eða breyt. á 1., 3. og 9. gr. Ekki var óskað eftir breyt. á fleiri greinum þá. Ég vil taka fram, vegna þess, sem kom fram í umr. frá hv. þm. Ísaf. varðandi ákvæði 5. gr. um að láta í Lögbirtingablaðið, að þessir fulltrúar L.Í.Ú. kæmu með óskir um breytingu, tel ég óhætt að fullyrða, að þeir hafa ekki komið fram með neinar beinar óskir. — Hv. þm. Ísaf. ræddi um skipun stjórnar skuldaskilasjóðs. Ákvæði eru í 14. gr. frv. um, að einn í stjórninni skuli skipaður af stjórn Landsbanka Íslands, tveir af stjórn Útvegsbanka Íslands og tveir af ríkisstj.

Hv. þm. Ísaf. ræddi hér um vangreiddar afborganir af stofnlánunum og ákvæði í frv. um þær. Það mun vera svo, að skipalán eru veitt til 20 ára eða a. m. k. heimild til þess, að lán sé veitt út á ný skip til 20 ára. Er ákvæði um þetta í 9. gr. l. og er annars gert ráð fyrir, að það sé veitt til fimmtán ára. Ég ætla, að þetta lán sé veitt til 20

ára og dreifist afborganir á þann tíma. Mér finnst, að það megi taka tillit til þess þegar rætt er um þetta.

Ég mun ekki tala lengi enn þá. Hv. þm. Ísaf. minntist á nýja skipan á þessu og gat þess, að hann mundi jafnvel bera fram brtt. síðar. Þetta um virðingarverð skipanna er mikið vandamál, og væri heppilegt, að ákvæðin í l. væru ekki mjög ströng, svo að það mætti hnika til. Frá sjónarmiði útgerðarmanna er það vafamál, hvort sé hagstæðara, að virðingarverð skipanna sé hátt eða lágt. Þetta þarf allt saman að athuga nánar, þegar einhverjar staðreyndir eru komnar í ljós.

Hv. þm. Ísaf. taldi æskilegt, að útgerðarmenn gætu fengið greiðslufrest á afborgunum, þó að þeir hafi ekki fengið aðstoðarlán, að mér skildist. Ég tel, að heppilegra sé að taka ekki þetta atriði til athugunar í sambandi við þessi lög, því að það eru fleiri en útgerðarmenn, sem hafa fengið þessi stofnlán, og er vandi að sjá, hvar á að greina á milli. Þeir minntust báðir á þetta atriði, hv. þm. Ísaf. og hv. 2. landsk. Ég held það beri að athuga, hvort það sé heppilegt að ræða stofnlán þessara aðila í sambandi við stofnlán annarra aðila.

Hv. 2. landsk. gerði nokkuð að umræðuefni í upphafi síns máls, hvort skuldaskilin kæmu ekki harðast niður á útgerðinni í þorpunum, og kvaðst óttast það. Mér skilst, að ýmis fyrirtæki í þessum þorpum hafi lánað útgerðinni til rekstrar, og mundi það þá lenda á þeim að gefa eftir kröfur sínar á hendur útgerðinni. Ég bendi á það, þó að skuldaskilin verði lögfest, verða þau engin þvingun. Það er alveg á valdi útgerðarmanna sjálfra, hvort þeir taka tillit til þessara fyrirtækja. Ef þeir hafa hag af því, munu þeir að sjálfsögðu gera það.

En um þetta mál má í raun og veru segja það, að það er til umr. hér á Alþingi að gefa eftir skuldir og aðstoðarlán til útvegsins, sem stafar af slæmu ástandi í atvinnumálum þjóðarinnar, og engar líkur til, að útvegurinn geti staðið í skilum með þær skuldir. Þess vegna er ekki verið að ákveða þessar eftirgjafir, heldur hvernig á að koma þeim sem haganlegast fyrir fyrir útgerðina og þjóðina í heild.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð um þetta. Ég hef lagt til stuðnings tvo umboðsmenn og hef þá eðlilega tekið tillit til óskar hæstv. fjmrh. um annan manninn, því að það er eðlilegt, að hann hafi sitt að segja um þessi mál. — Hitt atriðið, sem ég vildi nefna, er út af fyrirspurn hv. 2. landsk., hvaða skilning ég legði í c-lið fyrri brtt. og hver væri framkvæmdin. Ég er honum alveg sammála um framkvæmd málsins, eins og ég hef tekið fram áður. Það er eðlilegt, að þeim heimilist þessi hagnaður og þetta verði þeim bjargráð, sem geta gert skuldaskil.

ATKVGR.
Brtt. 303,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
6.—9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 303,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 303,3 samþ. með 26 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
13.—14. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 303,4 samþ. með 26 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 303,5 samþ. með 25 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 303,6.a—b samþ. með 25 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 303,6.c (ný gr., verður 18. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
— 303,7 samþ. með 23 shlj. atkv.
18. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
19. gr. (verður 20. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 303,8 samþ. með 22 shlj. atkv.
20. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
21.—25. gr. (verða 22.—26. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 303,9 samþ. með 25 shlj. atkv.
26. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 303,10 samþ. án atkvgr.
27.—34. gr. (verða 28.—35. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 337).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Finnur Jónsson: Frv. þessu hefur nú verið útbýtt með breytingum á þessum fundi. Ég hef ásamt hv. 2. landsk. lagt nokkrar brtt. inn á skrifstofu Alþingis nú eftir hádegið, en mun óska eftir að lýsa brtt. nú, ef það er ætlunin að ljúka umræðunni. Þar sem þessu frv. var ekki útbýtt fyrr en nú, er eini kosturinn að leggja fram brtt. nú. (**Forseti:** Ég hygg, að ræða megi þessar brtt. sem skrifl. Þó hafa verið gerðar ráðstafanir til að hraða þeim sem mest úr prentun.)

Við 2. umr. þessa máls í gær rakti bæði ég og hv. 2. landsk. þær brtt., sem L.Í.Ú. óskaði, að gerðar yrðu á frv. þessu, og ég vil nú leyfa mér að skýra þær nánar. Ég leyfi mér þá að skýra frá því, að það hafa komið fram kvartanir frá L.Í.Ú. vegna þeirra breytinga, sem frv. hefur tekið. — Upphaflega var gert ráð fyrir því í frv., að lánstíminn færðist aftur um 3 ár hjá stofnlánadeildinni og fiskimálasjóði. Landssambandið taldi sig samþykkt þessu. En nú á að breyta þessu og jafna því niður á það, sem eftir er lánstímans. Geta menn síðan talið það líklegt, ef erfiðleikarnir eru teknir bókstaflega, að útgerðarmenn geti staðið í skilum á afborgunum og vöxtum til stofnlánadeildarinnar og fiskimálasjóðs, sem er enn þá hærra en undanfarin ár? Þá skal þess líka gætt að reikna með 6% dráttarvöxtum í viðbót. Við teljum, að samþykkt L.Í.Ú. sé á fullkomnum rökum reist, og þess vegna leggjum við til, að frv. verði breytt í sitt upprunalega form, þannig að lánstíminn lengist um 3 ár. Með þessu móti yrði tekið tillit til sameiginlegra óska Landssambands-

ins, að ekki séu þegar í byrjun hækkaðar afborganir, svo að útgerðarmenn geti ekki staðið í skilum. Ég held þetta sé langhyggilegasta leiðin bæði fyrir útgerðarmenn og lánsstofnanir. Því að það sér hver heilvita maður, að það er ekki lítils virði fyrir lánsstofnanirnar, að staðið sé í skilum með lánin. Ég held, að hv. Alþingi gerði vel, ef það athugaði þetta. Ég hygg, að þarna fari saman hagsmunir útvegsmanna og lánsstofnana. Það er sjálfsagt ágætt fyrir lánsstofnanir að geta innheimt lánsfé sitt með skjótum hætti, en einnig afleitt að setja slík skilyrði, sem ekki verða uppfyllt, — og verður það að teljast mjög óhyggilegt. — Þá kom einnig fram ósk um það, að útgerðarmenn og útgerðarfélög, sem erfitt eiga með að standa í skilum með afborganir og vexti af lánum stofnlánadeildarinnar, gætu fengið nokkurn frest.

Ég lýsti við 2. umr. þessa máls, að þessi tilmæli væru sett fram vegna eindreginna áskorana útgerðarmanna á Norðurlandi, sem komizt hafa af án aðstoðarlánanna, en eiga nú erfitt með að standa í skilum með vexti. Í samræmi við þetta leggjum við til, að á eftir 1. mgr. 3. gr. komi: „Heimilt er stjórn skuldaskilasjóðs að ákveða, að greiðslufrestur skv. 1. mgr. þessarar greinar skuli einnig veittur þeim útgerðarmönnum, sem síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi 1945—1950 og hafa ekki fengið aðstoðarlán, enda telji sjóðsstjórnin þá eiga erfitt með greiðslu". — Það verður sem sé lagt í vald sjóðsstjórnarinnar, hvort þessi aðstoð verði veitt eða ekki. Þegar tillit er tekið til, að flestir þessara manna hafa gert út í 6 síldarleysissumur, þá sýnist ekki ósanngjarnt, þótt þessi aðstoð verði veitt. — Þá leggjum við til, að 2. mgr. þessarar greinar, sem verður 3. mgr. 3. gr., verði svohljóðandi: „Dráttarvextir af vangoldnum afborgunum af lánum Stofnlánadeildar og Fiskveiðasjóðs skulu ekki reiknast fyrir þann tíma, sem liðinn er, en frá gildistöku þessara laga skulu dráttarvextir reiknaðir 0.5% af vangoldinni upphæð fyrir hvern mánuð, sem greiðslan dregst". Það er því gert ráð fyrir skv. þessari till., að haldið verði áfram að reikna dráttarvexti framvegis, en sú breyting gerð, að fyrir þessi 3 ár, sem vanskil hafa átt sér stað, verði ekki reiknaðir dráttarvextir. — Það er vitað, að allur fjöldi útgerðarmanna hefur tapað, og þá sýnist ekki ósanngjarnt, þótt bankarnir reikni sér ekki meiri vexti en af venjulegum lánum. Þetta er alveg samkv. óskum L. Í. Ú. og gengur ekki á rétt eins eða neins, — en mundi hins vegar koma að tilætluðum notum. — Við 5. gr. er það skilyrði fyrir aðstoðinni, að auglýsing sé birt í Lögbirtingablaðinu. Við þessa gr. leggjum við til, að bætt sé: „Heimilt er þó stjórn skuldaskilasjóðs að veita undanþágu frá ákvæði þessarar greinar um auglýsingu, telji hún, að umsækjandi hafi gert fulla grein fyrir fjárhag sínum." Þessi till. er einnig tekin eftir eindregnum óskum L. Í. Ú., og er það lagt í vald stjórnar skuldaskilasjóðs að auglýsa í Lögbirtingablaðinu eða ekki. Þar sem hér er ekki beinlínis um gjaldþrotaráðstafanir að ræða, þá ætti að vera útlátalaust að setja þetta ákvæði í lögin. Ég held, að ekki séu hagsmunir neins fyrir borð bornir, en hins vegar útgerðarmönnum greiði gerður.

Nú — við fyrri umr. þessa máls vakti ég og fleiri máls á því, að útlit væri fyrir, að þessar aðgerðir kæmu að sáralitlum notum fyrir ýmis sjávarþorp og aðra staði úti á landi, ef skuldabréfin fengju ekki meira gildi en nú er ætlazt til. Hæstv. atvmrh. gaf þá yfirlýsingu, að hann hefði grun um, að líklegt væri, að lánsstofnanir vildu taka skuldabréfin til greiðslu á nokkuð annan hátt en í frv. segir. — Þetta tel ég ófullnægjandi, en ég mun þó ekki flytja brtt., þar sem ég vona, að framkomin yfirlýsing hæstv. atvmrh. megi hafa enn meira gildi en hún gaf vonir til. — Nú er hins vegar ekki víst, að hann verði í þessu embætti allan þennan tíma, sem skuldabréfin eru í gildi — eða í 15 ár —, en vonandi verður það þá í erfðaskrá hans til eftirmannsins, að skuldabréfin fái að halda sínu sama gildi. Ég vil þó benda á það, að þau munu setja fjölda fyrirtækja í erfiða aðstöðu fjárhagslega, svo að ekki sé meira sagt. — Síðar skal ég lýsa brtt. okkar við 14. gr. Ég gat þess í gær, þegar frv. þetta kom fram, að stjórn skuldaskilasjóðs skyldi vera skipuð 3 mönnum, einum frá hvorum banka og einum frá ríkisstj., en nú er ætlunin að hafa mennina 4, og er mér sagt, að viðbótarmaðurinn eigi að vera frá Framsfl. Nú er fjarri því, að ég sé að amast við því, að hv. þm. N-Þ. komist í stjórn skuldaskilasjóðs. Ég hef trú á því, að hann geti komið þar að miklu gagni. Fyrst það á að fjölga á annað borð í n., þá er langeðlilegast, að n. verði skipuð 5 mönnum og fengi þá stjórn L. Í. Ú. einn mann. Ef gert er ráð fyrir, að tveir verði frá bönkunum og 2 frá ríkisstj., þá er óhætt að segja, að þar sé kross undir og ofan á og vel séð fyrir hagsmunum beggja, bæði ríkis og bæja. Og þótt 5. manni yrði bætt við og L. Í. Ú. fengi hann, þá verður ekki betur séð en hagsmunum ríkis og bæja sé vel borgið. — Enn fremur vil ég segja það, að þetta mundi fremur flýta fyrir störfum n., þar sem þarna mundi bætast við maður vel kunnugur útgerðarmálum og útgerðarmönnum. Þótt vizkan í þessari n. sé mikil fyrir, ætti það ekki að skaða, þótt einn fróður bættist við. Nú er ætlazt til, að atkv. formanns skeri úr málum, en auðvitað mundi það ákvæði falla brott, ef þessi breyt. yrði samþ.

Þá vil ég segja það út frá þessum till. í heild, að ég tel, að þær hafi ekki í för með sér nein útgjöld fyrir ríkissjóð og gangi ekki á rétt eins eða neins, en á hinn bóginn gera útvegsmenn mun ánægðari, sem getur þó ekki talizt nein ánægja fyrir útgerðarmenn að láta framkvæma, þótt þetta sé orðað svo, að þetta sé aðstoð. Auðvitað vildu útgerðarmenn miklu heldur geta staðið í skilum, en nú verður ekki komizt hjá, að ríkið styrki þennan atvinnuveg, þótt bezt væri, ef hann þyrfti á engum styrkjum að halda. — Ég held, að ríkisstj. gerði vel í því að athuga, hvort hún geti ekki fallizt á þessar till. Þær eru ekki lagðar fram af neinni óvild, heldur af þeim, sem vilja, að þessi mál fái sem skynsamlegasta athugun.

Þá læt ég útrætt um tillögurnar, en vil spyrja hæstv. atvmrh. um framkvæmd þessa máls. Á fundi L. Í. Ú. komu fram raddir um það að taka upp ákvæði, að við mat á skipum, sem mörgum er heldur illa við, verði tekið tillit til lögboðinna afskrifta. Þó mun vera erfitt að setja ákvæði í lögin vegna þess, að mörg skipin fara mjög lækkandi í mati, og þá einnig, að skip hafa hækkað í verði. Þótt ekki séu samþ. nein ákvæði í till. um

þetta, þá mun sú nefnd, sem starfar, verða að fara með þessi mál. Ekki komu ákveðnar till. frá L. Í. Ú. um þetta. En ástæðan fyrir því, að menn töldu rétt að afskrifa skipin niður, var sú, að menn héldu, að útvegsmenn stæðu ekki undir skipum sínum, ef matið væri líkt og kaupverð. — Nú spyr ég hæstv. atvmrh., hvort rætt hafi verið um þetta milli hans og skilanefndarinnar, hvernig mati á þessum eignum verði hagað, — hvort þetta verður lagt undir vald skilanefndarinnar eða undir vald matsmanna skipanna, og væri þá ekki óeðlilegt, að matsmennirnir fengju fyrirmæli um, hvernig þeir ættu að haga sínu verki. — Ég skal þá ekki fjölyrða frekar um þetta, en ítreka tilmæli mín um það, að till. þessum verði tekið með velvild af hæstv. ríkisstjórn.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 347) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Þar sem ég og hæstv. fjmrh. þurfum að fara á fund núna kl. hálf-fjögur, ræði ég ekki till. hv. þm. Ísaf. nánar að sinni, en vil mælast til, að fundi verði frestað til kl. 5.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Út af brtt. þeirra hv. þm. Ísaf. (FJ) og hv. 2. landsk. þm. (LJós) á þskj. 347 vil ég segja nokkur orð. — Varðandi 1. brtt., stafl. a, er það að segja, að eins og ég hef áður tekið fram í hv. d., treysti ég mér ekki til að fylgja henni eða leggja til frekari tilslökun í þessu efni en ákvæði frv. gera ráð fyrir eins og þau nú eru. — Varðandi b-lið og c-lið og varðandi 3. brtt. vil ég leyfa mér að fara fram á það, að hv. flm. taki þær aftur, enda þótt þetta sé síðasta umr. í þessari hv. d. — Ástæðan fyrir þessari ósk er sú, að ég hef að undanförnu, í samráði við og samkv. tilmælum hv. stuðningsmanna ríkisstj. og hv. sjútvn., verið málefnalega að athuga þessi atriði. Og þótt ég vilji ekki á þessu stigi málsins gefa fyrirheit um það, að ég muni bera fram brtt. um þessi atriði í hv. Ed., þá vil ég þó segja um þessar brtt. allar þrjár, að stj. og hennar flokksbræður í sjútvn. hafa verulega tilhneigingu til þess að hlutast til um, að þær í aðalatriðum verði teknar til greina, og er þó við það að bæta því, að sú till. af þessum, sem enn er sízt til mergjar brotin, er b-liður 1. brtt. Sá liður fjallar um það, að heimilt skuli stjórn skuldaskilasjóðs að ákveða, að greiðslufrestur samkv. 1. málsgr. þessarar gr. skuli einnig veittur þeim útgerðarmönnum, sem síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi 1945—1950 og hafa ekki fengið aðstoðarlán, enda telji sjóðsstjórnin þá eiga erfitt með greiðslu. — Það má vel færa rök að því, að þetta sé sanngirnismál, og verður að viðurkenna, að þeir útvegsmenn, sem lent hafa í þessum sex hallærisútgerðarárum og hafa reynt að brjótast fram úr vandræðunum af eigin rammleik, eigi allríkan siðferðislegan rétt á því að lenda ekki í öðrum og meiri vandræðum vegna þeirra örðugleika að standa í skilum varðandi stofnlánin en aðrir menn, sem notið hafa stuðnings ríkissjóðs við sína útgerð á þessu árabili. Þessi hugsun er sanngjörn, og á hana föllumst við einmitt af þeim ástæðum, sem sjútvn. í samráði við stj. hefur verið að tala um þessa hlið málsins. En í þessu fylgir nokkur böggull skammrifi, ef þessi till. verður samþ., og þori ég því ekki að lofa, að samþ. verði till. efnislega svipuð þessari, þó að þetta hugarfar, sem ég hef nú lýst, hafi orðið þess valdandi, að einmitt þetta mál hefur verið rætt af þeim aðilum, sem ég nefndi. Ég mundi þó telja rétt, ef slík till. yrði samþ., að heimildin væri bundin því, að stjórn skuldaskilasjóðs væri sammála um, að greiðslufrestur yrði veittur.

Um c-liðinn, sem fjallar um það, að dráttarvextir af vangoldnum afborgunum af lánum Stofnlánadeildar og Fiskveiðasjóðs skuli ekki reiknast fyrir þann tíma, sem liðinn er, en frá gildistöku þessara laga skuli dráttarvextir reiknaðir 0.5% af vangoldinni upphæð fyrir hvern mánuð, sem greiðslan dregst — eins og þar stendur —, vil ég segja það, að það er alveg rétt, sem frsm. sagði, að það má færa mjög sterk rök fyrir sanngirni þessarar till. Þessir menn, sem hér er um að ræða, hafa verið í svo miklum vandræðum með allan sinn atvinnurekstur og alla sína afkomu, að við erum einmitt að fjalla um sérstaka hjálp þeim til handa, og væri ekkert óeðlilegt, að sú hjálp yrði teygð það langt, að þeir fengju þessa umræddu eftirgjöf. Það verður að viðurkenna, að sú hugsun, sem hér liggur til grundvallar, hefur við rök að styðjast, og ég held, að megi segja um þessa sérstöku till., að hún hafi þegar verið rædd nokkuð við Landsbankann, og verður ekki annað sagt en að hún hafi yfirleitt mætt velvilja þeirra aðila og enn fremur sjútvnm. þeirra, er ég áður greindi, og ríkisstj. allrar.

Þá er 3. brtt. þess efnis, að stjórn skuldaskilasjóðs verði skipuð fimm mönnum í stað fjögurra, eins og frv. gerir ráð fyrir, og sé einn tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna. Okkur finnst, sem um þetta mál höfum fjallað, að það væri síður en svo goðgá, að Landssambandið fengi að tilnefna þarna einn mann, en það liggur ekki í hlutarins eðli, að þetta sé nauðsynlegt, og ég man ekki betur en að hv. þm. Ísaf. hafi verið á sínum tíma flm. að líkri lagasetningu, þar sem útgerðarmenn höfðu engan mann í stjórninni.

Ég vona þá, að mönnum hafi skilizt, að þeir af stjórnarliðinu, sem um þetta hafa fjallað, hafa tekið með fullri góðvild á þessum till., þó að, eins og ég áður sagði, b-liður 1. brtt. sé minnst til mergjar brotinn. Og ég hygg, að það væri leiðinleg málsmeðferð, ef þyrfti að ganga til atkv. um þessar till. hér og afgr. þær á þann hátt, að þær féllu, og vona ég því, að hv. flm., eftir að hafa heyrt þessa skýringu af minni hendi, telji einnig rétt að taka þessar 3 till. aftur, þannig að tækifæri gefist til að flytja þær í svipuðu efnislegu formi í hv. Ed.

Varðandi svo þá einu till., sem ég hef ekki enn gert að umtalsefni, þ. e. 2. brtt., um það að stjórn skuldaskilasjóðs skuli heimilt að veita undanþágu frá ákvæði þessarar gr., þ. e. 5. gr., um auglýsingu, ef hún telur, að umsækjandi hafi gert fulla grein fyrir fjárhag sínum, — má einnig færa nokkur rök fyrir réttmæti hennar, eins og 1. flm. einnig gerði, en ég verð þó að viðurkenna,

að þessi till. hefur ekki verið rædd innan ríkisstj., en tel þó fyrir mitt leyti nokkuð varhugavert að ganga inn á hana, því að það væri einnig viss vandi settur á herðar sjóðsstj., ef hún fengi þannig heimild til þess að veita undanþágu, það væri mikill vandi á höndum hverju sinni að kveða á um það, hverjir ættu að njóta þeirrar undanþágu og hverjir ekki, og ég hygg, að sjálft frv. losnaði nokkuð úr böndunum, ef slík till. væri samþ. Ég sæki það þó ekki svo fast, en ef ég ætti að greiða atkv. um þessa till. nú, mundi ég ákveðið greiða atkv. gegn henni, eins og a-lið 1. brtt.

Efni málsins er þá það, að ég mælist til við hv. flm., með tilvísun til þess, sem ég hef um þetta sagt, að þeir taki aftur b- og c-lið 1. brtt. og 3. brtt., en ég verð undir öllum kringumstæðum *mótfallinn a-lið 1. brtt. og á þessu stigi málsins* einnig mótfallinn 2. brtt.

Finnur Jónsson: Ég saknaði þess, að hæstv. ráðh. svaraði þeirri fsp., sem ég beindi til hans út af væntanlegu mati á skipunum. (**Forsrh.:** Er það ekki allt í 17. gr.?) Það er, eins og svo margt annað, komið undir framkvæmd stjórnar skuldaskilasjóðs og þeim áhrifum, sem hæstv. ráðh. vill hafa á framkvæmd málsins, hvernig fer um gagnsemi þessarar löggjafar.

Ég hef ekki haft tækifæri til að bera mig saman við hv. meðflm. minn um tilmæli hæstv. ráðh. um að taka aftur b- og c-lið 1. brtt. og 3. brtt., en ég þykist vita, að meðflm. minn mundi e. t. v. fús til þess að fylgja tilmælum hæstv. ráðh., ef það lægi fyrir, að hæstv. ráðh. vildi beita sér fyrir þessum brtt. í Ed. eða líkum brtt., — ef það á að skilja orð hans þannig, að hann muni vilja beita sér fyrir till. Ef svo væri ekki, mundi ég ekki sjá ástæðu til að taka þessar brtt. aftur. Ég tel, að þessar till. eigi alveg fullan rétt á sér og gangi að engu leyti á rétt neins, en séu til þess fallnar í heild að gera framkvæmd þessara l. heppilegri, bæði fyrir skuldareigendur og útgerðarmenn.

Nú, — ég vil þá í sambandi við síðustu brtt., um að fjölga í stjórn skuldaskilasjóðs um einn og gefa Landssambandi ísl. útvegsmanna kost á að tilnefna þar einn mann, sérstaklega taka fram, að ég tel það fulla sanngirniskröfu. Ég ætla ekki að fara að vekja hér upp neinar deilur, og ég bið menn fyrir alla muni að fara nú ekki að segja, að ég sé að stofna til einhvers metings milli útgerðarmanna og bænda, en mér dettur í hug í sambandi við þá löggjöf, sem verið var að afgreiða áðan, að þar var sveitarstjórnum falið að úthluta hjálpinni, og má vera, að það hafi verið eðlileg aðferð. Hér er aðeins farið fram á, að Landssamband ísl. útvegsmanna fái tækifæri til að tilnefna einn mann í fimm manna stjórn, sem ákveður, hvernig þessari hjálp er útdeilt, og ætti það að vera nokkur trygging fyrir því, að Landssambandið a. m. k. gæti fylgzt með því, hvað er að gerast, og gæti þá kannske orðið til þess að forðast misskilning og missagnir um framkvæmd málsins, þannig að hún gæti orðið ágreiningsminni og átakaminni en annars.

Ég vil vænta þess, að hæstv. ráðh. svari þessum fsp., sem ég beindi til hans út af því, hvort komið hefði eitthvað til mála, hvernig hagað yrði mati á skipunum í sambandi við afskriftirnar, og hvort skilja mætti ummæli hans þannig, að hann vildi beita sér fyrir þessum brtt., sem hann nefndi.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Mér láðist að svara þessari fsp. frá hv. þm. Ísaf., hvort nú þegar hafi verið ákveðnar reglur varðandi mat skipanna o. fl., sem hann gat um í því sambandi. Þetta hefur ekki verið rætt neitt milli mín og væntanlegrar sjóðsstjórnar, og er ekki ætlazt til, að hér gildi aðrar reglur en þær, sem greinir í 17. gr. frv.

Varðandi hina fsp., hvort ég vilji beita mér fyrir brtt. efnislega svipuðum þeim, sem frá greinir í b- og c-lið 1. brtt. þeirra og 3. brtt., þá ætlaðist ég til, að hv. þm. og aðrir gætu skilið það af ummælum mínum, að varðandi c-lið 1. brtt., þ. e. *varðandi dráttarvextina, og* 3. brtt., þ. e. varðandi sjóðsstjórnina, taldi ég, að þeir af stjórnarliðinu, sem um þetta mál hefðu fjallað, þeir væru velviljaðir þessum till. Af því leiðir, að ég mun, þó að ég vilji ekki á þessu stigi málsins taka ábyrgð á málalokum í þeim efnum, beita mér fyrir þessum tveimur till., en um 3. brtt. vil ég ekki hafa eins sterk orð á þessu stigi málsins, þó að ég hafi í minni fyrri ræðu látið orð falla um það, að mér þætti æskilegt, að hægt væri að verða við þessum óskum, *sem eru sannarlega sanngjarnar*, en það fylgir, eins og ég sagði, nokkur böggull skammrifi, og ég þarf að athuga þá hlið málsins í samráði við þá menn, sem að þessum málum vinna með ríkisstj. Ég hygg þó, að ekki sé rétt af þeim mönnum, sem óska eftir að sú till. nái samþykki, að láta ganga atkv. um hana nú, því að málinu er betur borgið með því, að nánari athugun fari fram á þessu. Ég ætlast til þess, að allir hv. þm. hafi skilið það af ummælum mínum, að einmitt þessi þrjú málsatriði hafa verið athuguð af stjórnarliðinu eða þeim mönnum þess, sem sérstaklega fjalla um þetta mál, og einmitt þess vegna er ég reiðubúinn nú þegar að láta þetta skýr ummæli falla um þessi málsatriði. Ég er einnig reiðubúinn að skýra frá afstöðunni til aliðar 1. brtt., því að stj. hefur tekið afstöðu til hans, og það eina, sem ég hef á þessu stigi málsins ekki viljað segja skýrt til um, er 2. brtt., þó að ég sé henni persónulega mótfallinn. — Við getum skipt þessum brtt. í þrennt: 1. brtt., sem stjórnarliðið beitir sér á móti, eftir öllum atvikum málsins. Hvort sem einstakir þm. hafa raunverulega löngun til að samþ. hana eða ekki, munum við í stj. ekki samþ. hana. — Þar næst kemur 2. brtt., sem ég hef ekki haft tækifæri til að ræða við þá menn, sem um þetta mál fjalla, en ég er persónulega mótfallinn. Og loks er svo 3. brtt., sem ég gat nú undirbúningslaust svarað, vegna þess að samstarfsmenn mínir í ríkisstj. og sjútvn. hafa rætt þetta mál nægilega mikið til þess, að ég veit hug þeirra til málsins. Ég veit, að þeir hafa tilhneigingu til þess að fjölga í stjórninni, þó ekki væri til annars en að gera Landssambandinu það til geðs, og varðandi dráttarvextina vil ég geta þess, að rætt hefur verið um, að það ætti að fella þá niður á þann hátt, sem greinir í brtt., en það væri ekki rétt af mér að gefa um það skýlaust fyrirheit, að þetta ætti að fella niður, því að ég hef ekki haft tækifæri til að ræða þetta við stjórnarflokkana. Annars er ég, eins og ég sagði, reiðu-

búinn til að gefa þessi svör núna vegna þess, að menn hafa rætt þetta mál, áður en till. komu fram, á þá leið, að ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir efnislega þessum tveimur till. og varðandi þá þriðju. B-liður 1. brtt. er ekki eins til mergjar brotinn og hinar tvær till., en ég hygg, að það sé rétt og mælist til þess, vegna þess að ég hef löngun til að fá þá till. samþ., að hún sé tekin aftur.

Ég vona, að þetta sé nægilega skýrt til þess, að ekkert fari á milli mála um hug þeirra manna, sem fjallað hafa um þetta mál af hálfu stjórnarflokkanna.

Finnur Jónsson: Ég vænti þess af hæstv. ráðh., þegar l. þessi koma til framkvæmda, að hann hlutist þá til um, að skuldaskilasjóðsstjórnin fylgi vissum reglum um mat á skipunum og framkvæmdin verði í samræmi við þær óskir, sem fram kunna að koma á fundi Landssambandsins. Ég hef lýst því, að ég mundi ekki flytja um þetta brtt., því að mér er ekki ljóst, hvernig hægt væri að koma þessu fyrir í lagabálki, og vildi ég flytja þessa ósk frá Landssambandinu.

Út af tilmælum ráðh. um, að tilteknar brtt. verði teknar aftur, vil ég taka fram, að við flm. höfum í trausti þess, að þær efnisbreyt. fáist á frv. í Ed., sem hæstv. ráðh. greindi, komið okkur saman um að taka þær till. aftur. En einmitt vegna þess, að þetta frv. kemur aftur hingað til þessarar d., þar sem ákveðið mun vera að breyta því í Ed., þá getum við líka, til þess að tefja ekki fyrir málinu hér, tekið hinar aðrar till. aftur, og mundum þá leggja þær fram, þegar málið kemur hér aftur til d., í því formi, sem við teldum þá ástæðu til, ef málið hefði ekki fengið þær breyt. í Ed., *sem við gætum fallizt á.*

Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég lýsi ánægju minni yfir því, að hv. flm. hafa tekið till. sínar aftur. — Varðandi tilmæli hv. þm. um, að ég hlutaðist til um, að sjóðsstjórnin fylgdi vissum reglum í mati á skipunum og teknar yrðu til greina óskir Landssambandsins, er fyrst það að segja, að ég veit ekki sjálfur fyrir víst, hvaða óskir Landssambandið hefur í þessum efnum. En auk þess vil ég gera þá játningu, að þegar slík stjórn er skipuð mönnum, sem hafa traust ríkisstj. og bankanna annars vegar, og þar sem enn fremur verður svo væntanlega bætt inn manni frá Landssambandinu, *þá er nú mitt ráðríki ekki meira en* það, að ég hef ríka tilhneigingu til þess að láta þessa menn ráða málunum, sem þeir eru settir til að fjalla um og hafa miklu meiri skilyrði til að dæma réttilega en maður, sem er önnum kafinn við önnur störf og hefur þess vegna verri aðstöðu til að dæma réttilega, hvað skynsamlegt er. Þetta er ekki því til fyrirstöðu, að ég reyni með ánægju að koma því að, sem mér finnst skynsamlegast, að svo miklu leyti sem ég hef vit á því máli, en úr því verður reynslan að skera.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég sakna þess nokkuð, að hv. flm. að brtt. á þskj. 374 skuli ekki hafa látið verða af því að bera fram brtt. við 17. gr. frv. Hv. þm. Ísaf., sem talaði fyrir þeirra hönd, sagði, að þar þyrfti mikla aðgæzlu, og hygg ég, að flestir muni vera honum sammála í því, en æskilegt hefði verið, að hann hefði gert grein fyrir, hvernig hann teldi, að matið ætti að fara fram og hvaða reglum ætti að fylgja í því, og hefðu slíkar ábendingar verið vel þegnar. Varðandi það, sem hv. þm. minntist sérstaklega á í sambandi við matið, að taka yrði tillit til lögmætra afskrifta af skipunum, þá er ég hræddur um, ef farið væri eftir því, að þá færi svo í sumum tilfellum, að erfitt væri fyrir þau skip að njóta hlunnindanna, sem ætla í skuldaskil. Það væri því æskilegt, ef hv. þm. Ísaf. treysti sér til að leggja fram till. um ákveðnar reglur um matið. Nú varðandi 14. gr. l., um skipun stjórnar skuldaskilasjóðs, þá held ég, að það skipti ekki svo miklu máli, hvort það er eins og gert er ráð fyrir í frv., eða á einhvern annan veg. En ég skil, að hv. þm. Ísaf. þyki slæmt, ef Alþfl. á engan fulltrúa í stjórninni, en sá alþýðuflokksmaður, sem á setu í skilanefndinni, hefur unnið þar gott starf, og ég efa ekki, að hv. þm. Ísaf. mun vinna gott starf í stjórn skuldaskilasjóðs, ef hann verður þar sem fulltrúi L. Í. Ú. Um þetta atriði er ég sammála hæstv. atvmrh., að vel geti komið til greina að hafa fyrirkomulag á þessu á annan veg en gert er ráð fyrir í frv. En í l. um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda frá 1935, sem hv. þm. Ísaf. var 1. flm. að, þá eiga útgerðarmenn engan fulltrúa í stjórn skuldaskilasjóðsins. (**FJ:** L. Í. Ú. var þá víst ekki enn til orðið.) En það hefði víst samt sem áður verið hægt að koma því svo fyrir, að útgerðarmenn hefðu átt mann í stjórninni, en hún var skipuð bankastjóra Útvegsbankans og tveim mönnum tilnefndum af ríkisstj. En þar með er ekki sagt, að það eigi ekki fullan rétt á sér, að þessu sé nú svo skipað, að *samtök útvegsmanna eigi nú einn fulltrúa í stjórn* skuldaskilasjóðs, en ég tel slíkt ekki mikilvægt atriði.

ATKVGR.
Brtt. 347 teknar aftur.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., 13. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Þetta mál hefur verið rætt allmikið í Nd. og þegar legið um nokkurt skeið fyrir þinginu, og geri ég þess vegna ráð fyrir, að efni þess sé einnig þessari hv. deild kunnugt og tel þess vegna óþarft að fara um það mörgum orðum. Hins vegar tel ég rétt, vegna þess hve málið er stórt, að fara örfáum orðum um það. — Það er kunnara en frá þurfi að segja, hve bágur hagur útgerðarinnar hefur verið á undanförnum árum. Síðastliðin 6 ár hefur verið fullkomið aflaleysi á síldveiðunum, og hafa töp útgerðarmanna við þær veiðar orðið svo mikil, að ríkið hefur æ ofan í æ orðið að hlaupa undir bagga til að hindra algera stöðvun útvegsins. Einnig hefur orðið að setja lagaákvæði, sem veitt hafa útveginum gjaldfrest, svo að þeir, sem kröfur

hafa átt, hafa ekki getað gengið að skipunum eða því, sem í raun og veru var þeirra. Það hefur líka verið svo, að mönnum hefur ekki þótt við þetta atriði unandi, þ. e. þennan gjaldfrest útvegsins. Á s. l. hálfu öðru ári hafa tvisvar verið uppi hugleiðingar um að greiða fram úr þessu með einhverjum hætti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, miðar að þessu. Í því er gert ráð fyrir tvenns konar leiðum til skuldaskila. Í fyrsta lagi er hin svokallaða frjálsa leið skv. 1. gr. frv., og í öðru lagi þvinguð skuldaskil skv. II. kafla þess.

Meginefni frv. er að öðru leyti það, að ríkið gefur eftir þau lán, sem útvegurinn hefur fengið á undanförnum árum, kreppulán og aðstoðarlán, sem nú nema alls 18½ millj. kr., og auk þess er ákveðið, að tekið verði lán að upphæð 20 millj. kr. skv. 7. gr. frv.; það verður ýmist handbært fé, sem sjóðurinn þarf að hafa til umráða til að leysa nokkuð af þeim kröfum, sem menn eiga honum á hendur, og sumpart verður þetta lán í skuldabréfum, og er þessi upphæð ætluð til að greiða þeim mönnum, sem kröfur eiga á hendur útveginum, nokkuð af kröfum þeirra, eftir því sem nánar er ákveðið um í frv. og ekki er ástæða til að rekja hér, enda hafa áður verið sett lög svipuð þessum, árið 1935, um skuldaskil útvegsmanna, sem að meginefni eru svipuð eða mjög lík þessum lögum.

Í þriðja lagi er svo með frv. tryggt, að þeir, sem lent hafa í vanskilum út af stofnlánum eða vangoldnum afborgunum af stofnlánum, fái bætt greiðslukjör. Þessi vanskil nema 7,1 millj. kr., þegar með eru taldar afborganir, sem féllu í gjalddaga á þessu hausti. Það er ætlað að færa þessar afborganir til þannig, að þær lendi ofan á afborganir þeirra ára, sem eftir eru af hverju láni fyrir sig, með jöfnum þunga á hvert ár. Margir hafa óskað, að hægt væri að færa þessar afborganir alveg aftur fyrir og lengja þannig lánið að sama skapi. Það hefur samt ekki verið hægt að fara eftir þeirri ósk, en þessi lenging, sem hér kemur fram, ætti vonandi að nægja útveginum, og ekki er með neinni vissu hægt að staðhæfa, að ef þessi aðferð nægir ekki, þá mundi hin nægja.

Ég læt nú þessa mjög ófullkomnu skýrslu nægja um efni þessa frv. Eins og ég gat um áður, hefur það legið nokkuð fyrir þinginu og er því hv. deildarmönnum kunnugt, auk þess sem svipuð mál hafa verið til meðferðar á undanförnum þingum.

Mér finnst ástæða til að geta um það strax, að í Nd. gaf ég loforð um að beita mér fyrir 3 breyt. á þessu frv. eins og það liggur fyrir, og ég geri það í samráði við ríkisstj. og sjútvn. Nd. Efnislega eru þessar till. um það, að menn geti fengið þau fríðindi varðandi afborganir á stofnlánum, sem lögin ætla þeim útvegsmönnum, sem þau fjalla um, en það eru þeir, sem stundað hafa síldveiðar á árunum 1945—1950 fyrir Norðurlandi og notið hafa aðstoðarlána. En breytingin er um, að þeim mönnum, sem eru í vanskilum um stofnlán, en ekki hafa fengið aðstoðarlán, verði einnig veitt þau fríðindi, sem lögin ætla hinum, ef sjóðsstjórnin öll er sammála um, að það beri að gera. Þessu til skýringar vil ég aðeins bæta því við, að það er vitað um nokkra útvegsmenn, sem af eigin rammleik hafa brotizt gegnum örðugleika þessara ára að öðru leyti en því, að þeir hafa ekki reynzt þess megnugir að standa í skilum með aðstoðarlánin. Nú má segja, að það sé nokkuð harður kostur þeim til handa að neita þeim um þann gjaldfrest, sem hinum er ætlaður, eingöngu vegna þess, að þeir hafa hlíft ríkissjóði á undanförnum árum við að aðstoða þá. Það er ekki hægt að komast undan að viðurkenna, að þetta væri nokkuð hart aðgöngu fyrir þessa menn, og ég tel sjálfsagt að verða við þeirri ósk. Ég viðurkenni hins vegar, að við þurfum að athuga þetta atriði nokkru nánar, áður en við tökum ákvörðun um að flytja slíka brtt., vegna þess að við vorum hræddir um, að hún gæti dregið dilk á eftir sér, sem er þó ekki bein ástæða til að óttast, þ. e. að hún opni of viðar gáttir og væru þess vegna lagðar kvaðir á stofnlánadeild. Þetta er breyting á 3. gr. frv.

Önnur brtt., sem ég ætla að flytja við sömu gr., er um, að dráttarvextir verði látnir falla niður fyrir þann tíma, sem vanskilin ná yfir. Vextir af stofnlánum eru aðeins 2½%. Hins vegar mæla lögin svo fyrir, að dráttarvextir af vangoldnum afborgunum nemi 6%, og okkur í stjórninni þótti, að það væri nokkuð hart aðgöngu, að þessir menn, sem lent hafa í vanskilum vegna vangetu, og ríkisvaldið er að gera þessar víðtæku ráðstafanir þeim til framdráttar, verði að greiða 8½% í vexti af þessum vangoldnu lánum sínum, þó að það verði að viðurkenna, að ríkissjóður, sem ber ábyrgð á stofnlánadeild, tekur á sig nokkuð aukna ábyrgð með því að sleppa þessum vöxtum og skapa þannig e. t. v. hættulegt fordæmi. Þó urðum við sammála um, að þetta væri rétt. Um það mun ég þá flytja brtt. að fella niður dráttarvexti fram til gildistökudags laganna, en eftir það yrðu þeir 6% til að auka aðhaldið.

3. brtt., sem ég ætla að flytja, er um, að sjóðsstjórnina skuli skipa 5 menn, en ekki 4, eins og nú er mælt fyrir um. Þetta er gert til að verða við óskum Landssambands ísl. útvegsmanna, og þeim er ætlað að ráða vali þessa manns, sem við er bætt, en vali hinna 4 ráða: Landsbankinn og Útvegsbankinn sínum hvor og ríkisstjórnin 2. Þó að skv. lögum sé ætlazt til, að atvmrh. geri það, þá hefur okkur þótt rétt að það væru atvmrh. og fjmrh. saman, sem gerðu það.

Þetta er þá það, sem ég vil segja við þessa umræðu. Þessu frv. er meira ætlað að gera hreint fyrir dyrum en að það sé nokkur nýr formáli þessum bágstadda atvinnuvegi til framdráttar, um það verður að gera aðrar ráðstafanir, og held ég, að það væri æskilegt, að menn blönduðu því ekki við þetta mál, svo að það gæti fengið fljóta afgreiðslu. Ég hefði óskað eftir, að það gæti orðið afgr. áður en jólafrí væri gefið. — Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 337, n. 424, 380).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft þetta mál til meðferðar á einum

fundi. Vannst ekki tími til að hafa um það langa rannsókn, þar sem málið var nýkomið til n. Hefur það verið lengi í Nd., og hefur lítils háttar breyt. verið gerð á því þar. Enn fremur lá fyrir brtt. á þskj. 380 frá atvmrh., og mun henni ætlað að vissu leyti að vera til uppfyllingar nokkurs hluta óska fram kominna frá útvegsmönnum fyrir munn þeirrar samkomu, sem þeir hafa, Landssambands ísl. útvegsmanna. Nefndarmenn voru að vísu ásáttir um það, að þetta mál yrði fram að ganga, en nokkurra athugasemda gætti þó og þá sérstaklega varðandi þau atriði, er Landssamband ísl. útvegsmanna hafði gert aths. við. Samt sem áður tók n. ekki að sér sem heild að gera brtt. við frv., en allir nm. voru ásáttir um það, að ef brtt. kæmu fram, þá hefðu einstakir nm. rétt til að greiða atkv. svo sem þeim sýndist þrátt fyrir samþykki þeirra um að veita málinu gengi. Það, sem athugasemdir komu helzt fram við, var lánstíminn, neitunarvald einstakra stjórnarmeðlima skuldaskilasjóðs, sem fram kemur í brtt. hv. atvmrh., og svo gjaldeyrisgildi sjálfra skuldabréfanna, sem ætlazt er til, að nota megi til að borga með þær skuldir, sem um semst að greiða á þann veg. Í því frv. um þau skuldaskil, sem áttu sér stað 1945, þá voru skuldabréfin ekki aðeins gjaldmiðill í höndum útvegsmanna gegn kröfuhöfum þeirra, heldur nokkru rýmra.

Ég hef nú drepið á þær helztu aðfinnslur, sem komu fram, og ég hafði vænzt þess, að hæstv. atvmrh., sem þessi mál heyra undir, yrði hér viðstaddur og mætti þá e. t. v. svara, ef hann gæti gefið skýringu á vissum atriðum, sem nefndarmenn vildu við hann ræða. — Ég þarf í rauninni ekki að hafa þessi orð fleiri, það hefur þegar verið sagt frá því, að komið hafa fram brtt., og ég sé, að einn nefndarmanna hefur kvatt sér hljóðs nú þegar. En mér þætti það æskilegt, ef hæstv. atvmrh. gæti séð sér fært að vera hér viðstaddur þessa umr. í dag. (**GJ**: Hæstv. atvmrh. liggur veikur í dag.) Ég ætlaði að segja, að ef fært hefði verið, að hann væri viðstaddur þessa umr., þá hefði það verið æskilegt. Frv. þetta er gert til að létta undir með þeim útvegsmönnum, sem eru í kröggum, en til þess að sú aðstoð geti orðið sem mest, þá er vandinn, hvernig á þessum málum verður haldið í framtíðinni.

Forseti (BSt): Út af ummælum hv. frsm. sjútvn. vildi ég bera það undir hann, hvort ekki sé rétt að taka málið út af dagskrá nú. Og ef hæstv. ráðh. verður fríska á mánudaginn, að taka þá málið fyrir. Ég sé ekki, að málinu sé stefnt í neinn voða fyrir jól, þó að svo sé gert. En ég vildi hafa samráð við hann um þetta atriði.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Mér virðist af orðum forseta, að hér verði fundur á mánudaginn, og eins og hann tók réttilega fram, þá er málinu ekki stefnt í neinn voða með því. Þá hefur sjútvn. ekki til þess stofnað, að þörf sé að senda það aftur til Nd. Ég held, að það væri því ekki óheppilegt, að því væri frestað til mánudags, ef fundur verður þann dag. Mér hefur verið skýrt frá því, að hæstv. ráðh. hafi gefið yfirlýsingu í Nd., en orðalag hennar þekki ég ekki, og ég teldi það æskilegt fyrir afgreiðslu málsins, að sams konar yfirlýsing kæmi fram í þessari deild.

Forseti (BSt): Mér skilst, að svar hv. frsm. sé á þá leið, að hann hafi ekki á móti því, að málinu sé frestað. (**GJ**: Frestið málinu nokkra stund, ég ætla að reyna að ná í hæstv. atvmrh. í síma.)

Umræðum frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Þó að ég hafi, ásamt öðrum nm. í sjútvn., skrifað undir nál., þar sem lagt er til, að frv. verði samþ., þá vil ég taka það skýrt fram, að ég tel, að ekki felist í þessu frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 337, nein fullnægjandi aðstoð við bátaútveginn, sem frv. þó fjallar um. Eins og hv. þdm. er þegar kunnugt, þá fjallar þetta frv. aðeins um svokölluð skuldaskil bátaútvegsins. Það felur hins vegar ekki í sér neinar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegt er að gera til þess að tryggja það, að þessi þýðingarmikli atvinnuvegur okkar geti starfað á fjárhagslega heilbrigðum grundvelli áfram. En það er höfuðatriði þessa máls og það, sem útvegsmenn mundu miklu heldur hafa óskað eftir að tekið yrði til alvarlegrar meðferðar og ákvörðunar Alþ. heldur en skuldaskilin aðeins út af fyrir sig. Og ég hygg, að a. m. k. talsverðum hluta útvegsmanna séu alls ekkert viðfelldin ákvæðin um skuldaskilin út af fyrir sig, sízt af öllu hin löggþvinguðu skuldaskil, sem felast í II. kafla frv. Hæstv. atvmrh. viðurkenndi þetta að vísu í framsöguræðu sinni fyrir þessu frv. hér í þessari hv. d. og bað menn að blanda ekki þessu tvennu saman. Og ég verð að gera ráð fyrir, þó að ekki felist í þessu frv. nein ákvæði, sem lúta að þessu meginviðfangsefni, sem ég áðan nefndi, þá geti þessu þingi ekki orðið lokið svo, að það mál verði ekki tekið til meðferðar. Og gefst þá — þó að það verði ekki fyrr en eftir þinghlé — tækifæri til þess að ræða það mál frekar en nú verður tækifæri til. Að vísu er það skoðun mín, að full þörf hefði verið á því að draga það ekki fram yfir áramót. Því að ef vetrarvertíð, t. d. hér á Suðvesturlandi, á að hefjast á eðlilegum tíma, þá hefði áreiðanlega verið þörf á því, að þessi mál hefðu verið afgr. fyrir jólahléið, svo að útvegsmenn hefðu vitað, á hvaða grundvelli þeir kæmu til með að geta starfað, þegar sú vertíð ætti að hefjast. En ég skal samt sem áður ekki fara að ræða þá hlið málsins frekar, en vil aðeins leyfa mér að leggja hér fram brtt., sem við hv. 6. landsk. þm. og ég höfum komið okkur saman um að flytja við frv., eins og það nú liggur fyrir. Það hefur ekki unnizt tími til þess að prenta þessar brtt., og verður því að láta nægja að leggja þær fram skriflega. Ég var einmitt að skila þeim í prentun, þegar þessi fundur hófst, og ég komst á snoðir um, að þetta mál átti að taka fyrir hér, svo að ég afturkallaði þær og legg þær fyrir hér skriflega.

Þessar brtt., sem við flytjum hér við frv., eru í fyrsta lagi við 3. gr. þess, varðandi þann frest, sem á að gefa á afborgunum til Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóðs Íslands. Eins og frv.

liggur fyrir nú, þá er gert ráð fyrir því, að þeim afborgunum til þessara stofnana, sem nú eru í vanskilum hjá miklum fjölda smáútvegsmanna, verði dreift niður á þann tíma, sem eftir er af lánstímanum, þannig að afborganir og vextir þeirra ára, sem eftir eru, hækka hlutfallslega og jafnt fyrir hvert ár við það. Eins og fjárhag fjölda margra útgerðarmanna þessara vélbáta er nú háttað, eftir þau aflaleysisár, sem verið hafa á síldveiðunum undanfarið og leitt hafa til þess, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, að þessir menn hafa ekki getað staðið við skuldbindingar sínar með afborganir og vexti þessara lána, þannig að þetta hefur safnazt algerlega fyrir nú um þrjú ár, þá virðist mér það nokkurn veginn augljóst mál, að ekki verði nokkurt vit, viðkomandi þessum útvegsmönnum, að ætla þeim að bæta þessu á sig á næstu árum, a. m. k. ef ekki raknar mjög úr um árferði frá því sem verið hefur, og að þess vegna væri eðlilegt og að mínu áliti nauðsynlegt að stíga sporið lengra og lengja lánstímann um þau þrjú ár, sem hér er um að ræða. Ég held, að það ætti ekki að verða neitt ofvaxið lánsstofnunum þessum, sem þarna eiga hlut að máli, þó sú aðferð verði höfð á lánstímanum, að hann verði framlengdur um þessi þrjú ár. Ég geri ráð fyrir, þar sem fyrir þessum lánum eru yfirleitt veð og lánin yfirleitt alveg tryggð, þannig að lánsstofnanir fá þau aftur áður en lýkur, að það skipti þess vegna ekki máli fyrir þær, þó að þau dragist þessum þremur árum lengur, en hins vegar skiptir það miklu máli fyrir útvegsmenn, að þeir fái þennan frest, en þetta verði ekki lagt ofan á afborganir næstu ára, eins og frv. gerir ráð fyrir.

1. brtt., sem við leggjum fram, fjallar sem sagt um það, að lánstíminn verði framlengdur um þrjú ár í staðinn fyrir að jafna þessu niður á þau ár öll, sem eftir eru af lánstímanum.

Í öðru lagi flytjum við brtt. við 3. gr. frv., um að á eftir fyrri málsgr. hennar komi ný málsgr., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er stjórn skuldaskilasjóðs að ákveða, að greiðslufrestur samkv. 1. málsgr. þessarar greinar skuli einnig veittur þeim útgerðarmönnum, sem síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi 1945—1950 og hafa ekki fengið aðstoðarlán, enda telji sjóðsstjórnin þá eiga erfitt með greiðslu".

Hér er um það að ræða, að sá gjaldfrestur, sem gert er ráð fyrir í frv. og við flm. brtt. viljum hafa öðruvísi en frv. mælir fyrir um, verði látinn ná til þess, að sjóðsstjórninni sé heimilt að láta gjaldfrestinn einnig ná til þeirra útvegsmanna, sem barizt hafa áfram með sína útgerð og eru að vísu mjög aðþrengdir fjárhagslega, en hafa þó ekki orðið aðnjótandi þeirra aðstoðarlána, sem verulegur hluti útvegsmanna hefur þó fengið á undanförnum árum. Við framsögu málsins hér í hv. d. gat hæstv. atvmrh. þess, að hann vildi fallast á það og mundi flytja um það brtt., sem hann og hefur gert. 1. brtt. á þskj. 380 fjallar einmitt um þetta efni. Svo að því leyti erum við flm. þessarar brtt. sammála hæstv. atvmrh. um það, að greiðslufrestur verði einnig látinn ná til þessara manna. En munurinn á brtt. okkar annars vegar og brtt. hæstv. atvmrh. hins vegar er sá, að hæstv. ráðh. bindur þetta því skilyrði, að stjórn skuldaskilasjóðs sé öll sammála um það, að viðkomandi maður skuli fá þennan gjaldfrest, þó að hann hafi ekki notið aðstoðarláns. Nú er það svo, að samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að tveir af þeim mönnum, sem sæti koma til með að taka í stjórn skuldaskilasjóðs, verði tilnefndir af bönkum, annar af Landsbankanum og annar af Útvegsbankanum. Sem sagt, tveir af þessum stjórnarnefndarmönnum skuldaskilasjóðs eru fulltrúar aðalkröfuhafanna gagnvart útvegsmönnum. Og án þess að það þurfi að takast sem nokkur sérstök tortryggni í garð þessara lánsstofnana, þá er þó ekki hægt að verjast því, að hjá þessum fulltrúum, öðrum eða báðum, gæti komið fram einhver tilhneiging til þess að hindra það, að ákveðinn útvegsmaður, sem sækti um aðstoð, fengi þann gjaldfrest, sem þarna er um að ræða. Þá er ekki hægt að verjast því að athuga, að annar þessara fulltrúa eða báðir gætu hindrað, að útvegsmenn fengju gjaldfrest, og okkur sýnist engin ástæða til að gefa bönkunum slíkt neitunarvald í stjórn skuldaskilasjóðs, þar sem það gildir ekki um neinar aðrar ákvarðanir hennar, og því rétt, að hreinn meiri hluti gildi um það sem annað, en ekki að einn af fimm geti hindrað það, þó að hinir stjórnarmeðlimirnir mæli með því, að gjaldfrestur sé veittur. Munurinn á till. okkar og hæstv. ráðh. er því sá, að við viljum, að meiri hl. ráði, en hjá honum getur einn maður hindrað þetta.

Þá er í þriðja lagi brtt. við 5. gr., en hún fjallar um það, að skilyrði fyrir aðstoð samkv. I. kafla l. þessara sé, að birt verði í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna og ábyrgðarmanna aðstoðarbeiðanda um að lýsa kröfum á hendur honum fyrir stjórn skuldaskilasjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu auglýsingar, að viðlögðum kröfumissi. Við teljum að vísu sjálfsagt, að þetta standi sem meginregla og að stjórn skuldaskilasjóðs geti gert þetta til að tryggja, að kröfur komi ekki fram eftir á, en ákveðnar óskir hafa borizt frá samtökum útvegsmanna, m. a. frá fundi L. Í. Ú., og borizt erindi um, að þetta ákvæði verði ekki látið gilda undantekningarlaust, heldur sé stjórn skuldaskilasjóðs heimilt að fella niður þetta ákvæði, ef hún telur, að hún hafi fengið fullnaðarupplýsingar hjá hlutaðeigandi aðila, svo að telja megi víst, að ekki komi fram fleiri kröfur á hann. Við viljum því bæta nýrri mgr. svo hljóðandi við gr.: „Heimilt er þó stjórn skuldaskilasjóðs að veita undanþágu frá ákvæði þessarar greinar um auglýsingu, ef hún telur, að umsækjandi hafi gert fulla grein fyrir fjárhag sínum." Hér er því aðeins um heimild um undanþágu að ræða, ef stj. þykist örugg um, að hún hafi fengið nægilega glöggar uppl., en annars gildir ákvæðið um auglýsingu, en þetta opnar leið til að ekki þurfi að auglýsa, ef talið er fullvíst, að allar skuldir hafi verið taldar fram, og því er ekki auglýst sérstaklega í Lögbirtingablaði eftir kröfum, en það telja útvegsmenn að muni hafa áhrif í þá átt að rýra lánstraust þeirra og torvelda starf. Ég sé ekki, að nein hætta muni geta fylgt þessu ákvæði, því að stjórnin fer eflaust varlega í því að nota það. — Ég vil svo leggja fram þessar brtt. okkar hv. 6. landsk. Ég mun ekki ræða þær frekar, en vil undirstrika, að ég tel þörf fyllri og annarra aðgerða en hér liggja fyrir, en vænti um það frv. áður en þingi lýkur, og má þá ræða það, en ég vil hér með leyfa mér að leggja fram þessar skrifl. brtt.

Forseti (BSt): Mér hafa borizt hér 2 brtt. og er önnur í 2 liðum frá hv. 4. og 6. landsk. þm. Hv. þm. hafa þegar heyrt till. Þær eru of seint fram komnar og skriflegar og þarf því tvöfaldra afbrigða.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 429) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég get að mörgu leyti verið sammála hv 4. landsk. að því er snertir formála hans fyrir till. og almennar umr. um málið. Ég tel, að þetta frv. leysi ekki nema að örlitlum hluta vandamál útvegsins, en til þess er stefnt með frv. að leysa þennan litla hluta, og þegar farin er þessi leið, skuldaskilaleiðin, verður að fara eftir vissum formúlum og reglum. Ég er sammála í því, að vandamál útvegsins, sem aldrei hafa verið nálægt því eins mikil og þau eru nú, séu mjög stutt komin á þessu þingi hvað lausn áhrærir. Við höfum oft staðið í þessum sporum á jólaföstunni, að vita ekki fótum okkar forráð um það, hvernig koma ætti útgerðinni af stað. Þá hefur oft verið farin sú leið að láta ríkið ábyrgjast fiskverðið, og þá urðu þessi vandamál nátengd afgreiðslu fjárl., samningar við útvegsmenn, ríkisstj. og bankana, og allt þetta tafði afgreiðslu fjárl., og það var vitað, að slíkt var öllum um geð, og ríkisstjórnin hlaut ámæli fyrir slóðaskap, en með öllu því illa var það þó gott við þetta, að þegar á leiðarenda kom nokkru eftir áramót, var nokkuð fyrir því séð, að útvegurinn stöðvaðist ekki, og til þess, að það gæti skeð, tók maður við ónotum og brigzlyrðum frá mönnum og flokkum og þoldi slíkt af því, að maður vissi, að það þýddi lítið að afgreiða fjárl., ef útvegurinn gengi ekki á eðlilegan hátt. Nú er annar háttur á hafður og afgreidd fjárl. og skuldaskil, en höfuðmálið er enn óleyst, og bólar ekkert á lausn á því. Og hafa því erfiðleikarnir aldrei áður verið slíkir. Ég er því sammála inngangi hv. 4. landsk. að till. þeim, sem hann flutti ásamt hv. 6. landsk., og tek undir með honum í því, að fyrir áramót þyrfti að vera búið að ganga frá rekstrarvandamálum útvegsins eða þá að ganga að lausn þeirra með fullum krafti strax upp úr áramótum; að því verða allir flokkar að starfa og leggja sinn hlut að, að þau verði leyst á sem happasælastan hátt. Brtt. þær, sem hv. 4. landsk. mælti fyrir, eru ekki ósanngjarnar, en hann kom þó ekki með brtt. við það, sem mér finnst ósanngjarnast og ég felli mig verst við, en það er hve gjaldgildi skuldabréfanna er skorið við nögl, og hefði ég viljað, að hæstv. atvmrh. hefði getað verið hér til að upplýsa það atriði, svipað og hann gerði í Nd., en hann er nú sem stendur veikur. Ég talaði við hann og gat fengið að vita, hvaða yfirlýsingar hann gaf í Nd., sem voru þess valdandi, að brtt. um þetta atriði voru teknar þar til baka, þar sem hæstv. ráðh. lét ótvírætt í ljós, að hann teldi nær víst, að bankinn mundi athuga þetta með fullri velvild og taka bréfin upp í skuldir viðskiptavina sinna, sem yrðu að taka þau upp í skuldir, sem bátaútvegurinn stæði í við þá. Þetta vildi ég fá fram, þó að þetta sé auðvitað ekki bindandi eins og l., að gjaldgengissvið þessara bréfa væri fært út. Það er slæmt fyrir kröfuhafa að skera niður kröfur sínar um, ég veit ekki hvað mikið, og taka síðan við skuldabréfum, sem hafa jafntakmarkað gildi og er eftir orðalagi frv. Og ég tel það mjög mikilsvert, að þetta skyldi koma fram í Nd. Ég veit, að höfuðmótbáran gegn þessu er sú teoretiska hagfræðiástæða, að með því að hafa gjaldgengissviðið mjög rúmt sé verið að auka inflationina með slíkri bréfaútgáfu. Ég get því eftir ástæðum sætt mig við, að málið gangi svo fram, eftir að hafa fengið þessa yfirlýsingu frá hæstv. atvmrh. Brtt. hv. 4. og 6. landsk. eru ekki óréttlátar eða ósanngjarnar, en það virðist sem málið sé komið í svo fastar skorður, að litlar líkur séu til að fá fram fleiri brtt. en eru á þskj. 380. Og þó að óskir þær, sem eru að baki þessara brtt., séu fjarri því að vera ósanngjarnar, þá eru þær ekkert afgerðaratriði í málinu. Ég get því ekki mælt með, að deildin samþ. þær, þó að mér þyki það leitt, því að ég veit, að þær verða felldar í Nd., svo að ekkert er unnið við að samþ. þær hér nema að þveita málinu milli deilda. Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um málið. Þessi frv. um skuldaskil eru mikil deiluatriði og vafaatriði, svo að þess er ekki að vænta, að hver sé ánægður með hvern paragraf í þeim, og ég segi fyrir mig, að þó að ég greiði frv. þessu atkv., þá er það ekki vegna þess, að ég sjái í því neinn sérstakan lausnarstein fyrir útveginn, en ég viðurkenni, að það reyni að leysa hlut af vandamálum hans.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 429,1.a felld með 8:5 atkv.
— 429,1.b felld með 8:6 atkv.
Brtt. 380,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 429,2 felld með 7:6 atkv.
5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
6.—13. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 380,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
15.—35. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn, kaflaskipting og fyrirsagnir kafla samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 432).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 43. fundi í Nd., 18. des., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Þetta mál hefur tekið nokkrum breyt. í hv. Ed. í samræmi við þær yfirlýsingar, sem hæstv. atvmrh. hefur gefið hér í þessari hv. d.

Sú breyt. hefur verið gerð á frv., að stj. Skuldaskilasjóðs er heimilað að veita útgerðarmönnum greiðslufrest á ógreiddum afborgunum lána, þótt þeir fái ekki aðra aðstoð samkv. l. þessum. — Enn fremur hefur verið samþ. till. um það, að dráttarvextir af vangoldnum afborgunum af lánum skuli falla niður við gildistöku þessara l., en skuli frá þeim tíma reiknast ½% fyrir hvern mánuð. — Í þriðja lagi hefur verið gerð sú breyt., að gert er ráð fyrir því, að Landssamband ísl. útvegsmanna tilnefni einn mann í stj. Skuldaskilasjóðs, þannig að hún verði skipuð 5 mönnum.

Þrátt fyrir þetta verða nokkrir annmarkar á frv., og má þar helzt nefna, að skuldabréf sjóðsins hafa ákaflega þröngt gildi til greiðslu, eins og bent hefur verið á, og eru líkur til, að sum fyrirtæki, sem standa nærri útgerðinni, sérstaklega á smástöðum úti á landi, verði fyrir miklum búsifjum af l. og vafasamt nema þau geti valdið útgerðinni stórhnekki. Ég mun þó ekki flytja brtt. um þetta atriði, treystandi yfirlýsingum hæstv. atvmrh. um það, að hann muni hafa áhrif á, að sala bréfanna verði nokkuð viðtækari en gert er ráð fyrir í frv.

Í sambandi við brtt., sem ég flutti ásamt hv. 2. landsk. þm. við umr. í þessari hv. d., en tók aftur, mun ég leggja fram skrifl. brtt. um, að lánstíminn varðandi skipakaup lengist um 3 ár, svo sem upphaflega var ákveðið í frv., þegar það var sent Landssambandi ísl. útvegsmanna til umsagnar. Ég legg mikla áherzlu á, að þessi till. verði samþ., því að ég hygg, að því verði ekki mótmælt, að það sé ákaflega varasamt og vafasamt að gera ráð fyrir því, að útgerðarmenn geti greitt afborganir af lánum sínum á mun styttri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir. Ég get ekki skilið, hvað fyrir þeim vakir, sem hafa gert breyt. á þessu, frá því sem upphaflega var lagt til af hæstv. atvmrh. að gengi fram í þessu máli, því að það er ljóst þeim, sem eitthvað eru þessum málum kunnugir, að óvarlegt er að gera ráð fyrir slíkri hækkun.

Ég mun þess vegna leyfa mér að leggja hér fram skrifl. brtt. við 3. gr., um að í stað orðanna: „samanlagðar upphæðir gjaldfallinna afborgana deilist með jöfnum árlegum upphæðum á þau ár, sem eftir eru af lánstímanum“ komi: lánstíminn lengist um 3 ár.

Það var talað um það hér í þessari hv. deild, en hefur ekki verið tekið upp í hv. Ed., að rétt mundi vera að veita stj. skuldaskilasjóðs heimild til að veita undanþágu um auglýsingu, ef hún teldi, að umsækjandi hefði gert fulla grein fyrir fjárhag sínum. Með þessu væri það lagt á vald skuldaskilasjóðsstj., en í henni er ráðgert að eigi sæti trúnaðarmenn frá banka og ríkisstj., og verður það því ekki talið óvarlegt, þótt þetta ákvæði sé ekki í lögunum.

Ég hef nokkuð minnzt á þessar till. áður í umr., og þarf ég því ekki að fjölyrða um þær, en vænti þess fastlega, að þær verði teknar til greina. Að vísu má segja, að þessi síðari till. hafi ekki neina fjárhagslega þýðingu fyrir framkvæmd málsins, en mér er kunnugt um, að það eru þó nokkrir menn, sem leggja áherzlu á að fá hana samþ. — Um fyrri till. vil ég aðeins segja það, að ég álít, ef hv. Alþ. lætur þetta mál fara frá sér eins og það kom frá hv. Ed., að það sé ákaflega mikil hætta á því, að það gagn, sem annars gæti orðið af skuldaskilasjóðsl., verði miklu minna en ella væri og jafnvel stefnt að því að gera þau tilgangslaus með því að setja þessi ákvæði inn í l., sem nú eru í frv.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 446) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Það er ekki ástæða til að fjölyrða um frv. sjálft, enda er það komið á lokastig afgreiðslu. Ég ætla að leyfa mér að bera hér fram till. um brb.ákvæði aftan við 35. gr. frv., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórninni heimilast að taka að láni fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 6000000, er varið skal til greiðslu sjóveðskrafna sjómanna frá sumarsíldveiðum 1950, og skal því hraðað svo, að unnt verði að greiða kröfurnar fyrir jól“. Þeir sjómenn skipta nú hundruðum, sem ekki hafa fengið greidd laun sín frá síldveiðunum í sumar, sem að sjálfsögðu er til stórkostlegs baga fyrir þessa menn, en þar bætist svo ofan á, að flestir þeirra eiga enn inni hjá útgerðarmönnum allmikið af kaupi sínu frá síldveiðunum sumarið 1949, auk þess sem margir eiga líka sjóveðskröfur inni hjá útgerðarfyrirtækjum eftir þorskvertíðina í vetur og haust. Hv. þm. vita, að þau l. gilda, að sjómenn eru einir allra launþega hindraðir frá að geta krafið atvinnurekendur um að standa þeim skil á kaupi, og ég býst við, að ekkert verkalýðsfélag hafi sýnt annað eins langlundargeð í þessum efnum og samtök sjómanna, og þess vegna ætti þeim mun frekar að leggja þá skyldu á herðar Alþ. og hæstv. ríkisstj. að bæta hér úr og gera ráðstafanir til þess, að sjómönnum verði nú greidd laun sín fyrir jólin. Það er vitað, að þessar sjóveðskröfur eiga að greiðast með framkvæmd þessara l., sem hér eru til umr., en búast má við, að þeim greiðslum verði ekki lokið fyrr en einhvern tíma á næsta ári. En ég tel það ákaflega þýðingarmikið, að sjómenn fái þessar greiðslur fyrir jólin, til þess að þær komi að gagni, því að flestir þeirra, sem eiga þessar kröfur, eru ákaflega illa settir fjárhagslega.

Nú um síðustu helgi var það auglýst með miklum krafti í útvarpi og blöðum, að stj. hlutatryggingasjóðs mundi borga út sjóveðskröfur, og var nánar tiltekinn sá staður, þar sem útgerðarmenn áttu að taka þessa peninga. Sjómenn almennt héldu, að þarna væri um sjóveðskröfur þeirra að ræða, og þegar þeir hópuðust á þennan stað svo hundruðum skipti, komust þeir að raun um, að svo var ekki, og var auglýsingin þá byggð á misskilningi eða var a. m. k. svona óheppilega orðuð. Þessi vonbrigði sjómanna hafa vakið geysimikla gremju meðal þeirra, þar sem þeir eru í svo miklum fjárhagsvandræðum, einmitt nú fyrir jólin, af því að þeir hafa ekki fengið kaup sitt greitt, og ég held því, að það væri vel til fallið, að hæstv. ríkisstj. og Alþ. gerði nú ráðstafanir til þess, áður en það frestar störfum sínum fyrir jólin, að sjómenn fái greiddar sínar sjóveðskröfur, og það verður að

taka fullt tillit til þess, hvernig ástatt er hjá þeim og þeir hafa verið leiknir, þessir menn, sem vinna þýðingarmestu störfin í þjóðfélaginu. Það eru að verða svo mikil brögð að því, að sjómenn fái ekki kaup sitt greitt, að margir, sem helzt ekki vilja vinna annað en stunda sjó, hafa neyðzt til að leggja þessa atvinnu niður, af því að þeir hafa staðið uppi allslausir vertíð eftir vertíð og hafa ekkert til að leggja fyrir sig og sína til lífsviðurværis.

Ég vænti þess, að þetta mál mæti skilningi hv. Alþ. og till. mín verði samþ., þannig að sjómenn fái greiddar sjóveðskröfur sínar nú fyrir jólin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 441) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Í Ed. hafa verið gerðar nokkrar breyt. við frv., og hafa þær borizt í tal hér í deildinni.

Breyt. eru við 3. og 14. gr. frv. Við 3. gr. hafa verið gerðar 2 breyt. Önnur um það, að heimilt sé stjórn skuldaskilasjóðsins að veita sumum útgerðarmönnum greiðslufrest, hinum ívilnun á greiðslu dráttarvaxta. — Breyt. við 14. gr. er um skipan stjórnar bátaskilasjóðsins.

Sjútvn. hefur ekki haft tækifæri til þess að athuga þessar breyt. á fundi, og ég geri varla ráð fyrir, að þetta frv. komi fyrir n. aftur. Hins vegar held ég mér sé óhætt að fullyrða, að n. sjái ekki ástæðu til að hafa á móti þeim breyt., sem hv. Ed. hefur gert á frv.

Við þessa umr. hafa komið fram brtt. við frv. eins og það kom frá Ed. frá hv. þm. Ísaf. og hv. þm. Siglf. — Frá hv. þm. Ísaf. eru tvær brtt., önnur varðandi greiðslufrest á vangoldnum afborgunum stofnlánanna, þar sem gert er ráð fyrir, að lánstími stofnlánanna sé lengdur, í öðru lagi að ekki sé skylt að láta innköllun fara fram til þess að fá aðstoðarlán samkv. 1. kafla laganna. — Hv. þm. Siglf. leggur til, að bætt verði við frv. bráðabirgðaákvæði, sem heimili ríkisstj. að taka allt að 6 millj. kr. lán innanlands til innlausnar sjóveðskröfum vegna vangoldins hluta sjómanna. Nú er það svo, að mjög skammt er til þess að fundum þingsins verði frestað, hins vegar er mjög mikil nauðsyn þess, að mál þetta fái afgreiðslu áður, svo æskilegt er, að málið verði ekki fyrir óþarfa töfum.

Hæstv. atvmrh. er ekki viðstaddur þessar umr., mér er tjáð, að hann sé veikur, og getur því ekki rætt þessar till. Hins vegar er mér kunnugt um, að hæstv. ráðh. hefur, eftir að þetta mál kom fyrst fram, tekið það til nýrrar athugunar, og mér er óhætt að segja, að hann hafi borið fram í Ed. þær breyt., sem hann taldi óhætt að flytja. Þess vegna vildi ég mælast til þess, að till. þessar verði ekki samþ., án þess að ég leggi dóm á þær að öðru leyti, því mjög er nauðsynlegt, að þetta mál fái nú að lokum afgreiðslu. Ég sé mér því ekki annað fært en að mælast til þess, að þessar till. verði ekki samþ., því hugsanlegt væri, að niðurstaðan af því yrði, að málið fengi þá ekki afgreiðslu fyrir nýár, sem væri til muna bagalegt. Hins vegar er till. um heimild til lántöku raunar sérstakt mál, sem vel mætti bera fram sérstaklega.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. eru sammála um, að nauðsynlegt sé, að þetta mál fái afgreiðslu áður en þingi er frestað. Hins vegar er hitt fullvíst, að enda þótt brtt. mínar verði samþ., þá er engin hætta á, að málið verði ekki afgr. af þeim sökum.

Ég veit, að innan sjútvn. Ed. er til mikið fylgi fyrir þessum till., sennilega meiri hl. En það er svo með þetta mál, að það er eins og þingvilji megi ekki ráða þar um og lauma þurfi því gegnum þingið móti vilja þorra þm. Ég tel þessa afgreiðslu mjög óviðurkvæmilega og tel, að þingvilji eigi að ráða þar um, eins og um önnur mál, en ekki vilji einhverra utanþingsmanna. — Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka rök þau, sem ég flutti fyrir brtt. mínum, en ég vara hv. þm. við að afgreiða frv. eins og það nú liggur fyrir, því með því er gagni þess stefnt í mjög mikla tvísýnu. — Út af till. hv. þm. Siglf. vil ég geta þess, að auglýsing, sem birt var fyrir skömmu, hefur valdið mönnum miklum vonbrigðum. Það var ítrekað í útvarpi tvisvar sinnum, að nú skyldi greiða útvegsmönnum ⅓ af ríkisstyrknum úr hlutatryggingarsjóði, en skilyrði til þess, að þessi greiðsla færi fram, væri, að þetta væri látið ganga til greiðslu upp í hlutatryggingu sjómanna. Þegar menn koma svo í stórhópum til þess að taka hlutatrygginguna, þá fá menn það svar, að þetta eigi að ganga upp í þau lán, sem tekin voru í sumar til þess að greiða síldarsjómönnum, til þess að koma í veg fyrir, að þeir hættu í byrjun ágústs. Alþingi hefur meinað síldarsjómönnum einum allra sjómanna, og raunar einum allra launþega, að innheimta sitt kaup með málssókn, án þess að Alþingi geri nokkrar ráðstafanir til þess, að þeir geti innheimt kaup sitt á annan hátt. Það hefur verið svo, að sjómenn hafa ekki yfirleitt afhent þessar kröfur málaflutningsmönnum til innheimtu, í von um einhverja úrlausn á þessu nú um áramótin. En þegar sjómenn sjá, að engir tilburðir eru til, að þetta verði gert, er hætt við, að þeir fái málaflutningsmönnum þessar kröfur til innheimtu, og það mun hækka kröfurnar um 10—15% a. m. k.

Nú mun það vera svo, að ekki er afráðið, hvort sjóveðskröfurnar greiðist gegnum skuldaskil bátaútvegsins eða hvort eigi að láta hlutatryggingarsjóð taka lán til greiðslu á kröfunum. — Það, sem stendur á, er, að ríkisstj. ákveði, hvort það er hlutatryggingasjóður, sem inna á þessa greiðslu af hendi, eða hvort þetta á að koma í gegnum skuldaskilin. Þetta virðist nú ekki skipta neinu meginmáli, þar sem það verður alltaf einn og sami aðilinn, sem útgjöldin skella á í bili. Ég sakna þess mjög, að hæstv. atvmrh. er ekki viðstaddur þessar umr., og þykir leitt að heyra, að hann sé veikur, en ég vildi spyrja hv. frsm., sem mun vera í stjórn sjóðsins, hvort ekki sé búið að taka neina ákvörðun um þetta mál. Það er mjög aðkallandi, að eitthvað sé gert í þessu máli vegna þeirra vandræða, sem menn eru í. Nú verður að reyna að láta hendur standa fram úr ermum og gera eitthvað í þessu máli fyrir jól.

Ég hef heyrt, að Alþýðusambandið muni ætla að stöðva þau skip, sem eru með sjóveðskröfur, og er það ekki ótrúlegt, jafnvel þótt fyrr hefði verið horfið að því ráði.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Ísaf., að ekki er undarlegt, að verkalýðssamtökin segi stopp, þegar ein atvinnustétt er lögð í einelti á svo fruntalegan hátt sem hér er gert. Það hefur verið viðurkennd regla frá ómunatíð, að trygging manna fyrir kaupi væri sjóveð eða landveð. Hér eru sjómenn sviptir þessum forgangsrétti og kröfur þeirra jafnréttháar hvaða kröfum öðrum. Sá forgangsréttur, sem þeir eiga kröfu á, er í rauninni afnuminn, eða a. m. k. frestað um óákveðinn tíma, og er nú liðið á 3. ár síðan þessi samþykkt um sjóveðskröfurnar var gerð, þannig að skip með yfir tveggja ára gömul sjóveð eru í fullum gangi og gömlu sjóveðskröfurnar búnar að missa sinn forgangsrétt fyrir yngri kröfum, og sum skip eru þannig á vegi stödd, að engar líkur eru til, að sjómenn geti leyst þau undan yngri kröfunum, svo þeir geti gengið að þeim með sínar kröfur, þó þeir fengju leyfi til þess, svo full líkindi eru til, að sjómenn verði algerlega sviptir þessu kaupi, ofan á það, að þeim er meinað að varðveita sinn rétt.

Ég er viss um, að svona framferði er alveg einstætt fyrirbæri, og sjómenn hafa sýnt alveg sérstakt langlundargeð að þola þetta hátt á 3. ár, og ég er alveg viss um, að engin stétt önnur hefði gert það. Og þá skeður það, að það er eins og verið sé að hæða þá. Það er auglýst, að nú eigi að borga þeim, en þegar þeir koma til að sækja sitt kaup, þá er þeim sagt, að þetta sé misskilningur, — þið eigið enn þá að fá að bíða kannske 1—1½ ár, — og þeir sitja slyppir uppi með fjölskyldur sínar í svelti yfir jólin.

Og svo er ekki einu sinni svo, að nokkur vilji taka þessar kröfur sem greiðslu. Tollyfirvöldin, sjálfur fulltrúi hins opinbera, vilja ekki líta við þeim, og sama er að segja um bæjarfélög, svo maður tali nú ekki um aðra aðila. Þeir segjast ekkert vita, hvenær þetta verði peningar. Þetta finnst mér eitthvert ljótasta bragð, sem Alþingi hefur leikið nokkra stétt hér á landi, enda má ekki lengur svo búið standa. Eins og hv. þm. Ísaf. tók fram, er ekki ákveðið enn þá, hvernig þessar greiðslur fari fram, en hitt er ákveðið og óhjákvæmilegt, að þessar sjóveðskröfur verði greiddar. Það er nauðsynlegt, að þetta mál fái úrlausn strax, hitt er aðeins formsatriði, hvernig greiðslurnar fara fram. Það er kannske ekki nauðsynlegt, að fullnaðargreiðsla fari fram, heldur hitt, að eitthvað ákveðið verði greitt núna fyrir jólin.

Hv. þm. N-Þ. taldi þetta ekki koma því máli við, sem hér væri til umræðu. Hvaða máli kemur þetta þá eiginlega við, ef það kemur ekki við þessum skuldaskilum bátaútvegsins? Ég fæ ekki séð, hvernig menn geti horft framan í þessa stétt, eftir að búið er að svipta hana möguleikanum á að knýja fram kröfur sínar á kaupgreiðslu, ekki sízt eftir það háðulega gabb, sem hún hefur orðið fyrir nú fyrir skemmstu, ef enn þá einu sinni á að bregðast henni og smeygja fram af sér að taka ákvarðanir um þetta mál. Sómi þingsins liggur við, að þessar ákvarðanir séu teknar myndarlega og rösklega. Málið liggur mjög einfalt fyrir. Allar kröfurnar eru komnar fram og öll skip búin að sækja um aðstoðarlán. Það þarf ekki annað en hefja greiðslurnar. Ég treysti Alþingi til að afgreiða þetta mál þannig, að sómi sé að, og það er sannarlega ekki ofætlun af hv. þm., þó þeir fresti jólafríi sínu um einn sólarhring til þess að rétta hlut þessara manna, sem hafa beðið þess í hátt á 3. ár. Það hefur engin tregða komið fram um að afgr. þetta mál, þvert á móti eru allir hv. þm. sammála um, að nauðsynlegt sé að afgreiða það strax. Það er engin hætta á, að það fáist ekki afgr., þó þessi till. mín komi til umr., og ekki nema rétt og viðeigandi, að við frestum jólaleyfi um einn sólarhring, ef nauðsynlegt yrði til þess að ljúka afgreiðslu þess. Ég treysti því, að þetta mál hljóti þær undirtektir, sem það á skilið, hér í þessari hv. þingdeild, svo sjómenn fái einhverja úrlausn í uppbót á það gráa gabb, sem þeir hafa orðið fyrir.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal ekki hafa um þetta mörg orð, en það er ekki rétt, sem hv. þm. Siglf. sagði, að ég hefði sagt, að till. hans kæmi því máli, sem hér er til umr., ekkert við. Annars býst ég ekki við, að hv. þm. Siglf. eða aðrir hér í hv. d. hafi uppgötvað það í dag, hvernig hefur verið ástatt um hag sjómanna á skipunum. Það hefur sem sagt verið þannig ástatt undanfarið — það má segja í heilt ár, því að það er of mikið sagt, að það sé á þriðja ár (**ÁkJ:** Nei, það er áreiðanlega ekki of mikið sagt), — um tíma, að það hefur ekki verið hægt að ganga að þeim skipum, hvorki fyrir sjóveðskröfum né öðrum kröfum, sem sótt hafa um aðstoð til skilanefndar. Að öðrum skipum hefur að sjálfsögðu verið hægt að ganga með l., og lengst af hefur það ekki verið nema helmingur skipanna, sem hefur sótt um þessa aðstoð, en seinni partinn í sumar og í haust hefur þessum aðstoðarbeiðnum mjög fjölgað. Þetta er auðvitað mjög slæmt ástand, sem stafar af erfiðleikum þessarar útgerðar, sem þarna á í hlut. Ekki af því sérstaklega, að Alþ. hafi sett lög um það, að síldveiðisjómenn yfirleitt mættu ekki ganga að sínum sjóveðskröfum, heldur er þetta vegna þess, að viss hluti af útgerðinni hefur verið þannig staddur, að af þeim orsökum hefur þetta farið svona. Það er gert ráð fyrir sérstakri aðstoð handa þessum útgerðarmönnum, og meðan verið var að ákveða um þá aðstoð, þá var fylgt þessari reglu, að ekki mætti ganga að þeim skipum, sem sótt hafði verið um aðstoð fyrir. Það gilda engin sérákvæði um sjómenn, heldur gilda sömu reglur t. d. um lánsstofnanir, að þær megi ekki ganga að skipunum vegna vangoldinna afborgana, og sama gildir um alla kröfuhafa, að þeir hafa ekki getað gengið að þessum skipum, sem sótt hefur verið um aðstoð fyrir, en að öðrum síldarútvegsmönnum hefur verið hægt að ganga, bæði fyrir sjóveðskröfum og öðrum kröfum. En þetta er nóg vöntun fyrir það og erfitt fyrir þá sjómenn, sem þarna hafa átt hlut að máli. Svona hefur þetta verið og af því skapazt vandræðaástand í útgerðinni. Það er dálítið vafasamt að kenna Alþ. eða ríkisstj. um þetta, því að í raun og veru hefur Alþ. og ríkisstj. gert töluvert til þess að leysa þetta mál. Veturinn 1948—49 voru rúmlega 6 millj. kr. veittar til þess að innleysa áfallin sjóveð frá vertíðinni 1948. Þetta var gert þannig, að sjóveðum var að minnsta kosti að miklu leyti létt af síldveiðiflotanum þann vetur, 1948—49. — Ég nefni aðeins þetta eina dæmi, vegna þess að það er ekki alls kostar eðlilegt, þegar um þetta er rætt, að reyna að láta líta svo út sem

Alþ. hafi í rauninni ekkert annað gert í þessu máli en skapa síldveiðisjómönnum erfiðleika, því að Alþ. hefur náttúrlega jafnhliða gert töluvert til þess að greiða úr erfiðleikum þeirra, þó að það hafi í sjálfu sér verið of lítið. Til viðbótar þessum 6 millj. var svo varið 1½ millj. til innlausnar á sjóveðum s. l. ár, frá síldarvertíðinni 1949, og var það allt of lítið til þess, að hægt væri að innleysa þau sjóveð að fullu, en hjálpaði þó nokkuð.

Já, hv. þm. Ísaf. (FJ) minntist hér á stjórn skuldaskilasjóðs. Það er nú ekki búið að skipa hana enn þá, því að l. hafa nú ekki verið sett, og um það, hvernig eigi að leysa sjóveðsmálið, get ég ekki gefið neinar upplýsingar, en hef gengið út frá því, að ef það verður ekki leyst á annan hátt, yrði það að gerast í sambandi við skuldaskilin og reynt yrði að sjá skuldaskilasjóði fyrir einhverjum peningum til þess að annast að minnsta kosti að einhverju leyti útborganir á slíkum kröfum.

Í sambandi við það, hvort fyrir liggi skýrslur um sjóveðin, eins og hv. þm. Ísaf. talaði um, þá er mér nær að halda, að svo sé ekki. Það liggja ekki fyrir skýrslur um sjóveðin, sem séu aðgengilegar á mjög skömmum tíma; þessum skýrslum hefur aldrei verið safnað að þessu sinni. Að vísu auglýsti skilanefnd á sínum tíma eftir lista yfir kröfur á hendur útgerðarmönnum, sem sótt höfðu um aðstoð, og þá hafa þessar kröfur að sjálfsögðu komið inn ásamt öðrum kröfum. Þó er ég hræddur um, að þar sé nokkur vöntun, þó að fresturinn sé liðinn, og gæti ég trúað, að eitthvað vantaði af sjóveðskröfum. Þar að auki er þess að gæta, að kröfunum er þannig lýst, að það er ekki gott að átta sig á því í skjótri svipan, hvaða kröfur eru vegna manna frá síðustu síldarvertíð. En hins vegar get ég vel trúað því, að þessar kröfulýsingar séu helztu gögnin, sem til eru um þetta frá síðasta sumri, en aðeins varðandi þá útvegsmenn, sem aðstoðarlán hafa fengið.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Því miður er hæstv. atvmrh. ekki hér við, af ástæðum, sem greindar hafa verið, en ég held, að mér sé óhætt að fullyrða það, að hæstv. ráðh. hafi tekið, eins og ég sagði áður, þetta mál til rækilegrar athugunar, eftir að það var afgr. hér frá d., og að þær till., sem hann bar fram í Ed., hafi verið niðurstaðan af þeirri athugun og þá raunar hans afstaða í málinu. Ég óttast, ef farið væri nú að samþ. nýjar brtt. í þessari hv. d., að þá mundi það tefja málið. Þess vegna teldi ég mjög æskilegt, að það væri ekki gert, án þess að ég ræði efni þeirra að öðru leyti. Framkvæmd þessara skuldaskilamála er tvímælalaust nokkuð undir því komin, að ríkisstj. eða stjórn skuldaskilasjóðs takist að afla nauðsynlegs fjár til þessara hluta, og það verður náttúrlega að sýna sig, hvernig það gengur, en löggjöfin er lítils virði, ef ekki tekst að afla þess nauðsynlega fjár, sem afla þarf. — Ég skal svo ekki hafa þetta lengra, en held að það væri réttast, með tilliti til þeirra, sem eiga að njóta góðs af samþykkt frv., að samþ. það eins og það nú liggur fyrir.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Ég gerði við 3. umr. málsins grein fyrir afstöðu minni til tveggja brtt., sem hv. þm. Ísaf. flytur nú. Ég lýsti því þá yfir, að ég gæti ekki fylgt þeim og hvers vegna. Mér hafði skilizt á hv. þm., að hann mundi ekki flytja aðrar brtt. við þessa umr., en honum hefur snúizt hugur.

Varðandi brtt. á þskj. 441, þá tel ég í fyrsta lagi, að ríkisstj. hafi þá heimild, er þar um ræðir, en hygg hins vegar, að ríkisstj. verði ekki auðið að taka það lán fyrir þann tíma, sem till. hv. þm. gerir ráð fyrir. Ég mun því greiða atkv. gegn þeirri brtt. — Að öðru leyti hef ég þegar gert grein fyrir afstöðu minni til frv. og brtt., sem fyrir liggja, og sé ekki ástæðu til að bæta þar við.

Áki Jakobsson: Út af því, sem hv. þm. N-Þ. sagði, vil ég vekja athygli á því, að fyrsta heimild sjómanna til þess að gera aðför til að fullnægja sínum sjóveðum eru l. gefin út 31. des. 1948, og þá verkuðu þau aftur fyrir sig á allar sjóveðskröfur, sem ekki var búið að borga, og hver útgerðarmaður, sem sendi bréf, þar sem hann bað um aðstoð til skuldaskila, var kominn undir frestunarákvæði l., og þar með eru komin, eins og ég tók fram, hjá sumum útgerðarmönnum 3 ár, sem þeir ekki borguðu sínar kröfur. Hins vegar er það rétt hjá hv. þm., að veturinn 1948—1949 var samþ. að greiða úr ríkissjóði til þess að leysa inn sjóveð, og það voru leyst inn flest sjóveð frá sumarsíldveiðunum 1948, þó voru eftir einstaka skip með sjóveð frá þeim árum, enn fremur eru þau til hjá nokkrum skipum; mér er kunnugt um 2 skip, sem eiga eftir sjóveð frá vetrarvertíðinni 1948, þannig að það er rétt, sem ég hef haldið fram, að það er á þriðja ár, það sem lengst er, og þarna er sá annmarki á, að skipin fá þannig að halda áfram og geta hlaðið á sig nýjum og nýjum sjóveðum, og ný sjóveð hafa forgang fyrir þeim eldri.

Ég álít því, að við svo búið megi ekki standa. Alþ. hefur að vísu ekki sett almenn l. um, að sjómenn megi ekki ganga að skipunum, en Alþ. hefur gefið útgerðarmönnum heimild til þess að skjóta sér undan því, að gerð sé að þeim aðför til þess að fullnægja þessum sjóveðum, og gefið þeim þannig tækfæri til þess að valsa með skipin áfram, þannig að þeir geta hlaðið á þau nýjum og nýjum sjóveðum og þannig sett sjómenn í tvísýnu um það að fá nokkuð greitt. Ég veit um eitt skip, M/b Ernu, sem nú er að koma úr utanlandssiglingum, sem er með sjóveð mikið á annað hundrað þús. krónur, og þeir, sem eiga elztu sjóveðin, eru í fullkominni óvissu um það, hvort þeir geta gert gildan sinn rétt, þó upphafin yrðu einhvern tíma þessi ákvæði með framkvæmd skuldaskilanna, að skuldaskilum yrði lokið. Þetta er það, sem sjómenn hafa orðið að búa við, þeir eru í óvissu um þær sjóveðskröfur, sem þarna eru elztar orðnar, í óvissu um, hvenær þetta verður borgað. Það kemur mér ekkert undarlega fyrir, þó að hæstv. ráðh. vilji ekki hafa þetta, en ég vil benda á, að það er komið svo langt í þessu máli, að það er útilokað annað en að um þessi áramót taki verkalýðssamtökin til sinna ráða og beiti verkbanni á þau skip, sem sigla með sjóveð, og neiti að sleppa þeim úr höfn, ef þau ekki leysa af sér greiðslur til sjómanna. Þetta er alveg einstakt fyrirbrigði, að svipta þannig heila atvinnustétt þeim lagalega

rétti til þess að tryggja sér kaup, og það sérstaklega vegna þess, að þessar kröfur eru annars eðlis en aðrar kröfur, að ekki er í nein önnur hús að venda.

Ég tel, að Alþ. mundi leysa af sér málið, ef það samþ. þetta, og það eru engir þeir annmarkar á þessu máli, að ekki sé hægt að greiða þessi sjóveð á svo skömmum tíma. Til bráðabirgða er hægt að leysa þetta út af ríkissjóði, og þess vegna eru engin rök fyrir því að draga þetta. Því, sem hv. þm. N-Þ. sagði um, að það væri vandasamt að finna út, hverjar sjóveðskröfurnar eru, hef ég ekki trú á, vegna þess að búið er gagnvart öllum þessum skipum, sem eiga sjóveð ógreidd, að birta kröfulýsingarfrest að viðlögðum kröfuréttarmissi, og ég hef ekki trú á öðru en að sjóveðskröfurnar séu flestar komnar fram vegna þessarar auglýsingar og hljóti að liggja fyrir hjá skuldaskilanefnd. Það er mjög einfalt að reikna þetta út, vegna þess að útgerðarmenn eiga að vera búnir að skila yfirliti um fjárhag sinn, og í því yfirliti eiga sjóveðin að koma fram. Þess vegna er mjög einfalt mál að framkvæma þetta, og það væri þinginu til sóma að reka þannig af sér ámæli, sem sjómenn réttilega hafa haft það fyrir, og það gerði það með því að samþ. þessa till., sem ég hef lagt hér fram. — Ég vil svo að lokum undirstrika, að þetta er réttlætismál, og ég býst við, að það sé ekki of mikið sagt, þó að sagt sé, að Alþ. og ríkisvaldið hafi aldrei beitt nokkra atvinnustétt í landinu annarri eins óbilgirni og sjómenn eru beittir í þessu máli.

Finnur Jónsson: Það er rétt hjá hæstv. atvmrh., að ég hef ekki lagt sérstaka áherzlu á seinni brtt., sem ég hef lagt hér fram og verið beðinn að flytja hér af mönnum, sem telja rétt, að hún komi undir atkv. Alþ. Um fyrri till. vil ég láta þess getið, að ég tel, að hún muni ráða bót á ákvæði, sem annars mun gera skuldaskilin miklu ólíklegri til þess að koma að notum. Ég teldi það ákaflega misráðið af Alþ. að afgr. vitandi vits l., sem eru þess eðlis, að þau sennilega ná ekki tilgangi sínum.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Út af því, sem hv. þm. Siglf. sagði hér áðan, vil ég segja þetta: Sjóveðin frá síldarvertíðinni 1948 voru innleyst með sérstökum ráðstöfunum, sem voru gerðar, og þess vegna hefur sú vernd, sem hér um ræðir, ekki náð til eldri síldarsjóveða en frá 1949. Þó geta verið til eldri sjóveð en frá 1949, bæði frá vetrarvertíð og síldarvertíð, en það, að slík sjóveð eru til, er ekki vegna þessarar verndar, heldur af því, að ekki var gerð gangskör að því að innheimta þau á sínum tíma, og þess vegna hefur sú greiðsla dregizt.

Út af hinni skriflegu brtt. hv. þm. Siglf. á þskj. 441, þar sem lagt er til, að ríkisstj. heimilist að taka 6 millj. kr. lán til að greiða sjóveðskröfur og skuli því hraðað svo, að unnt sé að greiða kröfurnar fyrir jól, vil ég segja þetta: Það er ekki nema tæp vika til jóla, og sannleikurinn er sá í þessu máli, að það liggja engar skýrslur fyrir um þessi sjóveð, hve mikil þau eru, og þess vegna veit ég ekki, hvers vegna hv. þm. tilnefnir þessa upphæð, 6 millj., frekar en einhverja aðra. Ef málið hefði verið afgr. á þann hátt, þá sýndist eðlilegra, að fyrst hefði verið borin fram á Alþ. till. um, að rannsókn færi fram í þessu máli, þannig að það lægju fyrir einhverjar skýrslur um það, hversu mikilli upphæð sjóveðskröfurnar næmu. Þá var eitthvað til að byggja á slíkar kröfur, en þann grundvöll vantar. — Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég hygg, að þær kröfulýsingar, sem hafa verið sendar skilanefnd, séu ekki þannig úr garði gerðar, að hægt sé að gera úr þeim skýrslur, sem ábyggilegar séu, um sjóveð frá s. l. sumri. Það er svo, að í þessum kröfulýsingum er blandað saman ýmsum skuldum, og geta oft blandazt saman aðrar kröfur við sjóveðskröfur, þannig að erfitt sé að finna þær út af fyrir sig á mjög skömmum tíma, þannig að þessi gögn, sem till. á þskj. 441 hefði þurft að byggjast á, eru ekki fyrir hendi.

ATKVGR.
Brtt. 446,1 felld með 18:8 atkv.
— 446,2 felld með 19:10 atkv.
— 441 felld með 20:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SG, StJSt, ÁkJ, ÁS, EOl, EmJ, FJ, GÞG, JÁ.
nei: ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, ÁB, BÁ, BÓ, EystJ, GG, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JR, JörB, SB.
ÁÁ greiddi ekki atkv.
5 þm. (LJós, GTh, HÁ, JóhH, KS) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Gísli Guðmundsson: Það hefur ekki farið fram athugun á því, hve hárri upphæð sjóveðskröfurnar frá s. l. sumri nema, en ég tel, að hún sé nauðsynlegur grundvöllur fyrir samþykkt slíkrar till. sem þessarar. Af þeirri ástæðu segi ég nei.

Frv. samþ. með 28:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 448).

59. Almannatryggingar (breyt. á l. nr. 50 1946).

Á 19. fundi í Sþ., 29. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau [121. mál] (þmfrv., A. 238).

Á 29. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Þetta frv. er flutt eftir ósk hæstv. félmrh., en borið fram af heilbr.- og félmn. d. Einstakir nm. hafa óbundnar hendur um einstök atriði frv. og einnig um að bera fram brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég tel rétt, að ég láti fylgja þessu frv. örfá orð, þótt ég fari ekki á þessu stigi að ræða það neitt í einstökum atriðum. Er eðlilegra, að það

bíði 2. umr., þegar sú n., sem boðaði frv. og hefur flutt það, hefur fjallað um það og gert við það sínar aths.

Frv. þetta er seint fram komið, og er það að nokkru leyti sök ráðun., að hafa ekki komið því fyrr fram, en nú um sinn hefur það beðið, af því að hv. 4. þm. Reykv. (HG), sem er aðalforstjóri almannatryggingarnna, hefur ekki verið hér á landi, en mér fannst eðlilegra, og varð það að samkomulagi við hann, að frv. kæmi fram í þeirri d., sem hann á sæti í, og sömuleiðis að hann væri viðstaddur, þegar það yrði tekið hér til meðferðar.

Frv. þetta er í fyrstu samið af tryggingaráði samkv. ósk þáv. félmrh. Frv. lá fyrir Alþ. í fyrra, og núv. ríkisstj., þegar hún tók við völdum seint á því þ., tók þá ákvörðun að leggja til við Alþ., að frv. færi ekki fram að því sinni, af þeirri ástæðu, að í frv. voru allmiklar till. um auknar tryggingar og þá um leið till. um aukin framlög frá ríki, bæjarfélögum og einstaklingum til þess að vega upp á móti þeim að nokkru leyti.

Ég lýsti því yfir á þ., að frv. þetta yrði tekið til meðferðar og athugunar, áður en Alþ. kæmi næst saman, og mundi þá lagt fram á einn eða annan hátt. Nú hefur ríkisstj. haft málið til meðferðar, og hún hefur orðið ásátt um það að leggja til, að frv. yrði lagt fram í þeirri mynd, sem það hefur nú. Það er að ýmsu leyti mjög breytt frá því, sem það lá fyrir í fyrra. Í fyrsta lagi eru felld niður ákvæðin um auknar tryggingar og þá um leið ákvæði til hækkunar útgjalda fyrir Tryggingastofnunina.

Þetta er annað meginatriðið, sem hér er um að ræða, að það var af þessum ástæðum, að ríkisstj. þorði ekki að mæla með samþykkt frv., að hún óttaðist, að það mundi koma á daginn, að erfitt yrði, bæði fyrir ríkið og bæjarfélög og einstaklinga einnig, að standa undir auknum byrðum í sambandi við almannatryggingarnar, — þó að allir séu á einu máli um, að tryggingarnar út af fyrir sig, á þeim grundvelli, sem þær hér hafa verið, séu ágætur hlutur og að sjálfsagt sé að efla þær, eftir því sem unnt er. En þó er það þannig, að maður verður að sníða sér stakk eftir vexti. Og ástandið er þannig nú í fjárhagsmálunum, ekki aðeins ríkisins, heldur og ekki síður ýmissa bæjarfélaga, að það sýnist vera komið alveg að þeim takmörkum, sem hægt er að fara að til að veita fé til ýmissa nauðsynlegra hluta, og þá ekki síður almannatryggingarnna heldur en annars. T. d. hefur mjög borið á því, hve miklir erfiðleikar eru á að innheimta gjöld frá sveitarfélögum til tryggingarnna, og er það að verða alvarlegt áhyggjuefni, hvernig með það verði farið. Það þarf ekki að lýsa því, að á yfirstandandi ári hafa komið fram mjög margháttaðir erfiðleikar í atvinnu- og fjárhagsmálum okkar, sem ekki var gert ráð fyrir í fyrra, þegar þingi sleit þá. Ég get bent á í því sambandi, hvernig síldarvertíðin brást fyrir Norðurlandi, svo að hún hefur aldrei brugðizt eins. Og ég get bent í þessu sambandi líka á togarastöðvunina í sumar, sem hafði gífurlega alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir atvinnulíf og fjárhagsástandið yfirleitt með þjóðinni. Í þriðja lagi má benda á, að ýmislegt hefur það komið fram varðandi sölu á ýmsum afurðum, sem hefur orðið erfiðara viðfangs fyrir okkur en gert var ráð fyrir í fyrra, þegar gengisbreyt. var gerð og þær ráðstafanir aðrar, sem áttu að verða til þess að létta fyrir atvinnu- og fjármálalífi þjóðarinnar. — Allt þetta hefur orðið til þess, að þegar farið var að athuga þetta mál, sem hér er til umr., í þingbyrjun, þá virtist sízt glæsilegra en á síðasta þingi að gera till. um auknar tryggingar, sem hefðu í för með sér aukin útgjöld fyrir ríki, bæjarfélög og einstaklinga. Og það er af þessum almennu ástæðum, sem ég hér hef nefnt, sem út úr þessu frv. hafa verið felld þau ákvæði, sem veita verulega auknar tryggingar, en þá um leið hafa aukin útgjöld í för með sér fyrir ríki og aðra aðila, sem að almannatryggingunum standa.

Ég skal taka fram, að mig persónulega tekur mjög sárt að vera á móti vissum hlutum, sem hér er lagt til, að felldir séu niður, og svo mun vera fyrir ríkisstj. allri. Og það er aðeins það, sem við teljum brýna nauðsyn, sem gerir það að verkum, að við getum ekki annað en lagt til, að svo verði gert. Og kem ég að því síðar, þegar ég minnist á það, sem ríkisstj. leggur til, að sé heildarframlag ríkissjóðs til tryggingarnna á þessu ári.

Greiðslur frá tryggingunum til þeirra, sem bætur fá frá þeim á einn eða annan hátt, eru nú miðaðar við það, að greidd er sama uppbót, eða 15%, eins og greitt er á laun starfsmanna ríkisins. Á fjárl. síðasta árs voru veittar til almannatryggingarnna sjálfra úr ríkissjóði 17,3 millj. kr. Það er lagt til í því frv., sem hér liggur fyrir nú, í 24. gr., sem ákveður iðgjöldin til tryggingasjóðs, að framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr. l. sé nálega það sama og í fyrra, eða 17,4 millj. kr., og að heildarupphæð framlaga sveitarfélaga sé sömuleiðis eins og verið hefur. Og þá gildir það eins — það liggur í augum uppi —, að hafi fjárlög í fyrra verið miðuð við að greiða ekki vísitöluálag, heldur miðuð við grunnvísitöluna hundrað eins og nú er reiknað með, eða þrjú hundruð, eins og var áður, þá vantar nú hér í þetta, sem lagt er til, að greidd sé vísitöluhækkun, sem hefur orðið og greidd hefur verið að undanförnu. Og ríkisstj. leggur til, að þetta sé gert, ekki af því, að ætlazt sé til, að klipið sé af þeim réttindum, sem þeir tryggðu eiga að fá, heldur af því, að ríkisstj. lítur svo á, að tryggingasjóðir almannatryggingarnna séu svo miklir, að það megi leggja á þá næsta ár að greiða þetta, án þess að framlag til tryggingarnna á fjárl. sé hærra. — Ég veit, að forstjóri tryggingarnna, hv. 4. þm. Reykv., mælir á móti þessu, og hefur hann ekki verið myrkur í máli við mig um það, að hann telji þetta ekki fært. Ekki þó út af fyrir sig af því, að talin sé hætta á því, að tryggingasjóðirnir geti ekki staðið undir þessu þetta eina ár, heldur af því, að með þessu sé gengið á nauðsynlega tryggingasjóði, sem eigi að vera fyrir almannatryggingunum, og það megi ekki gera. Ég get þess, bæði fyrir mig persónulega og ríkisstj. í heild, að hún gerir þetta ekki með glöðu geði og hefði mjög gjarnan viljað geta lagt fram svo mikið fé úr ríkissjóði, að ekki þyrfti að ganga á þessa tryggingasjóði, sem safnazt hafa á undanförnum árum. Hitt er það, sem mun koma fram hér á Alþ., þegar fjárl. verða rædd við 2. umr., sem mun verða nú á næstunni, hve miklir erfiðleikar eru á afgreiðslu fjárl., þannig að viðhlítandi sé. Og það er eitt af því nauðsynlega, sem ekki má nú bregðast, að

Alþ. afgr. greiðsluhallalaus fjárl. Það verður að takast. Þar sem þannig er ekki lagt fram úr ríkissjóði samkv. þessu frv. nú fullt framlag, sem almannatryggingarnar þurfa að hafa, til þess að geta greitt sömu bætur sem þær hafa gert áður, þá hefur heldur ekki þótt fært, að sveitarfélögin greiddu hærra. Þess vegna er ætlazt til þess, að tryggingasjóðir almannatrygginganna taki þann halla á sig, sem verður af því, að sveitarfélögin greiða ekki nema einfalt framlag á móti ríkissjóði eins og áður. Ég gat þess, að erfitt væri með innheimtu frá sveitarfélögunum, og er það næg skýring á því, að ekki er unnt að gera kröfu til þess, að þeim hlutföllum verði raskað milli ríkissjóðs og sveitarfélaganna í þessu efni, sem áður hefur verið. Hins vegar er hér lagt til í þessu frv., að einstaklingar verði látnir greiða 15% hækkun eða sem svarar 15 vísitölustigum í viðbót við það, sem áður hefur verið. Ég veit, að þetta getur verið mikið deiluatriði. En bæði er það, að mér virðist það ekki sjálfsagt, þó að þessi hlutföll hafi verið fundin einu sinni milli sveitarfélaga, ríkissjóðs og einstaklinga, að það megi ekki rifta því hlutfalli og hreyfa þetta til að einhverju leyti, og það er einnig skoðun mín, að það sé rétt að láta einstaklingana bera þessa hækkun, sem hér er um að ræða, sem svarar til þeirra auknu fríðinda, sem þeir hafa fengið með 15% uppbótinni á launin. En tryggingasjóðirnir verða í raun og veru að skoðast sem sameign ríkisins og sveitarfélaganna, sem búið sé að leggja til hliðar áður af samanspöruðu fé, sem hægt sé að grípa til í erfiðleikum eins og þeim, sem nú eru í þessum málum. En ég tek fram sem mína skoðun í þessu máli, að þó ég leggi til sem félmrh. nú, að þetta sé gert að þessu sinni, þá er fjarri mér að vilja, að gengið sé svo nærri sjóðum tryggginganna, að þeim sé veruleg hætta búin. Og þetta verður ekki hægt að gera nema einu sinni. Það verður að taka til annarra úrræða á næsta ári til þess að fá það fram, sem viðhlítandi er hvað þetta snertir. Það má að vísu búast við, að sá halli, sem tryggingarnar bíða, ef frv. er afgr. í því formi, sem það er nú, nemi allmörgum millj. kr., kannske sex til sjö millj. kr. eða eitthvað nálægt því, og er það vitanlega verulegt upphæð. En þess ber að gæta, að sjóðir tryggginganna eru á okkar mælikvarða, jafnvel í okkar útþynntu krónum, orðnir tiltölulega mjög miklir. Og má segja, að þar séu tvær samverkandi orsakir til, það, að ríkissjóður hefur lagt tiltölulega mikið til þeirra og að það hefur verið góður búmaður, sem með þetta hefur farið, sem er forstjóri tryggginganna. Og hann og þeir, sem með honum ráða, hafa safnað verulegum birgðum í sínar kornhlöður. Og það er vel, að svo hefur verið gert. En ég álít það ekki vafamál, að Alþ. geti notað það fé, sem sparað er þarna saman, þegar harðast er hjá ríkissjóði, eins og hér er gert ráð fyrir. — Þetta vil ég taka fram almennt um þessi mál.

Ég tók fram áðan, að ég mundi ekki á þessu stigi málsins ræða neitt hér einstakar gr. frv. Frv. þetta er í meginatriðum óbreytt frv., sem tryggingaráð afgr. í fyrstunni. Þ. e. a. s. í þessu frv. eru þær gr. þess, sem ráðuneytið og ríkisstj. hafa fallizt á, að nú ættu fram að ganga. Eru þar ýmis atriði, sem komið hefur fram við starfrækslu almannatrygginganna, sem þykir betur fara, og er nokkuð breytt til með tilliti til þess. Og ástæða hefur þótt í smávægilegum atriðum að fella nokkuð niður úr frv.

Ég veit, að hv. heilbr.- og félmn. muni taka þetta frv. nú til meðferðar fyrir 2. umr. málsins. Náttúrlega er ástæðulaust að vísa því beinlínis til n., þar sem hún hefur orðið við beiðni minni um að flytja það. Veit ég, að fram muni koma ýmsar brtt. við frv., a. m. k. frá einstökum mönnum í n. Og að sjálfsögðu er ég til viðtals við n. um hvaða atriði frv. sem er, eftir því sem hún kynni að óska eftir.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að taka fram í sambandi við grg. þá, sem flutt er af nefndarm. hálfu, að ég hef alveg óbundnar hendur um frv., eins og hæstv. félmrh. tók fram. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þá hugulsemi, sem hann hefur sýnt mér, með því að láta ekki taka málið til umr. hér í hv. d., meðan ég var í burtu, og kann ég það vel að meta, úr því að ekki var hægt að koma því lengra áleiðis áður en ég fór. En að sjálfsögðu verður hægt að afgr. málið fyrir áramót samt sem áður, og það er líka nauðsynlegt, vegna þess að ýmis ákvæði í þessum efnum falla úr gildi um áramót, sem þarf að endurnýja með frv. þessu.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég og ýmsir fleiri væru óánægðir með þetta frv., bæði vegna þess, sem í það vantaði, og líka vegna ýmissa ákvæða, sem í því eru, og er þetta ekki ofmælt. Ég skal lýsa yfir, hvað vantar í þetta frv., frá því er það var samþ. næstum samhljóða þessu á síðasta þingi. Í fyrsta lagi má segja, að felldir hafi verið úr því frv., sem þá var hér til meðferðar, allir þeir viðaukar og viðbætur, sem gert var ráð fyrir, að gerð væru á tryggingal., eins og þau eru nú, sem nokkuð kostuðu, eins og hæstv. ráðh. tók fram. Í fyrsta lagi að taka upp sérstaka bótaflokka, svo sem mæðralaun til einstæðra kvenna, sem hafa fyrir börnum fleirum en einu að sjá. Í öðru lagi sú heimild, sem gert var ráð fyrir í frv. til þess að greiða nokkra viðbót til manna, sem ekki eiga tilkall til eftirlauna af opinberu fé. Og enn fremur var gert ráð fyrir í fyrra frv., að heimildin samkv. 17. gr. væri nokkru víðtækari.

Þetta voru helztu fjárútlátin, sem voru í frv. eins og það var í fyrra, og þau hafa verið felld niður með öllu. Og mér þykir það miður, sérstaklega að því er snertir mæðralaunin, því að ég hygg ekki ofmælt, að það hafi verið nokkurn veginn einhugur hér í hv. d. um, að það ákvæði væri alveg óhjákvæmilegt, að bæta þá gloppu í l., sem þyrfti að fylla, til þess að ekki yrði of áberandi misræmi á milli manna, sem tryggingarnar veita fríðindi. Ekkert af þessu er tekið inn í frv., af því, að því er hæstv. ráðh. segir, að fjárhagurinn hjá ríkinu sé slíkur, að hann megi ekki við því að bæta þessum gjöldum á. Í sambandi við það þykir mér rétt að vekja athygli á því, að samkv. grg., sem fylgdi frv. í fyrra og enginn hefur borið brigður á, þá var gert ráð fyrir, að að óbreyttum ástæðum um tekjur Tryggingastofnunarinnar þyrfti ekki að auka neitt við tekjur hennar, til þess að hún gæti tekið á sig þessi útgjöld, sem ég nefndi. Það þótti líklegt, að að óbreyttum tekjustofnum tryggginganna þyrfti ekki að sjá fyrir neinu nýju

fé til tryggingganna til þess að mæta þessum útgjöldum.

En það eru ekki aðeins atriðin, sem vantar í frv., sem veldur því, að ég er óánægður með það, heldur er ég líka óánægður með það vegna ákvæða, sem í því standa. Ég vík þá fyrst að 5. gr., sem ákveður, hvað lífeyririnn skuli vera og aðrar bætur, sem þar greinir. Samkv. þessari gr. er gert ráð fyrir, að lífeyrisgreiðslur verði nákvæmlega þær sömu að grunntölu eins og gert hefur verið ráð fyrir á þessu ári, þ. e. a. s. 4080,00 til einstaklinga á I. verðlagssvæði og tilsvarandi á II. verðlagssvæði. Nú er það öllum hv. þm. kunnugt, að sú hækkun, sem gerð var á eftirlaunum samkv. ákvörðun síðasta Alþ., hún nemur 15% á grunngreiðslunum. Og á lífeyri til einstaklinga er greidd sambærileg hækkun. Lífeyrir einstaklinga á I. verðlagssvæði var 3600 kr. á ári. Ef þeir, sem fá greiddan þennan lífeyri, ættu að njóta sömu hækkunar eins og eftirlaunamenn og þeir, sem eru á 18. gr. fjárl., þá ætti ekki að hækka þessa tölu, 3600 kr., í 4080 kr., heldur í 4140, eða um 15% af 3600 kr. Þetta hefur hæstv. ríkisstjórn ekki þótt fært, heldur hefur verið haldið sér við tilviljunartölu, eftir ákvæðum, sem sett voru með þál., og hæstv. ríkisstjórn hefur lagt til, að þessi hækkun verði 13,3%, eða að 1,7% vanti á þá hækkun, sem eftirlaunamenn hafa fengið. Hér munar 60 kr. á ári fyrir einstakling og munar 5 til 6 þús. kr. á ári fyrir Tryggingastofnunina, hvor talan er tekin. Mér finnst ekki nokkur sanngirni mæla með því, að lægri grunnhækkun sé greidd á þann lífeyri, sem er greiddur af almannatryggingunum, heldur en sá lífeyrir er, sem ellilaunasjóðir og lífeyrissjóðir aðrir greiða. Segja má, að þetta skipti ekki mjög miklu máli, og það játa ég. En það, sem er breyt. hér, er mjög til hins verri vegar og alger ósanngirni og að mér finnst gersamlega án nokkurs tilefnis.

Þá eru enn önnur ákvæði, sem hér eru inni í þessu frv., sem einnig eru til verulegra spjalla frá því, sem nú er. Samkv. 24. gr. frv. á að ákveða iðgjöldin og framlögin til ársloka 1954 eins og þar segir, þ. e. a. s. iðgjöld kvæntra karla á I. verðlagssvæði kr. 450, og þá eiga þau að hækka úr 390 kr. í 450 kr., eða rétt um 15%. Að mér skilst, á þetta að standa óbreytt, og hver sem dýrtíðin verður, eiga iðgjöldin eftir frv. að vera þetta, og önnur persónuiðgjöld samkv. 24. gr. hækka samkv. ákvæðum gr. um nál. 15% — ekki samkv. vísitölu á hverjum tíma, heldur á að taka þessa ákvörðun tölulega í eitt skipti fyrir öll. Hins vegar eiga iðgjöld atvinnurekenda að hækka úr kr. 4,65 í kr. 4,80 á viku á I. verðlagssvæði og úr kr. 3,50 í kr. 3,60 á viku á II. verðlagssvæði, eða um tæp 3%. — Heildarupphæð framlags sveitarfélaganna er óbreytt og framlag ríkissjóðs sömuleiðis. M. ö. o., hinir tryggðu, einstaklingarnir, sem greiða til tryggingganna, eiga að taka á sig hækkun á iðgjöldunum, sem nemur sem næst 15% frá því, sem nú er, en aðrir aðilar, sem leggja fram fé til tryggingganna, eiga ekki að greiða iðgjöldin með neinni hækkun, eða svo að segja, þó atvinnurekendur eigi að greiða um 3% hækkun. — Nú er þess að gæta í þessu sambandi, að iðgjöld sjúkrasamlaga hafa á þessu yfirstandandi ári hækkað stórkostlega, hér í Reykjavík úr 15 í 20 kr. á mánuði, eða sem svarar 120 kr. fyrir hjón, þ. e. a. s. um tvöfalt á við það, sem gert er ráð fyrir hér, að tryggingagjaldið hækki. Og sé þessi hækkun öll talin saman, bæði á iðgjöldum til almannatryggingganna og sjúkrasamlags, þá er gert ráð fyrir, að iðgjöld hjóna hér í Reykjavík, að óbreyttum sjúkrasamlagsgjöldum, sem nú eru — sem varla er hægt að gera ráð fyrir að haldist óbreytt — hækki um 180 kr. og iðgjöld hækki nokkuð tilsvarandi fyrir aðra. Hins vegar eiga framlög sveitarfélaga og ríkisins að haldast óbreytt og einstaklinga svo að segja óbreytt. — Í 25. gr. frv. segir, að það skuli greiða vísitöluuppbót á bæturnar í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar, en þó aldrei hærri uppbót en sem nemur 15% hækkun. Nú er vitað, að vísitala framfærslukostnaðar er þegar komin yfir 20%, ég ætla, að hún sé 22%, eftir síðustu mánaðarvísitölu. Hér er því ekki um raunverulega hækkun bótanna að ræða, heldur beina lækkun, ef litið er til þess, hvert verðgildi peninganna er. 115 kr., sem greiddar verða eftir þessari gr., þær eru a. m. k. 7 til 8% rýrari til nota heldur en 100 kr. áður voru, og tilsvarandi lækkun hefur því orðið á greiðslunni, að meðtalinni vísitöluuppbótinni, fyrir það fólk, sem á að njóta greiðslnanna. M. ö. o., samtímis því, að hækkuð eru álögin á gjaldendurna, þá eru bæturnar skertar mjög tilfinnanlega frá því, sem nú er. Ég verð að segja, að mig undrar ekki mikið, þó hæstv. ríkisstj. byggist við því, að ég og fleiri yrðum óánægðir með þetta frv. Ég lét mér þó varla detta í hug, að svo langt yrði gengið sem raun sýnir, að það yrði ákveðið að hækka iðgjöldin á einstaklingunum, án þess að nokkur hækkun, sem teljandi sé, sé gerð á iðgjöldum annarra aðila, og samtímis yrði bannað að greiða fulla verðlagsuppbót á bæturnar.

Á þessu ári hefur verið greidd full verðlagsuppbót; en á næsta ári verður það svo, að bótaþegar tryggingganna fá skarðan hlut, og þeim má ekki greiða hærri uppbót en 15%, enda þótt full uppbót sé greidd á laun samkv. vísitölu. — Nú mætti ætla, að hæstv. ríkisstjórn væri svo umhugað um fjárráð tryggingasjóðs, að hún fari af þeim sökum þessa leið. Það er rétt, að bersýnilega verður halli á starfsemi tryggingganna á þessu og næsta ári. Tekjur stofnunarinnar eru svo til óbreyttar frá því 1947, en hins vegar hafa útgjöldin vaxið, sumpart vegna breytinga á lögunum og vegna uppbótargreiðslna, sem teknar voru í lög á s. l. ári. Að meðaltali nema þessar grunnuppbætur 7½% í 8 mánuði á þessu ári, og þær eru greiddar án þess að nokkrar tekjur hafi komið á móti. Ég geri þannig ráð fyrir, að halli á rekstri Tryggingastofnunarinnar nemi um 2—3 millj. króna á þessu ári. Út af fyrir sig er nú ekkert við þessu að segja; stofnunin hefur safnað sjóðum, og til þess er ætlazt, að henni sé þannig fært að mæta sveiflum, sem nýjar aðstæður kunna að skapa. En verði nú frv. þetta að lögum og ekki komi til önnur teljandi hækkun á tekjum stofnunarinnar á næsta ári en 15% hækkun á tryggingargjöldunum, þá ber að athuga, að iðgjöldin nema aðeins ⅓ af tekjum stofnunarinnar. Þannig mun því vanta á milli 6—7 millj. króna til þess að Tryggingastofnunin geti mætt hinum auknu byrðum, og samanlagður halli á þessum tveimur árum yrði aldrei undir 10 millj. króna. — Enda þótt nú séu í tryggingasjóði

um 17 millj. króna, þá hefur aldrei verið gert ráð fyrir, að þessi sjóður yrði notaður til þess að ávísa þangað um greiðslur á lögboðnum útgjöldum, heldur á hann að geta mætt ófyrirsjáanlegum sveiflum, sem alltaf geta komið fyrir á verðlagi o. s. frv. Á síðasta þingi var það t. d. ætlun fjmrh. að láta Tryggingastofnunina endurgreiða ríkissjóði 12 millj. króna úr sjóðnum. Alþingi lét þá álit sitt á þessu skýrt í ljós og skar svo úr, að Tryggingastofnunin skyldi halda sínum tekjuafgangi. Nú er fitjað upp á því sama, og á að gera fjárhagsafkomu stofnunarinnar svo þrönga, að hún éti upp að miklu leyti á 2 árum það, sem hún hefur safnað í sjóði. Í því sambandi má benda á, að með gengislækkuninni voru þessir sjóðir stórkostlega rýrðir að verðgildi miðað við núverandi vísitölu, eða nálega um ¼ hluta. Ef þeir eiga svo líka að lækka að krónutölu, þá er sýnilegt, hvert stefnir. En verði frv. þetta óbreytt að lögum, þá er það í stuttu máli þessi stefna, sem þar með er upp tekin: Í fyrsta lagi verður felld niður aukning á tryggingum. Í öðru lagi verður dregið úr bótum. Í þriðja lagi verður veruleg hækkun á iðgjöldum einstaklinga án þess að tilsvarandi hækkun komi frá sveitarfélögum og ríkissjóði. Og þessu til viðbótar kemur svo það, að gengið skal svo á sjóði Tryggingastofnunarinnar, að þeir verða þess ómegnugir að mæta sveiflum, sem alltaf verða, þegar illa árar.

Hæstv. ráðh. tók það fram, og fyrir þau ummæli vil ég þakka honum, að honum væri ljóst, að ekki mætti ganga þannig á sjóðina nema einu sinni, og yrði að mæta hallanum öðruvísi í framtíðinni. Mér er nú óhætt að segja hæstv. ráðh. það, að það verður hvorki auðveldara fyrir hann né mig að leiðrétta misræmið í rekstri tryggginganna á næsta ári heldur en nú. Tryggingastofnunin hefur í vörzlum sínum bréf frá ráðh., þar sem fyrir hana er lagt, að hún skuli í fyrsta lagi greiða fullar bætur eftir vísitölu á þessu ári, og í öðru lagi á næsta ári, en miða þá við 115 stig. Þetta er eðlilegt, þar sem ég hygg, að er gengislækkunin var samþ., þá hafi engum komið til hugar, úr því ákveðið var að greiða verðlagsuppbót á laun, að þá yrði hún ekki einnig greidd á bætur tryggginganna. Til þessa var ætlazt og út frá því gengið, eins og bréf ráðh. sýnir. Samkv. tillögum, sem Tryggingastofnunin gerði til hæstv. ráðh. og fjvn., þá taldi hún, að gjöld ríkissjóðs, sveitarfélaga og einstaklinga til tryggginganna þyrftu að hækka um 15% til þess að stofnunin gæti tekið það á sig að greiða verðlagsuppbót á bæturnar. Þessu verður ekki auðveldara að breyta á næsta þingi en nú er. Ef frv. væri breytt að tillögum tryggingaráðs, þá ættu þessi gjöld að hækka úr 17,3 í 19½—20 millj. kr. Og þessi hæstv. ríkisstjórn hefur velt þyngra hlassi í fjármálum en því að finna tekjur til að mæta þessari 2—3 millj. kr. aukningu á framlaginu. Ég fullyrði það líka, að ef viljinn er aðeins fyrir hendi hjá hæstv. ríkisstj., þá finnur hún nægar leiðir til að jafna þessi met. Og verði það gert og ríkisstj. hækki sitt framlag um 15%, þá verður að telja eðlilegt, að gjald sveitarfélaganna og atvinnurekenda verði einnig hækkað um sama hundraðshluta. Hvað snertir hlutföll þau, sem gilda um framlög þessara aðila, þá hygg ég, að engar till. hafi komið fram um önnur sanngjarnari; en eins og kunnugt er, þá er þeim svo háttað, að ríkissjóður greiðir ⅓ af tekjum Tryggingastofnunarinnar, sveitarfélögin ⅙, hinir tryggðu ⅓ og atvinnurekendur ⅙. Með þeim breytingum, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., yrðu gjöld hinna tryggðu ein hækkuð um 15%, atvinnurekenda aðeins um 3%, en ríkissjóði og sveitarfélögum sleppt með öllu við að taka þátt í að mæta hinum aukna kostnaði, en sjóðir stofnunarinnar í þess stað upp etnir.

Ég skal ekki að þessu sinni víkja mikið að breytingunum á sjúkrasamlagslöggjöfinni, en framlög til þeirra stofnana eru allt of lág, svo að telja verður óviðunandi. Samlögin hafa öll starfað með halla á yfirstandandi ári, fyrst og fremst vegna gengislækkunarinnar; en af þeim völdum hefur sjúkrakostnaður hækkað um 30% og lyf um 100% í mörgum tilfellum. En þetta skal ég geyma mér að ræða.

Hæstv. ráðh. lét orð falla um það, að samkomulag hefði orðið um það innan hæstv. ríkisstj. að leggja frv. í þessu formi fyrir Alþingi. Ég leyfði mér að skilja orð hans svo, að hæstv. ríkisstjórn yrði til viðræðna um breytingar á frv., og vil ég í lengstu lög vænta þess, að einhverju muni fást um þokað í því efni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 238, n. 352, 358, 371).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þegar lögin um almannatryggingar voru samin, var gengið út frá, að það þyrfti að endurskoða þau jafnvel á hverju ári fyrst um sinn, þangað til reynt væri, hvernig þjóðin mundi taka þeim.

Ýmsar kröfur komu fljótt fram um breytingar frá ýmsum stéttum. Reyndar var óhjákvæmilegt að endurskoða lögin árlega, breyta þeim og samþ. viðaukalög til að breyta því, sem nauðsynlegt þótti. Heildarendurskoðuninni var frestað til 1949, þá var skipuð milliþinganefnd til að athuga kröfur frá ýmsum stéttum á landinu og samrýma þær viðaukalögunum, og þetta var lagt til í frv., sem fram kom á síðasta þingi og var samþ. hér í Ed. Og skoðun manna var sú, að þetta næði samþykki í Nd., en á síðustu stundu lýsti forsrh. yfir, að málið næði ekki fram að ganga á því þingi og hann skyldi undirbúa málið fyrir þetta þing. Það hefur hann nú gert, og þetta frv. var flutt af heilbr.- og félmn. og er á þskj. 238. Ég var ekki viðstaddur hér í deildinni, er þetta var til umræðu fyrst, en það mun hafa verið svo, að framsaga af hálfu n. var ekki löng, en ráðh. skýrði málið ýtarlega. Mér þykir því rétt að gera grein fyrir frv. og brtt. 352, sem n. stendur saman að.

Nefndin hefur athugað frv. mjög vel og borið það saman við gildandi lög og frv. eins og það var samþ. hér á síðasta þingi. Hún hefur og kynnt

sér till. frá ýmsum aðilum, sem ekki hafa náð samþykki hér á þingi, og eru niðurstöður n. í nál. hennar og brtt. Nefndin getur ekki fallizt á, að frv. á þskj. 238 verði samþ. óbreytt, og skal ég nú gera grein fyrir ástæðunum.

Við 1. kafla, 1.—4. gr., hefur nefndin ekkert að athuga og leggur til, að hann verði samþ. Þetta er tekið orðrétt upp úr frv. eins og það var hér í Ed. í fyrra. Þetta ákvæði hefur engin áhrif á fjárhagsafkomu stofnunarinnar, ef það verður samþ. eins og það liggur fyrir.

5. gr. frv. er breytt í það horf, að þar eru ákveðnar hinar nýju grunnuppbætur til samræmis við gengisbreytinguna. Um þessa till. er fullt samkomulag í nefndinni. En þó hafa nokkrir nm. ákveðið að flytja brtt., sem ég sé, að eru komnar fram í deildinni. En aðrir fylgja frv. að þessu leyti og vilja hafa þessar tölur óbreyttar, en þær eru þær sömu og í gildandi lögum, þegar reiknaðar hafa verið um uppbætur á grunnlaun.

Fulltrúar sjálfstæðismanna og framsóknarmanna standa að því, að þetta verði samþ., en hins vegar álíta fulltrúar Sósfl. og Alþfl., að þessu þurfi að breyta. Ef greinin verður samþ. óbreytt, hefur það engar hækkanir í för með sér í sambandi við rekstrarkostnaðinn.

Í sambandi við 6. gr. er gerð nokkur breyting frá ákvæðum tryggingarlaganna um, að ekklar fái fullan barnalífeyri, í stað hálfs nú. Nefndin væntir þess, að þetta verði samþ.

Aðrar greinar, 7.—15., eru eins og þær eru í lögunum og engin breyting gerð við þær, en í sambandi við 10. gr. hefur ekki orðið samkomulag um hana í nefndinni. Það hafa komið fram alla tíð, síðan lögin voru samþ., kröfur frá mönnum um land allt þess efnis, að fæðingarstyrkir yrðu þeir sömu fyrir allar konur. Þetta er ekki í lögunum nú, en lagt er til, að þessu verði breytt. En í greininni segir, „að ógift móðir, sem verður fyrir vinnutjóni og tekjumissi vegna barnsburðar og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði, skal eiga rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði henni til viðbótar allt að 300 kr. á mán. í allt að 3 mán.“ o. s. frv. Þessi breyting er gerð hér á, vegna þess að því er haldið fram, að viðkomandi aðili geti ekki fengið greiðslu nema hún hafi fengið úrskurð á hendur barnsföðurnum á sama hátt og segir í 90. gr. — Kvenfélagasamböndin hafa ekki viljað við þetta una og hafa sent fulltrúa til nefndarinnar til að ræða þetta og vilja fella það niður, en meiri hl. hefur ekki viljað fallast á það. Meiri hl. lítur svo á, að rétt sé að hafa þetta ákvæði í greininni og að það séu ekki of þungar kröfur á hendur barnsmóður, að hún afli sér úrskurðar, enda nauðsynlegt, ef hún ætlar að tryggja meðlag með barninu, erfðarétt o. þ. l. Því leggur meiri hl. til, að þetta verði samþ. óbreytt.

Einnig er hér brtt. við 11. gr. frá minni hl. n., og verður gerð grein fyrir henni af flm.

Um aðrar greinar milli 7. og 15. gr. hefur ekki verið neinn ágreiningur í n., eins og þegar hefur verið lýst.

Um 16. gr. hefur einnig verið ágreiningur, þannig að einstakir nm. hafa viljað hækka bæturnar nokkuð, en þær eru settar fram hér eins og þær eru í lögunum.

Í sambandi við 21. gr. er samkomulag um hana nema 5. tölulið. Þar er sett fram, að hámark framlags ríkissjóðs skuli vera 60 kr. á ári og ekki ætlazt til, að á það sé greitt verðlagsvísitöluálag. Nú er það upplýst af ráðh., að það sé ákveðið að greiða verðlagsvísitölu 122% á næsta ári, og af þeirri ástæðu hefur hann farið fram á það við hv. Alþingi, að tollar og skattar verði hækkaðir. En þá er vitanlegt, að það spor hefur í för með sér, að þessi gjöld geta ekki staðið í stað nema þau fái hækkun. Sjúkrasamlögin hafa orðið að hækka meira en svo, að þau hafi fengið að fullu bætt ⅓ frá Tryggingastofnuninni, m. a. er það svo hér í Rvík, Hafnarfirði og víðar. — Ef reiknað er með álagningu 115 eins og gert er á fjárlagafrv., þá komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að grunnuppbótin yrði að hækka í 62 kr. að viðbættum 15%. En það er aðeins miðað við vísitölu 115. Hvert það sjúkrasamlag, sem hefði kr. 17,83 mánaðargjald eða lægra, fengi ⅓ frá ríkissjóði, en hin fengju ekkert fram yfir kr. 17,83. Nú er gert ráð fyrir, að er sjúkrasamlög hafa verið stofnuð um land allt, þá hafi þau 90 þús. meðlimi og þar af verði 55 þús. meðlimir með hærra meðlimagjald en 17,83 og fá þá sjúkrasamlög þessi ekki fullt ⅓ framlag. Ef framlög hinna verður 125 kr. á mann, fá þau samanlagt fullt ⅓, eða 40 kr. á mán. Nú má gera ráð fyrir, að öll sjúkrasamlög komi ekki inn á þessu ári, og verða því vanhöld hér, svo að ætla má, ef miðað er við 115, þá þyrfti miklu hærra framlag en tekið var upp í fjárlfrv., en í því er tekið 5,8 millj. til að mæta þessum gjöldum. Áætlaðar eru 5,3 millj., en mætti komast af með 5 millj. kr. Þá þyrfti að taka á fjárlögunum 200 þús. kr., og um þetta er samkomulag við ríkisstj. En þetta er aðallega gert til að mæta 115%, svo að ef hugsað er að greiða launin með 120%, þarf að bæta hér við.

3. töluliður þessarar greinar er tekinn nýr í frv. og hann er heimild til að takmarka sjúkrasamlagsgreiðslu á lyfjum, sem ekki eru lífsnauðsynleg. Ef þetta er notað, dregur það úr kostnaði sjúkrasamlaganna, en kemur beint á meðlimina, ef þeir kaupa slík lyf, en þetta er samkomulagsatriði.

4. liður er einnig nýr, en hann er um, að Tryggingastofnunin skuli greiða, þegar maður er 67 ára eða eldri og þarfnast sjúkrahússvistar umfram þær 5 vikur, sem sjúkrasamlagi hans ber að greiða, ríkisframfærslu lífeyri þann, er hlutaðeigandi á rétt til, ásamt álagi, sem úrskurðað er skv. 17. gr. Ég leyfi mér að vísa til grg. um þetta. En það kom til tals í n., að þetta ákvæði væri sett hér, en þó skyldi ekki greiða meira en 90% af lífeyrinum. En ekki þótti rétt að taka þetta upp, vegna þess að það getur ekki náð til þeirra, sem liggja vegna ellikramar, heldur allra, sem eru á ríkisframfæri, en n. hafði ekki nákvæmar skýrslur, hve miklu þetta mundi muna. Þetta ætti því að vera til athugunar, er lögin verða endurskoðuð á ný.

Eina brtt., sem nefndin gerir á þessari grein, er því að hækka framlagið úr 60 kr. í 62 og greiða síðan vísitöluálagningu, eins og ég hef tekið fram.

Næsta breyt., sem n. leggur til, er að orða um 24. gr. Í frv., eins og það er lagt fram af hæstv. ríkisstj., stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Iðgjöld og framlög til tryggingarsjóðs samkv. IV. kafla laganna, 2.—5., skulu frá 1. janúar 1951 til árs-

loka 1954 vera sem hér segir:“ Á þetta gat n. ekki fallizt og stendur einhuga um að breyta þessari mgr. Í frv. er lagt til, að framlög skuli fastbundin frá 1951 til ársloka 1954, án tillits til þess, hvernig verðlagið er í landinu. Það getur sjálfsagt enginn sagt um það í dag, hvernig verðlagið verður 1954, nema síður sé; það kann að verða hærra og getur líka hafa lækkað verulega. Við teljum því ógerning að setja þetta ákvæði þannig fast. Auk þess er það sýnilegt — og einkum eftir að það hefur verið viðurkennt af hæstv. fjmrh. —, að kaupgreiðslur eigi að miða við 122 stiga vísitölu, og er því síður ástæða til að hafa þessa gr. eins og hér er ákveðið. Að vísu er lagt til í frv., að þau gjöld, sem ég er hér að ræða um, verði greidd nokkuð hærri en nú er gert, m. a. eru kvæntum körlum á 1. verðlagssvæði greiddar kr. 450.00 á ári samkv. 107. gr. l., og á það skuli ekkert álag greitt, en nú er þessi greiðsla kr. 390,00, og eiga önnur gjöld samkv. þessari gr. að hækka hlutfallslega. N. álítur þetta ekki rétt og leggur til, að árgjöld hinna tryggðu verði fyrir kvænta karla kr. 390.00 á 1. verðlagssvæði og á 2. verðlagssvæði kr. 310.00, í stað kr. 450.00 og kr. 360.00, sem er í frv., fyrir ókvænta karla kr. 350.00 á 1. verðlagssvæði og á 2. verðlagssvæði kr. 280.00, í stað kr. 400.00 og kr. 320.00, sem er í frv., fyrir ógiftar konur kr. 260.00 á 1. verðlagssvæði og á 2. verðlagssvæði kr. 210.00, í stað kr. 300.00 og kr. 240.00 eins og lagt er til í frv. — Í frv. er ætlazt til þess, að iðgjöld atvinnurekenda samkv. 114. gr. l. verði á 1. verðlagssvæði kr. 4.80 á viku og á 2. verðlagssvæði kr. 3,60 á viku. N. leggur til, að þessar greiðslur verði á 1. verðlagssvæði kr. 4,65 á viku og kr. 3,50 á 2. verðlagssvæði í samræmi við það, sem nú er greitt í tryggingunum. — Samkv. frv. ríkisstj. er heildarframlag sveitarfélaga samkv. 114. gr. l. 10,8 millj. kr. og framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr. l. kr. 17,4 millj. kr. Er þessu haldið óbreyttu í till. n.

N. gerir einnig talsverðar breyt. á 25. gr. frv. Síðari mgr. þessarar gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Grunnupphæðir bóta samkv. lögum þessum skulu hækka til samræmis við vísitölu framfærslukostnaðar eftir sömu reglum og laun, sbr. 6. gr. laga nr. 22 1950, um gengisskráningu o. fl., þó aldrei yfir 15%.“ Á þetta getur n. ekki fallizt. Hún álítur einmitt, að þessi laun, sem hún leggur til að verði ákveðin í frv., verði greidd með venjulegu vísitöluálagi, eins og öðrum launþegum eru greidd á hverjum tíma, og vil ég vænta þess, að hæstv. ríkisstj. og hv. d. fallist á þessa till. N. getur ekki séð nokkur frambærileg rök fyrir því, að þetta fólk, sem fjöldamargt hefur ekkert annað til að lifa á en þennan styrk, verði að lúta því, að þeirra laun séu bundin við lægri vísitölu en laun almennt í landinu. N. er öll sammála um þetta atriði og væntir þess fastlega, að hv. Alþ. sýni þá sanngirni að fallast á till. hennar. Alþ. hefur á s. l. ári fallizt á, að rétt væri að bæta upp þessar greiðslur, eftir að það hafði ákveðið að greiða uppbót á laun fastráðins starfsfólks hjá því opinbera, og það er vitað, að þetta er einnig gert hjá starfsmönnum bæjarins og fólki almennt í landinu, og þess vegna þótti n. sjálfsagt, að þetta fólk yrði ekki sett út undan né heldur það, sem er á 18. gr. fjárl. Þess er því að vænta, að afstaða hv. Alþ. til þessa máls hafi ekki breytzt, og ég fyrir mitt leyti skil það svo, að þegar hæstv. ríkisstj. samdi þetta frv., muni hún hafa haft hliðsjón af því, að hún hafði ákveðið að halda vísitölunni svo niðri, að hún átti ekki að fara yfir þá tölu, sem miðað var við í frv. N. leggur því til, að við 25. gr. verði gerð sú breyt., að niðurlag síðari mgr. frá og með orðunum „sbr. 6. gr. laga“ og til enda gr. falli niður. Hún leggur einnig til, að við gr. bætist ný mgr., er svo orðist: „Iðgjöld samkv. 107. og 112. gr. og framlög samkv. 114. og 116. gr. laganna, sbr. 24. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkv. meðalvísitölu næsta árs á undan.“ Mér er nauðsynlegt að dvelja nokkuð við þetta atriði og skýra hæstv. ráðh. frá, hvernig þetta er til komið. Eins og frv. er borið fram af hæstv. ríkisstj., var til þess ætlazt, að einn aðilinn, sem til tryggingarnna greiðir, þ. e. hinir tryggðu, greiði nokkuð hærri iðgjöld, eða um 15% ofan á þær grunnupphæðir, sem ákveðið er, að haldist áfram í l., og einnig að iðgjöld atvinnurekenda hækki um sem svarar 3%, en hins vegar var ekki ætlazt til þess, að framlag frá sveitarfélögum eða ríkissjóði yrði greitt með neinu vísitöluálagi. Með þessu er raskað allverulega hlutföllunum á milli þeirra aðila, sem greiða framlög til tryggingarnna, frá því sem er í gildandi l. og ákveðið var frá upphafi milli þeirra aðila, sem áttu að bera þungann af tryggingunum. Með þessu móti væri byrðin tekin af ríkissjóði og sveitarfélögunum, en lögð á hina tryggðu. Á þessa röskun getur n. ekki fallizt. Út af fyrir sig kann það að vera réttlátt, að einhver slík breyt. verði gerð, en til þess þarf að fara fram miklu nákvæmari athugun á málinu en unnt var á þeim skamma tíma, sem n. hafði til umráða í þessu máli nú, og á það leggur n. þá heldur engan dóm, en það er sýnilegt, að ef þessi háttur yrði hafður á þessu nú, væri fjárhag tryggingarnna stefnt í alvarlega hættu. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að það er ákvæði um það í l., að ef svo og svo mikill hluti iðgjaldagreiðenda bregzt, verði sveitarsjóðirnir að greiða fyrir þá, ef þeir hafa ekki nægilegar tekjur til þess að greiða af þeim iðgjöld, og því þyngra mundi þetta falla á sveitarsjóðina sem iðgjaldagreiðslur hinna tryggðu eru hærri. Ef sveitarfélögin bregðast, kemur þetta allt yfir á ríkissjóð, og sýnist n. mjög varhugavert að fara inn á þessa braut. Hins vegar vil ég benda á, og það hafði ekki svo lítil áhrif á afstöðu n., að á Alþ. í fyrra var þetta mál mjög rætt vegna þess ágreinings, sem hafði komið upp milli þáv. ríkisstj. og tryggingaráðs, þar sem ríkisstj. eða þáv. fjmrh. leit svo á, að hann ætti beinlínis ákveðinn hluta tryggingasjóðs, sem hafði safnazt upp, vegna þess að hagur tryggingarnna varð betri en gert hafði verið ráð fyrir. Þetta mál kom til úrskurðar Alþ. í fyrra, og hann varð sá, að tryggingasjóður ætti þennan hluta óskertan. Það getur því ekki komið til mála, að hið sama Alþ., sem hefur ákveðið þetta, fari nú að samþ. að leyfa ríkisstj. að taka að öðrum leiðum þetta fé úr tryggingasjóði fyrir sig eina. Það gæti hins vegar vel komið til mála, ef þörf væri á, að taka þetta fé úr tryggingasjóði fyrir alla þá aðila, sem hafa greitt í tryggingarnar, það er ríkissjóður, sveitarfélögin, atvinnurekendur og hinir tryggðu. Fyrir því eru þó einhver rök, að ef ekki væri hægt að standa undir tryggingunum, yrði að fara þá leið

að sækja stærri fúlgur í ríkissjóð eða minnka bótagreiðslur, sem hvorugt væri æskilegt, en l. mæla svo fyrir, að reikna megi meðalvísitölu ársins á undan sem álag á tekjustofnana, og það er það, sem nokkur hluti n. hefur getað fellt sig við í þetta skipti og leggur því til, að þetta verði gert, þannig að í stað þess að reikna fullt álag, 115 eða 122 vísitölustig, þá verði á næsta ári lögð ofan á grunnupphæðir meðalvísitala ársins 1950, sem mun vera 8.33%, og að þetta verði lagt jafnt á alla aðila, ekki aðeins hina tryggðu, heldur einnig á sveitarfélögin og ríkissjóð, þannig að það komi hlutfallslega rétt niður á alla aðila.

Þetta eru till. heilbr.- og félmn. Að vísu kunna að koma fram brtt. frá einstökum nm., en samkomulag varð um það, að nokkrir nm. bæru fram þessar brtt., án þess að n. klofnaði á þessu stigi málsins.

Ég vil í þessu sambandi benda á, að í áætlun var gert ráð fyrir, að rekstrarhalli mundi verða á tryggingunum með því framlagi, sem áætlað er, ef ekki fengist fullt vísitöluálag, allt að 9½ millj. kr. Í frv. eins og það er lagt fyrir er gert ráð fyrir, að tekjurnar aukist um 2,7 millj. kr. samkv. 24. gr., ef gr. verður samþ. óbreytt. En verði till. n. samþ. óbreyttar við þessa gr., hækka tekjurnar um 4,2 millj. kr. og minnka þannig áætlaðan rekstrarhalla ofan í 5,3 millj. kr., en samt sem áður er í þessari áætlun gert ráð fyrir 600 þús. kr. hærri lífeyrisgreiðslum en áætlað er í frv., og lækkar rekstrarhallinn þá um þá upphæð, eða í 4,7 millj. kr., en það miðast eingöngu við, að allar bætur verði greiddar með vísitölu 115 á árinu. En þar sem ákveðið hefur verið, að á laun embættismanna og flestra annarra starfsmanna verði greidd 122 vísitölustig, er sjáanlegt, að ekki verður stætt á því að greiða ekki sama álag á þessar bætur, en þá þarf 500 þús. kr. fyrir hvert vísitölustig eða 3½ millj. kr. í tekjur til þess að stofnunin geti mætt þeim útgjöldum. Þeir aðilar, sem fengust til að fylgja því með hæstv. ríkisstj., að ekki yrði greitt meira álag en 8,33% á allar grunnupphæðir, höfðu gert ráð fyrir því, að vísitalan yrði ekki hærri en 115 stig, eins og ég hygg, að hæstv. ráðh. hafi einnig gert, þegar hann samdi frv., og við það var miðað frá hendi þeirra aðila í n., en ef hún hækkaði, yrðu meiri tekjur að koma á móti, því að fjárhag tryggingarnna væri stefnt í beinan voða, ef þær ættu að mæta þessum útgjöldum. Úr þessu er ekki hægt að bæta nema á þann hátt, sem ég gat um, að annaðhvort yrði að gera þyngri kröfur til iðgjaldagreiðenda og til sveitarfélaga um að greiða enn hærri framlög eða fara hina leiðina, sem er mjög erfið, að draga úr bótunum; þriðja leiðin er sú, eins og ákveðið er í l., að ef gjaldþol iðgjaldagreiðenda brestur, geta tryggingarnar krafizt rekstrarhallans af ríkissjóði einum, en það væri heldur ekki skemmtileg leið. Í sambandi við þetta leyfir n. sér að bera fram brtt. sem brb.ákvæði á þskj. 352, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„*Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum till. frá* tryggingaráði, að ákveða jafna hundraðshlutahækkun á iðgjöld og framlög til tryggingasjóðs, ef kaupgjald í landinu verður greitt með hærri verðlagsvísitölu en 115 á árinu 1951 og sýnilegt er, að Tryggingastofnunin þurfi á því fé að halda til þess að greiða bætur með fullu vísitöluálagi án þess að skerða tryggingasjóðinn óeðlilega. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði þann hluta, sem honum ber að greiða vegna *slíkrar hækkunar.*“

Ég vil biðja hæstv. ráðh. og hv. þm. um að athuga vel þetta atriði, því að ef slík till. yrði felld, er sá möguleiki fyrir hendi, að tryggingasjóður fái svo þungt áfall á árinu, að það verði að grípa til þeirrar heimildar í l. að krefjast framlags úr ríkissjóði, og þá kæmi hann einn til að standa undir þeirri byrði. Að vísu mundi hann ekki gera það, fyrr en búið væri að eyða öllum *sjóðnum*, en þá þarf hann að greiða ábyrgð, eins og l. mæla fyrir um. Ef hins vegar samþ. yrði samkomulag milli ríkisstj. og tryggingaráðs um það, hvenær nauðsynlegt væri að nota slíka heimild og ríkisstj. hefði fullt vald í þessu máli til að nota heimildina ekki fyrr en stofnunin væri komin í voða, þá hefur hún þann möguleika að hækka framlög hinna tryggðu, atvinnurekenda samkv. 112. gr. og sveitarfélaga, og teldi ég það mjög illa farið, ef ekki yrði búið svo um þetta mál, að þessi ákvæði væru fyrir hendi, og ég hygg, að ríkisstj. gæti tæplega skapað sér slíka heimild í brbl., vegna þess að hér er um fjárútlát að ræða, en eins og ég tók fram, hefur hún fullt vald í þessu máli, þótt gr. yrði samþ.

Þá vil ég geta þess, að í sambandi við 30. gr. leggur n. til, að í stað orðanna „að mæta halla“ komi: að mæta ófyrirsjáanlegum halla, þannig að það komi skýrt fram, að tekjuafgangi stofnunarinnar skuli varið til að mæta ófyrirsjáanlegum halla, því að gert er ráð fyrir því, að halli eigi ekki að verða á rekstrinum nema því aðeins, að sérstök óhöpp komi fyrir.

Ég vil að lokum geta þess, að eftir því sem n. hefur fengið upplýsingar um, mun rekstrarhalli tryggingnanna á þessu ári verða um 2 millj. kr. Frá mínu sjónarmiði á Tryggingastofnunin alldigra sjóði, en hún rekur svo áhættusamt fyrirtæki, að slíkir sjóðir eru fljótir að fara, og það er miklu torveldara að vinna þá upp en eyða þeim. Ég vil benda á það, að stofnunin hefur í sambandi við sína sjóðstofna aðstoðað bæði sveitarfélög, einstaklinga að einhverju leyti, sem hafa ráðizt í stórvirki, og sjálfan ríkissjóð með stórkostlegum lánum til þess að koma fram framkvæmdum, sem vafasamt er að hefði verið mögulegt, ef fénu hefði ekki verið safnað á þennan hátt, en ríkissjóður hefur greitt þennan hluta með ríkistryggðum bréfum á undanförnum árum, m. a. á þessu ári, þegar hann greiddi hluta af sinni skuld með slíkum bréfum til þess að aðstoða rafmagnsveitur í landinu, og hefur sjálfsagt bætt þar úr miklum vandræðum. Ég tel eðlilegt, að það verði að nást fullt samkomulag um þetta mál heldur en að fara inn á þá braut að ausa svo sjóði stofnunarinnar, að hún bíði þess ekki bætur um lengri tíma. Ég tel þetta heppilegra, ef um það fengist samkomulag, heldur en rýra svo sjóðinn, að stofnuninni sé hætta búin.

Það kom fram í n. mjög eindregin ósk um að taka upp mæðralaun, eins og samkomulag var orðið um á síðasta þingi í þessari hv. deild. Þetta mundi auðvitað kosta talsvert fé, og meðan fjárhag ríkisins er þann veg farið og nú er, þótti

fulltr. Sjálfstfl. í n. ekki rétt að leggja það til, en um það liggur fyrir till. frá meiri hl. n. Þetta var rætt við fulltrúa frá kvenfélagasambandinu, en því miður gat ég ekki skipt um skoðun á þessu máli, þrátt fyrir þeirra margvíslegu rök. Þar með er ekki sagt, að þetta mál sé dauðadæmt, þó það komist ekki inn á þessu ári. Það er óhætt að segja, að það á mikinn rétt á sér, svo mikinn, að vafi leikur á, hvort ekki ætti að endurskoða aðrar bætur, til þess að koma því inn, en til þess hefði þurft lengri tíma en n. hafði ráð á við afgreiðslu þessa frv. Af þessum ástæðum gat ég ekki veitt till. fylgi í þetta skipti, enda veit ég, að þeir, sem berjast fyrir þessu máli, muni ekki sleppa hendinni af því, enda engin ástæða til þess, því það hefur ekki mætt neinni andúð hér á Alþingi eins og bezt sést af afstöðu þessarar hv. deildar í fyrra, þó það, af ástæðum, sem ég þegar hef nefnt, sé ekki tekið með nú. Það er meginstefna fulltrúa Sjálfstfl. í n. og raunar allra þeirra, sem styðja hæstv. ríkisstj., að skila þessum málum þannig í hendur hæstv. stjórnar, að ríkissjóður þurfi ekki að hafa neina frekari byrði af þessum málum frá því, sem nú er skv. gildandi l. Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. vilji fallast á að hafa þann fyrirvara, sem fram kemur í brtt. á þskj. 352.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð lengri. Ég legg til, að frv. með þeirri breyt., sem fram kemur á þskj. 352, verði samþ. og að því samþ. verði því vísað til 3. umr., eins og ég legg einnig til, að framkomnar brtt. á hinum öðrum þskj. verði felldar.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. heilbr.- og félmn. fyrir þær brtt., sem hún leggur til á því frv. frá ríkisstj., sem hér liggur fyrir, þó ég vilji bæta því við, að þær ganga skemur en ég gat búizt við. Hins vegar setti n. sig mjög vel inn í málið, og með till. sínum gekk hún gegn þeirri stefnu, sem hæstv. ríkisstjórn hefur markað með því að flytja þetta frv. N. var sammála um: í fyrsta lagi, að sjálfsagt væri, að sömu reglur giltu um uppbót á bótagreiðslur tryggínganna og uppbætur á launagreiðslur í landinu; í öðru lagi var n. sammála um, að sú hækkun, sem um getur í frv. á tekjum tryggínganna, skyldi lögð jafnt á alla aðila, en í frv. var lagt til, að sú hækkun kæmi eingöngu niður á einstaklingum og atvinnurekendum; í þriðja lagi var n. sammála um, að óhjákvæmilegt væri að ganga til móts við sjúkrasamlögin um framlag til tryggínganna.

Þessar tillögur er rétt og skylt að meta. Þær miða í rétta átt, þó þær að mínu áliti séu ekki nóg.

Hv. frsm. vék að því, að tryggingal. hefði jafnan verið breytt með viðaukal. á hverju ári síðan þau voru sett 1946. Ég er einn af þeim, sem líta svo á, að ef tryggingalögin eiga að koma að gagni, þá verði að breyta þeim í samræmi við breyttar aðstæður, og hér á landi hafa verið sífelldar breytingar síðan 1946, og l. hefur hingað til verið breytt eftir því, svo hlutur tryggingaþeganna yrði ekki lakari en gert var ráð fyrir í tryggingal., þegar þau voru sett. Frá þessari stefnu er horfið í till. hæstv. ríkisstj.

Sá skoðanamunur, sem fram kom í n. milli mín og hv. 7. landsk. annars vegar og hv. meiri hl. hins vegar, er því ekki um principatriði, heldur hve langt skuli ganga. Hv. meiri hl. lítur svo á, að vegna þess hve árferði er nú bágborið og horfur tvísýnar, sé ekki hægt, með tilliti til fjárhags ríkisins, að bæta við bótagreiðslurnar. Ég er á öndverðri skoðun í þessu máli. Ég lít svo á, að einmitt vegna þess, hve árferði er nú slæmt og horfur tvísýnar, sé enn þá meiri nauðsyn að auka það öryggi, sem tryggingarnar skapa. Hv. meiri hl. lítur meir á erfiðleika ríkissjóðs en almennings og telur það forsvaranlegt að leggja á aðra aðila, sem kostnaðinn eiga að bera. Hann viðurkennir að vísu, að slíkt verði aðeins gert skamma stund, eitt ár, en telur þó gerlegt að gera það þetta eina ár. Ég lít aftur á móti svo á, að þetta megi teljast ógerlegt, ef litið er til þess, að einmitt þegar árferðið er lélegt og horfurnar slæmar, má gera ráð fyrir, að áætlanir stofnunarinnar að öðru leyti geti tæplega staðizt, vegna þess að þá koma innheimtuörðugleikar til greina, sem rýrir tekjur stofnunarinnar. Ég tel því, að hv. meiri hl. sé of bjartsýnn á það, hvað gerlegt sé að ganga langt í því að eyða sjóðum stofnunarinnar, vegna þess að búast má við, að þeir verði fyrir skakkaföllum vegna árferðisins. Þetta eru þau höfuðatriði, sem skoðanamunur er um, þó að við séum sammála um sjálf principatriðin, sem ég í upphafi máls míns nefndi. — Nú er að ljúka fjórða starfsári Tryggingastofnunarinnar. Þrjú fyrstu árin voru stofnuninni mjög hagstæð, og söfnuðust þá talsverðir sjóðir á þessum árum. Fjórða árið, sem nú er að líða, verður aftur á móti fyrirsjáanlegur nokkur halli á starfsemi tryggínganna, þar sem stofnunin hefur greitt vísitöluuppbót og fasta uppbót á lífeyri, án þess að fá nokkra tekjuhækkun á móti þessum auknu útgjöldum.

Í frv. því, sem frsm. nefndi í upphafi málsins og afgr. var hér í hv. d. á síðasta vetri, var gert ráð fyrir því, að nokkuð væri aukið við bótagreiðslurnar, sumpart bætt inn nýjum flokkum, eins og mæðralaunum, og aukið við bætur á öðrum sviðum o. fl. Var þá gert ráð fyrir af mþn. þeirri, sem samdi þetta frv., að ekki þyrfti að auka tekjustofna tryggínganna, þ. e. að hækka gjöldin til þeirra, vegna þessara breyt. út af fyrir sig, því að tekjustofnarnir hefðu fram að því reynzt það miklir, að unnt reyndist að mæta þessum auknu gjöldum, sem þá voru áætluð 2—2½ millj. kr. á ári. Síðan þetta frv. var samþ., hafa stórkostlegar breyt. orðið í fjárhags- og atvinnumálum hér á landi. Það er þá fyrst og fremst það, að gengislækkunarl. hafa verið samþ., með þeim beinu afleiðingum, að dýrtíðin hefur vaxið svo, að vísitalan sýnir nú 22% hækkun frá því í marz s. l. ár. Það er líka augljóst mál, að ef tryggingarnar eiga að geta rækt sama hlutverk í þjóðfélaginu og þær gerðu áður, verður að mæta þessum stórfelldu breytingum í fjárhags- og atvinnumálunum með breyttri löggjöf fyrir tryggingarnar. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki gert það nema að mjög litlu leyti. N. hefur bætt þar mikið um, en þó er auðséð, að þótt tekjurnar séu hækkaðar um 8%, þá hrekkur það skammt, ef útgjöldin hækka um 22%. Það er skamma hríð hægt að lifa á sjóðum Tryggingastofnunarinnar með slíkum búskap.

Ég skal svo snúa mér að þeim brtt., sem ég flyt

ásamt hv. 7. landsk. (FRV) á þskj. 358. — Fyrst er brtt. við 4. gr. frv., þess efnis, að þeim mönnum, sem nú njóta lífeyris úr opinberum sjóði eða ellilífeyris úr ríkissjóði, skuli ívilnað nokkuð frá því, sem nú er, á þann hátt, að bæta megi við lífeyri þeirra frá tryggingunum slíkri upphæð, að samanlagðar greiðslur frá ríkissjóði og Tryggingastofnuninni megi nema allt að 150% af lífeyrisupphæðinni. Ef t. d. maður hefur 400 kr. eftirlaun úr ríkissjóði, má bæta við þá upphæð 200 kr. frá Tryggingastofnuninni. — Þessi gr. var í frv. því, sem lá fyrir þinginu í fyrra, og var sett inn fyrir tilmæli frá þeim mönnum, sem lítilla eftirlauna njóta, og virtist hafa mikið fylgi hér í þinginu. Þessi gr. er því tekin hér aftur upp í brtt. mínar óbreytt, eins og þessi hv. d. samþ. gr. á s. l. vetri.

2. brtt. er við 5. gr., þ. e. a. s. hinar nýju grunnupphæðir til bóta, sem þar eru ákveðnar. Þó að gr. sé hér orðuð upp, er mismuninn að finna í a-lið, 1—2, b-lið, 1—2 og 5. lið, 1—2, þ. e. lífeyrir til öryrkja, gamalmenna og makabætur. Upphæðir þær, sem lagt er til í till. mínum, að teknar verði upp, eru 60 kr. hærri til hvers einstaklings en í frv. hæstv. ríkisstj. Samkv. frvgr. nemur hækkunin á hinum upphaflega grunnlífeyri Tryggingastofnunarinnar 13,3%, en eftir till. okkar á þskj. 358 verður þessi upphæð 15% hærri en í upphafi 1947. Till. er miðuð við það, að greidd sé sama uppbót á örorkulífeyri og greitt er af ríkissjóði sjálfum til þeirra, sem styrks njóta á 18. gr. fjárl. Ef gr. hæstv. ríkisstj. verður samþ. óbreytt, verður hækkun á grunnlífeyri þeirra, sem bóta njóta frá almannatryggingunum, ekki nema 13,3%, en hækkun til hinna, sem eftirlauna njóta, mun meiri, en það teljum við flm. ósanngjarnt, þar sem hinir fyrrnefndu eru sízt betur settir, og þess vegna leggjum við til, að þær upphæðir verði teknar upp, sem í till. greinir.

Þá er b-liður brtt. okkar við sömu gr. þess efnis, að heimildin til að greiða hækkun á lífeyri samkv. 17. gr. almannatryggingal., sem nú er 40%, verði hækkuð upp í 50% og heimildin sé víkkuð þannig, að hækkunina megi greiða ekki einasta, sé um sjúkleika að ræða, heldur einnig, ef um einstæðingsskap eða algert tekjuleysi er að ræða. Þessi gr. var einnig samþ. í þessari hv. d. í fyrra og er tekin hér upp óbreytt, eins og hún var afgr. héðan úr d.

3. brtt. okkar er við 10. gr. og er í tveimur liðum. Samkv. fyrri liðnum er lagt til að heimila að greiða dánarbætur til ekkna og ekkla, þó að þau séu komin á lífeyrisaldur, en samkv. l. nú eru dánarbætur aðeins greiddar þeim, sem eru á gjaldskyldualdri, 16—67 ára, og aðeins konum, ef menn þeirra deyja, en ekki manninum, ef konan fellur frá. Samkv. þessum till. okkar er ætlazt til, að greiddar séu allt að 1800 kr. dánarbætur til ekkla sem ekkna, þó að þau séu orðin 67 ára og af þeim sökum njóti lífeyris. Lífeyririnn er skorinn það við nögl, að það er eigi í mörgum tilfellum framfærslueyrir, þannig að eigi er sanngjarnt að fella niður dánarbæturnar í þessum tilfellum. — Þau útgjöld, sem stafa mundu af þessari gr., eru áætluð um 270 þús. kr. á ári.

Þá er lagt til í b-lið brtt., að tekin verði upp í sömu gr. sams konar ákvæði og í fyrra um mæðralaun, og heimilist Tryggingastofnuninni að greiða þeim einstæðum mæðrum, sem eiga fyrir tveimur eða fleiri börnum að sjá, nokkur mæðralaun, er fari hækkandi eftir því, hvað börnin eru mörg. — Ég skal ekki tefja tímann með því að ræða nauðsyn þessarar brtt., en ég vil taka fram, að hér er beinlínis vöntun í l., sem hlýtur að stangast við hinn upphaflega tilgang l. Ég veit, að hv. meiri hl. n. lítur svo á, að af fjárhagsástæðum sé þetta ekki fært, en það er víst, að engir þeirra, sem á annað borð njóta Tryggingastofnunarinnar, eru jafnvanhaldnir og mæður með tvö eða fleiri börn, sem fá ekki neitt annað með þeim en þann lífeyri, sem l. ákveða. Flestar þeirra eru þannig settar, að það er ekki með nokkurri sanngirni hægt að ætlast til, að þær geti aflað sér vinnu á þann hátt, sem aðrar konur eiga kost á.

Þá flytjum við brtt. við 16. gr., 4. brtt., og er það aðeins til samræmis við aðrar brtt. við 5. gr. Ef þær brtt. verða felldar, þá mun ég taka aftur þessa brtt. við 16. gr., því að það er samband þar á milli.

5. brtt. er um það hámark, sem ákveðið er í frv. á framlagi ríkissjóðs og sveitarsjóðs til sjúkrasamlaga. Í frv. hæstv. ríkisstj. er lagt til, að hámarkið verði 60 kr. á ári, og verður ekki séð á frvgr., að til þess sé ætlazt, að á það komi vísitöluuppbót. Hv. n. hefur þarna gengið til móts við óskir sjúkrasamlaganna í þessum efnum og vill hækka þetta upp í 62 kr. auk vísitöluuppbótar, en það framlag af hálfu ríkissjóðs svarar til 17.80 kr. iðgjalds á mánuði. Nú er svo komið, að meira en helmingur — og á næsta ári verða sennilega nálægt því $^5/_9$—$^6/_9$ partar allra sjúkrasamlagsmeðlima í landinu að greiða hærra iðgjald en þessu nemur, þar sem það kemur ekkert framlag á móti þeim hluta iðgjaldanna hjá þessum samlögum, sem er umfram kr. 17,80, en það þýðir um það bil $^5/_9$—$^6/_9$ partar af öllum landsmönnum. Nú er þegar á þessu ári búið að hækka iðgjöld manna til sjúkrasamlaganna stórkostlega, í ýmsum tilfellum um nærri 60% og mjög víða, í flestum samlögum, um 33%. Iðgjaldið til sjúkrasamlagsins hér í Rvík fyrir giftan mann hefur á einu ári hækkað um 120 kr., í viðbót við það, sem fyrir var, og er nú 480 kr. á ári. Ég tel ógerning að ætlast til, að greidd séu hærri iðgjöld til sjúkrasamlaga af einstaklingum en hér er gert, ekki sízt með tilliti til þess, að í því frv., sem nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að takmarka megi frá því, sem nú er, lyfjagreiðslu af hálfu sjúkrasamlaga fyrir meðlimina, og þýðir það þá náttúrlega minni fríðindi eða hækkun útgjalda. Við höfum því lagt til í 5. brtt. okkar, að iðgjöldin séu hækkuð upp í 69 kr. í grunn, sem mundi svara til um það bil 79 kr. með vísitöluuppbót.

Í sambandi við hin mismunandi háu iðgjöld einstakra sjúkrasamlaga má ekki gleyma því, hvað sjúkrasamlögin hafa ólíka aðstöðu í þessum efnum. Það er yfirleitt svo, að sjúkrasamlög úti um sveitirnar hafa stórum lægri iðgjöld en sjúkrasamlagið hér í Rvík, sem fyrst og fremst stafar af því, að þar hafa menn héraðslækna, sem hafa föst laun úr ríkissjóði og auk þess oft ýmis fríðindi, t. d. bústað með aðgengilegum kjörum o. s. frv. Hinir, sem í kaupstöðum búa, og þá einkum hinum stærri kaupstöðum, hafa enga slíka lækna, sem þeir geti snúið sér til, heldur verða þeir að snúa sér til lækna, sem hafa allar sínar tekjur af sjúklingun-

um, sem leita til þeirra, og hafa sett sér gjaldskrá, sem þeir telja stéttinni hæfa og er margfalt hærri en það, sem héraðslæknar mega taka. Og þó að tekizt hafi með samningum við læknana að fá lægri greiðslur, eru þær samt stórum hærri, sem eðlilegt er að vissu marki, en þær greiðslur, sem héraðslæknar, sem hafa föst laun úr ríkissjóði og bætta aðstöðu í sambandi við húsnæði og annað, taka. Það er því ekki nema eðlilegt, að framlög til þeirra sjúkrasamlaga, sem eingöngu skipta við praktiserandi lækna, hljóti að verða miklu hærri en til hinna, sem ríkissjóður greiðir fyrir gegnum hin föstu laun embættislæknana.

6. brtt. er um það, að grunniðgjöldin verði ákveðin eins og þar segir. Er gert ráð fyrir, að iðgjöld og framlag ríkissjóðs verði hækkað sem svarar 3%, þ. e. a. s. um 10 kr. persónuiðgjaldið á ári í grunn, og framlag ríkissjóðs um hér um bil 600 þús. kr. á ári í grunn. Þessi till. er borin fram til þess, ásamt vísitöluuppbótinni, að mæta þeim útgjöldum, sem gert er ráð fyrir í till. okkar, því að okkur er ljóst, að á móti hækkuðum bótum þurfa að koma hækkaðar tekjur Tryggingastofnunarinnar.

Samkv. 7. brtt., við 25. gr., er gert ráð fyrir því, að greiddar séu uppbætur á bætur eftir sömu reglum og gilda um uppbætur á laun, og er þar enginn munur á till. okkar og meiri hl. n.

Ég hef nú gert stuttlega grein fyrir þessum brtt. okkar á þskj. 358. Meginmunurinn á þeim og brtt. hv. meiri hl. er sá, eins og ég drap á í upphafi, að við erum þeirrar skoðunar, að erfiðleikum þeim, sem fram undan eru, sé betur mætt með því að bæta við og auka tryggingarnar, þannig að þær geti stutt almenning í sambandi við þá erfiðleika, sem fram undan eru, og teljum við, að það sé hagstæðara bæði fyrir fólkið í landinu og ríkissjóð að taka á sig þau auknu gjöld, sem þessu eru samfara, með iðgjöldum og framlögum í þeim hlutföllum, sem nú eru ákveðin í l., en að hafa bæturnar lægri og hækka svo tekjuhliðina minna. Ég vil aðeins nefna sem eitt dæmi í þessu sambandi, að ég er ekki í neinum vafa um, að það verða ekki fá þau tilfelli, að einstæðum mæðrum með tvö eða fleiri börn á framfæri, sem hingað til hafa komizt af án annarrar hjálpar en þess barnalífeyris, sem greiddur er, þeim mun reynast erfitt að komast af, eins og nú horfir um árferði. Hins vegar þykist ég þekkja það til, að ég þori að fullyrða, að með skynsamlegum ákvæðum mætti hjálpa fjöldamörgum af slíkum mæðrum til að komast af. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi, en sama eða svipað mætti segja um mörg önnur tilfelli.

N. öll flytur, þó að einn nm. hafi um það óbundið atkv., till. um ákvæði til bráðabirgða, sem bætist aftan við lögin. Hv. frsm. gerði mjög skilmerkilega grein fyrir því, hver nauðsyn væri á að setja þetta ákvæði, sérstaklega með tilliti til þeirrar yfirlýsingar, sem hæstv. fjmrh. gaf hér við umr. í d. fyrr á þessu kvöldi. Ég vil taka undir orð frsm. í þessu efni.

Nú er tryggingasjóður sá sjóður, sem ætlað er að mæta ófyrirsjáanlegum sveiflum og skakkaföllum, en hann er nú talinn í reikningum um 17 milljónir króna. Gera má ráð fyrir, að tekjuhalli á yfirstandandi ári verði ekki minni en 2 millj. kr., þar sem greidd hefur verið vísitöluuppbót á bæturnar án þess tekjur hafi komið á móti. Með þeirri hækkun, sem ráðgerð er á vísitöluálagningu, má gera ráð fyrir, að þessi halli verði á næsta ári um 4—5 millj. kr. Yrði þá tryggingasjóður í lok næsta árs kominn niður í 10 millj. kr., ef miðað er við vísitöluna 115 um bótagreiðslurnar. Verði hins vegar greiddar bætur eftir vísitölunni 122, þá eykst hallinn enn um 3½ millj. kr., ef engar breytingar verða gerðar til að auka tekjur stofnunarinnar, og sjóðurinn verður þá kominn niður í 6—7 millj. kr. — Ef aðrar slíkar „ófyrirséðar" sveiflur lenda með öllum sínum þunga á tryggingunum, þá verður stofnunin bráðlega ófær um að mæta þeim greiðslum. En með svo stórum sveiflum á verðlagi og atvinnuháttum, sem eru að gerast og sýnilegt er að muni gerast hér á landi, þá er nauðsynlegt, að tryggingasjóður geti rækt það hlutverk, sem honum er ætlað. Ef þetta verður samþ., þá er ríkissjóði heimilað að firra sig þeirri byrði, að slíkur halli lendi loks á honum einum, með því að hækka tryggingargjöldin hjá öllum aðilum jafnt, og þarf hann þá ekki að greiða af hallanum nema ⅓ hluta.

Hvenær ætti að nota þetta ákvæði, er ekki á mínu færi að segja, svo bindandi sé. En færi nú hallinn fram úr 4—5 millj. kr., þá tel ég að ástæða væri fyrir hendi til þess. Og hvort svo verður á næsta ári, má gera sér nokkra hugmynd um þegar á fyrri helmingi þess árs. — Það er þannig ekki einasta þýðingarmikið fyrir tryggingarnar, heldur engu síður fyrir ríkissjóð, að till. sem þessi verði samþ.

Ég skal svo ekki reyna á þolrif hæstv. forseta og hv. d. með því að lengja frekar mál mitt, en ég vil þó aðeins víkja lítið eitt að einu atriði enn.

Hér er alls staðar vísað á ákvæði gengisbreytingarlaganna um greiðslur á vísitöluuppbót, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú sýnir vísitala fyrir júní 1950 hækkun eða lækkun framfærslukostnaðar um 5% eða meira, frá því hækkun eða lækkun launa var síðast ákveðin, og skulu þá laun fyrir júlí 1951 hækkuð eða lækkuð samkvæmt þeirri breytingu á framfærslukostnaði, sem vísitalan sýnir, en frá 1. ágúst 1951 skulu laun ekki taka breytingum samkvæmt ákvæðum þessara laga." — Þrátt fyrir orðalag þessarar gr., þá er mér held ég, óhætt að segja, að n. hafi þann skilning, að vísitöluákvæði, sem öðlast gildi fyrr á árinu, gildi árið út, og ég veit heldur ekki betur en sá sé einnig skilningur hæstv. ríkisstjórnar. N. hefur þannig gert ráð fyrir því í meðferð þessa máls, að þessi skilningur sé látinn ráða.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri nema tilefni gefist í sambandi við grg. flm. fyrir brtt.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. 7. landsk. 3 brtt. á þskj. 371. Er hin fyrsta við 7. gr. — um að gr. falli niður. En þessi gr. er þannig til komin, að hún var sett inn í frv. í fyrra hér í hv. Ed. til samræmingar á greiðslum barnalífeyris til ekkna annars vegar og hins vegar til mæðra óskilgetinna barna og fráskilinna kvenna.

Eftir lögum er þessu nú svo háttað, að mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um barnalífeyri, geta snúið sér til Tryggingastofnunarinnar og fengið

hann greiddan þar. Réttur til þeirrar greiðslu gildir, þar til börnin eru 16 ára að aldri. En samkv. 23. gr. laganna á ekkja ekki rétt á þessum bótum nema í 3 ár eftir að hún giftist aftur, en mæður óskilgetinna barna og fráskilinna kvenna fá þær greiddar lengur. Þar sem þær eiga í hlut, er í flestum tilfellum aðeins um að ræða innheimtu á lífeyrinum af hálfu Tryggingastofnunarinnar, og gegnir þar öðru máli en um greiðslur til ekkna. Því leggjum við til, að þessi grein um samræminguna falli niður, og er það í samræmi við framkomnar óskir kvennasamtakanna hér í bænum og raunar um land allt.

Þá flytjum við enn fremur þá brtt. við 10. gr., að hún verði felld niður. — Samkv. 34. gr. l. eins og þau eru nú, er um tvenns konar fæðingarstyrk að ræða. Hinn lægri styrkur er veittur mæðrum, sem ekki vinna utan síns heimilis og missa ekki beinlínis í við það fjárhagslega að fæða barn sitt. Hærri styrkurinn er veittur mæðrum, sem atvinnu stunda utan heimilis og þurfa á launum sínum að halda, og samkv. 10. gr. þessa frv. nemur sá mismunur 900 kr., eða 300 kr. í 3 mánuði. En sá misskilningur, sem ákvæði gr. byggjast á, er þessi, að þar er markalínan dregin á milli giftra og ógiftra mæðra, en í l. er hún sú, hvort mæðurnar stundi atvinnu utan heimilis eða ekki. Ég fullyrði, að þessi breyting er ekki til bóta fyrir neinn, en hins vegar mörgum til skaða, og byggi ég það á kunnugleika og reynslu af þessum málum. Því hefur verið haldið fram, að ákvæði 10. gr. væru a. m. k. eins góð og áður, en ég held, að það sé mikið tjón að ákvæðum hennar. Þar er gert ráð fyrir, að móðirin verði að leggja fram úrskurð um kröfu á hendur barnsföður. En sá úrskurður getur tafizt og þannig dregizt á langinn, að móðirin fái þessar tekjur á þeim tíma, sem henni er frekast þörf á styrk. Annað mál er svo það, að á sínum tíma þarf að sanna, hver barnsfaðirinn er, vegna annarra stærri greiðslna. — Um báðar þessar gr. gildir það, að það er samkv. óskum kvennasamtakanna að lagt er til, að þær séu felldar niður.

Þá er 3. brtt. okkar á þskj. 371 um það, að aftan við 11. gr. bætist ný málsgr. þess efnis, að „hafi sjúkrasamlag eða sveitarstjórn í þjónustu sinni hjúkrunarkonu eða aðstoðarstúlkur til þess að veita hjúkrun eða aðstoð á heimilum í veikindum, er Tryggingastofnuninni heimilt að taka þátt í kostnaði við þau störf eftir samkomulagi við viðkomandi aðila". — Þetta var tekið upp í fyrra, og að mínum dómi er það af athugaleysi, að þetta hefur verið fellt niður úr frv. ríkisstj. Hér er aðeins um heimild að ræða til Tryggingastofnunarinnar til að taka þátt í þessum kostnaði, og verður að teljast nauðsynlegt, að þessi heimild sé fyrir hendi, einkum í sambandi við frv., sem liggur nú fyrir Alþ. um hjálp í veikindaforföllum húsmæðra.

Ég vil svo að lokum geta þess, að ég hef haft fyrirvara um afstöðu mína til mæðralaganna. Ég tel, að nú, þegar svo illa árar, eigi sízt að klípa af mæðralaununum og mönnum beri að standa saman um þá löggjöf; og ég mun því greiða atkv. með þeim till., sem gerðar eru á þskj. 358.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Þær brtt., sem ég flyt við þetta frv., hef ég sumpart flutt með hv. 4. þm. Reykv. og sumpart með hv. 8. þm. Reykv., og hafa þau bæði mælt fyrir þeim. Hef ég þar ekki miklu við að bæta. Þó vil ég fara nokkrum orðum um afstöðu mína almennt til þessa frv. og sjálfra tryggingalaganna.

Það eru nú liðin 6 ár síðan því var lofað með samningum þriggja stjórnmálaflokka árið 1944, og bak við þann samning stóð og stendur enn yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar, að hér á landi skyldi komið á fullkomnu tryggingakerfi, sem yrði borgurunum vernd frá vöggu til grafar án tillits til stétta eða efnahags og eins fullkomið og í nokkru landi öðru. Á næstu tveimur árum var af heilindum unnið að efnd þessa loforðs, og árangurinn liggur fyrir í lögunum um almannatryggingar frá árinu 1946. Og enda þótt framkvæmd þessarar hugsjónar hafi í mörgum atriðum gengið seinna en tilgangur þeirra var, sem undirbjuggu þessa löggjöf, þá verður að segja, að reynt hafi verið að standa við hið stóra loforð frá 1944. Og þegar þessi lög voru sett, þá var það vitað, að þau mundu ekki komast í framkvæmd í öllum atriðum fyrr en smátt og smátt. Þannig hefur því verið frestað ár frá ári að láta þann hluta þessara laga koma til framkvæmda, sem ég tel hvað merkastan, og því borið við, að skilyrði til þess væru ekki enn fyrir hendi, en þar er um að ræða að veita hinum tryggðu heilsugæzlu og margs konar heilsuvernd frá vöggu til grafar. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að það verði ekki fyrr en eftir 5 ár, að þetta komi til mála almennt. Það var svo með sjúkrabæturnar, að þær gengu ekki í gildi fyrr en árið 1948, t. d., og eins er með fleiri ákvæði þessara l., að almenningur hefur verið að átta sig á því síðan þau voru sett, hvaða rétt hann ætti samkv. þeim, og hann er ekki enn kominn til botns í því. Nú, þegar enn harðnar í ári, þá má vænta þess, að enn fastar verði leitað en áður eftir réttarbótum samkv. þessum lögum, og því enn ríkari nauðsyn, að Tryggingastofnunin fái að halda þeim tekjuafgangi, sem nú er mænt á. En bætur allar hafa sem kunnugt er rýrnað mjög í gildi síðan l. voru sett.

Í ákvæðum l. frá 1946 var gert ráð fyrir, að raunverulegt gildi bóta yrði látið haldast, og í bráðabirgðaákvæðum var gert ráð fyrir að miða við raunverulegan framfærslukostnað og endurskoða l. ekki síðar en á árinu 1950 með tilliti til slíkra breytinga á framfærslukostnaðinum.

Nú er vitað, að dýrtíð hefur aukizt svo í landinu, að gildi bótanna stenzt engan samanburð við það, sem þær höfðu, er l. voru sett. Það var lengi svo, að flestallar bætur voru greiddar með vísitölunni 300, enda þótt hin opinbera vísitala væri komin upp í 347 stig og þó röng, eins og einn sá hagfræðingur, sem mest er handgenginn hæstv. ríkisstjórn, lýsti yfir í fyrra. Hafa bæturnar þannig stórlega rýrnað og sífellt áframhald orðið á þeirri þróun.

Í frv. um þetta efni, sem lá fyrir þessari hv. d. í fyrra og undirbúið var af mönnum, sem höfðu reynslu í þessum málum, var gert ráð fyrir því, að þó sama grundvelli væri haldið, væri hægt að auka nokkuð bætur. Var gert ráð fyrir því að taka upp nýja flokka bóta — mæðralaun og uppbætur á elli- og örorkulaun. Í meðferð þessarar hv. d. á því frv. voru þær till. yfirleitt allar samþykktar. Þó var gerð breyting á 34. gr. til hins verra og í sömu átt og nú er gerð með 10. gr. þessa frv. En

við það höfum við gert þá brtt., að sú gr. falli niður.

Nú er allt það, sem endurskoðunarn. tryggingalaganna var sammála um að leggja til í fyrra, fellt úr frv., en þær till., sem hv. 4. þm. Reykv. og ég berum fram, eru yfirleitt á sama grundvelli og lagður var af endurskoðunarn. tryggingganna í fyrra. Við beittum okkur fyrir því í fyrsta lagi, að iðgjöld til tryggingganna yrðu að hækka jafnt fyrir alla, eins og raunar öll n. er sammála um. Mér er að vísu ljóst, að bæjar- og sveitarsjóðirnir eru þess lítt umkomnir, eins og þeirra fjárhag er komið, að auka gjöldin til tryggingganna, en þó höfum við fallizt á, að ekki sé hægt að gera neinar undantekningar um bæjar- og sveitarfélög, ef allir aðrir aðilar greiða hærri gjöld til tryggingganna.

Af þeim till., sem ég flyt með hv. 4. þm. Reykv. og má segja, að leiði af sér útgjöld fyrir Tryggingastofnunina, tel ég mest um vert b-lið við 2. till., að Tryggingastofnunin fái heimild til að hækka lífeyrisgreiðslur til manna, sem eru eignalausir og búa við fullkominn skort á vinnugetu og einstæðingsskap. Ég hygg, að það verði allir sammála um, að þessi flokkur manna eigi við hin ömurlegustu og verstu kjör að búa af öllum og eigi þá ef til vill það bezta skilið af okkur, sem komnir erum á fullorðins ár og höfum einhver áhrif á það, við hvaða kjör þeir búa. Það er gamla kynslóðin, sem hefur í rauninni skapað það, sem til er í þessu landi, og stendur undir framförunum, sem hafa verið, og er nú að komast á elliár, og þeir, sem eru heilsulausir og án vinnugetu og auk þess eignalausir.

Í öðru lagi legg ég fyrir mitt leyti mesta áherzlu á hinn nýja flokk bóta, mæðralaunin, sem endurskoðunarn. tryggingamálanna var sammála um að leggja til að taka upp í fyrra, og eru þær uppbætur, sem gert er ráð fyrir með þessari brtt. okkar, hinar sömu sem þar er gert ráð fyrir.

Þá vil ég aðeins minnast á þær brtt., sem ég flyt með hv. 8. þm. Reykv., og eru 2 hinar fyrri þeirra um þann styrk, sem ætlaður er einstæðum mæðrum, sem allir viðurkenna, að geta átt við erfið kjör að búa. Þessar till. báðar hafa verið studdar eindregið af fulltrúum kvennasamtakanna í landinu, sem mættu hjá n., og leggja þær áherzlu á, að þessar brtt. við frv. nái fram að ganga, jafnvel frekar en nokkrar aðrar, og sumir töldu meira virði, að þessar breyt. á mæðrastyrknum, sem þessar 2 brtt. okkar fjalla um, næðu fram að ganga, töldu það jafnvel meira virði en mæðralaunin sjálf, sem fela þó í sér miklu meiri upphæð fyrir tryggingarnar. Það er viðurkennt, að þetta atriði muni ekki baka tryggingunum nein stórkostleg útgjöld, en þær konur, sem þessum málum eru kunnugastar, telja, að þetta sé stórkostlegt atriði fyrir einstæðar mæður, og hníga öll rök að því, að það sé ekki aðeins fyrir mæðurnar, heldur líka vegna barnanna, sem fæðast við þau kjör, að foreldrar eru ekki til taks að sjá fyrir þeim. Þess vegna legg ég áherzlu á, að þessi breyt. á gildandi l. verði ekki gerð, sem 10. gr. felur í sér.

Síðasta brtt. á þskj. 371 var samþ. hér í hv. d. í fyrra; ég flutti hana þá, og ég trúi varla, að hv. d. geti ekki enn samþ. hana. Hún er aðeins heimild til Tryggingastofnunarinnar og hefur ekki í för með sér verulegan kostnað fyrir hana, en opnar möguleika fyrir sjúkrasamlög að hjálpa heimilum í veikindatilfellum, og mundi kostnaður af því koma á þau sveitarfélög eða sjúkrasamlög, sem kynnu að veita slíka aðstoð.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar brtt., hv. meðflutningsmenn mínir hafa mælt fyrir þeim öllum mjög vel, og hef ég ekki meiru við það að bæta.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Það eru nú þegar orðnar miklar umr. um þetta mál, eins og von er til, en þar sem nokkuð er liðið á nótt, skal ég ekki fara að þreyta hv. d. á því að tala langt mál um tryggingarnar í heild, þó til þess væri raunar tilefni. Ég get þó ekki látið hjá líða að geta þess, að mér sýnist, að það horfi nokkuð öfugt við um þá þróun, sem nú virðist ætla að eiga sér stað um almannatryggingarnar. Eins og kunnugt er og viðurkennt hefur verið í þessum umr., var því lofað fyrir nokkrum árum, að hér skyldi komið á tryggingum á borð við það fullkomnasta, sem ætti sér stað, og var farið af stað með þetta allmyndarlega, eins og hv. síðasti ræðumaður gat um. Þó var það svo, þegar l. voru sett 1946, að ýmsu var ábótavant og skrefið var ekki stigið svo fullt sem ástæða hefði verið til og æskilegt hefði verið, enda hefur síðan við umr., sem fram hafa farið um þetta mál, alltaf verið gert ráð fyrir því, að umbætur yrðu gerðar á l. í ýmsum efnum, og í hitt eð fyrra, þegar Alþ. ákvað að almenn endurskoðun skyldi fara fram á tryggingalöggjöfinni, þá var það áreiðanlega gert með það fyrir augum að gera á henni nokkrar umbætur samkv. þeirri reynslu, sem þá þegar var af henni fengin. Tryggingaráð, sem falin var þessi endurskoðun, hafði líka litið þannig á, því að í því frv., sem lagt var fyrir Alþ. í fyrra, og till. tryggingaráðs fólust ýmis atriði um allverulegar endurbætur á tryggingalöggjöfinni frá því, sem verið hafði. En í grg. fyrir frv. fannst tryggingaráði ástæða til að taka fram, að það treysti sér ekki til að ganga lengra en þá var gert með umbætur, vegna þess að ekki væri talið fært að raska þeim fjárhagsgrundvelli, sem tryggingarnar væru byggðar á. Sem sagt, tryggingaráð hafði talið það aðalhlutverk með þessari endurskoðun að koma á verulegum umbótum á tryggingalöggjöfinni, og það frv., sem það samdi, gekk í þá átt, þó að tryggingaráð viðurkenndi, að skemmra væri gengið en ástæða væri til. Síðan vita allir, hvernig fór um afgreiðslu þessa frv. á síðasta þingi, að það dagaði uppi, þó með fyrirheiti ríkisstj. um það, að þetta mál yrði tekið upp á næsta þingi og — að mér virtist — að það mætti gera ráð fyrir því, að haldið yrði áfram á þeirri braut, sem stigið var inn á með þessu frv., það sem það náði. Nú er reynslan orðin sú, að ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþ. að vísu frv. til breyt. á almannatryggingal., en þar sem gersamlega eru felldar niður þær umbætur, sem fólust í frv. tryggingaráðs í fyrra, jafnframt því sem lagðar eru auknar byrðar á það fólk, sem við tryggingarnar á að búa. Með þessu virðist mér vera snúið við á þeirri braut, sem mörkuð hefur verið fram að þessu; í staðinn fyrir endurbætur á tryggingunum virðist koma fram tilhneiging hjá ríkisstj. til þess að rýra tryggingarnar frá því, sem verið hefur, a. m. k. ef miðað er við fjárhags-

ástæður, sem nú ríkja í landinu, og fjárhagsörðugleika, sem margt af því fólki, sem tryggingarnar þarf að nota, á við að búa og munu fara vaxandi. Ég vil harma það, að svo virðist nú horfa sem stjórnarvöldin séu snúin við á þeirri braut, sem Alþ. áður hefur í rauninni markað með ákvæðunum um endurskoðun á tryggingalöggjöfinni með það fyrir augum að bæta hana, og nú er í staðinn komin tilhneiging stjórnarvaldanna til þess að fara að rýra rétt þessa fólks, sem trygginganna á að njóta, jafnframt því, sem þó er ætlazt til, að framlög þess til trygginganna verði aukin.

Ég skal sem sagt ekki þreyta hv. d. á því að ræða frekar um þetta almennt, en víkja nokkrum orðum að þeirri afgreiðslu, sem nú virðist horfa til með þetta mál hér í hv. d. Því fer að vísu betur, að heilbr.- og félmn., sem fjallað hefur um frv. ríkisstj., virðist ekki vera ríkisstj. algerlega sammála um stefnuna í þessum málum og leitast við að bæta ofur lítið úr þeim agnúum, sem á frv. eru, og er það að vísu virðingarvert, þó ég telji, að í þeim till., sem meiri hl. n. stendur að, á þskj. 352, sé allt of skammt gengið. Hins vegar hafa einstakir þm. flutt brtt., sem ganga lengra í þá átt að verða við þörfum þess fólks, sem við tryggingarnar á að búa, og vildi ég mega vænta þess, að þær brtt. mundu einnig verða samþ.; á ég þar við brtt. 358 og 371. En þrátt fyrir það, þó að í þeim till. komi fram viðleitni til þess að bæta nokkuð úr frv. eins og það var lagt fram í hv. d., þá tel ég, að með þessum till. sé þó líka of skammt gengið, og þyrfti í rauninni, eins og ég tel að Alþ. hafi stofnað til með ákvörðun sinni um almenna endurskoðun á tryggingalöggjöfinni í hitt eð fyrra, að gera á henni miklu víðtækari breyt. en þessar till., sem ég nú hef nefnt, fela í sér, þó ég ekki hafi flutt um það brtt. við afgreiðslu málsins, eins og henni nú verður háttað.

Til viðbótar þeirri viðleitni, sem fram kemur í flutningi þessara brtt., hef ég leyft mér að flytja á þskj. 383 tvær brtt., og flyt ég þær ásamt hv. 1. landsk. þm. og tel, að við þar takmörkum okkur aðeins við það fólk, sem varla verður á móti mælt, að mesta þörf hafi fyrir þá aðstoð, sem tryggingarnar veita þeim, og mesta þörf hafa fyrir það, að sú aðstoð verði aukin frá því, sem nú er. Þessar brtt. eru báðar við brtt. á þskj. 358. Fyrri brtt. er við 2. b. á því þskj. og fjallar um það, að hámark þeirrar aðstoðar, sem Tryggingastofnuninni er heimilt að veita gömlu og lasburða fólki, sem — eins og það er orðað — er algerlega eignalaust og sökum fullkomins skorts á vinnugetu og einstæðingsskapar getur ekki komizt af með venjulegan lífeyri, verði miðað við 60% af lífeyrisupphæð í staðinn fyrir 50%, eins og ákveðið er í þessari brtt.

Ég held, að það geti varla orðið á móti mælt, að þessu fólki, sem svo er ástatt um eins og hér er sagt, gamalt fólk og lasburða, sem engar eignir á og ekki hefur neina vinnugetu, sem sagt ekkert annað til framfæris en þann lífeyri, sem tryggingalöggjöfin ákveður, verði algerlega ókleift að lifa mannsæmandi lífi á þeim lífeyri, sem því er ákveðinn samkv. l. En ef ég man rétt, þá er það hámark, sem nú er heimilt að greiða á lífeyri þessa fólks, 40%, en brtt. 358 gerir ráð fyrir, að þetta hámark sé fært í 50%, en ég legg til, að sú heimild hækki í 60%, en ég tel, að þrátt fyrir það verði þessu fólki nógu örðugt um afkomu sína.

Hin brtt. er við 3. brtt. á þskj. 358 og fjallar um nokkra flokka, sem ekki eru tryggðir í tryggingalöggjöfinni eins og nú er, en hafa þó verið viðurkenndir m. a. af þessari hv. d. við meðferð málsins í fyrra, og er fullkomin ástæða til þess að taka þetta upp, þ. e. a. s. mæðralaunin. Eins og kunnugt er, var samþ. um þetta till. í d. á síðasta þingi, þó að þetta síðan hafi verið fellt niður í því frv., sem ríkisstj. lagði nú fyrir Alþ., og meiri hl. heilbr.- og félmn. hefur, þrátt fyrir samþykkt d. á þessu atriði í fyrra, ekki treyst sér til þess að taka þetta upp nú í sínar till. Flm. brtt. á þskj. 358 hafa hins vegar tekið upp till. um þetta samhljóða þeirri, sem samþ. var hér á síðasta þingi; till. mín og hv. 1. landsk. er hins vegar samhljóða till., sem ég flutti við meðferð málsins á síðasta þingi, þar sem gert er ráð fyrir því, að mæðralaunin verði lítils háttar hærri í sumum flokkum heldur en hin till. ákveður, en hámark þeirra er þó hið sama eins og felst í till. 358 og það sama og samþ. var í d. á síðasta þingi. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa till. Munurinn á henni og till. á þskj. 358 er í fyrsta lagi sá, að gert er ráð fyrir, að greidd verði mæðralaun þegar við 1. barn, þar sem hin till. gerir ekki ráð fyrir, að það verði fyrr en börnin eru 2. Ég þóttist leiða nokkur rök að því við meðferð málsins á síðasta þingi, að strax og einstæð kona hefur fyrir barni að sjá og hún hefur það á sínu heimili, þá torveldaði það henni mjög að stunda atvinnu utan heimilis til þess að afla sér tekna bæði til eigin framfæris og til framfæris barninu, því að barnalífeyririnn samkv. almannatryggingal. hrekkur ekki til þess að framfæra barnið til fulls, og örðugleikar hennar til þess að afla sér þessara tekna byrja strax með 1. barninu, og þess vegna er ástæða til þess að taka mæðralaunin upp á þennan veg. Ég hélt því einnig fram og geri það enn, að vegna þessa sé ástæða til þess, að mæðralaun með 1. barninu séu þegar nokkru hærri en sú hækkun, sem kæmi aftur með næsta barni. — Eins og ég sagði áðan, þá sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta, þm., sem voru á síðasta þingi, mun öllum um þetta kunnugt, og till. skýrir sig að öðru leyti sjálf. Það er aðeins mismunur á tölum, sem þarna er um að ræða, og vegna þess að nauðsyn mæðralauna hefur þegar verið viðurkennd af þessari hv. d., og ég geri ráð fyrir, að mönnum hafi ekki snúizt svo mjög hugur um þetta síðan í fyrra, vil ég vænta þess, að það verði enn samþ. af hv. d. að taka þennan bótaflokk inn í almannatryggingal., og ég vil vona, ef það verður gert, að þá verði líka fallizt á þær uppbætur og þá tilhögun á mæðralaununum, sem felst í till. okkar á þskj. 383. — Ég skal svo ekki þreyta hv. d. á frekari umr. um þetta, en vildi aðeins gera grein fyrir þessum till. á þann hátt, sem ég nú hef gert.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þó það sé nokkuð liðið á nótt, langar mig til að segja örfá orð um þetta mál, en ég skal reyna að stilla máli mínu mjög í hóf, enda hafa umr. farið það rólega og skipulega fram, að það er ekki ástæða til að teygja lopann mjög. Ég mælti

nokkur orð við 1. umr. þessa frv. hér í hv. d. og skýrði frá því, hvers vegna ríkisstj. hefði að sínu áliti orðið að leggja frv. fram á þann hátt, sem hún gerði, og þá m. a. fyrst og fremst að fella úr því þær till. til aukningar, sem voru í því frv., sem lá hér fyrir Alþ. í fyrra. Ég mun ekki fara að endurtaka neitt af því, sem ég þá sagði varðandi þetta efni almennt, en ég vil leyfa mér að snúa mér að þeim brtt., sem hér liggja fyrir, og segja um þær örfá orð.

Brtt. á þskj. 352 eru frá heilbr.- og félmn., og stendur n. sameiginlega að þessum till. Frsm. n. mælti svo skilmerkilega fyrir þeim, að ég get stytt mál mitt nokkuð.

1. brtt., við 21. gr. frv., um sjúkrasamlög, fjallar um, að í stað þess, að í 5. lið segir, að hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs skuli vera 60 kr. á ári, leggur n. til, að það verði 62 kr. á ári að viðbættri verðlagsuppbót samkv. vísitölu. Ég vil geta þess, að þegar frv. var lagt fram, var mér ljóst, að framlagið, sem hér var um að ræða, var skorið við nögl og það þyrfti að hækka það. Einnig vil ég geta þess, að ýmis atriði í sambandi við sjúkrasamlagsmálið þyrftu athugunar við, og gæti það orðið til sparnaðar.

Í 3. lið var tekið upp það nýmæli, að ríkisstj. geti ákveðið greiðslur sjúkrasamlaga fyrir viss lyf og skuli takmarkaðar frekar en nú er gert í l. Ég skildi ummæli frsm. n. þannig, að réttur sé til að nota þetta ákvæði. Það er ljóst, að ekki er hægt að framkvæma þessa grein öðruvísi en þetta ákvæði verði notað.

Mér þykir vænt um að heyra þessa yfirlýsingu nm. — Ég hef lofað að tala stutt, en enn eru fleiri atriði, sem þyrfti að taka til endurskoðunar við næstu skoðun laganna. Það er t. d. aðstaða lækna til sjúkrasamlaga. Því er ekki að leyna, að margir líta svo á, að þeir hafi hærri laun en eðlilegt er fyrir þjónustu sína, sem er raunar mjög mikilvæg. — Ég vil benda á þetta atriði, þetta er eitt af þeim atriðum, sem hljóta að koma til athugunar síðar. Ég mun því fallast á þessa till. n. eins og hún er sett fram, enda er komið samkomulag milli n. og ríkisstj. að hækka framlagið. Hitt er annað mál og er mér ljóst, að atriði hafa breytzt, en ég vænti þess, að allir aðilar sætti sig við þetta mál. Ekki get ég þó sætt mig við þá till. að hækka þessa upphæð upp í 69 kr.

2. brtt. n., við 24. gr., er veigamikill þáttur í frv. Allmikið hefur verið að henni fundið, t. d. af 4. þm. Reykv., hvernig frá greininni væri gengið. Var ætlað að hækka iðgjaldagreiðslur um 15%, en iðgjöld atvinnurekenda ekki nema um 2—3%, en gert ráð fyrir, að ríkissjóður og sveitarfélög greiddu sama gjald. Gert var ráð fyrir, að greiðsluhalli, sem tryggingarnar yrðu fyrir, væri um 6 millj. Ég hef grun um, að hv. 4. þm. Reykv. eigi forðabúr og geti séð um, að þessi halli verði ekki svo mikill. Hann sagði, að með því að breyta hlutföllunum, sem lögð höfðu verið fram, væri ruglað þeim grundvelli, sem þarna ætti að vera. Þótt gerð hafi verið einhver hlutföll í upphafi, er það engin biblía, sem ekki má breyta. — Ég get fallizt á það, sem hann sagði, að þetta þyrfti að athuga nánar og betur. — Í þessu frv. var lagt til að binda vísitöluna við 115, og var þetta gert á þeim forsendum, sem ég veit, að hv. þm. Barð. er kunnugt um, að ákvörðun er tekin, áður en vitað er, hvernig fari um launagreiðsluna. — Það er ekki rétt að leggja fram till. á Alþingi, sem ekki er hægt að samþykkja. Ég vil lýsa því yfir, að mér hefur aldrei dottið í hug að hafa aðra vísitölu við tryggingarnar en launagreiðslu almennt. — Ég get í raun og veru látið þetta nægja um þessa veigamestu brtt. n., og ég mun fallast á hana, ef greiðsla verður miðuð við 8,33%, sem var meðalvísitala s. l. árs.

Nú vil ég geta þess, að 3. brtt. n., sem er við 25. gr., er bein afleiðing af því, sem við höfum verið með. Í frv. er iðgjaldagreiðsla bundin við 15%.

Við 30. gr. er smábrtt., sem ég hef ekkert um að segja. Að n. hefur hugsað þannig, að í stað þess að í 30. gr. segir: „Tekjuafgangi Tryggingastofnunarinnar, eins og hann nú er orðinn og síðar kann að verða, skal varið til þess að mæta halla, er verða kann á rekstri tryggginganna einstök ár ...“, komi: „að mæta ófyrirsjáanlegum halla“. Ég hef ekkert á móti, að þetta orð sé sett þarna inn í. Það er aðeins orðalagsbreyting.

Að lokum leggur n. til, að aftan við 37. gr. frv. bætist svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði: „Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum frá tryggingaráði, að ákveða jafna hundraðshlutahækkun á iðgjöld og framlög til tryggingaráðs, ef kaupgjald í landinu verður greitt með hærri verðlagsvísitölu en 115 á árinu 1951 og sýnilegt er, að Tryggingastofnunin þurfi á því fé að halda til þess að greiða bætur með fullu vísitöluálagi án þess að skerða tryggingasjóðinn óeðlilega. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði þann hluta, sem honum ber að greiða vegna áhættu“. — Ég vil taka það fram, að ég tel þetta bráðabirgðaákvæði óþarft. Ég álít það gefið að ganga frá frv. eins og n. leggur til, og verði rekstrarhalli tryggginganna nokkru minni. Þó hann verði hærri, er ekki víst, að hann verði það mikill, að nokkur hætta verði fyrir almannatryggingarnar á næsta ári. Ég lýsti því yfir fyrr, að það væri fullur ásetningur minn að ganga ekki það nærri tryggingunum, að hætta væri fyrir stofnunina. Valdið í þessu máli er í höndum ríkisstjórnar, ef of nærri er gengið Tryggingastofnuninni. Ég vona, að það þurfi ekki að koma fyrir á næsta ári. Yrði þá Alþingi að koma saman á miðju ári, og þá yrði að ræða fleira en tryggingarnar.

Sumum till. hér er ég algerlega sammála og mun ekki vera á móti því, að þær verði samþ. — Nú liggja fyrir aðrar brtt., en ég fer fljótt yfir, til að þurfa ekki að þreyta ykkur, hv. þm., nú um miðja nótt.

Ég hef við fyrri umr. gefið yfirlýsingu varðandi almannatryggingar, sem hefðu aukin útgjöld fyrir ríkissjóð í för með sér. Þær till., sem liggja fyrir á þskj. 358 frá hv. 4. þm. Reykv. og hv. 7. landsk. þm., eru allar um hækkun á lífeyri og tryggingaiðgjöldum og um leið hækkun útgjalda. Ég vil vísa til þess, sem ég hef áður sagt, að það er ekki hægt að auka tryggingarnar, þótt margir álíti, að hér sé um að ræða beztu almennu stofnun ríkisins. Það er hrein óþolinmæði og ekki hægt að vænta þess, að mögulegt sé að byggja upp fullkomnar tryggingar á örfáum árum. — Í þessu sambandi vil ég vísa til jarðræktarlaganna, sem eru að

mörgu leyti hliðstæð þessum. Þau eru um að rækta jörðina og skapa lífvænleg skilyrði á landi. Oft hefur gætt óþolinmæði manna og verið gert gys að, að l. hefur verið breytt hvað eftir annað, oft á hverju ári. — En hvað er eðlilegra, meðan ekki er séð, hvað er bezt? — Ég álít, að svipað sé um almannatryggingarnar. Tilgangurinn með þeim er að bæta kjör fólksins og rækta fólkið og gefa því mannsæmandi líf. Þetta þarf allt þróun. Við erum nú í öldudal, hvað snertir fjárhag þjóðarinnar. Ég álít tvísýnt að ætla nú á þessu stigi að gera þær öflugri. Það verður að gá í kringum sig og athuga aðstæðurnar, og er ekki aðeins átt við ríkisstjórn. Það vita allir, hve erfitt er að hafa greiðsluhallalaus fjárlög næsta ár. — Það er tvísýnt að hækka gjöldin, og í stað þess, að tryggingarnar eiga í eðli sínu að vera vinsælar, gætu þær orðið óvinsælar. — Ég vil sporna á móti öllum breytingum nú, eins og sakir standa, og er þakklátur form. heilbr.- og félmn. fyrir, að hann tók undir með mér um þetta atriði. — Vona ég, að úr rætist um fjármálin og við komumst brátt upp á öldutoppinn, og þá verði hægt að bæta tryggingarnar, þar sem á vantar. Vonandi þarf ekki lengi að bíða þess. — Vel er hægt að mæla fyrir þessum till., en spurningin er sú, er eðlilegt og er hægt að gera það nú? Ég álít ekki, enda þótt það afli mér óvinsælda að mæla svo. Ef Alþingi stæði í ábyrgð fyrir greiðslu og það færu að falla millj. á þennan hátt, hvað mundi það gera? — Nú er farið að skjóta upp þeim hugsunum, að hver beri ábyrgð á sínu, Alþingi geti ekki borið ábyrgðina. Þetta er vandamál, sem mér finnst ekki hægt að ganga fram hjá. Það er ekki hægt að auka útgjöld til trygginganna, a. m. k. ómögulegt fyrir þann, sem hefur félmrn. til meðferðar.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri og ætla ekki að ræða um einstakar brtt. á þskj. 358 og 383. Ég mæli gegn þeim með mínum rökstuðningi og frá mínu sjónarmiði, og ég held, að mér sé óhætt að segja sjónarmiði allrar ríkisstj.

Hér hafa komið fram brtt., og get ég sagt sama um þær, þó þær séu annars eðlis en brtt. á þskj. 371. En hvað því líður að fella niður 7. og 10. gr., er ég mótfallinn hvoru tveggju. Hins vegar mun ég láta afskiptalaust, hvort síðari brtt. aftan við 11. gr. verður samþ. eða ekki. En í rauninni er hún ekkert annað en heimild að geta tekið þátt í kostnaðinum, ef sveitarfélögin hafa hjúkrunarkonu eða aðstoðarkonu. Ég vissi, að 8. þm. Reykv. flutti frumv. um húsmæðrahjálp, og fannst mér þetta eiga heima þar og taldi það eðlilegt, að aðstoð kæmi frá almannatryggingunum. Ég skal ekki hafa nein afskipti af því, hvort till. er samþ. inn í frv. eða ekki. — Ég læt þessu þá lokið, en tek fram, sem reyndar hefur komið fram hjá hv. frsm. n., að nauðsyn er að hraða þessu frv. og samþ. það áður en þingmenn fara í jólaleyfið. Mér hefur virzt á umræðunum, að það væri áhugamál allra að flýta fyrir því eins og hægt væri.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og hæstv. forsrh. sagði, er nauðsynlegt að ljúka þessum umr. í kvöld, til þess að geta afgr. frv. fyrir jól. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir undirtektir hans, sem voru mjög kærkomnar, og það hjálpar til að koma þessu máli fram fyrir áramót. Ég vil einnig þakka honum fyrir samvinnuna, síðan málið kom í n. Það féll í minn hlut árið 1946 að slást við hv. 4. þm. Reykv. hér í þinginu um þetta mál. Það hefur vanalega legið á mér, að ég væri afturhaldssamur í sambandi við þessa löggjöf, en það hefur alltaf vakað fyrir mér að fara ekki lengra en það, að ekki þyrfti að stíga til baka. Þess vegna er mín afstaða mörkuð í n. Ef þessi afstaða hefði ekki verið tekin, væri komið verr fyrir tryggingunum en nú er. Það er ekki rétt að taka inn fleiri breytingar, sem leiða af sér fleiri útgjöld í sambandi við málið. Við hv. 4. þm. Reykv. vil ég segja, að mér fannst lítið tilefni til, að hann færi að ávíta ríkisstj. fyrir þetta mál. Mér þykir of vænt um málið til þess, að ég reyni ekki að draga það út úr flokksdeilum. Ég vænti þess, að með hans djúpa skilningi á málinu finni hann annað tilefni til þess að skjóta að ríkisstj. Mér finnst ríkisstj. hafa sýnt mikinn skilning á málinu, og ég hef reynt að skilja þá ábyrgð, sem hvílir á forsrh. í sambandi við það. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði, að innheimtuörðugleikar ykjust, þegar illa áraði, vil ég segja, að ekki hefur verið kvartað undan öðrum en sveitarstjórnunum. Hinir tryggðu fá fullar uppbætur á vísitölu, en þá er engin ástæða til að gefa sveitarstjórnunum eftir. Það er engin ástæða til að kvíða því, að hér verði nein sérstök áföll. Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða þessa brtt. frá hv. 4. þm. Reykv. Ég vil geta þess, að eðlilegt er, að ódýrara sé að lifa úti á landi, en þeir, sem þar búa, hafa þó stórkostlegan kostnað í sambandi við læknisvitjanir, og er það þó eitthvað annað en í Reykjavík. Ég vil mega vænta þess, að hæstv. forsrh. láti nota þessa heimild.

Í sambandi við brtt. frá hv. 8. þm. Reykv. er nauðsyn að segja nokkur orð. Ég vil minnast á það, að ef 7. gr. er felld niður, er verið að stöðva það ranglæti, sem nú ríkir. Hér eru gerð jöfn kjör giftra og ógiftra kvenna í landinu. Ég sé ekki ástæðu til, að gift kona fái hærra meðlag með börnum en ógift. Ég vil, að framlagið falli niður, er ógift kona giftist aftur. Hvers vegna á hún að halda sérstökum launum, þegar hún hefur gifzt aftur? Þetta er ekkert annað en hvítt mansal. Hér er verið að bjóða upp á konur, sem hafa tekjur frá ríkisstofnun sem heimanmund og meðlag með börnunum getur farið í allt að 70 þús. krónur. Ég fylgi því, að þetta ákvæði verði lagað nokkuð, en er á móti því, að þessi gr. verði lögð niður. — Í sambandi við 10. gr. vil ég segja, að ég tel rangt að fella hana niður. Þetta getur kostað stofnunina 300 þús. krónur, en ég tel rangt að gera það, og það minnsta, sem hægt er að krefjast, er, að mæður sýni skilríki fyrir því, hver sé faðir barnsins. — Ég legg til, að allar brtt., aðrar en nefndarinnar, verði felldar, vegna þess að ég tel heppilegast fyrir stofnunina sjálfa, að ekki sé farið lengra inn á bótaleiðina á þessu stigi málsins.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil fyrst víkja að hæstv. forsrh. Ef áhugi hans fyrir breytingum á tryggingalöggjöfinni er sá sami og fyrir breytingum á jarðræktarlögunum, þarf ég ekki undan neinu að kvarta. Viðhorfið til tryggingalöggjafarinnar og jarðræktarlaganna er ekki alveg hið sama. Það, sem mig og hæstv. ráðh. greinir á, er, hvernig erfiðleikunum verði mætt.

Ég álít, að þeim sé betur mætt með því að auka tryggingarnar heldur en að gera það ekki. Það er óhjákvæmilegt, að eitthvað af því fólki, sem nýtur trygginga, á ekki annars kost en að fara fram á fátækraframlag. Á þetta hef ég bent áður í þessum umræðum. Ég játa, að vegna samstarfs míns við hæstv. ráðh. er mér kunnugt um hug hans til tryggingalaganna. Hann grunaði, að af Tryggingastofnuninni væri ekki eins mikill halli og látið væri af. Áætlunin er samt of varfærnisleg og þolir ekki miklar sveiflur. Því hefur verið haldið fram, að tryggingarnar væru eins konar baggi á sveitarfélögunum. Þau sveitarfélög, sem óska að hafa eftir afskipti ríkisstj., hafa lagt á útsvör, sem hafa fullkomlega nægt til að greiða kostnaðinn. Vanskilin stafa af því, að bæjarfélögin hafa notað féð til annars. Nefndin hefur borið fram till. út af því, að þeir bæir, sem erfiðast eiga með að standa í skilum með þessa greiðslu, hafa enga hækkun fengið frá gömlu tryggingalöggjöfinni.

Ég vík svo að brtt. á þskj. 371, sem 8. landsk. þm. gerði grein fyrir. Viðvíkjandi fyrstu breytingunni er ég sammála þm. Barð., að engin ástæða sé til að greina á milli giftra og ógiftra kvenna. Um breyt. á 10. gr. hefur orðið mikil deila, en um það hefur orðið samkomulag, er ég gekk inn á um tíma að fella þetta niður, enda tel ég, að sú óánægja að verulegu leyti sé á misskilningi byggð. Allur þorri þeirra kvenna, sem njóta fæðingarstyrks, hefur tekið hann, eftir að sængurlegunni er lokið. Sú breyting ein var gerð, er snertir ógiftar mæður, að Tryggingastofnunin fær endurkröfurétt á hendur barnsföðurnum. Í sambandi við þetta, er ágreiningur verður, leggja mæðurnar fram úrskurð á hendur barnsföður um, að honum beri að greiða meðlagið. Það, sem andstaðan byggist á, er í fyrsta lagi, að svo getur farið, að stúlkan fái ekki kröfu á hendur barnsföður, í öðru lagi getur dregizt að fá þennan úrskurð. Ég álít, að nokkuð sé til í þessu, en tel, að of mikið sé úr þessu gert. En til eru þau tilfelli, að mæður þurfi að fá styrkinn útborgaðan, jafnvel áður en þær ala barnið. Konan leggur þá fram vottorð frá lækni, að hún eigi von á barni innan sex vikna. Nú getur verið um fá tilfelli að ræða, en mér finnst rétt að bæta úr þessu. Ég legg fram skriflega brtt. við 10. gr.: Á eftir orðunum „fyrir barnsfararkostnaði" bætist inn í greinina: eða hefur gert ráðstafanir til að afla sér slíks úrskurðar. — Ef svo stendur á, að stúlka getur ekki snúið sér til viðkomandi yfirvalds, þá mundi ég telja, að hún sneri sér til lögfræðilegs ráðunautar mæðrastyrksnefndar og fengi yfirlýsingu frá honum, og mundi hann ganga eftir, að úrskurður yrði kveðinn upp gagnvart barnsföður, og yrði þetta þá greitt frá Tryggingastofnuninni. Áhætta hjá Tryggingastofnuninni er sama og engin, aðeins í fáum tilfellum. Sé hins vegar sú leið farin að leggja á Tryggingastofnunina þá kvöð að greiða mæðralaun án þess að leita eftir úrskurði, þá hlyti afleiðingin að verða sú, að ekki væri gengið eftir réttu faðerni. Þetta er ekki aðeins vegna Tryggingastofnunarinnar, heldur líka vegna barnsins, því að réttur þess er bezt tryggður með því, að faðernið sé rétt. Þess vegna legg ég þessa till. fram til umr. Ég get svo látið máli mínu lokið, en ég vil taka það fram um 2. brtt. á þskj. 383, að það væri að sjálfsögðu æskilegt, að það væri hægt að greiða mæðralaun eins og þar er gert ráð fyrir, en ég tel, að það liggi meira á ýmsum öðrum lagfæringum á tryggingalöggjöfinni heldur en að ákveða mæðralaun til fullhraustra kvenna, sem ekki hafa nema fyrir einu barni að sjá.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 397) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 39. fundi í Ed., 14. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 358,1 felld með 9:5 atkv.
— 358,2.a felld með 9:5 atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 383,1 felld með 9:3 atkv.
— 358,2.b felld með 9:5 atkv.
6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 371,1 felld með 9:6 atkv.
7.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 371,2 felld með 8:5 atkv.
— 397 samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 11:3 atkv.
Brtt. 358,3.a felld með 9:5 atkv.
— 383,2 felld með 9:3 atkv.
— 358,3.b felld með 8:7 atkv.
— 371,3 samþ. með 9:3 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
12.—15. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 358,4 tekin aftur.
16.—19. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 358,5 felld með 9:5 atkv.
— 352,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
22.—23. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 358,6 felld með 9:5 atkv.
— 352,2 (ný 24. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 358,7 felld með 9:6 atkv.
— 352,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
26.—29. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 352,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
31.—37. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 352,5 samþ. með 9:4 atkv.
Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 410).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur ekki tekið þetta mál til umræðu síðan það var afgr. hér við síðustu umr., en mér er kunnugt um það, að hv. 4. þm. Reykv. (HG) hefur hugsað sér að bera fram brtt. við þessa umr.

hér og hefur borið það undir einstaka nm., án þess þó, að haldinn hafi verið um hana annar fundur. Ég hef ekki séð, að brtt. hafi verið útbýtt, en vildi gjarnan óska þess, að hæstv. forseti fengi um það vitneskju frá skrifstofunni, hvort till. hefur verið prentuð, og afgreiða málið a. m. k. ekki fyrr en sú vitneskja liggur fyrir. — Ég sé, að hv. 4. þm. Reykv. er nú kominn í d. Ég var að minnast hér á till., sem von er á í sambandi við afgreiðslu almannatryggingal., en þar sem hv. þm. er nú kominn, get ég látið máli mínu lokið hér. Ég hef sem frsm. meiri hl. ekkert við málið að athuga, eins og það er, og mun ekki bera fram brtt., en mun fylgja þessari brtt., ef hún er eins og talað var um í gær.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég bið afsökunar á því, að ég mæti ekki fyrr en þetta, en ég tafðist á leiðinni. — Það hefur nokkuð verið rætt um það í n. að bera fram nú við 3. umr. brtt. við 29. gr. frv., en sú gr. fjallar um innheimtu framlags sveitarsjóða. Það hefur komið hér fram í umr., að síðastliðin ár hafi nokkrir erfiðleikar komið í ljós við innheimtu framlags frá einstöku bæjar- og sveitarfélögum, og vék hæstv. forsrh. að því í ræðu sinni hérna um daginn. Það er að vísu rétt, að nokkuð hefur borið á þessu hin síðari ár, en það stafar að mínu áliti af því, að innheimta útsvaranna fer til þess að greiða gjöld, sem eru umfram hin ákveðnu gjöld í fjárhagsáætlunum hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga, og hefur þá valdið erfiðleikum á því að inna af höndum önnur lögboðin gjöld, sem tekin hafa verið upp í áætlanirnar. — N. hefur ráðgazt um þetta við skrifstofustjóra félmrn., sem jafnframt er eftirlitsmaður bæjar- og sveitarstjórna í landinu, og gerði hann uppkast að till., sem nú skal greina frá og ég vil leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta. Brtt. er svo hljóðandi:

„Við 29. gr.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo látandi:

Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu á framlagi sínu til Tryggingastofnunar ríkisins í eitt ár eða lengur, og er ráðherra þá heimilt að ákveða, að á útsvör tiltekinna stofnana, fyrirtækja og einstaklinga í sveitarfélaginu skuli lagt hald og þau greidd innheimtumanni ríkissjóðs, þegar þau falla í gjalddaga, og skal sú skipan haldast þar til skuld sveitarsjóðs við Tryggingastofnunina er að fullu greidd."

Samkv. þessari till. er gert ráð fyrir, að ráðh. sé heimilt, ef vanrækslu á framlagi sveitarsjóða til Tryggingastofnunarinnar hefur átt sér stað í eitt ár eða lengur, að leggja hald á útsvörin, þannig að um leið og þau séu greidd, gangi þau til þess að greiða þessar vanskilaskuldir, og sú skipan haldist, þar til skuldin við Tryggingastofnunina er að fullu greidd. — Ég hef ekki haft tækifæri til að halda fund um þetta í n., en ég held, að 4 nm. af 5 séu sammála um að mæla með því, að þessi till. verði samþ., og vil ég mælast til þess, að hv. d. samþykki hana.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. meiri hl. heilbr.- og félmn., sem hv. 4. þm. Reykv. hefur nú lýst. — Þar sem brtt. er skrifleg og auk þess of seint fram komin, þó að hún sé frá meiri hl. n., þarf afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 427) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Mér þykir nú æði áhrifamikil till. koma hér nokkuð skyndilega inn í umr. málsins. Ég minnist þess ekki, að í nokkurri löggjöf sé gengið jafnlangt í því að taka valdið af sveitarstjórnum í meðferð útsvara. Tryggingastofnunin er ágæt stofnun, en þess er þó að gæta, að þótt hugsa þurfi fyrir hennar rétti, þá þarf líka fleira að gæta. Ef gefa á heimild til þess að fleyta þannig ofan af aðaltekjulind sveitarfélaganna, þá finnst mér satt að segja, svona í fljótu bragði, of langt gengið, og þess vegna er það, að ég get ekki greitt þessari till. atkv. Það nálgast það, að með svona till. væri Tryggingastofnuninni gefinn réttur til þess að leggja aukaútsvar á sveitarfélögin og innheimta þannig það, sem þau eiga vangoldið. Nú er sjálfsagt að ætlast til þess, að sveitarfélögin standi í skilum, en reynslan hefur sýnt, að það getur nokkuð slegið í harðbakkann fyrir þeim í ýmsum efnum, og það ríður æði mikið á því fyrir þau að halda lánstrausti í viðskiptum, bæði heima hjá sér og við stofnanir, en þegar svona væri komið, að Tryggingastofnunin gæti gengið að því, sem auðveldast er að innheimta af útsvörunum, er enginn vafi á því, að aðrir lánardrottnar sveitarfélaganna mundu missa traust á þeim og telja, að vafasamt væri að sýna linkind eða hafa viðskipti við sveitarfélögin.

Till. ber svo bráðan að, að það er ekki þægilegt að snúast við henni með brtt. En eins og hún er lögð fyrir, get ég ekki greitt henni atkvæði mitt.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Hv. þm. S-Þ. telur, að með umræddri till. sé of langt gengið og Tryggingastofnuninni sé með henni fengið of mikið vald, svo að næstum sé hægt að segja, að hún geti lagt á aukaútsvör og innheimt þau. Þetta er mjög ofmælt, og sést það, ef till. er athuguð niður í kjölinn. Hitt er rétt, að það getur undir sumum kringumstæðum og í versta tilfelli rýrt lánstraust hlutaðeigandi sveitarfélaga. Hér er svo þess að gæta, að það er ekki Tryggingastofnunin, sem fær þetta vald í hendur, heldur ráðh., sem tekur sínar ákvarðanir í samráði við skrifstofustjórann í félmrn., sem á að vera treystandi til að gera sveitarfélögunum ekki neitt til tjóns. Þá vil ég einnig benda á, að í gr. er ákvæði um það, að þessu ákvæði megi beita þá fyrst, er sveitarfélag hefur vanrækt í ár eða lengur að greiða tryggingagjöld sín. Í slíku tilfelli mundi þá Tryggingastofnunin rita félmrn. bréf og óska eftir aðstoð þess við innheimtuna, en það metur svo málavexti. En ætlunin með till. er sú, að í stað þess, að ríkisstj. þurfi að greiða ábyrgðarskuldbindingarnar, þá geti ráðh. ákveðið að leggja þetta hald á útsvörin. Og ég er ekki viss um, að í þessari gr. felist veruleg breyt. í framkvæmd, frá því sem nú er, og ótti hv. þm. sé því ástæðulaus.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. undirstrikaði það, að það væri ráðh., en ekki Tryggingastofnunin, sem hefði valdið til að ganga að sveitarfélögunum, ef þetta ákvæði verður að l. Þetta er að vísu rétt. En það er jafnrétt, er ég hélt fram, að Tryggingastofnuninni er með þessu gefinn réttur á hendur sveitarfélögunum, enda þótt félmrn. hafi milligöngu. En það er svo um sveitarfélögin, að þeim þykir heimastjórn bezt, og utanstefnur vilja þau engar hafa, enda er ekki fyrir það að synja, að í höndum félagsmrh. geti þessi réttur orðið all-harkalegur fyrir sveitarfélögin, t. d. á þá lund, að lánstraust þeirra verði stórlega skert, eins og hv. 4. þm. Reykv. viðurkenndi, þar sem hér er svo til ætlazt, að Tryggingastofnunin fái forgangsrétt að tekjunum í hinu auðveldasta formi, þ. e. a. s. sjálfri innheimtu útsvaranna. — Nú er það svo í landi okkar, að víða eru útsvör ekki innheimt að stórum hluta fyrr en síðari hluta árs, og fyrri hluta ársins verða sveitarfélögin að byggja á því fé til veltu sinnar, sem auðveldast er að innheimta. Og að taka af sveitarfélögunum réttinn til að fá þessar tekjur, tel ég of langt gengið. Ég held því, að till. sé vanhugsuð nema frá sjónarmiði Tryggingastofnunarinnar, en hags beggja þessara aðila verður að gæta jafnt, svo að fullnægt sé öllu réttlæti.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það er reginmisskilningur hjá hv. þm. S-Þ., að hér sé verið að gefa Tryggingastofnuninni einhvern stórkostlegan rétt, enda er þessi till. ekki komin frá þeirri stofnun né heldur frá heilbr.- og félmn., heldur flutt að undirlagi ráðuneytisins, sem fer með þessi mál. Og það er ráðuneytið, sem fær þennan rétt; tryggingarnar eiga kröfu á að fá þetta fé beint frá ríkissjóði, ef annað bregzt, og það er gegn því, sem ráðuneytið vill tryggja sig. Þetta er augljóst mál.

Enn fremur ber þess að gæta, að þegar sveitarstjórnir og bæjarstjórnir gera sína fjárhagsáætlun og leggja á útsvör, þá leggja þær á ákveðið gjald til þess að standa straum af iðgjöldum til trygginganna, og um leið og búið er að greiða útsvörin, þá hefur þetta gjald líka verið greitt og er raunveruleg eign tryggingana, en ekki sveitarsjóðanna. En það hefur hins vegar komið fyrir, að sveitarfélög, sem hafa lagt á útsvör og fengið þau innheimt að fullu og þar með hið áætlaða gjald, hafa svo notað það í allt annað, þótt óheimilt sé. Því að þetta gjald er nefnilega ekki eign sveitarsjóðanna, heldur trygginganna, og þeir geta því ekki varið því eftir sínum geðþótta.

Þá vil ég leyfa mér að benda á, að flest sveitarfélög hafa fengið svo að segja jafnháar bætur frá tryggingunum eins og þau hafa lagt út í iðgjöldum, svo að þau þurfa raunverulega ekki að kvarta. Og því hefur m. a. komið tillaga til n. um að fara þá leið að fella niður bætur til einstaklinga í þeim sveitarfélögum, sem ekki standa í skilum. Á þetta gat n. þó alls ekki fallizt, að klípa t. d. af fé til gamalmenna vegna þess, að viðkomandi sveitarstjórnir hefðu tekið það fé, sem tryggingunum ber, og notað það til annars. Og fyrir mitt leyti get ég ekki fylgt því, að bætur verði felldar niður undir neinum kringumstæðum. Þær minnka líka beinlínis útgjöld bæjar- og sveitarfélaga með því að þær eru hjálp hinum fátækari og styrkja einnig hina efnaðri til að standa enn betur undir útgjöldum sveitarsjóðanna.

Það er því misskilningur hjá hv. þm. S-Þ., að hér sé gengið á rétt sveitarfélaganna. Hér er aðeins verið að gefa viðkomandi ráðh. rétt til að fara þessa leið, í stað þess t. d. að hlutaðeigandi sveitarstjórnir séu settar undir eftirlit. Og ég vænti þess, að hv. þm. geti verið till. fylgjandi, er hann hefur athugað þetta.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins segja um þetta örfá orð. Það er vitanlega dálítið óheppilegt, að till. þessi skuli vera skriflega fram komin svona á síðustu stundu og liggja þannig fyrir hv. d. Og ég geri því ráð fyrir, af því ég heyri, að ekki er fullt samkomulag um hana, að það verði að taka hana eitthvað frekar til athugunar.

Nú er það svo, eins og allir vita, að ríkissjóður ber ábyrgð á því, að framlög sveitarfélaganna séu greidd, samkv. núgildandi lögum. Hins vegar hefur oft heyrzt um það rætt, að losa þyrfti ríkissjóð við þessa ábyrgð. Ég held fyrir mitt leyti, að ábyrgð ríkissjóðs á innheimtunni eigi að standa í l. áfram, en hins vegar sé rétt, að hún verði gerð áhættuminni en nú er. Er þá einkum um tvær leiðir að velja, og er hin fyrri sú, sem hér er lagt til að verði farin; hin er sú, að svipta þau sveitarfélög réttindum, sem ekki standa í skilum, unz þau hafa greitt skuld sína. — Ég viðurkenni, að báðar aðferðirnar eru dálítið harðar, og þarf því ekki að undra, þótt forráðamenn sveitarfélaganna kveinki sér nokkuð. En einhverjar ráðstafanir verður hér að gera til þess að tryggja innheimtuna. Það er alveg víst, enda þótt ég nefni ekki að þessu sinni nein nöfn, að útsvarsálög, sem hafa verið innheimt og átt að fara til trygginganna, hafa í sumum tilfellum verið notuð til alls annars. Hafa þá viðkomandi sveitarfélög í fyrsta lagi gert sig sek um hlut og enn fremur gert þá nauðsyn brýnni, að gerðar verði ráðstafanir til þess, að þetta geti ekki komið fyrir.

Það virðist þó ekki heppilegt að ganga til úrslita í þessu máli nú, enda þótt ég hafi vonað, að hægt yrði að afgreiða það til n. í Nd. í dag. En ég vil leyfa mér að spyrja, hvort ekki megi taka till. aftur hér nú, svo að frv. geti þá farið eins og það er til Nd., og þetta sé svo athugað á milli umræðna og e. t. v. orðið samkomulag um þetta atriði, svo að allir mættu vel við una.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég vona, að enginn hafi tekið orð mín svo, að ég væri að mæla vanskilum bót eða undanbrögðum sveitarfélaganna um lögmætar greiðslur. En ég bendi hins vegar á það, að ef svo fer, sem oft vill verða, að þau komast í erfiðleika með greiðslur, þá verður að gæta hófs gagnvart þeim. — Mér virtist þess gæta í ræðu hv. þm. Barð., að hann skildi þetta mál ekki allt of vel. Gjaldið til trygginganna er víðast hvar ekki svo lítill hluti af útsvarsgjöldunum, t. d. er það 12—14% á Húsavík, og þó þetta sé tekið á áætlun, þá getur sú áætlun brugðizt, af því að tekjur innheimtast ekki. Þetta ber líka að athuga vel. Þá er ekki heldur rétt að gera mikið úr þeim samanburði, að sveitarfélögin fái ekki minna fé frá

tryggingunum en þaðan er goldið til þeirra. Mörgum bótunum er þannig háttað, að sveitarsjóður hefur engar tekjur af þeim eða möguleika til að bæta hag sinn vegna þeirra. Ég veit t. d. um margt fólk, sem dvelur í elli sinni hjá vandamönnum sínum og notar þetta fé til gjafa, og það kemur ekki fram sem aukið gjaldþol hinna tryggðu.

Varðandi þetta mál álít ég annars, að það væri einkum tvennt, sem fremur kæmi til álita en sú leið, sem lögð er til í þessari till. Það væri þá í fyrsta lagi, að sveitarfélögin væru sett undir eftirlit, ef þau komast verulega í þrot, og í annan stað, sem réttara væri, að tekinn væri til skuldalúkningar ákveðinn hluti af hverju útsvari, eftir því sem þau innheimtast.

Nú hefur hæstv. félmrh. lagt til, að þessi till. sé tekin aftur, og verður það gert og málið fer til Nd., og vænti ég þess, að þetta verði þar athugað. Ég er ekki á móti því, að þeir greiði, sem geta, og vil ekki vera með því, að sveitarfélög geti haft undanbrögð, en ég vil leggja áherzlu á það, að um leið og hugsað er um hag ríkissjóðs, þá sé vel séð fyrir hag sveitarfélaga og rétti þeirra.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég legg til, að í þessu sé höfð þriðja leiðin. Hæstv. ráðh. minntist á tvær, en þriðja leiðin er sú, að þegar hreppsnefnd gerir áætlun um sína greiðsluþörf, og það er gert nú þessa dagana, þá kemur í ljós, að viss hluti þarf að renna til þess arna. Forstöðumaður tryggingannna upplýsir, að það sé 12—14%. Þegar búið er að gera þessa áætlun, þá á hvert sveitarfélag að leggja ofan á 10% fyrir óvissum útgjöldum, þess vegna er nóg hér að láta Tryggingastofnun ríkisins fá heimild til þess að taka allt að 20% af útsvörunum. Þannig fengju innheimtumenn heimild til þess að taka 20% af hverju útsvari upp í þessa skuld, og það ætti að vera nóg, og þegar kemur fram á árið, ætti Tryggingastofnunin að vera búin að fá sitt. Þess vegna er þetta millivegur, sem ætti að fara. Hinar leiðirnar, sem talað er um að fara, að láta sveitarfélögin fá forgangsrétt að útsvörum, og sömuleiðis að svipta sveitarfélög rétti til trygginganna, — þessar leiðir eru báðar óhæfar. Ég vona því, að þetta sé leið, sem allir geti sætt sig við. Ég ætla ekki að gera brtt., en það er auðvelt að gera þessa breyt., að í staðinn fyrir allt útsvarið komi allt að 20% af öllum útsvörum. Þetta ætti að verða til þess, að sveitarfélögin trassi ekki að greiða það, sem þeim ber, eins og þau hafa gert, og önnur trassi ekki að uppfylla sínar skyldur með því að trassa að jafna nóg niður.

Haraldur Guðmundsson: Vegna þeirra ummæla, sem fallið hafa, þykir mér skylt að leiðrétta nokkuð. Annars tek ég undir það, sem hæstv. forsrh. sagði um þetta mál. En ég má til með út af orðum hv. þm. S-Þ. að leiðrétta nokkuð hans ummæli. Hann upplýsti hér í sinni fyrri ræðu, að samkv. fyrirmælum Tryggingastofnunarinnar ætlaðist hún ekki til, að lagt væri útsvar á ellilífeyri. Þetta er byggt á misskilningi. Þvert á móti hefur Tryggingastofnunin brýnt fyrir sveitarstjórnum, að hægt sé og rétt að leggja útsvar á þessar tekjur. (**KK:** Ég minnist bréfs frá tryggingunum, þar sem tekið er fram, að ekki sé ætlazt til, að lagt sé á ellilífeyri.) En þegar alþýðutryggingalögin gömlu voru í gildi, þá voru ellilaun eingöngu miðuð við ástæður manna og engum veitt þau nema sveitarstjórnin teldi, að viðkomandi maður gæti ekki komizt af án ellilauna, og þá var sveitarstjórnunum skrifað og gert ráð fyrir að sveitarstjórnir legðu ekki útsvar á ellilaun. En eftir að þessi l. gengu í gildi 1947, þá var sveitarstjórnunum á ný skrifað, að nú væri ekki lengur veittur þessi styrkur eingöngu sem framfærslustyrkur þeim, sem ekki gætu lifað án hans, heldur samkv. l. og því bæri að taka tillit til þess við skattaákvörðun til viðbótar öðrum tekjum, sem hlutaðeigandi hefði. Því kemur það af sjálfu sér, að ekki er skattur á lagður, ef engar aðrar tekjur eru, en ef aðrar tekjur eru, þá á að telja heildartekjur til framtals, og þá má leggja útsvar á. — Ég vildi aðeins leiðrétta þetta. Að því er snertir meðaltal þess, hversu greiða skuli til trygginganna mikinn hluta af útsvörum, vildi ég aðeins benda á, að samkv. skýrslum frá Tryggingastofnuninni fyrir árin 1947—1948 hafa framlög sveitarsjóðanna til trygginganna numið 14—15% af útsvarsupphæð, sem þykir kannske hátt, en til samanburðar var fátækraframfærslulífeyrir 50% af útsvörum áður en núverandi tryggingal. gengu í gildi 1946.

Ég skal þá víkja örfáum orðum að þriðju leiðinni, þeirri leið, sem hv. 1. þm. N-M. minntist á. Það hefur verið rætt um þessa leið í sambandi við þá brtt., sem hér liggur fyrir. En gallinn að fara þá leið er sá, að mér er sagt af lögfræðingum, að þó að þessi gr. væri samþ. á þann veg, sem hv. þm. gerir ráð fyrir, þá gæti það ekki breytt ákvæðinu um skuldasöfnun. Af þessum útsvörum er ekki hægt að fá ákveðna prósentu, vegna þess að þau eru bundin með öðrum hætti, sem ekki er hægt að raska með þessu. Því er ekki fært að fara þessa leið. — Hins vegar liggur í augum uppi, að útsvör eins og hjá áfengisverzluninni og ríkisverksmiðjunum á Siglufirði er meiningarlaust að greiða í bæjarsjóð samtímis því, sem ríkissjóður leggur út stórar fúlgur fyrir sama sveitarfélag. Ég held því, eins og ég áðan sagði, að ótti hv. þm. S-Þ. í þessum efnum sé tilefnislaus.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd meiri hl. n. að verða við þeim tilmælum hæstv. ráðh. að taka þessa till. aftur, auk þess vil ég taka fram, að þetta er ekki till., sem n. hefur borið fram, nema eftir ósk skrifstofustjóra ráðuneytisins. Þegar hæstv. ráðh. óskar eftir því, að till. sé dregin til baka, til þess að athugast, þá er sjálfsagt að verða við þeim tilmælum. — Skriflega brtt. frá meiri hl. heilbr.- og félmn. er því tekin aftur.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Það er aðeins aths. við það, sem hv. 4. þm. Reykv. var að fræða mig um, að sveitarfélag mætti leggja útsvar á bótaþega trygginganna. Þó að þetta sé svo, að l. heimili það, þá er hitt víst, að sveitarfélög fá ekkert í hendurnar í útsvar af þeim bótum, sem tryggingarnar veita. Þetta kemur af sjálfu sér, vegna þess að gamla fólkið, sem fær þessar tryggingabætur, og aðrir, sem illa eru settir, hefur svo lágar tekjur, að lítt er gengið eftir því, að það telji fram, og þetta kemur því ekki undir skatt. Þess vegna

er það staðreynd, að það má ekki, þegar talað er um hag sveitarsjóðanna, bera saman tölur, sem Tryggingastofnunin greiðir byggðarlaginu, og framlög sveitarsjóðs til trygginganna og ætlast til, að þetta jafni sig, þannig að sveitarsjóðirnir græði. Yfirleitt tapa sveitarsjóðirnir í þeim viðskiptum, þó hin talan sé hærri. Að lokum: Það er engin trygging fyrir því, að beztu gjaldendurnir, sem er verzlunin, mundu falla undan, ef ráðh. færi að láta velja, það er meiri tillitssemi heldur en ráðh. getur sýnt sveitarfélagi í vanskilum. Það er einmitt verzlunin, sem mundi verða látin greiða beint til ríkisins. Hitt er ekki óeðlilegt, þó að hlutfall væri tekið af því, sem innheimtist. Svo að lokum: Ég er ekki að tala vegna þess að Húsavík sé í vanskilum.

ATKVGR.
Brtt. 427 tekin aftur.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 41. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 42. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta frv., á þskj. 410, um breyt. á almannatryggingal., var verið að afgr. frá Ed. rétt áðan. Ég tel rétt að láta þessu frv. fylgja örfá orð um undirbúning þess og önnur atriði. — Þetta frv. er í rauninni ekki nýr gestur hér á Alþ. Fyrir Alþ. í fyrra lá frv. um breyt. á almannatryggingal., sem samið hafði verið af tryggingaráði samkv. ósk þáv. félmrh. Þetta frv. var allumfangsmikið og var m. a. gert ráð fyrir, að tekjur væru auknar hjá tryggingunum á mörgum sviðum, um leið og hækkuð væru framlög að nokkru leyti frá þeim aðilum, sem að tryggingunum standa, sem eru ríkissjóður og sveitarfélög og svo einstaklingarnir í þjóðfélaginu og svo að lokum atvinnurekendur. Í fyrra var þetta frv. stöðvað af ríkisstj. þeirri, sem nú situr, og var það gert af þeim ástæðum, að ríkisstj. hafði nokkurn ugg um það, að það væri ekki á þessum tíma hægt að auka tryggingarnar að neinu ráði. Því var hins vegar lofað af mér þá, að það skyldi verða lagt fyrir næsta Alþ. frv. um þetta efni, því að ýmis ákvæði í frv., eins og það lá fyrir í fyrra, voru á þann veg, að nauðsynlegt var að fá þau samþ. sem fyrst, því enginn ágreiningur var um þau. Ráðuneytið lét því í sumar endurskoða frv. frá því í fyrra og lagði það síðan fyrir Ed. fyrir nokkru. Við þá endurskoðun voru felld niður að mestu leyti eða öllu þau ákvæði, sem höfðu auknar tryggingar í för með sér, og af ástæðum, sem óþarfi er að fjölyrða um, þar sem spár okkar, um fjárhagsafkomu og atvinnumál landsins og möguleika til þess að auka *tryggingarnar með auknum framlögum frá* þeim aðilum, sem undir þeim standa, hafa allar rætzt, því miður, meira en búizt var við, af ýmsum ástæðum. Svo bætist við það, sem er enn meira áberandi nú en í fyrra, að ýmis sveitarfélög eru að verða algerlega í vanskilum við Tryggingastofnunina, vegna þess að þau hafa ekki fjárhagslega möguleika til að standa undir gjöldum, sem til hennar á að greiða, og það hefur mikil áhrif á mig um það að ganga ekki fast að því nú á þessum tíma að auka við tryggingarnar, meðan þannig er ástatt um þá veigamestu aðila, eins og sveitarfélögin, sem eiga að standa straum af kostnaðinum við þetta. Í frv., eins og það var lagt fyrir hv. Ed., var allmjög hert á því um fjárframlög til trygginganna á þann hátt, að gert var ráð fyrir því, að það yrði á næsta ári að ganga nokkuð á tryggingasjóð almannatrygginganna, til þess að geta staðið straum af tryggingunum, eins og það var, og gert var ráð fyrir að hið sama gilti nákvæmlega um sveitarfélögin. Hins vegar var þá í því frv. ráðgert, að iðgjöld á einstaklingum hækkuðu sem næmi 15%. Hv. Ed. hefur nú afgr. frv., og það náðist samkomulag milli mín og hv. Ed. um nokkrar breyt. á frv., sem fara í þá átt að auka nokkuð fjárframlög til trygginganna og gera þeim á þann hátt hægt að standa undir sömu tryggingagreiðslum eins og áður hafði verið, og frv. hafði verið afgr. frá hv. Ed. á þeim grundvelli, að samkomulag hafði þannig náðst um þetta atriði. Það er svo til ætlazt, að auk þess fasta framlags, sem ákveðið er í 24. gr. til almannatrygginganna, sem er 17,4 millj. kr. úr ríkissjóði og 10,8 millj. kr. frá sveitarfélögunum, verði greitt á það vísitöluálag, sem nemur 8⅓ stigs, sem er meðalvísitala þessa árs, miðað við hina nýju vísitölu, og það er það álag, sem nú verður greitt á hið fasta framlag. Hv. Ed. tók upp að hafa sömu hlutföll um greiðslur þeirra aðila, sem undir tryggingunum standa, ríkissjóðs, sveitarfélaga, einstaklinga og atvinnurekenda, eins og verið hafði áður; einnig var hafður líkur háttur á framlagi ríkisins til sjúkrasamlaga, og var það samkomulagsatriði. Má segja, að eins og frv. er afgr. frá hv. Ed., þá hafi í rauninni náðst fullt samkomulag um frv. eins og það er, þótt hitt sé aftur á móti rétt, að það voru bornar fram ýmsar brtt. við frv. frá einstökum þm., þar sem þeir vildu gera frekari breyt. á því, en út í það atriði er ástæðulaust að fara hér, enda munu hv. þm. hér í d. hafa kynnt sér, hvernig það hefur verið.

Það er nauðsynlegt, að þetta frv. verði að l. áður en þessu þingi slítur nú, og þar sem gert er ráð fyrir, að því verði frestað eða þinghlé verði nú innan fárra daga, þá hefur hv. heilbr.- og félmn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, ekki langan tíma til þess að sinna frv., og má segja, að það sé leitt með jafnstórt mál og þetta er. En ég vænti þess, að sá undirbúningur og það samkomulag, sem orðið er um málið í hv. Ed., verði til þess, að það geti gengið allmiklu greiðara í gegnum þessa hv. d. fyrir það. — Ég vil geta þess, að við 3. umr. í Ed. kom fram skrifleg brtt. varðandi tryggingarnar, um innheimtu iðgjalda frá sveitarfélögum, en það náðist ekki fullt samkomulag um hana undir umr., og samkv. minni ósk var hún tekin aftur af meiri hl. heilbr.- og félmn., sem flutti till., en þó á þeim forsendum, að þetta yrði athugað hér í Nd. Vildi ég því biðja hv. n., sem fær málið til meðferðar, að hafa samráð við n. í Ed. um þetta atriði sérstaklega; vildi ég mega vænta þess, að það næðist samkomulag milli n. í báðum d. um þetta atriði. Það var ekki mikill meiningamunur í Ed. um það, að eitthvert ákvæði

yrði sett til að tryggja greiðslur frá sveitarfélögum, og ætti því að nást samkomulag um það.

Ég mun ekki að svo stöddu hafa þessi orð fleiri, það verður sjálfsagt frekar ástæða til þess við 2. umr. að ræða málið. Ég vil gera það að till. minni, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn. Ég vil svo að síðustu endurtaka þau ummæli, að hv. n. reyni að vinna að málinu, þó tíminn sé naumur, eins fljótt og hún sér sér fært.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv., og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 410, n. 435, 436, 437).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 436 og 437. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi Jónasson): Þessu frv. um almannatryggingar var vísað til n. síðastliðinn föstudag. Á laugardag höfðu þm. annað að gera en að sinna nefndarstörfum, þar sem afgreiðsla fjárl. stóð yfir allan daginn, þannig að sá tími, sem n. hefur haft til þess að athuga jafnstórt frv. og þetta og jafnþýðingarmikið, er ekki mikill, og ekki við því að búast, að n. hafi getað tekið frv. til nógu rækilegrar meðferðar, en á það má benda, að það hefur legið alllengi fyrir hv. Ed. og er komið þaðan og hefur verið athugað þar mjög gaumgæfilega og verið gerðar á því ýmsar breyt., að ég hygg flestar til bóta frá því, sem var, og er ekki nema gott um það að segja. En sem sagt, n. hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ., þó að einstakir nm. áskilji sér rétt til að koma með brtt. og fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

L. um almannatryggingar frá 1946 eru mikill lagabálkur og nýmæli í okkar landi, og eins og að líkum lætur, varð snemma að gera á þeim breyt. frá því að þau voru sett. Svo að segja á hverju ári síðan hafa verið samin viðaukalög og þeim breytt eftir því, sem þurfa þótti og við átti, og auk þess skipaði ríkisstj. mþn. árið 1949 til þess að athuga l. og koma fram með þær breyt., sem reynslan hafði sýnt, að þyrfti að gera á l. Þessi n. skilaði áliti og lagði fram frv. á Alþ. haustið 1949, sem komst þá í gegnum Ed. með dálitlum breyt., en dagaði svo uppi í hv. Nd., og þá lýsti hæstv. félmrh. því yfir, að hann mundi á næsta Alþ. — þ. e. því þingi, sem nú situr — bera fram frv. um þessi mál, og það hefur nú verið lagt fram í hv. Ed. á þessu þingi. En upp í frv. það, sem stj. lagði fram í haust, er tekið margt úr því frv., sem lagt var fyrir þingið í fyrra af mþn., en þó hafa verið tekin úr því ýmis ákvæði, sem í því frv. voru, þ. á m. þau ákvæði, sem mundu hafa haft allverulegan kostnað í för með sér. Ríkisstj. hefur litið svo á, — og það tel ég rétt, — að eins og nú standa sakir væri ekki fært að auka mjög útgjöld Tryggingastofnunarinnar frá því, sem þau eru nú, og ég býst við, að það sé álit flestra alþm., að það sé ekki fært, eftir okkar fjárhagsástæðum nú, að auka mjög útgjöldin frá því, sem nú er, en það er alveg vitað mál, að vegna sérhvers þess ákvæðis, sem leiðir til hækkunar á útgjöldum fyrir stofnunina, þarf vitanlega að afla tekna á móti og þá ekki um annað að gera en afla þeirra frá þeim aðilum, sem greiða gjöld sín þangað, en í því sambandi er þá sorglegu sögu að segja, að undanfarin ár hefur það reynzt allerfitt fyrir Tryggingastofnunina að ná inn núverandi útgjöldum, hvað þá ef þyrfti að auka þau frá því, sem nú er, nema að því leyti, sem dýrtíðin gerir það alveg nauðsynlegt. Við vitum, að það hefur reynzt örðugt fyrir ýmis bæjarfélög undanfarin ár að standa í skilum við Tryggingastofnunina, og hefur komið þar til töluverðra vanskila, en Tryggingastofnunin hefur að mínum dómi verið rekin með mikilli hagsýni og fyrirhyggju af forstjóra stofnunarinnar, og það vill nú svo vel til, að hún er sæmilega stæð og á þó nokkra sjóði til þess að mæta halla, sem kann að koma fyrir, enda bar það frv., sem lagt var fram af stj. í haust, þess merki, að stofnunin væri það vel á vegi stödd, að unnt væri að draga mjög úr framlögum til hennar, bæði frá ríki og bæjarfélögum, þó að hún ætti að halda uppi fullum bótum miðað við vísitöluálag.

Í þessu frv. er tekið upp nokkuð nýtt, sem samkomulag er um, t. d. um að fæðingarstyrkur verði jafn fyrir allar mæður, 600 kr. fyrir móður, — sem ekki var áður, og tel ég það til bóta. Auk þessa eiga ógiftar mæður rétt á 300 kr. framlagi á mánuði í 3 mánuði, ef þær geta fengið úrskurð um það, hver sé faðirinn. — En sem sagt, þær till., sem hv. Ed. hefur gert til breyt. á frv., tel ég vera mjög til bóta, og ég vil mjög vara þessa hv. d. við því að samþ. hækkunartill., sem auka útgjöld Tryggingastofnunarinnar, því að ég tel, að eins og nú er komið, megi hún gæta að sér til að geta haldið uppi þeim bótum, sem l. nú gera ráð fyrir, þó að ekki sé bætt við neinum álögum. Við vitum, að þessi löggjöf var sett á góðum tímum, þegar mikil peningavelta var í okkar landi, bæði hjá einstaklingum og ríkinu. Nú er þetta að breytast, og ég býst við því, að það geti farið svo, að það verði erfitt að ná inn þeim tekjum, sem stofnunin þarf að hafa, þó að ekki sé bætt við nýjum gjöldum, sem afla þarf tekna fyrir. — Önnur tryggingalöggjöf er ekki fullkomnari á Norðurlöndum, og vonandi getum við haldið áfram að fullkomna hana og auka. En eins og nú standa sakir, þá verður að varast að auka útgjöld Tryggingastofnunarinnar.

Ég vil svo fyrir hönd n. mæla með því, að frv. nái fram að ganga, en hins vegar áskilur n. sér rétt til að koma fram með brtt. við 3. umr., ef svo sýnist.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég harma það, að ekki skuli hafa náðst samkomulag um að gera víðtækari breytingar á almannatryggingunum en gert er í þessu frv. Í fyrra lá fyrir Alþ. frv., samið af milliþingan., um endurbætur á tryggingalögunum, víðtækara en þetta og tvímælalaust til bóta, ef samþykki hefði náð. Sú stefna hefur hins vegar orðið ofan á að taka ekki upp í þetta frv. ýmsar umbætur, sem í því fólust. Af því að komið er að þinglokum, skal ég þó ekki ræða mikið um þetta, og vil ekki standa í vegi fyrir því, að frv. nái fram að ganga. En hins vegar hef ég leyft mér að flytja við frv. nokkrar brtt. á þskj. 436 og 437

ásamt hv. 7. þm. Reykv. og hv. 10. landsk., og skal ég gera fyrir þeim nokkra grein.

Fyrsta brtt. á þskj. 436 er við 4. gr. Samkv. reglum, sem nú gilda, má samantalinn lífeyrir og eftirlaun úr opinberum sjóði eða t. d. fé á 18. gr. fjárlaga ekki fara fram úr upphæð, sem samsvarar ellilífeyri Tryggingastofnunarinnar. Þetta hefur að vonum þótt hart og verið deilumál. En hér er lagt til, að samtals megi slík gjöld og lífeyririnn fara 50% fram úr lífeyrisupphæð þess verðlagssvæðis, þar sem hlutaðeigandi er búsettur. Yrði þetta dálítil viðbót, sem kæmi sér vel fyrir margt gamalt fólk, sem fengið hefur viðurkenningu ríkisvaldsins, en hins vegar orðið nokkuð hart úti vegna þeirra ákvæða, sem um ellilífeyrinn hafa gilt.

Um aðrar brtt. okkar á þskj. 436 vildi ég segja þetta: Uppbót á tryggingabætur er nú greidd samkvæmt vísitölunni 13,3. En Alþ. ákvað með þál. á s. l. ári, að greiða skyldi 15% álag á eftirlaun, eða sömu uppbót og ákveðið var að greiða til opinberra starfsmanna í sömu þál. Ég tel óviðurkvæmilegt, að grunnuppbætur séu lægri en þessi 15%, og tölur þær, sem gert er ráð fyrir sem grunnupphæðum bóta á þessum lið till. okkar, miðast við það, að vísitalan sé hækkuð úr 13,3% í 15%. Þá er í 6. lið till. gert ráð fyrir, að hámark lífeyrishækkunar, sem tryggingaráði sé heimilt að veita vegna sjúkleika og ellilasleika, miðist við 50% af lífeyrisupphæðinni, og megi einnig veita hana mönnum, sem eru algerlega eignalausir og sökum fullkomins skorts á vinnugetu og einstæðingsskapar geta eigi komizt af með venjulegan lífeyri. — Enn fremur að heimila tryggingaráði að binda hækkun samkv. 17. gr. því skilyrði, þegar um einstæðingsskap er að ræða, að stjórn þess sveitarfélags, þar sem lífeyrisþeginn á heima, sjái honum fyrir viðunandi húsnæði gegn leigu, sem ekki fari fram úr 25% af lífeyrisupphæðinni, enda hafi hann verið búsettur í sveitarfélaginu eigi skemur en s. l. 2 ár. — Að þessari hækkun á lífeyri til eignalausra manna og einstæðinga væri mikil bót; reynslan hefur sýnt, að þetta gæti komið sér mjög vel fyrir margt fólk, enda þótt hér sé ekki um háar upphæðir að ræða, og því er farið fram á þetta hér.

Þriðja brtt. okkar á þskj. 436 er um hækkun til samræmingar á slysatryggingaliðunum, og skal ég ekki fjölyrða um það.

Þá er 4. tölul. á sama þskj. Markmið þeirrar till. er að tryggja, að ríkissjóður og sveitarsjóðirnir greiði ⅓ á móts við sjúkrasamlögin til tryggingasjóðs, en það hefur orðið misbrestur á því í framkvæmd, að þessir aðilar greiddu fullan ⅓ hluta, eins og l. ætlast þó til.

Um 5. brtt. á sama þskj. vildi ég segja þetta: Þar er gert ráð fyrir hækkun á iðgjöldum og framlögum til Tryggingastofnunarinnar til að mæta þeim útgjöldum, sem hér hefur verið gert ráð fyrir og fyrst og fremst eru hækkanir á lífeyrinum; en enn fremur felast í þessum till. hækkanir, sem gætu mætt því, ef mæðralaun væru upp tekin samkv. till. okkar á þskj. 437.

Þá er 6. till. okkar á sama þskj. Hana vildi ég láta nægja að skýra með þessum orðum: Eins og hv. Ed. afgreiddi þetta frv., þá er gert ráð fyrir að greiða bætur tryggingaganna með 22% álagi, en innheimta tekjur Tryggingastofnunarinnar með 8⅓% álagi aðeins. Er mismunurinn þannig um 14 stig, og veldur hann um 8 millj. kr. halla á rekstri Tryggingastofnunarinnar. Till. er um að jafna þennan halla og gerir ráð fyrir innheimtu iðgjalda með vísitöluálagi samkv. vísitölu framfærslukostnaðar í janúar ár hvert, en ekki vísitölu s. l. árs.

Þá er brtt. okkar á þskj. 437, a-liður, við 10. gr. Eins og nú er, þá fær aðeins nokkur hluti fólks á starfsaldri, þ. e. a. s. á aldrinum frá 16—67 ára, og aðeins ekkjur, dánarbætur. Hér er gert ráð fyrir, að bæði kynin fái dánarbætur, og eins þótt hlutaðeigandi einstaklingar fái greiddan ellilífeyri. Hér er um að ræða augljósan galla á l., sem ætlunin er, að bætt verði úr með þessari brtt. — B-liður brtt. á þessu þskj. fjallar svo um mæðralaunin. Á því er enginn vafi, að með upptöku mæðralaunanna væri stigið mikið framfaraspor í tryggingamálum. Það hefur verið einn helzti galli þeirra l., að ekki er séð fyrir þörfum ekkna og þeirra mæðra, sem eiga fyrir börnum að sjá. Það er augljóst mál, að kona, sem hefur t. d. 4 börn á framfæri, hefur engin skilyrði til að vinna fyrir sér, þar sem hún hefur þegar nógu mikið starf við að sjá um börnin. Það er því mjög óeðlilegt, að slíkar konur fái ekki sérstakar bætur. Samkv. till. er gert ráð fyrir, að grunnupphæðir mæðralauna nemi frá 1200 kr. til 3600 kr., eftir því, hvað mæðurnar hafa mörg börn á framfæri sínu. Þessi till., sem kom fyrst fram fyrir 2 árum, hefur síðan átt vaxandi fylgi að fagna, og flest kvennasamtök í landinu hafa skorað á Alþingi að veita henni brautargengi. Hún á þó ekki eingöngu fylgi meðal kvenna, því að fleiri skilja þá nauðsyn, sem hér er á, svo að varla getur langt um liðið, unz þessi augljósa endurbót verður samþykkt. Ég vona, að hv. Alþ. sjái sér fært að styðja hana nú þegar.

Ég tel ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum nú og læt máli mínu lokið.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. heilbr.- og félmn. fljóta afgreiðslu þessa máls. Ég gat þess við 1. umr., að tíminn væri naumur til stefnu, en n. hefur ekki sett það fyrir sig, og þótt einstakir nm. hafi ekki þótzt geta komizt hjá að flytja sérstakar brtt. við frv., þá er ég eigi að síður þakklátur n. í heild, að hún skyldi afgr. málið svo fljótt.

Ég sé ekki ástæðu til að tala hér langt mál. Umræður hafa hér verið öfgalausar og gefa ekki sérstakt tilefni til þess, enda þótt flm. brtt. á þskj. 436 og 437 sé á nokkuð annarri skoðun en ég um ýmislegt í frv. og fyrst og fremst það, hvað langt eigi að ganga nú í því að auka tryggingarnar; en ég lít svo á, að það sé að svo stöddu hættulegt fyrir tryggingarnar sjálfar.

Þess var getið af frsm. n., að það bæri nú talsvert á erfiðleikum við innheimtu gjalda hjá sveitarfélögunum og erfiðleikum ríkissjóðs að standa skil á sínum hluta. Í frv. þessu er ætlazt til, að nokkuð verði gengið á tryggingasjóð til að draga úr þessum erfiðleikum, sennilega sem nemur um 4 millj. kr. Þetta tel ég forsvaranlegt að gera einu sinni, vegna þess að stofnunin ræður yfir miklum sjóðum, en til langframa má það vitaskuld ekki. Það kemur brátt að því, að auka verði tekjur stofnunarinnar, og er það í samræmi við það, sem flm. gerir ráð fyrir í umræddum brtt. Enda er ekki

forsvaranlegt að samþ. aukin réttindi til handa hinum tryggðu, nema framlög til stofnunarinnar séu þá aukin jafnframt.

En nú er að því að gæta, að búið er að afgreiða fjárl. fyrir næsta ár og því ekki unnt að ná samræmi á milli þeirra og tryggingafrv. héðan af, ef breyt. verða gerðar á því. Auk þess, ef nú ætti að samþ. jafnvíðtækar brtt. og þessar í þessari deild, þá mundi það leiða til þess, að frv. fengi ekki afgreiðslu fyrir áramót, fyrst og fremst af því, að hv. Ed. var búin að fella allar þessar brtt. áður; frv. yrði að fara þangað aftur og mundi daga uppi á hinum nauma tíma, sem nú er til stefnu. Ég skoða því þessar brtt. frekar sem stefnuyfirlýsingu þeirra, er að þeim standa, þar sem þeir vita, að búið er að taka afstöðu nú þegar í þessu máli af meiri hl. Alþ.

Mér finnst líka, að menn megi ekki vera allt of óþolinmóðir um endurbætur á tryggingalöggjöfinni. Það verður að teljast eðlilegt, að um þróun sé að ræða í þessum málum. Mér verður í því sambandi hugsað til annarrar löggjafar, sem á langa sögu að baki sér, en það eru jarðræktarlögin frá 1924, — eða 1925, er þau komu fyrst til framkvæmda. En þar er um að ræða nokkra hliðstæðu við tryggingalögin, því hvor tveggja fjalla um lífræna hluti, sem eru stöðugum breytingum undirorpnir. En allan þann tíma, sem liðinn er síðan jarðræktarlögin voru sett, hefur stöðugt þurft að vera að breyta þeim eftir nýjum viðhorfum. Og hvað væri þá eðlilegra um slíka löggjöf sem almannatryggingalögin en að þau yrðu ekki fullkomnuð þegar í upphafi? Menn mega gá að sér að stíga ekki í slíkum málum of stór skref í senn og leggja mönnum ekki of þungar byrðar á herðar; það getur skapað andúð í stað þeirrar samúðar, sem slíkum nýmælum er svo nauðsynleg. Það hefur oft heyrzt hér á Alþ. og annars staðar kveðið við þann tón, að sumir menn og sumir flokkar væru vinir alþýðutrygginganna og aðrir ekki. Ég verð nú að segja, að ég vil telja mig vin trygginganna, þótt ég telji ekki fært í bili að auka byrðar þeirra, sem eiga að standa undir þeim. Gegn því álít ég, að við verðum að standa nú og leita lags, þegar betur stendur á fyrir ríkinu og sveitarfélögunum að taka á sig auknar byrðar. Hins vegar mun þurfa að endurskoða frv. þegar á næsta ári af ýmsum ástæðum og taka þá til vandlegrar athugunar ýmislegt, sem ekki hefur unnizt tími til nú.

Ég mun ekki fara út í að ræða hinar einstöku brtt. á þskj. 436 og 437 og af þeim ástæðum, er ég hef þegar lýst. Ég er ekki á móti þeim í sjálfu sér. Mér mundi þykja mikils um vert að geta fylgt þeim, ef fjárhagslegur grundvöllur væri fyrir hendi. En ef það á að takast að ljúka málinu nú, sem er alveg nauðsynlegt, þá má ekki samþ. þessar brtt. að þessu sinni. Og ég legg því áherzlu á, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég veit, að heilbr.- og félmn. er að athuga eina brtt. nú og leita samþykkis hv. Ed. um hana, og mætti hún þá koma fram við 3. umr., og þyrfti þá ekki nema eina umr. til viðbótar í Ed., ef samkomulag verður um hana.

Ég mun svo ekki hafa þessi orð mín fleiri að sinni og læt máli mínu lokið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 436,1 felld með 20:10 atkv.
4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 436,2.a felld með 19:10 atkv.
5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 436,2.b felld með 18:10 atkv.
6.—10. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 437,a—b felldar með 18:10 atkv.
11.—15. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 436,3 tekin aftur.
16.—20. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 436,4 felld með 20:9 atkv.
21.—23. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 436,5 tekin aftur.
24. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 436,6 felld með 17:10 atkv.
25.—37. gr. og bráðabirgðaákvæði samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Brtt. við þetta frv. er í prentun og kemur væntanlega bráðum. (**Forseti:** Mundi hv. þm. vilja flytja skrifl. brtt., ef hann hefur hana við höndina?) — Eins og ég tók fram í ræðu minni fyrr um þetta mál, hefur talsvert brytt á því, að ýmis sveitarfélög hafa komizt í vanskil við Tryggingastofnun ríkisins, og hefur reynzt erfitt að ná þeim gjöldum, sem sveitarfélög eiga að greiða til Tryggingastofnunarinnar. Og það sjá allir, að ef sú óregla verður látin viðgangast og gerð að eins konar reglu, að sveitarfélög inni ekki þessar greiðslur af höndum, þá kemur það yfir á ríkið að greiða þetta. Og svo, þegar önnur sveitarfélög sjá það, hvað sumum bæjar- eða sveitarfélögum helzt uppi um að vera í vanskilum með þetta og safna skuldum að þessu leyti, þá er ekki ólíklegt, að þau muni kippa einnig að sér hendinni með að standa í skilum. — Þessi brtt., sem ég boðaði áðan, er um að veita ráðh. heimild til þess að herða á innheimtunni á þessum gjöldum sveitarfélaganna til Tryggingastofnunarinnar gagnvart sveitarfélögum og bæjarfélögum, sem ekki standa í skilum. Um þetta hefur nú oft verið rætt áður, bæði af tryggingaráði og Alþ., hvernig ætti að að fara í þessum efnum, og skiptar skoðanir hafa verið um þetta. En ég held, að till. sú, sem ég er hér með, sé þannig, að hv. þm. geti fallizt á hana yfirleitt í báðum hv. þd. Hún er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 29. gr. Aftan við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu á framlagi sínu til Tryggingastofnunar ríkisins í eitt ár eða lengur, og er ráðherra þá heimilt að ákveða, að hald skuli lagt á ákveðinn hluta álagðra, óinnheimtra útsvara í sveitarfélaginu á þann hátt, að gjaldkeri sveitarsjóðsins greiði hinn tiltekna hluta innheimtumanni ríkisins jafnóðum og útsvörin innheimtast.

Virði sveitarfélag að vettugi fyrirmæli ráðherra um að skila tilteknum hluta útsvara til lúkningar skuld sinni við Tryggingastofnun ríkisins, er ráðherra heimilt að ákveða, að á útsvör tiltekinna stofnana, fyrirtækja og einstaklinga í sveitarfélaginu skuli lagt hald og þau greidd innheimtumanni ríkisins, þegar þau falla í gjalddaga. Skal sú skipun haldast, þar til skuld sveitarsjóðsins við Tryggingastofnun ríkisins er að fullu greidd eða ráðherra hefur afturkallað fyrirmælin."

Þetta er orðað þannig til þess beinlínis að tryggja, að þessir aðilar standi í skilum. Því að það hefur viljað við brenna, að þó að sveitarfélög, sem ekki hafa staðið í skilum með þessar greiðslur, hafi verið búin að innheimta þessi gjöld sjálf frá gjaldendum, þá hafa þau látið hjá líða að láta Tryggingastofnunina fá þau. Þess vegna er þessi brtt. borin fram, í von um, að þessi lagaákvæði herði á innheimtunni á þessum greiðslum til Tryggingastofnunarinnar.

Ég fyrir mitt leyti hef getað fallizt á þá skoðun, bæði í tryggingaráði og hér á Alþ., að þetta yrði haft þannig, að þegar sveitarsjóðir væru komnir í mikil vanskil, þá yrði hætt að greiða bætur til viðkomandi sveitarfélaga, þar til gjöldin væru greidd frá þeim. Og það held ég, að sé bezta leiðin, því að þá fá stjórnir sveitarfélaganna það aðhald frá sínum sveitungum, sem dugir í þessu efni. Ýmsir vilja ekki fara þessa leið. En þetta, sem kemur fram í þessari brtt., er samkomulagsleið, og legg ég þessa skrifl. brtt. fram fyrir hæstv. forseta.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt hina skrifl. brtt. frá hv. heilbr.- og félmn. við 29. gr. frv. Hún er skrifl. og of seint fram komin, og þarf því fyrir henni tvöföld afbrigði, til þess að hún geti komið hér til meðferðar, og leita ég þeirra hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 454) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að mér finnst nú þessi brtt. ganga þó nokkuð langt gagnvart sveitarfélögunum, þar sem ráðh. er heimilað að leggja hald á ákveðinn hluta af óinnheimtum útsvörum. Við verðum að gá dálítið að, þegar það hefur komið fyrir áður hér á Alþ., að við samþ. lög, sem ákvæði hafa verið í um að herða ákaflega mikið á rétti ríkisins til þess að innheimta skatta og gjöld, sem ríkið leggur á hjá einstaklingum. Og hér er um að ræða að gefa ríkinu aukið vald til þess að innheimta hjá sveitarfélögum.

Það, sem gerir mig dálítið efagjarnan gagnvart þessu aukna valdi, það er, að mér finnst ekki fara saman í réttum hlutföllum það vald, sem ríkið tekur sér í þjóðfélaginu, og þær skyldur, sem það leggur á herðar sveitarfélögunum, og hins vegar það, sem ríkið gerir fyrir þau. Ríkið ræður nú öllu atvinnulífi þjóðarinnar og öllum verzlunarrekstri þess. Og ríkið hefur, eins og stendur, aðstöðu til að grípa fram fyrir hendur á sveitarfélögum um hvers konar atvinnulíf og hindra sveitarfélögin í sínum atvinnurekstri. Og ríkið gerir þetta. Ríkið kemur nú í veg fyrir, að sveitarfélög, sem annars gætu haft blómlegt atvinnulíf, geti haft það. Það ríki, sem þannig hagar sér, verður að gera svo vel að taka á sig ábyrgðir í hlutfalli við það vald, sem það tekur sér. Það er ekki hægt að segja við sveitarfélögin annars vegar, að þau megi ekkert frelsi hafa til þess að bjarga sér, og segja svo við þau hins vegar, þegar búið er að hálfdrepa atvinnulífið hjá þeim: Útsvörin, sem innheimtast, skulum við taka af ykkur handa ríkinu í það, sem ríkið krefst. — Ég held, að ef sveitarfélög geta ekki staðið í skilum með þessi gjöld, sem hér er um rætt, og ekki er hægt að ná inn hjá þeim lögbundnum framlögum til Tryggingastofnunarinnar, þá eigi ríkið að hlaupa þarna undir baggann og bæta Tryggingastofnuninni þetta upp, og þá verða það að vera samningar á milli ríkisins og viðkomandi sveitarfélags, hvernig fer um þessar greiðslur. Tryggingastofnunin þarf að fá sitt, og það er ríkið, sem verður að gera svo vel að vera ábyrgt gagnvart henni. Og það ríki, sem tekur sér svo mikið vald til þess að taka í sínar hendur öll afskipti af atvinnu- og verzlunarlífi í landinu, hefur líka skyldu til þess að sjá um, að Tryggingastofnunin fái nægar tekjur til þess að standa undir sínum miklu framlögum til almannatrygginganna.

Ég hef áður minnzt á samsvarandi atriði þessu í sambandi við þann sívaxandi rétt, sem ríkið er að taka sér viðvíkjandi lögtökum og öðru slíku. Mér finnst ákaflega langt gengið með þessu ákvæði, sem hér er sett, ég get ekki neitað því. Ég álít, að það væri heppilegra, ef hægt væri að finna einhverja aðra leið í þessu máli en að gefa ríkinu þetta mikla vald til þess að ganga beint til innheimtu útsvaranna í sveitarfélögunum, — fyrir utan það, að ég er dálítið hræddur við það að tengja þetta svona beint saman, að ríkið eigi beinlínis að innheimta þetta handa Tryggingastofnuninni og ganga að því með þessu móti. Tryggingastofnunin þarf að geta verið svo óháð fyrirtækjum út af fyrir sig, að hún fái frá ríkinu fé, þegar eitthvert sveitarfélag stendur ekki í skilum. Og það þarf síðan að vera samkomulag um það, að ríkið beiti einhverjum sérstökum aðferðum til þess að ná þessum skuldum, sem það þannig á inni hjá viðkomandi sveitarfélögum. Mér finnst, að það gæti gert Tryggingastofnunina óvinsæla, ef þetta er gert þannig beint fyrir hana að innheimta útsvarsgreiðslurnar til lúkningar skuldum við hana, og því vil ég ekki stuðla að. Það er gefið, að Tryggingastofnun ríkisins verður að fá sitt, og ef sveitarfélögin greiða ekki sitt framlag, þá er það af því, að þau eru að komast í þrot, meðal annars vegna aðgerða hæstv. ríkisstj. sjálfrar. En ég held, að ef eitthvað á að gera í þessu máli, þá verði að gera ríkið þarna beinan millilið, og að það verði sjálft að innheimta hjá sveitarfélögunum. Það er mjög óþægilegt að fá svona till. fram við síðustu umr. í síðari d., og á það við fleiri mál en þetta, sem nú er verið að reyna að flaustra af, og hér eru einu sinni ekki allir úr hv. heilbr.- og félmn. viðstaddir. Ég tel heppilegt, að reynt yrði að fara einhverja aðra leið til þess að tryggja Tryggingastofnun ríkisins það, sem hún þarf, og leyfi ég mér að skjóta því til hv. n., hvort hún vilji ekki athuga um breyt. á þessu.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það er sjálfsagt full ástæða til, að Tryggingastofnunin fái sitt framlag greitt bæði frá einstaklingum og bæjarfélögum, og frá sjónarmiði bæjarfélaganna er það óeðlilegt, að þau skuldi Tryggingastofnuninni, því að þau fá flest meira út úr Tryggingastofnuninni til sinna meðlima heldur en þau greiða til hennar. Hins vegar tel ég mjög vafasamt að setja þau ákvæði, sem hér er farið fram á, því að hæstv. ríkisstj. hefur aðstöðu til þess að gera allt, sem gera þarf, til þess að innheimtan sé í lagi. Ég held og, að ríkisstj. beri gagnvart Tryggingastofnuninni ábyrgð á framlagi sveitafélaganna, og í l. um eftirlit með sveitarfélögum, IV. kafla, 29. gr., segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú vanrækir sveitarfélag fjárhagsskuldbindingar sínar við ríkissjóð eða skuldbindingar, sem ríkissjóður ber ábyrgð á, og ekki hefur tekizt við ítrekaðar tilraunir að ráða bót á þessum misfellum, og getur þá ráðherra ákveðið, að sveitarfélag skuli sett undir eftirlit samkv. lögum þessum, að liðnum 6 mánuðum frá tilkynningu ráðuneytis þar að lútandi, sé skuldin eigi greidd innan þess tíma."

Í annan stað segir í 34. gr.: „Þegar sveitarfélag hefur verið sett undir eftirlit og notið aðstoðar samkv. 36. gr., getur ráðherra ákveðið, að fjármál sveitarfélagsins skuli háð samþykki eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna. Getur eftirlitsmaður þá, ef ekki næst samkomulag um meðferð fjármála sveitarfélagsins milli eftirlitsmanns og sveitarstjórnar, tekið í sínar hendur innheimtu allra tekna. Enn fremur hefur hann þá einn rétt til að ávísa fé úr sveitarsjóði og skuldbinda sveitarfélagið á annan hátt fjárhagslega, nema um annað semjist við sveitarstjórn."

Samfara því, að sveitarfélagið er sett undir eftirlit, þá mundi hvíla sú skylda á ríkisstj. að láta athuga greiðslumöguleika þess yfirleitt, og er um þetta allt nánar til tekið í lögunum. Hitt, að ríkisstj. taki til sín útsvör ákveðinna stofnana, án þess að athugun á fjárhag sveitarfélagsins sé gerð samtímis, er óviðunandi harðýðgi. Það er réttara bæði fyrir ríkisstj. og sveitarfélögin, að heildarathugun fari fram á greiðslugetu sveitarfélaganna, heldur en sett verði þau ákvæði, sem felast í brtt. hv. n. Ég sé ekki nauðsyn þess að setja um þetta sérstök ákvæði, því að í l. um eftirlit með sveitarfélögum eru svo ýtarleg ákvæði, að ekki þarf um að bæta. Ég hef ekki hugsað mér að tefja málið með löngum ræðum, en vænti þess eindregið, að hv. heilbr.- og félmn. taki til athugunar það, sem ég nú hef sagt, heldur en að leggja til að taka tekjur sveitarfélaganna án þess að athuga, hvort sveitarfélögin geta misst þessa tekjustofna. Ég sem fulltrúi sveitarfélags, sem er í vanda statt, verð að mótmæla fram kominni till., því að þótt ég sé allur af vilja gerður fyrir Tryggingastofnunina, þá sé ég ekkert vit í að samþ. till. hv. n.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af brtt. n. Ég viðurkenni með hv. 2. þm. Reykv., að það er óheppilegt að fá svona till. á síðasta stigi máls, en ég var nokkuð riðinn við þessa till., og virtist mér, að samkomulag væri um hana innan heilbr.- og félmn. beggja hv. d., og því var hún borin fram á þessu stigi málsins. Út af ræðu hv. þm. Ísaf. vil ég segja, að það var náttúrlega óþarfi að lesa upp ákvæði l. um eftirlit með sveitarfélögum, og er mér vel kunnugt um, að hægt er að beita þeim við sveitarfélög, sem eru í vanskilum við Tryggingastofnunina. Það er og rétt, að ríkið er í ábyrgð fyrir vangreiddum framlögum sveitarfélaganna. Mér virtist hv. 2. þm. Reykv. jafnvel telja eðlilegt, að svo og svo mikil vanskil ættu sér stað, og ríkissjóður ætti að greiða framlög sveitarfélaganna, ef svo væri, en þá mundu bara öll sveitarfélög hætta að greiða til tryggginganna. En það er skylda þeirra, sem eiga að framkvæma lögin, að sjá svo um, að eftir þeim sé farið, og þessi till. er fram borin vegna þess, að sveitarfélögin greiða ekki til tryggginganna, eins og þeim ber, og það er ekki vegna þess, að þau hafi ekki lagt á gjöld vegna tryggginganna og ekki af því, að þau gjöld hafi ekki verið innheimt, heldur af því, að féð hefur verið tekið í eitthvað allt annað. Þetta veit forstjóri Tryggingastofnunarinnar og skrifstofa félmrn., og þessi tilfelli eru svo alvarleg, að eitthvað verður að gera í málinu. Það er ekki forsvaranlegt að láta hlaðast upp svona skuldir, sem ríkissjóður ber ábyrgð á, og sé ég ekki, að mér sé fært sem ráðh. þessara mála að horfa á þetta án þess að reyna að bæta hér úr. Mér er vel kunnugt, að setja má sveitarfélögin undir opinbert eftirlit, en ekki hefur verið farið ríkt út í það, enda mun ekkert sveitarfélag vera ánægt með slíkt og allt, sem því fylgir. Ég hef rætt þetta mál við forstjóra Tryggingastofnunarinnar, hv. 4. þm. Reykv., og hef sannfærzt um, að hér er reynt að fá öruggari innheimtu án þess að setja sveitarfélögin undir opinbert eftirlit, enda ber að forðast það, svo mjög sem með því er á rétt sveitarfélaganna gengið, en mér heyrðist hv. þm. Ísaf. telja það sjálfsagt. En þessi till. er borin fram til þess að þurfa ekki að stíga það skref fyrr en í síðustu lög. Það verður að herða á innheimtunni án þess að grípa til þess. Það er að vísu slæmt að fá svona till. á síðasta stigi málsins, og ef ég verð var við mikinn andróður gegn till., má vera, að ég leggi til, að hún verði tekin aftur, því ekki er rétt að setja inn slíkt nýmæli á síðasta stigi máls, nema samkomulag sé þar um, og yrði þá að bíða betri tíma, en ég taldi skylt að láta koma fram, hvað fyrir vekti með flutningi þessarar till. Sú leið er náttúrlega opin að setja sveitarfélögin undir opinbert eftirlit, en ég held, að sá vilji sé fyrir hendi í félmrn. að nota ekki þá heimild fyrr en í ýtrustu nauðsyn, en reyna heldur að finna ákvæði, sem hindruðu, að þetta þyrfti að koma fyrir.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég hef ekki getað fylgzt með umr. um þessa till. fyrr en nú og skal ekki blanda mér mikið inn í umr., en það er enginn vafi, að það er eðlilegt, að nokkuð sé stungið við fótum, er slík till. kemur fram, því að svo hefur verið undanfarið, að sveitarfélögin hafa verið í vandræðum með tekjustofna, sem nær eingöngu hafa verið útsvör, og kostur sveitarfélaganna hefur verið þrengdur vegna aukinna skattaálagninga ríkisins. Ég efast ekki um, að færa má rök fyrir þessari till., og vék hæstv. forsrh. að því, en eitt rekur annað í þessu efni. Um daginn var mjög hert á skattheimtu ríkisins, og nú kemur þessi till. En hvernig er aðstaða bæjarfélaganna

gagnvart ríkissjóði? Jú, hún er þannig, að bæjarfélögin eiga stórfé hjá ríkissjóði, sem þau eiga mjög erfitt með að innheimta, og í dag á bæjarsjóður Reykjavíkur um 4 millj. kr. hjá ríkissjóði, sem hann á heimtingu á l. samkv. Bæjarsjóður stendur þarna miklu veikari fæti, ef ríkið á að fá kröfurétt í útsvörin, og kemur það fram í fleiri skattheimtum, að ríkið óskar sterkari aðstöðu og harðari ráða til að ná sínum gjöldum. Þessi orð vildi ég segja vegna þess, að ástæða er til að íhuga málið nánar, enda hefur hæstv. forsrh. viðurkennt, að ekki sé gott að fá slíkar till. á síðasta stigi málsins, og vildi ég gjarnan, að þm. gefist kostur lengri athugunar á málinu.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Það má segja, að till. þessi sé seint fram komin, en það er ekki hægt að ásaka n. fyrir það, því að tíminn var naumur, og gat ég þess við 2. umr., að við mundum flytja svipaðar till. og teknar voru aftur í hv. Ed., og þó er þessi till. nokkuð mildari en till. hv. 4. þm. Reykv. í Ed. Ég get ekki fallizt á að taka till. aftur, því að mér er kunnugt, að þarna verður að skapa aukið aðhald. Það voru mér engin ný sannindi, sem hv. þm. Ísaf. las upp úr l. um eftirlit með sveitarfélögum, en ég hélt, að honum væri það ekkert keppikefli að koma sveitarfélögunum undir opinbert eftirlit. Mér er kunnugt, að bæjarfélögin hafa fengið inn til fulls útsvör álögð vegna tryggínganna, en ekki skilað þeim, heldur notað féð í aðrar framkvæmdir, og þetta er það, sem ég held, að megi ekki verða, ef tryggingarnar eiga að halda áfram að starfa. Og ef þau bæjarfélög, sem standa í skilum, frétta það, að sum bæjarfélög geri það ekki, heldur noti féð í allt annað og semji svo um lán á lán ofan, þá mundu þau einnig reyna að fara þá leið. Og hvað mundi það ganga lengi? Það er undarlegt, að hv. þm. vilji auka tryggingarnar, en ekki þá um leið tryggja þeim sínar tekjur, því að ef sú þróun, sem nú er, á að halda áfram, þá komast tryggingarnar fyrr eða síðar í þrot. Það er erfitt að fá ríkisframlagið greitt, og sé ég ekki að tryggingarnar þoli annað en það fáist að fullu, og í öðru lagi er brýn nauðsyn, að iðgjöld einstaklinga og sveitarfélaga náist inn. Það er því af fullri þörf og byggt á reynslu undanfarinna ára, að ég er ekki reiðubúinn að taka till. aftur. Það er bráðnauðsynlegt að tryggja innheimtuna á eins mildan hátt og hægt er. Það er auðvitað hægt að setja sveitarfélög undir opinbert eftirlit eða hætta að greiða bætur til meðlima þeirra bæjarfélaga, sem ekki standa í skilum, og það er náttúrlega öruggast, því að þá kemur aðhaldið innan frá, og það er sú leið, sem ég er reiðubúinn að taka upp. En þm. þótti sú leið ómannúðleg, og því bárum við fram skrifl. brtt., sem við töldum, að mundi valda minnstum sársauka, og ég er ekki reiðubúinn að taka hana aftur.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja málið með langri ræðu, en mig langar til að leiðrétta þann misskilning hjá hæstv. forsrh. og hv. 1. þm. Rang., að ég vilji endilega setja sveitarfélögin undir opinbert eftirlit, ef þau standi ekki í skilum. Hv. 1. þm. Rang. vildi segja, að ég teldi slíkt eitthvert keppikefli. Ég hef ekki látið nein orð falla um það, en ég benti á, að mannúðlegra væri og minni harðýðgi, að fram væri látin fara athugun á fjárhagsafkomu bæjarfélaganna samkv. l., áður en gripið væri til ráðstafana þeirra, sem felast í skrifl. brtt.

Það mun nú vera svo, að varla er hægt að taka lögtak hjá einstaklingum án þess að skilja eitthvað örlítið eftir. Með samþykkt þessarar lagabreytingar, sem heilbr.- og félmn. ber fram, er hægt að gera löghald í væntanlegum tekjum bæjar- og sveitarfélaga án þess að vita nokkuð, hvort þau geti haldið áfram að halda uppi sínum þurfalingum. Ég tel, að heppilegra væri, að fram færi rannsókn á starfsemi sveitar- og bæjarfélaga, áður en slíkar ráðstafanir yrðu gerðar. En hv. frsm. heilbr.- og félmn., 1. þm. Rang., og hæstv. forsrh. vilja láta gera lögtak hjá bæjar- og sveitarfélögum, áður en slík athugun færi fram. Þetta tel ég of harkalega að farið.

Ég vil leyfa mér að mótmæla því, að ég vilji koma bæjar- og sveitarfélögum undir eftirlit. En ég vil undirstrika það, að af þeim tveimur leiðum, sem um er að velja, þá tel ég ólíkt nærfærnislegra gagnvart sveitarfélögum að fara þá leið, sem áður hefur verið farin hingað til heldur en þessa lögtaksleið, sem nú er til umr.

Ég get ekki skilizt svo við þetta mál, að ég minnist ekki örfáum orðum á þá skoðun, sem fram kom í ræðu hv. 1. þm. Rang., sem sé að hætta að greiða gamalmennum styrk, af því að viðkomandi sveitar- eða bæjarfélag hafi ekki staðið í skilum við tryggingarnar. Með öðrum orðum, menn, sem hafa stritað langa ævi við að greiða sín gjöld, eiga ekki að fá sínar bætur, af því að það opinbera hefur ekki staðið í skilum. Ég hafði ekki átt von á þessu frá 1. þm. Rang., jafnvel þó að hann sé stundum nokkuð einsýnn í þessum efnum.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð í tilefni af þeim brtt., sem fluttar eru af hv. heilbr.- og félmn.

Ég er algerlega sammála hæstv. forsrh. um það, að nauðsyn sé að tryggja Tryggingastofnun ríkisins innheimtu á hennar tekjum. Og það er ekki annað óheppilegra fyrir viðkomandi bæjar- og sveitarfélög en háar vangoldnar skuldir hrúgist upp og verði því óviðráðanlegri sem vanskilunum er haldið lengur áfram. Því tel ég skynsamlegt að freista nýrra leiða til að koma í veg fyrir meiri skuldasöfnun, og að því leyti er ég sammála þeirri viðleitni, sem fram kemur í till. hv. n. En ég verð að segja það, að bæði ber þetta mál allbrátt að við þessa umr. í síðari deild, og hitt, að í þeim till., sem koma frá hv. heilbr.- og félmn., er nokkuð langt gengið og raunverulega allhart gengið fram í innheimtu gagnvart bæjar- og sveitarfélögum. — Ég hefði því talið æskilegt, að þetta mál væri athugað nánar, áður en til afgreiðslu þess kemur.

Það er alveg rétt, sem hv. 5. þm. Reykv. tók fram, að útsvörin eru svo að segja einu tekjur bæjar- og sveitarfélaga í þessu landi. Og ég tel nauðsynlegt, að ríkisvaldið skyggnist eftir nýjum leiðum til að afla gjalda frá bæjar- og sveitarfélögum, og það er vissulega nauðsynlegt, að sú innheimta sé ekki höfð of væg og bæjar- og sveitarfélögum ekki látið líðast að sleppa við að greiða lögboðin gjöld. Og ég hygg, að hið háa Alþingi,

sem stöðugt er að finna nýja tekjustofna handa ríkinu og stöðugt að leggja ný gjöld á bæjar- og sveitarfélög, ætti nú að finna nýjar leiðir til þess að skerpa innheimtuna.

Þetta er það, sem ég vildi sagt hafa um þetta mál. Og í raun og veru færi vel á því, ef hv. n. tæki þetta mál til nánari athugunar og hv. ríkisstjórn athugaði síðar á þessu þingi, hvernig hægt er að komast að þessu marki.

Emil Jónsson: Herra forseti. Það væri í raun og veru nokkur freisting í sambandi við þessar umr. að ræða nokkuð tekjuöflunarmöguleika bæjar- og sveitarfélaga nú. En þeir eru ekki góðir eins og nú horfir, og svo er svo að segja daglega verið að leggja nýjar og nýjar álögur á sveitarfélögin, sem þau ekki komast hjá að greiða. Samtímis minnkar svo gjaldgeta fólksins og þá um leið erfiðara að innheimta opinber gjöld. Um leið er svo lokað fyrir alla lántökumöguleika í bönkunum, því að þau eru held ég teljandi, þau sveitarfélög, sem geta fengið lán þar, jafnvel skuldlaus sveitarfélög, sem geta lagt fram fullgilda tryggingu fyrir greiðslu.

Af þessum orsökum hafa bæjarfélög ekki getað staðið í skilum með að greiða sín gjöld til trygginganna. En þau eru ekki þeir einu, sem ekki hafa getað borgað.

Það er alveg rétt, að það eru lögð á útsvör til þess að standa undir þessum gjöldum, en þau innheimtast bara ekki. Í þeim tilfellum, sem ég þekki, hefur þessi vangreiðsla stafað af því, að þessi opinberu gjöld innheimtast ekki jafnfljótt og þyrfti. Ég get sagt sem dæmi frá Hafnarfirði, þar sem ég held, að innheimta útsvara gangi þó sízt verr en annars staðar, að nú í árslok 1950 hefur enn ekki tekizt að innheimta nema um helming álagðra útsvara, og enn eru útistandandi ógreidd gjöld svo milljónum skiptir. Þetta er ekki af því, að ekki sé ríkt eftir þessum gjöldum gengið, þar sem tveir menn eru á bönum um allan bæinn til innheimtu þeirra. Heldur fer gjaldgeta fólksins ört minnkandi, samtímis því sem ríkissjóður eykur stöðugt hina óbeinu skatta. Og nú fyrir tveimur dögum var hér til umr. frv. ríkisstj. um að smeygja fram af sér öllum kostnaði við vinnumiðlun og færa hann yfir á viðkomandi bæjarfélög. Allt er þetta til að torvelda, að tryggingunum séu greidd sín gjöld á réttum tíma, og þó að sú aðferð, sem hér er bent á, væri viðhöfð, þá er það ekki leiðin, ef sú leið er farin, sem segir í till., að ráðh. geti ákveðið að leggja hald á útsvör tiltekinna manna og stofnana. Það segir ekkert um það, hve mikið eða af hvað mörgum. Það gæti þýtt, að bærinn fengi ekki innheimt sín gjöld og kæmist í greiðsluþrot til annarra. Ég veit vel, að það eru mörg sveitarfélög miklu verr sett en það, sem ég þekki bezt til, en alls staðar gerir vart við sig vaxandi atvinnuleysi, minnkandi gjaldgeta, og hins vegar alger lokun peningastofnana landsins og auknar álögur. En þó að bærinn hafi ekki í annað hús að venda en bankana, þá eru þeir algerlega lokaðir, jafnvel þó að fullgild trygging sé í boði og skuldir engar. Ég veit ekki, hvað þessu veldur, en þetta er svona. Og ef því er skorið á einu tekjuöflunina, útsvarsinnheimtuna, og mestöll útsvörin tekin í þetta, þá getur svo farið, að sjóðir bæjanna verði uppétnir og þeir geti ekki innt aðrar greiðslur af hendi. Ég vil því leyfa mér að beina því til hæstv. ráðh., að hann geri alvöru úr því, að málinu sé frestað og dragi till. til baka, og athugað verði fyrir næsta þing, hvort ekki sé önnur leið til heppilegri en þessi til að ná sama marki. Ég geri ráð fyrir, að það séu til aðrir möguleikar, og ég vil, að þeir séu allir athugaðir svo sem föng eru á.

Þessi hugmynd er ekki sprottin af því, að ég vilji koma í veg fyrir, að Tryggingastofnun ríkisins fái innheimt sín gjöld, heldur af því, að ég veit, við hve erfitt hlutskipti bæirnir eiga að búa, hvernig útgjöld þeirra fara sívaxandi, og sé skorið á eina tekjuöflunarmöguleika þeirra, útsvarsinnheimtuna, er hag þeirra stefnt í hreint öngþveiti.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Já, ég sé, að það geta orðið allmiklar umr. um þetta mál, ef á að fara að ræða greiðslumöguleika almennt og nýjar tekjuöflunarleiðir bæjar- og sveitarfélaga. En ég tel það ekki rétt að binda það við þetta atriði. Það er aðeins innheimtuatriðið, sem ég ætla að ræða, og hv. þm. geta séð, að það er ekki skynsamleg skoðun, að þegar ríkið hefur lagt á almenn gjöld, þá sé ekki við þau staðið. Og það getur ekkert réttarríki staðizt, þar sem svo er látið til ganga.

Ég get því ekki skilið þá röksemdafærslu hv. þm. Hafnf., að hér eigi að fara að skera á tekjuöflun sveitarfélaga. Hér á ekki að fara að skera á neitt, heldur aðeins, að það fé, sem greiða á til almannatrygginganna, sé greitt. Þetta er einu sinni ákveðinn hlutur, og þá getur það ekki staðizt, að undan þeim greiðslum sé skorazt.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast á erfiðleika bæjar- og sveitarfélaga, svo sem þeir þm. Hafnf. og þm. Ísaf. hafa þrástagazt á þeim. Og ég ætla ekki að bera á móti því, að þau eigi við marga erfiðleika að stríða. En ég man nú ekki betur en þessir hv. þm. hafi greitt atkv. með auknum útgjöldum sveitarfélaga. Það er heldur lítið samræmi í þessum aðgerðum hv. þm. Eftir því sem þessir hv. þm. hafa sagt, er hér verið að skera á tekjur sveitarfélaga og auka á erfiðleika þeirra, og sé svo, að ekki sé hægt að innheimta þessi gjöld, hvernig fer þá, ef á að leggja enn þyngri gjöld á vegna sömu stofnunar?

Þá hygg ég, að það verði að taka mál þetta upp á öðrum grundvelli og athuga hlutfallið milli þeirra byrða, sem almannatryggingarnar leggja þegnunum á herðar. Það er lýðum ljóst, að þeir hugsa sér að flytja þessi gjöld af sveitarfélögunum yfir á aðra aðila, ef auka á gjöld til þeirrar stofnunar, er ekki önnur leið til að breyta því hlutfalli, að flytja gjöldin yfir á einstaklingana og hlífa sveitarfélögunum. En það hefur ekki komið fram till. frá þeim um að raska því hlutfalli, sem þarna er á milli. — Ég gat ekki látið hjá líða að drepa á þetta, úr því að komið var inn á almennar umr. um þetta mál. Hv. þm. vita, að þetta mál er ekki borið fram að gamni sínu, heldur borið fram í samráði við þá aðila, sem hlut eiga að máli, og vildu þeir þó enn strangari ákvæði en þetta. Ég geri ekki ráð fyrir, að þessir aðilar geri þetta af fjandskap við sveitarfélögin. Hv. þm. Ísaf. vildi draga úr því, sem að mínum dómi var ekki

annað en neyðarúrræði. (**FJ**: Er þetta ekki neyðarúrræði?) Hitt er vissulega neyðarúrræði, að setja sveitarfélög undir opinbert eftirlit; með því er í raun og veru verið að gera þau ómyndug, og ég mun ekki viðurkenna þá leið, ef nokkur önnur er fær.

Ég viðurkenni, að það er óheppilegt að láta till. sem þessa koma fram á þessu stigi málsins, og ég vil beina því til forseta, hvort ekki sé rétt að fresta umr. til morguns. Ég gat um það áðan, að ef ég yrði var við mikinn andróður gegn þessari till., þá mundi ég draga hana til baka, ef forseti gæti fallizt á það. En ég er sannfærður um það, að breytingar er þörf í þessu máli, hvort sem sú leið, er till. gerir ráð fyrir, er fær eða ekki.

Forseti (SB): Það hefur komið fram ósk um, að umr. sé frestað, og er málið tekið út af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., 19. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 410, 454).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Við fyrri hluta þessarar umr. var aðallega rætt um brtt., sem þá lá fyrir skrifleg, en er nú komin hér prentuð frá hv. heilbr.- og félmn.

Ég er eiginlega hissa á, að nokkrir menn, sem töluðu um þetta mál, virtust hafa ímugust á þessari till. og mæltu gegn henni, og meðal þeirra eru menn, sem hafa talið sig mjög fylgjandi þessari löggjöf um almannatryggingar og talið hana merka og sagt, að Tryggingastofnunina þyrfti að efla og tryggja, svo að hún gæti haldið áfram störfum á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í lögunum.

Það munu hafa verið nokkur brögð að því með einstök sveitarfélög, sérstaklega kaupstaði, að þau hafa ekki staðið í skilum við Tryggingastofnunina að undanförnu, og safnast þannig töluverðar skuldir hjá ýmsum sveitar- og bæjarfélögum. Mér er sagt, að einstaka kaupstaðir hafi, í stað þess að greiða Tryggingastofnuninni það, sem henni ber, notað féð til ýmissa framkvæmda, sum jafnvel varið fénu til skipakaupa og önnur til vatnsveitna, sem að vísu eru nauðsynlegar framkvæmdir, og mörgum sveitarfélögum hefur gengið illa að fá lán til þess að undanförnu. Ég þekki hreppsfélag, sem nauðsynlega þarf að koma upp vatnsveitu og vantar fé, en þetta hreppsfélag hefur ekki aflað fjár til framkvæmdanna á þann hátt að vanrækja að greiða Tryggingastofnuninni það, sem henni ber. Sem betur fer eru margir enn í þessu landi, sem meta það mest að standa í skilum með það, sem þeir eiga að greiða, meðan þess er nokkur kostur, og fresta heldur ýmsum framkvæmdum, þó að nauðsynlegar séu. Ég óttast það mjög, ef það verður látið viðgangast, að einstök sveitar- og bæjarfélög geti látið safnast skuldir hjá Tryggingastofnuninni ár eftir ár, og nota féð til annars; ég óttast, að mörg af þeim sveitarfélögum, sem nú standa í fullum skilum, fari að leika sama leikinn, og verði vanskilin því meiri áður en langt um líður en þau eru nú.

Mörg sveitarfélög eiga erfitt með þessar greiðslur. Það hefur heyrzt og er kunnugt mál, að mörg sveitarfélög, sem þó hafa staðið í skilum við Tryggingastofnunina, hafa átt erfitt með að ná inn þeim tekjum, sem þarf til að mæta öllum gjöldum, en ég er viss um, að mörg hin smærri sveitarfélög, sem hafa staðið í skilum, hafa ekki átt betra með það en mörg hinna stærri.

Ég held, að ef það verður látið viðgangast, að skuldir safnist í stórum stíl, þá sé verið að grafa grunninn undan Tryggingastofnuninni, og það eigum við ekki að gera, heldur leggja áherzlu á, að gjöldin séu innheimt. Það er hægt að létta þessum gjöldum af sveitarfélögunum og draga úr útgjöldum Tryggingastofnunarinnar að sama skapi. Það yrði vafalaust vel þegið af ýmsum. Þetta gæti sem sé komið til mála. En hitt er alveg ófært, að láta það viðgangast, að ýmsir safni skuldum í stórum stíl, sem verða óviðráðanlegar, því að þá mun svo fara, að mörg byggðarlög, sem nú standa í skilum, leika sama leikinn.

Ég geri ekki ráð fyrir því, að það sé hættulegt að samþykkja þessa till., því að þessu ákvæði verður tæpast beitt nema í ýtrustu nauðsyn af hæstv. ríkisstj., heldur verði farið eins vægilega í sakirnar og hægt er, án þess þó, að skuldasöfnun verði leyfð.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Það er í sjálfu sér nauðsyn, að Tryggingastofnunin fái þá peninga, sem henni ber í lögum og miðað hefur við, að hún þurfi á að halda til að standa undir þeim greiðslum, sem henni ber að greiða. Þess vegna vil ég ekki mæla því ástandi bót, sem skapazt hefur í ýmsum bæjar- og sveitarfélögum, sem ekki hafa getað staðið í skilum. Vitanlega verður að fást á því einhver lausn, en þetta mál er bara flóknara en þessi till. virðist gera ráð fyrir. Það er ekki þannig, að bæirnir hafi neitað að greiða af því fé, sem þeir höfðu, heldur hefur annað tveggja orðið, að útsvarsinnheimtan í bæjunum hefur ekki verið eins góð og hún ætti að vera vegna atvinnuástandsins, eða að áföll hafa orðið til að rýra aðrar tekjur eða valda nýjum útgjöldum. Ég veit t. d. um Siglufjörð. Bæjarfélagið þar hefur orðið fyrir ákaflega stórfelldum útgjöldum og ákaflega stórfelldum tekjumissi, og ég geri ráð fyrir, að illa hafi gengið að innheimta þær útsvarsupphæðir, sem á hafa verið lagðar, t. d. hafa útsvörin af síldarverksmiðjum ríkisins brugðizt, og síldarleysið hefur komið fram í því, að almenningur hefur haft mjög lágar tekjur. Þetta hefur haft tvöfalda verkun, 1) illa hefur gengið að innheimta útsvörin, 2) lítið er til að leggja á næsta ár. Ríkið hefur alltaf gengið lengra og lengra í að innheimta sínar tekjur sem tolla og gengur því alltaf fyrir, svo eiga bæjarfélögin að ná í sínar tekjur af því, sem eftir er hjá almenningi. Það er því ekki að furða, þó að það gangi misjafnlega, t. d. þegar síldarleysi hefur líka verið, og þá er ekki að undra, þó að til svona vandræða komi. Þess vegna held ég, að það þurfi að rannsaka tekjustofna bæjarfélaganna, bæjarstjórarnir eru fúsir til að athuga þetta sjálfir, þ. e. hvernig þetta stendur af sér og hvers vegna þeir hafa ekki greitt þessi gjöld. Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um, að bæjarfélögin vilja standa í skilum, þetta eru ekki viljandi vanskil, og mér finnst það tæpast sæmandi af hv. þm. V-Húnv. að segja, að bæjarfélögin hafi viljandi tekið þessa peninga og notað þá til annars. Það getur verið, að í einstök-

um og aðkallandi tilfellum hafi verið óhjákvæmilegt að grípa til þeirra í stórvandræðum, en bæjarstjórarnir reka varla þá fjármálapólitík. Nei, þetta er miklu meira vandamál en svo. Ef það væri ekki annað en það, að peningarnir væru yfirleitt notaðir til annars, þá væri hægt að leysa vandræðin með þessari brtt. Mér virðist liggja beinast við, að ríkisstj. ætti fyrst viðræður við bæjarstjórana og þeir athuguðu möguleikana á að bæta um tekjustofninn, sem bæjarfélögin hafa, og tækju þá kannske upp löggjöf í því skyni að fá nýjan tekjustofn, ef sú verður niðurstaðan. En áður en Alþingi fer að gera svona ráðstafanir, finnst mér sjálfsagt, að rætt verði við bæjarstjórnirnar. Það er ofstæki að halda fram, að bæjarstjórnirnar noti þessa peninga til annarra hluta.

Ég held þess vegna, að það væri langbezta lausnin á þessu, að þessi till. verði tekin aftur og ríkisstjórnin ræði við bæjarstjórnirnar, sem hlut eiga að máli, og leitazt verði við að fá lausn á þessu án þess, að til slíkra ráðstafana komi, sem hér er talað um. Ég vil benda á, að ef farið verður inn á þessa braut, sem kannske er ekki óeðlileg frá sjónarmiði þeirra manna, sem telja, að þetta hafi verið gert vísvitandi, — en það er áreiðanlega undantekning, ef slíkt hefur komið fyrir —, þá er hætt við, að bráðlega verði farið að halda svona áfram við innheimtu á mörgum fleiri gjöldum. Verður það þá ekki næsta skrefið að taka ákveðinn hluta af útsvörunum í bæjunum, og þannig verður svo haldið áfram. Hver verður svo útkoman? Útkoman verður sú, að ríkið fær þessi bæjarfélög á sína könnu, ef það vill ekki líta á þá hlið, hvernig tekjum bæjarfélaganna er varið og vill ekki, að þessir aðilar snúi bökum saman til að reyna að finna heppilega lausn, heldur setja hnefann í borðið og segja, að það taki svo og svo mikið af útsvörunum. Þá er viðbúið, að ríkið fái á sig þungann af þessum bæjarfélögum, og það er ekki víst, að það verði heppileg útkoma fyrir ríkið. Mér finnst, að þeir menn, sem að þessari brtt. standa, geti gert sig ánægða með að vera búnir að sýna hana í þinginu, og geti því tekið hana aftur og hæstv. ríkisstjórn eða félmrh. ræði síðan við þau bæjarfélög, sem hlut eiga að máli, um þetta, og þeir geta athugað þessa till. í sambandi við þær umr. Þingið kemur saman aftur eftir nýár og stendur eitthvað, svo að það er engin hætta á ferðum með, að ekki sé hægt að koma þessu fram, ef það verður talin óhjákvæmileg nauðsyn að koma þessu í lög. Mér finnst það óneitanlega heppilegri aðferð, að þessu sé ekki skellt yfir nú í skyndi, heldur sé gefinn umhugsunarfrestur og viðræður látnar fara fram milli ríkisstj. og þeirra aðila, sem hafa safnað skuldum, og svo, ef ríkisstjórnin kemst að þeirri niðurstöðu, að ekki sé um annað að gera eftir þær viðræður, má setja þetta ákvæði á. Mér finnst dálítið fruntalegt að koma með þetta nú, því að það er fullur vilji hjá þessum bæjarfélögum að standa í skilum og losa sig við skuldirnar og lenda ekki aftur í vanskilum.

Ég vil þess vegna mjög eindregið fyrir hönd þess kjördæmis, sem ég er fulltrúi fyrir, fara þess á leit við hæstv. félmrh. og hv. heilbr.- og félmn., að þessi till. verði að svo stöddu dregin til baka og ekki verði gripið til ráðstafana svipaðra þessum, fyrr en annað er óhjákvæmilegt, og þá mundi vafalaust vinnast tími til þess, er þingið kemur saman að loknu jólafríi.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Ég er dálítið hissa á þeirri andstöðu, sem hér hefur komið fram gegn þessari brtt. Hv. þm. vilja fyrst fara þá leið að láta rannsaka fjárhagsástand bæjarfélaganna. En þetta er eingöngu heimild fyrir ráðh. að gera þetta, þegar honum sýnist, og vitanlega býst ég við, að hver, sem því embætti gegnir, muni fyrst ræða við viðkomandi bæjarfélag, ég er þess alveg fullviss. Þetta eru bara heimildarlög fyrir ráðh. ef allt annað þrýtur, og ég veit, að hann muni leita viðræðna áður en hann beitir þeim.

Ég vil enn þá einu sinni benda á, af því að það hefur verið mjög véfengt, að bæjarstjórnirnar hafi misnotað féð, að ég get nefnt þess ótal dæmi. Árið 1947 höfðu þegar safnazt skuldir hjá ýmsum sveitarfélögum, og var það ekki af því þá, að erfiðleikar væru á innheimtu, það var bara látið ganga í annað. (**ÁkJ:** Þetta er ekki rétt.) Það eru til fleiri staðir en Siglufjörður. Við vitum ósköp vel, að það liggur í því, að það hefur verið erfitt að fá lán í bönkum, og því hefur þetta fé verið tekið, bæði til skipakaupa og vatnsveitna. Ég ætla að vara við þeirri hættu. Þetta hefur tryggingaráði lengi verið ljóst. Við höfum reynt að kippa þessu í lag, en það hefur gengið erfiðlega. Sum bæjarfélög hafa á þessu ári verið í erfiðleikum, það hefur verið örðugra um atvinnu en fyrr, og reynslan er sú, að þegar harðnar í ári, verður ásóknin á tryggingarnar meiri en nokkru sinni fyrr. Manni, sem er veikur, batnar oft seinna, þegar hann á að litlu að hverfa. Þetta getur snert sálarlegu hliðina. Vitneskjan um að hafa að góðu að hverfa, lyftir manninum ekki lítið upp og getur haft áhrif á heilsu hans.

Mér virðist hv. þm. Ísaf. telja nóg að ausa með annarri hendinni úr þessum potti, en minna hirða um, hvað í hann kemur aftur. Hann taldi mig harðýðgisfullan og einsýnan. Ég held, að hann sé meira einsýnn, að vilja bara ausa úr pottinum, hvort sem nokkuð kemur í hann aftur eða ekki. Ef sveitarfélögin komast upp með það ár eftir ár að inna þessi gjöld ekki af höndum, þá koma hin á eftir. Þau hljóta að gera það, af því að mörg þeirra, sem hafa staðið í skilum, hafa orðið að láta ýmislegt bíða, sem þau hafa þó þörf og löngun til að framkvæma. Þau hafa reynt að borga þetta undan blóðugum nöglunum, ef svo mætti segja, og ef þau sjá, að sumum bæjarfélögum ár eftir ár líðst að safna skuldum, þá taka þau upp sömu aðferð. Og hvar stöndum við þá? Einmitt nú á svona tímum fullreynir á tryggingarnar. Þær voru stofnaðar á góðum tíma og hafa gengið vel fram að þessu, en þegar fer að harðna í ári, reynir meira á þær, og þá vitanlega ríður á því, það er höfuðnauðsyn, að þeir menn, sem vilja, að þetta haldi áfram, og ég vona, að það séu sem flestir, að reyna að sjá um, að hægt sé að ná þeim tekjum, sem þær eiga samkv. l. Ég held, að ég sýni engum harðýðgi, heldur sé þetta nauðsynleg leið, sem valin er að vandlega athuguðu máli af þeim, sem um þetta mál eiga að fjalla. Ég vil benda hv. þm. Ísaf. á, að mín harðýðgi er sú, að ég er að reyna að milda þá till., sem flutt var í Ed. af hv. 4. þm. Reykv., og ég held, að óþarfi sé að bregða honum

um harðýðgi. Hann hefur reynt að liðka til fyrir sveitarfélögunum eins og hann hefur getað. En við, sem viljum, að tryggingarnar haldi áfram, viljum gera þessar varúðarráðstafanir til þess að reyna að koma þessum málum í lag. Þetta er eingöngu heimild, og ráðh. er ekki skyldugur til að nota hana, og hann mun tala við viðkomandi bæjarstjórnir fyrst. Þetta er aðhald, sem ég tel, að þurfi að koma frá Alþingi og mun ef til vill verða til þess, að bæjarstjórnir reyni að standa í skilum og safna ekki skuldum, eins og sumar þeirra hafa gert undanfarin ár.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en vænti þess, að till. verði samþ.

Finnur Jónsson: Ég hef mótmælt þessari brtt. á þeim grundvelli sérstaklega, að ekki væri gert ráð fyrir, að nein athugun færi fram á fjárhag viðkomandi sveitarfélaga, áður en slíkar aðgerðir væru gerðar. Að vísu var því lýst yfir af hv. frsm., að sjálfsagt væri, að fjmrh. talaði við viðkomandi sveitarfélög, áður en þessum aðgerðum væri beitt. En þá tel ég viðkunnanlegra, að Alþingi setti ákvæði um, að slík athugun færi fram. Það má vel vera, að það megi skipta þessum vanskilasveitarfélögum í tvennt, félög, sem alls ekki geta innt af hendi þessi gjöld, vegna þess að þau hafa ekki bolmagn til þess, vegna þess, að atvinnuástandið sé orðið þar svo slæmt, m. a. vegna síldarbrests og aflabrests, að þau geti ekki innt af hendi þessar skuldbindingar eða aðrar. Það er svo um Ísafjörð, að ég hef enga trú á, að hægt sé að innheimta þessi gjöld þar með því ástandi, sem þar er nú, því að kaupstaðurinn skuldar m. a. föstu starfsfólki fimm mánaða laun og er búinn að veðsetja útsvör næsta árs meira og minna fyrir útgjöldum á þessu ári. En það kunna að vera til einhver önnur félög, sem hefðu magn til að greiða þessi gjöld og efla aðkallandi framkvæmdir og eru í rauninni ekki í neinni fjárþröng. Það mætti ef til vill skipta þessum sveitarfélögum þannig í tvennt. Ég hef aðeins verið að mótmæla að ganga of hart eftir að innheimta fyrir tryggingarnar. Ég hef bent á, að það þyrfti að gera mun á eftir því, hvort um er að ræða sveitarfélög, sem hafa getu, en lítinn vilja til að greiða, og hinum, sem hafa góðan vilja, en enga getu vegna yfirstandandi atvinnuvandræða og aflaleysis. Ég tel, að engu sveitarfélagi á landinu sé um of að inna af hendi þessi gjöld til tryggingganna, sem þeim er gert að greiða, með þeim hlunnindum, sem þau fá frá tryggingunum, svo framarlega sem eðlilegt atvinnuástand er í sveitarfélaginu. En af því að ég tel nauðsynlegt, að hagur þessara sveitarfélaga sé athugaður og það sé fram tekið í l., vil ég leyfa mér að leggja fram skrifl. brtt. við 1. málsgr., að á eftir orðunum „og er þá ráðherra heimilt að ákveða“ komi: komi það í ljós, að um vanskil sé að ræða, er ekki stafa af getuleysi. — Þessi málsgr. hljóðar þá þannig, verði brtt. samþ.: Virði sveitarfélag að vettugi fyrirmæli ráðherra um að skila tilteknum hluta útsvara til lúkningar skuld sinni við Tryggingastofnun ríkisins, er ráðherra heimilt að ákveða, komi það í ljós, að um vanskil sé að ræða, er ekki stafa af getuleysi, að á útsvör tiltekinna stofnana, fyrirtækja og einstaklinga í sveitarfélaginu skuli lagt hald — o. s. frv.

Ég vænti þess, að hv. n. og d. geti fallizt á þessa till. Mér virðist, að hún sé í þeim anda, sem á að framkvæma eftir, og þá er skaðlaust að taka hana upp í frv.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt hina skrifl. brtt. hv. þm. Ísaf. Hún er skrifleg og of seint fram komin, og þarf tvöföld afbrigði, til þess að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 461) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég verð að segja, að mér kemur á óvart, hvað hart er sótt af hálfu framsóknarmanna í heilbr.- og félmn. að fá þessa till. samþ. og reyndar fleiri framsóknarmanna, sem hér hafa talað um þetta mál. Ég er satt að segja dálítið undrandi yfir þessari mjög harðvítugu afstöðu. Satt að segja eigum við frekar að venjast því þó, þegar sveitarfélög eiga í hlut, að framsóknarflokksþingmenn vilji þar í orði kveðnu frekar halda uppi rétti sveitarfélaga. Mér finnst þetta skjóta dálítið skökku við. Í öðru lagi finnst mér einkennileg afstaða, sem kemur fram um skyldur sveitarfélaganna annars vegar og ríkisins hins vegar, þegar um það er að ræða að standa við sínar löglegar skuldbindingar. Þótt Alþingi sé handhafi ríkisvaldsins gagnvart almenningi, þá er það ekki skylda okkar þm. að hugsa um hagsmuni ríkisins sem fyrirtækis gagnvart almenningi frekar en hagsmuni almennings gagnvart sveitarfélögum. En hvernig fer nú ríkið að, þegar það er að einhverju leyti í vandræðum með atvinnulífið? Hvernig stendur það við þær skuldbindingar, sem Alþingi hefur lagt því á herðar með samþykkt ýmissa l.? Fyrir nokkrum árum voru samþ. l., sem lögðu ríkinu á herðar að hjálpa bæjar- og sveitarfélögum að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Þau lögðu ríkinu á herðar að greiða ákveðna fjárhæð til bæjar- og sveitarfélaga í þessu skyni. Nokkru seinna segir ein ríkisstj., að hún geti ekki staðið undir þessum skuldbindingum. Hvað gerir ríkið þá? Það losar sig við þessa skuldbindingu. Þá var ekki verið að tala um harðýðgi gagnvart ríkinu. Þá var ekki verið að tala um að taka part af sköttunum, sem innheimtir voru hjá almenningi, eða part af tollunum og láta þá fara til að hjálpa til að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Þá var ekki verið að taka part af því, sem ríkið á að fá, og segja: Þessi partur skal ganga til að útrýma heilsuspillandi íbúðum. — Ef löggjöfin hefði ætlað að verja héruðin gegn ríkissjóði, eins og stefnt er að með þessari till. að gera gagnvart bæjarfélögunum, þá hefði átt að leggja fram till. um það, svipaða þessari. En ríkið gerir sér hægt um hönd. Það segir bara: Það hefur að vísu ekkert breytzt. Húsnæðið er jafnslæmt og áður og þörfin eins mikil og fyrr. En ríkið getur bara ekki staðið undir þessu. Við gætum það, ef við vildum taka meira af gróðafyrirtækjunum og nota það til að auka tekjur ríkisins, en við bara viljum ekki gera það. Þess vegna losum við ríkið við að standa við þessi l. og setjum l., sem fresta þessum framkvæmdum. — Þannig hefur ríkið það, þegar það þarf að fara í sjálfs sín vasa.

Hér er um annað að ræða. Hér er um sveitarfélög að ræða, sem ríkið sjálft ræður, hvort hefur tekjustofna aðra en útsvörin. Hér er um aðila að ræða, sem hafa margsinnis farið fram á það við ríkið að fá einhverja aðra tekjustofna, en fá það ekki. Hér er enn fremur um skyldu að ræða, sem ríkið hefur lagt bæjarfélögunum á herðar, samhliða því sem ríkið hefur séð um að afla sjálfu sér tekna og á sjóði til að standa undir sínum skuldbindingum, en skeytir ekkert um, hvort bæjarfélögin hafa nokkrar tekjur til að standa undir sínum. Bæjarfélögin hafa reynt að fá ríkið til að endurskoða þessa afstöðu sína og hafa sent samþykktir, sem hafa verið meira og minna þýðingarlausar. Ég vil minna á í þessu sambandi, að það hafa komið saman fulltrúar frá bæjarfélögunum víðs vegar um land til að biðja stjórn og þing að breyta til um það kerfi, sem verið hefur um innflutnings- og útflutningsverzlun og atvinnulíf. Þetta hefur verið einróma samþ. af þeim til þess að fá einhver ofurlítið meiri réttindi til sín, svo að þeir ættu auðveldara með að efla sitt atvinnu- og verzlunarlíf, svo að það sveitarfélag gæti orðið sterkara en ella. Ríkisstj. hefur engu sinnt af því, sem fram hefur komið af slíkum óskum frá bæjarfélögunum. Hún hefur skellt skolleyrunum við öllu slíku, svo að bæjarfélögin eiga erfitt, eins og nú er, og eiga kannske erfitt vegna ráðstafana, sem ríkissjóður og ríkisvaldið gerir, en sumpart af óviðráðanlegum orsökum. En þá segir ríkið: Það þýðir ekki annað en að ganga að þessum skuldaþrjótum. Það verður að beita því harðasta til að láta þessa þrjóta borga. — Þá er ekki verið að tala eins og þingið væri að tala við ríkissjóð, þegar það er að skjóta honum undan skuldbindingum sínum. Nei, það er eins og harðvítugur sýslumaður ætti að halda uppboð vegna vanskila hjá fátæklingum. Ég kann ekki við, að þingið hafi þannig tvo mælikvarða. Ef ríkið, sem er ríkt og hefur nóga möguleika og nóg vald til að hafa nóg fé og á miklar skuldlausar eignir, sem skipta hundruðum milljóna, og ræður yfir stofnunum, sem eiga svo að skiptir hundruðum milljóna, skýzt undan skuldbindingum sínum, en ætlar að beita svona harðýðgi fátæk bæjarfélög, sem það meinar að standa undir sér, þá er farið að beita tveimur ólíkum mælikvörðum.

En hverjir ætla að byrja á þessu, og hverjir vilja beita því? Það eru framsóknarmenn, sem ætla að byrja og beita því í sambandi við tryggingarnar. Er það af umhyggju fyrir alþýðutryggingunum? Ef það á að beita þessari aðferð við sveitarfélögin, sem vegna aðgerða ríkisvaldsins og þess, hvernig minnkandi framkvæmdir þar standa atvinnulífinu fyrir þrifum, og ef bæjarfélögin eru að reyna að halda við atvinnu hjá sér, reyna að standa undir fátækraframfærinu á þessum stöðum, sem fer vaxandi, ef það á þá að ganga að útsvörum þessara bæjarfélaga, ef gjöldin nást ekki inn, og ef það á að taka af mönnum það litla, sem þeir eiga, upp í ógreidd gjöld, eins og nú er verið að auðvelda með nýrri löggjöf, og svo er því skellt við, að þessar harðvítugu ráðstafanir séu gerðar vegna tryggingarnar, hver verður afleiðingin þá? Hún verður sú, að reynt verður að koma óvinsældunum af slíkum aðgerðum yfir á alþýðutryggingarnar. Framsóknarmenn hafa ekki staðið svo vel að verki, þegar verið var að berjast fyrir endurbótum á alþýðutryggingunum upp á síðkastið, að það sé vegna einlægrar umhyggju, að svona hart er fram gengið nú. Afleiðingarnar af þessum aðgerðum mundu koma óvinsældum á alþýðutryggingarnar. Ég kysi heldur frá tryggingarnar sjónarmiði, ef á að byrja á svona innheimtu, að það væri byrjað nú á einhverju áður. Alþýðutryggingarnar eru fjárhagslega öruggar, meðan ríkið stendur í ábyrgð fyrir þeim, og ríkið er nógu ríkt til að standa undir öllum skuldbindingum, sem á það kynnu að koma vegna einhverra sveitarfélaga, sem brotna kynnu saman fyrir þeirra tilstilli.

Ég held þess vegna, að það eigi ekki að samþ. þessa till. nú, vegna alþýðutryggingarnar eigi ekki að samþ. hana. Hitt álít ég ákaflega heppilegt, að athuga og helzt undirbúa undir framhald þessa þings eftir nýár að útvega sveitarfélögunum nýja tekjustofna. Þetta ástand getur ekki gengið lengur. Það er enginn efi á því, að ef því væri lýst yfir prinsipielt, að vilji væri til að veita sveitarfélögunum nýja tekjustofna, þá mundi ekki skorta till. um slíkt.

Hv. 1. þm. Rang. talaði um, að ekki mætti gera of miklar kröfur til tryggingarnar, þær væru stofnaðar á góðum tíma, en það væri að harðna í ári. Ég fæ ekki séð stoð í þessari röksemd 1. þm. Rang. Tryggingarnar eru stofnaðar á góðum tíma, og það er því meiri nauðsyn fyrir fólkið, að þær séu því fullkomnari, sem kynni að verða harðara í ári. Ég kann ekki við þessa gömlu íhaldsröksemd hv. þm., að menn, sem eru tryggðir, séu lengur veikir en þeir, sem ótryggðir eru. Það er gamaldags mótbára gegn tryggingunum, sem maður þekkir frá fyrstu tímum alþýðutryggingarnar.

Ég get ekki samþ. þá röksemd hv. þm., að það sé að harðna í ári, eins og hann segir. Hitt er annað mál, að það er verið að gera mönnum erfiðara fyrir að lifa nú en var fyrir nokkrum árum. Það er verið að þjarma að þjóðinni. Það er verið að svipta hana fleiri og fleiri réttindum, sem hún hefur aflað sér. Það er verið vitandi vits að taka af henni atvinnuna. Það er verið með ofríki ríkisvaldsins að taka af henni ráðin, hvar hún verzlar. Það er verið að gera vaxandi kúgunarráðstafanir í þágu lítillar auðmannastéttar í Reykjavík, á kostnað almennings. Það er verið að gera harðvítugar ráðstafanir, að sem þrengst verði í búi hjá almenningi og reyna að brjóta niður hans efnahagslega styrkleika. Það er engin þörf að kenna það versnandi árferði, sem beinlínis stafar af ákveðinni pólitík, sem rekin er af hæstv. ríkisstj. og hv. þm. ásamt sínum samflokksmönnum á ekki sízt sök á. Ég vil því mótmæla eindregið þeim rökum, sem fram komu hjá hv. 1. þm. Rang. í því tilliti, að þessa till. ætti að taka til baka. Það eru vissulega möguleikar fyrir hendi til að gera þær ráðstafanir eftir jólahléið, sem meiri hluti Alþingis og ríkisstj. telja óhjákvæmilegt, að þurfi að gera.

Mér finnst það ekki viðfelldið að skella þessari till. allt í einu fram við 6. umr., þegar búnar eru 5 umr. í deildunum, og afgreiðsla málsins var mjög fljót í Nd., og ætla að knýja þetta í gegn á skömmum tíma. Ég mælist því til, að till. verði tekin til baka, og ríkisstj. veit, að hún hefur nægi-

lega möguleika að taka þetta upp, er Alþingi kemur saman eftir nýár, ef hún telur óhjákvæmilegt að setja þessa breytingu.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki verið viðstaddur umr. síðan þær hófust að nýju, en mér hefur skilizt, að till., sem um er að ræða og hæstv. forsrh. vakti máls á í gær, yrði e. t. v. tekin aftur. Og hjá hv. frsm. n. heyrðist mér engin hugarfarsbreyting hafa orðið síðan í gær. En ég hef orðið fyrir vonbrigðum, því að ég hélt, að til mála kæmi, að fresta að setja þessar ströngu innheimtuaðferðir.

Hæstv. ráðh. sagði, að þetta væri eingöngu innheimtuatriði. En það getur haft margvísleg áhrif, hvaða innheimtuaðferðir eru notaðar, og ég lagði áherzlu á það í gær, að sú aðferð, sem farið er fram á, væri svo ströng, að bæjarfélögin gætu ekki sætt sig við hana. Það væri verið að skera á þá einu tekjuöflunaraðferð, sem bæjarfélögin hafa, sem þó hefur verið skert á þann hátt í fyrsta lagi, að gjaldþol þegnanna hefur minnkað, í öðru lagi, að gjöld til ríkisins hafa verið hækkuð, í þriðja lagi, að verið er að færa yfir á bæjarfélögin útgjöld, sem áður tilheyrðu ríkissjóði, í fjórða lagi, að ríkissjóður skuldar bæjarfélögunum fé, sem þau hafa ekki fengið greitt, og í fimmta lagi, að ómögulegt er fyrir bæjarfélögin að fá bráðabirgðalán, hvaða trygging sem í boði er. Allt þetta gerir það að verkum, að bæjarfélögunum er gert óhægt um vik, og það veit á verra, ef tekjuhagurinn verður einnig skertur, eins og hér er farið fram á.

Ráðh. sagði, að það væri missögn í því að vilja hækka framlögin til einstaklinga samtímis því, að við teldum öll tormerki á því, að bæirnir gætu staðið við skuldbindingar sínar. Þetta er misskilningur. Framlögin nægja ekki til að menn geti lifað sómasamlegu lífi, og þarf viðbótar úr bæjarsjóðunum. Hækkun á framlagi Tryggingastofnunarinnar þýðir, að það þarf ekki þetta viðbótarframlag úr bæjarsjóðunum. Svo að hér er ekki um neitt ósamræmi að ræða; — meiri hækkun mundi hjálpa bæjarfélögunum.

Enn fremur sagði ráðh., að með þessu væri frelsið ekki tekið af bæjarfélögunum, eins og ef þau væru sett undir opinbert eftirlit. Þetta er rétt aðeins að formi til og ekki meir. Því að ef tekjuöflunarmöguleikarnir eru skertir, eins og ráð er fyrir gert í till., þá er frelsið tekið af þeim. Og ég legg lítið upp úr þeim mismun, sem hér um ræðir, og þeim að taka frelsið af þeim með opinberum aðgerðum.

Eftir allar þær aðgerðir ríkisstj. og Alþingis, sem miða að því að torvelda möguleika sveitarfélaganna til þess að sinna hlutverki sínu, finnst mér það koma úr hörðustu átt, er svona till. sem þessi er borin fram. Ef þessi till. verður samþ., eru engin takmörk fyrir því, hve mikinn hluta af óinnheimtu útsvari má taka. Það mætti jafnvel taka 100%, helming eða ¼, — það er alltaf á valdi ráðherra, hve mikið hann telur heppilegt að útfæra hverju sinni.

Ég hefði talið eðlilegt, sanngjarnt og sjálfsagt, að þessi till. væri dregin til baka eða felld, en ef það er ætlun ríkisstj. að þvinga þessari till. í gegn, þá vildi ég til vara bera fram skrifl. brtt. þess efnis, að aftan við fyrri meginmálsgreinina bætist: „enda sé sá hluti ákveðinn í hlutfalli við greiðslur sveitarfélagsins til Tryggingastofnunarinnar af heildarupphæð útsvaranna". Þannig að ekki yrði lagt hald á meira af útsvörum, sem innheimt eru, en sem svarar greiðslu af álögðum útsvörum. Þetta er lágmarkið. En helzt vildi ég, að till. væri dregin til baka eða felld og málið endurskoðað áður en það er ákveðið. — Ég er sízt með því að setja fótinn fyrir, að Tryggingastofnunin fái sín gjöld, en mér finnst aðferðin, sem nota á, svo harkaleg, að það er ekki hægt annað en að mótmæla henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 462) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það gæti verið full ástæða fyrir mig til að tala hér langt mál vegna þeirra ræðna, sem hv. 2. þm. Reykv. og þm. Hafnf. o. fl. hafa flutt hér, en ég mun þó ekki gera það nú. — Það er, eins og hv. þm. vita, nauðsynlegt, að Alþingi ljúki störfum í dag vegna brottfarar þeirra margra með einu strandferðaskipanna kl. 8.

Nú hefur verið að rigna yfir brtt. skriflegum og tekur nokkra stund að athuga þær. Að vísu get ég tekið fram um till. hv. þm. Ísaf., að mér finnst óhugsandi að samþ. hana, því að í henni er raunar sagt, að ekkert skuli innheimta, ef illa árar, þ. e. a. s. ef fjárhagsgetan er ekki góð. En hins vegar tel ég, að það mætti vel athuga till. hv. þm. Hafnf. En það er aðeins útúrsnúningur hjá þessum hv. þm. að segja, að það megi taka 100% hluta af óinnheimtu útsvari, því að 100% er ekki hluti, og mér þætti gaman að sjá, hvað hv. þm. ætti marga hluta eftir, ef hann tæki 100%, svo að þetta er einungis útúrsnúningur, enda er ekki ætlazt til, að allt sé tekið. Ég undrast mjög ummæli hv. þm. þess efnis, að gengið sé í þessari till. hart að frelsi sveitarfélaganna, því að frelsi þeirra var áreiðanlega skarðara áður, þar sem hægt var að setja sveitarfélög undir opinbert eftirlit. Og ég er viss um það, að ekki er hægt að ganga lengra í því að gera sveitarfélögin ómyndug en með því að setja þau undir opinbert eftirlit. En í þessari till. hér er verið að brúa þetta millibil.

Ég ætla mér ekki að hefja almennar umr. um þetta mál nú, því að ég vil ekki setja afgreiðslu frv. í hættu, þar sem svo stuttur tími er til stefnu, og hér er eftir að ræða mál, sem taka mun að öllum líkindum nokkurn tíma.

Ég vil leyfa mér að leggja til við hæstv. heilbr.- og félmn., að hún taki till. sína aftur, og vil ég lýsa yfir í þessu sambandi, að ég mun strax eftir þinghléið bera fram frv. til laga um þetta mál.

Ég mun svo ekki segja meira um þetta, en vil heyra, hvað hv. frsm. n. hefur um þetta að segja.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Nefndarmenn hafa heyrt tilmæli hæstv. forsrh. viðvíkjandi brtt. okkar, og þar sem ráðh. hefur gefið fyrirheit um það, að till. verði tekin til nýrrar athugunar strax eftir nýár, get ég sagt, að nefndin fallist á að taka till. til baka og væntir þess, að málið verði tekið til rækilegrar yfirvegunar eftir nýár.

ATKVGR.
Allar brtt. teknar aftur.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 463).

60. Dragnótaveiði í landhelgi (frv. SB og HÁ).

Á 10. fundi í Sþ., 1. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 83 22. okt. 1945, um viðauka við l. nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi [61. mál] (þmfrv., A. 101).

Á 15. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Með l. nr. 83 frá 1945 var heimilað að ákveða frekari takmarkanir á dragnótaveiðum í landhelgi en segir í l. frá 1937 um bann gegn þeim. Með l. frá 1945 var ráðherra heimilað samkv. till. Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans að ákveða frekara bann gegn dragnótaveiðum en segir í 1. gr. l. frá 1937. Þessi heimild hefur lítið verið notuð. En 1. marz s. l. setti atvmrn. samkv. hinum fyrrnefndu l. reglugerð um bann við dragnótaveiðum á tveimur svæðum, öðru á Vestfjörðum, í Aðalvík, en hinu hér við Faxaflóa, eða frá Sandgerðisvita að Hraunsnesi. Þessi reglugerð var sett samkv. eindregnum óskum sjómanna og útvegsmanna á báðum stöðunum. Enda er raunin sú, að átt hefur sér stað vaxandi ásókn um það undanfarið af hálfu sjómanna að fá þessa heimild notaða til algers banns við dragnótaveiði á ákveðnum stöðum. Um þetta var sem sagt sett reglugerð á s. l. vetri. — Nú er hins vegar komið í ljós, að dómsmrn. telur, að ekki sé unnt að framfylgja reglugerðinni vegna þess, að ekki hafi verið fylgt til hins ýtrasta lögunum frá 1945. En þar segir skýrt, að ráðh. sé heimilt að setja bann við dragnótaveiði á ákveðnum stöðum „samkvæmt tillögum" Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans. Vegna þessarar afstöðu dómsmrn. hefur ekki þótt fært að halda til streitu reglugerðinni um friðun umræddra svæða, og er hún upphafin þar með.

Nú er þetta frv. flutt vegna þessa tilviks. Er þar lagt til, að heimild til að friða einstök svæði verði ekki lengur bundin algerlega við meðmæli beggja þeirra aðila, sem til eru nefndir í l. frá 1945. Því er lagt til, að fyrir orðin „samkvæmt tillögum" í 1. gr. laganna komi orðin: að fengnum tillögum. Er þá heimildin ekki lengur bundin við það, að báðir aðilar mæli með friðuninni.

Ég geri ekki ráð fyrir því, að við flm. þessa frv. þurfum að fjölyrða mjög um rökin fyrir réttmæti þess. Ég hygg, að á síðari árum hafi orðið töluvert mikil breyt. á afstöðu manna til dragnótaveiðanna. Þær hafa víða reynzt að hafa í för með sér hættulega rányrkju, sem ekki má láta viðgangast von úr viti. Auk þess munu menn telja, að rétt sé að gefa hlutaðeigendum á ýmsum stöðum rétt til að hafa áhrif á það, hvernig þessum málum er skipað og hvort veiðar skuli leyfðar uppi í landhelgi hjá þeim. Nú fækkar auk þess mjög þeim skipum, er þessar veiðar stunda, svo að dragnótaveiðarnar eru ekki lengur eins þýðingarmikill þáttur í fiskveiðunum og áður var. Auðvitað er þó rétt, að mörg hraðfrystihús eiga enn talsverðra hagsmuna að gæta í þessu efni, en þá kemur hitt líka til greina, að framleiðsla þeirra er nú að verða fjölþættari og þau taka fleiri fisktegundir til verkunar en fyrr, svo sem karfann, sem nú virðist vera að verða mikil útflutningsvara. Þetta mælir allt með því, að heimild sú til atvmrh., sem hér um ræðir til þess að ákveða friðun eða bann við dragnótaveiðum á einstökum svæðum, verði rýmkuð og að unnt verði að framkvæma þann vilja mjög margra þm. að friða einstök svæði.

Ég tel á þessu stigi málsins ekki þörf á að fara fleiri orðum um þetta frv. og leyfi mér að óska þess, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 28. og 29. fundi í Nd., 27. og 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 101, n. 213 og 236).

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur tekið þetta mál til meðferðar og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. er andvígur því og gerir grein fyrir sínum ástæðum á þskj. 236. Meiri hl. n. lítur svo á, að það sé fengin reynsla fyrir því, að það sé ekki heppilegt, að heimild handa ráðh. til þess að friða sérstök veiðisvæði sé bundin því skilyrði, að þeir aðilar, sem áskilið er í l., að leitað sé umsagnar hjá, þ. e. Fiskifélag Íslands og fiskideild atvinnudeildar háskólans, hafi verið sammála um bær till., sem liggja frammi í málinu. Það er alkunnugt, að í ýmsum verstöðvum, og þá sérstaklega smærri verstöðvum, hefur frá upphafi verið talsverð andúð gegn dragnótaveiðum. Og sú andúð hefur farið vaxandi, eftir því sem reynslan af dragnótaveiðunum hefur orðið augljósari. Það er nú svo, að í ýmsum smærri verstöðvum, þar sem fiskveiðar eru aðallega stundaðar á opnum trillubátum, eru aflamöguleikar að mestu háðir því, að bátarnir geti sótt á sín heimamið, hvort sem þau eru innfjarða eða á grunnu miðunum utan fjarða. En það eru einmitt þessi mið, sem dragnótabátarnir sækjast mest eftir og hafa bezt skilyrði til að veiða á. Það er því staðreynd, að það hafa í ýmsum verstöðvum orðið hagsmunaárekstrar milli dragnótabáta annars vegar og smábátaútgerðarinnar hins vegar. Hefur það í ýmsum tilfellum gengið svo langt, að sjó-

mennirnir á smábátunum hafa átt aðeins um tvo kosti að velja, annan þann að hætta jafnvel um stund róðrum, eftir það, að heimamiðin a. m. k. í svipinn hafa verið eyðilögð af ágangi margra dragnótabáta, eða hinn kostinn, að leita á dýpri og fjarlægari fiskimið, sem alls ekki henta og eru alls ekki fær sjómönnum á smábátum yfirleitt að sækja á. Það er þess vegna eðlilegt, að það sé í ýmsum veiðistöðvum mjög mikil andúð gegn þeirri miklu ágengni, sem dragnótabátarnir hafa haft í frammi undir slíkum kringumstæðum. Og það eru ekki einungis þessar ástæður, sem ég hef nefnt nú, sem þessu valda, heldur eru þær fleiri, m. a. það, að smábátarnir hafa ekki sjaldan orðið fyrir verulegu tjóni af því, að dragnótabátar hafa farið með dragnætur sínar yfir veiðarfæri í sjó og eyðilagt þannig línur og annað slíkt. En það er í raun og veru enn fleira, sem veldur því, að í einstökum veiðistöðvum, þar sem svona hagar til, er andúðin mikil gegn dragnótaveiðum og hefur farið vaxandi. Það er líka skilningur á því, að það er ekki eingöngu það, að mönnum virðist, að dragnótaveiðin geri oft sjómönnum ófært að stunda sinn atvinnuveg á þeim miðum, þar sem einhvers árangurs er að vænta, heldur er mönnum líka farið að skiljast, að dragnótaveiðin eyðileggur venjulega meira eða minna af fiskungviði á þeim svæðum, þar sem þessi veiði er viðhöfð. Og það er skiljanlegt, að menn óttast það, að þar sem svo er fram farið, þá líður ekki á löngu — enda er sums staðar farið að sjá á í því efni — þangað til óttast má, að þessi fiskimið verði algerlega ónothæf fyrir lengri eða skemmri framtíð. Og það er álit margra sjómanna í slíkum veiðistöðvum sem þessum, að það sé ekki eingöngu ungviðið, sem meira og minna er drepið, heldur sé það líka þýðingarmikið, að dragnótabátarnir, með sínum veiðitækjum, eyðileggi meira og minna af botngróðri, þar sem þeir draga um, og ýmsum þeim lífverum, sem ýmsir telja, að sé undirstaða undir því, að ungviðið og jafnvel eldri fiskurinn haldist við á. Það halda jafnvel sumir því fram, að eftir þráláta botnvörpuveiði á einstökum grunnum séu veiðisvæðin skilin eftir sem eyðimörk, þar sem engu lífi fyrir framtíðina sé vært. — Það renna þess vegna ýmsar stoðir undir það, að það sé skiljanlegt og eðlilegt, að andúð sú í slíkum verstöðvum, sem ég hef vikið að, sé verulega sterk, og að það sé ósk og krafa á slíkum stöðum, að það sé einhver stoð til í l. um það, að hægt sé að friða ákveðin nauðsynleg undirstöðuveiðisvæði, þegar nauðsyn krefur.

Þetta frv., sem hér er til umr. á þskj. 101, miðar að því að ráða bót á þeirri staðreynd, sem virðist vera fyrir hendi nú, að lög nr. 83 frá 1945 virðast alls ekki ná tilgangi sínum. Það verður að ætla, að þessi lög, nr. 83 frá 1945, hafi verið sett í því augnamiði, að það væri til heimild handa hlutaðeigandi ráðh. til að friða einstök veiðisvæði, þegar slíkar aðstæður eru fyrir hendi eins og ég hef lýst. Nú hefur það komið í ljós, eins og fram kemur í grg. með þessu frv. á þskj. 101, að það virðist ekki vera nein stoð í lögum fyrir ráðh. til að ákveða slíka friðun sem þessa, nema því aðeins, að þeir tveir aðilar, sem á að leita umsagnar hjá um málið, gefi út samhljóða ummæli um friðunina. — Við flm. þessa frv. og meiri hl. sjútvn. leggjum áherzlu á, að þessu sé breytt á þann veg, eins og í frv. er farið fram á, að það sé undir mati ráðh. á hverjum tíma og í hverju einstöku tilfelli að ákveða um friðunina, eftir það, að fengnar eru umsagnir þessara tveggja opinberu stofnana, sem lög segja fyrir um, að eigi að leita álits hjá. Og ef ekki er slíkt vald í höndum ráðh., þá er það ekkert annað en bókstafur, að hann hafi vald til að fyrirskipa friðun, því að hendur hans eru bundnar, ef álit þessara stofnana fara ekki saman. Ég sé ekki ástæðu til að ætla annað en ráðh. muni meta og vega öll rök með og móti friðunarumsóknum, sem fram kunna að koma, og engin ástæða er til að ætla, að hann gangi þar lengra en nauðsyn krefur.

Ég vil svo að lokum leyfa mér að víkja að nokkrum atriðum í nál. hv. minni hl. á þskj. 236. Þar er vikið að því meðal annars, að friðunin fyrir dragnót sé nú orðin allvíðtæk hér við land, og mun það vera rétt, að fyrir Norðurlandi sé algert bann við dragnótaveiðum innan viss svæðis, en þótt svo sé og skoðanir geti verið skiptar um, hvort það sé réttmætt, tel ég, að ekki sé hægt að segja, að fyrst því sé svo farið fyrir Norðurlandi, þá eigi veiðisvæðin alls staðar annars staðar að vera opin. Því ætlumst við til, að eftir sem áður sé hægt fyrir ráðh. að setja reglugerð um friðun fyrir dragnótaveiði, þar sem hann álítur það réttmætt. Hv. minni hl. víkur að því, að til séu einstakir ofurkappsmenn, sem vilji banna allar dragnótaveiðar. Ég þekki ekki slíka ofurkappsmenn, og hygg ég, að þeir séu ekki margir, — en ef þetta er meint svo, að hv. minni hl. telji það ósæmilegt ofurkapp, að við flm. og meiri hl. sjútvn. viljum heimila ráðh. að friða sérstök svæði undir vissum kringumstæðum, þá er ekki réttmætt að viðhafa slíkt orðalag. Hv. minni hl. víkur enn að því, að þessir og hinir einstakir þm. reki slíkan áróður við ráðh. í þessu máli, að óttast megi, að ráðh. gefi jafnvel út vafasamar reglugerðir um friðun. Hvað á hv. minni hl. við með þessu? Í grg. fyrir þessu frv. eru nefnd tvö veiðisvæði, sem atvmrh. í skjóli l. nr. 83 frá 1945 hefur samþ. friðunarreglur fyrir. Þetta eru einu veiðisvæðin, sem nefnd hafa verið í sambandi við málið. Meinar hv. minni hl., að hér hafi verið viðhöfð þau vinnubrögð, að vegna áróðurs og ofurkapps einstakra þm. hafi ráðh. staðfest vafasamar friðunarreglugerðir? Ég spyr. Ég ætla ekki að fara að svara fyrir hæstv. atvmrh. Hann mun sjálfur fær til þess. Hv. minni hl. heldur áfram rökfærslum sínum á þá lund, að það sé illa farið, ef að því sé stefnt, og þá líklega með þessu frv. að hans áliti, að allri dragnótaveiði sé bægt frá. Þessi ótti er alveg ástæðulaus vegna þessa frv. Til þess að það gerist, þarf aðra lagasetningu, en ég tel enn þá verr farið, ef l. nr. 83 frá 1945 verða ekki endurbætt svo, að hægt sé að friða heimamið sjómanna á opnum vélbátum, sem eiga allt sitt undir því, að fiskimið þeirra séu ekki eyðilögð, og það stappar nærri því, ef hv. minni hl. telur óforsvaranlegt að veita ráðh. þá heimild, sem frv. fer fram á, — þá stappar það nærri því, að hann teldi jafnóviðeigandi, að einstakir menn hafi heimild til að girða túnið sitt og friða fyrir skepnum, því að nærri lætur, að það ráði úrslitum um afkomu sjómanna á opnum vélbátum, að mið þeirra séu friðuð, eins og það ræður kannske mestu um afkomu bóndans, að hann hafi heimild til að girða og friða túnið sitt. Ég tel því réttmætt

að samþ. þessa litlu breyt., sem fram á er farið með frv. á þskj. 101, og tel enga ástæðu fyrir þá, sem sérstaklega bera dragnótaveiðarnar fyrir brjósti, að óttast, að gengið verði nær möguleikum dragnótaveiðanna en nauðsyn krefur.

Frsm. minni hl. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 101, sem hér er til umr., telur minni hl. sjútvn., að sé ekki til bóta og mælir gegn því, að það verði samþ. Hv. frsm. meiri hl. hefur nú rætt málið nokkuð í sinni framsöguræðu, og þó að frv. láti lítið yfir sér, þá er því ekki að leyna, að það kollvarpar þeim reglum, sem hingað til hafa gilt um bann við dragnótaveiðum í landhelgi. Þótt í 1. gr. standi aðeins, að fyrir orðin „samkvæmt tillögum" í 1. gr. l. frá 1945 komi: að fengnum tillögum, — þá er mikill efnismunur á þessu tvennu, og teljum við, að þetta ákvæði megi ekki lögfesta, því að það fellir burtu það atriði, að Fiskifélag Íslands og fiskideild atvinnudeildar háskólans eigi að samþ. það samhljóða, ef friðuð verða fleiri svæði. Þetta teljum við vera þarft ákvæði og eigi ekki að falla burt. Þessir tveir aðilar eru trúnaðarstofnanir sjávarútvegsins, og ekkert er eðlilegra en þær eigi að láta uppi samhljóða álit til þess, að frekari friðun nái fram að ganga. Minni hl. leggur því til, að þetta frv. á þskj. 101 verði fellt. — Hv. frsm. meiri hl. talaði á víð og dreif um þann mikla skaða, sem hann taldi dragnótaveiðina valda ýmsum veiðisvæðum hér við land, og tók jafnvel svo djúpt í árinni, að dragnótaveiðarnar yllu svo miklum skemmdum á botngróðrinum, að þar sem dragnótaveiðar hefðu um skeið verið stundaðar á landgrunninu, þar kæmi ekki kvikt kvikindi. Þetta er herfileg missögn, því að þar, sem dragnótaveiðar hafa verið stundaðar síðast liðin 15—18 ár, er nú jafngóð veiði og var, þegar byrjað var þar á dragnótaveiðum, og vil ég hér sérstaklega nefna Breiðafjörð, að þar virðist það engu breyta um aflasæld, þó dragnótaveiðar hafi verið stundaðar þar langtímum saman. Minni hl. álítur og, að eftir því, sem lengra er gengið í þá átt að friða svæði fyrir dragnótaveiði, þá verði þeim svæðum, sem bezt eru fyrir þessar veiðar, hætt, því að eftir því sem hin ófriðuðu svæði smækka, eftir því verður ásóknin meiri á þau mið, sem eftir eru. Ég vil fullyrða, að af hendi þeirra, sem mest berjast fyrir friðuninni, er hafður í frammi óheillavænlegur áróður í sambandi við þann skaða, sem dragnótaveiðarnar eiga að valda á miðunum. Þeir, sem bezt þekkja til, vita, að dragnótin fer aðeins yfir $^1/_{10}$ hluta og allt niður í $^1/_{15}$ hluta þess hluta grunnsins, sem botnvarpan fer yfir, og orsakirnar eru þær, að þó að dragnótaveiðar séu stundaðar þann tíma, sem leyfilegur er, þá virðist því frá náttúrunnar hendi svo fyrir komið, að það er aðeins lítill hluti landgrunnsins, sem dragnótin fer yfir, og virðist því tryggt, að ekki verði um of gengið á fiskistofninn. Sérstaklega vil ég benda á stað, þar sem $^1/_7$ alls flatfisksaflans veiddist yfir þann tíma, sem dragnótaveiðar eru leyfðar, en það er Ólafsvík. Frá þessu litla kauptúni veiddist $^1/_7$ hluti alls flatfisksaflans á tímabilinu frá 1. júlí til yfirstandandi tíma. En hvergi er eins almenn dragnótaveiði og þar og á veiðisvæðunum í grenndinni. Það stenzt því ekki fullyrðing hv. frsm. meiri hl., að dragnótaveiðar eyðileggi fiskistofninn, þar sem þær eru stundaðar. Aldrei hefur verið meiri flatfisksafli í Ólafsvík en nú, þó að aldrei hafi fallið niður dragnótaveiði þaðan s. l. 16 ár. Ég vil enn taka það fram, að það er ekkert vantraust á hæstv. atvmrh., þótt því sé haldið fram, að heppilegra sé, að það ákvæði sé í l., að til frekari friðunar þurfi samhljóða álit þeirra tveggja stofnana, sem um getur í 1. gr. l. Ég álít þetta heppilegt ákvæði og vona, að hv. d. sjái, að það á að vera áfram, en það eigi ekki að vera í valdi hæstv. ráðh. eins, hvort þetta eða annað fiskisvæði sé friðlýst. Tel ég svo óþarft að fara um þetta fleiri orðum, en vona, að hv. d. sjái, að þetta frv. á þskj. 101 er alveg óþarft.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Ég efast um, að hv. dm. hafi kynnt sér málið eins og þörf er á og langar til að víkja að nokkrum staðreyndum málsins. Það er nú í sannleika sagt svo komið þessum málum, að hin friðuðu fiskisvæði eru orðin mjög víðáttumikil. Öll dragnótaveiði er bönnuð í landhelgi bátum, sem eru stærri en 35 rúmlestir. Það eru sem sagt aðeins smábátar, sem hafa heimild til veiða með dragnót innan þriggja mílna svæðisins. En það er ekki nóg með þetta, heldur er smábátunum einnig bönnuð þessi veiði meiri hluta ársins, þannig að svæðið frá Eystrahorni suðaustanlands norður með Austfjörðum og að Straumnesi er öllum fleytum lokað fyrir dragnótaveiðum í 6½ mánuð og strandlengja hins hluta landsins frá Eystrahorni vestur með Suðurlandi og alla leið að Straumnesi er lokuð í 5½ mánuð. Til viðbótar þessari miklu lokun er svo, að heimilt er fyrir sveitarfélög og sýslufélög að samþ. friðun á öllum hafnarsvæðum, og undir það falla flestir firðir og víkur, og er það algerlega á valdi viðkomandi staða að loka alveg fyrir dragnótaveiðar. Margir hafa gert það, og svo bætist enn við, að allt svæðið fyrir Norðurlandi er lokað yfir sumarmánuðina frá Horni að Langanesi. Svo hafði Alþingi sett ákvæði um heimild til enn frekari friðunar, en þá var málum svo komið fyrir, að til þeirrar auknu friðunar þurfti samhljóða samþykki Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans, sem er fyrst og fremst Árni Friðriksson fiskifræðingur, en nú þykir nokkrum hv. þm. þetta ekki nóg, sem þó stappar nærri því, að dragnótaveiðar séu útilokaðar hér við land, og una því ekki, að samþykki þurfi frá Fiskifélaginu og atvinnudeildinni og vilja veita ráðh. ótakmarkaða heimild til að friðlýsa fiskisvæði fyrir dragnótaveiðum. Ég vil vekja athygli á því, áður en þetta er samþ., að þá er eins gott að banna alveg dragnótaveiðar í landhelgi Íslands, því að með þessu frv. er stefnt að því að útiloka dragnótaveiðar. Sumir telja, að dragnótaveiðar séu svo hættulegar upp við land, að banna beri þær með öllu, og það er sjónarmið út af fyrir sig, og segja má, að dragnótin sé hættulegri en önnur veiðarfæri. En önnur skoðun hefur verið ríkjandi til þessa, og m. a. hefur færasti fiskifræðingur okkar, Árni Friðriksson, haldið því fram, að dragnótaveiðarnar væru sízt hættulegri hér en í öðrum löndum, þar sem þær eru leyfðar í miklu ríkara mæli. Dragnótaveiðarnar þýða það, að okkur hefur auðnazt að veiða dýrmætari fisktegundir, sem ekki væru tök á að veiða annars. Ef dragnótaveið-

arnar eru útilokaðar, þýðir það mikla skerðingu á framleiðslu sjávarútvegsins, og er tilfinnanlegt áfall fyrir hraðfrystihús og fiskiðjuver, sem reist hafa verið fyrst og fremst til að vinna þessar dýrmætu fisktegundir. Þetta er atriði, sem ég vildi láta koma fram. Við höfum sett ýtarlegar friðunarreglur gegn dragnótaveiðum, og víða um land eru firðir og víkur alveg lokaðar, og þar sem er opið, þar er heimildin miðuð við smábáta og það á takmörkuðum svæðum, og enn er svo heimild fyrir ráðh., ef samþykki Fiskifélagsins og fiskideildar atvinnudeildarinnar liggur fyrir, til að auka enn við friðunina.

Viðvíkjandi þeim tveimur veiðisvæðum, sem minnzt hefur verið á, skal ég ekki segja mikið. En mér hefði fundizt það viðkunnanlegra, ef þessir þingmenn hefðu flutt frv. um það að loka þeim fyrir dragnótaveiðum, en ekki að fá fram heimild fyrir ráðh. til að útiloka þær með öllu.

Af þessum ástæðum er ég algerlega andvígur því, að frv. þetta nái fram að ganga, og hef því lagt til, að það verði fellt.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það er nú ekki margt, sem mér finnst ástæða til að svara, því að þeir tveir ræðumenn, sem hafa andmælt frv., hafa lítið komið inn á aðalatriði málsins, þ. e. hvað er í húfi, ef ekki er mögulegt að verða við óskum þeirra, sem eiga allt undir því, að dragnótaveiðin eyðileggi ekki miðin. Hv. minni hl. lagði áherzlu á, að því verði ekki breytt, að það verði að vera shlj. meðmæli Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar Háskóla Íslands, ef ráðh. geti staðfest heimild til friðunar. Það er fjarri mér að gera á nokkurn hátt lítið úr þessum stofnunum eða kasta neinni rýrð á þær. En ég tel og vil draga það fram, að það mun vera svo, að forstöðumaður þessarar deildar hefur sérstöðu í þessum efnum, en hún er sú, að hann lítur meira á það, hvort friðunar sé þörf vegna þess, að á því svæði sé verið að uppræta flatfiskinn, en lítur minna á það, hvort sjómenn eiga yfir höfði sér eyðileggingu miðanna. Hv. 2. landsk. staðfesti þetta álit. Þegar atvinnudeildin tekur ákvörðun undir forustu þessa mæta manns, er meira hugsað um þetta. Og það er þetta, sem við flm. frv. viljum koma í veg fyrir, að geti staðið í vegi fyrir heilbrigðu mati hlutaðeigandi ráðherra.

En hv. frsm. minni hl. færði sig dýpra á miðin en ég tel ástæðu til. Hann talaði um allt landgrunnið, — mig minnir, að hann hafi sagt, að það væri ⅕ hl. þess, sem dragnótabátarnir fara yfir, — svo að það væri ekki hundrað í hættunni, þótt þeir fengju að halda sinni aðferð. En það er ekki verið að ræða um landgrunnið, heldur hvort eigi að láta sjómennina haldast þar við, sem þeir vilja stunda sína atvinnu. Það er því mikið af landgrunninu, sem dragnótabátar fá að fara yfir samt vegna þessarar heimildar.

Hv. 2. landsk. sló því fram, að þm. væru svo illa að sér í þessum efnum, að þeim veitti ekki af að hlusta á fyrirlestur um þessi mál. Ég dreg nú í efa, að hægt sé að bera þm. á brýn, að þeir séu svo vankunnandi í þessum efnum, að það þurfi að segja þeim, að það séu ekki stærri bátar en 35 tonn, sem dragnótaveiðar stunda. En hvað þýða þeir á innfjarðarmiðin? Ég vil fullyrða, að þeir séu eins hættulegir á þeim slóðum og togararnir á djúpinu. Þessi hv. þm., 2. landsk., sagði, að þeim væri bönnuð veiði 5½—6½ mán. á ári. Ég veit, að það getur skipt miklu máli, hvenær þeir mega veiða, en það er einmitt á þeim tíma, sem smábátaveiði er stunduð t. d. eystra. En þó að þeim væri heimilt að veiða um sumarmánuðina, þegar fiskur gengur ekki á grunnin t. d. eystra, væri það allt annað mál, svo að þetta er ekki nein ástæða til að vera á móti þessu frv. — Hv. 2. landsk. sagði einnig, að á hlutaðeigandi stað væri hægt að friða svæði með samþykkt viðkomandi sýslunefndar. Ég dreg enga dul á, að þetta sé rétt, og e. t. v. væri rétt að gera þessa heimild víðtækari og út fyrir hafnarsvæðin. En svo skellir hv. þm. inn í hafnarsvæðin á flestum fjörðum og víkum. Þetta hlýtur að vera sagt út í bláinn. Hver, sem þekkir til á svæðunum kringum land, veit, að sáratakmörkuð svæði eru hafnarsvæði, og þótt friðun sé sjálfsögð, þá finnast þess fá dæmi, að slíkt ráði úrslitum, og því síður er um það að ræða, að víkur falli undir hafnarsvæði. En þessar víkur, sem hafa ákaflega mikla þýðingu fyrir aflamöguleika sjómanna, þarf að vera hægt að friða.

Hv. 2. landsk. sagði í lok ræðu sinnar eitthvað á þá leið, að ef flm. þessa frv. hefðu aðeins bundið sig við þessi tvö svæði, sem nefnd eru í greinargerð frv., þá gæti hann sætt sig við, að þau væru friðuð, en ekki önnur. Þetta er fjarri öllu lagi og fjarri tilætlun frv., því að það er ekki tilætlun flm. með þessu frv. að gera upp á milli einstakra svæða.

Frsm. minni hl. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð til þess að svara hv. 2. þm. N-M., því að hann misskildi ræðu mína nokkuð í sambandi við það, sem ég sagði, að það væri álit sjómanna, að dragnótabátar færu yfir $^1/_{15}$—$^1/_{10}$ hluta þess grunns, sem botnvörpungar veiða á. — Það er aðeins þetta, sem ég vil upplýsa, því að hann og hv. flutningsmenn segja, að það sé alger eyðilegging á fiskimiðunum, þar sem dragnótaveiðar eru stundaðar, og hv. þm. sagði það hér rétt áðan, að dragnótaveiðar væru búnar að eyðileggja viss svæði.

Svo er það annað í þessu sambandi, og það er sú skoðun, sem kom fram í ræðu hv. þm., að það væru mest aðkomubátar, sem væru að eyðileggja veiðina fyrir þeim stöðum, sem næst liggja svæðunum, en ég hygg hins vegar, að þetta sé öfugt, og það er rétt að geta þess einnig, að það eru minnstu bátarnir, 10—20 smál., sem geta aðallega stundað þessa veiði, og oft er hún einnig stunduð á opnum bátum.

Ég vil taka það fram, að það ákvæði í gildandi lögum er rétt, að þær stofnanir, sem vinna í þágu sjávarútvegsins og eru alveg hlutlausar, taki ákvörðun um, hver svæði séu friðuð og hver ekki.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að halda því fram, að það er að vísu rétt, að ég mun hafa vikið að því, að það séu aðallega aðkomubátar, sem eyðileggja miðin, en þar sem ég þekki til, eru það aðkomubátarnir. En séu það heimabátarnir, þá eru það staðir, þar sem menn láta sér vel líka, að rányrkja sé stunduð, og er þá ólíklegt, að þeir vilji fá

þessi svæði friðuð. — Ég ætla svo ekki að ræða meira um þetta.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 32. fundi í Nd., 4. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:8 atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:4 atkv.

Á 33. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 32. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 9. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 101, n. 423).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Á sínum tíma, er þetta mál var til umræðu í sjútvn., var nefndin að meiri hluta til samþykk því að mæla með frv. óbreyttu. En hún var þó ekki öll á einu máli, þar eð hv. 4. landsk. taldi sig mundu greiða atkv. á móti frv. — Sé ég svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta mál nokkuð að ráði nú, en vildi aðeins gera grein fyrir því, hvers vegna ég mun ekki greiða frv. þessu atkv. Eins og fram kemur í grg. hv. flm. frv., er eina breytingin, sem það gerir ráð fyrir frá núgildandi lögum um þetta efni, sú, að eins og er getur viðkomandi ráðherra því aðeins ákveðið frekari friðun einstakra svæða fyrir dragnótaveiðum, að fyrir liggi samhljóða meðmæli Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans, en með þessu frv. er svo ákveðið, að ráðherra skuli aðeins leita umsagna þessara aðila, en geti síðan tekið ákvörðun um friðun alveg án tillits til þessara umsagna. Ég tel réttara að hafa ákvæði um þetta mál eins og áður, að þessir aðilar segi til um það, hvort frekari friðun sé nauðsynleg eða ekki, og að þeir hafi þá úrskurðarvald um það einnig, hvort henni verði komið á. Ég álít sem sagt ekki ástæðu til að gera breytingar á þessum lögum og mun því greiða atkv. á móti frv., en ég geri það ekki vegna þess, að ég sé á móti friðun þessara svæða, heldur er ég því fylgjandi, að hún fari fram, að svo miklu leyti sem fyrrnefndir aðilar telja heppilegt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 47. fundi í Ed., 11. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 470).

---

61. Sala jarðeigna í opinberri eigu.

Á 18. fundi í Nd., 9. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja þjóðjörðina Húsanes í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu [82. mál] (þmfrv., A. 134).

Á 20. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Frv. á þski. 134, sem er til meðferðar, um heimild fyrir ríkissti. til að selja þjóðjörðina Húsanes í Breiðuvíkurhreppi, er fram komið samkv. ósk ábúanda. Hann sér fram á, að hann getur ekki framkvæmt þær byggingar, sem þarf að framkvæma, nema að gerast eigandi jarðarinnar.
Ég sé ekki annað en full ástæða sé að verða við ósk ábúanda, sérstaklega þegar ekki er um nema annað af tvennu að velja, að gera það, sem frv. fer fram á, eða að öðrum kosti að jörðin fari í eyði.
Ég tel óþarft að fara fleiri orðum um þetta frv., en vil biðja hæstv. forseta að láta vísa frv. til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 134, n. 259, 215).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Landbúnaðarnefnd hefur haft þetta mál til athugunar, og jafnframt því, sem upphaflega frv. hefur verið athugað, hafa komið fram 2 viðaukatillögur, önnur frá hv. þm. N-Þ. og hin frá hv. 1. þm. Rang.
Hvað snertir brtt. hv. þm. N-Þ., þá eru mjög svipaðar ástæður með þá jörð eins og þá, sem frv. er flutt um. Þessar jarðir hafa hvorug verið í erfðaleigu, og því þarf sérstaka löggjöf til að

heimila, að þær séu seldar. Það virðast ekki vera neinir meinbugir á, að þessar jarðir séu seldar, það liggja fyrir frá sýslunum leyfi til þess frá þeirra hálfu. Að því er snertir kirkjujörðina Skoruvík, þá hefur nefndin enn fremur átt tal við vitamálastjóra, vegna þess að maðurinn, sem hefur gætt vitans, er jafnframt ábúandi, hvort vitamálastjórnin vildi hafa afskipti af þessu. Það var ekki, og mælti hann frekar með því, að svona væri breytt til.

Þá kom fram erindi frá 1. þm. Rang. um, að það væri heimiluð sala á 10 hektara spildu úr Tjaldhólalandi, sem skógrækt ríkisins keypti árið 1943, og var þá fyrirhugað að koma þar upp uppeldisstöð fyrir trjáplöntur; síðan var horfið frá því, og uppeldisstöðin sett að Tumastöðum í Fljótshlíð.

Þar sem þetta land hefur ekki verið nytjað af skógræktinni, sýnist ástæðulaust að halda því frekar, enda er þetta með fullu samþykki skógræktarstjóra, sem telur sig ekki hafa þörf fyrir landið eins og nú er. Þetta var selt undan býli, sem átti að verða nýbýli. Það var borgað upp lánið, sem á því hvíldi, svo að nýbýlastjórn hefur ekki neinar tekjur af því. Með sölu þessa lands til Þórarins Guðjónssonar er gert ráð fyrir, að landið verði aftur lagt undir þetta býli, eins og það var upphaflega. Nefndin mælir með, að þetta verði gert, en setur auk þess þau skilyrði, að þetta sé með fullu samþykki skógræktar ríkisins, og að jarðirnar verði gerðar að ættaróðali, svo að þær lendi ekki síðar í braski. Ég hef ekki meira að segja um þetta og óska eftir, að málið gangi til 3. umræðu.

Gísli Guðmundsson: Ég vil þakka n. fyrir að taka brtt. mína að mestu óbreytta og sé svo ekki ástæðu til að mæla með málinu frekar en gert hefur verið af hv. frsm.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það koma nú fyrir hvert þing frv. um að selja eitthvað af þjóðjörðunum. Það má að vísu segja, að það sé nokkur bót í máli að gera þær að ættaróðulum. En við skulum gera okkur ljóst, að lögum um ættaróðul má breyta, og gætu þær því lent í braski síðar og þá eru þessar jarðir lentar út í það brask, sem annars hefur verið reynt að forðast, að jarðir kæmust í.

Ég er ekkert sérstaklega á móti því, að þessar jarðir séu seldar, sem rætt er nú um, ég býst við, að þessir bændur hafi margt fram að færa, eins og þeir hafa flestir haft undanfarin ár. En þetta stafar af því, að ríkið hefur ekki hugsað um að búa nógu vel í haginn, að það er ekki eins gott fyrir bændur að búa á þjóðjörðum eins og á jörðum, sem þeir eiga sjálfir. Að því ætti að stefna með þessu og það ætti að vera hægt að finna slíka löggjöf, ef löggjafarvaldið legði sig í framkróka til þess. Ég mun því greiða atkv. móti þessari sölu, ekki af því, að ég álíti, að þessir bændur hafi ekki rök fyrir sínu máli, heldur til að marka mína afstöðu gegn þeirri stefnu að selja þjóðjarðir.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð út af því, sem síðasti ræðumaður sagði, að þetta stæði að nokkru í ríkisins valdi. Það er rétt, að nokkru leyti. Ef það væri fyrir hendi nægilegt fjármagn til að byggja upp á þessum jörðum, þá hefði það þetta á valdi sínu. En þegar svo er komið, að ríkið getur ekki byggt upp á prestssetrunum, þá er þess ekki að vænta, að það geti byggt yfir hvern einasta bónda. Þetta er eitt með öðru, sem skýrir, að bændurnir vilja fá jarðirnar keyptar. Það er líka annað, sem liggur í þessu. Það er margsannað, að ef ríkið byggir, þá verður það miklu dýrara en ef einstaklingurinn byggir og hefur alla framkvæmd og umsjón um það. Þar af leiðandi verður það oft þannig, að ef einstaklingurinn á jörðina og vinnur sjálfur að framkvæmdum á henni, komast ýmsir ótrúlega létt út af slíkum framkvæmdum, sem ella mundu kosta stórfé. Þetta ýtir á það að láta þessa menn leysa málin, heldur en ríkið geri það með ærnum kostnaði. Hitt atriðið, um það, að jarðirnar fari í brask, þá er það ástæðulaus ótti, því að það er vaxandi skilningur hjá bændum á því, hve mikil bölvun er að jarðabraskinu. Er og þetta, að einstaklingarnir eignist jarðirnar til erfðaábúðar, raunhæfasta öryggisatriðið til þess, að jarðirnar lendi ekki í braski.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Skagf. sagði út af spursmálinu um lán, þá er það hart, ef ríkisstj., sem á þrjá banka, ríkisstj., sem hefur veitt lán og styrki til að byggja upp mikinn hluta af húsum til sveita, — *þá er það hart, ef hún getur ekki útvegað lán* til að byggja upp á sínum eigin jörðum. Það er þá slæm stjórn á þessum málum, ef ríkisstj. á ekki auðvelt með að útvega þessi lán. Viðvíkjandi því, að byggingarnar verði dýrari, ef ríkið sér um þær, þá er það rétt, að framkvæmdir hins opinbera verða oft dýrari en hjá einstaklingum. En það ætti að mega komast hjá þessu til dæmis með því að semja við viðkomandi bændur um það, að þeir taki að sér byggingarnar í akkorði. Ef bændur gerðu ríkisstj. tilboð um byggingarkostnað eftir að hafa athugað sína möguleika, og ríkisstj. semdi við þá og hjálpaði þeim til að fá lán, þá mætti komast hjá því, að þetta yrði allt miklu dýrara. Hins vegar verður náttúrlega að fara eftir því, hve hagstæð tilboðin væru, og er auðvelt að hafa eftirlit með því, að kostnaðurinn fari ekki út í öfgar, enda er áhugi bænda á því að fá byggingarnar upp yfirleitt svo mikill, að ekki er mikil hætta á því, að þeir hefðu tilhneigingu til að draga framkvæmdirnar mjög á langinn, svo að það yrði til að auka byggingarkostnaðinn. En þessi mál er auðvelt að leysa, ef valdamenn þjóðfélagsins vilja hugsa um þau af sömu alúð og sinn eigin fjárhag.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. lét orð falla um það, að umsóknir bænda um kaup á leigujörðum mundu fram koma vegna þess, að ríkið vanrækti að byggja upp á jörðunum. Í þessu sambandi vil ég benda á það, að þeir, sem búa á ríkisjörðum með erfðaábúð, hafa sömu möguleika til þess að fá lán gegn veði í jörð eins og sjálfseignarbændur, og mitt álit er það, að ekki sé síður aðgengilegt að búa á ríkisjörðum, ef menn hafa erfðafestu, en menn hafa nú á þessu mismunandi skoðanir, og þó að menn búi við svona kjör, þá eru margir, sem kjósa heldur að eiga jarðirnar sjálfir, þótt aðrir telji eins aðgengilegt að búa á ríkisjörðum með erfðafestu, enda eru þá engu

minni möguleikar fyrir niðjana að njóta verka feðra sinna. Út af þessu máli vil ég segja það, að ég get fallizt á að samþ. það, úr því að þeir, sem þar eiga hlut að máli, óska að eignast jarðirnar. Eðlilegast er að hafa um þetta sem mest frjálsræði, svo að þeir, sem vilja kaupa, geti það, en ég tel engu að síður heppilegt, að ríkið eigi jarðir til þess að leigja með erfðafestu þeim, sem þess óska, því að það getur auðveldað ungum og efnalitlum mönnum að hefja búskap, með því að þá þurfa þeir ekki að leggja fram stórfé til kaupa á ábúðarjörð sinni.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. þm. V-Húnv. taldi það ekki rétt hjá mér, að leiguliðar vildu kaupa jarðir af því, að þeir ættu erfitt með að fá lán til að byggja upp á þeim. Þetta kom nú aðallega fram hjá hv. 2. þm. Skagf. og er einmitt notað sem rök fyrir frv. Hv. þm. benti hins vegar á, að leiguliðar með erfðafesturéttindi væru ekkert verr settir en sjálfseignarbændur, og held ég því, að nær væri að athuga, hvort þessir menn gætu ekki fengið erfðaábúð, en jarðirnar verði áfram ríkiseign. Bændurnir og niðjar þeirra geta alveg eins notið jarðanna með því móti, en öruggt er, að þær lendi ekki í braski, og þjóðin sjálf verður áfram æðsti yfirráðandi þeirra. Þá þyrftu bændurnir ekki heldur að eyða peningum í að borga jarðirnar, en gætu notað þá til að bæta þær og gera þær byggilegri fyrir sig og sína.

ATKVGR.
Brtt. 259,1 (ný 1. gr.) samþ. með 18:2 atkv.
— 215 kom ekki til atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 259,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:3 atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja landspildu og tvær jarðir í opinberri eigu.

Á 35. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 313).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 35. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 12. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 313, n. 472, 357).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Nefndin hefur haft þetta mál til athugunar og skilað áliti, sem liggur fyrir á þskj. 472. Eins og nál. ber með sér, var einn nm. fjarstaddur fund n., en þeir, sem mættu, voru sammála um að mæla með frv. í heild sinni og einnig með brtt. hv. 1. þm. Eyf. á þskj. 357, þó með þeirri breyt. við síðari lið hennar, sem greinir í nál. Það mun hafa verið venja undanfarið að veita ríkisstj. heimildir sem þessar, ef ekki hafa verið sýnilegir meinbugir þar á. N. aflaði sér upplýsinga hjá kunnugum mönnum um þau atriði, sem hér liggja fyrir, og virtist ekki sjáanlegt, að neitt sérstakt væri við þessar sölur að athuga. — Sú breyt., sem n. leggur til, að gerð verði á 2. lið brtt. frá hv. 1. þm. Eyf., er aðeins sú, að fyrirsögn frv. verði orðuð um. N. sýnist fara betur á því að taka fyrr fram í fyrirsögnina það, sem má kalla meginatriði frv., þ. e. að selja þrjár jarðir, en hafa landspilduna síðar. — Ég þarf svo ekki að hafa um þetta fleiri orð.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka hv. n. fyrir það, að hún hefur tekið upp mína brtt. á þskj. 357. Varðandi brtt. n. um fyrirsögn frv. þá get ég fallizt á, að það sé réttara að orða fyrirsögnina eins og n. leggur til. — En úr því ég kvaddi mér hljóðs, þá vil ég aðeins minnast á þessa brtt. mína og ástæðurnar fyrir því, að hún er fram komin.

Menn munu minnast þess, að í fyrra var samþ. heimild fyrir ríkisstj. til að selja þjóðjörðina Bakka í Svarfaðardal ábúandanum þar, Þór Vilhjálmssyni. Nú legg ég til, að jörðina Bakkagerði í sömu sveit sé heimilað að selja ábúandanum Gesti Vilhjálmssyni, en Gestur er bróðir Þórs, og bjó faðir þeirra á Bakka, en Bakkagerði er nýbýli, sem byggt er úr Bakkalandi. Það liggja í raun inni alveg sömu ástæður til þess, að farið er fram á að selja Bakkagerði, eins og lágu til þess í fyrra, að farið var fram á að selja Bakka. Það sýnist jafnt á komið með þessum bræðrum, sem á þennan hátt hafa tekið við föðurleifð sinni, þó að sú föðurleifð hafi verið í ríkisins eign. Ég vil geta þess, að hv. 1. þm. N-M., sem ég átti tal við í gær og nú er forfallaður, lét þess getið við mig, að þessi heimild mundi vera óþörf, því jafnvel þó jörðin sé ekki í erfðaábúð, — og mér virðist þar af leiðandi að ábúandinn þyrfti að bíða í 3 ár þangað til hann gæti fengið jörðina keypta, — þá mundi mega selja honum jörðina nú þegar án heimildar, ef hann gerði hana að ættaróðali.

Ég skal ekki segja um það, hvort þetta er nákvæmlega eftir l. eða ekki, en a. m. k. ætti heimildin ekki að skaða, og þessi maður óskar frekar eftir sérstakri heimild, jafnvel þó það skilyrði sé sett fyrir sölunni, að gera þyrfti jörðina að ættaróðali eftir að sala færi fram. Mér sýnist þess vegna, hvað sem þessu líður, sem hv. 1. þm. N-M., búnaðarmálastjóri, segir um þetta, að það hljóti að vera útlátalaust að samþ. þessa heimild.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er vitanlega rétt hjá hv. 1. þm. Eyf., að það er skaðlaust að samþ. heimildina, því að hún er þegar til staðar í l., ef ábúandinn hefur haft ábúð á jörðinni í samfleytt 3 ár, og sú heimild hefur verið notuð í tveimur eða fleiri tilfellum, ef ég

man rétt. Það er líka þannig, að þegar jarðir eru seldar með því skilyrði, að þær séu gerðar að ættaróðali, þá eru horfnir a. m. k. að verulegu leyti þeir ágallar, sem eru á því, að jarðir séu í einstaklings eign, af þeirri ástæðu, að þá er útilokað, að hægt sé að braska með jarðirnar, og það er þá ekki nein hætta á því, að það verði kynslóð eftir kynslóð ofvaxið að kaupa þær vegna okurverðs og margir bændur stynji undir því mikið af sinni búskapartíð. En eins og fjárveitingum til bygginga á jörðum, sem eru í ríkisins eign, er háttað, þá er auðsætt, að það er ekki hægt að sinna því máli eins og raunverulega er skylda ríkissjóðs að l., og er það til ákaflega mikilla leiðinda og trafala, enda er það svo nú, að kröfurnar á ríkið eru með öðrum hætti en áður, eftir að búskaparhættir hafa breytzt. Það var einu sinni svo, að menn létu sér nægja húsakynni, sem enginn lætur sér nægja nú, menn létu sér enn fremur nægja peningshús, sem enginn gæti nú unað við lengur, en af þessu leiðir, að þær skyldur, sem á ríkinu hvíla um byggingar, eru geysimiklar. Enn fremur er nú byrjað að leggja rafmagn heim á marga bæi og raflagnir í íbúðir, og það eru gerðar kröfur um, að ríkið borgi það, og margt er það fleira, sem ríkið þarf að sinna nú, en þurfti ekki að sinna áður. Það þyrfti raunverulega heila stofnun til þess að anna þessu, ef það ætti að fara vel úr hendi, án þess að verða sá trafali í afgreiðslu, sem verður þegar svona ný viðhorf skapast, og þetta kostar meira fé en ríkið hefur séð sér fært að leggja fram í þessu máli. — Þetta vildi ég aðeins segja í sambandi við þær heimildir, sem ríkisstj. hefur veitt til að selja ábúendum þessar jarðir, ef þeir hafa haft ábúð í 3 ár, þó með þessari kvöð, að jarðirnar séu aldrei seldar meðan einhver úr ættinni vill nýta þær. Ég ætla svo ekki að ræða þetta mál nánar, en vildi aðeins segja frá þessu í sambandi við þetta mál, um leið og ég upplýsi, að þessi heimild, sem hv. 1. þm. Eyf. minntist á, er til staðar.

En aðalefnið í þessu máli mínu var það, að ég vildi fara fram á og tala fyrir, þó það sé ekki tekið upp í þetta mál, heimild til þess að selja eina jörð, sem er í þeirri sýslu, sem ég er umbjóðandi fyrir; það er þjóðjörðin Birgisvík. Þetta stendur þannig af sér, að norðarlega á Ströndum er Kaldbaksvík, þar eru tveir bæir, Kaldbakur og Kleifar. Þessi vík er mjög fræg fyrir það, hvaða maður nam þar land fyrst, og þarf ekki að rekja það hér. En alla leið frá Kaldbaksvík, sem er norðarlega í Kaldrananeshreppi, er strandlengja, sem er mjög erfið yfirferðar, alla leið að Veiðileysufirði. Á þessari leið voru 2 bæir, Birgisvík og Kolbeinsvík. En rétt hjá Birgisvík er svokölluð Veiðileysuófæra, sem er mikill farartálmi, þar sem verður að fara undir klettum og sæta sjávarföllum. Nú eru báðar þessar jarðir í eyði, Kolbeinsvík og Birgisvík. Á Kleifum í Kaldbaksvík býr Jósteinn, sonur Guðmundar bónda í Birgisvík, og er einn af 12 börnum hans. Hann vill kaupa þessa jörð og hefur sótt eftir því nú undanfarið. Kleifar eru í Kaldrananeshreppi, en Birgisvík í Árneshreppi. Þessi maður hefur ekki viljað sleppa forkaupsrétti sínum gagnvart manni, sem er í öðrum hreppi, og nú fyrir nokkrum dögum hefur hann gert kröfu til þess að fá jörðina keypta og telur að hreppurinn falli frá sinni kröfu, ef hann gerist einn bóndi af þremur í Veiðileysufirði. Ef hann fær jörðina, þá ætlar hann sér að byggja þar og setja upp bú. Ég mun því fara fram á það við hv. n., að við næstu umr. verði þessu bætt inn í, því að það er mjög áríðandi að fá byggðar jarðir, sem liggja á svona fjölfarinni leið. Það er mikið mein, að á svona langri leið skuli engin byggð vera.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, en hún er sú sama og til annarra sams konar mála, sem fram hafa komið hér í þinginu. Ég er andvígur því, að ríkið selji jarðir í sinni eigu og tel, að of langt hafi verið gengið í því. En ég vil ekki mótmæla því, að stöku sinnum álít ég það réttara, að ríkið selji jarðir úr sinni eigu. Það er eftirtektarvert, hversu fjölgað hefur beiðnum um að selja þjóðjarðir, og eru bersýnilega fleiri á leiðinni. Þetta er ekki undarlegt, þegar þess er gætt, að allir hlutir hækka í verði dag frá degi. Ég vil minna á og bendi jafnframt á, að samtímis því, að ríkið selur jarðir, er það að kaupa aðrar jarðir á ýmsum öðrum stöðum.

Hæstv. landbrh. sagði réttilega, að jarðirnar væru slæmar, og um það er ekki minnsti ágreiningur. Hann taldi, að það sé útilokað, að menn fari að braska með jarðirnar. Ég er honum ekki fyllilega sammála um þetta atriði, enda eru lögin ekki það gömul, að það liggi fyrir mörg dæmi um það. Það er hæpið, að nokkur maður geti staðið undir því að byggja upp á þessum jörðum, nema ríkissjóður leggi fram meira fé til byggginganna. Það mætti taka til athugunar, hvort ekki mætti eftir samkomulagi leggja fé til byggginganna og tryggja þá ábúandanum ábúðarréttinn. Er ekki rétt að gera yfirlit yfir þjóðjarðir og kirkjujarðir og athuga, hverjar ætti að selja? Ég álít, að rétt sé að vinda bráðan bug að þessu. Ég mun ekki veita þessu frv. lið á þeim rökum, sem ég hef drepið á áður í ræðu minni. Mér finnst full ástæða til þess að selja Árneshreppi þessa jörð, sem hæstv. landbrh. drap á, ef hreppurinn telur, að hún sé góð til að beita fé hreppsbúa á hana.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta til þess að tefja ekki þessar umr. Ég skal ekki ræða frekar um Birgisvík, en vegna athugasemda, sem gerðar voru við ræðu mína, vil ég segja, að það er augljóst mál, þó að heimilað verði að selja Birgisvík, þá er það ekki tekið fram, að það eigi að selja þessum manni jörðina, því að hreppurinn hefur að sjálfsögðu forkaupsréttinn, og getur hann því ekki fengið jörðina keypta nema hreppurinn afsali þeim réttindum. Það er vegna þriggja ábúenda í Veiðileysu, að hreppurinn vill ekki sleppa forkaupsrétti sínum til manns í öðrum hreppi.

Ég skal ekki vera langorður um opinberar jarðir, en ég tel það ekki mikinn gróða á almennan mælikvarða, þó að ábúandinn fái heimild til þess að kaupa jarðirnar með því skilyrði að nota þær sjálfur, en selja þær ekki. Þeir græða þá ekki annað en það, að þeir fá góða jörð til þess að búa á. Hvað viðvíkur byggingum á þessum jörðum, þá er eðlilegt að fallast á þau rök, að það þarf stórfé til að byggja upp jarðirnar, og held ég, að enginn land-

brh. hafi neitað ábúanda að byggja upp á jörð sinni, sem er skylt að nota, og neiti jafnframt að nota aðra heimild til þess að ábúandinn geti orðið óðalseigandi, enda er eðlilegt að nota þessar heimildir. Skv. annarri heimild eiga ábúendur heimtingu á, að jarðir þeirra séu gerðar að óðalseign, eftir að þeir eru búnir að búa þar í 3 ár. Viðvíkjandi samningi um kostnað við byggingarnar, þá hvílir skyldan öll á ríkinu. Það er eðlilegt, að menn séu tregir til þess að leggja mikið fé í byggingar á jörðum, sem þeir eiga ekki sjálfir og vita ekki, hvort afkomendur þeirra njóta þeirra nokkurn tíma, og um þetta verður mikil togstreita. Viðvíkjandi byggingum á jörðum, sem bændurnir eiga sjálfir, þá eiga ræktunarsjóður og nýbýlasjóður að veita styrk til þeirra bygginga. Þá leggja ábúendurnir sig alla fram til þess að koma þeim upp með sem minnstum kostnaði. Ég vil taka fram, að þetta er góð bending um að gera skýrslur um jarðir í opinberri eigu, og tel ég það bæði rétt og nauðsynlegt. Ég vil taka það fram, að ég mun nota þessa heimild, en aldrei án þess að leita til nýbýlasjóðs um það, hvort jörðinni verði skipt, og hef þær takmarkanir á þessari reglu. Nú stendur til að selja jörð í Árnessýslu, og verður það mál skiljanlega lagt fyrir nýbýlastjórn og hún látin segja sitt álit á málinu.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir vinsamlegar undirtektir undir till. mína, þó að hann teldi ekki þörf á henni. Hefði ég heyrt þessa skýringu fyrr, hefði ég ekki borið fram þessa till. Þegar sams konar till. kom fram í fyrra, þá sagði þáv. landbrh., að heimild væri ekki fyrir hendi í lögum, nema um jarðir í erfðaábúð.

Ég hef ástæðu til að gera aths. við ræðu hv. 4. þm. Reykv., en ég sé, að hann er ekki í sæti sínu, og ætla ég því að hafa það örfá orð. Hann vill ekki selja jarðir í opinberri eign, og þýðir ekki að deila um það við hann. En það þarf ekki mikla þekkingu á sveitum landsins til þess að sjá, að undantekningarlítið er búið betur á jörðum, sem eru í eigu einstaklinga, heldur en á jörðum, sem eru í opinberri eigu. Frá því sjónarmiði, hvað henti landbúnaðinum betur, þá tel ég, að það sé bezt, að sem flestar jarðir séu í eigu ábúenda, því að það er staðreynd, að menn hugsa betur um sína eign en annarra. Hann taldi líka ástæðu til þess, að allt færi hækkandi, og væri þetta þá gróðavegur. Hæstv. landbrh. hefur minnzt á þetta, og vil ég engu bæta þar við, en ég vil benda á, að víða er önnur ástæða til þess, að menn vilja fá þessar jarðir keyptar, og hún er sú, að menn hika við að leggja tugþúsundir króna í byggingarkostnað, þegar þeir eiga ekki jarðirnar sjálfir. Við brottflutning eða dauða fá menn lítið endurgreitt af því fé, sem þeir hafa lagt í þessar byggingar. Ég hef flutt till. um, að jörð í Eyjafirði væri seld ábúandanum, en sú till. var felld vegna þess, að á henni er skóli, en þó var gert ráð fyrir því, að nóg landrými yrði tekið af jörðinni fyrir skólann. Ástæðan fyrir því, að ég bar þessa till. fram, var sú, að bærinn, sem bóndinn býr í, er að verða ónothæfur og framlag fæst ekki úr ríkissjóði til þess að byggja upp á jörðinni. Hv. þm. minntist á undantekningarákvæði í lögum um að ríkið legði fram vissa upphæð af byggingum í sveitum. Það eru undantekningarákvæði í lögum, en ekki eins og hann taldi, heldur í þveröfuga átt. Hvað mína till. snertir, þá er þessu ekki til að dreifa á þessari jörð, því að hún er eins konar ættaróðal, þó að hún sé í eigu ríkisins, og er það því eðlilegt áhugamál bræðranna að eignast hana. Auk þess fylgja till. meðmæli landbn. og efnislega meðmæli hæstv. landbrh., og ætla ég því ekki að fjölyrða frekar um hana, en tel hins vegar, að henni sé borgið.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð vegna þess, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, að það væri staðreynd, að lakar væri búið á jörðum, sem væru ríkiseign, heldur en á jörðum í eigu einstaklinga. Í ýmsum tilfellum er dálítið til í þessu, en það eru líka fleiri ástæður. Hitt er rétt, að það er eðlilegt, að menn séu til að leggja fé í byggingar á þeim jörðum, sem þeir hafa svo óbundnar hendur um að selja svo með hagnaði. Ég hygg, að meginástæðan til þess, að menn leggi frekar fé í byggingar á jörðum sínum, sé sú, að það eru líkur til þess að þær hækki, og telja þeir þetta meiri hagnaðarvon, ef þeir bregða búi. Reynslan er þessi á þeim verðfallstímum, sem við lifum á, þá hleypur verðið mikið fram. Hv. þm. gat þess, að í ábúðarlögunum væri sérákvæði um byggingar á opinberum jörðum. Þetta er rétt, en í sambandi við það held ég, að sé ástæða að athuga sérákvæðið, til þess að mæta ósk ábúanda í þessu efni. Það er engin ástæða til að nota ekki þau lán, sem veitt eru, hvort sem jörðin er í eigu ríkisins eða einstaklings. Ef þá yrði gengið lengra, yrði að bæta honum það með tilsvarandi virði á eigninni. Hann verður að fá þetta fullkomlega bætt. Ég bendi á þetta í sambandi við að koma upp þessum byggingum, en læt þetta vera nóg og hygg, að fyllsta ástæða sé til, að Alþingi hugsi ráð sitt vel, áður en það heldur inn á þessa braut, þó að sjálfsagt sé rétt, að þetta greiði að ýmsu leyti úr.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta mál hóf innreið sína í þingið á því, að hv. þm. Snæf. flutti frv. um að fá heimild til að selja jörðina Húsanes í Snæfellsnessýslu gegn því, að hún verði gerð að ættaróðali. Þá kom brtt. frá hv. þm. N-Þ. um, að upp í frv. verði tekin sams konar heimild viðvíkjandi jörðinni Skoruvík í N-Þingeyjarsýslu. Í 3. lagi kom fram till. frá hv. 1. þm. Eyf. um, að jörðin Bakkagerði í Svarfaðardal verði einnig seld með sama skilyrði, þ. e. að hún verði einnig gerð að ættaróðali. Þetta mál hefur velt upp á sig nokkuð miklu frá því, að það var fyrst fram borið. Í 4. lagi er komin till. um, að skógrækt ríkisins láti af hendi spildu af landi því, sem hún hefur til umráða. Og í 5. lagi boðar hæstv. landbrh. till. um að selja eina af eyðijörðunum á Ströndum, og sennilega án þess skilyrðis, að hún verið gerð að ættaróðali, en látið í veðri vaka, að hún kunni að byggjast, ef hún fer úr eigu ríkisins.

Það er ekki óeðlilegt, að umræðurnar snerti nokkuð grundvallar„principið", hvort eigi að fara inn á það á næstunni að selja ríkisjarðir almennt. Þegar málið er komið í þennan farveg, get ég sagt, eins og hv. 4. þm. Reykv.: Ég er mjög smeykur við að taka afstöðu með frv. eins og þessu, því að

mér finnst eins og það sé að byrja skriða, sem fellur þannig, að ríkið losar sig við þær jarðir, sem það hefur verið að kaupa á undanförnum áratugum, og þar tel ég vafalítið stefnt í öfuga átt við það, sem æskilegt er og við hagsmuni landbúnaðarins sjálfs. Það er ærið átak fyrir ungan bónda, sem ætlar sér að byrja búskap, að koma sér upp bústofni, þó að við það bætist ekki þungbær skuldabaggi við kaup á jörðinni, og þetta endurtekur sig svo hjá hverjum nýjum ábúanda. Við þessu er eingöngu hægt að gera með því, að eigandi jarðarinnar sé alltaf sá sami, þ. e. ríkið, og jörðin sé leigð með hóflegri rentu einum ábúandanum á fætur öðrum.

Ég tek eftir því, að í grg. fyrir frv. rökstyður hv. þm. Snæf. málið með því, að öll hús á jörðinni séu mjög úr sér gengin og því óhjákvæmilegt að byggja þau upp á næstu árum, en fé fæst ekki frá hinu opinbera nema af mjög skornum skammti. Vegna þess, hve ríkið rækir illa sína eigandaskyldu og byggir ekki upp á sínum eigin jörðum, þá vill bóndinn heldur kaupa jörðina og taka þannig á sig byrði í viðbót við bygginguna, til að byggja upp á sinni eigin jörð. Ástæðan er m. ö. o. sú, að ríkið svíkst undan sínum eigandaskyldum, og því er þessi skriða að byrja. Ríkið er eigandi að tugum ef ekki hundruðum af jörðum um allt land, en bregzt skyldu sinni gagnvart þeim. Menn vilja því heldur taka á sig aukna byrði með því að kaupa jörðina heldur en að byggja upp á annarra jörð.

Ég tók líka eftir því, að 1. þm. Eyf. rökstuddi sitt mál að nokkru leyti með því sama: Bærinn er að verða ónýtur, ríkið fæst ekki til að byggja eða taka þátt í því sem nokkru nemur. Bóndinn vill því kaupa, til að byggja svo upp á sinni eigin jörð. Það er fyrst og fremst vanræksla ríkisins á sínum eigin jörðum, sem gerir það að verkum, að verið er að sækjast eftir að kaupa þær aftur.

Ég er þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að leysa ríkið undan þessum skyldum, heldur stuðla að því, að það geti staðið betur við þær og ræki þær. Ég man ekki betur en að það séu veittar einar 200 þús. kr. á fjárlögum til endurbyggingar á ríkisjörðum í sveitum.

Ég spyr: Hverju sætir það, að landbrh. fram af landbrh. kemur ekki með neinar till. um, að þessar skitnu 200 þús. kr., sem veittar eru á fjárlögum til endurbygginga á ríkisjörðum, séu auknar? Er þeim ekki ljóst, að ríkið á að standa undir þessum skyldum? Það er ekki svo að sjá.

Ég hefði haldið, að það væri miklu nær, að ríkið legði fram nokkurt fé til að byggja upp á þessum jörðum og hjálpa ábúendunum þannig, en það verður ekki gert fyrir 200 þús. kr. á ári. Það er lagt fram fé af hálfu hins opinbera til að bæta hús manna, bæði í kaupstöðum og sveitum almennt, en til ríkisjarðanna er lagður smánarpeningur, sem kemur ekki að neinu gagni.

Ég gæti sagt ýmsar sögur í þessu sambandi, t. d. er í N.-Ísafjarðarsýslu ungur bóndi að taka við vildarjörð. Ríkið á hana ½, en foreldrar hans áttu hinn helminginn. Þarna þarf að byggja upp. Á jörðinni eru milli 20 og 30 nautgripir, stærsta kúabú við Ísafjarðardjúp. Það hefur verið farið fram á það 3 undanfarin ár, að ríkið legði fram nokkurn pening til að létta undir með bóndanum, stæði t. d. undir sinni eigandaskyldu til jafns við hinn fátæka, unga og efnilega bónda. En þessar 200 þús. kr. fóru auðvitað á fyrsta hálftímanum eftir að fjárlögin höfðu verið samþykkt. Það er ekkert hægt. Ríkið getur ekki stutt á neinn hátt að endurbyggingu á jörðum, þó að það eigi í þeim. Þá fara menn að neyðast til að fá jarðirnar til kaups og standa einir undir byggingarkostnaðinum í viðbót. Þarna er vafalaust stefnt í öfuga átt. Ríkið ætti að leggja fram margfalt fé á við það, sem nú er gert, annars fara jarðirnar í niðurníðslu; það mundi fara á sömu leið, ef það væri einstaklingurinn, sem svikist undan sínum eigandaskyldum. Góðir kostir góðs skipulags eru fótumtroðnir með þessari framkomu ríkisins.

Þá er það sá liður, sem hæstv. ráðh. boðaði, að hann mundi tengja við þetta frv., þ. e. að fá heimild til að selja jörðina Birgisvík í Strandasýslu. Hann túlkaði það á þann veg, að ef jörðin kæmist í eigu einstaklings, þá mundi hún e. t. v. byggjast, og þar með yrði brúaður vegleysukafli, sem yrði til stórra bóta. Ég skal ekki mótmæla því út af fyrir sig, en ég álít, að rekajarðirnar á Ströndum eigi ríkið sízt af öllu að selja af þeim jörðum, sem það á á landinu; ég teldi mikla nauðsyn á, að ríkið eignaðist allar eyðijarðir á Ströndum, allt frá Reykjanesi að Aðalvík. Það hefur mikið verið sótzt eftir því af einstaklingum að kaupa þessar jarðir fyrir „sportprís“, og nokkrir einstaklingar hér í Reykjavík eru búnir að eignast jarðir þarna, og bændur, bæði í N.-Ísafjarðarsýslu og í Strandasýslu, vilja eignast þær fyrir lítið, til að geta gripið til að nota eitthvert hrafl af rekanum. Hver sem fer nú eða mun fara næstu ár meðfram strandlengju Hornstranda, mun sjá þar mikið gjaldeyrisverðmæti, sem lítið er notað, en stendur þar í mannhæðarháum stöflum frá ári til árs, skemmist og gengur úr sér sem verðmæti. Það er hörmung að horfa upp á slíka sóun gjaldeyrisverðmæta.

Ég álít, að ef ríkið ætti allar þessar jarðir samfelldar, þá væri hægt að koma fótum undir eina byggð einhvers staðar á þessari strandlengju og fela þeirri byggð að nýta á nýtízku hátt rekann á ströndinni, og þetta timbur, sem þarna er fyrir hendi, yrði svo notað í byggingarþörf þjóðarinnar.

Það eru þarna fleiri verðmæti, sem þarf að nota og eru illa nýtt núna. Það þykir dýrt að flytja inn ávexti, og það þykir kannske dýrt líka að framleiða egg, en það er hægt að taka egg í björgunum á Ströndum fyrir hundruð þúsunda króna á ári. Ég get nefnt eitt dæmi. Þrír ungir menn frá Ísafirði tóku egg fyrir 60 þús. kr., sem þeir seldu á Ísafirði og alla leið til Reykjavíkur. Þeir fengu þar 20 þús. kr. hlut á stuttum tíma, en þetta er bæði ill og lítil nýting á verðmætunum í Horn- og Hælavíkurbjargi. Ef byggð væri skipulögð til að nýta verðmætin þarna, þá væri betur farið. Ég álít, að ríkið þurfi að eiga jarðirnar þarna með öllum gögnum og gæðum og vinna að því með oddi og egg að koma þarna góðu skipulagi á, svo að eina nýtingin verði ekki hraflkennd rányrkja, eins og nú er. Ég vil því ekki mæla með, að Birgisvík eða nein önnur ríkisjörðin á Ströndum verði seld, þó að veik von sé til að hún byggist. Það vilja

margir einstaklingar eignast svona jarðir fyrir hagstætt verð, svo að þeir geti gripið til verðmæta þeirra, ef þeim býður svo við að horfa.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Það er auðheyrt, að hv. þm. þekkir lítið til á þeim stöðvum, sem hann er að tala um. Allar beztu rekajarðirnar þekki ég eftir að vera búinn að fara 19 sinnum um þessa strönd á flestum tímum árs. Birgisvík er sáralítil rekajörð, og það af þeirri einföldu ástæðu, að norðan Birgisvíkur er Kambstangi, en þetta er bein strandlengja, og við, sem þekkjum rekajarðir, vitum mætavel, að ströndin þarf að liggja á sérstakan hátt við, til þess að þar sé góður reki. Þarna er lítils háttar reki, en hann er naumast umtalsverður af þessari ástæðu, að tanginn liggur þarna fyrir norðan, og rekinn, sá litli sem þarna lendir, staðnæmist þar. Rekinn er aðallega norðan Reykjafjarðar, norður frá Gjögri, það er Reykjanesland, og þar lendir allur rekinn. Tvær beztu rekastrandirnar eru Reykjanesströnd og Gálmaströnd, og þar hefur blessuð kirkjan náð fyrr á öldum í jarðir, og eru þær í eign kirkna í annarri sýslu, og þar eru stöðugar þrætur um, hvort bændurnir megi eiga þetta og þetta af rekanum. Það er þetta, sem reynt hefur verið að koma í veg fyrir með lögum. En þetta kemur ekki jörðinni Birgisvík við, enda er hún innan við Árnes og kemur þess vegna ekki við þeirri hugmynd, sem hv. þm. gerir sér um rekajarðirnar þarna norður frá. En það eru rekajarðir allra nyrzt í Strandasýslu, sem nú eru í eyði, Skjaldabjarnarvík, sem er nyrzti bærinn, og Drangavík, sem er lítið kot. Aðrar jarðir eru ekki í eyði á Ströndum. Það, sem oftast eru kallaðar Strandir, er í kjördæmi hv. þm., og er fyrir norðan Geirólfsgnúp, og þar eru rekajarðir, sem ekki hefur komið til mála, að ríkið seldi, og víða eru víkur, þar sem gæti komið til mála að hægt væri að koma á fót byggðum eins og þeim, sem hv. þm. talaði um. T. d. gætu um 200—300 manns búið í Árnesi og haft hlunnindi norðar á Ströndunum. — Annars er það um rekann að segja, að þó að hann sýnist nokkuð mikill, þá kemur þar margt til greina, og hann er ekki eins fljóttekinn og lítur út fyrir. Hann hefur verið notaður mikið í mínu kjördæmi og sagaður í 2 myllum, sem reknar eru þar, en nú í sumar hefur t. d. ekki verið hægt að ná í rekann vegna óveðurs, og það er geysilegt verk og kostnaðarsamt að ná honum, svo mikið verk, að þeir, sem rekann á Ströndunum sjá, renna ekki grun í það.

Ég vil aðeins leiðrétta það með nokkrum orðum, að það eru ekki 200 þús. kr., sem varið er til endurbygginga á ríkisjörðum, heldur bætast þar við tekjur ríkisins af fasteignum þess á ári hverju. Hitt er svo að athuga, að ef ætti að byggja upp á þessum jörðum, sem ríkið á í tuga og hundraða tali um allt landið, virðist okkur, að það mundi kosta um ¼ millj. kr. að byggja upp á hverri jörð og gera það, sem gera þyrfti. Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta, menn sjá, hve gífurlegt fé það yrði.

Hv. 6. landsk. þm. talar um, að illa sé farið með þá, sem búa á ríkisjörðunum, en það hefur einmitt verið bent á það hér af flokksmanni hans, að með því að byggja upp fyrir stórfé á jörðunum, þá er vitanlega verið að gefa þessum mönnum, ef þeir fá jarðirnar keyptar á eftir, því að það er víst, að peningarnir koma aldrei aftur að fullu við sölu á ríkisjörð. Ég held þess vegna, að það sé betra að ívilna bændunum með því að láta þá fá jarðirnar til kaups sem óðalseign, eins og ríkið hefur heimilað með lögum, og láta þá síðan sjálfa byggja upp á þeim; það hefur, eins og ég sagði áðan, reynzt allt að því helmingi ódýrara í framkvæmd. Til að hjálpa þeim við það er byggingarsjóðurinn með 2% vöxtum og ræktunarsjóðurinn, einnig með 2% vöxtum eða lítið eitt hærri. Fái þeir þessa aðstoð, þá framkvæma þeir þetta á miklu hagkvæmari hátt en ríkið getur gert, og það er þessi stefna, sem ég álít, að við eigum að fylgja. Þegar ríkið byggir og verkið er allt framkvæmt af fagmönnum, verður kostnaðurinn oft ótrúlega miklu meiri en hjá bændunum. Það er ekki mikið, sem byggt hefur verið á prestssetri einu í Árnessýslu, sem ég býst við, að hv. þm. sé kunnugt um, fjós yfir 11 kýr og hlaða; síðast þegar ég frétti, voru komnar í það 510 þús. kr., allt framkvæmt af fagmönnum í Reykjavík. Það er önnur framkvæmd á döfinni vestanlands, sem ég býst við, að eitthvað svipað sé um að segja.

Ég er ekki í minnsta vafa um, ef hv. 6. landsk. þm. rannsakar byggingarmál ríkisins, — og það getur hann auðvitað fengið á þeirri skrifstofu, sem með það hefur að gera í stjórnarráðinu —, þá muni hann sjá, að þessi stefna er miklu skynsamlegri en hin. Ég efast ekki um það, ef þessi vestfirzki bóndi fær þann helming jarðarinnar keyptan, sem ríkið á, þá muni honum takast, ekki síður en öðrum, að byggja upp á jörðinni, og verður miklu ánægðari með það en hitt.

Það eru gerðar kröfur til, að ríkið byggi upp á jörðum sínum, en svo vilja bændurnir kaupa þær, þegar búið er að byggja. Á einni jörð er búið að byggja fjós fyrir 75 þús. kr. Nú vill bóndinn fá jörðina keypta. Ég tek það vitanlega ekki í mál, að bóndinn fái jörðina keypta, nema hann kaupi fjósið líka, það verður alls ekki selt honum fyrir fasteignamatsverð. En svona er það oft. Ríkið byggir fyrir stórfé á jörðunum; þegar það er búið, þá vilja bændurnir kaupa fyrir fasteignamatsverð, sem nær auðvitað engri átt. Ég vildi mælast til þess, að hv. þm. kynni sér, hvernig þetta er í framkvæmd, það getur hann gert á skrifstofunni, sem hann hefur alltaf aðgang að.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. landbrh. sagði, að Birgisvík er ekki með mestu rekajörðunum þar, en þó er þar nokkur reki, og ef það gengur viðstöðulaust gegnum þingið, að hún verði seld úr eigu ríkisins upp á veika von um, að hún muni e. t. v. byggjast, þá hygg ég, að það skapi fordæmi fyrir að selja þessar jarðir. (**Landbrh.:** Rekinn fer allur út aftur, ef ekki er litið eftir honum.) En ég skal ekki hafa fleiri orð um það. Hæstv. landbrh. heldur því fram, að það muni kosta of fjár að byggja upp á ríkisjörðunum. Það er vafalaust rétt og mundi varla verða minna en 250 þús. kr. á jörð að meðaltali, en það yrði vitanlega gert með sams konar lánafyrirkomulagi eins og nú gerist með veði í þeim byggingum, sem þarna sköpuðust. Þá er það, hvort eigi að gefa bændum — hæstv. ráðh. sagði, að hv. 4. þm. Reykv. hefði haldið því fram, að

bændum væri gefið stórfé með því að selja þeim jarðir ódýrt, — með því að selja þeim jarðirnar ódýrt, þ. e. a. s. hvort betra sé að ríkið gefi einni kynslóð og þeirri, sem nú lifir, nokkur verðmæti eða það gefi ókomnum kynslóðum mikil verðmæti í byggingum og leysi af þeim þá byrði að þurfa að eyða fé sínu í að kaupa jarðirnar. Það síðara teljum við hv. 4. þm. Reykv. mun betri gjafir og að frá þeirri stefnu beri ekki að hverfa. Ef byggingarframkvæmdir hins opinbera hafa farið í handaskolum, þá má vafalaust bæta úr því, m. a. með því að gera bændurna sjálfa að þátttakendum í framkvæmdunum. Ef fullkomnar teikningar liggja fyrir og ríkið sér um, að ekki sé lagt út í allt of stórar og dýrar byggingar og að unnið sé af hyggindum, þá skil ég ekki annað en hægt sé að byggja á ríkisjörðunum jafnódýrt og á jörðum einstaklinga með því að tvinna saman hagsmuni ríkisins og bændanna við byggingarframkvæmdirnar. En þess hefur ekki verið kostur undanfarið, því að ríkið hefur sagt nei og ekki fengizt til að byggja, svo að byggingarnar á jörðum þess hafa grotnað niður með þeim afleiðingum, að margar jarðir hafa lagzt í eyði. Ég held því, að ríkið þurfi að rækja betur skyldu sína í þessu efni, heldur en það skjóti sér undan skyldu með því að selja einstaklingum jarðirnar.

ATKVGR.
Brtt. 357,1 samþ. með 8:2 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 8:3 atkv.
2. gr. samþ. með 8:1 atkv.
Brtt. 472 samþ. án atkvgr.
— 357,2, svo breytt (ný fyrirsögn), samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, JJós, RÞ, VH, ÞÞ, EE, GJ, BSt.
nei: StgrA, HV, HG.
6 þm. (KK, LJóh, PZ, BBen, BrB, FRV) fjarstaddir.

Fyrirsögn eftir 2. umr.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja þrjár jarðir og landspildu í opinberri eigu.

Á 49. fundi í Ed., 15. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 481, 484).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 484. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Landbn. hefur samkv. beiðni ráðh. tekið til ath. till. um að bæta inn í frv. einum tölul., um að heimila ríkisstj. að selja þjóðjörðina Birgisvík í Árneshreppi í Strandasýslu. N. leitaði sér upplýsinga, er staðfestu það, sem ráðh. sagði við 2. umr., og hefur tekið þetta upp sem sína till. Rétt er að láta þess getið, að einungis 4 nm. eiga hér hlut að, þar sem hv. 7. landsk. hefur ekki getað mætt á fundum nefndarinnar vegna veikinda.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hér við síðustu umr. heyrðist mér hv. 4. þm. Reykv. óska eftir því, að það yrði upplýst af ráðh., hve mikið ríkissjóður hefur keypt af jörðum á undanförnum árum og hvaða verði. Ég vildi gjarnan fá að heyra, hvort hæstv. ráðh. hefur athugað þetta, og vildi að umr. yrði þá frestað, unz þær upplýsingar liggja fyrir. Ég veit, að hv. 4. þm. Reykv. hefur ekki spurt að þessu út í loftið, og ég tel rétt, að deildin fái þessar upplýsingar. Og ég fyrir mína parta vildi óska, að ráðh. sæi sér fært að upplýsa þetta áður en frv. er afgr., sem ég er annars samþykkur út af fyrir sig.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég tók satt að segja ekki eftir því, að fram kæmi fsp. frá 4. þm. Reykv. um þetta atriði, sem hv. þm. Barð. talaði um. Ég skildi ummæli hans þannig, að rétt væri að gera skrá yfir allar jarðeignir ríkisins, og er ég honum sammála um það, því að enda þótt slík skrá sé til, þá er hún engan veginn fullkomin. Auðvelt ætti að vera að gefa yfirlit um það, hve margar jarðir hafa verið keyptar á undanförnum árum. Síðan ég tók við þessu starfi, hefur engin jörð verið keypt, og þær munu vera fáar á þessu tímabili. Annars virðist þetta ekki standa í beinu sambandi við afgreiðslu þessa máls, og auk þess held ég, að hv. þm. Barð. hafi eitthvað misskilið 4. þm. Reykv. hvað þetta snertir.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég tók eftir því, að frsm. landbn. gerði grein fyrir, að n. hefði fjallað um brtt. á þskj. 484, um að bæta við nýjum tölul. í frv. um heimild til að selja jörðina Birgisvík í Árneshreppi. Nú tók hæstv. landbrh. það fram síðast, er málið var hér til umr., að það yrði fyrst að tryggja sveitarfélögunum forkaupsrétt að þessum jörðum, og vildi ég þá vita, hvort gengið hafi verið úr skugga um það, að hægt væri að hafa hið sama fororð við þennan lið sem hina fyrri, að sett yrði að skilyrði, að jörðin yrði gerð að ættaróðali. Ég þykist sem sagt sjá nokkurn annmarka á því, að sveitarfélögunum sé sett það að skilyrði fyrir forkaupsrétti sínum að jörðunum, að þær séu gerðar að ættaróðali, þar sem um það er að ræða á annað borð, að sveitarfélögin neyti þess réttar. En það stendur svo í frv., með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar jarðir, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi hreppsnefnda og sýslunefnda og skuldbindingu kaupenda um, að þeir geri jarðirnar að ættaróðali ....“ Og svo eru jarðirnar tilgreindar undir 1., 2., 3. og 4. tölulið. Ég bíð eftir skýringum hv. frsm. á því, hvernig þessu verður komið saman. En mig grunar, að sala þessarar eyðijarðar, sem raunar er upplýst, að sé með minni rekajörðum á þessum slóðum, sé dæmi um ranga stefnu í þessum málum; ég tel rétt, að spornað sé við því að koma þeim í eigu einstaklinga og að ríkið eignist þær sem flestar, svo það geti stuðlað þar að sem árangursríkustum nytjum náttúrugæða.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Út af ræðu hv. 6. landsk. vildi ég segja það, að þó það sé svo orðað í frv. eins og hann las, að ríkissjóði sé heimilt að selja eftirtaldar jarðir með umræddu skilyrði, þá yrði það ekki skilið svo, að gera þurfi jörðina að ættaróðali nema þegar einstaklingur kaupir; annað væri ekki hægt, því að sýslun. og hreppsn. eiga að vísu afkvæmi, en ekki

sem heild. Hér er við það miðað, að einstaklingar kaupi jarðirnar, og ég held, að engum misskilningi geti valdið, þótt þetta standi eins og það er.

Viðvíkjandi rekanum á þessari jörð, þá upplýsti ég, að hann væri sáralítill, og sjálf er jörðin hin næstminnsta í Árneshreppi. Mér fannst eins og nokkurs misskilnings gætti hjá hv. þm. í þessu sambandi; rekajarðir, sem ríkið gæti sameinað, liggja norðar, og þessi jörð er þvert úr leið, innst í Árneshreppi. Það mætti þá alveg eins hugsa sér að taka jörð eins og Kolbeinsvík, sem er rétt hjá og Árneshreppur keypti og á og lætur ekki nema með skilyrðum um ítök. Það ætti að vera trygging fyrir því, að hér fari ekkert í handaskolum, að jarðirnar eru ekki seldar nema með samþ. sýslun. eða hreppsn., og leyfi verður ekki veitt nema íbúum í viðkomandi hreppi í þessu tilfelli, og sennilega einum af þremur bændunum í Veiðileysu.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég gerði ráð fyrir því og við í landbn., sem athuguðum þessa brtt. nákvæmlega, að einstaklingur úr Árneshreppi keypti jörðina, og þá er orðalag frv. ekki því til fyrirstöðu, að jörðin verði gerð að ættaróðali. Ég verð að segja það, að eins og hæstv. landbrh. lýsti þessari jörð og aðstæðum öllum, þá er alls ekki loku fyrir það skotið, að kaupandanum, sem mér skilst að sé ungur maður, detti í hug að selja hana síðar, og því vafasamt að láta kaupin vera því háð, að hún verði gerð að ættaróðali. En ef enginn maður fæst til að byggja þessa jörð öðruvísi en vera annars staðar, þá verður að skeika að sköpuðu með kaupin, og ríkisstj. verður þá að leita til löggjafans um það mál. Og ég get þess, að það er mín skoðun, að ég tel ekki frágangssök, að einstaklingur fái hana keypta, þó hann geri hana ekki að ættaróðali. En þá um leið þarf ekki að leita til löggjafans, þar sem ábúandinn hefur fengið erfðaábúð, því að hann getur þá gengið að því að heimta hana til kaups, ef ekki er um sérstök atvik að ræða, sem gera það, að alls ekki má selja hana, svo sem að hún sé nauðsynleg til félagslegra framkvæmda eða því um líkt. En yfirleitt er mitt álit í sambandi við þessar jarðir þarna norður frá, að þeim sé betur borgið undir umsjá einstaklinga heldur en að ríkið sé að baksa við að leigja þær og að þær gangi í gegnum marga liði með óánægju, eins og virðist vera með þessa jörð, Birgisvík, að Árneshreppur er óánægður með, að hún skuli vera leigð utansveitarmanni.

Undir þessum kringumstæðum, þar sem um er að ræða jörð, sem komin er í eyði, tel ég réttara og hið eina sjálfsagða að treysta á einstaklingsframtakið til að bæta þar úr, og með því sé frekast von til, að ábúandinn nýti viðkomandi jörð á sómasamlegan hátt. Því mæli ég ekki á móti því, að þessi jörð verði seld, og í trausti þess, að viðkomandi ráðherra geri ekki glappaskot í þessum málum, þá mæli ég með því, að þessi heimild verði veitt í þessu tilfelli.

ATKVGR.

Brtt. 484,1 samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, HermJ, JJós, KK, RÞ, VH, ÞÞ, BSt.

nei: HV, HG.

StgrA greiddi ekki atkv.

6 þm. (EE, FRV, LJóh, PZ, BBen, BrB) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Haraldur Guðmundsson: Eftir þær upplýsingar, sem komið hafa fram í umr., segi ég nei.

Brtt. 484,2 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:3 atkv. og endursent Nd. með fyrirsögninni:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja fjórar jarðir og landspildu í opinberri eigu.

Á 50. fundi í Nd., 16. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 492).

Á 52. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til einnar umr.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Landbn. hefur ekkert við þetta frv. að athuga og leggur til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 509).

---

62. Jeppabifreiðar o. fl. (frv. ÁB o. fl.).

Á 12. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl. [77. mál] (þmfrv., A. 125).

Á 18. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, var lagt fyrir þessa hv. d. í fyrra og náði ekki afgreiðslu, en frumvarpið er lagt fyrir hv. þd. nú á þeim grundvelli, sem það var afgr. frá þessari hv. d. í fyrra, og er það hv. þingmönnum svo kunnugt, að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það nú, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 28. og 29. fundi í Nd., 27. og 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 125, n. 182, 198, 245, 246).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Landbn. hefur athugað frv. þetta ásamt brtt. frá hv. 2.

þm. Rang. Nefndin hefur orðið sammála um að afgr. frv. með tveim lítils háttar breytingum, sem þegar eru kunnar. Einnig hefur n. leyft sér að gera brtt. við brtt. 2. þm. Rang. En hún hefur jafnframt fallizt á að taka í brtt. nokkuð af því, sem er í brtt. hans, en þó með dálitlum breytingum, sem sé að fyrir orðið „landbúnaðarbifreiðar" komi: jeppabifreiðar.

Ég tel svo ástæðulaust að fjölyrða um þetta, en bið um að málinu verði hraðað.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka landbn. fyrir, að hún hefur gengið inn á mínar till. Um þessa orðalagsbreytingu tekur ekki að deila. Hér er ekki aðeins átt við amerískar bifreiðar, heldur og hliðstæðar bifreiðar frá öðrum þjóðum, og er í rauninni ástæðulaust að deila um þetta atriði.

Í brtt. landbn. á þskj. 182 er lagt til, að síðasti liður 2. gr. falli niður, en landbn. flytur brtt., sem eru að efni til alveg þær sömu og þær, sem ég flutti á þskj. 198, og get ég alveg fallizt á till. n. að þessu leyti, og ég þakka n., að það sjónarmið skuli hafa orðið ofan á, því að eins og flutningum er nú háttað, þá getur verið alveg eins nauðsynlegt fyrir þá bændur, sem búa á þeim stöðum, þar sem flutningar og samgöngur eru greiðar, að fá dráttarvélar, en hins vegar á þeim stöðum, þar sem samgöngur eru ekki eins góðar, er heppilegra fyrir bændurna að fá jeppabifreiðar, því að þær geta komið að nokkru leyti í staðinn fyrir dráttarvélar, en eru á hinn bóginn hentugar til flutninga.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar og þakka n. fyrir, að þetta sjónarmið skuli hafa verið látið ráða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Nd., 4. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 246,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 198,1, svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
— 245 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 246,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 198,2 þar með fallin.
— 246,3—4 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 198,3—4, svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
— 182,1—2 samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 261).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 32. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 261, n. 385, 386).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv., en það er komið frá Nd., er í raun og veru að mestu þess efnis, að það má teljast reglugerðaratriði. Þó eru e. t. v. einstök atriði, sem telja má rétt, að leitað sé til löggjafar um. En við tókum ekki sérstaka afstöðu til þess og leggjum til, að frv. verði samþ., þó með nokkrum breyt., sem við flytjum á þskj. 386.

Það voru aðallega tvö atriði, sem landbn. taldi ástæðu til að setja ákvæði um. Það, að allar dráttarvélar í landinu skyldu skrásettar með sams konar spjöldum og bifreiðar, til öryggis á vegum úti.

T. d. vita allir Reykvíkingar, að hér er verið að aka alls konar farartækjum til og frá höfninni, án þess að á þeim séu nokkrir einkennisstafir. Og einnig vita menn það vel, að akstur slíkra tækja á þjóðvegum úti getur valdið árekstri við bíla, og þá er ekki heldur hægt að sjá, hver sé valdur að slíkum slysum, nema vélareigandi gefi sig fram.

Það var því skoðun landbn., að það væri til aukins öryggis, að hver vél hefði sína einkennisstafi, svo að hægt væri að reka réttar síns eins gagnvart þeim og öðrum farartækjum. En aftur á móti var það skoðun n., að sýna bæri þeim meiri linkind en bílum, og því var skrásetningargjaldið ekki ákveðið hærra en sjötti hluti af skrásetningargjaldi bíla, eða 10 kr. Og ekki heldur, að koma þyrfti með þessar vélar árlega til skrásetningar, heldur skyldi þetta skrásetningargjald greitt í eitt skipti fyrir öll, og svo við hver eigendaskipti. Þetta var sem sé af öryggisástæðum.

Í öðru lagi er það, að sú nefnd, sem hefur haft úthlutun þessara véla á hendi, hefur komizt í vandræði að vita, hver sé réttur eigandi hverrar vélar. Því er það gert að skyldu, að viðkomandi búnaðarfélag safni og gefi upplýsingar um alla dráttarvélaeigendur á sínu félagssvæði og sendi þessar upplýsingar til úthlutunarnefndar.

Þetta er gert til þess að bæta nokkuð úr þeim glundroða, sem verið hefur í þessum efnum, en það munu nú vera nokkuð á annað hundrað dráttarvélar, sem vitað er um, að til eru í landinu, en enginn eigandi er skrásettur að.

Þetta hefur komið úthlutunarnefnd í nokkurn vanda, því að þá hefur verið hætta á, að tveimur vélum væri úthlutað til sama mannsins; því töldum við sjálfsagt að taka þetta atriði upp. Þetta gerir auðvitað dálítið aukið starf fyrir sýslumenn, en ekki fyrir aðra.

Ég er búinn að gleyma, hvað það eru margar vélar í landinu til, sem ekki hafa verið skráðir eigendur að, en hv. 1. þm. N-M. sagði mér það, og

hann man það efalaust rétt og getur upplýst það hér.

Sem sagt, við töldum vegna öryggis og réttlátrar úthlutunar rétt að taka þetta upp, enda eru þessar till. að efni til shlj. till., sem samþ. voru í fyrra hér á þinginu.

Ég þarf ekki að vera langorður, en mér virðist, að ef brtt. hv. þm. Barð. verður samþ., þá falla jeppalögin alveg úr gildi, og þá hefur þetta frv. ekki við neitt að styðjast, og hafa þingmenn þá játað, að þetta sé rétt.

Forseti (BSt): Það liggur í hlutarins eðli, að þó að frv. til l. um breyt. á l. um innflutning og úthlutun jeppabifreiða verði samþ., — og ef svo verður samþ. að fella lögin í burtu, — þá kemur það frv. ekki frekar til greina, ef þessi skrifl. brtt. verður samþ.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Mig langar að gera þá fyrirspurn til forseta: Er þessi skrifl. brtt. tekin sem einföld brtt.? (**Forseti:** Já.) Mér virðist eðli málsins krefjast þess, að ef frv., sem verður að lögum, þarf að ganga í gegnum 6 umr., þá sé ekki hægt að afnema lög með einfaldri brtt.

Forseti (BSt): Þessi brtt. getur komið til atkvgr., ef fyrirsögn hennar verður breytt. En ef þessi brtt. verður samþ., þá er eftir að úrskurða, hvort þetta er sama málið eða nýtt mál. Það virðist ekki brjóta í bága við ákvæði stjskr., og verður brtt. þá borin undir atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Mér skilst, að hér sé komið fram nýtt frv. til laga, og spurningin er þá sú, hvort hægt er að bera það fram sem brtt.

Forseti (BSt): Það er ekki vafi á því, að oft eru bornar fram brtt. um að breyta fyrirsögnum frv. — Mun ég nú leita afbrigða fyrir hinni skriflegu till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 452) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 452,1 felld með 6:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ.

nei: PZ, RÞ, ÞÞ, HermJ, KK, BSt.

StgrA, EE, HV, HG, JJós, LJóh greiddu ekki atkv.

4 þm. (VH, BBen, BrB, FRV) fjarstaddir.

6 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Ég viðurkenni, að í sölu landbúnaðarvéla og jeppa hafi oft ríkt ranglæti, og úthlutun þessara tækja var notuð eftir því, sem hægt var af nýbyggingarráði í „agitations"skyni. En nú hefur komizt á þessa úthlutun miklu betra skipulag, — og er handhægt að nefna dæmi, sem sanna það, — og af því get ég ekki verið því fylgjandi að afnema jeppalögin, þó gölluð séu, og segi því nei.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Ég tek enga afstöðu til þessa máls, en álít, að úr því að frv. til laga þarf að ganga í gegnum 6 umr., þá tel ég ekki rétt að fella lög með einfaldri atkvgr., og segi því nei.

Gísli Jónsson: Ég viðurkenni álit hv. 1. þm. N-M., að það hefur ríkt ranglæti í úthlutun þessara tækja, — en þótt ranglætið hafi verið slæmt, þá hefur þó aldrei ríkt minna réttlæti en nú, og því er nauðsyn að afnema þessi lög — og segi ég já.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Það er vert að benda á það atriði — og að nefndin taki það til athugunar —, hversu mikil framför hefur orðið í þessum málum, að viðkomandi nefnd ræður engu, en bændur öllu um kaup vélanna. Ákvæðin hér verða að vera skýr, en hitt er miður, að jepparnir eru lagðir að jöfnu við landbúnaðarvélarnar. — Óskir um jeppa eru yfirleitt fram bornar af allt öðrum sjónarmiðum en landbúnaðarvélar. Af þessu og með tilliti til þess, að nefndin athugi þessi atriði, segi ég nei.

Jóhann Jósefsson: Úr því að hæstv. forseti leyfði, að hér var ráðizt á stofnun, sem ekki er lengur til, en hins vegar eru mennirnir til, sem þar áttu hlut að máli, þá leyfi ég mér að mótmæla þessu blaðri hjá hv. 1. þm. N-M. sem algerlega tilhæfulausu slúðri, að það hafi ríkt vísvitandi ranglæti í úthlutun þessara tækja. Það er vitað mál, að það eru margir aðrir en bændur, sem þurfa á jeppabifreiðum að halda. — Mér þykir hastarlegt, að það skuli vera hægt að bera fram brtt. um að afnema lög, og vil ekki taka þátt í svona meðferð. Ég greiði því ekki atkv.

Bernharð Stefánsson: Ég tek það fram, að þetta er 2. umr. málsins, og er þá ein umr. eftir, og ef brtt. yrði samþ., ætti málið eftir að ganga aftur til Nd. — Auk þess má vera, að þetta mál yrði síðar úrskurðað sem nýtt mál. Ég segi nei.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 452,2—3 teknar aftur.
— 386,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 386,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 453).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 45. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 50. fundi í Nd., 16. jan., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 17. jan., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur tekið lítils háttar breyt. hjá hv. Ed., og er hún aðallega í því fólgin, að það skuli skrásetja allar dráttarvélar, sem til eru og væntanlega verða í eigu landsmanna. Þetta er að vísu ekki mikil breyt., en mun þó hafa dálítinn kostnað í för með sér fyrir þá, sem vélar eiga, ekki skráningin sjálf, heldur það, sem þeir þurfa að kaupa, til þess að skrásetningin taki gildi, svo sem númersspjöld o. fl. En hv. landbn. hefur fallizt á þessar breyt., og geri ég ráð fyrir, að hv. þd. geri það sama.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. landbn. benti á, hefur hv. Ed. gert nokkra breyt. á þessu frv. — Ég var að yfirfara þetta frv. nú í morgun. Ég er nú flm. þess hér í þessari hv. d. upphaflega. Og eitt atriði er í frv., sem ég vil hafa aðstöðu til að athuga nánar en mér hefur gefizt tími til enn. Mælist ég því til þess við hæstv. forseta, að umr. verði frestað og mál þetta verði tekið af dagskrá þessa fundar. Það mun ekki taka langan tíma að gera þessa athugun á málinu. Og ég vil benda á, að þetta er síðasta umr. um málið, svo að ekki ætti að vera hætta á, að málið dagaði uppi, þó afgreiðslu þess yrði ekki lokið á þessum fundi.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það hefur verið gerð allmikil breyt. á þessu frv. í hv. Ed. Í fyrsta lagi á þann veg, að svo er nú mælt fyrir í frv., að skrásetja skuli dráttarvélar allar á landinu eins og bifreiðar, og er það út af fyrir sig nokkur breyt. til óþæginda og kostnaðar. Er mér óskiljanlegt, að nauðsyn sé á að skrásetja dráttarvélar, sem bændur nota. Ef á að gera það, þá mætti, að mér virðist, alveg eins skrásetja sláttuvélar þeirra og heyvagna o. þ. h. Því að vitanlega er hægt að fylgjast með, hvað er til af þessum tækjum, dráttarvélunum, án þess að eigendur þeirra þurfi að kaupa númer á þær eins og bifreiðar. Hér er talað um, að greitt sé tíu kr. skoðunargjald. En eitt númersskilti kostar 40 til 50 kr., að mig minnir, og það bætist a. m. k. við þessar tíu kr., auk þess sem hér verður töluverður kostnaður að auki.

Svo er annað, sem hefur verið fellt úr og þar með breytt frv. Það kom hér fram í hv. þd. fyrr og var samþ. till. frá hv. landbn. á þskj. 245, sem orðaðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 2. gr. Aftan við a-lið (13. gr.) bætist: og skal nefndin vinna að því, þegar innflutningur er ákveðinn, að umsóknirnar séu teknar til greina þannig, að rétt hlutfall haldist milli dráttarvéla og jeppabifreiða". En eins og frv. er nú, er ekkert þar um þetta atriði, heldur er þetta miklu loðnara og óákveðnara nú í frv. en áður var, er það fór frá þessari hv. d. Og væri það gert að l. eins og frv. kemur frá hv. Ed., þá væri engin trygging fyrir því, að jeppabifreiðar yrðu teknar þarna með, þegar um er að ræða að úthluta dráttarvélum. Þessi breyt. á frv. er að mínu áliti mjög slæm. Því að hv. Nd. afgr. málið með tilliti til þess skilnings, að það bæri að taka tillit til umsókna og þarfa bænda í þessum efnum, hvort sem um væri að ræða dráttarvélar eða jeppabifreiðar. En hv. Ed. hefur alveg lokað augunum fyrir þessu. Það er vitanlegt, að einum bónda hentar betur jeppabifreið en dráttarvél, ef hann býr langt frá þjóðvegi og á afskekktum stað, en býr þannig hins vegar, að hann geti notað jeppabifreið við landbúnað sinn verulega, svo sem til að slá og draga hey og fleira við landbúnað sinn. En mér skilst, að eins og frv. er komið frá hv. Ed., þá sé alveg gengið fram hjá þessari þörf á að taka tillit til þeirra bænda, sem eru afskekktir og geta notað jeppabifreiðar að verulega miklu leyti í staðinn fyrir dráttarvélar og geta auk þess notað jeppa fyrir samgöngutæki. — Ég felli mig því vel við, að umr. um þetta mál verði frestað og að hv. landbn. fái tækifæri til þess að taka þetta frv. til athugunar á ný og endurbæta það.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég get vel verið sammála óskum þeirra hv. þm., sem fara fram á það nú, að þessari umr. verði frestað að sinni.

Hins vegar lít ég svo á það, sem hv. 2. þm. Rang. telur, að frv. hafi breytzt allverulega á verri veg í hv. Ed., með því að fellt var úr því ákvæði, sem hann vill láta koma inn í frv., að það sé ekki svo mikið atriði, að ástæða sé til þess vegna að fara að hrekja frv. á milli deilda. Því að það er nú einu sinni þannig, að meðan þessi lög eiga að vera í gildi, þá verður aldrei hægt að fyrirbyggja það, að þeir, sem um framkvæmd þessara mála eiga að sjá, verði að hafa að einhverju leyti frjálsar hendur um úthlutun jeppabifreiða og dráttarvéla. Og ég sé ekki, að þessi orðalagsbreyt., sem hefur orðið á frv. í hv. Ed., sem hv. 2. þm. Rang. talaði um, raski neitt þeirri skoðun, sem ríkti um það í hv. Nd., heldur megi vel við það una, þó þessu hafi svona verið breytt. Og ég legg ekki það mikla áherzlu á þetta atriði, að ég sjái ástæðu til þess, að frv. verði nokkuð breytt í þessari hv. d.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Nd., 18. jan., var fram haldið einni umr. um frv. (A. 453, 504).

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja smábrtt. við frv., um að fella niður a-lið við 2. gr., um að skylt sé að skrásetja allar dráttarvélar. Ég minntist á það í gær, að ég teldi það óþarfa og skriffinnsku að skrásetja dráttarvélar. Út af fyrir sig er það líka nokkur kostnaður.

Hætt er við, að þetta fari á svipaða leið og um dráttarvagnana hér á hafnarbakkanum. Fyrst voru þeir notaðir án þess að vera skráðir, og verkamenn máttu nota þá, þótt þeir hefðu ekki bílpróf. Síðan komu kröfur um að tryggja þá, svo um að þeir yrðu skrásettir og loks, að mennirnir, sem notuðu þá, hefðu bifreiðarstjórapróf. Og þannig yrði það líklega í sveitunum. Það er augljóst, hve mikill kostnaður er við þetta og hve mikill óþarfi. Er það í fyrsta lagi kostnaður við tryggginguna, og í öðru lagi er það mikill kostnaður, ef enginn má stjórna dráttarvél nema sá, sem hefur bifreiðarstjórapróf. Er það fyrst kostnaður við prófið, og svo eru engir eða fáir á heimilinu, sem hafa prófið, og mega því ekki stjórna vélunum. Oft hafa unglingar verið látnir stjórna dráttarvélunum og engin slys hlotizt af. Er vert að staldra við og athuga, hvað þetta felur í sér fyrir bændastéttina bæði sem kostnaður og óþægindi.

Nú mætti ef til vill segja, að ekki væri gott að koma með brtt. nú og gæti orðið til þess, að málið dagaði uppi. Ég vil heldur, að málið dagi uppi en frv. verði samþ. í þeirri mynd, sem það nú er. — Þótt þessi till. verði samþ., á málið eftir að koma til umr. í Sþ., og það er ekki nema nokkur hluti þingmanna, sem vill hafa þetta með í frv. Vænti ég þess, að hv. þingmenn athugi, hvað skrásetning felur í sér og hvað kemur á eftir. Það verður sama sagan og um dráttarvagnana á hafnarbakkanum.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Hv. 2. þm. Rang. hefur gert grein fyrir brtt. þeirri, sem hann hefur lagt fram um að fella burt a-lið við 2. gr., um skrásetningu dráttarvéla. Nú tel ég, að ekki sé hægt að gera það, þar sem till. kom svo seint, að fá afnumið þetta úr frv. og setja ekkert í staðinn. Það getur ekki gengið. Hv. 2. þm. Rang. vill, að a-liður falli burt og ekkert komi í staðinn. Ég legg til, að frv. þetta verði samþ. eins og það nú er. Mér skilst, að till. hv. 2. þm. Rang. sé borin fram vegna ótta við það, sem á eftir komi. „En þá koma dagar og þá koma ráð", og verður það mál þeirra, sem þá sitja á þingi, að taka afstöðu til og gæta alls þess, sem nauðsyn krefur. Ég vil endurtaka það, að ég óska, að frv. verði samþ. eins og það er nú.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð í sambandi við það, að hv. þm. Dal. sagði, að ekki væri hægt að samþ. till. mína um að fella niður a-lið, þar sem ég láti ekkert í staðinn. Ég get ekki séð, að það þurfi neitt að koma í staðinn. Þetta var ekki í frv., þegar það fór úr Nd., og held ég, að hv. þm. Dal. hljóti að sjá, að þá var frv. betra en nú, þegar það kom úr Ed. — En þessi rök hv. þm. Dal. eiga ekki við neitt að styðjast. Það þarf ekkert í staðinn fyrir, þó að a-liður falli niður.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Mér finnst, að hv. 2. þm. Rang. sé að gera stórt mál úr litlu máli, þegar hann er að tala um kostnað og bifreiðarstjórapróf manna, sem stjórni dráttarvélum. Hér er alls ekki verið að tala um það, heldur er hér aðeins verið að tala um skrásetningu á þessum tækjum, sem hefur mjög lítinn kostnað í för með sér. Við vitum ekkert, hvað koma skal, og má vera, að það eigi eftir að koma á skyldutryggingum, og ef til vill verður svo eftir nokkur ár, að hæstv. Alþingi ákveður, að bifreiðarstjórapróf sé nauðsynlegt fyrir menn, sem stjórna eiga dráttarvélum. Þetta getur komið alveg eins, þótt við samþ. nú í dag þessa till. Það er ekki áfall, þótt komið verði á skyldutryggingum. Eins og kunnugt er, eru til vátryggingafélög, sem taka að sér tryggingu á þessum tækjum. Eru ýmsir, sem koma af frjálsum vilja og tryggja þessi tæki sín. Má vera, að það geti reynzt hentugt að hafa þau tryggð, ef slys ber að höndum, og hefur oft reynzt heppilegt að hafa tækin tryggð. Get ég ekki séð, að þetta geti orðið óbærileg kvöð fyrir eigendurna. Í frv. er engin krafa um bifreiðarstjórapróf, en hvað verður í framtíðinni, vitum við ekki. Ég tel, að skrásetning sé mikils virði og jafnvel nauðsynleg. Nefndin, sem úthlutar tækjunum, þarf að vita, hverjir eiga tæki í landinu, en eins og nú er, er ekki hægt fyrir hana að vita það. Það er óeðlilegt, að þeim sé úthlutað, sem áður hafa átt þessi tæki. Oft er skipt um eigendur, og getur þá svo farið, að menn, sem eru nýbúnir að fá tæki, fái þau að nýju. Á s. l. ári reyndi jeppanefndin að fá upplýsingar um, hverjir ættu þessi tæki, en þær voru ekki nægilegar, og voru allmörg tæki, sem ekki fengust upplýsingar um hvar væru. Fellst nefndin á frv. óbreytt, en vill ekki, að því verði kastað milli deilda og dagi uppi.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég vildi segja nokkur orð út af ræðu hv. 2. þm. Rang. Hann tók sem rök gegn skrásetningu dráttarvéla í sveitum þetta um dráttarvagnana við höfnina. Þetta ætti miklu frekar að vera rök fyrir því, að dráttarvélarnar yrðu skrásettar. Vélarnar við höfnina voru búnar að vera þar í ein 3 ár, þegar þær voru skrásettar. Þær keyra nú um bæinn með stór hlöss og fara út úr bænum, og dettur engum í hug að hafa þær óskrásettar. Sama finnst mér við eiga um dráttarvélar, sem fara um götur í sveitum með 10—12 manns í kerru aftan í. Ef eitthvað kemur fyrir, er ekki til of mikils mælzt, þó dráttarvélin sé skrásett, svo að menn geti vitað, hver á hana. En ég er á sama máli og þeir, sem á undan hafa talað, að það er ekki gott að vita, hvað verður.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð viðvíkjandi því, sem hv. þm. Mýr. sagði, að nauðsynlegt væri að skrásetja dráttarvélar sökum þess, að jeppanefndin geti ekki fengið nógar upplýsingar um það, hverjir eigi dráttarvélar. Þetta er alveg óskiljanlegt. Þó úthlutað sé dráttarvélum einu sinni á ári, þá ætti nefndin að geta fengið upplýsingar um það hjá hreppstjórum eða oddvitum, hverjir eigi dráttarvélar á hverjum stað. Vandinn er ekki annar en að skrifa hreppstjórum og oddvitum og fá svo á eftir bréf frá þeim um þetta efni. Yrði þetta auðvitað bæði auðveldara og kostnaðarminna en skrásetning og það, sem kemur á eftir henni, trygging og bifreiðarstjórapróf. — Bændum mundi bregða illa við, ef þeir mættu ekki nota unglinga til þess að stjórna dráttarvélunum, og ef til vill væri enginn á bænum, sem hefði bifreiðarstjórapróf, nema húsbóndinn sjálfur.

Ég held, að þau rök, sem fram hafa verið borin, séu harla veigalítil, þegar málið er athugað niður í kjölinn. Vænti ég þess, að till. mín verði samþ. og bændum þannig forðað frá óþarfa kostnaði og óþægindum.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég vil benda á, að þegar þetta frv. fór frá Nd. til Ed., var til þess ætlazt, að gerð yrði skýrsla um eigendur þessara tækja, en samkv. till. hv. 2. þm. Rang., að fella niður a-lið 2. gr., þá er ekki lengur í þessu frv. gert ráð fyrir því, að neinn aðili safni eða gefi skýrslu um, hverjir eiga þessi heimilistæki. Slíkt álít ég vera óviðunandi með öllu í löggjöf. Ég vil ítreka það, að eins og frv. kom frá Ed., þá vil ég mæla með því, en álít það óviðunandi, ef a-liður 2. gr. verður felldur burt og enginn á að safna skýrslum um þetta. Þá gæti svo farið, að fjöldi manna ætti fleiri en eina dráttarvél eða jeppa, án þess að nefndin hefði hugmynd um það.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Úthlutunarnefndin gerði tilraun í sumar til að safna svona skýrslum. Hún skrifaði öllum formönnum hreppabúnaðarfélaganna og bað um skrá yfir alla eigendur dráttarvéla og jeppa. Þessum beiðnum var flestum svarað, en það kom í ljós, að þegar borið var saman við innflutningsskýrslur síðustu ára, þá vantaði 30—40 dráttarvélar, sem enginn vissi um. Skýrslurnar voru ekki öruggar. T. d. átti að úthluta manni einum dráttarvél. Þá stóð á skýrslunni frá búnaðarfélaginu, að hann væri eigandi dráttarvélar. Kunnugir menn öfluðu sér upplýsinga um þetta. Þá kom í ljós, að þetta var ekki rétt. Hann hafði fengið lánaða dráttarvél hjá öðrum manni, en átti hana ekki sjálfur. Þannig fékkst leiðrétting í þessu tilfelli, en á þessu er ekki hægt að byggja, skýrslusöfnunin er ekki örugg, það verður að hafa þetta eitthvað öðruvísi.

ATKVGR.
Brtt. 504 felld með 18:3 atkv.
Frv. samþ. með 19:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 510).

63. Fasteignaskattur.

Á 21. fundi í Nd., 14. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt [91. mál] (þmfrv., A. 156).

Á 22. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 24. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 156, n. 503).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef ekki nál. við höndina, en ég held ég muni það rétt, að það fjalli um frv., sem n. fannst óskýrt og varð að ráði að umorða, og þegar búið var að umorða það, var það borið undir hæstv. fjmrh., og kvað hann sig samþykkan að hafa orðalag greinarinnar eins og lagt er til hjá n. frekar en upphaflega frv., en það er á þann veg, að fasteignaskattur greiðist ekki lægri en 10 kr., vegna þess að ekki taki að innheimta lægri upphæð, og að við útreikning skattsins sé sleppt broti úr krónu. Fjmrh. gat þess við mig, að hann teldi þessa breyt. frambærilegri en í upphaflega frv., og við í n. vorum sammála um hana. — Hins vegar læt ég svo hv. þingdeild um, hvorn háttinn hún vill á hafa, hinn flóknari og erfiðari eða hinn beinni og hagfelldari.

ATKVGR.
Brtt. 503,1 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 503,2 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 54. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 538).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og endursent Nd.

Á 54. fundi í Nd., 23. jan., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 55. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 563).

64. Sóttvarnir gagnvart útlöndum.

Á 44. fundi í Nd., 18. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands [148. mál] (þmfrv., A. 433).

Á 47. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af heilbr.- og félmn. eftir ósk heilbrmrn., og það er samið af landlækni. Frv. fer fram á, að hækkuð verði gjöld vegna sóttvarnareftirlits í skipum frá því, sem nú er, en um þau gilda lög frá 1933, og voru þau þá tekin óbreytt frá því, sem þau höfðu verið ákveðin í lögum frá 1902. Er skiljanlegt, að gjöld þau séu ekki mikill peningur núna, þar sem verðlag allt er mjög breytt, og í frv. er farið fram á það, að þau verði tífölduð, að gjaldið af skipum innan við 60 smálestir verði 40 kr. í stað 4 áður og hækki síðan eftir stærð þeirra og verði 100 kr. af skipum, sem eru yfir 100 smálestir. Ég held, að það sé ekki nema sanngjarnt að verða við þessari ósk, þegar þess er líka gætt, að þessi gjöld áttu að renna í sjóð, sem skyldi varið til endurbóta á sóttvarnarhúsi ríkisins. Þetta hefur þó verið vanrækt og fé verið notað til annars, sem menn geta séð á skýrslu fjmrn., er fylgir frv., en nú mun hugmyndin að reyna að safna í sjóð, sem yrði hægt að verja til að endurbyggja sóttvarnarhús, en á því mun víst sannarlega ekki vera vanþörf. — Nefndin mælir með því, að frv. verði samþ., og þarf ég þá ekki að fara öllu fleiri orðum um það að sinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 15. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 16. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 433, 490).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. N. flytur lítils háttar brtt. við frv. Eins og till. ber með sér, þá er hún aðeins um það, að lögin öðlist þegar gildi. Það lá fyrir, að þau öðluðust gildi 1. jan. 1951, en nú er hann liðinn. Þarf þetta engra skýringa við.

ATKVGR.
Brtt. 490 samþ. með 24 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., 17. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 495).
Á 52. fundi í Ed., 18. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 25. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 495, n. 546).

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. var borið fram í Nd. af heilbr.- og félmn. þar samkv. ósk heilbrigðismálaráðherra. Er það landlæknir, sem hefur samið frv. Efni frv. er það, að gjald það, sem skip greiði fyrir sóttvarnareftirlit, hækki fyrir skip, sem ekki ná 60 smálestum, í 40 krónur, fyrir þau, sem eru frá 60 upp að 100 smálestum, 60 krónur, og 100 krónur af skipum, sem eru yfir 100 smálestir, auk kostnaðar við flutning sóttgæzlumanns út í skipið. Gjöld þessi eiga að renna í sóttvarnarsjóð, sem er ætlað að standa undir byggingu og rekstri sóttvarnarhúsa. Nefndin athugaði frv. og er sammála um að leggja til, að það verði samþ. eins og það barst frá Nd. — Um þetta voru allir nm. sammála, en hv. 10. landsk. var ekki viðstaddur, er frv. var afgr., en ekki er kunnugt um, að hann hafi neitt við það að athuga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 567).

---

65. Orkuver og orkuveita (Fossá í Hólshr. og Grímsá í Skriðdal).

Á. 9. fundi í Sþ., 26. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um nýtt orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins [46. mál] (þmfrv., A. 79).

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Á síðast liðnum vetri þann 9. marz gerði hreppsnefnd Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu ályktun um raforkumál byggðarlagsins. Var meginefni hennar það, að skorað var á þingmann kjördæmisins að flytja á Alþ. frv. til l. um, að rafmagnsveitur ríkisins reisi orkuver og leggi aðalorkuveitu að Bolungavík. Jafnframt býðst hreppsnefndin til þess að láta af hendi endurgjaldslaust þau mannvirki, sem reist hafa verið til undirbúnings vatnsaflsvirkjun fyrir Bolungavík.

Það er í samræmi við þessa áskorun heima í héraði, sem það frv. er flutt, sem hér liggur fyrir. Ég vil leyfa mér, áður en ég kem að meginefni þess, að rekja lítillega sögu raforkumála þess byggðarlags, sem hér á hlut að máli.

Það var árið 1917, þ. e. a. s. fyrir 33 árum, sem byrjaðar voru reglulegar vatnsmælingar í Fossá í Hólshreppi, með tilliti til þess, að þar yrði reist raforkuver fyrir byggðarlagið. Þessum vatnsmælingum hefur verið haldið óslitið áfram síðan. Og hin síðari ár hafa þær verið gerðar miklu tíðar en í upphafi, eða vikulega. — Árið 1929 var undirbúningi að vatnsaflsvirkjun fyrir Bolungavík og umlykjandi sveit komið svo langt, að byrjað var á virkjun á þessum stað. Þar var byggð steinsteypustífla og gengið frá öllum útbúnaði, sem henni tilheyrði. En þegar svo var komið, þá brugðust byggðarlaginu lánsfjármöguleikar, sem reiknað hafði verið með, þegar framkvæmdir voru hafnar við stíflugerðina. Þessar framkvæmdir, sem nú var hætt við, höfðu þá kostað Hólshrepp um 30 þús. kr., sem hreppurinn einn hafði lagt fram og hefur staðið undir. Var það töluvert mikið fé á þeim tíma.

Þegar málið hafði þannig strandað vegna lánsfjárskorts, lá það niðri um allmörg ár, enda þótt Bolvíkingar hefðu ekki látið af því áformi sínu að byggja fyrir sig vatnsaflsstöð, sem framleiddi rafmagn allt að eitt þús. hestöflum. En virkjunarskilyrði eru talin fyrir hendi til þess að reisa slíkt orkuver í Fossá. Hins vegar var vatnsmælingunum og öðrum undirbúningi haldið áfram undir það, að þarna yrði virkjað. En þá gerist það, að Vestfirðingar fara að hyggja sér til hreyfings um sameiginlega virkjun fyrir vestfirzk byggðarlög. Það hafði fyrir allmörgum árum verið rætt og undirbúið töluvert, að ein álitlegustu vatnsföllin vestra yrðu virkjuð fyrir sýslurnar þarna: vesturhluta Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu sunnan Ísafjarðardjúps og Ísafjarðarkaupstað. Var rætt um, að Dynjandisfossarnir í Arnarfirði yrðu virkjaðir fyrir þessi byggðarlög. Svo kemst töluverður skriður á þetta mál, þegar tekið er að birta í efnahagsmálum landsmanna á síðari stríðsárunum. Þá eru samtök hafin með hreppsfélögum á Vestfjörðum um að hrinda þessu mikla mannvirki í framkvæmd. Var nú um alllangt skeið unnið af færustu mönnum að undirbúningi virkjunar Dynjandisfossa. Byggðu menn miklar vonir á, að niðurstöður þess undirbúnings yrðu jákvæðar, þannig að byggðarlögin þarna vestra gætu fengið raforku frá orkuveri við Dynjandisfossa. Á meðan þessi undirbúningur stóð, var ekki talið skynsamlegt, að einstök byggðarlög á þessu svæði, sem ég til tók, ynnu að því að undirbúa sérvirkjanir sérstaklega hvert hjá sér. Enda liggur í augum uppi, að sjálfsagt var að reyna að sameina alla krafta þarna um eitt stórt sameiginlegt orkuver fyrir þessa landshluta. En því miður varð niðurstaðan sú — ég hygg um mitt ár 1946 — að framkvæmd virkjunar við Dynjandisfossa strandaði á því, að sýnt þótti, að áliti sérfróðra manna, raforkumálaskrifstofunnar og þeirra sérfróðu manna annarra, sem kvaddir höfðu verið þarna til álitsgerðar, að virkjunin þarna í Arnarfirði yrði of dýr og lítt framkvæmanleg af þeim sökum. — Þetta voru öllum þeim byggðarlögum, sem að þessum málum höfðu unnið, mikil vonbrigði, því að flest þessara byggðarlaga, sem þarna hefðu komið til greina að fá rafmagn frá virkjun í Arnarfirði, skorti raforku mjög tilfinnanlega, og sum þeirra höfðu jafnvel alls ekki raforkunot nema að mjög takmörkuðu leyti. En þegar þannig var komið, var ekki annars úrkosta en að hin einstöku byggðarlög sneru sér að því að undirbúa sérvirkjanir heima fyrir og leysa þannig sín eigin mál án víðtækra samtaka, eins og þó áður hafði verið rætt um. Bolvíkingar urðu því, eins og ýmis önnur hreppsfélög, að taka þann kost, sem enn var eftir. Og í ársbyrjun 1947 var enn að nýju horfið að undirbúningi virkjunar í Fossá, og var kosin nefnd til þess að vinna að framgangi þess máls. Vann sú nefnd ötullega að því að láta gera nýjar áætlanir um virkjunarkostnað, miðað við að byggð yrði 700 til 1000 hestafla raforkustöð. Um þann undirbúning þarf ég ekki að fjölyrða. Áætlunin var sem sagt gerð 1947, um virkjun Fossár í annaðhvort 700 eða 1000 hestafla raforkuver. Og kostnaðurinn við 700 hestafla virkjun þarna var þá áætlaður ein millj. og 500 þús. kr., en kostnaður af 1000 hestafla virkjun 1745 þús. kr. Enn fremur var gerð áætlun um rekstrarkostnað þessarar raforkuveitu, og var hún samin af raforkumálaskrifstofunni. — Tæknilegum undirbúningi þessa máls var því lokið, og hafði hann í raun og veru staðið yfir síðan 1917. Ég hygg þess vegna, að óvíða hér á landi hafi jafnlengi og af jafnmikilli kostgæfni verið undirbúnar raforkuframkvæmdir eins og á þessum stað. Vatnsmælingar eru þar svo öruggar, að sérfræðingar telja, að á betra verði naumast kosið. Annar tæknilegur undirbúningur hefur verið framkvæmdur að ráði færustu manna og af sérfræðingum.

Þegar hinum tæknilega undirbúningi var þetta langt komið, var snúið sér að því að skapa nauðsynleg skilyrði fyrir því, að heildarundirbúningi einnig fyrir því að skapa fjárhagslegan grundvöll fyrir þessar framkvæmdir yrði lokið. Niðurstaðan er svo sú, að eftir töluverð viðskipti — ef svo má segja — raforkumálaskrifstofunnar annars vegar og viðkomandi ráðuneyta hins vegar, þá var þessi undirbúningur, sem ég nú hef greint, viðurkenndur, með því að ríkisvaldið hét þessari fyrirhuguðu vatnsaflsvirkjun Hólshrepps þeim stuðningi, sem gert er ráð fyrir í raforkulögunum, þ. e. a. s. fullri ríkisábyrgð fyrir allt að 85% stofnkostnaðar og öðrum stuðningi, sem raforkulögin gera ráð fyrir. Er bréf um þetta birt sem fskj. með grg. þessa frv., og sé ég ekki ástæðu til þess að rekja efni þess.

En þrátt fyrir það, þó að heildarundirbúningi málsins væri þannig lokið og hann byggður á hinum traustasta grundvelli, eins og ég hef drepið á, þá

var nú svo komið, að töluverð breyt. hafði á orðið í efnahagslífi landsmanna, og bæði hagur þjóðarinnar almennt og lánsstofnana stóð nú nokkru valtari fótum en þegar undirbúningur málsins var hafinn. Niðurstaðan var sú, að ekki reyndist unnt að fá lán, þó loforð um ríkisábyrgð lægi fyrir og þó viðurkennt væri af öllum aðilum, sem til var leitað, að ekkert brysti á tæknilegan undirbúning framkvæmdarinnar. — Þegar svo var komið, eygðu þeir menn, sem þetta mál höfðu með höndum fyrir byggðarlagið, nýjan möguleika, nefnilega þann að fá fé frá Marshallstofnuninni og gjaldeyri hjá Marshallstofnuninni til þess að byggja þetta nauðsynlega mannvirki fyrir. Var lögð í það mikil vinna og fyrirhöfn að útvega þetta fé til framkvæmdarinnar. Ég þarf ekki að rekja það, að niðurstaða þeirrar viðleitni var neikvæð. Það tókst ekki að fá Marshallfé til þess að virkja umrætt vatnsfall fyrir Bolungavík. Sú stefna var valin af hæstv. núverandi ríkisstjórn og a. n. l. af hæstv. fyrrv. ríkisstjórn, þ. e. a. s. þeirri ríkisstjórn, sem sat hér á árinu 1947 og til ársloka eða síðari hluta ársins 1949, að þessu fé skyldi varið til viðbótarvirkjana fyrir tvo stærstu kaupstaði landsins. Ég þarf ekki að endurtaka ummæli mín frá síðasta þingi um þessa stefnu. Ég benti þá á, hve hún væri varhugaverð og varaði hæstv. ríkisstj. við því að fylgja henni. Ég benti á, að ef svo færi fram, að þeir staðir, sem bezta hefðu aðstöðuna og mest þægindin, væru alltaf látnir sitja fyrir um sköpun enn meiri þæginda, þá hlyti svo að fara, að þessir staðir soguðu fólkið frá öðrum landshlutum, sem hefðu minni þægindi og lakari atvinnumöguleika fyrir fólkið, sem enn býr þar. Þessi rök voru af hálfu þess ráðh., sem ég ræddi málið við, í raun og veru viðurkennd, og að ríkisstj. bæri vel að athuga sinn gang, en niðurstaðan var sú, að gengið var fram hjá þessum stöðum, sem um áratugi hafa barizt fyrir raforkuframkvæmdum hjá sér. Ég skil vel nauðsyn Akureyrar og Reykjavíkur á aukinni raforku. Ég veit, að þar vantar rafmagn, en við vitum einnig, að þessir staðir hafa þó fengið glæsilegar rafveitur, og ástandið er hvergi betra nú, þegar á að fara að byrja á þessum miklu viðbótarframkvæmdum. Hér er því verið að framkvæma rangláti gagnvart öðrum stöðum á landinu og haldið fram stefnu, sem leiðir til hins mesta háska fyrir þjóðina. Við getum staðið upp og barmað okkur yfir því, að fólkið flýi utan af landi og offjölgun sé í Reykjavík, en við getum haldið áfram að stuðla að þessu, ef þessari stefnu, sem ég nú hef lýst, verður fylgt áfram. Þótt gengið sé til móts við óskir þeirra byggðarlaga, sem bezt hafa undirbúið rafveitur hjá sér, þá þarf það heldur alls ekki að þýða það, að þurft hefði að hætta við raforkuframkvæmdirnar fyrir Akureyri og Reykjavík, enda geri ég sízt kröfu til þess, en ef vilji og skilningur er fyrir hendi hjá stjórnvöldum þessara mála, þá er hægt að leysa vandkvæði fleiri staða en gert hefur verið.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta atriði, en get ekki látið hjá líða, þegar útséð er um, að Marshallfé fáist til annarra rafveitna en fyrir Akureyri og Reykjavík, að láta hæstv. ríkisstj. vita, að það eru til bm., sem ekki eru ánægðir með þessa þróun, og fólk úti á landi, sem fylgist vel með þessu. — Þegar útilokað reyndist að fá Marshallfé í þetta raforkuver, þá voru Bolvíkingar neyddir til að fara bráðabirgðaleið, og var þá horfið að því ráði að reisa bráðabirgðadieselstöð, og hefur þetta nú verið undirbúið í vetur og sett upp 220 kw. varadieselstöð, sem síðar á að renna inn í fyrirhugaða virkjun frá Fossá, því að Bolvíkingar hafa ekki hætt við baráttu sína fyrir virkjun Fossár, og fól hreppsnefnd Hólshrepps mér að flytja á Alþingi frv. þess efnis, að rafmagnsveitum ríkisins væri falið að virkja Fossá til þess að reisa 700—1000 hestafla orkuver, og um það fjallar þetta frv. Í frv. er lagt til, að ríkisstj. sé heimilað að taka lán vegna þessara framkvæmda eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taki, að upphæð allt að 1,3 millj. kr. Af þessari upphæð megi taka sem lán úr raforkusjóði allt að 1 millj. kr., þó ekki meira en sem nemi ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna. Í grg. frv. er áætlaður kostnaður samkv. áætlun raforkumálaskrifstofunnar. Er erlendur kostnaður áætlaður 1 millj. og 160 þús. kr., en innlendur kostnaður 1 millj. 920 þús. kr., eða samtals rúmar 3 millj. kr. Ég þarf ekki að endurtaka það, að allur tæknilegur undirbúningur er á hinum traustasta grundvelli, og fyrir liggja mjög ýtarlegar og ábyggilegar kostnaðaráætlanir.

Ég vil að lokum aðeins segja það, að frumskilyrði þess, að Bolungavík, sem er þorp með rúmlega 700 íbúa, fái að blómgast og vaxa, er það, að þorpið fái aukna raforku. Atvinnuástand hefur verið þar gott að undanförnu, og fólkið hefur trú á framtíð staðarins. Þar eru til mörg og mikil atvinnutæki og allgóð höfn og akvegasamband er að skapast við aðra staði. Allt veldur þetta því, að þorpið hefur verið í uppgangi. En sá vöxtur hefur að nokkru leyti byggzt á því, að fólkið hefur alveg ákveðið vænzt þess að fá raforku. Ég teldi því illa farið, ef ekki væri gert allt, sem hægt er, af hálfu hins opinbera til að ýta undir það, að þetta byggðarlag fái betri aðstöðu og fái að stunda áfram framleiðslustörf sín af þrótti og áræði, en í Bolungavík er einhver harðsnúnasta sjómannastétt hér á landi. Sjór er þar sóttur af óvenjulegu harðfengi, og þiargræðisviðleitni manna er yfirleitt einlæg og ákveðin. Ég vænti því, að Alþingi taki þessu frv. vel, og eftir 30 ára baráttu fyrir raforkuumbótum, þá væri það illa farið, ef ekki væri litið á þarfir þessa byggðarlags. Ég veit, að margir erfiðleikar steðja að, en við megum ekki alltaf horfa niður fyrir fætur okkar og halda, að kyrrstaðan ein blasi við okkur. Við verðum að trúa á batnandi tíma og úrbætur í baráttumálum fólksins. Ég geri mér því vonir um, að frv. verði vel tekið, og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 79, n. 279).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í hinum almennu raforkulögum frá 1946 er gert ráð fyrir því, að sérstök lög þurfi til þess að taka nýjar virkjanir í framkvæmd. Þetta hefur verið gert

tvisvar síðan. 1947 var ákveðið að fela rafmagnsveitum ríkisins virkjun Fossár í Fróðárhreppi og Gönguskarðsár við Sauðárkrók og að koma upp aðalspennistöð fyrir Voga og Vatnsleysuströnd á Reykjanesi. Árið 1949 var ákveðið, að þrjár virkjanir skyldu teknar upp: Við fremri Laxá í Austur-Húnavatnssýslu, við Þverá úr Þriðriksvallavatni í Strandasýslu og Þrándargil í Laxárdal. Sumar þessar virkjanir eru þegar komnar í framkvæmd, þ. e. a. s. þær tvær virkjanir, sem samþ. voru 1947, og hinar þrjár nokkuð á veg komnar. Nú liggur fyrir frv. um að bæta hér við einni virkjun, þ. e. virkjun Fossár í Norður-Ísafjarðarsýslu, er framleiði raforku fyrir Bolungavík og Hólshrepp. Iðnn. hefur rætt við flm. þessa frv., hv. þm. N-Ísf., og fengið skriflega umsögn raforkumálastjóra, sem er prentuð sem fylgiskjal með nál. Hann hefur gert þá brtt., að í stað orðanna 700—1000 hestöfl komi allt að 700 hestöfl, því að stærri virkjun komi vart til greina sakir vatnsskorts. N. hefur í samræmi við þessa ábendingu raforkumálastjóra flutt eina brtt. Í öðru lagi hefur n. flutt aðra brtt. í samræmi við ákvæði l. frá 1949, um að framkvæmdir skuli ekki hafnar, fyrr en fyrir liggi kostnaðaráætlanir og fé til framkvæmdanna. Með þessum tveimur breytingum mælir n. eindregið með því, að frv. verði samþ.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi aðeins þakka hv. iðnn. fyrir afgreiðslu þessa máls og taka það fram, að ég felli mig fullkomlega við þær brtt., sem hér liggja fyrir. Ég vil aðeins bæta því við, að ég tel brýna nauðsyn til þess, að í beinu framhaldi af þessu verði sett l. um nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins og l. til eflingar raforkusjóði, því að brýn nauðsyn ber til, að ekki dragist úr hömlu, að hann sé efldur. Að endingu þakka ég svo n. fyrir ágæta afgreiðslu þessa máls.

ATKVGR.
Brtt. 279,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 279,2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
— 279,3 samþ. með 28 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 35., 36., 37., 38. og 47. fundi í Nd., 11., 12. og 13. des., 11. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 12. jan., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 312).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv., sem er form. iðnn. og frsm. í þessu máli, gat ekki verið viðstaddur umr. hér, og bað hann mig því að koma á framfæri skrifl. brtt. frá iðnn. við þetta mál. N. hafa borizt tilmæli frá hv. þm. S-M. um það, að inn í þetta frv. verði bætt ákvæðum um heimild fyrir rafveitur ríkisins til að virkja Grímsá í Skriðdal í Suður-Múlasýslu í allt að 750 hestafla orkuveri fyrir Egilsstaði, Eiða og nágrenni.

Fyrir liggur áætlun um þetta orkuver frá raforkumálastjóra. Er stofnkostnaðurinn áætlaður 1.900 þús. kr. Síðan er gert ráð fyrir orkuveitu frá virkjunarstaðnum að Egilsstöðum og Eiðum, og er jafnframt ætlazt til, að veitan nái til 18 sveitaheimila utan við þá staði. Gert er ráð fyrir, að sú veita kosti um 1.560 þús. kr., þannig að heildarkostnaðurinn er áætlaður um 3½ millj. kr. Til samanburðar má geta þess, að orkuveitan, sem frv. fjallar um, í Fossá í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, er ráðgerð 700 hestöfl, en ásamt rafveitu til Bolungavíkur er kostnaðurinn áætlaður 3,1 millj. kr. Ef virkjunin er tekin út af fyrir sig, virðist hún vera heldur ódýrari í Grímsá en Fossá. Nú er það till. iðnn., að ákvæðum um þessa virkjun sé bætt inn í frv. Ég vil leyfa mér, að fengnu leyfi hæstv. forseta, að lesa upp 1. gr. eins og hún yrði, ef þessi brtt. yrði samþ.:

„Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að virkja Fossá í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu til raforkuvinnslu í allt að 700 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Bolungavíkur.

2. að virkja Grímsá í Skriðdal í Suður-Múlasýslu til orkuvinnslu í allt að 750 hestafla orkuveri fyrir Egilsstaði, Eiða og nágrenni."

Í samræmi við þetta er lagt til, að fyrir tölurnar „3,1 millj. króna" og „1 millj. króna" komi „5 millj. króna" og „1,6 millj. króna". Þá er lagt til, að orðið „orkuverið" í 3. gr. breytist í „orkuverin" og „orkuvers þess" verði „orkavera þeirra". Að lokum er lagt til, að fyrirsögn frv. breytist og verði: „Frv. til l. um ný orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins".

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa brtt., en vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta hana.

Forseti (SB): Hv. þdm. hafa heyrt brtt. iðnn. Hún er skrifl. og of seint fram komin, og þarf tvöföld afbrigði til þess, að hún megi komast hér að.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 479) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð í sambandi við þessa skrifl. brtt. iðnn. Mér finnst bera einkennilega að, að skrifl. brtt. skuli koma fram við 3. umr. um nýja rafveitu, sem kostar um 2 millj. kr., og þm. hafi ekkert tækifæri til að kynna sér, hvernig þetta mál er undirbúið. Ég fyrir mitt leyti vil óska þess, að áætlun raforkumálastjóra væri prentuð á þskj. ásamt hinni skrifl. brtt., svo að þm. gæfist kostur á að sjá, hvernig þetta mál er. Ég treysti mér ekki til að taka afstöðu til málsins á augnabliki án þess að hafa nokkurt tækifæri til að kynna mér, hvað um er að ræða. Það er það minnsta, sem hægt er að fara fram á, þegar um svo mikla fjárhæð er að ræða sem hér er, þótt það sé í heimildarformi, að þm. gefist kostur á að kynna sér málið til hlítar og lesa þá áætlun og meðmæli, sem hér eru á ferðinni frá raforkumálastjóra um þetta mál. Ég

efast ekki um það, að raforkumálastjóri hafi gert áætlun um þessa virkjun, en mér er ókunnugt um, hvort hann telur þessa virkjun sérstaklega æskilega, hvort hann telur hana nauðsynlegan þátt eða lið í því, sem á að gera þar eystra í sambandi við raforkumál. Það má vel vera, að svo sé, en þá er það ómaksins vert, að gerð sé grein fyrir því, hvað hér er um að ræða. Það, sem ég þá fer fram á, er þetta, að umr. sé frestað og þetta álit verði prentað ásamt brtt., til þess að það liggi fyrir til athugunar.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það er nú orðið alllangt um liðið síðan 2. umr. fór fram um þetta mál, og stendur svo á því, að flm. þessarar brtt., hv. þm. S-M., hafa unnið að undirbúningi þessarar till. og hafa haft samráð við mig sem flm. frv. og iðnn. um málið. Það kann að líta svo út sem þessu frv. sé stefnt í nokkra hættu með því, að nú kemur fram á síðasta stigi þess í þessari d. veigamikil brtt. Ég hef nú samt ekki litið svo á, þar sem mjög gott samkomulag hefur verið um þetta mál, og mér virðist af þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá flm. till. og n., að þetta mál sé mjög vel undirbúið að öllu leyti samkv. þeim leiðum og reglum, sem gert er ráð fyrir í raforkulögum. Ég mun þess vegna engan veginn setja mig á móti brtt., heldur mæla með því, að hún verði samþ. og reikna með því, að framgangur málsins verði þar með engan veginn óöruggari, nema síður sé. Ég vænti því, að góð samvinna verði um málið. Ég skal játa, að það er ekki óeðlilegt, að hv. 2. þm. Rang. vilji gjarnan fá um þetta meiri upplýsingar en hann hefur fengið, þar sem hann hefur ekki átt kost á að kynna sér þau gögn, sem fyrir n. liggja, en ég veit, að hv. frsm. n. mundi í ræðu geta gefið upplýsingar um það, sem hv. þm. vill fá að vita, og eins gæti hann gefið hv. þm. og öðrum þm. kost á að lesa þessar skýrslur, en að sjálfsögðu þykir mér nokkru miður, að ósk skuli koma fram um að fresta nú málinu enn einu sinni, vegna þess hve lengi afgreiðsla málsins hefur dregizt. Ég vil þó ekki setja mig á móti því, ef hv. þm. kynnu að leggja á það áherzlu. En ég vil endurtaka það, að ég vænti, að það góða samkomulag, sem hefur verið um þetta mál, bili ekki, þó að þessi brtt., sem mér virðist byggð á góðum undirbúningi, verði samþ.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er langt síðan gerðar voru áætlanir á vegum raforkumálastjóra, hvernig hægt væri að koma raforkumálum Austurlands eitthvað áleiðis. Fyrir nokkrum árum var gerð áætlun um að byggja mjög stóra rafveitu fyrir svo að segja allt Austurland, sem gerð væri í Lagarfljóti eða Gilsárvötnum á Fljótsdalsheiði. En eftir því sem þetta var skoðað betur, þótti sýnt, að hér væri svo mikið mannvirki, að ekki væri hægt að gera ráð fyrir, að í þetta yrði ráðizt. Það varð því niðurstaðan að koma upp í flestum þorpunum diselrafstöðvum, en fyrir sveitirnar er ekkert hægt að gera að þessu sinni. En áfram var haldið að athuga virkjunaraðstæður, og þar kom, að raforkumálastjóri áleit, að helzta úrræðið væri að byrja framkvæmdirnar með því að virkja Grímsá í Skriðdal á þann hátt, sem lagt er til í brtt. iðnn. Þessum undirbúningi öllum, sem búinn er að standa lengi, var ekki að fullu lokið, fyrr en langt var liðið á þennan þingtíma. Kom þá tvennt til álita fyrir okkur þm., að flytja sérstakt frv. eða að flutt væri í samráði við iðnn. brtt. við frv. það, er fyrir lá um rafveitu fyrir Bolungavík, og varð það ofan á. Það má vel vera, að hitt hefði verið réttara, en þar sem þessi háttur hefur verið hafður áður hér, að fleiri en ein rafveita væri ákveðin í sama frv., fannst okkur eðlilegt að fara þá leið. N. hefur tekið þessu máli vel og athugað það gaumgæfilega, og niðurstaðan varð sú, að hún tók þessa till. upp. Áætlaður virkjunarkostnaður er tæpar 2 millj. kr., og er ætlazt til, að Egilsstaðaþorp, sem nú er í myndun, fái þaðan raforku og sömuleiðis Eiðar, sem líka eru í vexti, og bæir í hreppunum þar í kring, fyrst tiltölulega fáir, en síðar vonandi fleiri.

Málið hefur verið athugað í n., og hefur undirbúningur staðið lengi yfir af hendi raforkumálastjóra. Þetta er einasta framkvæmdin í raforkumálum, sem hægt er að gera fyrir Austfirðingafjórðung, eins og nú standa sakir. Og þegar þess er gætt, hvað miklar raforkuframkvæmdir hafa verið gerðar í öðrum landsfjórðungum, þá vænti ég, að hv. þm. skilji, að það er ekki til mikils mælzt, þó að þess sé farið á leit, að þessi rafveita komist upp, svo að það sé hægt að sýna einhverja viðleitni í þessum málum, því að ef ekki er hægt að sýna neina viðleitni víðs vegar um land, þar sem aðstaðan er lakari, þá er hætt við, að fólkið missi kjarkinn og trúna á, að þessi miklu þægindi, sem raforkan er, muni nokkurn tíma falla því í skaut, missi kjarkinn til að halda uppi sinni framleiðslu. Og með tilliti til þess, að mjög er áliðið þessa þings, vil ég eindregið fara þess á leit, að hv. þm. treysti sér til að styðja n., sem er einhuga um þetta mál, og það er mjög mikil trygging, treysti sér til að fylgja málinu, án þess að til þess þurfi að koma, að það verði fyrir töfum. Stofnkostnaðurinn er um 2 millj. kr., og síðan koma orkuveiturnar til viðbótar á sínum tíma, og verður þá metið, hversu mikinn stuðning skuli veita þar af hendi ríkisins.

Ég vænti því af þessum upplýsingum, að menn sjái sér fært að styðja málið, en tefja ekki fyrir því.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vona, að enginn hafi skilið svo, að ég hafi verið á móti þessu máli. Það kom ekki fram hjá mér. Ég er aðeins á móti þeirri aðferð að koma með skrifl. brtt. um 2 millj. við 3. umr., án þess að þm. hafi nokkurt tækifæri til að kynna sér, hvað hér er á ferðum. Það er dálítið óvenjulegt. Ég skil ekki, hvernig stendur á því, ef n. hefur viljað leggja alúð við þetta mál, að hún skuli ekki hafa komið till. á framfæri með öðrum hætti.

Ég býst við, að það sé rétt, sem hér er sagt, að raforkumálastj. mæli með því og þetta hafi verið ágætlega athugað. En ég býst ekki við, að hæstv. fjmrh. sé reiðubúinn að staðfesta, að það sé ekki unnt að gera meira í raforkumálum fyrir heilan landsfjórðung en þessa einu veitu. (**Fjmrh.:** Eins og stendur.) Ég veit, að Austfirðingar vilja fá meira, sem ekki er að undra, því að þessi 750 hestöfl ná ekki nema til Egilsstaða, Eiða og örfárra bæja. Þetta kemur því ekki að gagni fyrir heilan landsfjórðung, heldur aðeins þessa fámennu byggð. Þess

vegna er það, að ég er ekki búinn að fá það staðfest, að fyrir liggi ummæli frá raforkumálastjóra, að hann telji, að þetta sé heppilegasta lausnin á raforkumálum þessa landsfjórðungs. Ég er ekki heldur búinn að sjá, að hann telji rétt að ráðast í þessa virkjun. Ef það er á þeim blöðum, sem hv. frsm. hefur fyrir framan sig, þá er ekki í of mikið ráðizt, þótt þær upplýsingar séu prentaðar á þskj. og þm. fái að sjá það svart á hvítu. Mér er kunnugt um, að það er ýmislegt fleira í sambandi við raforkumál Austfjarða og ýmsar fleiri till. hafa verið uppi, reistar á rannsókn til athugunar og undirbúnings á því, sem gera mætti í raforkumálum fyrir þennan landsfjórðung. Þetta yrði allt ljósara, ef við fengjum þessi ummæli raforkumálastjóra og áætlanir til lestrar og athugunar. Ég vil því eindregið óska þess, að málinu verði nú frestað og það tekið af dagskrá til frekari athugunar, ekki til þess að hefta það, að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi, heldur aðeins til þess, að við fáum að gera okkur fulla grein fyrir, hvort það er rétt að samþ. þessa heimild um 2 milljónir fyrir þessa tiltölulega litlu rafveitu. Ég veit, að hæstv. fjmrh. gerir ekki ráð fyrir því, að þetta þing verði svo stutt, að ekki verði nægur tími til að koma þessu frv. í gegn, þó að því yrði nú frestað 1—2 daga. Ef þetta mál er eins og hann segir og hv. frsm. og fyrir liggja eindregin meðmæli og tilmæli raforkumálastjóra, þá er till. ekki í neinni hættu, þó að hún fái nánari athugun.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil ekki væna hv. þm. um neinar óeðlilegar skoðanir í þessu máli. Hann talaði um þessa tiltölulega litlu virkjun, sem kostaði 2 millj. kr. Ég vil benda á, að þetta er misskilningur. Þessi virkjun er ekki tiltölulega *dýr*, heldur tiltölulega *ódýr*, og miðað við þá virkjun, sem ákveða á með frv., eins og það er nú, er þessi virkjun tiltölulega ódýr.

Ég hef ekki séð þau plögg, sem síðast komu frá raforkumálastjóra, en ég hef talað við hann. Hann hefur lýst yfir við mig, að hann telji ekki hægt að svo stöddu að koma upp stórvirkjun fyrir Austurland og það væri sennilega ekki nema um tvennt að gera að svo komnu, gera ekki neitt eða ráðast í þessa virkjun, sem hér er gerð till. um.

Ég var að skyggnast í grg. um raforku Bolungavíkur, en gat hvergi séð nein ummæli um það verk, sem frv. fjallar um, og hefur þó hv. frsm. ekki kvartað yfir, að ekki lægju fyrir niðurstöður raforkumálastjóra. Afstaða hans hefur verið, að stærri virkjanir kæmu ekki til mála, og hefur hann látið þau ummæli falla við mig, að hann teldi skynsamlegast að gera þetta.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Út af þeim ummælum hv. 2. þm. Rang., að óeðlilegt sé að koma með þessa skrifl. brtt. við 3. umr., langar mig til þess að skýra það nánar.

Málið kom til iðnn. skömmu fyrir þinghlé, og óskuðu þá einstakir nm. að því yrði frestað, til þess að þeir gætu kynnt sér málið nánar. Nú var það ætlunin að athuga það í n. fyrir þinghlé, en form. n. gat ekki mætt á fundi þá, svo að fundur var afboðaður.

Svo vil ég vekja athygli á einstökum atriðum í bréfi raforkumálastjóra. En hann hefur gert grein fyrir kostnaði og tekjuliðum og finnur hann út í því sambandi, að styrkþörfin sé allmikil, til að vega á móti hallanum, eða 1.150.000 kr., og yrði þá að veita 850.000 kr. úr ríkissjóði. Síðan segir hann: „Það er ekki hærri styrkur, miðað við notendafjölda, en veittur hefur verið til ýmsra annarra héraðsrafveitna til sveita.“

Í umsögn raforkumálastjóra um orkuveituna til Bolungavíkur segir, með leyfi hæstv. forseta: „En ef treysta má því, að rafmagnsveitum ríkisins verði séð fyrir nauðsynlegu fjármagni til að leysa af hendi þau verkefni, sem þeim eru ætluð, og ef sýnt þykir, að fjáröflunar vegna sé heppilegra, að framkvæmd á virkjun Fossár í Hólshreppi verði í höndum rafmagnsveitna ríkisins heldur en í höndum hreppsins, þá kemur að sjálfsögðu til mála að fela rafmagnsveitunum byggingu og rekstur virkjunarinnar.“

Hann hefur ekki sterkari orð um þetta, og í bréfi sínu um Grímsárvirkjunina segir hann á sama hátt, að til mála komi að reisa 750 ha. orkuver við Grímsá, „ef ganga má út frá því, að samtímis verði komið upp héraðsrafmagnsveitu ríkisins um framangreint orkuveitusvæði með styrk úr ríkissjóði, er svari til þess, sem veitt hefur verið til ýmsra veitna um sveitabyggðir.“

Þessi ummæli eru hliðstæð þeim, sem hann hefur viðhaft um virkjun Fossár og orkuveitu til Bolungavíkur.

Það er fyrirsjáanlegt, að framkvæmd á stórum virkjunum fyrir Austfirði alla verður ekki í náinni framtíð, en að því er raforkumálastjóri heldur fram, er þessi virkjun við Grímsá heppileg.

Það er á valdi hæstv. forseta að segja til um, hvort hann vill fresta málinu nú, en ég sé enga þörf á því. Þessi viðbót hefur engu minni rétt á sér en það, sem nú þegar er í frv.

Forseti (SB): Þm. hafa heyrt, að iðnn. telur ekki ástæðu til þess að fresta málinu, en ég vil leyfa mér að beina þeirri spurningu til hv. 2. þm. Rang., hvort hann telji þær upplýsingar ekki fullnægjandi, sem fram hafa komið hjá hæstv. fjmrh. og hv. frsm. hefur gefið.

ATKVGR.
Brtt. 479,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 479,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 479,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 479,4 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 479,5 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., 15. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 480).

Á 50. fundi í Ed., 16. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 9 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 25. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 480, n. 545).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 79 er borið fram frv. í Nd. af hv. þm. N-Ísf. Efni þess er um heimild til að virkja Fossá í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu til raforkuvinnslu í allt að 700 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Bolungavíkur. — Þetta frv. er eins byggt upp og önnur frv. En frv. hefur tekið breytingum í Nd., og er m. a. bætt við ákvæði um að virkja „allt að 700 hestafla" orkuver í Fossá og auk þess að virkja Grímsá í Skriðdal í Suður-Múlasýslu til raforkuvinnslu í allt að 750 hestafla orkuveri fyrir Egilsstaði, Eiða og nágrenni. 2. gr. fjallar um, að ríkisstj. heimilist að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 5 millj. króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði skv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 1,6 millj. króna, þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna. Þetta mál var sent til raforkumálastjóra, og er umsögn hans um þetta mál á þskj. 279. Þar bendir hann á, að ekki sé heppilegt að fara inn á þessa braut, að ríkið taki að sér að virkja smærri virkjanir, er það hlutverk sjálfra héraðanna. Það er annað með stórar virkjanir, eins og Sogið og Laxá, en annað ætti að vera verk héraðanna. Raforkumálastj. varaði við þessari braut. Iðnn. þessarar d. hefði getað fallizt á þetta, ef með því hefði verið farið inn á nýja leið, en það er ekki gert, heldur er farið inn á þá braut, sem raforkumálastjóri varaði við. Hér er farið fram á aðstoð við smávirkjanir, og er það engan veginn verjandi að neita nú þessum héruðum um sams konar hlunnindi og sjálfsagt hefur þótt að veita öðrum héruðum. Hér er ekki farið inn á nýja braut, heldur þá braut, sem Alþingi fór inn á 1947 og mátti þá vita, að yrði haldið lengra inn á.

Ef frv. verður ekki samþ., þá mundu þessi héruð ekki fá rafmagn um óákveðinn tíma. Þess vegna hefur iðnn. þessarar d. lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt frá því, sem það liggur nú fyrir.

Það er á valdi hæstv. ríkisstj., hvenær hægt er að byrja á verkinu, og ekki er hægt að byrja á því fyrr en nægilegt fé er fyrir hendi og verður ekki byrjað á verkinu fyrr en viturlegt þykir.

Ætla ég ekki að fjölyrða þetta meira. Málið liggur skýrt fyrir, og vænti ég þess, að Alþingi samþykki frv. eins og það nú er.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég fagna því, að iðnn. skuli hafa einróma mælt með þessu frv. og vænti þess, að deildin samþykki það. Málið er skýrt í fskj. En ég vil benda á örfá atriði. Það eru allmörg ár síðan virkjun hófst á Reiðhjalla hjá Bolungavík, eða á árunum 1920—1930. Fóru þá vatnsmælingar fram þar, og var sýnt, að hægt var að virkja um 700 kílówött. Mannvirki það, sem nú er komið, er hluti af stíflu, og var kostnaður þá þúsundir króna. Ég hef séð staðinn og býst við, að nú mundi það kosta nokkur hundruð þús. króna. Ég get ekki ímyndað mér annað en að þessi virkjun sé örugg, miðað við kynni mín af öðrum virkjunum. Fallið er ágætt, er fallhæðin á þriðja hundrað metrar.

Augljós er þörfin fyrir raforku í Bolungavík. Þetta er fiskiþorp, og hefur verið komið upp fiskiðnaðarmannvirkjum, frystihúsi og fiskimjölsverksmiðju. En öryggi slíkra staða er hvergi nærri fullnægjandi fyrir svo þýðingarmikinn atvinnurekstur sem þarna er um að ræða. T. d. var Bolungavík meira og minna rafmagnslaus núna um jólin, þorpið í myrkri og nokkur hætta á, að verðmæti, sem geymd voru í hraðfrystihúsinu, yrðu fyrir skemmdum. Vélarnar í rafstöðinni eru nokkurra ára gamlar, og erfitt að fá varahluti til þeirra, og það er allískyggilegt fyrir þessi sjávarþorp, sem svo mikið eiga undir rafmagninu, ef varahlutir í aflvélarnar verða ófáanlegir. Mér varð sérstaklega ljós sú hætta, sem vofir yfir þessum þorpum, þegar ég kom til Bolungavíkur og vélarnar þar höfðu ekki getað starfað í nokkra daga.

Verðið á rafmagninu í Bolungavík og sjávarþorpunum á Vestfjörðum — og þannig mun vera víðar, þar sem raforka er framleidd með mótorafli, — er meira en 2 kr. á kwst., og geta allir séð, hve þungbært það er fólki, sem ekki hefur of góða afkomu eins og flestir nú, er við sjávarútveginn vinna.

Ég þykist með þessum orðum hafa gefið örlitlar upplýsingar um, hvernig virkjunaraðstaðan er þarna, hve þörfin er brýn og hve mikið verðmæti er raunverulega í hættu í útgerðarþorpum eins og Bolungavík, ef ekki er hægt að tryggja staðnum meira öryggi um framleiðslu raforku en hægt er með mótorrafstöð. Virkjunarskilyrði á Reiðhjalla í Syðridal eru hin ákjósanlegustu, og ef reist verður 700 kw. stöð, þá mun hún nægja Bolungavík um alllanga framtíð; það er sízt minni raforka en er frá Soginu í hlutfalli við tölu notenda.

Það er von mín, að þetta frv. nái fram að ganga. Bolvíkingar eru búnir að stríða við að koma þessu upp í meira en tvo áratugi, og vonir standa til, að eitthvað verði gert, ef þetta fær afgreiðslu nú.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir þetta nál. og er samþykkur því, að málið nái fram að ganga, en til þess liggja 2 meginástæður, sem ég vil láta koma hér fram.

Fyrri ástæðan er sú, að því fleiri virkjanir, smáar og stórar, sem ríkið tekur að sér, því meiri von er til, að það réttlæti komist á í rafmagnsmálunum, að rafmagnið verði selt með sama verði um land allt, og þetta er meginástæðan til þess, að ég fylgi frv., en þeirri stefnu hef ég fylgt og aldrei frá henni hvikað síðan ég setti mig fyrst inn í þessi mál árið 1931.

Hins vegar er mér alveg ljóst, að þetta frv., eins og svo mörg önnur frv., er flutt meira til að sýna það einstökum kjósendum en af því, að von sé til að til framkvæmda komi um sinn. Þannig var það einnig um Austurveg, bílferju á Hvalfirði, hótelbyggingu í Reykjavík o. fl. Allt eru þetta frv. flutt af einstökum þm. til að þóknast einstökum kjósendum, og get ég ekki sett mig á móti því, að menn fái svolítið plagg til að leika sér að eða flagga með, þó að ég sjái fram á, að það verða engar framkvæmdir hafnar eins og nú er.

Þetta tvennt gerir, að ég er með þessu frv., en

þó aðallega það fyrra, því að því meira, sem samþ. er á Alþ. um rafveitur, sem ríkið á hlut í, því meiri líkur eru til, að þetta renni saman í eina heild og verði selt með einu og sama verði um land allt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 568).

---

66. Lóðaskrásetning á Akureyri.

Á 12. fundi í Nd., 30. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar [57. mál] (þmfrv., A. 92).

Á 14. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Frv. þetta er flutt að beiðni bæjarstjórnar Akureyrar, og er tilgangurinn sá að koma gleggri skipun en verið hefur á lóða- og fasteignamál bæjarfélagsins. Eftir því sem bærinn hefur stækkað, hefur þörfin aukizt á því að hafa sem beztar heimildir um lóðir og lönd í bænum og eignarrétt á þeim. Í frv. er gert ráð fyrir, að bæjarstjórnin láti mæla allar lóðir og lönd innan takmarka kaupstaðarlóðar Akureyrar og gera nákvæman uppdrátt af þeim. Skal uppdrátturinn sýna greinilega takmörk hverrar lóðar og afstöðu til nágrannalóða og grunnflöt húsa þeirra og mannvirkja, sem á lóðinni eru. Síðan eru nánari fyrirmæli um, hvernig þetta verk skuli unnið. Árið 1914 voru sett l. um mælingu og skrásetningu lóða í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, og er þetta frv. að mestu leyti samið eftir þeim lögum. Þó eru gerðar allmiklar breyt. í þessu frv. um skipun merkjadóms, og er aðalbreyt. sú, að bæjarfógeti Akureyrar skuli skipa forsæti í dóminum. Er gengið út frá í frv., að mál fyrir merkjadómi sæti sömu meðferð og einkamál í héraði. Að sjálfsögðu verður fylgt þeirri venju, sem skapazt hefur um meðferð merkjadómsmála í Reykjavík. Á þessu stigi tel ég ekki ástæðu til að fara frekar út í frv. og tilgang þess, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 9. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 92, n. 330).

Frsm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta frv. og leggur einróma til, að það verði samþ., og leyfi ég mér að vísa til nál. á þskj. 330. Við 1. umr. gerði ég nokkurn veginn tæmandi grein fyrir frv., og hef ég þar engu við að bæta, en legg til, að málinu verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 330 (ný gr., verður 15. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 468).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 48. fundi í Ed., 12. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 468, n. 571).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Nd., þar sem það var upphaflega flutt að tilmælum bæjarstjórnar Akureyrar til þess að koma betra skipulagi á lóðamál bæjarins. Allshn. Nd. sendi merkjadómi Reykjavíkur og bæjarráði Reykjavíkur frv. til umsagnar og lét prenta álit þeirra sem fylgiskjal með nál. sínu. Einkum var leitað álits þessara aðila um það, hvort þeir teldu ástæðu til að setja löggjöf í heimildarformi, er næði til allra bæjarfélaga í landinu. Merkjadómur taldi ekki nauðsyn slíkrar löggjafar, en bæjarráðið taldi rétt að setja slíka löggjöf og mætti þá nota hana sem ramma fyrir þau bæjar-

félög, sem vildu koma slíku skipulagi á hjá sér. Það kom fram í allshn. Ed., að rétt væri að frv. þetta næði fram að ganga, og taldi n., að eðlilegt væri, að frv. væri samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 1. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 605).

---

67. Gengisskráning o. fl. (frv. meiri hl. fjhn. Ed.).

Á 60. fundi í Ed., 2. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 117/1950, um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. [173. mál] (þmfrv., A. 611).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu máli. Eins og grg. ber með sér, hefur meiri hl. fjhn., fjórir nm., tekið að sér flutning þess að beiðni hæstv. ríkisstj., á sama hátt og venja er til, að nefndir taka gjarnan að sér flutning mála fyrir ríkisstj. Þegar fjhn. hélt fund um þetta mál, var hv. 1. landsk. þm. (BrB) ekki mættur og tók ekki þátt í atkvgr. málsins, en kom rétt í fundarlok, og tjáði hann sig vera mótfallinn frv. Þess vegna er það, að frv. er flutt af meiri hl. fjhn., en ekki n. í heild.

Frv. sjálft og grg. þess bera með sér, af hvaða ástæðum það er flutt. Fjallar 1. gr. frv. um kaupgjald, en 2. gr. um verð landbúnaðarafurða. — Að því er 1. gr. snertir, er það vitanlegt öllum, að þegar l. nr. 117 frá síðasta ári voru sett nú fyrir jólin, var meining þeirra nákvæmlega sú sama og nú er í 1. gr. þessa frv. Það var meiningin, að vísitalan yrði sú sama og þá var, 123 stig, og þetta var ekki einasta skilningur hæstv. ríkisstj., sem lagði frv. fyrir Alþ. rétt fyrir jólin, sem samþ. var sem l., heldur kom það glögglega fram, að þetta var skilningur andstæðinga frv., því að þeir töluðu um, að með þessu væri í annað sinn verið að binda vísitöluna, og einmitt á þeim grundvelli var mótstaðan byggð, sem var gegn lagasetningunni, því að ef hún hefði verið skilin á sama hátt og Alþýðusamband Íslands skilur hana nú, hefði auðvitað ekki verið um mótstöðu að ræða gegn frv. af hálfu þeirra, sem höfðu hana í frammi, því að þá hefði verið litið svo á, að þetta væri löggjöf, sem gengi í þá átt að bæta kjör verkalýðsins, og þeir þá vitanlega verið með henni. Það er því tvímælalaust, að ákvæði l. voru skilin á þann veg, sem ég hef lýst, af öllum, en nú hefur það komið í ljós, að ágreiningur er upp kominn um skilning l., og Alþýðusamband Íslands hefur beinlínis beint því til verkalýðsfélaganna úti á landi, að nú eigi kaupgjald að fara eftir vísitölunni og að það eigi að greiða fulla dýrtíðaruppbót samkvæmt vísitölunni á kaupgjald, en ekki miða við 123 stig, eins og menn álitu að l. hefðu ákveðið. Aftur á móti er það kunnugt, að atvinnurekendur hafa annan skilning á þessu ákvæði en Alþýðusambandið. Mér er kunnugt um það, að lögfræðinga greinir nokkuð á um þetta. Ég fyrir mitt leyti tel engan vafa á því, að l. í sjálfu sér verða ekki skilin á annan veg en eins og allir skildu þau í desember í vetur. En þar sem um ágreining er að ræða, er óneitanlega rétt að gera þetta alveg tvímælalaust. Hér er því ekkert nýtt mál á ferðinni, heldur aðeins staðfesting á því, sem gert var í desember og Alþ. ætlaði sér þá að gera. Ef til vill hefur mistekizt að gera það nógu skýrt, a. m. k. er svo talið af sumum, og frv. þetta er þá aðeins til þess að gera þau ákvæði skýrari.

Þá hefur það sama komið í ljós að því er snertir verð á landbúnaðarafurðum. Það er vitað, að framleiðsluráð landbúnaðarins telur sig geta hækkað verð á landbúnaðarafurðum án þess að fylgja þar um eldri ákvæðum um afurðasölu, þeim reglum, sem gilt hafa. Ég fyrir mitt leyti held, að þessi skilningur framleiðsluráðsins sé rangur, og hæstv. ríkisstj. tekur það fram í sinni grg., að hún líti svo á, en til þess að gera þetta ótvírætt kveður 2. gr. frv. svo á, að ákvæði gildandi l. um verðlag landbúnaðarafurða skuli haldast, en að hækka megi verð landbúnaðarafurða sem nemi hækkun á dreifingar- og vinnslukostnaði á sama hátt og verið hefur, m. ö. o., að um þetta gildi sömu reglur og verið hafa, því að það var alls ekki meiningin með breyt. á gengislækkunarl., að þessu yrði breytt.

Það var hæstv. viðskmrh., sem sendi n. þetta frv. með tilmælum um, að hún flytti það. Hann mun nú vera veikur, en það var tekið fram í bréfi hans, að hann sendi frv. fyrir hönd ríkisstj. Ég hafði skilið það svo, að öll ríkisstj. stæði að frv., og tel því víst, að hæstv. forsrh., sem hér er viðstaddur, og fleiri ráðh. geri grein fyrir þessu máli, að svo miklu leyti sem á kann að bresta, að ég hafi gert því glögg skil.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Það eru aðeins örfá orð, herra forseti. Það er eiginlega ekki ástæða til að bæta neinu við það, sem stendur í grg., og þá glöggu ræðu, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. (BSt) hefur flutt um frv. Ég vil aðeins staðfesta það, sem kom fram hjá honum, að ríkisstj. stendur öll að þessu frv. Hæstv. viðskmrh. er veikur og getur því ekki flutt þetta mál hér, eins og hann annars hefði gert, þar sem það heyrir sérstaklega undir hans verksvið.

Ég mun aðeins fara örfáum orðum um þetta

mál, þótt það sé í raun og veru óþarfi, því að það liggur svo ljóst fyrir að öllu leyti. Það orkar ekki tvímælis, hver var tilgangur l. í vetur, þegar breyt. var gerð á gengisskráningarl. Hann var sá, — eins og glögglega er fram tekið í grg. frv. og af hv. frsm. meiri hl. fjhn. (BSt), — að sambandið *skyldi rofið milli vísitölunnar og kaupgjaldsins.* Eins og hv. frsm. meiri hl. n. tók fram, var þetta viðurkennt af öllum, bæði þeim, sem fylgdu frv., og andstæðingum, sem mótmæltu því einmitt á þessum grundvelli. Það orkar því ekki tvímælis, hvernig málið lá fyrir Alþ. í vetur, þegar breyt. á l. var gerð. En nú hefur komið fram sá skilningur hjá stjórn Alþýðusambandsins og hún látið það boð út ganga til félagsmeðlima sinna, að hún líti svo á, að þar sem það sé í kjarasamningum, að kaupgjald skuli tengt vísitölunni, sé það ákvæði enn í gildi, þrátt fyrir hin skýru ákvæði l. frá í vetur um, að laun megi ekki hækka fram yfir kaupgjaldsvísitöluna 123. En þar sem atvinnurekendur hafa lýst sig andvíga þessum skilningi l. og það hefur komið fram, að nokkur ágreiningur væri meðal lögfræðinga um þetta atriði, þótt ríkisstj. telji ótvírætt, að l. frá í vetur kveði nægilega skýrt á um þau atriði, sem hér um ræðir, þá telur hún sjálfsagt að láta Alþ. nú fá tækifæri til þess að taka skýra afstöðu til þessa máls, það sama Alþ. sem setti l. um þetta efni í vetur, og það er af þeirri ástæðu, sem ríkisstj. óskar eftir viljayfirlýsingu um það, hvað það meinti með l. í vetur. Með þessu frv. er ekki gerð nein breyt. frá því, sem gerð var í vetur, en frv. er aðeins flutt til þess að taka af öll tvímæli, svo að ekki þurfi að koma til árekstra eða málaferla út af þessum ákvæðum. Þar sem Alþ. situr nú að störfum, er sjálfsagt, að það eitt skeri úr um skilning sinn á þessu atriði nú. Ég vil undirstrika það, að ríkisstj. kemur ekki með neitt nýtt atriði fram í þessu sambandi.

2. gr. frv. er að því leyti nýtt atriði, að það var ekki fjallað um það í frv. ríkisstj. í vetur, og er því ekkert ákvæði um það í l., sem þá voru sett. Það varðar verðlag landbúnaðarafurða, en er í raun og veru náskylt hinu atriðinu að því leyti, að það hefur komið í ljós, að um það er nokkur ágreiningur, hvernig beri að skilja ákvæði gengisskráningarl. í sambandi við verðlagningu landbúnaðarafurða. L. um verðlag landbúnaðarafurða frá 1943 kveða svo á, að einu sinni á ári skuli verðlag þeirra ákveðið samkvæmt þeim reglum, sem þar eru skráðar. Hins vegar hafa ýmsir, og þar á meðal framleiðsluráð landbúnaðarins, álitið, að með gengisskráningarl. í fyrra, sérstaklega 9. gr. l., sé veittur réttur til þess að mega verðleggja landbúnaðarafurðir eftir öðrum reglum en gilt hafa samkvæmt ákvæðum l. um verðlagningu landbúnaðarafurða og megi nú taka tillit til kaupgjaldsbreytinga, sem verða á árinu, og er hér sérstaklega um að ræða hækkun á verði mjólkurafurða. Krafa framleiðsluráðs fyrir hönd bænda, sem mjólkurframleiðslu stunda, var sú, að það mætti taka tillit til hækkaðrar kaupgjaldsvísitölu í vetur úr 115 í 123 stig og hækka það, sem kallað er kaup bóndans, hlutfallslega sem því nemur, og nam það samkvæmt útreikningum, sem fyrir lágu, um 12 aurum á hvern mjólkurlítra. Auk þess töldu þeir sig hafa rétt til þess að hækka mjólkurverð sem svarar dreifingar- og vinnslukostnaði innanlands, þ. e. dreifingarkostnaði frá því mjólkin er komin í mjólkurbú. Flutningskostnaður frá heimili til mjólkurbús kemur ekki þar undir, en er talinn í því verði, sem bóndinn fær. Það er enginn ágreiningur um það, að framleiðsluráð landbúnaðarins hafi ekki rétt til þess að hækka mjólkurverð að því er *snertir dreifingar- og vinnslukostnað.* Það hefur verið gert öll þau ár síðan l. um verðlag landbúnaðarafurða voru sett, og mun sú hækkun svara um 3 aurum á hvern lítra. Hins vegar lítur ríkisstj. svo á, að réttur framleiðsluráðs til að hækka mjólkurverð vegna þeirra kaupgjaldsbreyt., sem urðu í vetur, sé ekki fyrir hendi. Nú hefur það sama komið fram og um hitt atriðið, sem 1. gr. fjallar um, að það eru nokkuð skiptar skoðanir um þetta atriði og lögfræðingar, sem um þetta hafa fjallað, eru ekki á einu máli um það, hvort bóndinn eða framleiðsluráð hafi þennan rétt eða ekki. Það lék vafi á að sumra áliti, hvernig dómstólarnir mundu dæma, ef ágreiningur risi upp og málin yrðu lögð fyrir dómstólana. Viðvíkjandi þessari grein telur ríkisstj. engin tvímæli á vera, en hún hefur þó viljað bera fram skýrari ákvæði um þessa grein, svo að enginn þurfi að vera í vafa um skilning hennar. Verðlagningu landbúnaðarafurða verður ekki breytt, nema til komi nýr verðlagsgrundvöllur landbúnaðarafurða.

Ég sé nú ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Frv. liggur ljóst fyrir. Það er aðeins farið fram á, að Alþingi úrskurði um atriði, sem sumir álíta að gætu orkað tvímælis. Deilur um þessi atriði né málaferli gætu ekki orðið neinum til góðs. — Mér virðist þetta vera góð spegilmynd af okkar harmonikukerfi í kaupgjaldsmálum. Hvað gerðist, ef Alþýðusambandið fengi kauphækkun og framleiðendur landbúnaðarafurða fengju sinn skilning viðurkenndan og þá hækkun mjólkurverðsins? Það, sem almenningur fengi þá í launahækkun, mundi fara til þess að greiða mjólkurhækkunina. Heilbrigðu atvinnulífi mundi blæða, og með því mundi öllu okkar atvinnulífi vera hætt. Það er minn *dómur, að þetta frv. sé ljós mynd af vitleysunni,* ef þannig á að spinna hlutina upp, ekki neinum til gagns. Það má deila um það, hvort ekki hefði átt að láta þessa aðila leita úrskurðar eftir lögunum. Það er ekki mitt að dæma um skilning laganna, en hitt orkar þó ekki tvímælis, að ef þessir aðilar, Alþýðusamband Ísl. og framleiðsluráðið, hefðu fengið kröfum sínum framgengt, mundu kauphækkanirnar hafa étið sig upp með verðhækkunum.

Vil ég þá ekki hafa þessi orð fleiri, en það eru vinsamleg tilmæli ríkisstj., að þetta frv. megi fá greiðlega afgreiðslu, því að það hlýtur að vera bezt að fá úr þessu skorið sem fyrst, hvernig með þessi mál skuli fara, og af því vill ríkisstj. flýta málinu.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Eins og gefur að skilja, vildi ég engan þátt eiga í flutningi þessa frv., enda er það hið hróplegasta ranglæti. Hér er um það að ræða, að verkamenn fái ekki neina uppbót á kaup sitt eftir 31. jan. 1951, þótt verðlag hækki. Þetta er í algerri mótsetningu við ákvæði gengislækkunarlaganna frá í marz í fyrra, þar sem lofað var kauphækkun samkv. vísitölu fram til 1. ágúst þessa árs. Þetta var líka

meiningin með þeim lögum, sem sett voru fyrir jólin, þótt svona hafi nú tekizt til. Í greinargerð frv. og í ræðu hæstv. forsrh. var stefna ríkisstj. skýrð. Þessi stefna er ný upptugga á hagspeki Ólafs Björnssonar. Það þýðir ekki að hækka kaupið, því að það eykur aðeins dýrtíðina að sama skapi. Mætti ég þá spyrja: Hvers vegna var verið að setja inn í gengislækkunarlögin ákvæði um kauphækkun samkv. vísitölu fram til 1. ágúst 1951? Mér virðist, að hér séu þeir háu herrar komnir í alvarlega mótsögn við sjálfa sig. Þessar kenningar Ólafs Björnssonar hafa verið hraktar svo rækilega, að þar er ekki þörf að bæta neinu við. Meðan tekjur þjóðarinnar eru 40—50 þús. kr. á 5 manna fjölskyldu og sumir einstaklingar hafa hundruð þúsunda í árstekjur og verzlunareinokunin er í algleymingi, þá þýðir ekki að koma til verkamanna og segja þeim, að þeir verði að þrengja kost sinn, vegna þess að ekki sé meira til skipta. Það er staðreynd, að tekjur 5 manna verkamannafjölskyldu, þar sem fjölskyldufaðirinn hefur fasta vinnu, nema nú ekki hærri upphæð en svarar elli- og örorkubótum á hvern fjölskyldumeðlim, og síðan eiga tekjurnar eftir að rýrna enn meira, þar sem atvinnuleysið knýr á dyr. Þá verða tekjurnar enn minni en elli- og örorkubætur. Hvað segja hæstv. ráðherrar t. d. um kjör verkamanna í Bíldudal? Þar hafa meðaltekjur verkamannaheimilis verið í sumar 160—200 kr. á mánuði á hvern einstakling, meðan aðrir hafa árstekjur, sem nema hundruðum þúsunda. Er nú hægt að ætlast til, að þessir menn fallist á hagspeki Ólafs Björnssonar? — Spurningin er því sú, hvernig verkalýðurinn á að verjast þessum árásum, sem ekki eiga sinn líka í sögu Alþingis.

Þegar hæstv. viðskmrh. talaði hér um breytingarnar á gengislækkunarlögunum fyrir jólin, fullyrti hann, að breytingarnar á lögunum þýddu frelsi verkalýðsfélögunum til handa. Það var erfitt að skilja þessa yfirlýsingu öðruvísi en svo, að löglegir samningar verkalýðsfélaga skyldu vera í gildi án afskipta ríkisvaldsins. Þannig var bókstafur laganna, og samfara þessu bættist við yfirlýsing hæstv. ráðh., og auðvitað hlutu verkalýðssamtökin að taka hana alvarlega, og þess vegna auglýstu verkalýðsfélögin, að þau mundu krefjast kaups samkv. fullri vísitöluuppbót, eins og samningar þeirra heimila. Þetta frv. sannar nú, að orð hæstv. ráðh. voru ekki annað en fleipur og blekkingar og ríkisstj. ætlaði ekki að virða samninga verkalýðsfélaga. Og enn þá er vegið í sama knérunn. Þegar slík aðferð sem þessi er viðhöfð, er það hrein ósvífni og hræsni að segja, að verkamönnum sé frjálst að semja, þar sem hægt er að gera ráð fyrir, að Alþingi ógildi jafnharðan alla samninga. Af þessu hlýtur að leiða, að að því rekur, að öll verkföll verða verkföll gegn ríkisstj. Þetta var það, sem gerðist, þegar gerðardómslögin voru brotin á bak aftur. Þá varð ríkisvaldið að láta undan síga fyrir samtökum verkamanna.

Þá er líka annað atriði, sem vert er að hafa í huga, að þetta frv. sannar, að hinn lagalegi réttur verkamanna til að fá laun sín greidd samkv. vísitölu er fyrir hendi. Ef stjórnin telur, að hægt sé að skilja lögin öðruvísi en verkalýðssamtökin hafa túlkað þau, hvers vegna er hún þá að flytja þetta frv.? Það er áreiðanlegt, að annars hefði ríkisstj. ekki lagt út í þá Canossagöngu, sem þetta frv. er. Ríkisstj. hefði líklega ekki hikað við að treysta hér á þegnskap dómstólanna. En hér er lagastafurinn ótvíræður, og því var ekki hægt að leggja það á dómstólana að dæma atvinnurekendum í vil. Þetta sannar líka, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki haft neitt gott í huga, þrátt fyrir hin fögru orð hæstv. viðskmrh. Það hlýtur því að vera sár raun fyrir hann að þurfa nú að bera þetta frv. fram.

Hér er talað um, að lögin eigi að gilda frá 1. febr., en mér sýnist, að slíkt ákvæði fái ekki staðizt. Það þykir ekki tækilegt, að lög verki aftur fyrir sig. Verði þetta samþykkt óbreytt, þá hefur Alþingi orðið á ein skyssan enn, og er það kannske til að fullkomna vanskapnaðinn. Ég skora því á deildina að fella þetta frv. Áður hef ég bent á, að frv. þetta muni stuðla að ófriði í atvinnulífinu, og það er óvarlegt að treysta atvinnuleysinu allt of mikið sem bandamanni.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Þegar gengislækkunarlögunum var breytt skömmu fyrir jól, var það gert vegna þess, að ríkisstj. sá fram á, að verulegar verðhækkanir voru í aðsigi. Þá þótti nauðsynlegt að fella niður lagaskyldu atvinnurekenda til að greiða vísitöluuppbót á laun samkv. gengislækkunarlögunum. Þessu var mótmælt af mér og fleiri hv. þingmönnum.

Í gengislækkunarlögunum frá í marz s. l. voru atvinnurekendur skyldaðir til að greiða kaup samfara vaxandi dýrtíð. Það var sýnt, að stórfelldar hækkanir mundu eiga sér stað frá desember 1950 til júlí 1951, sem hefði þá átt að bæta upp með hækkuðu kaupi. Fyrir jólin var látið nægja að fella niður lagaskuldbindingu atvinnurekenda um kaupgreiðslu samkv. vísitölu. Síðan þetta gerðist mun nú ráðið, hvernig vandamál vélbátaflotans verði leyst. Þannig verða nú 100 millj. kr. af útflutningsverðmætinu gerðar að braskvöru á innlendum markaði. Þetta þýðir, að það verða enn þá stórkostlegar verðhækkanir. Vegna þessa nægja ekki lengur þær ráðstafanir, sem í lögunum felast. Nú á að fella úr gildi ákvæði þeirra samninga, sem gerðir eru á frjálsan hátt. Þetta var aldrei meiningin samkv. lögunum, sem samþ. voru fyrir jól. Frsm. þessa frv. sagði, að það væri ekki þörf á langri framsöguræðu. Meining löggjafans með lögunum fyrir jólin var þá sú, að þau áttu að skiljast eins og þetta frv. Ég vil fullyrða, að þetta er algerlega rangt. Ástæðan er sú, að þá hélt ríkisstj., að ekki þyrfti meira að gera, atvinnurekendur og verkalýðsfélögin gætu átzt við sjálf. En nú nægir þetta ekki lengur.

Sú lausn, sem ríkisstj. hefur fengið fyrir vélbátaútveginn, varð dýrari en ráð var fyrir gert. Ef svo hefði ekki verið, hefði ríkisstj. ekki farið þessa leið. Hví hefur ríkisstj. þá ekki beðið dóms og fengið úr þessu skorið? Ef dómur hefði gengið svo, að hann hefði orðið samkv. skilningi verkalýðsfélaganna, þá hefðu atvinnurekendur sagt upp samningum, og þá var það frelsi fengið. — Nú segir svo í 1. gr. þessa frv.: „Frá 1. febr. 1951 skulu laun ekki taka breytingum frá því, sem greitt var í janúar þ. á., nema svo verði ákveðið í kjarasamningum gerðum eftir þann tíma.“ Hér er boðið upp á það, að segja skuli upp gildandi samningum. Þetta á víst að miða að því að afstýra ófriði og deilum í landinu.

Þetta er vægast sagt furðuleg aðferð. Til að fá nokkra breytingu þarf að segja upp samningum. Ég held, að því miður verki þessar ráðstafanir þveröfugt.

Hæstv. forsrh. taldi, að andstæðingar þessa frv. hefðu haft þá skoðun á desemberlögunum, að bannað væri að greiða hærra kaup en samkv. vísitölu 123. (**Forsrh.:** Alþýðusambandið krefst nú kaupgreiðslu samkv. vísitölu 128.) Ég spurði um það í deildinni hér í desember, hvernig færi um þau félög, sem hefðu enga vísitölu í sínum samningum. Ég þurfti ekki að spyrja um þau félög, sem höfðu skýlaus ákvæði um vísitölu í sínum samningum. Mér hefur enn ekki verið svarað þessu. Ég tel þetta þó ekki mína skyldu, að vera að benda á þetta. Ég er þeirrar skoðunar, að hér sé um að ræða breytt viðhorf, sem veldur flutningi þessa frv.

Um 2. gr. þessa frv. verð ég að segja það, að hún er einhver hin furðulegasta lagasmíð, sem ég hef nokkurn tíma komizt í kynni við. Ég fæ ekki betur séð en að hún breyti ákvæðum gildandi laga ekki neitt, heldur skuli ákvæði gengisskráningarlaganna um verðlagningu landbúnaðarafurða haldast óbreytt. Með þessu er enginn hnútur leystur, engin ný ákvæði koma inn. (**GJ:** Það er felld niður 2. mgr. úr 9. gr.) Ég bið afsökunar, ef eitthvað er í þessu, sem ég hef misskilið, en ég fæ ekki betur séð en þetta sé rétt, sem ég segi, eða a. m. k. er orðalag greinarinnar þá mjög undarlegt og óskýrt, og ég sakna þess mjög, að ekki hefur unnizt tími til að semja ýtarlegri grg. en gert hefur verið. En það er grunur minn, að þessi grein sé sett til þess að láta líta svo út, að þetta frv. fjalli ekki eingöngu um bindingu vísitölu hjá launafólki, og virðist mér þessi grein harla þýðingarlítil, og er það ætlun mín, að ekki sé nú feitt á stykkinu hjá hæstv. ríkisstj. þarna. (**Dómsmrh.:** Oft fer villt sá geta skal.) Já, oft er það, en þó hygg ég, að svo sé ekki í þetta skipti. Ég furða mig mjög á því framferði hæstv. ríkisstj. að bíða ekki úrskurðar dómstólanna á því, hvernig skilja beri lögin, og það því fremur sem hv. frsm. taldi alveg tvímælalaust, hver hann yrði, og hefði sjálfsagt hver annar aðili en þessi hæstv. ríkisstj. gert það.

Hæstv. forsrh. tók upp í sinni ræðu þá ekki spánnýju kenningu, að kauphækkanir væru öllum til bölvunar, og þó mest þeim, sem fengju þær. Setjum nú svo, að þetta væri rétt, en mundi þá ekki sama regla gilda um fleiri en verkafólk? Mundi það ekki líka gilda um bændur, framleiðendur landbúnaðarafurðanna, en laun þeirra eru það verð, sem þeim er skaffað fyrir framleiðslu sína og þeir tugmilljóna kr. styrkir, sem hæstv. ríkisstj. skammtar þeim? Ég veit ekki betur en allan þann tíma, sem talað hefur verið um bölvun launahækkana hér, hafi af sömu mönnum verið haldið uppi þrálátri, sleitulausri baráttu fyrir að hækka hlífðarlaust afurðaverðið og framlög hins opinbera til þessarar stéttar. Er þetta gert vísvitandi til að gera þeim bölvun? Nei, auðvitað er það gert til að bæta þeirra hag. En á þá að gilda annað lögmál í hagfræðinni um tekjur þessara manna en um tekjur verkamanna? Ég ætla ekki stuðningsmenn þessa frv. svo einfalda, að þeir haldi, að þetta sé rétt, enda er það ekki rétt, nema tvennt sé fyrir hendi, annars vegar fullkomin tekjujöfnun innanlands og hins vegar að ekki sé möguleiki að afla aukinna verðmæta, sem borið geti kauphækkanirnar. Það er vitað, að hið fyrra er alls ekki fyrir hendi, en þó hið síðara sé umdeilt, þá er það að minnsta kosti engum vafa undirorpið, að ef kauphækkun til handa einni stétt er henni til bölvunar, þá gildir það sama um aðrar. — Ég vil aðeins taka þetta fram til að benda á, að þetta frv. er ekki flutt af umhyggju fyrir alþýðuheimilunum eða heildarhag, heldur til þess að skipta á miklu óhagstæðari hátt fyrir verkalýðinn en áður hefur verið tekjum þjóðarinnar. Ég skal fúslega játa, að það er takmarkað, hvað unnt er að greiða verkamönnum hátt kaup, en slíkt verður að metast með hliðsjón af öllum aðstæðum.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni — ég fæ tækifæri til þess síðar. Ég þarf ekki að taka það fram, að ég er að sjálfsögðu andvígur þessu frv. og tel það gerræði gagnvart verkamönnum og launastéttum landsins yfirleitt, og þeim, sem standa að hæstv. ríkisstj., hlýtur að vera fullvel ljóst, að samþykkt þessa frv. verður ekki til að draga úr deilum í þjóðfélaginu, heldur gefur beinlínis tilefni til að efna til þeirra.

Ég vil aðeins nefna eitt atriði, til þess að það komi glöggt fram, að viðhorfið var annað hjá hæstv. ríkisstj. í des. s. l., þegar þessum sömu lögum var breytt þá, heldur en það er nú. Þá var á það bent af andstæðingum þess frv., að svo gæti farið, að verkamenn fengju hærra kaup vegna hækkaðrar vísitölu, sem e. t. v. færi upp í 130—150 stig, og þá væri verulegt ósamræmi skapað milli launastéttanna í landinu, þeirra sem tækju kaup samkvæmt vísitölu annars vegar og opinberra starfsmanna hins vegar. Þessu var svarað á þann hátt, bæði af hæstv. viðskmrh. og hv. þm. Barð., að þetta væri ekki óeðlilegt, þar sem atvinna verkamanna væri ótryggari og ekki óeðlilegt, að þeir fengju bætta þá áhættu, sem þeir hefðu af því, að þeir yrðu að fara á mis við vinnu, og einnig væru opinberir starfsmenn betur tryggðir en verkamenn. Af þessu er sýnt, að ætlun þeirra var, að kaupgjald tæki hækkunum eða breytingum samkvæmt vísitölu, ef um það semdist, eða samningar væru fyrir hendi, er tilskildu það. Ég nefni þetta til þess að sýna, að það getur ekki verið, að hæstv. ríkisstj. hafi verið sama sinnis þá og hún er nú.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Haft er eftir stráknum, sem var í göngum og stóð sig ekki vel, að hann hafi sagt: „Nú gyrði ég mig enn í brók.“ Hann hafði verið flengdur tvisvar og var nú að hysja upp um sig brókunum í þriðja sinn. Það er svipað ástatt með hæstv. ríkisstj. og strákinn. Þetta er þriðja flengingin, sem hún fær, og sú hirting verður vel úti látin. Hæstv. ríkisstj. gyrti sig í brók í fyrsta skipti á s. l. sumri, er hún gerði heyrinkunnugt og gaf út brbl. þar að lútandi, að hún ætlaði að láta borga hærri uppbætur á laun en vísindalegur útreikningur sýndi. Þetta var alveg gegnsæ hræsni, er engum blandaðist hugur um, enda fór svo, að hæstv. ríkisstj. varð að afnema sín eigin brbl. Þar fór það. Svo á rétt fyrir jólin í vetur að lauma svikalögum gegnum þingið. Það er nú séð, að tilgangurinn var að binda allt kaupgjald, en þetta var gert með svo yfirdrifinni hræsni, að það lá við, eins og hv. 1. landsk. sagði,

að maður tryði því, að hæstv. ríkisstj. meinti ekki annað en hún sagði, er hún þuldi þá og taldi rétt að ganga út frá því að gefa allt kaupgjald frjálst og færði mörg rök fram því til stuðnings, en nú er sýnt, að hæstv. ríkisstj. meinti ekki það, sem hún sagði. Hæstv. viðskmrh., Björn Ólafsson, var meðal þeirra, sem sögðu, að nú væri verið að gefa allt kaupgjald frjálst. Nú er sýnt, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki meint það, sem trúnaðarmaður hennar, hæstv. viðskmrh., sagði, heldur var tilgangurinn að binda kaup verkamanna eins rammlega og kaup opinberra starfsmanna og gera engan mismun þar á. Til þess að sýna fram á, að reynt var að telja mönnum trú um, að ekki væri meiningin að binda vísitöluna, þá vil ég, með leyfi hæstv. forseta, benda á örfá dæmi úr málflutningi við umr. um 33. mál hjá hæstv. viðskmrh., Birni Ólafssyni. Hann sagði í framsöguræðu fyrir brtt. sinni t. d. þetta: „Þetta ákvæði er á engan hátt nokkur binding á kaupgjaldi, heldur er fellt úr gildi, að kaup sé lengur tekið samkvæmt vísitölu, þannig að kaupgjald er ekki lengur bundið.“ Það er sem sagt verið að létta hömlum, en ekki svipta neinn frjálsræði, en er hann var spurður um þetta nánar, sagði hann ákveðið á þessa leið: „Hv. 1. landsk. sagði, að með því að samþ. brtt. mína á þskj. 399 væri verið að stofna til ófriðar í landinu og að réttur væri tekinn af öllum launþegum í landinu og verið væri að binda kaupgjaldið, en hér er ekki verið að binda kaupgjaldið, heldur *gefa það frjálst, enda eru þetta sömu rökin hjá hv.* þm. og sett voru fram, þegar þau ákvæði voru sett, sem nú er verið að fella niður.“

Við þessar umr. sagði ég eitthvað á þessa leið: Þótt það sé augljóst mál, að engin smuga sé til fyrir opinbera starfsmenn til þess að hækka sitt kaup á árinu 1951, hversu óstjórnlega sem dýrtíðin í landinu hækkar, þar sem vísitala þeirra er með lagaákvæðum bundin við 123 stig, hvernig ætlar þá hæstv. ríkisstj. að hafa opinbera starfsmenn ánægða, ef fer nú svo, að treysta megi orðum ráðh., vísitalan fari upp í 140—160 stig, en vísitala fastra launþega sé bundin við 123 stig? Heldur ríkisstj., að framkvæmdarvaldinu takist að halda opinberum starfsmönnum í slíkum viðjum? Og hún hefur vafalaust haldið, að hægt væri að hafa alla launþega í slíkum viðjum, þó að það hafi nú sýnt sig, að þessi lög voru ekki sá Gleipnir, sem ekki var hægt að slíta sig úr. — En svörin, sem ég fékk frá tveim stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj., þeim hæstv. viðskmrh. (BÓ) og hv. frsm. þessa máls (GJ), voru á þá leið, að það væri ekki nema sjálfsagt, að verkamenn fengju hærri laun en opinberir starfsmenn. Þeim tókst vel upp með rök, og hv. þm. Barð. sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í sambandi við fyrirspurn hv. 6. landsk. til ráðh. um það, hvort hann héldi, að starfsmenn ríkis og bæja mundu una því, þegar vísitalan væri bundin við 123 stig, að vinna fyrir óbreytt kaup, þá vil ég segja, að ég get vel hugsað mér það. Starfsmenn ríkis og bæja hafa allt aðra aðstöðu en *verkamenn. Þeir hafa örugga atvinnu allt árið*, almennt styttri vinnutíma en verkamenn og geta því oft unnið annað með sínum föstu störfum, og þeir eru, ef svo má segja, tryggðir frá vöggunni til grafarinnar, og hefur það sýnt sig bezt nú, þegar Árni Sigurðsson fríkirkjuprestur er fallinn frá, þá þarf ríkissjóður að hlaupa undir bagga með ekkju hans og það enda þótt hinn látni væri ekki í þjónustu ríkisins. Þessir menn hafa allt aðra aðstöðu en verkamenn, ef þeir eru sjúkir, fá þeir sjúkratryggingu, og þegar ellin sækir þá heim, halda þeir fullum eftirlaunum, en verkamenn verða að sætta sig við lítilfjörleg ellilaun eftir 67 ára aldur. Af öllum þessum ástæðum er eðlilegt, að þeir sætti *sig við lægri laun en verkamenn.*“

Þannig túlkuðu þeir hugarfarið fyrir jól. Ég tók undir þetta og taldi þetta góð rök, þó að mér hefði þótt enn meira til þeirra koma, ef þau hefðu komið af munni hæstv. viðskmrh., en hv. þm. Barð. þurfti hér sem oftar að svara fyrir barnið. En var svo hæstv. viðskmrh. á móti þessu? Nei, þegar hann komst að, kvaðst hann vilja taka undir það, sem hv. þm. Barð. hafði sagt, er hann benti á, að fastir starfsmenn hefðu tryggari vinnu en verkamenn. Þetta er stórt atriði, sagði hann, þegar erfiðar kringumstæður gera það nauðsynlegt að binda vísitölu opinberra starfsmanna í eitt ár; öryggisleysi verkamanna er miklu meira og verra en það.

Af þessu, sem ég nú hef haft eftir hæstv. viðskmrh. og hv. þm. Barð., umboðsmanni stjórnarinnar og einum valdamesta manni innan hennar, er ljóst, að þegar jólalögin voru afgreidd, taldi stjórnin, að verkalýðurinn í landinu ætti rétt á að búa við hærri laun en opinberir starfsmenn. Nú eru jólin að baki, og þá á að lögbinda vísitöluna *við 123 stig. Ég var sama sinnis fyrir jól og ég er* enn þá, að það sé eðlilegt, að verkamenn fái hærri laun en opinberir starfsmenn, að þeir fái laun sín bætt með hærri vísitölu til þess að vega upp á móti öryggisleysinu, sem þeir hafa í atvinnu sinni. Nú er hægt að beita því fyrir sig í baráttu við atvinnurekendur, að þetta séu rök þeirra hv. þm. Barð. og hæstv. viðskmrh., og ég beinlínis hlakka til að beita þessum rökum á atvinnurekendur á Vestfjörðum. En heldur þykir mér hv. þm. Barð. genginn af staðfestu sinni, — ég hef ekki vanizt því, að hann segði eitt í dag og annað á morgun, — ef hann er þátttakandi í sköpun þessa fósturs, sem hér er á ferðinni.

Það fór sem sé á þann veg, að allt það, sem hæstv. ráðh. sagði um frjálsræði verkalýðssamtakanna og um þær hömlur, sem væri verið að létta af alþýðusamtökunum fyrir jólin, reyndist vera ósannindi. Og hann fullyrti, að að þessu stæði öll ríkisstj. með sér. Aðspurður sagði hann, að öll ríkisstj. stæði að þessu með sér. Þegar hæstv. ríkisstj. er þannig tvívegis búin að haga sér við alþýðusamtökin eins og hún hefur gert, þá er ekki við öðru að búast en að það fari heldur að minnka traust alþýðusamtakanna til slíkrar ríkisstj., þegar nú, þrátt fyrir það þótt alþýðusamtökin hafi ekkert aðhafzt annað en að notfæra sér það margyfirlýsta frelsi, sem hæstv. ríkisstj. þóttist hafa gefið alþýðusamtökunum, og þau hafa ekkert af sér brotið, þá á að setja kaupbindingu á verkalýðssamtökin. Þetta á að gera, þegar þau ætla að nota sér það fyrir fram boðna og lögleyfða frelsi. Og vitanlega verður þessu svarað með allsherjarverkföllum, vegna þess að hæstv. ríkisstj. er búin að brjóta af sér alla vinsemd og allt traust hjá alþýðusamtökunum. Og þennan frv.-snepil, sem ég held hér á í hendinni, ætlar svo hæstv. ríkisstj. að

nota sér fyrir skjól. Eftir nokkra daga, eftir að hæstv. ríkisstj. er búin að hafa ánægjuna af að þvinga þessi lög í gegn á Alþ., verður ófriður skollinn á í þessu þjóðfélagi, sem verður þjóðfélaginu *dýrari en* að láta verkalýðinn fá fulla, lögleyfða vísitöluuppbót á laun sín. Það er víða svo, að það þarf ekki að bíða eftir uppsagnarfresti á kauptaxta, til þess að ófriður sé skollinn á við ríkisstj. og átök takist milli alþýðusamtakanna í landinu og ríkisstj., ef hún leggur sig í bleyti til þess að samþ. þvingunarlög sem þessi. Hæstv. ríkisstj. bjargar sér ekki með lagasetningu héðan af. Helzta leiðin fyrir hana væri að reyna að skríða til þess að reyna að ná samkomulagi við alþýðusamtökin í landinu. Og þetta ætti henni ekki að þykja vera neitt sem hún bryti odd af oflæti sínu með, þó að hún skriði á maganum til þess. Hún er í því búin að fá nokkra æfingu, með því að afnema sín eigin bráðabirgðalög. Og það var áreiðanlega það skynsamlegasta, sem hún gat gert þá, að lúta lágt og játa sína yfirsjón.

Ég er ekki að tala hér sem einstaklingur. Það þarf hæstv. ríkisstj. ekki að halda. Ég tala hér ekki umboðslaust. Ég tala hér í umboði alþýðusamtakanna á Íslandi. Og það má hæstv. ríkisstj. vita, að alþýðusamtökin eru ekkert lamb að leika sér við, þegar búið er að fara að þeim eins og hér hefur verið gert. — Ég heiti því, að ég mun ekki liggja á liði mínu í verkalýðssamtökunum til þess að mæta hæstv. ríkisstj. Íslands með það umboð, sem ég get fengið á bak við mig í verkalýðshreyfingunni, til þess að hún fái svar við sínum gerðum, — til þess að hún fái bergmál úr skóginum, sem hún sjálf hrópar í að fyrra bragði.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég get skilið, að mönnum þyki tvímælis orka, hvort þörf sé að setja þessa löggjöf, sem hér er ráðgerð, vegna þess að það, sem í frv. er sagt, sé þegar fullskýrt sagt í lögum nú þegar, og þess vegna sé frv. e. t. v. óþarft. Og vissulega fyndist *mér stjórnin miklu ámælisverðari fyrir* það heldur en fyrir það, að hún sé nú að reyna að byrja einhverja kúgunarstarfsemi á hendur verkalýðsfélögunum. Hv. 6. landsk. þm. hélt því fram, að hér væri nú ráðgerð mikil herferð á hendur verkalýðsfélögunum og að það ætti að beita þau fáheyrðu ofbeldi. — Sannleikurinn er sá, að það ofbeldi er ekki meira en svo, að verið er hér að lögfesta það, sem öllum kom saman um, að væri meining löggjafans að lögfesta fyrir jólin. Þá gaf *enginn þá skýringu á núgildandi* l., *sem síðan* er komin fram. Það er vitað mál, að nú er kominn upp um þetta ágreiningur. Og það er eðlilegt, þegar slíkur ágreiningur er upp kominn, að þeir, sem settu l., — úr því að þeir eru staddir hér enn, — segi til um það alveg skýlaust, hver ætlan þeirra hafi verið. Það var alveg skýlaust sagt á þeim tíma af stjórnarandstöðunni, — það var sagt hér í þinginu og það var sagt í andstæðingablöðunum, og það var m. a. skýlaust sagt í málgagni hv. þm., *sem síðast talaði*, hv. 6. landsk. þm., Alþýðublaðinu, í gær, að sú hefði verið ætlun löggjafans, sem nú er verið að lögfesta. Það var einnig sagt í samþykktum Alþýðusambandsins, sem birtar voru í Alþýðublaðinu 20. des. s. l., þar sem því er mótmælt, að það sé kveðið svo á, að frá 1. febr. 1951 skuli laun ekki taka breyt. samkv. ákvæðum gengislaganna um vísitöluuppbót. Hvaða ástæða var til þess að vera að mótmæla því, að laun skyldu ekki eiga að taka breyt. á þeim tíma, 1. febr. 1951, ef það var ekki meint með l., að kaupið skyldi ekki hækka? Hví var þá verið að mótmæla því, að ekki mætti borga laun eftir hærri vísitölu en 123, ef ætlunin hefur verið eftir þeim l., sem þetta frv. er breyt. við, að félögin gætu *fyrirhafnarlaust fengið greidd* laun eftir vísitölunni 128? Það var ekki nokkur hugsanlegur möguleiki til þess, að Alþýðusamband Íslands hefði verið að mótmæla þessari lagasetningu, þar sem það var afnumið, sem í eldri l. stóð, að vísitalan, sem kaup yrði greitt eftir, ætti að vera bundin í 123 fram á mitt ár 1951, ef það var álitið, að félögin hefðu getað fengið fyrirhafnarlaust tryggt kaup eftir vísitölunni 128 í febrúar 1951. Það er alveg ljóst, að mótmæli Alþýðusambandsins voru fjarstæða, ef það þá taldi, að þessi væri afleiðing laganna. Þetta liggur í augum uppi og þarf ekki frekari útskýringa við. Það er sannað, að það vakti bæði fyrir stuðningsmönnum l., sem sett voru fyrir jólin, og andstæðingum, að verið væri að lögfesta það sama sem nú er alveg skýlaust ákveðið í þessu frv., sem fyrir liggur og er um breyt. á þeirri löggjöf eða til að gera hana ótvíræða. Það er hins vegar kominn upp um þetta ágreiningur, sem byggist á því, að í allmörgum samningum milli atvinnurekenda og verkamanna er kveðið á um, að kaup skuli greitt eftir vísitölu. Nú er það þannig, að flestir þessir samningar eru, samkv. því sem stjórn Alþýðusambandsins tjáði ríkisstj. fyrir skömmu, frá 1939 og 1940 og hafa að þessu leyti haldizt óbreyttir síðan. A. m. k. eru þeir langflestir frá því áður en gengisl. voru sett. Þeir eru sem sagt miðaðir við allt annað grunnkaup en það, sem nú er búið að setja, allt aðra vísitölu og allt annan vísitöluútreikning. Frá því að þetta ákvæði var tekið inn í samningana, hefur það tvennt gerzt, að stjórn, sem Alþfl. veitti forustu, bannaði um áramótin 1947 og 1948 að borga uppbætur á kaup hærri en samkv. vísitölunni 300, þannig að þá var beinlínis skertur réttur launþeganna til þess að fá fulla vísitölu greidda, og var sú skerðing vissulega miklu meiri skerðing á rétti launþeganna en verið er að setja nú. — Enn fremur hefur það gerzt, að á s. l. ári var að vísu þessi skerðing á rétti til vísitölu felld úr gildi, en í stað þess var sett og ákveðin alveg gerbreyting á útreikningi grunnkaups og gerbreyting á útreikningi vísitölunnar. Það er því augljóst, að þeir samningar, sem eru gerðir áður en þetta tvennt kom til, geta ekki lengur átt við. Og þess vegna hygg ég að ekki geti leikið á tveim tungum, að það að ætla að krefjast vísitöluuppbótar samkvæmt þeim samningum, *eins og verkalýðssamtökin nú a. m. k.* að nokkru leyti hafa gert, fær ekki staðizt. En það breytir ekki því, að á löggjafanum hvílir ótvírætt skylda til að láta uppi, hver ætlan hans var í þessu, sú ætlan, sem öllum kemur saman um, að hafi verið ætlan löggjafans, þegar l. voru sett. Með því er komið í veg fyrir langvarandi deilur fyrir dómstólum og réttaróvissu, sem ekki má eiga sér stað í slíkum málefnum sem þessum. Í 1. gr. þessa frv. er sem sé ekkert annað sagt en það, sem ætlan manna var að ákveða í l., sem sett

voru fyrir jólin. Ef þau ákvæði eru ekki talin nógu skýr, hvílir á engum frekar en því sama Alþ. sem þau setti að gera þau ótvíræð, — og það því fremur, sem ljóst er, að það, sem ætti að koma í staðinn samkv. kenningu verkalýðssamtakanna nú, getur ekki staðizt, því að hvernig ætti að vera hægt að krefjast vísitölu nú eftir samningum, sem miðuðu við allt aðra vísitölu, allt annað grunnkaup og allt annan vísitöluútreikning en nú er? Nei, það er sannast bezt að segja, að það kann að vera, að lögin frá því í vetur hafi ekki verið nógu ljós. Ég býst við, að það sé í góðri trú á það, sem þessum athugasemdum við þau hefur verið hreyft af alþýðusamtökunum og þessar kröfur bornar fram. En það liggur í augum uppi, að bæði eðli málsins, tilgangur löggjafans og afleiðingar af því, ef fallizt yrði á að hafa þessa óvissu, er slíkt, að ekki er um að deila, og að löggjafanum ber vissulega að staðfesta þá skoðun, sem hann fyrr lét uppi og ætlaði þá að væri ótvíræð. Ég get þess vegna ekki séð, hvernig hægt er að taka þetta frv. sem nokkra sérstaka ögrun við verkalýðinn eða hans samtök.

Í sjálfu sér fyndist mér það ekki skipta ýkjamiklu máli, hvort ríkisstj. þyrfti að láta í minni pokann eða „skríða á maganum", til þess að ná sættum við verkalýðssamtökin, ef slíkar sættir mættu takast. Mér finnst það eigi að ganga ofar öllu öðru í okkar þjóðfélagi, að sættir geti átt sér stað um slíkt mál sem þetta, og tel það miklu meira máli skipta en stærilæti eins eða annars. Og ég tel sannast sagt, í sambandi við ögranir hv. 6. landsk. þm. og ásakanir á hendur ríkisstj. fyrir óbilgirni, sem einmitt á að hafa lýst sér í því, að ríkisstj. lét undan óskum verkalýðssamtakanna og afnam lög, sem ríkisstj. viðurkenndi að kæmu harkalega niður, — mér finnst þetta, sem ríkisstj. þar gerði, ekki benda til þess, að ríkisstj. hafi sýnt hörku eða óbilgirni, heldur að hún hafi sýnt samningalipurð og vilja til þess að afstýra vandræðum. Það er þess vegna svo gersamlega ástæðulaust að vera með þær ásakanir á ríkisstj., að það er þvert á móti hægt að sýna fram á, að hún hefur sýnt ýtrasta vilja til þess að hafa gott samstarf við verkalýðssamtökin og vill vissulega enn hafa það samstarf.

Og hver er þá þessi ógurlega kúgun, sem er verið að lögfesta? Hvaða helfjötur er það, sem er verið að leggja á verkalýðsfélögin? Er það sá fjötur, að þau megi kannske ekki breyta sínu kaupi á þessu ári? Er það sá fjötur, að vísitöluhækkun á kaupi sé með öllu bönnuð? Nei, það er síður en svo. Það stendur allt óhaggað, sem hv. þm., sem síðast talaði, 6. landsk., las úr ræðum þeirra hv. þm. Barð. og hæstv. viðskmrh. Það stendur allt óhaggað. Verkalýðsfélögin hafa fullt samningsfrelsi samkv. þessum l. Öll þau félög, sem nú hafa ósamið, mega fyrir þessum l. setja í sína kjarasamninga þau ákvæði, sem þau geta þar að komið með samningum við atvinnurekendur. Það er ekki ætlunin með þessari löggjöf að banna það á einn eða annan veg. Og félögin hafa fulla heimild til þess að segja upp samningum og koma fram þeim svo kölluðu kjarabótum, sem þau frekast geta gert. Þau hafa fullan rétt til þess. Það eina, sem sagt er með þessari löggjöf, sem nú á að setja, er, að það sé ótvírætt, að það sé ekki hægt að nota tíu ára gömul ákvæði, sem eðli málsins samkvæmt eru fyrir löngu fallin úr gildi, til þess að knýja fram fyrirhafnarlaust hækkun, sem engum manni datt í hug fyrir jólin að falizt gæti í þeirri löggjöf, sem þá var verið að setja. Eða hverjum dettur í hug, að það hafi vakað fyrir Alþ. að afnema þá takmörkun, sem var á vísitöluútreikningnum, til þess að gera verkalýðsfélögunum hægt fyrirhafnarlaust að hækka kaup þannig, að greidd væri á það full vísitöluuppbót? Hverjum datt í hug fyrir jólin, að þetta vekti fyrir löggjafanum? Og hverjum dettur í hug, að þetta hafi verið meiningin hjá þeim, sem eru, e. t. v. af veikum mætti, — því að um það verður að taka gild frýjunarorð hv. 6. landsk. þm., að það sé af veikum mætti, — að berjast gegn dýrtíðinni? Það er hægt að kúga ríkisvaldið íslenzka, það er ekki svo sterkt. En það er verið af veikum mætti að berjast gegn dýrtíðinni. Og hverjum dettur í hug, að ætlunin hafi verið sú að afnema þær litlu hömlur, sem lágu gegn því, að full vísitöluuppbót yrði greidd, þannig að félögin gætu tekið fulla vísitölugreiðslu sér alveg að fyrirhafnarlausu? Nei, það, sem vakti fyrir mönnum fyrir jólin, er það, sem vakir fyrir mönnum enn í dag. Og það vil ég biðja hv. 6. landsk. þm. að athuga og skírskota til vitsmuna og drengskapar og þjóðhollustu forustumanna verkalýðshreyfingarinnar um það, að þeir geti ekki skotið sér undir nein kúgunarákvæði eða lögþvingun af hálfu Alþ. og ríkisstj., heldur verða þeir sjálfir að gera upp sinn hug um það, hvort þeir telji efnahagsástandið í málum landsmanna vera þannig, að það gefi tilefni til nýrra stórfelldra kauphækkana. — Ég játa, að forustumenn verkalýðsfélaganna, þar á meðal hv. 6. landsk. þm., hafi ekki átt annars úrkosta, úr því að samningarnir voru eins og þeir voru, heldur en að reyna að gera þá gildandi, vegna þess að annars hefðu kommúnistar sagt við þá: Þið eruð svo aumir, að þið reynið ekki að framfylgja gildandi rétti. Og það viðurkennist, að þetta var ill aðstaða fyrir þá. — En þá verður að ætlast til þess, að löggjafinn láti koma fram, hvað fyrir honum vakti. Og það hefur ekki staðið á ríkisstj. að gera það. Og þess vegna er þetta frv. fram borið. En það liggur þá líka fyrir, að þessir samningar verkalýðsfélaganna, sem gerðir voru undir allt öðrum atvikum, þeir gilda ekki og leiða ekki til sjálfkrafa hækkunar. En réttindi verkamanna í verkalýðsfélögunum eru alveg óskert til þess að koma fram hverjum þeim umbótum á kjörum sínum, sem þeir treysta sér til og telja skynsamlegt að gera, hafa afl til að knýja fram og fá atvinnurekendur til að sætta sig við. Þeir hafa öll réttindi til þess, alla möguleika til þess. Sannleikurinn er sá, að hvað sem menn segja um þessi ákvæði, samninga, sem segja má, að hér verði felldir úr gildi, þá vitum við það auðvitað allir, að verkalýðsfélögin gerðu sér það ljóst, að sá réttur var svo hæpinn undir öllum kringumstæðum, að það var meir en óvíst, að hann yrði tekinn til greina. Þess vegna var ekkert hægara fyrir félögin, ef þau vildu fá alla samninga lausa, en að knýja fram kauphækkun þegar í stað eða að segja upp samningum strax um áramót, til þess að geta byrjað kjarabaráttuna, sem þeir svo kalla, strax 1. febr. Það var tekið sem merki um skilning þessara manna á ástandinu og vilja verkamanna til þess að

hleypa ekki öllu hér í öngþveiti, að þetta var látið hjá líða, og þá datt mönnum ekki í hug, að stæði fyrir dyrum, að samningunum yrði beitt á þennan veg, sem nú er ætlazt til.

Ég vil nú eindregið beina því til þess hv. þm., sem síðast talaði, — ég veit, að hann tekur ekki mikið mark á orðum mínum, ég geri mér engar tyllivonir um það, en segi það nú við hann af heilum hug og áhyggjum yfir því ástandi, sem er fram undan í okkar þjóðfélagi, að hann ætti að hugsa sig tvisvar um, áður en hann beitir þeim miklu áhrifum, sem hann hefur í verkalýðshreyfingunni, til þess að koma á stað verkfallsöldu eingöngu til þess að fjandskapast við ríkisstj. (**HV:** Slík er ekki ástæðan.) Þá er það allt annað mál. Ef þm. telur, að atvinnuástandið sé þannig og efnahagsástandið, að það sé rétt að knýja fram kauphækkanir, þá hefur hv. þm. alla möguleika til þess, því að það eru samkvæmt því, sem hann sagði sjálfur, lausir margir samningar, og hann veit, að flest félögin hafa eins mánaðar uppsagnarfrest. En það skyldi þó ekki vera þannig, að bæði þessum hv. þm., þegar hann athugar málið rólega, og eins verkamönnum væri ljóst, að hagur þeirra af nýjum kauphækkunum væri meir en vafasamur? Ég er ekki vanur að bera með mér svona heimildarskjöl, en ég hef þó séð bækling, sem Alþýðusambandið lét gefa út í sumar um þessi málefni, þar sem mjög ýtarlega er gerð grein fyrir því, að verkamönnum sé sízt hagur að því að knýja fram almennar kauphækkanir, eins og nú standa sakir. Ég tel, að það væri þjóðarógæfa, ef út í þá baráttu væri lagt, því að ég tel, að ástandið sé þannig, að ekki sé hægt að borga hærra kaup. Ég segi það ekki sem neina hótun við neinn, en tel, að ef nú vrðu knúðar fram nýjar kauphækkanir, þá mundi afleiðing þess annaðhvort verða ný gengisfelling eða nýir stórfelldir skattar í einhverri mynd, sem Alþ. neyddist til að leggja á til þess að greiða halla atvinnuveganna. Já, hvaða afleiðingar aðrar sjá menn af þessu? Ég tek það fram, að ég er ekki með neinar hótanir í þessum efnum, heldur vil ég eindregið, eins og aðrir í núv. ríkisstj., hafa gott samstarf við Alþýðusambandið og tek rólega við öllum frýjunarorðum um skriðdýrshátt og annað slíkt, sem borið er fram við okkur. Við viljum hafa gott samstarf við þessa menn, og ef sá hv. þm., sem síðast talaði, meinar það, að hann vilji ekki koma á stað verkfalli eingöngu gegn ríkisstj., þá á að vera grundvöllur til þess að ræða þetta mál efnislega til þess að gera sér rólega grein fyrir því, hvort grundvöllur er fyrir því efnahagslega hjá þjóðinni að hækka kaupið.

Þá var hv. 4. þm. Reykv. eitthvað að tala um leiktjöld í sambandi við 2. gr. frv. Ég get fullvissað hann um það, að þetta er mesti misskilningur, og ég hygg, að hv. þm. geti fengið upplýsingar um það t. d. hjá mönnum í stjórn Alþýðusambandsins, að þeim hefur verið kunnugt um það í nokkra daga, að það er enginn leikaraskapur, að bændur hafa haft fullan hug á því að knýja fram allverulega hækkun á mjólkurverði nú þegar. Réttur bænda til þess að gera þetta er að vísu umdeildur meðal lögfræðinga, og ég t. d. er þeirrar skoðunar, að bændur eigi ekki rétt á þessu, en það eru færri lögfræðingar, sem segja, að réttur bænda sé ótvíræður. Þess vegna þótti óhjákvæmilegt að setja þessi ákvæði, sem nú eru sett í 2. gr. frv. — En ég vil benda á það, að ef nú ættu sér stað miklar og óvæntar kauphækkanir, þá er vitanlega ómögulegt að standa á móti kröfum bænda til þess að fá þegar í stað uppbætur á sitt afurðaverð til jafns við verkamenn, eins og það er kallað. Og launþegar verða að gera sér grein fyrir því, að fyrsta afleiðingin af kauphækkun yrði sú, að allar innlendar afurðir, hvort sem það eru afurðir bænda eða framleiðsla innlend, mundu hækka, og menn ættu að vera búnir að fá nóg af þessum sífellda víxlskrúfugangi til þess, að menn langi ekki til að fá hann hafinn á ný. Og ég verð að segja það, að ef hv. 6. landsk. þm. bregzt nú þannig við þessu meinlausa frv., að hann vill svara því með harkalegri baráttu, getur hann ekki komizt hjá því að verða grunaður um, að hjá honum hafi ráðið meir pólitísk togstreita en umhyggja fyrir þeim mönnum, sem hann telur sig hafa umboð fyrir.

Nei, hvað sem menn segja um frammistöðu stjórnarinnar í þessu máli, þá er ekki hægt að segja, að þetta frv. sé neitt stórmál, heldur aðeins endurstaðfesting á þeim ákvæðum, sem sett voru fyrir jólin. Og þeir, sem vilja fara út í vitfirrta kauphækkunarskrúfu á ný, hafa alla möguleika til þess þrátt fyrir þessa löggjöf. Og ef menn vilja fara út á þá óheillabraut, er það það minnsta, að viðkomandi aðilar sjálfir, verkamenn og atvinnurekendur, taki á sig ábyrgðina á þeim ófarnaði, og það er tilgangurinn með þessari löggjöf að knýja þessa aðila til þess, að þeir sjálfir verði að taka ábyrgðina, en geti ekki skotið sér undan gerðum sínum.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Það er talað mikið um það, að þetta hafi ekki verið nógu skýrt ákveðið í þeim lagabálki, sem gerður var fyrir jólin. Þetta er alger misskilningur. Í upphaflegu l. stendur ákvæðið þannig: „En frá 1. ágúst 1951 skulu laun ekki taka breytingum samkvæmt ákvæðum þessara laga.“ En í frv. eins og það er nú stendur: „En frá 1. febr. 1951 skulu laun ekki taka breytingum samkvæmt ákvæðum þessara laga.“ Hér er því engin breyt. önnur en sú, að 1. ágúst er breytt í 1. febr. Þess vegna verða menn að athuga það, að þrátt hefði komið upp 1. ágúst, fyrst hún kemur upp á annað borð, þannig að hér er ekki um neina efnisbreyt. að ræða. Ef verkamenn snúast almennt illa við þessari lagabreyt. og til átaka kemur og vinnudeilna, mundi það með sama hætti hafa orðið 1. ágúst. Eins og fram kemur í þessu lagafrv., er það skoðun ríkisstj., að bændur eigi ekki rétt til að hækka mjólkurverð eins mikið og þeir hafa farið fram á og kunnugt er. En hitt vil ég taka fram fyrir hönd ríkisstj., að hún mundi láta afskiptalaust eða jafnvel hlutast til um það, ef hækkun verður á kaupgjaldi vegna þess, að kaupsamningar milli launþegasamtaka og atvinnurekenda væru látnir frjálsir, að hækkað yrði verðlag landbúnaðarvara, svo að bændur fengju þegar hlut sinn bættan í samræmi við aðrar stéttir. — Frekar sé ég ekki ástæðu til að taka fram að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:5 atkv.

Till. frá 4. þm. Reykv. um að vísa frv. til fjhn. felld með 11:3 atkv.

Á 61. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Ég hafði ekki hugsað mér að ræða mikið um þetta mál, en hv. 6. landsk. skoraði á mig að gefa yfirlýsingu um það, að ég væri sama sinnis í þessu máli og fyrir jól. Ég verð að segja, að ég undrast mjög þann hátt, sem Alþfl.-þm. hafa tekið upp í sambandi við umr. um þetta mál, og alveg sérstaklega hv. 6. landsk. Það er orðasláttur, hótanir og tæplega þingleg orð notuð í sambandi við þetta litla mál. Ég vil leyfa mér að benda á, að l. eins og þau eru afgr. frá Alþ. 15. des. 1950 segja, að frá 1. febr. 1951 skuli laun ekki taka breyt. samkv. ákvæðum þessara l. Hefur nokkrum þm. dottið í hug, að þetta ætti eingöngu við laun embættismanna? Nei, þetta eru áreiðanlega svo skýr ákvæði, að þau eiga við öll laun í landinu. Með þessum ákvæðum er svo fyrir mælt, að laun skuli ekki taka breyt. eins og ákveðið er í 4., 5., 6. og 7. málsgr. 6. gr. laganna. Hins vegar er næsti málsl. til að tryggja, að menn hafi ákveðnar launauppbætur allt árið, og hitt er látið laust og bundið, og það er samningsatriði milli aðila, sem á að taka upp eftir að þessi l. hafa verið samþ. Mér sýnist því, að sú viðbót, sem hér er gerð á þskj. 611, að frá 1. febr. skuli laun ekki taka breyt. frá því í janúar á þessu ári, nema svo verði ákveðið í kjarasamningum gerðum eftir þennan tíma, gefi verkalýðnum meiri rétt en þeir eiga samkv. lögunum. Ef dómstólar dæma þannig, að ekki mætti hækka nein laun í landinu, hvort sem samningur er um eða ekki, þá var ekki frekar hægt að fá launahækkun samkv. vísitölunni. En það er hægt, ef þetta er samþ. Það er því ekki verið að ganga á rétt launþeganna í landinu, nema síður sé. Nú vil ég spyrja hv. 6. landsk.: Sér ekki hann og aðrir, sem eru á móti þessum ákvæðum, neina erfiðleika eða hættu við það að hafa framleiðslukostnaðinn háðan þeim launasveiflum í landinu, sem hann hefur verið undanfarið? (**HV:** Nei.) Nei? Já, það er þess vegna, sem þessir menn halda slíkar ræður, að þeir sjá enga hættu. Tökum bara útflutninginn, sem verður að miða kostnað sinn við framleiðslu á þann hátt, að hann geti selt hana með einhverjum hagnaði miðað við gildandi verðlag, og allt í einu verður hann að leggja á svo og svo mörg prósent til að standast aukinn kostnað. Þeir sjá enga hættu í þessu atriði. En þarna liggur sú stórkostlega hætta, ekki einungis fyrir atvinnurekendur, heldur miklu meiri hætta fyrir verkalýðinn, að atvinnumálin í landinu fari í strand, eins og hefur orðið m. a. á þeim stöðum, sem hv. 4. þm. Reykv. minntist á, t. d. Bíldudal og Flateyri, þar sem ekki aðrir reka þessa atvinnu en verkalýðurinn sjálfur, svo sem frystihúsin og útgerðina. Þeir hafa orðið að gefast upp fyrir þær sveiflur, sem orðið hafa. (**HV:** Fer atvinnulífið á Flateyri af stað með samþykkt þessa frv.?) Ef það færi af stað á þessum stöðum eftir þeim kenningum, sem þessi hv. þm. heldur fram, að hækka launin, hvers vegna taka þessir menn sig ekki til og fara eftir sínum kenningum? Hvers vegna hækka þeir ekki launin hjá sér, án þess að spyrja Alþýðusambandið að?

Hvað hótanir hv. 6. landsk. snertir, er slíkt ekkert nýtt. Hann hótaði nákvæmlega því sama í haust, þegar hann var með bægslagang út af þessu máli, að beita Alþýðusambandinu á móti öllum atvinnurekendum í landinu og ríkisstj.

Út af því, sem hv. þm. spurði, hvort ég hefði enn sömu skoðun á þessu máli og í haust, skal ég svara alveg játandi. Hv. þm. hefði átt að lesa rétt það, sem hann las. (**HV:** Það var rétt lesið.) Það var slitið úr samhengi. Sá kafli ræðunnar, sem hann las upp, voru rök mín fyrir því, hvers vegna ég vildi ekki láta hækka laun embættismanna á s. l. þingi eins og var gert. Og það var ekki í sambandi við málið, sem hann minntist á, enda hvergi minnzt á vísitölubreytingu í þeim kafla. En hv. þm. er vanur að taka mál þannig, kippa úr samhengi, snúa öllum sannleika og halda allt öðru fram en menn hafa sagt. Ef hv. þm. vildi halda áfram minni ræðu, mundu skýrt koma fram í næsta kafla öll þau rök, sem ég færi fyrir því, að ekkert vit sé í því að halda áfram launahækkun í landinu og sízt af öllu að láta hana koma fram í vísitöluhækkun, vegna þess að það skapar svo mikið öryggisleysi í landinu. Og sannleikurinn er sá, að eini kaflinn, sem hlustandi var á í ræðu hv. þm., var kaflinn úr ræðu minni, og hefði hann átt að halda áfram að lesa þann kafla til enda. En þá hefði hann ekki getað slitið eins mikið úr samhengi og hann gerði.

Ég hef nú sýnt fram á tvennt: Annars vegar, að þetta frv. hefur ekki gefið neitt tilefni til þess ofstopa, sem hér hefur verið hafður í frammi af stjórnarandstöðunni, og í öðru lagi, að mín afstaða til þessa máls er gersamlega óbreytt frá því, sem var fyrir jól. Mér þykir rétt að láta þetta koma fram, úr því að ég er beðinn um það, en hef hins vegar ekki hugsað mér að tefja þetta mál miklu lengur, því að sannleikurinn er sá, að það er útilokað að ræða alvarleg mál við menn, sem haga sér eins og hv. 6. landsk. Er merkilegt, að eftir að hann hefur setið á þingi þó nokkurn tíma, skuli hann ekki hafa öðlazt meiri ábyrgðartilfinningu en kemur fram í ræðu hans nú.

Hannibal Valdimarsson: Það er ekki í fyrsta sinn, sem hv. þm. Barð. vill reyna að gerast kennari minn í þinglegum vinnubrögðum. Og hann hefur viljað taka fleiri á hné sér. Hann segir hæstv. dómsmrh. til og fleirum af sínum elskulegu flokksbræðrum. Og allur er þessi nemendahópur hans jafntornæmur á þessi þinglegu fræði. Alltaf heldur áminningunum áfram, og alltaf er nóg verkefnið hjá honum. Ég held hann ætti að fara að hætta þessari sífelldu kennsluviðleitni sinni við þingbræður sína. Ekki er nóg með það, að hann vilji kenna, hvernig eigi að halda ræður og hvaða orðaval að viðhafa, heldur er hann oft og einatt að vanda um við þm., hvernig þskj. eigi að vera. Er ekki langt síðan hann tók einn þm. til kennslu í því efni. Ég ætla samt að hætta á að nota minn þinglega rétt til að ræða mál eins og mér sýnist, hvað sem „þingmaður fjárveitinganefndar“ og „yfirþingmaður efri deildar“ vill segja fyrir.

Það er engum vafa undirorpið, að þetta frv. er orðið til af því, hvernig fór um þá bindingu á frelsi verkalýðssamtakanna um ákvörðun kaupgjalds í landinu, sem meiningin var að hefta í haust með till. hæstv. viðskmrh., en ríkisstj. uppgötvar nú og viðurkennir hér með að hafi misheppnazt, — viðurkennir með því að flytja þetta frv. Af því að ekki tókst að hefta frelsi verkalýðsfélaganna nú fyrir jólin, er talinn sá þjóðarvoði á ferðum, að kaup verkalýðsins hækki frá mánuði til mánaðar, eftir vísitölu mánaðarins á undan. Og það er þessi þjóðarvoði, sem ríkisstj. telur vera á ferð, sem á að hefta með þessu frv. Og þá á að slá föstu, að ekki einungis hinir fastlaunuðu embættismenn ríkisins, heldur líka það fólk, sem tekur kaup samkv. samningum stéttarfélaga, skuli fá laun sín greidd með vísitölunni 123. Þetta held ég sé hafið yfir allan vafa, og veit ég, að ég muni fá kennslustund hjá hv. þm., ef einhver misskilningur hefur komizt inn af tornæmi mínu.

Hæstv. ríkisstj. segist ekki viðurkenna, að lagasetningin í haust hafi neitt misheppnazt. Þetta frv. eru alger mótmæli gegn því. Þeir segja, að það sé svo vafasamt, hvort lagasetningin frá í haust haldi, lögfræðingar séu ekki einu sinni sammála, og það muni þess vegna valda þrætum. Og þeim stendur stuggur af þrætum. Þó er til félagsdómur í landinu, sem ætti að geta á tiltölulega skömmum tíma skorið úr, hvort kaup skuli greiða eftir vísitölu hvers mánaðar samkv. ákvæðunum í haust eða hvort kaup sé fast. Og það sýnist ekki þurfa að standa nein ógn af því, þó að félagsdómur kveði upp sinn úrskurð. En það er áreiðanlegt, að það er að fara úr öskunni í eldinn, þegar er verið að skjóta sér undir hugsanlega misklíð um skilning laganna frá í haust og er nú rokið í að flytja frv. til að binda vísitöluna á vinnulaun samkv. stéttarfélagslegum samningum við 123 stig. Það mun valda — ekki þrætum, heldur ófriði. Þetta frv. í þessu formi á að tryggja það, sem ætlazt var til að næðist með breyt. 19. desember. Þetta er þess vegna önnur tilraunin hjá ríkisstj. til að ná þeim tökum á verkalýðssamtökunum, að þau séu bundin vísitölu á kaupi.

Hv. þm. Barð. hefur nú verið að útskýra það, að hann geti fylgt því, að kaup verkamanna sé greitt með sömu vísitölu og opinberra starfsmanna, brátt fyrir allan þann mikla aðstöðumun, sem hann hefur réttilega lýst að sé milli þessara tveggja aðila. Hann segist geta vel verið sama sinnis og í haust og fylgt þó lögbindingu á sömu vísitölu fyrir verkafólk og opinbera starfsmenn. Ver hann sig með því, að ég hafi slitið ummæli hans frá því í haust úr samhengi. — Nú var tilefni þessa kafla í ræðu hv. þm. Barð. það, að ég hafði sagt, að ef kaup opinberra starfsmanna yrði með lögbundinni vísitölu allt árið 1951, þá yrði því þar með slegið föstu, en samkv. kenningu viðskmrh. um algert frelsi verkalýðsfélaganna til að ákveða sitt kaup og þar með fulla heimild til að láta kaup breytast samkv. vísitölu, — og því hélt ég fram samkv. skýringu viðskmrh., — þá mundi verða bil, kannske geysimikið bil, milli kaupgjaldsins, sem verkalýðssamtökin byggju við annars vegar og opinberir starfsmenn hins vegar. Ég tók sem dæmi, að verkalýðssamtökin fengju sitt samningsbundna kaup reiknað út með vísitölunni 130—150. Þau dæmi voru beint tekin úr umr. í desember. Og þá er það, sem hv. þm. Barð. grípur tækifærið til að svara, — svara þeirri spurningu, sem ekki var beint til hans, heldur til ráðh. (**GJ**: Það svar liggur aftar en þessi kafli.) Ég fer ekki villur vegar. Í innganginum að þessari tilvitnun, sem ég las í samhengi, snerta allar málsgreinarnar þetta atriði. Inngangurinn er þessi, með leyfi hæstv. forseta: „Í sambandi við fyrirspurn hv. 6. landsk. til hæstv. ráðh. um það, hvort hann héldi, að starfsmenn ríkis og bæja mundu una því, að ....“ Síðan tek ég allan kaflann, hvers vegna hann hugsar sér þetta, allt til enda, og hætti ekki við upplesturinn fyrr en þm. er kominn út í allt aðra sálma. Ég las allt hans svar, þar sem hann rökstyður, að verkamenn hafi meira frjálsræði um kaup eftir hærri vísitölu og væri ekkert að athuga við það, þar eð þeir stæðu höllum fæti gagnvart margs konar öryggi, sem hinum væri tryggt. Ég tók undir rök hv. þm. og hæstv. ráðh. og kvað mér líka þetta vel. Ég þóttist skilja, að það frelsi, sem var verið að tryggja verkalýðssamböndunum með breyt. í haust, fæli í sér, að með því að vísitala er auglýst 128, yrði kaupgreiðsluvísitala verkalýðsins reiknuð þar eftir. En þá er rokið upp af hv. þm. Barð. og ráðh. og ríkisstj. að hefta þetta, eftir allar frelsisyfirlýsingarnar. Það hlýtur að byggjast á breyttu viðhorfi frá því í haust.

Með því að ræða þetta mál svo ýtarlega við hv. þm. Barð. finn ég, að ég hef brotið gegn ráðleggingu, sem dómsmrh. veitti mér skömmu eftir að ég kom á þing 1946. Þá sagði hann við mig, að auðséð væri, að ég væri nýkominn á þing, þar sem ég enn þá væri að tefja mig á að svara hv. þm. Barð., því að allir þm., sem búnir séu að sitja á þingi nokkurn tíma, séu löngu búnir að læra það að virða hann ekki svars og það mundi mér lærast líka. Ég játa, að ég hef oft hugsað til þessa heilræðis hæstv. ráðh. og stundum hagað mér eftir því, en því miður ekki alltaf. Mun ég muna þetta heilræði enn betur eftirleiðis.

Hæstv. ráðh. sagði, að ríkisstj. hefði af veikum mætti verið að berjast við dýrtíðina. Já, það er áreiðanlega víst, að það er af mjög veikum mætti! Því að fæstir í landinu hafa orðið þess varir, að nein barátta móti dýrtíðinni væri hafin af hálfu hæstv. ríkisstj. Hvað á að segja um úrræðið, sem nú virðist vera á prjónunum hjá hæstv. ríkisstj. til hjálpar vélbátaútgerðinni, að láta útgerðarmenn hafa helming af þeim gjaldeyri, sem vélbátaútgerðin framleiðir, til frjálsra afnota á þann hátt, að þær vörur, sem fyrir hann yrðu keyptar, verði ekki háðar verðlagseftirliti? Er það barátta móti dýrtíðinni? Það verður glæsilegur árangur af þeirri baráttu! Óefað 50—60% verðhækkun á þessum vörum að minnsta kosti, í skjóli þess, að engum öðrum gjaldeyri verði varið til að kaupa sömu vörur. Það verður einokun, sem kaupmenn og útgerðarmenn fá til að græða á. Halda menn, að þessi ráðstöfun hafi engin áhrif á dýrtíðina? Þetta sýnir vel, af hve veikum mætti og vilja ríkisstj. berst gegn dýrtíðinni. Það á að binda kaupið, ekki aðeins hinna föstu opinberu starfsmanna, við 123 vísitölustig, einmitt þegar svona holskeflur, framleiddar af ríkisstj., vofa yfir, það á einnig að binda kaup verkafólks í landinu við 123 vísitölustig. Þessar ráðstafanir finnst mér bera allan keim af

lítilli umhyggju fyrir hag verkalýðsins, sem býr við stopula atvinnu, Og ég er sannfærður um, að aldrei verður litið öðruvísi á af verkalýðssamtökunum en að þetta séu mjög óvinsælar ráðstafanir frá hendi ríkisstj. Hæstv. dómsmrh. bað mig að hugsa mig tvisvar um í afstöðu minni til þessa máls, og hann óskaði þess, að ég sýndi þann þegnskap og þá drenglund, sem ég ætti til, með því að þola möglunarlaust festingu kaupgjaldsins í vaxandi dýrtíð. Ég fullyrði, að slík afstaða verkalýðsfulltrúa á Alþingi gagnvart þessu máli, að taka þvingunarráðstöfunum ríkisstj. með þögninni, hún væri ekki til þess, að sýna verkalýðsstéttinni drengskaparlund. — Hæstv. ráðh. óskaði einnig eftir því, að ég styddi ekki að því, að verkalýðurinn færi nú út í verkföll til að ögra ríkisstj. Það er af og frá, að slíkt vaki fyrir mér, og ég mundi alls ekki vilja stuðla að því á nokkurn hátt, að verkalýðurinn legði út í pólitísk verkföll. En ef verkfallsalda rís nú út af þessari lagasetningu, sem hér er verið að koma á, þá yrði ekki um pólitísk verkföll að ræða á nokkurn hátt. Það væru hagsmunasamtök fólks, sem væri statt í neyð. Er búið væri að binda kaupgjald við mikils til of lága vísitölu, eða 123 stig, um leið og boðuð er stórfelld dýrtíðaralda í landinu, þá væru verkalýðsfélögin algerlega neydd til að knýja fram kauphækkanir, og það yrði að gerast með þrálátum verkföllum, ef atvinnurekendur féllust ekki á hækkun grunnkaups. Önnur leið yrði verkalýðsstéttinni ekki fær, ef ríkisstj. býr þannig í pottinn, sem hún hyggur. Og ég er sannfærður um, að enginn ráðherra er svo blindaður í garð verkalýðsins, að ef hann gætti sanngirni og drengskapar, þá kæmist hann að þeirri niðurstöðu, að slík barátta væri síður en svo sprottin af hatri til ríkisstj., heldur blátt áfram af því, að fólkið væri statt í neyð. Hver er nú þróun verðlagsmála í landinu síðan gengisbreytingarlögin voru sett? Svo sannarlega er hún allathyglisverð. Þá var ákveðið, að framvegis skyldi vísitalan, sem þá var miðuð við gildandi verðlag og var 300 stig, vera 100 stig. Þá var sú byrði lögð á herðar verkalýðsins, að kaup skyldi verða óbreytt til 1. júlí á síðastliðnu sumri, en þá skyldi það hækka í samræmi við þágildandi vísitölu, en haldast síðan óbreytt til ársloka. Þá fékk ríkisvaldið tækifæri til að sýna, hvort það væri þess megnugt að koma í veg fyrir verðbólgu og halda vísitölunni óbreyttri, þegar búið var að útiloka áhrif kaupgjaldsins á hana. En hver varð svo niðurstaðan? Sú vísitala, sem átti samkvæmt reikningi ríkisstj. að vera 112 stig í júlí síðastliðnum, en var raunar að minnsta kosti 115 stig, er nú 6 mánuðum síðar komin upp í 123 stig. Hefur þá hækkun hennar á þessum 6 mánuðum numið 11 stigum, án þess að kauphækkanir hafi haft nokkur áhrif á hana, og það held ég sé rétt með farið, að 11% aukning vísitölunnar hafi aldrei átt sér stað á 6 mánuðum fyrr, aldrei á meðan kaup tók breytingum frá mánuði til mánaðar. Dýrtíðaraukningin var einmitt örust á þessum tíma. Og hver er þá skýringin? Hún er sú ein, að ríkisstj. hefur ekki verið eins vakandi gagnvart verðlagi og áður en kaupgjaldið var fest og hefur ekki spornað við dýrtíðinni, er henni var ljóst, að kaupgjaldið kom ekki á eftir verðhækkununum. Hún hafði ekki ábyrgðartilfinningu til að halda grið verkalýðsfélaganna. Ef hæstv. ríkisstj. hefði borið gæfu til að geta sagt við síðustu áramót: Sjáið nú! Nú hefur kaup ekki haft áhrif á vísitöluna og því er hún enn 112 stig eins og í júlí, — þá hefði verkalýðurinn sannfærzt um það, að ríkisvaldið væri þess megnugt að stöðva dýrtíðina, ef hann léti sér nægja óbreytt kaup. En í stað þess horfumst við nú í augu við þá staðreynd, að dýrtíðin vex meira en nokkru sinni fyrr og að ríkisvaldið sýnir því minni ábyrgðartilfinningu sem því verður ljóst, að kaupgjaldið fylgir ekki verðhækkununum. Það er engin leið fyrir ríkisstj. að halda því fram, að kauphækkanir, sem byggðar eru á útreikningi vísitölu fyrir mánuðinn á undan, séu orsök dýrtíðaraukningar. Ég get ekki skilið annað en vísitölureikningur hafi þann aðalkost að koma ábyrgðinni á kaupgjaldi í hendur ríkisvaldsins. Ef ríkisvaldið sýndi vilja og getu til að stöðva dýrtíðina, hvað gerðist þá? Jú, kaup mundi standa í stað. Það mundi engin kauphækkun eiga sér stað frá mánuði til mánaðar, ef ríkisvaldið kæmi í veg fyrir aukna dýrtíð. Og ef það gæti komið vísitölunni niður á við með því að minnka dýrtíðina, þá mundi kaupið lækka um leið. Ég veit ekki, hvernig hægt er að gefa ríkisstj. betri leið til að kontrólera kaupgjaldið. En að ætla sér í hraðvaxandi dýrtíð að fella vísitölukerfið niður og setja kaup fast eins og það var í janúar síðastliðnum, treysta síðan á það, að grunnkaupi verði ekki breytt með samningum við atvinnurekendur, því að líkurnar séu engar fyrir verkalýðinn að fá slíka hækkun, vegna þess að atvinnuleysi sverfi svo fast að, að hann þoli ekki þá vinnustöðvun, sem slík hækkun mundi kosta, — það er að beita aðstöðu sinni til að kúga verkalýðinn í landinu, en ekki að sýna honum vinsemd eða skilning. Og það er þetta, sem nú er verið að reyna að búa um lagalega, að verkalýðurinn geti enga vörn sér veitt gegn atvinnurekendunum og ríkisvaldinu, nema með því að fara út í þrálát verkföll, sem hann hefur engin efni á.

Hæstv. dómsmrh. sagði áðan, að þessi lög ættu að fyrirbyggja, að kaup hækkaði samkvæmt gömlum samningum. Hverju máli skiptir það, hvort kaup hækkar samkvæmt gömlum eða nýjum samningum, ef þessi löggjöf fyrirbyggir ekki, að hægt sé að gera þessa nýju samninga? Stendur ekki ríkisvaldinu sama ógn af kauphækkun, hvort sem hún stafar af uppbót vegna vísitöluhækkunar eða af grunnkaupshækkun, sem fæst með nýjum samningum? Ég get ekki séð, að þar sé neinn munur á fyrir ríkisvaldið. Ég held, að það sé engin leið að fá samstarf við verkalýðinn í landinu um það að halda kaupinu óbreyttu, nema því aðeins að ríkisvaldið taki þá rögg á sig að koma í veg fyrir, að verðhækkanir eigi sér stað. Ég veit, að ríkisstj. mun bera það fyrir sig, að þarna sé um að ræða dýrtíðaraukningu, sem stafi af verðhækkunum erlendis og hún geti ekki ráðið neitt við. En þá ætti hún bara að gera samning við verkalýðinn og segja: Þið skuluð fá bætta alla þá dýrtíðaraukningu, sem við ekki ráðum við, en önnur verðhækkun skal ekki eiga sér stað. Og þá gæti hún séð, hvort breytingar á kaupi yrðu miklar eftir slíka samninga. En verkamönnum er ekki boðið upp á þetta, heldur treyst á það, að atvinnurekendavaldið muni brjóta þá á bak aftur, um leið og skellur yfir holskefla nýrrar dýrtíðaröldu, sem ríkisstj.

hefur hrundið af stað með því að fá mikinn hluta gjaldeyrisviðskiptanna í hendur útgerðarmönnum og bröskurum, sem hún hefur ekki enn sýnt sig að geta haldið í skefjum. Þegar svona er að farið, þá er óhjákvæmilegt, að afleiðingarnar verði verkföll, sem eru byggð á fullkomlega réttmætum grundvelli, þar sem verið er að virða að vettugi hagsmuni þess fólks, sem sífellt berst í bökkum. Og verkföllin eru jafntilfinnanleg fyrir þjóðina alla, þótt til þeirra sé stofnað með fullri sanngirni. En þegar svona er á málunum haldið, þá eru þau óumflýjanleg, og þessi löggjöf mun verða til þess, að verkalýðurinn mun brynja sig gegn því, að kjör hans verði skert um einn eyri, því að hingað til hefur hann orðið að þola kjaraskerðingu til þess að gefa ríkisstj. tækifæri til að sýna, hvort hún væri þess megnug að stöðva verðbólguna í landinu. Sá prófsteinn hefur nú sýnt sig og ríkisstj. ekki í vil, og því er það lágmarkskrafa verkalýðsins, að kaup hans verði ekki lækkað agnarögn frá því, sem nú er. Hver tilraun sem kann að verða gerð til að skerða kjör hans mun nú verða brotin niður. Mér er sama, þótt hv. þm. Barð. telji þetta ógnun við ríkisstj. Þetta eru þær staðreyndir, sem hann og ríkisstj. verða að horfast í augu við nú.

Brynjólfur Bjarnason: Hæstv. ráðherrum hefur ekki borið saman um eitt atriði í þessu máli. Hæstv. dómsmrh. hélt því fram í ræðu sinni, að ákvæði laganna, sem samþ. voru fyrir jólin um þetta efni, væru óskýr, og því væri Alþingi skylt að gera þau skýrari. Hæstv. landbrh. hóf aftur á móti mál sitt með því, að þau væru fullkomlega skýr og ekki ástæða til að deila um nein ákvæði í þeim. Síðar kom í ljós, að það, sem ráðherrann átti við, var það, að sama vitleysan væri í gengisbreytingarlögunum sjálfum og lögunum, sem samþ. voru fyrir jólin. Ég skal sízt neita því, að það megi finna vitleysu í gengisbreytingarlögunum. Reynslan hefur einmitt sýnt það, að þau eru ein vitleysa frá upphafi til enda. En hvað viðvíkur skoðun ráðherrans á því ákvæði þeirra, að kaup skuli ekki breytast samkvæmt vísitölu frá 1. ágúst, þá er það skýrt tekið fram í greinargerðinni, hvað átt er við með því. Þar stendur, að 1. ágúst 1951 verði komið á fullt jafnvægi í verðlagsmálunum og því þarflaust að hafa ákvæði um, hvernig kaup skuli greiða eftir þann tíma. Þá verði verðlag tekið að lækka og traustum grundvelli komið undir atvinnulíf þjóðarinnar. Vitleysan er sem sé ekki fólgin í orðavali, heldur í forsendunum fyrir gengisbreytingarlögunum, og annað hefur ekki gerzt en reynslan hefur sannað, að þessar forsendur voru rangar. Það er ekkert annað, sem hefur gerzt. En þetta vissum við nú allir fyrir jól, er umrædd lög voru samþ., og er það því engin afsökun fyrir afglöpum ríkisstj.

Formælendur þessa frv., sem hér er verið að ræða, hafa haldið því fram, að við stjórnarandstæðingar höfum lagt þann skilning í frv., sem var samþ. fyrir jólin um þetta efni, að tilgangur þess væri sá að fyrirbyggja kauphækkun í hlutfalli við vísitöluna eftirleiðis. Þetta er alveg rétt. Stjórnarandstaðan sakaði ríkisstj. um, að þetta væri tilgangur hennar með frv. En allar ræður hæstv. viðskmrh. virtust ganga út á það eitt að mótmæla þessum skilningi stjórnarandstöðunnar. Nú hefur það hins vegar komið í ljós, að skilningur stjórnarandstöðunnar á frv. hefur verið réttur og ræður hæstv. viðskmrh. fleipur eitt. Kjarninn í þessu atriði er sá, að ríkisstj. vill ekki viðurkenna, að hún er að gera tilraun til að lögfesta kaupið. Ég fullyrði, að verkalýðurinn á fullan rétt á að fá kaup sitt greitt samkvæmt þeim samningum, sem hann hefur áður gert, og að bændur eiga þann rétt óskertan, sem verið er að taka af þeim með 2. gr. þessa frv. Frv. er eingöngu fram borið til að svipta þessa aðila réttindum sínum.

Ræða hæstv. dómsmrh. hér áðan var annars athyglisverð að mörgu leyti. Hann hélt því fram, að með þessum lögum væri verkalýðsfélögunum tryggt fullt frelsi. Nú benti ég á það áðan, að með þessum lögum eru löglegir samningar verkalýðsfélaganna að engu gerðir. Þegar þau eiga nú á hættu, að ríkisvaldið geri samninga þeirra að engu jafnharðan og þeir eru gerðir, þá er mér spurn: Hvers virði er slíkt frelsi fyrir verkalýðsfélögin? En aðalinntak ræðu hæstv. dómsmrh. var þetta: Verkalýðurinn getur fengið kauphækkun með því að gera verkföll, en hann má bara ómögulega fá hana fyrirhafnarlaust. Með verkföllum getur hann fengið kauphækkun, en það skal kosta hann baráttu, því að það má ómögulega semja við hann friðsamlega. Það er ekkert við því að segja samkvæmt þessari kenningu, þótt atvinnulífið liggi dautt eða lamað um lengri tíma, eða þótt tapist 100 millj. kr. í erlendum gjaldeyri, eins og í togaradeilunni í sumar. Bara að verkalýðurinn fái ekki samkv. samningum sitt kaup eins og honum ber baráttulaust! Sem sagt, ráðherrann vill stríð, og mér er spurn hvers vegna. Ef þjóðin í heild tapar svo tugum millj. kr. vegna verkfallanna, skyldu þá að þeim afstöðnum verða betri skilyrði til að unna verkalýðnum betri kjara, og skyldi slíkt tap borga sig betur, jafnvel þótt ekki næðist nein veruleg kauphækkun með verkfallinu, en ef orðið yrði við sanngjörnum kröfum launþega í upphafi? Þessi afstaða hæstv. ráðh. er alltorskilin og ekki undarlegt, þótt spurt sé: Vill hann fá deilur til að geta velt ábyrgðinni á efnahagsmálunum yfir á aðra, eða telur hann sig vera búinn að búa svo í haginn, að nú sé tími til þess kominn fyrir hann og hans stétt að láta kné fylgja kviði gegn verkalýðnum í landinu og berjast við hann til úrslita? Hæstv. ráðh. mundi kannske svara, ef svo færi, að til verkfalla kæmi, að það væru verkalýðssamtökin, sem hæfu stríðið. En það er ekki rétt, — það var hafið af hæstv. ríkisstj. með gengislækkunarl., með þeirri árás, sem felst í frv., sem hér er til umr., og þeim ráðstöfunum, sem nú hafa verið gerðar á bak við þingið. Mótaðgerðir verkalýðsfélaganna eru aðeins óhjákvæmileg varnarbarátta.

Hæstv. landbrh. lagði ríka áherzlu á það í ræðu sinni, að bændur mundu krefjast hækkaðs verðs á landbúnaðarafurðum, ef verkamönnum yrði greitt kaup samkvæmt samningum. Má ég spyrja: Hvað getur það gagnað bændum, ef sú kenning hans og félaga hans er rétt, að dýrtíðin hækki að sama skapi og éti upp verðhækkanirnar, hvort sem um er að ræða kauphækkanir eða verðhækkanir á landbúnaðarafurðum, — hvað gagnar þá bændur að krefjast hækkaðs verðs? Ef kenningin væri rétt, þá hlytu þvert á móti slíkar verðhækkanir á land-

búnaðarafurðum að vera stórtjón fyrir bændur, vegna þess að þær hafa að jafnaði í för með sér rýrnandi sölu. Þetta er sem sagt ein sönnunin fyrir því, að þeir trúa ekki sínum eigin kenningum, þeir afsanna þær sjálfir í sömu ræðunni sem þeir flytja þær með mestum fjálgleik. Annars er það um þetta að segja, að þó að verð á landbúnaðarafurðum hækki sem svarar auknum framleiðslukostnaði vegna þeirra kauphækkana, sem leiðir af hækkaðri verðlagsvísitölu, sem verkalýðsfélögin fengju samkvæmt samningum, þá skiptir það ekki miklu máli fyrir verðlagsmyndun í landinu, vegna þess hvað kaupgjaldið er orðið sáralítið brot af framleiðslukostnaði landbúnaðarafurða.

Að lokum vil ég minna hv. þdm. á það, en enginn af ráðh. hefur svarað því, sem ég kom inn á í minni fyrstu ræðu, hvort þeir teldu fært, að l. verði látin verka aftur fyrir sig, þannig að ekki beri að greiða kaupgjald samkvæmt samningum eða samkvæmt því, *sem dómstólarnir kynnu* að skera úr, frá 1. febr. og þangað til l. öðlast gildi. En samkvæmt þessum l. er tekið fram, að frá 1. febr. skuli þau vera í gildi, — þau eru því látin verka aftur fyrir sig. Það hefur enginn svarað þessari spurningu, hvort menn telja fært að láta l. verka aftur fyrir sig. Af hverju hæstv. ríkisstj. hefur ekki svarað þessu, veit ég ekki, en ég tel víst, að það sé vegna þess, að henni hafi orðið ógreitt um svör.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Það lítur út fyrir, að formælendur frv. óski fyrir sitt leyti að hafa um það sem fæst orð, og er það kannske ekki meira en efni standa til, en þá finnst mér að þeir hafi átt að haga orðum sínum nokkuð á annan veg en þeir hafa gert, ef þeir vildu stuðla að því, að litlar umr. yrðu um þetta frv.

Hæstv. dómsmrh. tók það fram snemma í ræðu sinni, að hann vildi mega vænta þess, að skilningur þjóðarinnar á nauðsyn gengislækkunar og áframhaldandi lagabreyt. um það efni væri svo mikill, að verkalýðssamtökin af þeim sökum legðu ekki út í baráttu til að koma fram kauphækkunum eða vitfirrtu kauphækkunarkapphlaupi, eins og einhver orðaði það. *Ég verð í þessu sambandi að rifja* upp nokkuð það, sem allan þann tíma, sem gengislækkunin hefur verið til meðferðar, hefur komið fram af hálfu formælenda hennar.

Þegar frv. var lagt fram á s. l. vetri, þá var talið, að höfuðtilgangur þess væri sá, að tryggja afkomu útflutningsatvinnuveganna og þar með næga atvinnu fyrir verkafólk í landinu og óskert raunverulegt kaup að öðru en því, að nokkur tími kynni að líða þangað til verðhækkanirnar væru að fullu bættar, en að öðru leyti skyldi raunverulegt kaupgjald vera óskert. Það var látið í veðri vaka, að þessar ráðstafanir væru gerðar beinlínis með hag verkalýðsins fyrir augum, til þess að tryggja honum óskert raunverulegt kaup og sæmilega örugga atvinnu. Í marzmánuði í fyrra óttuðust sumir, að atvinnuleysi væri fram undan, og því var haldið fram, að þær grunnkaupshækkanir, sem orðið hefðu meðan kaupgjaldsvísitalan var við 300, hefðu *stofnað til verðbólgu og sett kaupgjaldið* í hættu og þar með hagsmuni verkalýðsins sjálfs. Úr þessu átti að bæta með gengisl., og í jólamánuðinum þurfti enn að bjarga, þótt það væri sú varanlega lausn, sem fundin var í marz. Þá var atvinnuleysið farið að gera vart við sig, og þá var kaupgjaldið raunverulega orðið stórum lægra en það þó var í marz, sé miðað við vísitöluna eins og hún var þá, og mismunurinn var þetta í des., að verðlagsvísitalan var 123 stig, en kaupgjaldsvísitalan 115 stig. Það vantaði þetta til að menn fengju sama kaup og þegar l. voru sett, ef eingöngu er litið á verðlagsvísitöluna. Með þeim breyt., sem þá voru gerðar, er það tryggt enn betur en gert var 19. marz, sem þá var ætlað að gera, og 1. febr. er í þriðja skiptið farið að tryggja hagsmuni verkalýðsins. Nú er atvinnuleysið orðið raunveruleg staðreynd; tilfinnanlegt atvinnuleysi er á flestum stöðum landsins og óskaplegt á ýmsum stöðum, og enn er bilið breikkað milli kaupgjaldsvísitölu og verðlagsvísitölu, og ég er þess fullviss, að dýrtíðin á eftir að hækka stórkostlega á næstunni. Þegar gengisl. voru sett, þá var, eins og hér hefur komið fram í umr., talið, að *verðhækkanir mundu vera búnar að ná* hámarki í júlí—ágúst 1951 og því jafnvægi náð, sem um þetta átti að nást, og verkamönnum tryggt raunverulega sama kaup og þegar l. voru sett. Nú er, eins og ég sagði áðan, í viðbót við það, sem gert var fyrir jól, — að létta af þeirri skuldbindingu að greiða vísitöluuppbót eftir l. 6 mánuði eftir á, — nú á í viðbót við það að ógilda alla samninga, sem eru í gildi, um það, að vísitöluuppbót skuli greidd. Aðalóttinn hjá flm. gengislækkunarl. var sá, að öflug samtök verkalýðsins mundu knýja fram kauphækkanir umfram það, sem l. gerðu ráð fyrir, hækka grunnkaup sitt eða fá meiri vísitöluuppbót en l. áforma. Ef það væri ekki gert, þá töldu þeir öruggt, að l. mundu ná sínum tilgangi og jafnvægi væri komið á í ágúst 1951, og þá var heitið á verkalýðssamtökin að brjóta nú ekki l. niður með kröfum um kauphækkanir. Allir vita, að verkalýðssamtökin hafa sýnt, — ég verð að segja langlundargeð og ekki gert nokkra tilraun til þess að brjóta l. niður. Þau hafa sætt sig við þau ákvæði, sem í l. voru sett um uppbætur á kaup, þótt þær svöruðu ekki til dýrtíðaraukningar og þótt þær væru ekki greiddar fyrr en 6 mánuði eftir á frá því 1. júlí. Því er *augljóst*, að það, að l. ekki náðu tilgangi, stafar ekki af því, að verkalýðinn hafi skort það, sem hæstv. dómsmrh. kallar skilning á nauðsynlegum aðgerðum til þess að hindra meiningarlaust, háskasamlegt kauphækkunarkapphlaup, eins og hann orðaði það. Þvert á móti hafa verkalýðssamtökin allan þennan tíma látið sér nægja þær hækkanir, sem l. áttu að tryggja þeim. En hvað á nú að gera? Nú á að taka burt þær tryggingar fyrir kauphækkun, sem l. settu, og enn er heitið á skilning verkalýðsins, heitið á hann að virða nú l. og vera ekki að reyna að brjóta þau niður.

Ég verð að segja, að mér finnst nokkuð oft og nokkuð djarft höggvið í sama knérunn að gera þetta æ ofan í æ, að skerða svo hlut verkalýðsins, þótt hann hafi sætt sig við löggjöfina hingað til, þegar þess er gætt, að á sama tímabili hefur ríkisstj. gert beinar ráðstafanir til þess, að aðrar stéttir í þjóðfélaginu og einstaklingar hafi fengið sínar tekjur hækkaðar miklu meira en verkalýðurinn hefur fengið samkvæmt l. Það eru á sama tíma afnumin húsaleigul., til þess að húseigendur geti hækkað sína húsaleigu, og þau bráðabirgðal., sem

sett voru til málamynda, liggja fyrir yfirlýsingar um frá stjórnarvöldunum að hafa á engan hátt orðið til þess að koma í veg fyrir hækkun. Verðlagseftirlitið er afnumið á einni vörutegundinni eftir aðra. Til hvers? Til þess að þeir, sem þessar vörur hafa til sölu, geti hækkað álagninguna og skapað sér meiri tekjur. Póst- og símagjöld eru hækkuð þrefalt eða fjórfalt á við kauphækkun fólksins. Hitaveitan og rafmagnið hafa hækkað sínar tekjur um 50—60%, og svona mætti lengi telja. Innlendar afurðir, mjólkin, hækkaði strax í júlí, og um verðlagið í haust vita menn, samtímis því sem aukin var niðurgreiðsla landbúnaðarafurða. Það er vissulega nokkuð mikil dirfska að gera ráð fyrir því, að svona sé hægt að halda áfram. Það er fullyrt, að nú eigi að auka frelsið í verzluninni, frelsið til þess að braska með gjaldeyri og leggja meira á vöruna en enn er gert. Það er vitað, að margfaldur mannfjöldi fæst við verzlunina, fyrir utan brask, umfram það, sem þyrfti til þess að annast þessi störf, og ofan á það bætast margföld ráð og nefndir, sem mestu ráða. Sannleikurinn er sá, að við getum ekki vegna almennings í landinu lækkað lífskjörin án þess, að beint tjón hljótist af. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Heldur hann, ef vísitalan er komin upp í 150—160 stig í ágúst í sumar, sem ýmsir telja ekki ósennilegt, og talsvert atvinnuleysi er á þessu tímabili, — telur hann, að verkamaður með fjölskyldu í Reykjavík geti komizt af með óbreytt tímakaup, eins og það er nú, ef dýrtíðin hækkar um 20—30%? Ég er viss um, að mikill fjöldi af því fólki, sem hefur fyrir fjölskyldu að sjá og býr við venjulega húsaleigu, getur ekki gert það án þess að leita hjálpar hjá því opinbera. Stendur virkilega svo tæpt um afkomu Íslendinga, að það verði að setja verkalýðinn í heild sinni niður í þau sultarkjör eins og yrði, ef svo færi sem ég hef stiklað á og mér þykir ekki ólíklegt að komi fram? Þá er augljóst, að það er ýmislegt annað sem á að reyna að nema burt, ýmis annar kostnaður. Ég vil segja, að þar liggur næst og veitir mest öryggi að taka verzlunina, sem hver eftir annan reynir að gera sér að féþúfu, undir almenningsstjórn, allan innflutning, og skammta, ef nauðsynlegt er, og miða skömmtunina við þörf almennings og ríkissjóðs. Ef þetta væri gert, þá gæti þetta fólk, sem nú er í gagnslausum störfum við verzlunina, snúið sér að framleiðslustörfum og aukið þar með afkomu og útflutningsverðmæti þjóðarinnar. Þetta á að gera, þetta frekar en gengisbreytinguna, sem flestir sjá og viðurkenna að tæplega nokkur heil brú er í.

Hæstv. landbrh. fór um það mörgum orðum, að í rauninni væri þetta engin breyt. á l., það hefði aðeins verið sett 1. febrúar í staðinn fyrir 1. ágúst. Mér er ekki alveg ljóst, hvað hæstv. ráðh. meinar með þessu annað en þau vafaatriði, sem hann taldi að væru uppi um gildandi samninga, og þau væru náttúrlega hin sömu og jafnóljós 1. ágúst eins og 1. febrúar, og það er rétt, ef um vafaatriði er að ræða. Það má bæta því við, að náttúrlega var auðvelt að sjá við slíku vafaatriði fyrir 1. ágúst, ef l. stæðu óbreytt til þess tíma, því að í flestum tilfellum er nægur uppsagnarfrestur. En það er ekki það, sem skiptir máli í þessum efnum, heldur hitt, eins og áður er sagt, að eftir gengisl. frá því í marz, þá er alveg tvímælalaus réttur verkalýðsfélaga til þess að fá bætta þá verðhækkun samkvæmt vísitölunni, sem skapazt hefur á tímabilinu frá janúar til júlí, og það er vitað, að á þessu tímabili verða stórfelldar hækkanir, og tilgangurinn með l. er sá einn að fyrirbyggja það, að þessar hækkanir falli í verkalýðsins hlut, án þess að hann berjist fyrir þeim með þeim ráðum einum, sem verkalýðsfélögin geta beitt. Ég vil taka undir það með sessunaut mínum, hv. 6. landsk., að ég fæ ekki betur séð en í rauninni sé verið beinlínis að gefa verkalýðsfélögunum tilefni — næstum því að mana þau á sig með því fyrirmæli, sem er í 1. gr., þar sem segir, að laun skuli ekki taka breytingum, nema gerðir séu nýir samningar. Atvinnurekendum er bannað að greiða hærri uppbætur en eftir þeirri vísitölu, sem er ákveðin; slíkt má ekki gera, nema því aðeins að nýir samningar séu um það ákveðnir á ný. Það er þetta, sem er aðalatriðið, en ekki hitt, hvort sömu erfiðleikar hefðu orðið út af því, að samningum hefði ekki verið sagt upp 1. apríl eða 1. ágúst. Það er rétt, að í báðum tilfellunum er um sömu erfiðleikana að ræða, ef um erfiðleika er að ræða, nema tíminn hefði verið notaður til þess að segja upp samningum. Nú er mér sagt, að allur þorri verkalýðsfélaga og atvinnurekenda hafi samninga með eins mánaðar uppsagnarfresti, þannig að ég fæ ekki betur séð en það sé sjálfsögð leið að láta atvinnurekendur um það að segja samningum upp og láta skeyta að sköpuðu um þann tíma, sem eldri samningar giltu í þessum efnum, því að ekki hefði það breytt neinu verulegu í þeim tilfellum, að atvinnurekendur hefðu talið sér fært að standa við sína samninga áfram. Það er býsna hart að taka af þeim ráðin í þessum efnum, þegar talað er um samningsfrelsi á báðar hliðar, milli atvinnurekenda og verkamanna, eins og gert var fyrir jól.

Hæstv. *dómsmrh.* sagði, að bændur hefðu fundið upp á því, mér skildist haft í hótunum um að knýja fram verulega mjólkurhækkun, ef l. væri ekki breytt, ekki vegna aukins kostnaðar við vinnslu og dreifingu, eins og það er orðað, en verulega mjólkurhækkun umfram það. En nú ætlar hæstv. ríkisstj. að taka rögg á sig og hindra bændur í þessu með l. Mér er ekki alveg ljóst, hvað hæstv. ráðh. meinar með þessu, að bændur ætli að knýja þetta fram. Það er til einhver stofnun, sem heitir framleiðsluráð landbúnaðarins. Hefur það vald til að ákveða verðlag? Ég held það þurfi ekki að gera ráð fyrir verkbanni af hálfu bænda. Ég veit ekki, hvað hæstv. ráðh. meinar. Þetta telur hann, að fyrirbyggja eigi með þeirri breyt., sem felst í 2. gr. frv., sem ég hef athugað og borið saman við gildandi l., og ég verð að segja, að mér finnst viðhöfð einkennileg aðferð til þess að taka af tvímæli í þessum efnum. Ég er ekki viss um, að hv. þm. hafi borið þetta saman, og ég leyfði mér að segja við 1. umr. að mér þætti einkennilegt orðalagið á þessari breyt. í frv. Í 2. gr. frv. segir: „Í stað 2. mgr. 9. gr. laga nr. 22/1950 komi ný málsgrein, svo hljóðandi: Ákvæði gildandi laga um verðlagningu landbúnaðarafurða skulu haldast. Hækka má á verðlagsárinu verð landbúnaðarafurða sem nemur hækkun á dreifingar- og vinnslukostnaði á sama hátt og verið hefur.“ Enginn ágreiningur er um þetta atriði, sagði hæstv. forsrh. Ef þessi gr. er borin saman við 9.

gr. laga frá marz 1950, sem hæstv. forsrh. las upp og lagði áherzlu á, þá segir: „Verð vöru, sem framleidd er og seld innanlands, má hækka sem nemur hærri erlendum kostnaðarliðum og sem nemur innlendum kostnaðarliðum, öðrum en launum“ o. s. frv. Þessi gr., segir hæstv. forsrh. nú, tekur aðeins til innlendra iðnaðarvara, ekki landbúnaðarafurða. Í 2. gr. frv. segir: „Ákvæði gildandi laga um verðlagningu landbúnaðarafurða skulu haldast.“ Er þetta óbreytt í frv. Í lögunum frá marz segir: „Tillit má þó taka til þeirra breytinga á launum, sem verða í júlí 1950.“ Nú er júlí löngu liðinn. Þessi málsgr. á að falla niður, en koma í staðinn: „Hækka má“ o. s. frv. Nú gefur hæstv. forsrh. þá skýringu, að það falli úr tilvísun til launahækkunar, og er það rétt. Ég hef stungið upp á því við hæstv. forsrh., að hann segi með skýrum orðum, hver ætlun hans er, og segi, að ákvæðin taki ekki til verðlags landbúnaðarafurða. Það þarf ekki að segja meira. Þá eru tekin af öll tvímæli. Hæstv. forsrh. þykir það óþarfi. Ef til vill lítur það þannig betur út í augum bænda. Ef til vill er aðeins verið að blekkja bændur og verkamenn. Það getur verið, að það líti illa út í augum bænda, ef það er sagt skýrum orðum. Þegar desemberlögin voru til umr., fluttum við brtt. í þessari deild, sem birtist á þskj. 451, um að frá 1. jan. 1951 skyldu laun hækka mánaðarlega samkvæmt vísitölu hvers mánaðar. Þessi till. var felld hér, og þykir mér sýnt af því, sem hér hefur verið sagt, að vonlaust sé, að hún komi til atkvæða aftur. Ég mun athuga fyrir 3. umr., hvort von væri með að leggja till. fram. Kannske heyrist eitthvað frá ríkisstj. Fari svo, að enginn kostur sé á, að ríkisstj. geti fallizt á hana, og sé rétt, að hér sé aðeins um að ræða lagfæringu á vanskapnaði eða missmíði á lögunum frá desember, vil ég leggja til, að felld verði brott 1. gr. desemberlaganna. Koma þá aftur í gildi hin upprunalegu ákvæði gengislækkunarlaganna frá marz. Þá er fyrirbyggt, að þær hækkanir, sem samkvæmt samningum verða 1. febrúar, komi fram fyrir 1. ágúst. Og vilji félögin kauphækkun á þeim tíma, geta þau ekki gert það nema með því að segja upp samningum og krefjast grunnkaupshækkunar. Er þá efnt fyrirheit, sem ríkisstj. gaf verkalýðnum, um að sú verðhækkun, sem yrði til 1. ágúst, skuli bætt með hækkuðu kaupi.

Ég álít bezt fyrir ríkisstj. að athuga, hvort þessi leið sé ekki bezta leiðin út úr ógöngunum. Ég get ekki sagt um, hvort verkalýðurinn geti unað þessu eða ekki. Væri þó ekki gengið lengra en gengið var í lögunum frá marz. Leyfi ég mér að beina þessu til ríkisstj. og vænti þess, að hún geti fallizt á þetta.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. 6. landsk. var að rifja upp gömul heilræði, sem ég gaf honum varðandi hv. þm. Barð. Svo er um mig og hv. þm. Barð., að við erum ekki sammála um allt, og fer í skapið á báðum, og má segja, að við stöndum jafnréttir á eftir og erum jafngóðir vinir eftir sem áður. Er málið aðeins skýrt á báða bóga.

Ég játa, að Alþýðusamband Íslands og verkalýðurinn hefur sýnt skilning á framkvæmd gengislaganna, og vænti ég þess, að þótt hvessi í nösunum í bili, megi takast að skapa samstarf, enda verði orðið við öllum sanngjörnum kröfum af verkalýðsins hálfu í þessu efni. Það var einkennilegt, að hv. 6. landsk. sagði, að ef vísitölureglurnar væru felldar niður, þá mundi ríkisstj. missa allt aðhald til þess að halda dýrtíðinni í skefjum. Ég vil benda á, að það er svo mikil hætta og alvara í atvinnulífinu, að það er nóg aðhald fyrir hverja ríkisstj. Þau rök, að kaup hafi ekki hækkað mánaðarlega, en vörur hækkað, fá ekki staðizt. Stjórnin vissi um s. l. áramót, hvað það þýddi, ef kaup hækkaði þá. Ríkisstj. varð að horfast í augu við staðreyndirnar, og hún vissi, hvað alvarlegar afleiðingar það hefði, ef kaup hækkaði þá. Hún hafði ástæðu til að standa gegn kauphækkun.

Sumir gera mikið úr því, að gengislækkunin hafi mistekizt. Ég veit, að allir þm. vita, að hér hefði orðið hrun, ef gengið hefði ekki verið lækkað. Hitt er annað mál, að öll vandræði verða ekki leyst með gengislækkuninni. Því er haldið á lofti, að dýrtíðin hafi aukizt meira en gert var ráð fyrir, er gengislögin voru sett. Það má deila um orsakirnar. En hækkun á erlendu vöruverði á drjúgan þátt í því, og er alls ekki í samræmi við gengislækkunina. Fróðir menn telja, að það nemi um 5 stigum í vísitölunni, sú hækkun erlendis, sem var ófyrirsjáanleg, þegar gengislögin voru sett.

Ég held, að það sé rétt, sem segir í grg. frv., að það er fráleitt að ætla að bæta tap, sem þjóðin verður fyrir vegna hækkunar erlendis á innfluttri vöru, með almennri kauphækkun, þegar íslenzkar útfluttar vörur hækka ekki einnig. Menn geta ekki veitt sér kauphækkun. Það er þjóðin í heild, sem tapar. Þegar athuguð er umsögn sérfræðinga Alþýðusambands Íslands, þá sögðu þeir, að eins og nú horfði í atvinnumálum, væri Íslendingum ekki bót að áframhaldandi kauphækkunum. Þær hækkanir, sem orðið hafa eftir gengislækkunina, eru þess vegna að verulegu leyti sífelldar vízlhækkanir, sem er afleiðing af hækkunum, sem voru orðnar áður. Er áætlað, að það nemi um það bil 10 stigum. Það er greinilegt, að ef þessu heldur áfram, verður þessi hækkun meiri og meiri án nokkurs gagns. Ég játa, að þetta kemur hart niður á almenningi og verður að reyna að stöðva það.

Mikið er talað um atvinnuleysi og að ríkisstj. noti sér það. Ég veit nú ekki, hvort það er rétt. Vélbátaflotinn hefur legið í höfn, og hefur það sagt til sín. Auk þess er það síldarleysið í sumar, og ekki er það ríkisstj. að kenna. Það þarf ekki að rifja frekar upp.

Hv. 1. landsk. fór með mín orð eins og viss persóna fer með biblíuna, en gat þó fengið einn félaga sinn til að kinka kolli, þegar hann fór með þessa útúrsnúninga. Hann sagði, að ég vildi, að efnt væri til verkfalla. Þetta er alger útúrsnúningur. Ég sagði, að ég vildi mikið til vinna, til þess að sættir héldust í þessu máli. Ég sagði, að löggjafarvaldið gæti ekki staðið undir sjálfkrafa hækkun dýrtíðarinnar, sem yrði, ef vísitölureglurnar héldu áfram að gilda. Vísitölureglurnar voru settar fyrir 10 árum, þegar allt annað viðhorf var í atvinnumálum. Ég benti á, að í lófa er lagið að koma fram hækkunum með samningum við atvinnurekendur eða knýja þær fram með verkföllum. Þetta er það frjálsræði, sem verkalýðurinn

vill hafa. Er mikils um vert, að samningsaðilar fái notið sín. Þegar á móti hefur blásið, hafa atvinnurekendur leitað til ríkisstj., til þess að geta haldið atvinnurekstrinum áfram. Í þessu þjóðfélagi verður atvinnureksturinn að geta staðið á öruggum fótum, en ekki vera styrkþegi ríkisins. Það verður hann ekki nema atvinnurekendur hafi ákvörðunarrétt um þau laun, sem þeir eiga að greiða. Það verður að láta kaupákvæðin vera eftir samkomulagi. En ég geri ráð fyrir, að hætt sé við verkföllum. Allir hv. þm. vita, að atvinnuvegirnir eru ekki þannig, að þeir geti staðið undir hærra kauplagi, nema þá með því að koma til Alþingis og heimta styrki. Það sjá allir, að hér er ekki verið að egna til ófriðar, heldur stuðla að eðlilegu og heilbrigðu atvinnulífi í landinu. Það er ekki verið að banna atvinnurekendum neitt. Síður en svo. Þeim er heimilt að greiða fulla vísitölu eða tvö- eða þrefalda. Það eina, sem gert er, er, að gömlu samningsákvæðin eiga ekki að halda gildi. Einfaldast er, að sá, sem setti lögin fyrir jólin, kveði á um, hvað þar er átt við.

Það, sem hv. 1. landsk. sagði að lögfræðingur hefði sagt, eru alveg helber ósannindi, það styðst ekki við flugufót. Þetta hefur enginn lögfræðingur sagt, enginn lögfræðingur né annar. Sumir hafa aðeins sagt, að málið væri ekki alveg ljóst, og aðrir, að það væri vafasamt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. viðhafði þau orð í ræðu sinni, að Alþýðusamband Íslands hefði sýnt glöggan skilning á framkvæmd gengislaganna. Verður ekki annað sagt en að sýnd hefur verið furðanleg þolinmæði, þótt þyngri byrðar kæmu á verkalýðinn en látið var í veðri vaka að þær yrðu, þegar verið var að koma þeim á. Var sagt, að kaup skyldi ekki breytast á 6 mánaða fresti. En hver varð kjararýrnunin? 8%, og er það ekki lítil kjararýrnun. En þetta þoldi verkalýðurinn möglunarlaust s. l. hálft ár, 1950. Í gengislækkunarlögunum er loforð um, að eftir að verkalýðurinn væri búinn að taka á sig kjararýrnun, eftir að hafa fengið óbreytt kaup fyrri hluta ársins, skyldi hann 1. ágúst 1951 fá fulla uppbót samkvæmt þeirri vísitölu, sem þá kæmi út. Þannig er verkalýðurinn búinn að bera þyngri byrðar en upphaflega var ætlað. Var þá ekki siðferðisleg skylda ríkisstj. að hlaupa til og breyta gengislækkunarlögunum, þegar verkalýðurinn hefur borið þessar þungu byrðar möglunarlaust? En hún hleypur til, þegar hún sér, að vísitalan muni vaxa, og ætlar að nema lögin úr gildi fyrir jólin, en tekst ekki. Skiptir það ekki máli fyrir verkalýðinn, að svona hefur til tekizt? Nú á fyrsta mánuði ársins hefur orðið 5% hækkun, og ef á næstu 6 mánuðum verður eins, eru það 30%, sem að óbreyttum gengislækkunarlögunum ætti að bæta með 30% álagningu á kaupið. Var gerð tilraun til að hlaupast frá þessu fyrir jólin, og nú er gerð úrslitatilraun til að svíkja þann verkalýð, sem tók á sig þyngri byrðar en lofað var samkvæmt lögum. Verði þetta frv. að lögum, skal búið við kaupgjaldsvísitölu 123 stig. Þetta á ekki að vera aðeins á fyrri árshelmingi, heldur allt árið 1951. Þetta kemur í staðinn fyrir það, að samkvæmt gengislækkunarlögunum mátti búast við því, að hún væri orðin 150—160 stig. Það er vægast sagt verið að svíkjast undan loforðum um að gefa fólkinu bætur eftir allar þessar þungu búsifjar. Atvinnurekendur og ríkisvaldið njóta þessa árið 1951. Svo er ríkið búið að svíkjast um þær bætur, sem það var áður búið að lofa. Fólkið hefði munað um það, hvort það væri reiknað með kaupgjaldsvísitölu 123 stig eða 160 stig. Verkalýðurinn þykist ekki eiga ríkisstj. gott að gjalda, þegar hún hefur hvað eftir annað svikizt um að mæta kröfum hans og þráfaldlega reynt að komast undan skuldbindingum sínum. Hæstv. ráðh. svaraði ekki þeirri fyrirspurn hv. 4. þm. Reykv., hvort hann teldi mögulegt, að verkalýðsfjölskylda kæmist af með minna kaupgjald en hún hefur núna. Það vita allir, að það er alls ekki hægt. Þetta var ekkert svar, sem hann var með.

Hv. 1. landsk. þm. benti á, að eins og nú stæðu sakir, þyrfti fólk kaupuppbót eftir vísitölu, en þyldi ekki verkföll. En kauphækkun í samráði við atvinnurekendur næst ekki nema með verkföllum. Það liggur í augum uppi, að verði þessi leið farin, verður ekki komizt hjá verkföllum. Málið liggur ekkert skýrara fyrir, þó að hæstv. ráðh. hafi reynt að svara þessu, því að hann kom ekki að kjarna málsins.

Í lok ræðu sinnar vék hæstv. ráðh. að því, að það væri aðeins verið að afnema sjálfkrafa kauphækkun eftir samningum, sem gerðir voru áður en gengislækkunarlögin voru sett. Það er eðlilegt, að samningar og ákvæði séu túlkuð eftir gildandi lögum. Til eru samningar, sem voru gerðir eftir gengislækkun, samningar verkalýðsfélaga á Vestfjörðum. Þar segir, að kaup breytist í fullu samræmi við vísitölu hvers mánaðar, nema annað sé ákveðið með lögum. Þessir samningar eru í fullu gildi, hvort sem þeir eru gerðir fyrir eða eftir gildistöku laganna.

Hv. 4. þm. Reykv. minntist á till., er við fluttum fyrir jólin, er við fórum fram á að lögfesta það, að kaupgjald breyttist í samræmi við vísitölu næsta mánaðar á undan. En ríkisstj. ætlar ekki að sættast á neitt. Ef hún vill sættir í þessu, er eðlilegast að fara að eins og í sumar, að hætta við lögfestinguna, fella niður 1. gr. l. síðan fyrir jól og heimila kauphækkun. Það kostar lítið að halda dýrtíðinni í skefjum, en það getur kostað mikið, ef ganga á á gefin loforð og ríkisstj. gerir ekkert til að halda verðlaginu í skefjum. Þetta væri smávægileg bót á móti loforðum gengisbreytingarlaganna. Þá var áætlað, að verðhækkunin yrði svo smávægileg, að jafnvægi næðist á fyrri helmingi ársins 1951. En nú hefur dýrtíðin greikkað sporið. Það hefur orðið 11 stiga verðhækkun á síðari helming ársins 1950 og 5% verðhækkun á fyrsta mánuði ársins 1951; svo lítur út fyrir 30% hækkun á fyrri helmingi ársins 1951. Eðlilegast væri, að ríkisstj. horfðist í augu við, að viðhorfið í verðlagsmálunum er allt annað en gert var ráð fyrir í gengislækkunarlögunum. Nú er sívaxandi dýrtíð, og verkafólkið getur ekki búið við óbreytt kaup. Þá horfist ríkisstj. í augu við afleiðingar verka sinna og vill engar bætur. Hún vill setja band á verkalýðinn og hlaupast frá loforðum sínum og biður um hlíf. Það er velkomið, að verkalýðurinn fari út í verkfall, því að hann heldur það ekki út í átökunum við atvinnurekendur. Það er í raun og veru ekki gert annað en hvetja til

stéttabaráttu og tekið fyrir allar leiðir til friðsamlegrar lausnar. Eina leiðin, sem opin er, er stéttastríð. Hæstv. ráðh. bað mig að hugsa mig um, áður en ég hvetti til verkfalla. Ég held, að það væri ríkari ástæða fyrir stjórnina að athuga sinn gang, áður en hún knýr þetta í gegn, jafnvel þó að hún hafi fylgi stjórnarflokkanna til. Það er of seint að benda á friðsamlega lausn, þegar búið er að knýja þetta í gegn. Þó að verkalýðurinn þoli ekki langvinn verkföll, þolir þjóðin ekki langvarandi stöðvun atvinnuveganna. Ríkisstj. hefur engan rétt til þess að knýja verkalýðinn út í verkföll, og er sízt hægt að kalla það ábyrgðartilfinningu af ríkisstj. og ekki víst, að atvinnurekendur færu með sigur af hólmi. En orsökin til þessa stríðs væri áreiðanlega löggjöf sú, sem verið er að knýja í gegn, og yrði ríkisstj. þá kvödd til ábyrgðar, en ekki verkalýðurinn. Ég veit, að ráðh. vill ekki færast undan því að svara þeirri spurningu, hvort hann teldi, að fjölskylda gæti komizt af með þetta kaup. Það er ekki ódýrara fyrir þjóðina að knýja menn á sveitina. Ekki styrkir það þjóðfélagið, að farið er að bera á því, að hundruð verkalýðsfjölskyldna eru að komast á opinbert framfæri og fer fjölgandi vegna dýrtíðar og atvinnuleysis. En það þýðir ekki að opna augu ríkisstj. og segja henni, að hún sé komin í ógöngur. Hún ræður ekki við neitt og lokar öllum leiðum nema stéttabaráttu. Það er ekki hægt að segja annað en hún hafi þó verið aðvöruð fyrir jól. Ríkisstj. verður að horfast í augu við afleiðingarnar, og hún veit, hverjar þær verða, meira eða minna langvinn verkföll. Þjóðin kemst ekki hjá því að borga þá dýrtíð með kauphækkun eða með því að taka fólk á opinbert framfæri.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég hef lokið ræðutíma mínum og ætla því að gera stutta athugasemd.

Hæstv. ráðh. gaf svar við því, sem ég vildi fá að vita, hvers vegna hann vill ekki, að verkalýðurinn fái kauphækkun. Hann veit, að öll breyting á kaupgjaldinu hlýtur að kosta harðvítug verkföll. Hann sagði einnig, að stjórnin vilji ekki taka ábyrgð á kauphækkun. Þetta er einmitt ástæðan, sem ég gat mér til að væri. Hann vill velta ábyrgðinni af ríkisstj. á aðra. — Hæstv. ráðh. sagði, að hann vildi, að verkalýðurinn og atvinnurekendur semdu um, hvaða kaup ætti að greiða í hvert sinn. Þessi réttur var samt tekinn með gengislækkunarlögunum. Ummæli hans eru því ekkert annað en hræsni. Hann sagði, að frv. væri borið fram vegna ágreinings á skilningi á lögunum, milli verkalýðsins og ríkisstj. En það stendur skýlaust, að það eigi að greiða kaup samkv. samningum, nema annað standi í lögum. Nú er engin önnur breyt. en sú, að nú er ríkari ástæða til að fá þessa uppbót greidda. Þessi lög eru sett vegna þess, að samningarnir eru svo skýlausir, að það þótti of mikið lagt á dómstólana að dæma rangt í þessu máli.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil upplýsa það, að vísitalan í janúar hefur hækkað um eitt stig, en ekki fimm stig, eins og haldið hefur verið fram hér. Hv. þm. hefur ruglað þessu saman við vísitölu desember, sem var 127 stig, en ekki greidd 4—5 stig. Ég held, að þetta sé alveg misskilin afstaða hjá honum.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þó að margt hafi verið sagt hér, vil ég segja fátt af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er ég ekki vel frískur og í öðru lagi finnst mér, að mest af því, sem sagt hefur verið hér, hafi farið fyrir ofan garð og neðan við málið. Andstæðingarnir mótmæla þessu, en þó koma þeir með mismunandi skoðanir um, hvort þetta hafi verið skilið samkv. lögum. Hv. Alþfl.-menn mótmæla frv. og halda því fram, að hér sé verið að leggja nýjar kvaðir á verkalýðinn. Hv. 1. landsk. játaði, að í þessu frv. væri ekkert annað en það, sem vitað er að meiri hluti Alþingis ætlaðist til með þessum lögum í desember. Þá voru þessi lög þrautrædd, og er þetta ekki annað en endurtekning á því, sem þá var sagt. Hann spurði að því, hvers vegna þetta væri borið fram, og skildist mér, að við mættum vinna saman að því að bera þetta undir dómstól. Því var haldið fram af andstæðingunum, að með þessu frv. væri verið að binda verkalýðinn á kúgunarklafa. Hv. 6. landsk. vitnaði í ræðu við umr. í des. Sú skýring, er hv. þm. Barð. gaf, er rétt, þó að ég hafi ekki lesið þetta í handriti þingskrifara. Hv. þm. var að halda fram, að opinberir starfsmenn ættu ekki að hafa nema 15% dýrtíðaruppbót. Og hann taldi það sanngjarnt, þó að verkamenn hefðu hana hærri, en hv. þm. Barð. réð ekki við það, að svo há dýrtíðaruppbót var greidd opinberum starfsmönnum.

Og þó að ég telji ekki skyldu mína að verja hæstv. viðskmrh., þá verð ég að segja það, að hans orðum var snúið við eða a. m. k. gefin allt önnur merking. Hæstv. viðskmrh. var yfirleitt að sýna fram á það, að verkalýðsfélögin hefðu rétt til þess að semja eftir sem áður, þó að þessi lög væru sett. Og það hafa þau, þó að frv. verði samþ. Þetta er náttúrlega alveg víst, að verkalýðsfélögin geta samið um sitt kaup fyrir þessum l., ef þau geta náð samkomulagi við vinnuveitendur um annað kaup en það, sem nú er. Það er aðeins þetta, ef frv. verður að l., sem er slegið föstu, að löggjafarvaldið vill ekki beinlínis ákveða það, að kaupgjaldið hækki af sjálfu sér.

En er nú hér um nýtt ódæði að ræða? Ég vildi leyfa mér að minna bæði hv. 4. þm. Reykv. og hv. 6. landsk. þm. á það, að fyrsta stjórn Alþfl. á Íslandi, — kannske sú síðasta líka, ég veit ekki um það, það sýnir nú framtíðin, — hún bar fram og fékk samþ. lög, sem bundu vísitöluna. Þá var verðlagið miðað við verðlag 1939, sem sett var 100, og þau lög bundu vísitöluna við 300 stig. Ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, nemur úr gildi samninga, ef samþ. verður, þá hafa hin lögin, sem ég gat um, gert það líka. Og mér er óskiljanlegt, að svo hafi ekki verið um hin fyrri l. En þetta tal um það, að þessi l., ef frv. verður samþ., sem hér liggur fyrir, nemi úr gildi gamla samninga, er í sjálfu sér bara vitleysa. Ef samið er um það, að kaup sé þetta eða þetta, sem til er tekið í samningi, í grunn, og svo, að ofan á það greiðist vísitala, þá er átt við þá vísitölu, sem gildandi er. (**HV:** Ruglast þeir samningar ekkert við þessi lög? Rýrna þeir ekkert?) Þeir eru í gildi, að því er mér virðist. Vísitalan, sem ákveðin er þarna, er 123.

Ef samningar eru í gildi enn, síðan fyrir þann tíma, þegar dýrtíðarl. frá 1947 voru sett, vill þá hv. 6. landsk. þm. halda fram, að þeir samningar eigi að þýða það, að ofan á það grunnkaup, sem nú er komið, eigi að bæta 228%? (**HV:** Það á að bæta 28% ofan á.) Hvers vegna þá það, t. d. eftir samningum, sem gerðir voru 1939 og miðuðu við 100 stig, sem þá voru, og svo er bara sagt í samningunum, að kaupið eigi að fara eftir vísitölu? Nei, sannleikurinn er sá, eins og kemur fram í grg. frv. og ég þarf ekki að lýsa og hefur áður verið rökstutt af hæstv. ráðh., — ég held þremur, — *þá hafa náttúrlega á seinni árum verið af* löggjafanum sett þau ákvæði, að þetta er allt eiginlega orðið marklaust áður, og verður það ekki vegna þessara laga, sem hér á að setja. Það er orðið marklaust áður en þessi l. eru sett, þó að félögin t. d. 1940 hafi samið um, að þetta eða þetta skyldi vera grunnkaup og svo vísitöluuppbót greidd ofan á það. Þessu er raskað með l. frá 1947, sem hv. form. Alþfl. stóð fyrir, að sett yrðu. Því er nú aftur raskað með gengisl. frá í fyrra. Og það er í sjálfu sér alveg ómögulegt að framkvæma þetta lengur á þessum grundvelli.

Það getur vel verið, — ég skal ekki neita því, — að ýmsir verkamenn eigi nú við þröng kjör að búa, einkum þeir, sem að einhverju leyti hafa misst atvinnu. Það eru að vísu skiptar skoðanir um það, hve mikil brögð séu að atvinnuleysi nú og hvaða orsakir til þess liggi. Ég hygg, að það sé rétt t. d. hér í Reykjavík og víðar, að það séu nú afleiðingar verkfalla, sem að nokkru leyti hafa komið fram í atvinnuleysi, og verður ríkisstj. tæplega um það kennt. — En það er nú svona, að það væri náttúrlega ákaflega æskilegt, að allir landsmenn hefðu mjög miklar tekjur, við skulum segja, að hver einasti fjölskyldufaðir hefði 100 þús. kr. í tekjur á ári eða þar um bil. Og svo væri ákaflega æskilegt að afnema alla skatta og alla tolla og veita svo óspart úr ríkissjóði peninga til allra þeirra hluta, sem vaxandi þjóðfélag þarfnaðist, til að leiða rafmagn um allt landið og byggja hafnir við hverja vík og margt, margt fleira. Það væri ákaflega æskilegt, að þetta væri allt hægt. En til þess að þetta mætti verða, þá sé ég nú ekkert ráð annað en ef við gætum lagt undir okkur einhverja stóra og ríka þjóð og tekið af henni skatt og gert hennar land að skattlandi, svo sem Sovét-Rússland eða Bandaríkin, sem munu vera einna öflugustu ríkin í veröldinni. Maður verður bara að horfast í augu við þann beiska sannleika, að það kemur oft fyrir, að það er ekki hægt að fullnægja þeim kröfum, sem í sjálfu sér væri æskilegt að geta fullnægt. — Það kann nú að vera, að einhverjir hafi haldið því fram, að af gengisbreyt. í fyrra kæmi ekki fram nein kjaraskerðing. Og ég heyrði sjálfur a. m. k. einn fræðimann halda því fram, að af gengisbreyt. yrði engin kjaraskerðing. Auðvitað var það tóm vitleysa, því að ef það hefði ekki verið nein kjaraskerðing fyrir neinn, þá hefðu þau l. engu breytt, ef gengisbreyt. hefði ekki orsakað það að flytja peninga frá þeim, sem í landi eru, og til þeirra, sem veiða fisk og flytja á erlendan markað. Þetta verður stundum að gera. Það er ekki til neins að setja fram einhverjar kröfur um það, að svona eða svona skuli lífskjörin vera, nema um leið að gera ráðstafanir til þess, að hægt sé að fullnægja þeim kröfum. Og hvað einn af aðalatvinnuvegum þjóðarinnar snertir, þá sjáum við nú, hvað hann stendur vel. Og nú er bölsótazt mjög yfir því, að nú komi nýtt dýrtíðarflóð yfir þjóðina, þegar hluti af þeim gjaldeyri, sem sá atvinnuvegur aflar, er gefinn frjáls. En ég held, að bara allir hafi verið sammála um það — og líka þeir, sem segja, að þetta hafi verið versta ráðið —, að það var óhjákvæmilegt að styðja bátaútveginn. En ég slæ því alveg föstu, að það var ekki hægt að styðja bátaútveginn öðruvísi en að það kæmi niður á einhverjum öðrum landsmönnum. Og ég er ekkert *sannfærður um* það, að þetta, *sem nú á* að gera, komi þyngra niður en þótt með öðrum aðferðum hefði verið greitt fyrir þessum atvinnuvegi. Ég hef heyrt, — þó að þetta mál hafi ekki verið borið undir Alþ., — að það muni vera meiningin, að frjáls innflutningur fyrir þennan gjaldeyri verði ekki veittur nema fyrir frekar ónauðsynlegum vörum, lúxusvörum o. þ. h. (**HV:** Einhverjir verða að kaupa.) Vitanlega kaupa það þá frekast þeir, sem hafa rýmri fjárráð. (**HV:** Þeir verða allt of fáir til þess að kaupa vörur fyrir 100 millj. kr.) Þó að það sé leiðinlegt að geta yfirleitt ekki látið alla hafa allt, sem þeir vilja fá, og gert fólkinu til hæfis, þá verður að horfast í augu við það, að einhvers staðar verður staðar að nema. Og það, sem auðvitað er aðalatriðið í þessu öllu saman, er, að þjóðin geti komið sér þannig fyrir, að hagur hennar gagnvart útlöndum verði sæmilegur, þá kemur hitt aftur af sjálfu sér. Og það er aðalatriðið, en ekki þessar ræður, sem hér hafa verið haldnar.

Hv. 6. landsk. þm. var að tala um, að hér væri verið að hefja stríð, og sagði, að ríkisstj. væri að því. Mér finnst nú satt að segja, að það hafi verið stjórn Alþýðusambands Íslands, sem byrjar þetta *mál, með því raunverulega að misskilja lög, sem* alveg voru ótvíræð, — eða a. m. k. alveg ótvírætt, hvað Alþ. meinti með þeim, — eða þá a. m. k. að telja sig skilja lögin á annan hátt en þann, sem löggjafinn meinti. Það er upphaf þessa máls. Ég er ekki að deila á stjórn Alþýðusambandsins. En það rétta má koma fram, því að ef þetta hefði ekki verið, þá hefði engum komið í hug að fara að breyta þessum l.

Gísli Jónsson: Samhliða öllum ásökunum á hæstv. ríkisstj. fyrir þetta frv. og öllum hótunum, sem hér hafa verið hafðar í frammi um stöðvun hjá verkamönnum og stéttasamtökum þeirra, hefur komið fram tilboð til sátta frá hv. 4. þm. Reykv. og verið tekið undir það af hv. 6. landsk., en þetta tilboð er um það, að felld sé niður 1. gr. frumlaganna frá 19. des., og þá stæðu eftir ákvæðin í 6. gr., þ. e. 4., 5., 6. og 7. liður 6. gr. l. nr. 22 1950, en þar segir, að laun fyrir janúar breytist ekki til júlíloka 1951. Það er því sýnilegt, að báðir þessir hv. þm. eru *sammála um* það, að ekki sé greidd hærri vísitöluuppbót en 123 stig, en það er vísitalan í janúar 1951. Með öðrum orðum geta þeir fellt sig við, að launþegar búi við þessi laun til 1. ágúst 1951. Þegar hv. þm. eru búnir að viðurkenna þetta, þá á ég bágt með að skilja þá baráttu, sem hér er nú haldið uppi, því að þetta frv. skerðir á engan hátt kjör launþega á þessum tíma, og kemur þá aðeins til greina, hvort hægt

er fyrir launþega að tryggja sér, að eftir þann tíma verði launin ekki skert. En mér skilst, að þeir vilji tryggja, að launin verði ekki skert eftir júlímánuð, og því sé þessari baráttu haldið uppi hér í kvöld. Það veit nú enginn, hve vísitalan verður þá há, en ef verkföll eða stöðvanir verða á þessum tíma, þá verður vísitalan hærri og þar af leiðandi erfiðara að leysa þessi mál, ef öngþveiti verður komið á í þessum málum á þeim tíma. Ég veit, að launþegar fá ekki hærri laun, þó að þetta frv. verði ekki samþykkt, og skil ég því ekki baráttu hv. þm. gegn frv. þessu.

Í sambandi við dýrtíðarmálin sjálf, en þau hafa verið tekin sem aðalatriðið í umr. hér í kvöld, þá er það ekki aðalatriðið fyrir verkalýðinn að fá sem hæst verkalaun. Hv. 4. þm. Reykv. varpaði fram þeirri spurningu og hv. 6. landsk. kvartaði undan því, að henni skyldi ekki vera svarað, hvort 5 manna fjölskylda gæti nú komizt af með þau laun, sem heimilisfaðirinn hefur. Ég vil svara þessari spurningu með annarri spurningu: Bætir það hag fjölskyldu, sem nú berst í bökkum með að geta komizt af með tekjur sínar, þó að kaupið verði helmingi hærra, þó að hún hafi ekki jafnháar heildarárstekjur og áður? Og það er kjarni málsins, að það skiptir ekki máli, hve launin fyrir hverja klukkustund eru há, heldur hve árstekjurnar eru háar. Og hár kauptaxti hefur ekkert að segja, ef enga atvinnu er að fá, eins og á sér nú stað á mörgum stöðum á landinu. Ég fullyrði, að það ástand, sem nú hefur skapazt á ýmsum stöðum á landinu, að atvinnuvegirnir hafa ekki getað veitt þeim, sem að þeim vinna, fullan vinnutíma, þó að þeir hafi sjáanlega lagt hart að sér til að reyna að gera það, er skýrt dæmi um það, hvernig fer, þegar kaupgjald er hærra en atvinnuvegirnir þola. Og hver greiðir tapið af þeim atvinnugreinum í landinu, sem ekki hafa getað staðið undir sér sjálfar á síðustu árum? Ég veit ekki betur en það sé almenningur í landinu, sem verður að standa undir því. Það er ekki af neinu hatri til verkalýðsins, þó að menn vilji spyrna hér við fótum og þó að ekki sé til nægilega mikið fjármagn til að greiða mismuninn milli þess, sem aflað er, og þess, sem eyðist, en atvinnuvegirnir geta ekki sjálfir gert það og hafa orðið að sækja til ríkissjóðs um hjálp. — Þá er ástæðan að nokkru leyti sú, að ýmsar vörur hafa hækkað erlendis, og hefur það enn aukið á dýrtíðina í landinu, og við höfum ekki átt nægilegan gjaldeyri til að fullnægja vörueftirspurn innanlands, og við það hefur myndazt svartur markaður í landinu, sem stafar af því, að ekki er til nægur gjaldeyrir til að fullnægja kaupmættinum, og eykst slíkt eðlilega með hærra kaupgjaldi, ef framleiðslan eykst ekki að sama skapi, og gerði því togaraverkfallið sitt til að auka á þetta og þá um leið dýrtíðina. Ég held því, að þessir menn, sem eru að ógna hér með stríði, ættu að athuga, hvort þeir með slíkum aðgerðum eru ekki einmitt að rýra kjör þeirrar sömu alþýðu, sem þeir látast vera að berjast fyrir, og lýsir það fullkomnu ábyrgðarleysi að vera með slíkar hótanir. Ég tel, ef gengið væri að tilboðinu áðan, þá mundu launþegar ekki fá hærra kaup til 1. ágúst og A. S. Í. hefði ekki getað komið fram launahækkunum í febrúar og engar launabreytingar hefðu orðið um áramótin, og því ósanngjarnt og óheppilegt að hefja stríð fyrr en í ágúst, þegar séð væri, hvaða ástand yrði þá í þessum efnum. Mér þótti rétt, að þetta kæmi fram, þegar það liggur fyrir frá andstæðingunum, að þeir muni beygja sig undir þetta, ef fylgt verður vissum skilyrðum frá þeim.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal hafa það aðeins örstutta athugasemd, sem ég geri við þessar umr. í tilefni af ummælum hæstv. dómsmrh., sem hann setti samt fram þannig, að hann var ekki alveg viss um, hvort það væri hann eða ég, sem væði í villu og svima, og vil ég aðeins segja það, að núna er aðeins til ein vísitala, og það er vísitala framfærslukostnaðar, og hún er 128 stig. Og það er eftir vísitölu framfærslukostnaðar sem kaupið skyldi taka breyt., þegar þeir samningar voru gerðir, sem nú eru í gildi hjá stéttafélögunum, og kaup á að borgast eftir samkv. núgildandi samningum og einnig eftir nýrri samningum. Hitt fer aftur ekki á milli mála, að sú vísitala, sem miðað var við, þegar jólalögin voru á ferðinni, var 123 stig, þá leiðrétt frá því að fjárlögin voru afgr. úr 122 stigum. Síðan Alþ. hafði þá viðmiðun á vísitölu framfærslukostnaðar í 123 stigum þann 19. des., þá er komið í ljós, að vísitala framfærslukostnaðar er nú 128 stig, og þá er þarna orðin nú 5% hækkun á viðurkenndri vísitölu á einum mánuði, sem bendir til 30% vísitölu-hækkunar á hálfu ári, ef framhaldið yrði eftir þessu. Og þá eru það ekki litlir hagsmunir, sem teknir væru af verkalýðnum í landinu með því að fella niður skyldur hæstv. ríkisstj. til þess að bæta laun að fullu samkvæmt ákvæðum gengislækkunarl. frá 1. ágúst 1951. Frá þessu hefur verið hlaupið. En við álítum, að hæstv. ríkisstj. ætti að vera svo ærukær að standa við gefin loforð, sem þar að auki hafa verið lögfest. Ef það hins vegar væri svo, eins og hæstv. dómsmrh. vildi halda fram, að breyt. í janúar væri aðeins 1% frá því í des. og maður gæti gert sér vonir um líkt á næsta hálfa ári til 1. ágúst 1951, þá væri það ekki mikið fé, sem þeir þyrftu að offra, og ég held, að þjóðfélagið mundi ekki velta um koll, þó að verkalýðnum yrði greitt eftir fullri vísitölu þann tíma. En það er gefinn hlutur, að hæstv. ríkisstj. óttast hina háu vísitölu á næstu mánuðum, og þess vegna skal loka þeirri leið, að vísitalan geti hækkað mánaðarlega.

Haraldur Guðmundsson: Hv. 6. landsk. þm. hefur að nokkru svarað því, sem hv. þm. Barð. beindi til mín. Hv. þm. Barð. sagði í ræðu sinni áðan, að ég hefði gert hæstv. ríkisstj. sáttatilboð um að fella úr gildi 1. gr. jólalaganna og láta koma í gildi aftur ákvæði laganna frá 19. marz í fyrra í staðinn. Þetta er ekki nákvæmlega rétt. Ég gerði henni ekki sáttatilboð, en ég beindi því til hæstv. ríkisstj., hvort henni þætti ekki skynsamlegra að fara þessa leið, og ég tel, að sú leið væri skárri en það, sem í þessu frv. er gert ráð fyrir. Og það er alveg tvímælalaust rétt, að ef sú leið væri farin, þá ættu verkamenn ekki rétt til hærri kaupuppbótar samkv. l. en 23 stig þar til í ágúst næstkomandi.

Hitt er alveg rangt, sem hv. þm. sagði, að með því væru bundnar hendur þeirra og þeim bannað að koma fram kauphækkunum. Það er jafnopið eftir báðum leiðum, bæði eftir jólalögunum og

marzlögunum. Að þessu leyti eru að vísu grunnkaupshækkanir ekki bannaðar, ef menn vilja í það leggja. Munurinn á þessu frv. og l. frá því í fyrra er sá, að eftir l. í marz var verkamönnum tryggt, að sú vísitöluhækkun, sem myndaðist á tímabilinu janúar—júlí það ár, yrði bætt að fullu með kaupgreiðslum í ágúst og framvegis. Nú hefur vísitalan á einum mánuði hækkað um 5 stig, og er ekki ótrúlegt, að hún hækki jafnmikið á næstu 5 mánuðum, þannig að hún verði komin upp í 30 stig á þessu tímabili, og væri þá tryggt, að kaupgreiðslur fengjust þó það hækkaðar 1. ágúst, ef ákvæði laganna frá því í marz s. l. væru tekin í gildi aftur. Hitt fullyrði ég enn á ný, að ég get ekkert um það sagt, hvort verkalýðssamtökin sættu sig við þetta. Það mun sjálfsagt fara eftir því, hve hröð hækkunin á vísitölunni væri. Ef hækkunin væri 5 stig á mánuði, mundu þau líklega ekki þola biðina lengi. Væri hún minni, mundu líklega margir kjósa að bíða eftir þeirri hækkun, sem l. beinlínis leyfðu. En það, sem hefur úrslitaáhrif í þessu efni, er það, að með þessari samþykkt hér er hæstv. ríkisstj. að tvíbrigða þau loforð og upplýsingar, sem gefnar voru, þegar l. voru sett 19. marz s. l. En þá hneisu gat hæstv. ríkisstj. losað sig við með því að láta l. standa óbreytt þar til 1. ágúst 1951. En ég tók það fram, að ég fullyrði ekki, hvort verkalýðsfélögin sættu sig við þetta. En með þessu frv. er beinlínis verið að reyna að egna þau til beinna vinnudeilna og mótspyrnu gegn l.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að það væri fullkomlega ofmælt, að það væri hér um nokkurt atvinnuleysi að ræða, og það litla, sem örlaði á atvinnuleysi hér í Reykjavík, væri af því, að vélbátaflotinn væri ekki kominn á veiðar. Það fer nú fram þessa dagana atvinnuleysisskráning hér í bænum, og ég geri ráð fyrir, að hún sýni greinilega, við hvaða rök þessi ummæli hæstv. dómsmrh. hafa að styðjast. Ég veit, að hér er stórkostlegt atvinnuleysi í bænum, sumpart hjá stéttum, sem hafa haft góðar tekjur og vinna í byggingariðnaði, en þar hefur ekkert verið hægt að gera um langan tíma, að nokkru leyti vegna tíðarfarsins, sumpart vegna efnisskorts og sumpart vegna peningaleysis hjá þeim, sem eru að byggja. Ég verð nú að segja það, að mér finnst, jafnvel þó að inn á það væri gengið, að höfuðorsök atvinnuleysisins væri talin, að vélbátaflotinn væri ekki kominn af stað, að þá hefði hæstv. ríkisstj. haft ráðin í hendi sér til þess að leysa þau vandræði.

Fjárl. voru afgr. hér í vetur fyrir nýár með mikilli rögg, og ber að fagna því. En það var gert á þann hátt, að vandlega var gengið fram hjá því af Alþ. að hafa nokkur afskipti af vandamálum vélbátaflotans. Og þinginu var frestað skömmu fyrir jól og þar til eftir nýár, til þess, eins og ríkisstj. sagði, að hún fengi tóm til þess að undirbúa varanlega lausn á erfiðleikum vélbátaflotans. Þingið kom saman á ný 8. jan. s. l. Ríkisstj. var búin að hafa þriggja vikna umhugsunarfrest, en þegar þingi var frestað fyrir jól, þá voru tveir og hálfur mánuður frá því, að útvegsmenn lýstu því yfir, að ekki væri hægt að koma bátaflotanum af stað, nema leyst yrðu vandamál hans. Þann 8. jan. hafði ríkisstj. ekkert aðhafzt í þessum efnum. Þingið hafði setið og beðið eftir því, sem kæmi frá ríkisstj., og þetta var eina málið, sem var mjög aðkallandi, og enn er það ekki leyst. En að vísu upp á einhver loforð frá hæstv. ríkisstj. er bátaflotinn nú loksins farinn af stað. Allan janúarmánuð var blíðskaparveður og góðar gæftir, og þeir bátar, sem fóru á sjó í janúar og öfluðu matfisks fyrir bæinn, höfðu mjög góðan afla, og fara mátti í janúar 24—25 róðra. Hvað hefur það því kostað, að vélbátaflotinn hefur ekki farið af stað í janúar? Var það auðveldara fyrir hæstv. ríkisstj. að leysa þetta í janúarlok en í byrjun janúar? — Einn hv. þm. drap líka á togarastöðvunina, en þeir stöðvuðust 1. júlí. Sjómönnum og útgerðarmönnum tókst ekki að semja í júní, júlí, ágúst, september né október, en þá kom þingið saman. Þá var borin fram till. til þál. af þessu tilefni og tvö frv. Þá fyrst fer hæstv. ríkisstj. að rumska og skiptir sér af málinu, þegar þetta hefur legið óafgreitt á fimmta mánuð. Þremur vikum eftir að ríkisstj. tók málið í sínar hendur eru togararnir farnir á veiðar. Hvers vegna gerði ríkisstj. þetta ekki fyrr? Það er af því, að mér virðist, að hæstv. ríkisstj. álítur, að kaupið sé of hátt og að mikið kaup sé til bölvunar, því að stöðvun togaranna á árinu og vélbátaflotans nokkurn hluta ársins, það þýðir minni kaupgetu fyrir verkafólkið í landinu. — Og loksins kemur svo hv. 1. þm. Eyf. og gerir grein fyrir því, sem ég er honum þakklátur fyrir, hvernig þessi lausn er. Hann segir: Lausnin er sú, að það á að taka 100 millj. kr. af andvirði útflutningsverðmætis sjávarútvegsins og kaupa fyrir það óþarfa. — Þannig á að leysa okkar vandræði. Við erum svo fátækir, að við höfum ekki efni á því að borga fólkinu kaup, og það þarf að skerða það jafnmikið og dýrtíðin vex. Ef dýrtíðin vex upp í 160 stig, yrði það til þess, gagnvart þeim, sem höfðu 24 þús. kr. tekjur árið 1950, og ef þeirra tekjur haldast óbreyttar, þó að vísitalan hækki í 23 stig, að þeirra kaup lækkar niður í 18—19 þús. kr. Þetta virðist þá vera það, sem hæstv. ríkisstj. telur nauðsynlegt til þess að bjarga þjóðinni.

Svo upplýsir hv. 1. þm. Eyf., að það megi gera það snjallræði að kaupa óþarfa fyrir 100 millj. kr., og svo skýtur annar hv. þm. því fram, að þá þurfi að fá 200 millj. kr. lán til þess að kaupa mat fyrir. Og það er ekki lítill búhnykkur að banna að kaupa nokkuð annað en óþarfa fyrir 100 millj. kr. og fá svo 200 millj. kr. lán til þess að kaupa mat fyrir. Ef við erum svo ríkir, að við höfum efni á því, að einhverjir menn í þessu þjóðfélagi kaupi óþarfa fyrir 100 millj. kr. í innkaupi — plús álagning á gjaldeyri, plús álagning verzlana og þeirra, sem höndla með þetta, þá verða þessar vörur áreiðanlega ekki minna en 200—300 millj. kr. í útsölu, — ef við höfum efni á að kaupa slíkt, þá höfum við vissulega efni á því að láta kaupgjaldið fylgja vísitölunni og afstýra þar með beinum skorti hjá þeim, sem vinna við framleiðslustörf. — En ég vildi gjarnan leiðrétta þetta hjá hv. þm., því að ætlunin er að kaupa fyrir þennan frjálsa gjaldeyri talsvert af vörum, sem ekki er hægt að vera án, og vil ég ekki telja ýmsa fatnaðarvöru úr ull beinan óþarfa. Ég veit ekki betur en að sumar af þörfum vörum, t. d. byggingarvörur, sement, járn, timbur og hreinlætistæki og annað, sem tilheyrir byggingum, eigi að koma í þennan flokk innflutningsins, og það er mikið af þessum vörum, sem ekki er hægt að komast af án þess að kaupa, og

verðhækkun á þeim kemur fram sem bein aukning á dýrtíðinni og bein skerðing á launum, ef þeim er haldið óbreyttum. Annaðhvort er svo mikið til af ríkisbubbum, að þeir geti keypt vöruna fyrir sig sjálfa, eða þá að almenningur verður að kaupa hana, sem þá eykur dýrtíðina fyrir honum og spillir lífskjörum hans. — Ég skal láta þetta nægja. Ég vil ráðleggja hæstv. ríkisstj. að taka þetta frv. aftur, sem hér liggur fyrir. Það væri henni sæmst, eða það, sem væri að sumu leyti ekki lakara, að breyta 1. gr. frv., eins og ég benti hæstv. ríkisstj. á. Og hvað sem um þetta má segja að öðru leyti efnislega, þá hefði hæstv. ríkisstj. átt að sýna mannsbrag og standa við þau loforð, sem gefin voru í marz s. l., en nú er verið að brigða í annað sinn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil gera grein fyrir minni afstöðu til þessa frv., af því að hún er önnur en fram hefur komið í umr. yfirleitt. Ég lýsti því yfir í vetur, þegar verið var að samþ. frv., sem nú er verið að breyta, — og ég var með því, því að ég taldi, að það væri nauðsynlegt að koma í veg fyrir þennan víxlgang, sem hefur verið á milli kaupgjalds og afurðaverðs, þar sem hvort hefur hækkað annað til skiptis og aukið á þá verðbólgu, sem í landinu var. Ég sagði þá, að ég teldi það óráð að festa vísitöluna við 123 stig, heldur ætti að greiða eftir 115 stiga vísitölu, og ég spáði, að það mundi hefna sín að fara svona hátt upp. Í þessu frv. er ekki gert annað en að reyna að festa það sama sem hafði verið reiknað með í vetur og allir voru sammála um, að meint væri með l., áður en ágreiningur kom upp um þau ákvæði, sem þar voru sett. Í framhaldi af því, sem ég sagði þá, get ég þess vegna líka nú verið með því að reyna enn á ný að koma í veg fyrir þann víxlgang í þessum efnum, sem nú á eftir að koma fram, ef þessir menn fá að ráða, sem leggja þann skilning í l. frá því í vetur, að laun eigi að hækka eftir vísitölu, sem þeir vilja byggja á samningum, sem gerðir voru fyrir 10 eða 20 árum og þeir halda fram að eigi að haga kaupgreiðslum eftir. Ég veit, að þetta er ranglæti gagnvart bændum landsins, því að afurðaverð landbúnaðarvara er miðað við 115 stig.

En ég ætla samt að vera með í því að gera þetta ranglæti, því að ég vil ekki fá þennan sama víxlgang aftur, og fylgi ég því þessu frv. og sætti ég mig við þessa rangsleitni gagnvart umbjóðendum mínum, sem eru bændur, og ætla að þola þessar aðgerðir, sem hér er um að ræða, til þess að fyrirbyggja, að stríðið milli kaupgreiðslna og afurðaverðs haldi áfram. Þess vegna fylgi ég þessu frv., þrátt fyrir það ranglæti, sem í því felst.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:5 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:5 atkv.

Á 62. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Eyf. fullyrðir, að með þessu frv. sé samningafrelsi verkalýðsfélaganna ekkert skert. En þetta byggist á algerum misskilningi hans, og liggur það augljóst fyrir. Samkv. gildandi samningum stéttafélaga skal kaup allt reiknast út með 128 vísitölustigum, eins og vísitala framfærslukostnaðar segir til um. En ef frv. það, sem hér liggur fyrir, er samþ., er það skýrt tekið fram, að kaup skuli reiknað út með 123 stigum. Þarna er verið að skerða gildandi samninga með inngripi nýrrar lagasetningar. Hér á að breyta kaupgjaldi frá 1. þ. m., og það er alltaf illa séð af verkalýðssamtökunum í landinu, er löggjafarvaldið skerðir samningafrelsið milli atvinnurekenda annars vegar og samtaka verkalýðsins hins vegar. Það var líka litið illu auga, er slíkt hið sama var gert af stjórn hv. 8. landsk. (StJSt), og kannske með tilliti til þeirrar reynslu og reynslunnar af jólalögunum 1950 er verkalýðurinn á móti slíkri lagasetningu sem þessari. Og verkalýðurinn hefur nægilega reynslu að baki sér hvað þetta snertir til þess að berjast á móti þessum lögum. Frá sjónarmiði ríkisstj. væri fullkomin ástæða til að forðast slíka lagasetningu sem þessa, af því að henni ætti að vera það ljóst, hvílík þjóðfélagsleg vandræði stafa af því að láta skerast í odda við verkalýðssamtök landsins.

Hv. þm. sagði, að engin vissa væri fyrir því, að úrlausnin til aðstoðar við bátaútveginn, sem gerð var bak við þingið, kæmi þyngra niður á almenningi en ef aðstoðin hefði verið gerð í einhverju öðru formi. Það er alveg óreynt. En nú er eftir að vita, hvernig þessi frjálsi gjaldeyrir verður verðlagður. Og ég er viss um það, að hann verður ekki seldur undir 50—60% álagi, þriðjungi dýrari en gjaldeyririnn er skráður. Svo koma álagningarákvæði ofan á þennan dýra gjaldeyri, enda eru engin takmörk sett um það, hvert söluverðið megi vera, því að verðlagsákvæði eru hér engin, og verður hann því seldur eins hátt og þurfa þykir. En ólíklegt er annað en hann verði keyptur, því að ekki verður hægt að fá hann annars staðar en í þessari einokunarsölu. — Annars er ég mest á móti þessari aðstoð af því, að mér þykir ekki tryggt, að hún hjálpi þeim, sem hún á að koma til hjálpar, þ. e. útvegsmönnum. Ég gæti frekar trúað, að hún kæmi einhverjum öðrum að gagni. Og verr væri af stað farið en heima setið, ef þessi aðstoð yrði nú eingöngu bröskurum og spekúlöntum að gagni. Ég er nú samt hræddur um, að sú verði raunin á.

Eitt af því, sem hv. þm. sagði, var, að Alþýðusambandið ætti upptökin að þessari deilu, vegna þess að Alþýðusambandið hefði misskilið jólalögin. Það er skrýtið, ef Alþýðusambandið hefur misskilið lögin, að það hafi knúð ríkisstj. til nýrrar lagasetningar, og ég hygg, að það komist ekki langt með þann misskilning. Annars er það áreiðanlegt, að hægt hefði verið að kveða þennan misskilning niður án annarrar lagasetningar, t. d. með dómsúrskurði. — Nei, upptökin að þessum deilum eru frá hæstv. ríkisstj. komin og stafa af þeim lagasetningum, sem hér hafa verið ræddar. (**GJ:** Hvers vegna barðist þm. svo heiftarlega á móti jólal.?) Ég barðist á móti jólalöggjöfinni, af því að ég taldi, að hún væri borin fram til að hefta samningafrelsi verkalýðsins. (**GJ:** Það er ekki und-

arlegt, þótt hv. þm. reki í vörðurnar.) En svo halda þessir hv. þm. því fram, að hér sé ekki verið að hefta frelsi verkalýðsins. Er ég beindi spurningu til hæstv. ráðh. viðvíkjandi þessu atriði, þá svaraði hann með því að skírskota til aukins frelsis fyrir verkalýðinn og hélt þar með blekkingaleiknum áfram. Ég spurði um, eftir hvaða vísitölu ætti að reikna kaup, þar sem samningar eru útrunnir eftir nokkra mánuði. — Verið er að gefa verkalýðsfélögunum aukið frelsi, sagði ráðh., og draga úr hömlunum. Þá spurði ég, hvernig það yrði í framkvæmd, en þá fimbulfambaði hann um óskorað frelsi. — Ég sá, að jólafrv. var að öllu leyti svo illa úr garði gert, að það var fyrirsjáanlegt, að það mundi ekki ná tilgangi sínum, og finnst mér því sjálfsagt, að verkalýðsfélögin noti rétt sinn, enda sagði ráðherra, að ekkert væri athugavert við það.

Svo ætla ég aðeins að minnast á eitt atriði í viðbót. Ég tel óhæft, ef þetta frv. verður samþ. í því formi, sem það er í nú, að það verði látið gilda frá 1. febr. 1951, eins og í 1. gr. segir, og er það í algerri mótsögn við það, sem í 3. gr. segir, að lög þessi öðlist þegar gildi. Enda er það fátítt, að lög verki aftur fyrir sig. Ég býst nú ekki við, að hæstv. ríkisstj. vilji gangast inn á neinar breytingar, en ég tel þó sjálfsagt, að upphafi 1. gr., um það, að laun skuli ekki taka breytingum frá 1. febr., verði breytt, og þykir mér fróðlegt að vita, hvort hæstv. ríkisstj. vilji taka þá breytingu til greina. En ef það væri gert, mundu lögin ekki verka aftur fyrir sig. Um þetta hefur verið spurt hér áður, en ekkert svar fengizt. Ég vænti þess, að þessi smávægilega breyt. nái fram, svo að rökrétt samband verði á milli upphafs og niðurlags þessa stutta frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:5 atkv. og afgr. til Nd.

Á 60. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta frv., sem forseti var að lýsa nú, er borið fram að tilhlutan ríkisstj. og stendur hún einhuga um það. Frv. þetta var til umr. í hv. Ed. í gær og var afgr. frá henni í nótt.

Frv. þetta er borið fram af ríkisstj. vegna ágreinings um skilning á gildandi l. varðandi tvö atriði. Annað er snertandi rétt verkalýðsfélaga til að hækka laun samkvæmt gildandi vísitölu án þess að taka tillit til l. nr. 117 1950, en þegar þau voru sett, var ákveðið, að laun skyldu ekki taka breytingum. Samkvæmt ákvæðum þeirra l. var vísitalan bundin við 123 stig. Hitt atriðið varðar verðlag landbúnaðarvara, þar sem framleiðsluráð landbúnaðarins telur sig hafa rétt til að breyta verðlagi þeirra, áður en verðlagsárið er liðið. En svo er ákveðið, að það megi gera einu sinni á ári, í ágúst. En framleiðsluráð telur sig hafa rétt til að breyta verðlagi oftar, hafi kaupgjaldsbreytingar orðið örari. Grg. lýsir þessum atriðum nægilega, en þó vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um þessi atriði hvort um sig.

Fyrst vil ég þá minnast á það, sem felst í 1. gr. Þegar breytingin á gengislögunum var gerð í vetur, var raunar ekki annað gert en að færa hið upprunalega tímatal aftur um 6 mánuði. Það var í raun og veru eina breytingin. Það liggur þess vegna í hlutarins eðli, að sé hægt að tala um ágreining í þessum lögum nú, þá hefur það verið frá upphafi. Ríkisstj. telur að vísu, að þetta liggi ljóst fyrir, og má benda á í því sambandi, að stjórnarandstaðan beitti sér mjög gegn þessum ákvæðum í vetur og benti þá á, að með þessum l. væri verið að binda vísitöluna við 123 stig og hindra með því launþega að fá sín laun greidd samkv. gildandi vsitölu. Þetta var svo hrakið þá, að óþarfi er að gera það frekar nú. Og það er vitað, að félagssamtök verkalýðsins, Alþýðusamband Íslands, höfðu sama skilning á þessu efni þá, og nægir í því sambandi að benda á yfirlýsingu miðstjórnar þess, en hún segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkir eindregin mótmæli gegn framkomnum breytingartillögum við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar o. fl., er kveða svo á um, að frá 1. febr. 1951 skuli laun ekki taka breytingum samkvæmt ákvæðum gengislaganna um vísitöluuppbót, og telur miðstjórnin, að með þessu sé vinnufriðnum í landinu stefnt að óþörfu í bráða hættu.“ Enn fremur segir þar svo: „Miðstjórnin samþykkir enn fremur að skora á Alþingi að samþykkja þegar í stað framkomna breytingartillögu þess efnis, að kaupgjaldsvísitala verði framvegis greidd mánaðarlega á laun, eins og verkalýðssamtökin hafa áður krafizt og síðasta Alþýðusambandsþing samþykkti einróma sem lágmarkskröfu sína í þessum efnum.“

Í þessum yfirlýsingum kemur það fram, hvernig verkalýðsfélögin hafa skilið ákvæði þessara laga þá, því að ef það hefði legið ljóst fyrir, að kaup ætti að hækka samkv. gildandi samningum, þá sést, hversu fjarstætt það hefði verið að beita sér gegn ákvæðum þessara laga þá, einmitt þeim sömu l. og það nú telur að gefi heimild til hækkunar launa samkv. gildandi vísitölu. — Ég sé ástæðu til að taka þetta fram, þar sem Alþýðusamband Íslands hefur lýst yfir þessum nýja skilningi, en hins vegar hefur Vinnuveitendasamband Íslands lýst yfir gagnstæðum skilningi á þessum lögum frá í vetur.

Að þessu athuguðu lítur ríkisstj. svo á, að ekki sé um annað að gera en taka af öll tvímæli um ákvæði þessara laga og ef um hækkanir eigi að vera að ræða, verði þær einungis að fara fram með frjálsum samningum milli verkalýðsfélaganna og Vinnuveitendasambands Íslands. En það eitt var gert í vetur að opna leið til þessara samninga. Við þetta bætist að samningarnir um, að kaup hækki samkv. gildandi vísitölu eru mjög gamlir og því hæpið að leggja svo gamla samninga til grundvallar um kaupgreiðslur nú. Ég sé fulla ástæðu til að taka þetta fram í sambandi við þetta mál nú. En hins vegar hefur það komið fram, að litið er á þetta á tvennan hátt af Vinnuveitendasambandinu og verkalýðsfélögunum, og lögfræðingar eru ekki

sammála um þetta atriði heldur. Sumir telja, að verkalýðsfélögin hafi rétt til að hækka kaup samkv. vísitölu, en aðrir neita því algerlega. En þar sem ómögulegt er að fá þannig úr þessu skorið, þá telur ríkisstj. rétt að leita álits þess aðila, sem setti þessi lög í upphafi. Og ég tel, að ríkisstj. hefði verið stórámælisverð, ef hún hefði ekki gert það. Hin leiðin hefði verið að útkljá þessi mál fyrir dómstólum, og allir sjá, hvernig farið hefði um það, þar sem svo tvíræð merking var lögð í ákvæði þessara laga.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um 1. gr. þessa frv. Hins vegar vildi ég gera grein fyrir 2. gr. þess með nokkrum orðum, en hún fjallar um verðlagningu landbúnaðarafurða, en þetta atriði var ekki til meðferðar í vetur, en þessi deila er mjög svipaðs eðlis.

Lögin um verðlagningu landbúnaðarafurða frá 1947 kveða svo á, að einungis megi einu sinni á ári breyta verðlagi landbúnaðarafurða, eða 1. ágúst. Þá skyldi ákveðið verðlag þeirra og gilda fyrir næsta verðlagsár. Samkvæmt þeim lögum orkar það ekki tvímælis, að ekki er hægt að breyta verðlaginu nema einu sinni á ári, nema hvað snertir aukinn dreifingarkostnað. Hins vegar lítur framleiðsluráð landbúnaðarins svo á, að samkv. 9. gr. gengisbreytingarlaganna frá í fyrra sé heimilt að hækka verð þessara vara nú þegar. Ég ætla ekki að fara að rekja þessa deilu í sambandi við þessar umr. Hitt má taka fram, að ríkisstj. lítur svo á, að framleiðsluráð hafi ekki rétt til þessara verðhækkana fyrr en í lok þessa verðlagsárs. Lögfræðingar framleiðsluráðs telja á hinn bóginn, að það hafi rétt til að hækka verðlag úr því, sem miðaðist við vísitölu 115 og í vísitölu 123, en samkvæmt þeirri hækkun mundi það nema 12 aurum á hvern mjólkurlíter; en svo eru aðrir lögfræðingar, sem líta svo á, að þessi réttur sé mjög vafasamur eða jafnvel alls ekki til. Þess vegna er eins farið um þetta mál og hitt, að skilningur á þessum atriðum er mismunandi og skýringar á þeim. Því telur ríkisstj. rétt að leita til Alþingis til úrskurðar um þetta atriði og hvern skilning það hefur á þessum rétti, og óskar hún eindregið eftir því, að Alþingi kveði sjálft á um þetta mál.

Ég vil taka það fram, að það er ekki sótt síður fast af framleiðsluráði, að þessar hækkanir fari fram, heldur en af launþegasamböndunum, að gildandi samningar um vísitöluhækkun haldist.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta á þessu stigi málsins. Mér virðist, að þetta frv. sé glögg spegilmynd af því, sem hefur verið að gerast í okkar þjóðlífi undanfarið, og sýnir glöggt, hvað gerist, ef ekkert verður að gert í þessu máli. Hvað gerðist, ef verkalýðsfélögin fengju að hækka kaup sitt um nokkra aura, og framleiðsluráð fengi að hækka mjólk um 12 aura? Ég er hræddur um, að neytendurnir yrðu litlu bættari, þó að þeir fengju kauphækkun til þess að standa undir þessu aukna verðlagi landbúnaðarafurða.

Það, sem hér er verið að gera, er að koma í veg fyrir þannig víxlhækkanir, og það sjá allir, hvert það rekur, ef ekkert er að gert. Og það er áreiðanlegt, að margt það, sem ríkisstj. hefur á prjónunum nú um framkvæmdir, mundi fara í mola, ef hlutir eins og þessir eiga að ganga fyrir sig.

Ég vil endurtaka það, sem hér hefur áður verið sagt, að hér er á engan hátt verið að takmarka frjálsræði verkalýðsins, heldur þvert á móti auka rétt hans til frjálsra samninga. Það eitt, sem verið er að gera, er að skapa þann möguleika.

Ríkisstj. leggur á það áherzlu, að þetta frv. gangi greiðlega gegnum Alþingi, og hún þakkar stjórnarandstæðingum það, að við umr. í Ed. í gær sýndu þeir enga tilraun til málþófs, og vil ég vona, að það fái svo skjóta afgreiðslu hér í Nd. sem frekast er fært.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Áður en ég vík að efni þessa frv., tel ég rétt að minnast á þá raunalegu sögu, sem tengd er allri framkomu stjórnarflokkanna í sambandi við launamálin á síðustu tímum. Það vildi svo til, að í sumar voru gefin út bráðabirgðalög um þetta efni. Réttmæt alda verkalýðsins í landinu reis upp gegn þessu. Það sýnir, hvernig hægt er að vekja réttmæta andúð verkalýðsins á aðgerðum löggjafans. Það var að vísu svo, að áður var annað á undan gengið, þar sem voru lögin um gengisbreytinguna, sem lögðu þungar byrðar á herðar verkalýðnum í landinu. Ætla hefði mátt, að þetta hefði skapað óhug verkalýðsins gegn ríkisstj., en þessu til viðbótar voru samþ. lög um aukna tolla og söluskatt, um leið og fyrir jólin var ákveðið að færa takmark kauphækkana frá 1. júlí til 1. febr. Þar með var afnuminn sá litli réttur, sem launþegum hafði verið tryggður. Um leið og afleiðingar vaxandi dýrtíðar eru sem óðast að koma í ljós, þá er verkalýðurinn sviptur því litla öryggi, sem hann hafði að grípa til, þar sem var hækkun kaups til samræmis við vísitölu næsta mánaðar á undan. Það var því eðlilegt, að þetta vekti óhug meðal verkalýðsins í landinu, enda varð sú raunin á, að því var mótmælt af hálfu verkalýðssamtakanna, eins og hæstv. forsrh. hefur nú skýrt frá og lesið upp mótmælaályktun Alþýðusambands Íslands í sambandi við þetta mál fyrir jólin. Ég efast ekki um, að það, sem vakti fyrir hæstv. ríkisstj. við afgreiðslu málsins fyrir jólin, hafi verið það sama og er að finna í 1. gr. þessa frv., sem hér er til umr. Hitt er annað mál, að hæstv. ríkisstj. mun ekki hafa athugað það, hvernig ástatt var um marga samninga milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda í landinu. Ég segi marga, en ekki alla, en mér er líka kunnugt um það, að þá samtímis var mörgum af trúnaðarmönnum alþýðusamtakanna ljóst, að þarna gæti verið smuga, sem hægt væri fyrir verkalýðsfélögin að nota sér til þess að fá meiri launauppbætur en ætlazt var til af hálfu ríkisvaldsins og löggjafarvaldsins. Menn þurfa því ekki að segja, að allir hafi verið jafnfákunnandi um þessi efni og hæstv. ríkisstj., því að meðal annarra ræddu trúnaðarmenn Alþýðusambandsins um þetta mál, rétt um það bil sem þessar breyt. voru gerðar á l. rétt fyrir jólin, og bentu á ákvæði gildandi samninga í þessu sambandi, og gat ég ekkert sagt um það nema við nánari athugun, hvort samningar verkalýðsfélaganna gæfu fullan rétt til dýrtíðaruppbóta þrátt fyrir ákvæði samninganna í árslok 1950. En hvað sem líður þessum skilningi, þá er það víst, að þessi löggjöf fyrir jólin og framhald hennar, þegar mánuður er liðinn af þessu ári, vekur enn nýjan óhug, nýja tortryggni og nýja réttmæta

vantrú á skilningi hæstv. ríkisstj. á þörfum og óskum verkalýðsins í landinu, samfara ótal öðrum afskiptum hennar af málefnum, sem fyrr hafa verið á Alþ. og einmitt snerta almenning í landinu og ég mun ekki ræða nánar að þessu sinni. Ég dreg ekki í nokkurn efa, að hæstv. ríkisstj. sé nú að koma með ákvæði í þessu frv., sem var meining hennar að setja í desember 1950. En vægast sagt orkar það mjög tvímælis, hvort breyt. á gengisskráningarl. fyrir jólin 1950 gefi ekki verulegum hluta af verkalýðssamtökunum rétt til þess samkvæmt gildandi samningum að fá mánaðarlegar uppbætur á laun sín. Það var þess vegna af eðlilegum ástæðum farið af stað, eftir að vísitala janúarmánaðar varð kunn, en ég rek þessa sögu til þess að sýna, hve ríkisstj. hefur verið seinheppin og vakið á sér vantraust af hálfu verkalýðssamtakanna með sinni zik-zakpólitík út af kjaramálum almennings í landinu. Þetta kemur ekki til af því, að ég væni hæstv. ríkisstj. um sérstakan illvilja í garð verkalýðsins í landinu, en ég er viss um það, að hana skortir skilning á högum verkalýðsins og að á bak við hana búa einnig þau öfl, sem eru andstæð kjaramálum verkalýðsins í landinu. Þessi skilningsskortur hæstv. ríkisstj. og þau öfl, sem að henni standa, gera það að verkum, hversu seinheppin hún hefur verið í flestum þeim málefnum, er snerta heill verkalýðsins. Þetta vildi ég sagt hafa út af forminu sjálfu og hinni samhangandi slysasögu hæstv. ríkisstj. út af afskiptum hennar af kjaramálum verkalýðsins og almennings í landinu, fyrst með setningu gengislækkunarl., sem mættu mikilli andúð almennings, síðan er hún lét Alþ. gera breyt. á þeim rétt fyrir áramótin, og enn kemur hún rétt eftir áramótin með frv. til þess að ákveða þetta sama og gert var fyrir jólin. Og allar þessar aðgerðir hæstv. ríkisstj. halda við andúð og vantrú almennings, sem hún hefur skapað sér með öllum sínum aðgerðum í þessum efnum.

Þá komum við að hinu raunverulega efni þessa frv., sem hér liggur fyrir. Hæstv. forsrh. rakti efni hinna tveggja greina frv. og skýrði frá, hvað vekti fyrir ríkisstj. með flutningi þess. Það er ekki nokkrum vafa bundið, að í fyrsta lagi vakir það fyrir hæstv. ríkisstj. með 1. gr. frv. að afnema úr gengisskráningarl. það fyrirheit, sem almenningi í landinu var gefið um leiðréttingu launamálanna um mitt árið 1951. Hitt er jafnvíst, eins og hæstv. forsrh. tók fram, að verkalýðnum er frjálst að fara af stað og krefjast þess af atvinnurekendum að fá leiðréttingu sinna mála varðandi dýrtíðaruppbætur. Ég býst ekki við, að hæstv. ríkisstj. óski sérstaklega eftir slíkri ókyrrð á vinnumarkaðnum í landinu. Ég hefði fyrir mitt leyti heldur ekki óskað eftir henni, en það er hægt af hálfu stjórnarvaldsins og löggjafarvaldsins beinlínis að mana fram slíka ókyrrð, sem ella hefði kannske ekki komið til skjalanna.

Ég sagði áðan, að það hefðu verið gefin loforð í sambandi við gengisskráningarl. um fulla dýrtíðaruppbót til fólksins í landinu, fyrst eftir 3 mánuði, síðan eftir 6 mánuði og svo eftir aðra 6 mánuði, *og þetta var gengislækkunarlöggjöfinni talið mjög* til gildis. Nú skulum við líta á, hvað segir í grg. hagfræðinganna, sem fylgdi gengisskráningarfrv., um þetta efni. Á bls. 51 stendur þetta — með leyfi hæstv. forseta: „Tilgangurinn með ákvæðum þessa liðs er sá að bæta öllum launþegum þá hækkun á framfærslukostnaði, sem hlýzt af gengislækkuninni, nema þar sem hún hækkar laun þeirra sjálfkrafa. Tilætlunin er að veita launabót, sem svarar til hækkunar á framfærslukostnaði.“ Hér er skýrt til orða tekið. Hér var vinnandi fólki í landinu veitt fyrirheit um það, að þrátt fyrir þá byrði, sem það tæki á sig um skeið, þá yrði henni að *einhverju leyti létt af því að vissum tíma* liðnum með því að bæta laun þess upp með hækkaðri vísitölu. Síðar segir svo í þessum hugleiðingum: „Þykir okkur rétt að ætla 6 mánaða tímabil til slíkrar jafnvægismyndunar og festingar. Fari hins vegar svo, að á þessu tímabili verði almenn verðhækkun að ráði, þá er ákvæði um að bæta launþegunum slíka almenna verðhækkun að öðrum 6 mánuðum liðnum.“ Fari svo, að verðhækkun verði, þá er launþegum beinlínis lofað, að kaup þeirra verði hækkað í hlutfalli við hækkaða vísitölu, eftir að liðnir eru 6 mánuðir ársins 1951. Það er með þessari löggjöf verið að svíkja þetta loforð, og býst svo hæstv. ríkisstj. við, að öllu þessu sé tekið með þögn og þolinmæði af fólkinu í landinu? Ég held, að jafnglöggir og greindir menn og sitja í ríkisstj. muni gerla sjá, að varla er von á slíku. Nú mun hæstv. ríkisstj. líklega segja sem svo: „Að vísu ætluðum við að gera þetta og þess vegna lofuðum við þessu í góðri trú á, að ástandið gerði þetta mögulegt, en nú er málum þann veg háttað, að við getum ekki efnt þetta loforð, þar sem ástandið hefur versnað og áhrif gengislækkunarinnar hafa orðið önnur en gert var ráð fyrir, og þess vegna er það fjörráð við atvinnulífið í landinu að greiða hærri uppbætur en við höfum ákveðið.“ Ég tel það vera fullyrðingar út í loftið, sem ekki sé hægt að færa sönnur á, að íslenzkur atvinnurekstur, ef skynsamlega er rekinn og atbeina ríkisvaldsins sé beitt til þess að láta ekki einstaklinga mata krókinn óhæfilega, geti ekki greitt verkamönnum hærri uppbætur með vaxandi dýrtíð. Getur hæstv. ríkisstj. búizt við því, þegar hún hvað eftir annað gerir ráðstafanir til þess að hækka verðlag í landinu og dýrtíðin vex hröðum skrefum, að það sé ein stétt í landinu, launafólkið, sem eigi möglunarlaust að taka á sig þennan þunga bagga? Ég hygg því, ef hæstv. ráðh., sem ég þekki að mörgu góðu, hugsuðu um þetta í ró og næði og létu ekki annars vegar binda sig við barnalegar og einstrengingslegar fræðisetningar, sem hafa þó sýnt sig að geta ekki staðizt, og ef ekki væru hins vegar öfl í landinu, er stæðu bak við hæstv. ríkisstj., sem segðu, að atvinnurekstur okkar þyldi ekki hærra kaupgjald en ríkisstj. vill ákveða, að hæstv. ráðh. muni komast að þeirri niðurstöðu, að það sé rangt og óréttmætt að neita fólkinu um þær kjarabætur, sem það þarf í sambandi við vaxandi dýrtíð. Ég er nokkurn veginn viss um það, þótt enn þá liggi ekki fyrir *um það skýrslur, að aðgerðir hæstv. ríkisstj. í sam*bandi við bátaflotann muni verða til þess að hækka verulega dýrtíðina í landinu, og það mun koma fljótt á daginn. Ég er líka sannfærður um það fyrir mitt leyti, en að rökfæra það nánar gefst *mér tækifæri síðar, að hinn skefjalausi liberalismi*, sem stjórnarflokkarnir eru uppfullir af og hefur risið á ný í flestum löndum af meira afli en nokkru sinni fyrr, mun ekki færa fólkinu þá heill,

sem forkólfar hennar vilja vera láta. Þegar þess er gætt, hvaða vernd er gegn beinum aðgerðum ríkisstj. í þessum efnum, verða menn að athuga, að með samþykkt þessa frv. hefur hún kippt burt þeim einasta vonarneista, sem menn gátu búizt við að halda í varðandi kyrrð á vinnumarkaðnum árið 1951, þeim vonarneista, sem var í gengisskráningarl. og ég hef áður bent á, og ef hæstv. ríkisstj. gerir samtímis þessu ráðstafanir til þess að auka dýrtíðina í landinu, getur hún ekki með nokkurri skynsemi búizt við algerri kyrrð á vinnumarkaðnum í landinu, og þá er ekki hægt að áfellast verkalýðssamtökin. Hvað eftir annað er höggvið í þann sama knérunn og verkalýðnum ögrað beint eða óbeint með því, að ríkisvaldið segir við hann: „Þið hafið frjálsar hendur, þið getið hafið vinnudeilur og gert allt, sem þið viljið, til þess að fá kaup ykkar hækkað með frjálsum samtökum.“ Samtímis þessu er kippt burt fornu fyrirheiti um framtíðina varðandi lögákveðnar dýrtíðaruppbætur til launafólks í landinu. Er þetta skynsamlegt af hæstv. ríkisstj.? Ég hef ekki heyrt nein rök færð fyrir því, að það kollvarpaði atvinnulífinu í landinu, þótt verkamaðurinn fengi greitt kaup sitt í samræmi við dýrtíðina. Verkalýðurinn hefur sýnt mikla þolinmæði út af gengisskráningarlöggjöfinni. Það er nú komið á 11. mánuðinn síðan sú löggjöf var sett. Verkalýðurinn beið í 6 mánuði eftir nýrri dýrtíðaruppbót, þótt hann fyndi það á pyngju sinni dag frá degi, að það varð stöðugt örðugra að ná endum saman um launin miðað við verðlag á nauðsynjum. Hann beið þolinmóður eftir að fá þá dýrtíðaruppbót, sem gengisl. ákváðu honum um síðustu áramót, og ég skal ekkert fullyrða um það, hvort hann hefði beðið jafnþolinmóður í þessum efnum til miðs árs 1951. En fyrir þá, sem óska eftir því vegna alþjóðarhags, að ekki fari hér allt úr skorðum vegna látlausra vinnudeilna, þá er sýnilegt, að hér er ekki gerð tilraun til að skapa kyrrð á vinnumarkaðnum næstu 6 mánuði. Hæstv. ríkisstj. verður að taka afleiðingunum af aðgerðum sínum í þessum málum. Verkalýðurinn hefur orðið fyrir vonbrigðum af hálfu hæstv. ríkisstj. Fyrirheit, sem honum höfðu verið gefin, hafa ekki verið efnd, og þegar hann sér fram á, að fyrir aðgerðir ríkisstj. minnkar verðgildi peninga hans með hækkuðu verðlagi, án þess að hann fái hlutfallslegar launauppbætur, hver getur þá láð láglaunafólki, þótt það taki til sinna ráða til þess að bæta hag sinn? — Ég get svo sagt það að lokum, sem ég hef áður sagt í þessum sal, að það er ekki hægt til lengdar að stjórna gegn verkalýðnum. Það mun hæstv. ríkisstj. finna, eftir því sem lengra líður.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. hefur lýst því yfir í sambandi við frv. það, sem hér er lagt fram, að það hafi verið meining hennar, þegar hún fékk samþ. frv. um breyt. á gengisskráningarl. í vetur, sem hún nú vill fá staðfestingu á, að binda verkalýðsfélögin þannig, að þeir samningar, sem fyrir hendi voru þá, gætu ekki öðlazt gildi. Það kom fram hjá hæstv. ríkisstj. þá, að með þeim breyt., sem hún lagði til að gera við gengisskráningarl., ætlaði hún að gera verkalýðnum bölvun. En nú uppgötvar hæstv. ríkisstj. og fleiri, að það megi skilja þær breyt., sem hún fékk fram, ef þær eru skoðaðar niður í kjölinn, þannig, að það sé raunar verið að gefa verkalýðnum meira frelsi og betri kjör en ætlazt var til, eða m. ö. o.: ríkisstj. ætlaði að gera verkalýðnum illt, en gerði honum óvart gott, og þess vegna kemur hún nú með þetta frv., því að það hafi aldrei verið meiningin að gera verkalýðnum gott. Hins vegar skuli það standa, að verkalýðnum sé frjálst að hefja vinnudeilur. Þetta ber greinilegan vott um afstöðu hæstv. ríkisstj. til verkalýðsins og vinnufriðarins í landinu. — Ég veit, að hæstv. ríkisstj. afsakar sig með því að segja, að stjórnarandstaðan hafi barizt gegn þessum till. hennar, sem hún bar fram í vetur, og það er rétt, að stjórnarandstaðan barðist gegn þeim tilgangi, sem ríkisstj. lagði í sínar till. Það er því rétt í þessu sambandi og ætti að geta orðið hæstv. ríkisstj. til varnaðar að rifja upp, hvernig hún fór að því að breyta l. í vetur.

Hæstv. ríkisstj. lagði fram frv. sitt um breyt. á gengisskráningarl. o. fl. í október og var það 33. mál þingsins. Það var ein efnisgr. og fjallaði um, hvernig innheimta skyldi skatt samkv. 12. gr., og fór frv. þá gegnum d. með meðmælum fjhn. Var það einróma samþ. og hélt áfram til Ed. Fyrst við 2. umr. í Ed. kom fram brtt. um að bæta við nýrri gr. Sú brtt., sem var um breyt. á vísitöluuppbótinni, kom fyrst fram við 5. umr. á Alþingi, eða við 2. umr. í Ed. Þann sama dag voru umr. um þetta í Ed. og daginn eftir í Nd., en það var síðasti dagur þingsins fyrir jól, eða 18. des., þegar verið var að skella af öllum málum. Á sömu fundum var hækkaður söluskatturinn, eða eftir eina umr. í Ed. og eina í Nd. Ríkisstj. hafði þó tækifæri til að láta athuga málið ofan kjölinn, en leyfði það aldrei. Hér var komið í gegn lögum, sem svipta verkalýðinn réttindum. Við síðustu tvær umr. var frv. gerbreytt. Með öðrum orðum: Ríkisstj. breytti öllum þingsköpum við setningu þessara laga. Ákvæði fyrirskipa sex umr. í máli, þrjár umr. í hvorri deild. En ríkisstj. tekur upp við veigamikið mál að bera fram brtt. við síðustu umr. Það kann að koma í ljós seinna, að brtt. var ekki vel hugsuð. Nú kemur svo yfirlýsing frá ríkisstj., flutt af hæstv. forsrh., og brtt., sem felst í 1. gr. frv., um að taka af öll tvímæli um það, að verkalýðurinn eigi ekki að njóta þeirra réttinda, sem hann hefur samkvæmt samningum. Hæstv. ríkisstj. lýsir því yfir alveg ótvírætt, að vinnustöðvun sé velkomin, áður en laun hækki. Laun eiga ekki að hækka fyrr en búið er að knýja þau til hækkunar. Ekki með friðsamlegu móti, ekki með samningum, ekki með vinnufriði skal fást kauphækkun. Ef verkalýðurinn vill vinnustöðvun í landinu, ef hann vill láta vita af því, að fyrirtækin vinna ekki, nema verkalýðurinn vinni við þau, þá skal látið undan kaupkröfunum. Þetta segir ríkisstj., sem sjálf stuðlaði með afskiptum sínum af lagasmíðinni að togarastöðvuninni og bakaði þjóðinni 70 milljóna tjón. Togarastöðvunin hefði ekki orðið, ef ríkisstj. og flokkar hennar hefðu samþ. lög um hvíldartíma á togurum, lög, sem lágu fyrir á Alþingi og sjómenn knúðu fram. Og stöðvunin hefði ekki orðið, ef ekki hefði verið lagður skattur á togaraeigendur, sem hæstv. ríkisstj. gaf nú eftir. Með öðrum orðum olli hæstv. ríkisstj. því, að togarastöðvunin var í marga mánuði og hafði í för með sér um 70 milljóna tjón. Þetta er ríkisstj.,

sem upplýsir, að hún óski eftir fleiri þess háttar stöðvunum, aðeins fái verkalýðurinn alls ekki bætt kjör sín nema með vinnustöðvun. Það er hæstv. ríkisstj. að kenna, að framleiðsla á freðfiski hefur minnkað, og veldur það tjóni, sem nemur yfir 150 milljónir alls. Hún hefur sýnt algert getuleysi til að koma atvinnulífinu af stað. Hún hefur allan janúarmánuð, þegar beztu gæftir eru, séð til þess, að allur vélbátaflotinn er í höfn, sem veldur 20—30 milljóna tjóni. En hún er ekki ánægð, henni finnst ekki nóg komið, finnst þessi stöðvun aðeins smáræði, sem megi endurtaka sig. Það er furðuleg afstaða til framleiðslumálanna í landinu, sem þessi ríkisstjórn hefur sýnt. Enn þá einkennilegri eru, þegar athuguð eru, afskipti hennar af verkalýðsmálum, en ríkisstjórnin segist bera hag verkalýðsins fyrir brjósti. Gerð var samþykkt um, að verkalýðurinn krefðist þess, að kaupgjald væri greitt með fullri vísitölu og það bætt upp, sem hann var rændur s. l. ár. Þetta var einróma samþ. á Alþýðusambandsþingi. Hverju svarar ríkisstj. þessum kröfum Alþýðusambandsins? Jú, með því að segja við verkalýðinn: „Þú skalt ekki fá uppbæturnar, heldur skal tekið af þér það, sem var ákveðið í gengislækkunarlögunum.“

Hinn 18. des. s. l. hjó ríkisstj. óvart fjötrana, sem hún ætlaði að herða. En fyrir viku síðan fóru fram kosningar í Dagsbrún. Flokkur hæstv. forsrh. þóttist taka þátt í þeim kosningum, og Tíminn birti B-lista og stefnuskrá hans, sem stjórnin stæði að. Er b-liður 1. gr. á þessa leið: „Verkamenn fái áfram fulla greiðslu á vísitölu.“ Full greiðsla á vísitölunni er það, sem flokkar ríkisstj. lýsa yfir sem sinni stefnu, þegar þeir senda fulltrúa í verkalýðsfélögin. En þegar þeir hafa óvart höggvið á vísitölufjötrana, bregður þeim við, og þá á að fjötra verkalýðinn aftur. Betur er ekki hægt að lýsa vesaldómi og aumingjaskap þessara manna, sem ekki geta reitt upp sverð án þess að höggva óvart högg, sem þeir ætla ekki að höggva. Ég held, að þessari ríkisstj. væri sæmra að láta nú þar við sitja og verkalýðurinn fengi þessa litlu uppbót, og freista þannig, hvort vinnufriður geti ekki haldizt í landinu. — Þetta gerir hún ekki, heldur reynir að bera í bætifláka fyrir þetta frv. og segir, að verkalýðurinn sé engu bættari, þó að hann fái kauphækkun. Það er hrein villukenning, að kjör verkalýðsins batni ekki við kauphækkun. Hitt er annað, að ríkisstj. getur stuðlað að því, að verð hækki á öllum vörum. Það er hægt með lækkun gengis og hækkun vöru. Það er hægt að ræna verkalýðinn ávöxtum kauphækkunar með gengislækkun. Það situr ekki á þeirri ríkisstj., sem hefur prédikað, að það þurfi að stöðva dýrtíðina. Hvað hefur gerzt síðan Framsókn kom í stjórn, sem básúnaði, að það þyrfti að stöðva dýrtíðina? Framsókn hefur verið í ríkisstj. samfleytt á fjórða ár, og afleiðingin er sú, að dýrtíðin hefur aldrei vaxið eins og fyrir beint tilstilli þessa ráðandi flokks. Framsókn hefur sýnt í ríkisstj., hver vildi stöðvun dýrtíðarinnar, hún hefur sýnt, að krónan hefur hrapað allan tímann, hefur sýnt, að eftir að verkalýðurinn hætti að hækka sitt kaup, hefur Framsókn reynt að rýra krónuna, sem verkalýðurinn fengi. Dýrtíðin hefur aldrei vaxið eins og síðan Framsókn tók að marka stjórnarstefnuna í dýrtíðarmálum. Ríkisstj. hefur svikizt um að stöðva dýrtíðina, svikizt um að hækka krónuna. Þegar þannig er farið að, á verkalýðurinn ekki annars úrkosti en tryggja sér fleiri krónur. Og hitt er annað, að verkalýðurinn hefur ýmis ráð til að hafa hemil á dýrtíðinni. Hvað hefur sá flokkur, sem kennir sig við samvinnufrelsi, gert til að berjast á móti dýrtíðinni? Hann hefur svipt neytendafélögin síðasta rétti sínum. Hann hefur tekið gjaldeyrisleyfin af kaupfélögunum og afhent heildsalaklíkunum. Hann hefur svikið allt, sem hann lofaði. Hv. stjórnarflokkar hafa ekki látið sér nægja að auka dýrtíðina í landinu. Þeir lofuðu öðru, þegar þeir heimtuðu fórnirnar. Þeir lofuðu, að ef verkalýðurinn vildi bíða þolinmóður í 6 mánuði, mundi hann sjá ávextina koma til sín. Og verkalýðurinn beið og lét ávextina koma í ljós. Hann beið til að vita, hvort það væri rétt, sem hagfræðingar Ameríkana og ríkisstj. sögðu, að gengislækkunin hefði ekki í för með sér nema 11—13% skerðingu. Hann beið og sá, að hún var orðin 23%. Ríkisstj. lofaði að tryggja honum atvinnu. Hvernig er farið með þau loforð? Hún hefur svikið þau og dregið úr atvinnu í landinu. Hún hefur ekki aðeins rýrt gildi krónunnar, heldur einnig látið krónurnar verða færri, af því að vinnudagar falla niður. Það er neyðarástand í landinu, og það hefur komið í ljós, að atvinnuleysi hefur verið leitt yfir landið. Það hefur verið farið fram á, að fólkið fái að basla upp á eigin spýtur, en ríkisstj. segir nei. Þegar fólki dettur í hug að sjá um sig sjálft, þá er sagt nei. Það á ekki að lina á neinum einokunarfjötrum. Fólkinu er bannað að bjarga sér sjálft. Útvegurinn skal stöðvaður allan janúarmánuð. Sama ríkisstj. sem eykur dýrtíðina með aðgerðum Alþingis hindrar fólk í að vinna, bannar því að bjarga sér, hún herðir einokunarfjötrana, sem eru sárari en þeir dönsku. Menn hafa ekki frelsi til að byggja sér kofa. Þannig svíkur ríkisstj. hvert einasta atriði í því, sem hún lofaði, þegar hún heimtaði fórnirnar af fólkinu. Hún hefur ekki aðeins svikið að stöðva dýrtíðina, svikið að auka atvinnuna, heldur gerir hún nú ráðstafanir til að auka atvinnuleysið. Af hverju er nú þetta? Þessi ríkisstj. vill hafa atvinnuleysi í landinu. Af hverju? Af því að hún treystir því, að ef hún hafi nóg atvinnuleysi í landinu, geti hún brotið verkalýðinn á bak aftur. Hann skal ekki hafa tækifæri til að hækka sitt kaup. Hann verður að fara út í vinnudeilu til þess. Hún skapar vísvitandi atvinnuleysi til þess að hafa svipuna á verkalýðnum og halda kaupinu niðri. Þess vegna segir ríkisstj. svo kotroskin: „Farið út í vinnudeilur, það er guðvelkomið. Við sviptum ykkur ekki rétti.“ Hún þykist örugg, meðan hún hefur vald til að skapa atvinnuleysi.

Það er ekki ófróðlegt að athuga, að ríkisstj. stendur líklega ekki ein að þessu. Talað er um miklar framkvæmdir, Sogs- og Laxárvirkjanirnar. Ríkisstj. er furðu róleg í sambandi við þessar virkjanir. Vitanlega er það fé, sem notað er hér innanlands, úr sjóði þeim, sem geymdur er í Landsbanka Íslands. En ríkisstj. þarf sérstakt leyfi frá Washington til að nota það og lagafrv. á Alþingi. En ekki hefur verið komið fram með þetta lagafrv. Það er vitað, að skilyrði fyrir því, að nota megi sjóðinn, er, að það haldist efnahagslegt jafnvægi í landinu. Hvað merkir efnahagslegt jafn-

vægi? Það þýðir, að haldið sé við svo miklu atvinnuleysi, að ríkisstj. geti framkvæmt kaupkúgunarlög sín. Þetta skilyrði er sett af útlendum stjórnarvöldum, og þess vegna er hæstv. ríkisstj. og þeir flokkar, sem að henni standa, svo viðkvæm fyrir því, ef verkalýðurinn fengi ofurlítið af þeirri hækkun, sem honum ber. Hitt er rangt, að verkalýðurinn geti ekki bætt sín kjör. Það er hægt að breyta hlutfallinu milli þess, sem fer til stóreignamannanna annars vegar og verkalýðsins hins vegar. Þjóðartekjurnar eru nú orðnar svo miklar, 1100—1200 millj. kr., að meðaltekjur hverrar 5 manna fjölskyldu ættu að vera um 40 þús. kr. á ári. Verkalýðurinn getur, án þess að það valdi nokkurri verðbólgu, bætt sín kjör á kostnað yfirstéttanna í landinu, en þetta vill hæstv. ríkisstj. ekki. En ég vil lýsa því yfir, að ég álít, að það hefði verið viðkunnanlegra fyrir hæstv. ríkisstj. að láta sitja við orðinn hlut, eftir það sem gerðist 18. des. s. l., þegar ríkisstj. ætlaði, eins og svo oft áður, að gera illt, en varð það óviljandi á, að gera gott, og bíta í það súra epli, að verkalýðurinn fái þær smávægilegu kjarabætur, sem felast í l. frá 18. des. Hæstv. forsrh. láðist, ég býst við af misgáningi, að leggja til, að málinu yrði vísað til hv. fjhn. Eftir þá reynslu, sem fengizt hefur á l. frá 18. des., býst ég við, að hæstv. ríkisstj. sjái, að hyggilegra sé að athuga málið í n., en lögfesta það ekki í slíku flaustri sem þá.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Það mun nú kannske ekki þýða mikið að halda langa ræðu um þetta mál, því að það lítur út fyrir, að stjórnarflokkarnir séu ákveðnir í að afgreiða þetta mál og breyta engu. En mér fannst ég ekki geta látið þetta mál fara fram hjá mér án þess að gera dálitla athugasemd við afgreiðslu þess. Ég er hissa á, að ekki var hafður sami háttur á þessu máli og venjulegt er um slík mál, að láta félagsdóm dæma í málinu, en láta það ekki koma fyrir þingið, og hlýtur annað að liggja til grundvallar en sést á þessu frv. Árið 1948, þegar vísitalan var bundin, — hún var bundin frá 1. jan., — hafði sá háttur verið á hafður að reikna vísitöluna út eftir á og greiða laun með vísitölu næsta mánaðar á undan, þannig að launþegar væru búnir að vinna fyrir desembervísitölunni, en hún skyldi ekki greiðast fyrr en í janúar. Öllum opinberum starfsmönnum var greidd þessi vísitala, en verkamönnum neitað um það. Þá var ekki farið með það mál í þingið, heldur var það lagt í félagsdóm, og hann dæmdi, að verkalýðurinn ætti ekki rétt á þessu kaupi, sem hann þó var búinn að vinna fyrir, en ekki skyldi borgast fyrr en í janúar. Ég skal ekki um það segja, hvers vegna þetta er ekki haft svona nú, en viðvíkjandi því, sem búið er að taka hér fram áður, þegar rakinn var gangur gengislækkunarlaganna, þá var í öllum umræðum sagt, að séð yrði fyrir því, að launþegarnir fengju sitt. Sú saga er kunn, sem rakin var allýtarlega hér áðan, hvernig reynt var að hlaupast burt frá þessu loforði með brbl., sem tvisvar voru gefin út, og með breyt., sem gerð var í vetur, þegar ríkisstj. var búin að sjá, hve erfiðlega gengi að svíkja loforð sín. Þá var vísitalan komin upp í 123 stig, en þegar gengislækkunarlögin voru samþykkt, var sagt, að hún mundi hæst verða 118, en sú hækkun, sem orðið hefur frá samþykkt gengislækkunarlaganna og til áramóta, er þó smáræði hjá því, sem yrði í júlí í sumar. Svona hækkar allt áfram þrátt fyrir allar aðgerðir ríkisstj. Björgun bátaflotans og allar aðrar bjarganir ríkisstj. bæta aðeins við hækkun dýrtíðarinnar, og hún er þegar orðin svo tilfinnanleg, að ég efast um, að ríkisstj. geri sér grein fyrir því. Þá er um að gera að binda kaupið.

Viðvíkjandi þessu frv. er það 1. gr., sem binda skal verkalýðinn, og við, sem unnið höfum fyrir verkalýðinn, erum glöggir á, að ekki hefði verið komið fram á þingi með frv., ef annað lægi ekki á bak við, en af hvaða ástæðum er það þá? Það er vegna þess, að sama krafan er komin frá landbúnaðinum, og mér finnst það dálítið undarlegt, að Framsfl. skuli taka það að sér að ganga á rétt bænda, það er nýtt fyrirbæri, sem gæti orðið dálítið erfitt að eiga við, vegna þess að bændur eiga betri aðstöðu pólitískt en verkamenn, því að hafi verið erfitt fyrir verkalýðinn áður að ná rétti sínum, þá hefur það þó aldrei verið erfiðara en nú, meðan stjórnin verndar atvinnurekendur og er alger málsvari þeirra á kostnað verkalýðsins. Þessar aðferðir eru slíkar, eins og hv. 2. þm. Reykv. gat um viðvíkjandi kosningunum í verkalýðsfélögunum, að útsendarar þessara manna komu og létu uppi prógram um, hvað á að gera, ef þeir nái kosningu. Þessir menn koma og segja: Þið hafið verið sviknir, og þið eruð ekki nógu harðir, — en segjast ætla að bæta verkalýðnum það upp. Það fer ekki hjá því, að manni þyki þetta dálítið undarlegt, þegar vitað er, að þessir menn hafa, í hvert skipti sem verkalýðurinn hefur lent í deilum, verið í hópi þeirra 500—700 manna, sem greiða atkvæði á móti verkföllum, enda er verkalýðurinn ekki trúaður á, að þetta verði sterkt baráttulið í hagsmunabaráttu fyrir verkalýðinn.

Svo kemur þessi gamla klausa, sem alltaf hefur fylgt verkalýðnum, frá þeim, sem alltaf hafa verið á móti öllum kjarabótum honum til handa, að allar þessar kjarabætur séu að setja þjóðfélagið á höfuðið, sem sagt þjóðfélagið geti ekki látið verkalýðnum í té sæmileg lífskjör. Það eru verkamenn, sem eiga að svelta, og það enda þótt það séu þeir, sem öll þróun þjóðfélagsins byggist á. Og ef þeir hafa sæmileg lífskjör, er rokið upp og byrjað að gera gengislækkun og svo áfram. Ofan á þetta færir ríkisstj. verkalýðnum atvinnuleysi. Það hefði verið gaman fyrir hana að standa uppi í Hverfisgötu í gær og sjá fólkið streyma til atvinnuleysisskráningar. Þá hefði hún getað séð árangur verka sinna. Nei, það er alveg klárt mál, að þetta er beinlínis ögrun við verkalýðinn og þessir menn hljóta að sjá, að verkalýðurinn getur ekki annað en risið upp gegn þessum þrælalögum. Eitt er víst og það er alveg hægt að slá því föstu, að verkalýðurinn lætur þetta ekki afskiptalaust. Það er ekki hægt að bjóða neinum manni svona aðfarir hvað eftir annað, eins og gert er nú.

Af þessu öllu leiðir, að ekki er um frið að ræða. Hitt er annað mál, að ástæða hefði verið til þess fyrir verkalýðinn að rjúka upp miklu fyrr, en það er nú einu sinni svo, að þegar mest er þörf á baráttu fyrir verkalýðinn, þá er hann verst undir hana búinn. En þegar þeir svelta hvort sem er hálfu hungri, þá geta þeir það alveg eins í verkfalli eins og í atvinnuleysi, þá er þeim orðið sama,

hvort er verkfall eða ekki verkfall, og þá verður erfitt að ráða fram úr, þegar ríkisstj. er einu sinni búin að særa verkalýðinn af stað, búin að neyða hann út í kjarabaráttu, þegar ekki er bara deilt um mat, heldur beinlínis um líf fjölskyldna þeirra. Í þessa aðstöðu er ríkisstj. að koma verkalýðnum með aðgerðum sínum.

Eins og ég tók fram í upphafi, þá þýðir víst ekki að hafa um þetta mörg orð, en ég vara ríkisstj. og aðra, sem að henni standa, við því ástandi, sem hún er að skapa með samþykkt þessa frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:2 atkv., að viðhöfðu *nafnakalli, og sögðu*

já: KS, PÞ, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, EystJ, GG, GTh, HÁ, JóhH, JPálm, JR, JörB, JG.

nei: ÁS, GÞG.

ÁÁ, HelgJ greiddu ekki atkv.

16 þm. (LJós, ÓTh, PO, SB, SG, StJSt, StSt, ÁkJ, BÁ, BÓ, EOl, EmJ, FJ, IngJ, JS, JÁ) fjarstaddir.

Till. um að vísa frv. til fjhn. felld með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, EOl, GTh, GÞG, JR.

nei: PÞ, SkG, StgrSt, EystJ, GG, JóhH, JPálm, JörB, JG.

KS, SÁ, ÁB, HÁ, HelgJ greiddu ekki atkv.

13 þm. (LJós, ÓTh, PO, SB, StJSt, StSt, BÁ, BÓ, EmJ, FJ, IngJ, JS, JÁ) fjarstaddir.

Á 61. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil leyfa mér að segja fáein orð út af þeim ræðum, sem fluttar voru við 1. umr. Ég mun ekki svara ýtarlega því, sem þar kom fram, því að margt af því var þannig, að það kemur ekki beinlínis við þessu máli.

Þegar frv. kom fram, var svo að heyra á stjórnarandstæðingum, að þeir teldu vera hér á ferðinni alveg nýtt mál. Hins vegar hefur verið bent á það í umr., að efni þessa máls að því er snertir kaupgjaldsákvæðin er einungis að gera skýrt það, sem menn vildu lögbjóða í desembermánuði s. l., sem var í stuttu máli það, að hvorki grunnkaup í gamalli merkingu né verðlagsuppbót í gamalli merkingu, sem ég kalla í einu nafni laun, gæti hækkað, nema nýir samningar kæmu til á milli verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda. Þetta er mergurinn málsins. Þetta er það, sem löggjafinn ætlaðist til að fælist í löggjöfinni, sem sett var í desembermánuði, og fært er til skýrara orðalags í þessu frv., svo að ekki verði um villzt. Nú við umr. hefur þetta skýrzt þannig, að stjórnarandstæðingar eru hættir að halda fram, að hér sé um nýmæli að ræða frá því, sem ætlazt var til í þeim l., sem þá voru sett, og þess vegna er hægt að spara sér allar frekari umræður um það, þar sem þetta er viðurkennt nú þegar. Þá er spurningin, hvort við nú eigum aftur að ræða, hvort það hafi verið skynsamlegt að setja löggjöfina, sem sett var í desembermánuði s. l., og gerðu hv. stjórnarandstæðingar talsvert mikið að því við 1. umr. að ræða þetta atriði og endurtóku þá nokkuð af því, sem þeir höfðu tekið fram í desembermánuði, þegar þau l. voru sett. Ég sé ekki ástæðu til að fara að endurtaka nú með öllu þær umr., sem þá áttu sér stað, en vildi þó segja örfá orð út af nokkrum atriðum, sem komu fram hjá þeim.

Þeir lögðu mikla áherzlu á það í ræðum sínum, að því hefði verið lofað í sambandi við gengislækkunina, að menn skyldu fá kaupuppbætur fram *í júlí í sumar, og höfðu stór orð um það*, að með löggjöfinni í desember s. l. hefði þetta verið svikið. Þessu er því til að svara, að ástandið hefur gerbreytzt frá því að gengislækkunarl. voru sett, aðallega þannig, að sú verðhækkun, sem menn vonuðust eftir að yrði *á útflutta fiskinum* vegna gengisbreytingarinnar, hefur ekki komið fram nema að litlu leyti. Verðlag á ýmsum íslenzkum vörum, t. d. fiski, hefur lækkað miög á erlendum markaði og því ekki stigið eins á fiski innanlands og menn gerðu ráð fyrir, en þetta gerir að verkum, að sá grundvöllur, sem átti að byggja launauppbótina á, hefur ekki orðið fyrir hendi. Samt hafa öll laun í landinu hækkað um 23%. — Nú er spurningin, hvort það var rangt gagnvart launastéttunum að breyta gengislækkunarl. og hætta að greiða uppbætur eftir l., eða hvort hitt hefði verið eðlilegt, að láta uppbótarákvæðin haldast í löggjöfinni. Ég hygg, að það geti varla verið álitamál hjá neinum þeim, sem eitthvað íhugar þessi mál, að það sé enginn grundvöllur eins og stendur fyrir því, að launastéttirnar geti haft nokkuð upp úr almennri launahækkun, til þess standa atvinnuvegirnir of höllum fæti. Og það er áreiðanlegt, að launþegar hafa tiltölulega lítið haft upp úr þeim launauppbótum, sem veittar hafa verið upp á síðkastið, vegna þess að þjóðartekjurnar hafa minnkað, og þá er ekki hægt að bæta kjör þegnanna með því að láta út fleiri krónur, þar sem þau raunverulegu verðmæti, sem þjóðin aflar, hafa minnkað. Það kemur þá fram aftur í verðhækkun landbúnaðarafurða eða verður til þess að framkalla atvinnuleysi, sem þá kemur niður þar, sem sízt skyldi. Þess vegna hefur upp á síðkastið því miður ekki verið neinn eðlilegur grundvöllur fyrir því, að þær uppbætur gætu gert gagn, og þess vegna er að dómi ríkisstj. rétt að fella þessi ákvæði úr gildi og láta í vald verkalýðssamtakanna, hvort þau teldu grundvöll fyrir frekari kauphækkunum eða ekki. Ég hef alltaf skilið hv. talsmenn verkalýðsflokkanna þannig, að heppilegast væri, að engin afskipti ættu sér stað af hendi ríkisvaldsins af kaupgjaldinu, en nú deila þeir hart á stj. fyrir að nema úr gildi afskipti af þessum l. og láta þetta vera frjálst í samningum milli hlutaðeigandi aðila. Mér finnst þetta mjög einkennilegt, og mér sýnist þetta vera í fullkomnu ósamræmi við það, sem þeir hafa oft áður haldið fram. Það er náttúrlega firna einkennilegt, ef það telst nú til árása á launamannasamtökin eða verkalýðinn að láta það afskiptalaust í löggjöfinni, hvað gert verði í kaupgjaldsmálunum. Það er skoðun ríkisstj. og þeirra, sem hafa stutt hennar stefnu, að það væri ekki til hagsbóta fyrir launþega að mæla þeim út frekari launahækkun að svo stöddu, og yrði það aðeins til þess að gera ástandið í landinu enn verra og hættulegra en það er nú og til þess að auka atvinnuleysi.

Ég held það hafi verið hv. þm., Stefán Jóh. Stefánsson, sem sagði, að stj. vildi halda sig við barnalegar fræðikenningar í þessum efnum, og fullyrti út í loftið, að ekki væri eðlilegur grundvöllur fyrir frekari launauppbætur. Ég vil nú leyfa mér að benda þessum hv. þm. og öðrum, sem hafa talað svipað, á það, að ég hygg, að Ísland sé nærri eina landið, þar sem því er yfirleitt haldið fram af ábyrgum mönnum, að það sé örugg leið til kjarabóta fyrir verkalýð og launafólk að mæla mönnum út launahækkanir eftir hækkaðri vísitölu. Og þessar barnalegu kenningar, sem hv. þm. talaði um hér, þær eru nú ekki barnalegri en það, að það eru sömu kenningarnar og flokksbræður þessa þm. fara eftir í starfi sínu fyrir alþýðuna í nálægum löndum, og þess hefur ekki orðið vart, að menn í alþýðuflokkum annarra landa, öðrum en hinum íslenzka, hafi fundið upp þá kenningu, að það væri einhlítt úrræði að bæta lífskjörin með því að hækka kaup eftir vísitölunni í landinu. Hitt er barnaskapur, að halda slíku fram, eins og þeir gera. Við sjáum bezt, hvernig kenningin verður í framkvæmd, ef við athugum ástandið hérna síðasta mánuð. Þann tíma hafa aðfluttar vörur stórhækkað í verði, en íslenzkar útflutningsvörur yfirleitt ekki hækkað, heldur lækkað, þannig að þjóðartekjurnar hafa farið stórlega minnkandi, en þá ætti að vera öruggar kjarabætur fyrir verkalýðinn að mæla mönnum út hækkað kaup, þó að þjóðartekjurnar, sem á að skipta, hafi stórlega minnkað. Slíkt getur ekki leitt til annars en stórfellds atvinnuleysis, því að ef þeir, sem hafa fasta atvinnu, halda fast við það að fá uppbætur eftir dýrtíðarvísitölu, þýðir það óhjákvæmilega, að þeir halda við hjá sér hærra neyzlustigi en þjóðfélagið getur borið, og það kemur aftur fram í atvinnuleysi, og með því verður byrðunum velt af þeim, sem stöðugt hafa atvinnu, á þá, sem sízt skyldi. Þetta er staðreynd. Það verður aldrei skipt meiru en aflað er, og ef þeir, sem hafa föst laun, hrifsa til sín mikinn hluta, verða hinir út undan, af þeirri einföldu ástæðu, að eftir því sem neyzlustiginu er haldið hærra hlutfallslega við þjóðartekjurnar, eftir því verður fjárfestingin minni og dregur úr atvinnu.

Með þessu vildi ég þá líka hafa svarað hv. 6. þm. Reykv. (SG), sem gat þess, að stefna stj. leiddi til atvinnuleysis. Þetta er alveg þvert á móti. Aftur á móti hlýtur sú stefna, sem þessi hv. þm. vill halda fram, óhjákvæmilega að leiða til atvinnuleysis, en stefna sú, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir á þeim grundvelli, sem lagður var með gengisbreytingunni, er einmitt miðuð við það að komast hjá því að minnka þjóðartekjurnar, en skerðing þeirra mundi hafa í för með sér stórfellt atvinnuleysi. Ég veit, að hv. 6. þm. Reykv. sér það sjálfur, ef hann skoðar það í ró og næði, að ef t. d. genginu hefði ekki verið breytt á síðasta vetri, hefði orðið hér stórkostlegt atvinnuleysi á árinu 1950, þar sem ekki hefði verið nokkur kostur að halda uppi nema litlum hluta framleiðslunnar. Og þó að hann hefði þá fengið útmælt handa sínum mönnum eftir hækkun framfærsluvísitölu hækkaðar peningatekjur á pappírnum, hefði það ekki stoðað neitt, þar sem verðlag hefði hækkað að sama skapi og atvinnuleysishóparnir hefðu stækkað svo, að okkur hefði ekki órað fyrir því, að það hefði getað orðið jafngeigvænlegt ástand.

Aðalvandamálið í þessu er vitanlega að hitta á rétta meðalhófið, og það vandasama verk, sem forráðamenn verkalýðssamtakanna eiga að vinna á hverjum tíma, er að vega og meta, hvenær það er hagfellt fyrir verkalýðinn og launastéttirnar að knýja fram kauphækkanir, — hvenær það geti fært raunverulegar kjarabætur og hvenær ekki. Það er skoðun ríkisstj., að það væri með öllu ábyrgðarlaust að hafa í l. ákvæði, sem mæltu út fullar dýrtíðaruppbætur, þar sem enginn grundvöllur væri fyrir slíku. Slíkt hlyti aðeins að verða til tjóns fyrir launastéttirnar sjálfar og þjóðina alla, og mætti færa fyrir því mikil rök, sem ég mun þó láta ógert að sinni, en ég vildi aðeins benda á þessi örfáu atriði út af því, sem þessir hv. þm. tóku fram. — Höfuðatriðið í sambandi við kaupgjaldsmálin nú er aðeins eitt, þ. e. að gera það skýrt, sem menn ætluðu sér að lögfesta í desember s. l., sem sé það, að laun, en það þýðir kaupgjald og verðlagsuppbót, taki ekki breytingum frá því, sem greitt var í janúar, nema nýir samningar komi til.

Finnur Jónsson: Mér virðist um þetta frv., að það sé að sumu leyti einkennilega fram borið, og um afgreiðslu þess er það vitað, að ólyst stjórnarflokkanna er svo mikil, að það þarf að smala þeim með harðri hendi hingað til hússins, svo að það verði fundarfært í þessari hv. d. Og af málflutningi hæstv. fjmrh. verður ekki annað heyrt en að jafnvel hann tali fyrir þessu máli ekki af neinni sannfæringu, heldur af einhverjum öðrum ástæðum, auk þess sem nú hefur verið valin sú leið að láta þetta mál fara nefndarlaust í gegnum þessa hv. d., en ástæðan fyrir því mun vera sú, að ríkisstj. er alveg ljóst, að þetta mál þolir ekki gagnrýni. Þess vegna hefur ríkisstj. gripið til þess óvenjulega ráðs að þvæla þessu máli gegnum þessa hv. d. án þess að láta það fara til nefndar.

Ástæður þær, sem færðar eru fyrir þessu frv., eru í rauninni alveg furðulegar. Og þegar betur er að gætt, þá eru þær rangar. Ég hef tekið eftir því, að það stendur hér í grg., með leyfi hæstv. forseta: „Nú hefur hins vegar komið fram ágreiningur milli verkalýðssamtaka og atvinnurekenda um skilning á gildandi lögum varðandi launagreiðslur, þar sem verkalýðssamtökin krefjast, að laun séu greidd samkvæmt þeirri meginreglu, sem gilti fyrir setningu dýrtíðarlaganna í árslok 1947.“ Um þetta liggur engin krafa fyrir frá verkalýðsfélögunum, m. ö. o., það, sem fært er fram í þessari grg. um afstöðu verkalýðsfélaganna, er rangt og bein ósannindi. Verkalýðsfélögin hafa ekki óskað eftir, að launagreiðslur færu fram eftir neinum öðrum reglum en þeim, sem gildandi samningar eru til um, en það er forðast að nefna það í grg. Af þessu er augljóst, að ríkisstj. þorir ekki fyrir sitt auma líf að láta koma fram, að deilan, sem hér er á milli ríkisstj. og verkalýðsfélaganna, er ekki um einhverjar venjur, sem hafi átt sér stað, heldur raunverulega um gildandi samninga lögum samkvæmt.

Sama má segja um ýmislegt annað, sem virðist ekki vera á neinum rökum byggt. Það stendur t. d. hér í grg.: „Verðlag á höfuðútflutningsafurðum landsmanna þolir ekki hærra kaupgjald að svo

stöddu.“ Hvað veit ríkisstj. um verð á höfuðútflutningsvörum landsmanna á þessum tíma? Ekki nokkurn skapaðan hlut. Venjan er sú, að það kemur sjaldan í ljós fyrr en líður nokkuð á árið, hvað verðlagið er á aðalútflutningsvörum landsmanna. Og að þessu sinni bendir allt til þess, að verðlag á fiski hafi stórhækkað, m. a. er búið að minnka kjötskammtinn í Englandi, og það hefur óhjákvæmilega mikil áhrif á verðlag á fiski. Það, sem sagt er um verðlag á útflutningsvörum landsmanna í grg. þessa makalausa frv., er þess vegna raunverulega sagt út í loftið. — Ég hef sannfrétt, að það séu farin að berast hingað tilboð um verð á hraðfrystum fiski, m. a. frá Ameríku, sem eru miklu hærri en greitt var fyrir hraðfrystan fisk á s. l. ári, og hef ég fyrir satt, að núna nýlega hafi firma hér í bænum fengið fyrirspurn um, hvort það gæti útvegað fisk til Bandaríkjanna í 7 lbs. pökkum fyrir verð, sem svarar kr. 5,60 pr. kg, komið í höfn í New York. — Það má vera, að ríkisstj. sé þetta ekki kunnugt. Ég veit ekki, hvað hún hefur lagt mikla alúð við að kynna sér þessi mál, það sést að minnsta kosti ekki af þessu frv.

Þegar tekið er tillit til þessara tveggja atriða, sem ég nú hef getið um að rangt er farið með í grg., annars vegar, að verkalýðssamtökin krefjist, að laun séu greidd samkvæmt þeirri meginreglu, sem gilti áður en dýrtíðarl. voru sett í árslok 1947, og svo hins vegar, að útflutningsafurðir landsmanna hafi lækkað í verði, þá fæ ég skilið, hvers vegna hæstv. ríkisstj. kærir sig ekki um að fá nál., eins og þingsköp mæla fyrir, um þetta mál. Ég geri ráð fyrir, að ríkisstj. hafi viljað komast hjá, að í nál. væri bent á tvær slíkar höfuðvillur í grg. fyrir frv., sem ríkisstj. telur sig þurfa að koma í gegnum þingið á svo skömmum tíma sem raun ber vitni um.

Það var á hæstv. fjmrh. að heyra, að framleiðslan hefði nú gengið skrykkjótt undanfarið, og ég vil taka undir það, það vita allir, að framleiðslan hefur gengið mjög skrykkjótt, og líka lýðum ljóst, að það er hæstv. ríkisstj. að kenna, hvað framleiðslan hefur gengið skrykkjótt, bæði út af togaraverkfallinu og líka út af því, hve seint hefur gengið að koma vélbátaflotanum á stað. Það sýndi sig með togaraverkfallið, að undir eins og ríkisstj. tók að sér fyrir alvöru að leysa málið og leitaði til þeirra manna, sem áður höfðu staðið fremstir í að leysa svona deilur, eins og hv. þm. Hafnf. (EmJ), þá leystist málið á nokkrum dögum. Hvers vegna gerði ríkisstj. ekki þessar tilraunir fyrr? Var það fyrir sinnuleysi, eða fyrir það, að hún vildi láta þennan atvinnurekstur ganga eins illa og hann gekk? Vildi hún viðhalda togaraverkfallinu? Hæstv. ríkisstj. var kunnugt um það, að þeir menn, sem að lokum gengu í það að leysa togaraverkfallið, höfðu oft leyst sams konar deilur á svo til stuttum tíma, og það er fyrst, þegar stj. leitar til manna utan ríkisstj., utan flokka ríkisstj., sem tekst að leysa togaraverkfallið. Já, það er næstum því hart, að hæstv. fjmrh. skuli standa hér upp og tala um, að nú hafi gengið skrykkjótt að koma vélbátaútveginum á stað. En hverjum er það að kenna? Það er hæstv. ríkisstj. að kenna, — hinu dæmalausa sinnuleysi, sem hæstv. ríkisstj. hefur sýnt í þessu máli. — Útvegsmenn höfðu hér fund í haust, þar sem þeir bentu á, að ekki væri fyrir hendi starfsgrundvöllur fyrir vélbátaútveginn, og það var ekki á þetta hlustað, en til málamynda settir menn til þess að tala við útvegsmenn, menn, sem höfðu ekki neinn myndugleika til þess að tala við þá. Útvegsmenn óskuðu eftir samtölum, ég hygg að það hafi verið fyrir miðjan okt., og settu sérstaka n. og fólu stjórn samtaka sinna og framkvæmdastjóra að eiga tal um þetta við ríkisstj. Nú vil ég ekki draga úr því, að mér er vel ljóst, að mikil vandkvæði eru á því að finna lausn í þessu máli, enda í rauninni engin lausn fengin á þessu enn þá. En þó held ég ekki að þetta mál hafi verið vandasamara en það, að ef ríkisstj. hefði af alvöru viljað beita sér fyrir lausn málsins, þá hefði verið hægt að gera það á réttum tíma, áður en þingi lauk fyrir jól og áður en fjárl. voru afgr. En hæstv. ríkisstj. sýndi enga alvöru í því að reyna að leysa þessi mál. Það er fjarri því, að ég beri nokkurt traust til hæstv. ríkisstj., sérstaklega eftir það, að hún hefur sýnt mikið framkvæmdaleysi í þessu máli, en hitt er ég þó viss um, að ef hæstv. ríkisstj. hefði af alvöru lagt sig fram um að leysa þessi mál, þá hefði það tekizt. En þarna var engin alvara að verki, engin alvara eða skilningur á því, að það þyrfti að gera verulegt átak í þessu máli, og sannast að segja verður maður að viðurkenna, að svonefnd lausn, sem hæstv. ríkisstj. hefur boðið útvegsmönnum upp á, hún er sú versta leið, sem hægt er að fara, og það er auðséð, að dýrtíðin verður látin hækka út af þessu miklu meira en orðið hefði raun á, ef aðrar leiðir hefðu verið farnar. Það hefur aldrei gefizt vel að selja verzlunina á einokun. Margir tala um, að ríkiseinokun sé vond, en ég held, að versta einokun á verzlun sé einokun einstakra manna á henni. Ríkisstj. segist hafa heitið útvegsmönnum að gera ráðstafanir til þess, að um ⅙ af innflutningsverzluninni verði seldur á einokun, og jafnhliða er því heitið, að allt verðlagseftirlit á hinum einokuðu vörum sé afnumið. Nú mundu sumir segja, að það sé gott, ef útvegsmenn geti fengið dálítið af peningum og rétt sinn hag eftir þessari aðferð, sem fengin er að láni frá dönsku einokunarkóngunum og þótti þá aldrei góð. En því er ekki að heilsa, að þetta geti komið útgerðarmönnum að gagni. Eins og allir vita, þá eiga útvegsmenn ákaflega þröngt um fé, og þeir hafa ekki peninga til þess að gera út, nema af mjög skornum skammti. Sama má segja um frystihúsin, að þau eru í rauninni alveg í vandræðum mörg þeirra með að hafa fé til daglegs rekstrar. Það, sem þess vegna gerist í þessu máli, er það, að útvegsmenn og flest frystihús verða að framselja þessi gjaldeyrisréttindi, og þegar búið er að framselja þau, þá verða það einhverjir efnamenn, sem fá einokunaraðstöðu í verzluninni fyrir ⅙ innflutningsins eða því sem næst. Þetta verður því til þess að gera muninn á fátækum og ríkum enn þá miklu meiri en hann hefur verið áður og auka dýrtíðina í landinu sérstaklega. — Nú má vera, að einhver segi, hvað kemur það þessu máli við. En það kemur einmitt þessu máli við, sem hæstv. fjmrh. var að tala um. Ríkisstj. hefur gert tilraun til þess að festa kaupgjaldið, hún hefur líka gert tilraun til, en þó ekki alvarlega, að festa verðlag á landbúnaðarafurðum, en hins vegar hefur hæstv. ríkisstj. alveg láðst að gera það, sem þykir alveg sjálfsagt í öðrum siðuðum löndum, þar sem gripið

er til þess að gera jafnframt ráðstafanir til þess að halda niðri dýrtíðinni, til þess að hún vaxi ekki upp úr öllu valdi.

Hæstv. fjmrh. var að tala um, að verkamenn hefðu ekkert upp úr almennum kauphækkunum. Það er nú svo. En hvaða vopn hafa verkamenn gegn ríkisstj., sem hagar sér eins og þessi ríkisstj. hefur gert, nema almenna kauphækkun, — ríkisstj., sem er að reyna að bera sig saman við heiðarlegar ríkisstj. á Norðurlöndum og í Bretlandi, sem halda niðri dýrtíðinni eftir mætti, þó að þær festi kaupgjald? Gagnvart ríkisstj., sem svíkst alveg um þennan þátt dýrtíðarráðstafana, hafa verkamenn engin önnur vopn en kauphækkun. Ríkisstj. verður að gera sér það ljóst, og það er betra, að hún geri það fyrr en seinna, að með því aðgerðaleysi, sem hún hefur hér í dýrtíðarmálunum, neyðast verkamenn til þess að beita kauphækkunarvopninu. Nú er í þessu tilfelli ekki um það að tala, að verkamenn ætli að beita neinni kauphækkun, það lá ekkert fyrir um það, að þeir ætluðu að hækka grunnkaup, — þeir hafa aðeins látið í ljós, að þeir óskuðu eftir því að fá framkvæmda samninga, sem hafa verið settir úr gildi um tíma með l., en eru enn í fullu gildi; þeir samningar eru ekki um grunnkaupshækkanir, heldur um dýrtíðaruppbót samkvæmt vísitölu. Nú sagði hæstv. fjmrh., að sér þætti eiginlega hart, ef það ætti að teljast til árása að láta afskiptalaust, hvað gerist í kaupgjaldsmálum, og mér skildist hann halda því fram, að með þessu lagafrv. væri verið að gefa kaupgjaldsmálin laus. Þetta er rétt hvað viðvíkur grunnkaupinu, en það er það alls ekki hvað viðvíkur þeirri dýrtíðaruppbót, sem verkamenn telja sig eiga rétt á samkvæmt samningum við atvinnurekendur. Það er þess vegna mesti misskilningur, ef hægt er að halda því fram í öðru orðinu, að kaupgjaldsmálin séu látin alveg laus, um leið og verið er að setja samninga, sem verkalýðsfélögin telja hafa gildi samkvæmt l., alveg úr gildi.

Nú skal ég ekki fjölyrða um þetta mál frekar. Mér þótti rétt að láta þetta koma fram í sambandi við ræðu hæstv. fjmrh. og út af þeirri grg., sem ríkisstj. hefur látið fylgja þessu frv., sem er bæði röng og villandi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. þótti það viðunandi meðferð á þessu frv. að neita að vísa því til fjhn., ríkisstj., sem hafði óeðlilegan og vitlausan frágang á brtt. við frv. hér í þinginu og sóðaði því í gegn með offorsi, svo að hún þarf að koma nú nokkru seinna með nýtt frv. til þess að laga gömlu vitleysuna, — hún fæst ekki til að láta athuga þetta mál í fjhn. þessarar d. Ég held, að þetta sé rangt gert af hæstv. ríkisstj. Hún þarf ekki að kvarta yfir því, að fjhn. þessarar d., sem hefur fengið mörg af hennar málum til meðferðar, hafi tafið fyrir málum með því að athuga þau og skrifa um þau stuttar grg., enda man ég ekki eftir, að ríkisstj. hafi nokkurn tíma kvartað yfir slíku, og þá er það raunverulega óverjandi að neita með 9:8 atkv. að láta svona frv. koma til n.

Hæstv. fjmrh. talaði nokkur orð og svaraði þó litlu einu af því, sem sett hefur verið fram og gagnrýnt viðvíkjandi þessu máli við 1. umr. Hann kom seinast með afsökun á öllum þeim svikum, sem ríkisstj. hefur framkvæmt í kaupgjaldsmálum á þeim loforðum, sem hún hafði gefið, þegar hún setti gengisskráningarl. Hann kom með þá afsökun, að ástæður hefðu gerbreytzt og þess vegna hefði ekki verið hægt að standa við loforð um verðhækkanir, sem hefðu verið gefin, verðhækkanir á fiskinum hefðu brugðizt. Þetta er eina raunverulega ástæðan, sem hæstv. fjmrh. flytur fram fyrir því að hafa hlaupið frá öllu því, sem hann staðhæfði fyrir 10 mánuðum að hlyti að verða til góðs fyrir þjóðina hvað gengislækkunina snertir. Er það satt hjá hæstv. fjmrh., að þegar gengisskráningarl. voru rædd í þinginu, þá hafi verið ástæða til að búast við hækkuðu fiskverði, og gekk hæstv. ráðh. og ríkisstj. út frá, að fiskurinn yrði hækkaður? Ég skal nú athuga, hvort þetta var satt, sem hæstv. fjmrh. sagði þá. Gengislækkunarl. fóru til fjhn. þessarar d., sem þá samdi ýtarlegt nál., eins og eðlilegt var, þar sem það fylgdi löng grg. með frv. Fjhn. leitaði álits þeirra manna, sem voru fulltrúar útgerðarmanna og sérstaklega áttu að þekkja vel til í þessum efnum, um það frv. Það hafði staðið í grg. fyrir frv. ríkisstj., að gengislækkunarl. mundu hækka verð á freðfiski úr 75 aurum í 93 aura. Á fundi fjhn. spurðum við fulltrúa útvegsins um þeirra álit á þessum hlutum, og í því nál., sem ég samdi fyrir hönd 2. minni hl. fjhn., á þskj. 416, segir um afstöðu frv. til bátaútvegsins þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. er árás á bátaútveginn. Það gerir hlut hans lakari en nú er. Vörnin fyrir frv. þetta af hálfu forvígismanna þess er, að með því sé m. a. verið að bjarga bátaútveginum, smáútvegsmenn muni fá aðstöðu sína bætta með gengislækkuninni. Þetta er ekki rétt. Það upplýstist af viðtölum n. við ýmsa fulltrúa, er á fund hennar komu og vel þekkja til um aðstöðu hraðfrystihúsa og bátaútvegs, að hraðfrystihúsin mundu ekki treysta sér til þess að greiða meira en 75 aura fyrir kílóið af fiskinum eftir gengislækkunina og að líklega yrði heldur ekki greitt hærra verð fyrir fisk til söltunar. Nú er það verð, sem greitt er fyrir fisk bátanna samkvæmt fiskábyrgðarlögunum, 75 aurar fyrir kíló, en auk þess er vátryggingargjaldið greitt, svo að raunverulega fær útgerðin 85 aura fyrir kílóið nú. Raunverulega mundi því verðið á fiskinum til framleiðendanna lækka við gengislækkunina og afnám fiskábyrgðarinnar. Bátaútgerðin verður því fyrir tvöföldu tjóni, ef frv. þetta yrði samþ. Í fyrsta lagi hækkar verðið á olíu, veiðarfærum og öðrum aðkeyptum vörum, sem útgerðarmenn og sjómenn þarfnast, um 74% í innkaupsverði. Í öðru lagi lækkar verðið á fiskinum, sem bátarnir selja í frystingu og salt, frá því, sem nú er.“

Með öðrum orðum, það liggur beinlínis fyrir, þegar gengisskráningarl. eru rædd, yfirlýsing frá þeim mönnum, sem bezt þekkja til, að þeir muni ekki treysta sér til að greiða meira en 75 aura fyrir kg, þó að gengislækkunarl. kæmust í gegn, vegna þess að verð á olíu og því, sem þurfi að kaupa, þurfi að hækka. Þetta eru staðreyndir, sem ríkisstj. voru kunnar við meðferð gengislækkunarl. Þetta kom fram við 2. umr. í fyrri d., og þetta eru staðreyndir, sem ríkisstj. reyndi aldrei að mæla á móti. Þetta eru staðreyndir, og þegar haldið var áfram að ræða málið, kom í ljós, að hætta var á, að verðið lækkaði í 65 aura, þannig að það er ómótmælanlegt, að gengislækkunin eingöngu hefur

skaðað vélbátaútveginn og hraðfrystihúsin og bakað honum tjón. Þetta vissi hæstv. ríkisstj. allt. Hvað gerði svo hæstv. ríkisstj.? Hún skeytti ekkert um staðreyndir. Hvað varðaði hana um staðreyndir? Þetta voru amerískar fyrirskipanir, og þar með skyldi gengislækkunin í gegnum þingið; þótt það stangaðist við staðreyndir, það gerði ekkert til. Það er ekki rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að ástæðurnar hefðu breytzt, þær hafa ekki breytzt frá 10. marz, þegar ég gaf út þetta nál., sem ég las upp úr áðan. Hann vissi þetta, sem síðan hefur verið sannað af staðreyndunum, hann vildi aðeins láta líta svo út sem hann vissi það ekki, meðan l. voru pískuð í gegnum þingið. Með öðrum orðum, eftir þessa lausn, sem gengisskráningarl. áttu að vera, er nú komin önnur lausn á sama vandamáli aftur. Ríkisstj. stöðvar útveginn allan janúar, til þess að hún geti komið að nýrri lausn. Hver eru endalok þeirrar lausnar? Það voru gefnar út frómar áskoranir um, að það ætti að greiða 96 aura til sjómanna. Hver er svo reyndin? Hvaða hraðfrystihús kaupir fisk yfir 75 aura í dag? Þekkir ríkisstj. þau hraðfrystihús, sem greiða 96 aura fyrir fiskinn? Það er ef til vill ekki við miklu að búast, því að lausnin byggist á loforðum, sem ríkisstj. hefur ekki einu sinni sett í l. hvað þá grg., og þegar þjóðin er búin að upplifa allt, sem ríkisstj. er búin að svíkja, hvað skyldu þá vera margir, sem treysta loforðum ríkisstj., sem hún þorir ekki einu sinni sjálf að segja, að hún sé fær um að standa við? Eins og allir vita, er ríkisstj. að tala um, að hún muni ef til vill gera eitthvað fyrir útveginn, ef hún fái eitthvert lán, en hvort hún fái það lán, hafi hún ekki hugmynd um. Hins vegar er hún stundum að gefa út yfirlýsingar um að greiða 96 aura fyrir fiskinn. Nei, það er rangt, sem hæstv. fjmrh. sagði um þetta með ástæðurnar, það er yfirborðsátylla, sem ekki hefur við nein rök að styðjast. Hæstv. fjmrh. sagði, að ein af þessum ástæðum væri sú, að verð á erlendum mörkuðum hefði brugðizt. Af hverju vill hæstv. ráðh. ekki gefa okkur yfirlýsingu um, hvað verðið hefur lækkað og á hvaða erlendum mörkuðum? Ég held, að það væri nær fyrir hæstv. ráðh. heldur en að slá einhverju slíku fram. Mér er nær að halda, að á síðasta ári hafi það verð, sem hingað til hefur haldið uppi freðfiskframleiðslu Íslendinga, verð á fiski í Tékkóslóvakíu, haldizt í sama horfinu, og það væri æskilegt, að hæstv. ráðh. gæfi yfirlýsingu um það, hvernig verðbreytingarnar hafi orðið og á hvaða mörkuðum. Það er sem sé ekki til neins að slá fram slíkum fullyrðingum og geta svo ekki staðið við neitt af því, en banna landsmönnum að selja sjálfir sína framleiðslu og reyna að tryggja hærra verð fyrir þessa stærstu og veigamestu framleiðslu landsmanna, freðfiskinn. Með öðrum orðum, það sem hæstv. fjmrh. sagði um ástæðurnar fyrir því, að ríkisstj. hefði svikið allt, sem hún lofaði fyrir 10 mánuðum, er rangt.

Þá kom hæstv. fjmrh. að öðru. Hann kom að því og vildi sanna, að þetta mundi valda atvinnuleysi. Mér liggur við að spyrja: „Hverju reiddust goðin, er hraunið brann, þar sem nú stöndum vér?“ Hvaða kauphækkanir hafa valdið því atvinnuleysi, sem við búum nú við? Því fer fjarri, að það atvinnuleysi, sem við nú búum við á Íslandi, stafi af því, að kaup íslenzkrar alþýðu sé of hátt; kaup íslenzkrar alþýðu síðustu 3 árin hefur raunverulega lækkað, frá því að Framsfl. kom í ríkisstj. Það hefur verið viðkvæðið hjá þessum flokki, hvernig sem á hefur staðið um kaupgjaldið, að eitt væri allsherjar meinabót, það væri að lækka kaupið. Það er sú trú, sem sérstaklega hæstv. fjmrh. alltaf hefur haft og alltaf barizt fyrir að framkvæma, og ég þykist næstum því vita, að hann sé með sínum áróðri búinn að berja það inn í höfuðið á sjálfum sér og sé farinn að trúa því. Það atvinnuleysi, sem Íslendingar nú búa við, er eingöngu af völdum ríkisstj., að svo miklu leyti sem aflaleysi á vissum hluta landsins hefur ekki skapað það. En hitt vil ég taka fram í því sambandi, að allt það aflaleysi, sem við höfum haft árlega, sérstaklega á síldveiðum, það hefur ekki orðið eins þungbært fyrir landsmenn eins og aðgerðir ríkisstj. Ríkisstj. hefur reynzt landsmönnum verri en hafís, harðindi og síldarleysi; hún hefur með sinni pólitík valdið landsmönnum meira tjóni en slíkar þungar búsifjar af náttúrunnar völdum, enda býst ég ekki við, að hæstv. fjmrh. treysti sér til þess að reyna að finna staðhæfingum sínum nokkurn stað. Hann slengdi þessu fram, að kauphækkanir mundu valda atvinnuleysi, en hann reyndi ekki einu sinni að mæla á móti því, sem ég sýndi fram á við 1. umr., að nú væri atvinnuleysið skipulagt af ríkisstj., til þess að hún stæði betur að vígi að hindra kauphækkanir.

Þá sagði hæstv. fjmrh., að það, sem fælist í núverandi l., væri að láta afskiptalausa samninga atvinnurekenda og verkalýðsins. Ríkisstj. varð það óvart á að selja ákvæði 18. des. um að láta afskiptalausa slíka samninga.

Þá sagði hæstv. fjmrh., að íslenzkar útflutningsafurðir hefðu ekki farið hækkandi í verði nú að undanförnu. Ég vildi nú gjarnan spyrja hæstv. ráðh.: Hefur ekki t. d. lýsi farið hækkandi í verði? Hefur síldarmjöl og fiskimjöl ekki hækkað í verði? Hefur ull ekki farið hækkandi í verði? Hefur ísfiskur ekki farið hækkandi í verði? Hins vegar hefur ríkisstj. haft sérstök afskipti af freðfisknum og saltfisknum, og hún setti gengisbreytingarlögin sérstaklega vegna þeirrar framleiðslu. Afskipti stjórnarflokkanna af þessum málum leiddu til togaraverkfallsins og urðu til þess að tryggja ríkisstj. einokun hvað freðfisksframleiðsluna snertir, sem síðan leiddi af sér, að framleiðsla og útflutningur á freðfisknum minnkaði stórkostlega, eða næstum um helming. 1949 voru flutt út 33 þús. tonn, sem gáfu 88 millj. kr., en á síðasta ári kom ríkisstj. útflutningnum niður í 17 þús. tonn, sem gáfu þó 72 millj. kr., m. ö. o., verðmæti freðfiskins í ár slagar hátt upp í verðmæti hans 1949, enda þótt magn hans sé um helmingi minna. Verðmæti íslenzka útflutningsins jókst á 11 síðustu mánuðum, frá því, sem það var síðustu 11 mánuðina þar á undan, úr 266 millj. kr. í 338 milljónir, og það hefði aukizt meir, ef ríkisstj. hefði ekki hindrað meiri framleiðslu með afskiptum sínum af atvinnulífinu.

Ég hefði haft gaman af að spyrja hæstv. fjmrh. um nokkur atriði varðandi útflutninginn, ef hann hefði séð sér fært að vera hér til að standa fyrir sínu máli, og það, sem hann segir, að það sé ekki hægt að verða við kröfum verkalýðsins um kaup

samkvæmt gildandi vísitölu, ef ekki fáist hærra verð fyrir útflutningsafurðirnar. Mundi hann vilja setja í viðbót við þetta lagafrv., að lögin skuli falla úr gildi um leið og íslenzkar útflutningsafurðir hækka í verði? Nei, tilgangur frv. er fyrst og fremst sá að koma í veg fyrir, að kaupgjald hækki í samræmi við dýrtíðina. Það má ekki ske, að verkafólk fái það kaup, sem það á kröfu til, með góðu, heldur þarf endilega að stofna til deilna og verkfalla. Þetta er viðhorf hæstv. ríkisstj. og það sömu ríkisstj., sem talar sífellt um, að það þurfi að gera allt til að auka framleiðsluna. Og það mun engin ríkisstj. áður hafa gert svo mikið sem þessi til að drepa niður eða lama meira og minna alla framleiðslu, og engin hefur haldið framleiðslunni í þvílíkum helgreipum sem hún. Það, sem þarf að gera, er að brýna verkalýðinn til að fara út í kaupdeilur, bara að hann fái ekki þá sanngjörnu og friðsamlegu lausn sinna mála að leyfa gildandi samningum hans að vera áfram í gildi. Ég verð að segja það, að mér finnst frámunalegt, að ríkisstj. skuli taka slíka afstöðu til mála, og ég get ekki fundið, að hún hafi ástæðu til að ætla sér slíkt fært eftir hina hrapallegu niðurstöðu af hinni vísindalega útreiknuðu gengisbreytingu, sem brást gersamlega. Og að síðustu: Af því að þessu máli fékkst ekki vísað til nefndar, þar sem þurfti að hespa það svo fljótt af, þá skal ég ekki fjölyrða um það, hvað þessar greinar þýða fram yfir þá merkingu, sem hæstv. ráðherrar leggja í þær. En hvað 1. gr. viðvíkur, þá sýnist hún vera í mótsögn við það, sem stendur í greinargerðinni. Í henni stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar lög nr. 117 1950 voru sett nú í desember, var tilætlunin sú, að kaupgjald breyttist ekki fyrir tilhlutun löggjafarvaldsins frá því, sem verða mundi í janúar 1951.“ — Og hinum megin á síðunni stendur: „Frv. tekur ekki til neinna umsaminna breytinga á grunnkjörum verkamanna, t. d. aldursuppbóta, greiðslna af afla o. s. frv.“ — Skyldu nú þessi atriði úr greinargerðinni ekki vera í mótsögn við 1. gr. frv., þar sem kveðið er svo á, að laun skuli ekki taka breytingum frá því, sem þau voru í janúar þ. á.? Ef laun eiga ekki að taka breytingum frá því, sem þau voru í janúar, skyldi það þá ekki verða lagabrot, ef menn fara fram á kauphækkun samkv. þessum ákvæðum greinargerðarinnar? Ætli það væri ekki bezt fyrir ríkisstj. að athuga orðalag þessarar greinargerðar? Eða er meiningin, að héðan í frá skuli greiða öll laun á Íslandi, eins og þau voru í janúar síðastliðnum? Skyldi nú hæstv. ríkisstj. ekki skjóta yfir markið með þessum hroðvirknislega frágangi sínum á frv.? Að minnsta kosti held ég væri betra að láta ekki greinargerðina fylgja frv. Og ríkisstj. virðist nú vera hrædd um, að dómarar mundu ekki dæma henni í vil, ef þeir fengju að dæma eftir lögunum frá því í desember. Ég skal ekki segja um það, hvort hægt verður að finna smugur á þessum lögum, enda bezt að tala sem minnst um það, ef svo væri. En óviðkunnanlegt er það, að löggjafarvaldið sjálft skuli hindra það, að n. geti fjallað um lagafrv., sem borið er fram til leiðréttingar á öðrum lögum, til þess að athuga, hvort ekki sé þar einhver ný vitleysa, máske hálfu verri en hin. Nei, ég er hræddur um, að hæstv. ríkisstj. skjóti rækilega yfir markið með þessu frv.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. mikið með langri ræðu, en ég get ekki látið hjá líða að lýsa afstöðu minni til þessa máls, því að ég er ekki alveg á sama máli og flokksbræður mínir um það. Þær umr., sem hér hafa farið fram um frv., hafa aðallega snúizt um 1. gr. þess, sem mér virðist vera áréttíng á lögum um þetta efni, sem samþ. voru fyrir jólin, og er ég sammála formælendum frv. að því leyti, að mér virðist það hafa verið tilgangur þeirra laga að binda kaupgjald við vísitöluna 123 og verkamenn yrðu að gera nýja kjarasamninga, ef þeir hygðust fá kaup sitt hækkað. Ég var þeirrar skoðunar þá og er það enn, að hin mikla togstreita á milli kaupgjalds og verðlags í landinu hafi ekki verið og verði engum til góðs, hvorki verkalýðnum sjálfum né atvinnurekendum, og ég var því fylgjandi í vetur, að kaupgjaldsvísitalan yrði fest í 115 stigum. Ég lít svo á, að þar sem atvinnuvegir okkar eru stöðugt að dragast saman og þjóðartekjurnar fara sífellt minnkandi, þá ættu allir að geta séð, að það er enginn grundvöllur fyrir kauphækkun. Mér dettur þó ekki í hug, að laun verkamanna séu yfirleitt of há í sjálfu sér, því að auðvitað væri æskilegt, að þau gætu verið hærri. En það er bara enginn grundvöllur fyrir hækkun þeirra hjá atvinnuvegunum. Ég hef því alltaf verið þeirrar skoðunar, að rétt væri að gæta hófs í þessu efni, en reyna frekar með einhverjum öðrum ráðum að gera lífskjör manna viðunandi. Því get ég ekki tekið undir þær umr., sem hafa farið hér fram um 1. gr. frv. En það er um 2. gr., sem ég vildi segja örfá orð.

Við vitum, að með gengisbreytingarlögunum frá í fyrra var komið á mikilli röskun á tekjum þjóðfélagsins og skiptingu þeirra á milli stétta. Tilgangur þeirra var einmitt sá að flytja fjármagn á milli stétta, og það voru þeir, sem landbúnaðinn stunda, og aðrir, sem vinna á landi, sem færðu fórnir til þeirra, sem stunda sjávarútveginn. Það var talið nauðsynlegt, að þessar fórnir yrðu færðar, og þær voru líka færðar, og sérstaklega af þeim, sem stunda landbúnaðinn, því að auk þeirra hækkana, sem urðu á þeim vörum, sem þeir þurfa til lífsframfæris, þá hækkaði líka allt það, sem þeir þurfa til síns atvinnurekstrar. Við vitum, að gífurleg hækkun hefur orðið á áburði, fóðurbæti, benzíni, vélum o. fl., en í gengisbreytingarlögunum var reynt að koma til móts við bændur í þessu efni, þ. e. með 9. gr. þeirra. Áður var það svo í lögum, að bændum var ekki heimilt að hækka verð á afurðum sínum nema einu sinni á ári, en með gengisbreytingarlögunum var þessu breytt, með því að 9. gr. þeirra gefur til kynna, að leyfilegt sé að hækka landbúnaðarafurðir oftar á árinu, ef verðlag hækkar. Um þetta hafa nú risið deilur, en ég held, að allir þeir, sem hafa borið landbúnaðinn fyrir brjósti, hafi talið 9. gr. skýlausa hvað þetta snertir. Og samkvæmt henni var framleiðsluráð landbúnaðarins búið að ákveða um áramótin nokkra hækkun á mjólk, sem átti að koma nú um mánaðamótin, og ég fullyrði, að það var full þörf á að fá þá hækkun. Hér á Alþingi deila menn um það, hvort verkamönnum beri að fá laun sín greidd samkvæmt vísitölu 123 eða 128, en má ég benda á það, að launavísitala bænda er nú aðeins 115 stig, og ég hygg það mundi þjóta hátt í sumum hér, ef

þannig væri statt um verkamenn, og ef athugað er, að þegar laun bænda eru reiknuð út, þá er áætlað, að þeir vinni í 9 stundir á dag í 300 daga á ári, en ég fullyrði, að enginn bóndi vinnur minna en 9 stundir alla daga ársins að jafnaði. Þeir hafa engan sunnudag til hvíldar eða helgidag, og þeirra atvinnurekstur er þannig, að hann krefst vinnu alla daga. Það er fullvíst, að það er allt of lítið að reikna með 9 stunda vinnudegi í 300 daga á ári hjá bændum og þeim alls ekki í vil, og er að því er gáð, að launavísitala þeirra er aðeins 115 stig, þá er enginn vafi á því, að það mundi þjóta hátt í ýmsum hér, ef þannig væri ástatt fyrir verkamönnum. Af þessum ástæðum get ég ekki stutt frv., og ég harma það, að ekki skuli vera hægt að verða við kröfum bænda um þá hækkun á mjólk, sem ég tel að þeir eigi fullan rétt á. En um það þýðir ekki að fást, þótt stjórnin sjái sér þetta ekki kleift, en ég vildi aðeins láta þetta koma fram af hálfu fulltrúa bænda, að það er ekki ósanngjarnt, þótt komi fram krafa frá bændum um hækkun á verði afurða þeirra. — Skal ég svo ekki þreyta fundarmenn með lengri ræðu um þetta efni.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að segja mörg orð um þetta mál hér úr þessu, en það er aðeins viðvíkjandi orðum hæstv. fjmrh., sem ég vildi segja nokkur orð. Hann sagði, að það hefði verið mjög uppi hjá okkur andstæðingum þessa frv., að við vildum láta löggjafarvaldið hafa afskipti af kaupgjaldi verkalýðsins. Nú neita ég því ekki, að ég álít, að málum verkalýðsins sé hvergi verr komið en hér á Alþingi. Ef við lítum á, hver aðferð þess hefur verið hvað snertir þetta mál, hvað kemur þá í ljós? Það byrjar með því, að fulltrúar verkalýðsins auglýsa, að þeir áliti hann eiga fullan rétt á þeirri kauphækkun, sem hér um ræðir. Þá rísa atvinnurekendur upp og auglýsa á móti, að þeir geti ekki fallizt á þessa kröfu verkamanna. Og hvað gerist þá? Jú, þá kemur Alþingi og hjálpar atvinnurekendum. Er það ekki að skipta sér af málum verkamanna?

Svo var það annað atriði í ræðu hæstv. fjmrh., sem mér þótti vænt um að heyra og ég vildi drepa á. Get ég hugsað, að er þetta mál var til umræðu fyrir jólin, hafi þessu atriði verið leynt. Hann sagði, að opinberir starfsmenn hefðu tryggari laun en verkamenn. En einmitt með því að viðurkenna það, þá er ekki óeðlilegt eða óréttmætt, að verkamenn fái nú þá kauphækkun, sem þeir fara fram á. Og þá kemur þessi gullvæga setning, sem er nýkomin inn í málið, eða fyrir tveim árum, og hefur aldrei verið rök gegn kauphækkun. Sem sé það, að ef eitt félag fái kauphækkun, þá komi annað með sömu kröfu á eftir og kauphækkun eins leiði af sér tap fyrir annan. Þetta hefur verið gegnumgangandi mótbára, er kauphækkun hefur borið á góma. En þessi rök eru mjög hæpin og byggð á alröngum forsendum. Þetta eru fullyrðingar sama eðlis og þær, sem ríkisstj. hafði í frammi við gildistöku gengisbreytingarlaganna um það, að þau mundu veita okkur nýtt og aukið atvinnulíf. Það var hægt að fullyrða slíkt, er lögin öðluðust gildi, en ég get ekki skilið, að nokkur maður geti komið með staðhæfingar í þá átt nú.

Út af ræðu hv. 1. þm. Rang. vil ég segja það, að ég er honum alveg sammála um það, er snertir málefni bænda. En það er annað, sem hann ætti að athuga og ég vildi víkja til hans. Hann er alveg með því, að kjör verkamanna séu skert, en finnst aftur á móti, að bændur hafi orðið illa úti. Nú vildi ég spyrja hann: Hafa verkalýðsfélögin staðið í vegi fyrir því, að bændur bættu sín kjör? Ég held, að bændur hafi einmitt fengið sín kjör bætt vegna aðstoðar verkalýðsins, en ekki þess flokks, sem þykist þó ætíð bera þá fyrir brjósti. Verkamenn hafa alltaf staðið með bændum í baráttu þeirra fyrir bættum kjörum, en það er ekki hægt að segja það sama um bændur eða fulltrúa þeirra hér á Alþingi, er mál verkamanna hefur borið á góma. Og það er hart, að þeir skuli hafa rétt til að dæma um málefni og afkomu verkamanna og þykjast vita betur en þeir, hvar skórinn kreppir að þeim. Ef bændur hafa rétt til að dæma um það, hvar skórinn kreppir að verkamönnum, þá hafa launþegar líka sama rétt gagnvart bændum, og það væri mjög æskilegt, að bændur sýndu launþegum sama skilning í baráttumálum sínum fyrir bættum kjörum og þeir hafa mætt í sinn garð af hálfu verkamanna. Vitandi það, að þessum málum verði aldrei vel komið, nema stéttirnar vinni saman, þá má segja það, að gott samkomulag getur aldrei orðið, ef bændastéttin ætlar að vera húsbóndastétt og hrifsa til sín málefni launþega. — Ég held það þýði ekki fyrir mig að hafa fleiri orð um þetta nú, en hræddur er ég um, að þessi lög verði erfiðari í framkvæmd en margur vill viðurkenna og að það sé ekki búið að sjá fyrir því, að þau valdi ekki meira ergelsi en aðstandendur þeirra vilja vera láta.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að blanda mér inn í deilur þær, sem átt hafa sér stað um frv. þetta hér. Þegar greidd voru atkvæði um það fyrir hádegi, hvort þetta frv. skyldi fara til fjhn., sem ég á sæti í, þá greiddi ég atkv. á móti því, því að ég taldi það þarflaust, þar sem um mál er að ræða, sem rannsókn er raunar búin að fara fram á. Ég hafði þó hugsað mér að koma fram með eina brtt. við þetta frv., en það er aðeins orðalagsbreyting, og taldi ég því ekki ástæðu til að vísa málinu til nefndar þess vegna. Brtt. felst í því að færa orðalag í 1. gr. frv. til samræmis við notkun gengisbreytingarlaganna á hugtakinu laun. Það segir í 1. gr.: „Frá 1. febr. 1951 skulu laun ekki taka breytingum frá því, sem greitt var," — o. s. frv., og þar er átt við með orðinu laun grunnkaup og verðlagsuppbót, eins og hugtakið laun er yfirleitt notað í gengisl., og er það í samræmi við 5. gr. l., sem hljóðar þannig: „Við gildistöku laga þessara skal hætt að greina á milli grunnkaups og verðlagsuppbótar, eins og verið hefur, og skal hvort tveggja framvegis talið laun í einu lagi." En til samræmis við þetta er notkun hugtaksins í upphafi 1. gr., þar sem orðið laun er látið tákna bæði grunnkaup og verðlagsuppbót, og væri eðlilegra, að síðari málsliðurinn væri umorðaður, og í samræmi við það er brtt., sem við ætlum að leyfa okkur að flytja, ég og hv. 7. þm. Reykv. Liðurinn er umorðaður þannig, að í stað orðanna „Greiða skal verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna árið 1951, er

miðuð sé við kaupgjaldsvísitölu 123“ komi: „Laun opinberra starfsmanna árið 1951 skulu miðuð við kaupgjaldsvísitölu 123.“ Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. telji þessa brtt. óþarfa, þetta sé svo ljóst, að það geti ekki orkað tvímælis, við hvað sé átt, og má það til sanns vegar færast, en með þessu móti er þetta fært til samræmis við notkun hugtaksins laun í þessu frv. innbyrðis og miðað við notkun þess í gengisl. í heild, sem þetta frv. er breyt. á. Ég vildi því leyfa mér að leggja fram þessa skrifl. brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 616) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég hef ekki talað hér við þessar umr., hvorki 1. umr. né 2. umr., nema þá framsögu, sem ég flutti í morgun fyrir þessu frv. Ég mun ekki fara langt út í umr. Þó að margt hafi komið hér fram af hálfu stjórnarandstæðinga og hörð mótmæli gegn frv., þá hefur þó eitt sannazt í þessum umr., sem þeir sjálfir hafa viðurkennt, að með þessu frv. er aðeins það eitt gert að taka af nokkur tvímæli um þann skilning, sem fólst í l. frá því í vetur. Þetta hefur verið viðurkennt af þeirra hálfu, og því eru þær þungu ásakanir, sem þeir bera fram á hendur ríkisstj. og Alþ., alveg bundnar við það, sem deilt var um í vetur. Hér hefur verið blandað inn ýmsum óskyldum málum, eins og bátaútgerðinni, sem hv. þm. Ísaf. eyddi löngum tíma í að ræða og um sleifarlag ríkisstj., það hefði verið lítið gert í þeim efnum. Ég ætla ekkert inn á það að koma, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að þessi atriði munu innan fárra daga koma fram hér á Alþ., og verða sjálfsagt mjög ýtarlegar umr. um það þá frá beggja hálfu, og tel ég af þeim ástæðum tilgangslaust að fara að blanda því inn í þetta mál, sem hér liggur fyrir. Það er af þeim ástæðum, sem ég hef nefnt, að ég sé ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði í ræðum þeirra þm., sem andmælt hafa þessu frv., enda hefur hæstv. fjmrh. í sinni ræðu komið inn á þau atriði, sem helzt er ástæða til að taka fram varðandi þetta mál.

Hv. 5. þm. Reykv. hefur borið hér fram skriflega brtt. við 1. gr. Þar er lagt til, að síðari málsl. 1. gr. sé umorðaður. Ég skal viðurkenna, þegar ég les þessa brtt., að það er einfaldara og betra orðalag, sem þar er haft um þetta efni, og út frá því sjónarmiði get ég ekki andmælt till. og mér virðist þetta fara betur eins og hún er fram borin. Eins og hv. 5. þm. Reykv. tók fram, þá er hér ekki um efnisbreyt. að ræða, heldur er þetta gert til þess að hafa betra orðalag, sem samrýmist betur við þann skilning, sem lagður er í orðið laun í gengisskráningarl. Þessi brtt., ef hún er samþ., hefur það í för með sér, að frv. fer aftur til Ed., en það ætti lítil töf að því að verða, svo að ég fyrir mitt leyti, fyrir hönd ríkisstj., vil frekar mæla með því, að þessi breyt. sé gerð, úr því að hún er fram komin, og ég geri ráð fyrir, að allir séu sammála um, að orðalagið fari betur á þennan hátt. — Ég sé svo ekki ástæðu til að taka fleira fram.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er komin fram ein brtt., sem ríkisstj. finnst sjálfri nauðsynlegt að gera á þessu litla frv. sínu., og það er dálítið merkilegt, að hún skuli koma fram frá einum af þm., sem sæti á í fjhn. Ríkisstj. sýnir strax við 2. umr., eftir að hún hefur beitt sér fyrir því að neita, að frv. fari til n., að það er óhjákvæmilegt að breyta frv., þannig að það verður að fara til Ed. bara vegna þess, að frágangurinn á því er þannig, eins og hv. 5. þm. Reykv. sýndi fram á, að frv. rekst á við skilninginn á ákvæðum gengisl. sjálfra. Ég held því, að það væri vissara, ef Ed. á ekki að þurfa að senda málið til baka til okkar, að fjhn. athugaði þetta mál milli 2. og 3. umr., því að það sýnir sig, að það er ekki þaulhugsað eins og það er flutt, því að það hefur farið í gegnum Ed. líklega með nokkurri hroðvirkni.

Ég vil þá segja aðeins nokkur orð út af því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði. Ég vil aðeins leiðrétta það hjá hv. 1. þm. Rang., þegar hann segir, að það sé enginn grundvöllur fyrir kauphækkanir hjá atvinnuvegunum. Ég held, að það sé grundvöllur fyrir kauphækkanir, ég held það sé grundvöllur fyrir betri afkomu bænda og verkamanna einvörðungu með því, að það sé gengið á hagsmuni þeirrar auðugu yfirstéttar hér í Reykjavík, sem ræður ríkisstj., og það er um það, sem baráttan stendur alla tíma, og það var hv. þm. ljóst fyrir síðustu kosningar. Hann mælir með því, að grundvöllur sé hjá atvinnuvegunum fyrir betra kjötverð hjá bændum. En ég skal koma að því, að hv. þm. gengur út frá ákveðnu kaupi til bænda, miðað við 9 tíma á dag 300 daga ársins, kaup, sem er reiknað á grundvelli verkamannakaups í kaupstöðum samkvæmt samkomulagi milli samtaka bænda og samtaka verkamanna fyrir 8—9 árum. En bændur fá þetta út sem kaupgjald fyrir vinnu, sem þeir hafa örugga allt árið, en verkamenn verða að sætta sig við það nú, að þeirra vinna sé það stopul, að þeir oft og tíðum hafa ekki vinnu nema annan hvern dag. Embættismönnum er tryggð vinna allt árið um kring, og bændum er reiknuð þeirra framleiðsla miðað við vinnu, sem þeir inna af höndum allt árið, en í kaupstöðunum verður verkalýðurinn að sætta sig við eins stopula vinnu og skýrslur sýna í tíð þessarar ríkisstj. Hér er eitt af mörgum skjölum um það ástand, sem verkalýðurinn verður við að búa á Íslandi nú. Það er atvinnuleysisskrá og tekjuskýrsla, sem verkalýðsfélagið á Bíldudal hefur sent hingað til þingsins, þar sem beðið er um hjálp vegna þess neyðarástands, sem þar ríkir. Þar kemur í ljós, að mánuðina ágúst—október s. l. eru 13 fjölskyldumenn með 44 manns á framfæri með meðaltekjur 799 kr. eða 182 kr. á einstakling á mánuði. Þetta er aðbúnaðurinn, sem verkalýðurinn á við að búa. Skyldi ekki eitthvað syngja í bændum, ef svona væri búið að þeim? Verkamenn hafa ekki lagt út í stórar deilur til þess að breyta kaupgjaldinu undanfarið, m. a. vegna þess, að þeim var lofað í sífellu, að þeirra atvinna væri tryggð, þeir skyldu fá meiri atvinnu. Þetta hefur verið svikið, þetta hafa þeir ekki fengið, þeir hafa fengið að færa fórnir, en ekkert fengið aftur af fórnunum. Þetta verður hv. 1. þm. Rang. að hafa í huga. En þessir verkamenn, sem búnir eru að verða fyrir þessu atvinnuleysi, eru sömu verkamennirnir sem standa með því, að bændum séu reiknuð verkamannalaun fyrir örugga vinnu allt árið um kring. Þess vegna er þetta ekki jafnræði.

Eða vill hv. 1. þm. Rang. standa með því, og hans flokkur, að tryggja verkamönnum lágmarksárslaun, sem samsvari því, sem bændum með meðalbú er tryggt með núverandi útreikningi, sem lagður er til grundvallar samkvæmt sexmannanefndarálitinu? Eins og hér sé ekki hægt að hafa þjóðfélagið þannig, að hver maður fái að vinna? Ég veit ekki betur en það séu lagafyrirmæli frá Alþ., að þannig skuli þjóðfélagið vera. Ef hann flettir upp í l. um fjárhagsráð, 2. gr., 1. málsgr., þá sér hann þau fyrirmæli. Nei, verkamenn hafa ekki talið eftir — og munu ekki gera — þann rétt, sem bændur sem vinnandi menn eiga kröfu til, og ég veit ekki betur en að verkamenn hafi líka beitt sér fyrir því að reyna að tryggja þeim, sem að sjávarútvegi vinna, ábyrgðarverð fyrir þeirra vörur og tryggja þannig afkomu þeirra. Hins vegar er ekki á valdi verkamannastéttarinnar né neins af okkur að tryggja, hvorki bændur né fiskimenn, vegna þeirra erfiðleika, sem þeir verða fyrir af náttúrunnar hálfu. En að svo miklu leyti sem það hefur staðið í valdi verkamannastéttarinnar að tryggja efnahagslega afkomu bænda og útvegsmanna, þá hafa þeir staðið með öllum heilbrigðum ráðstöfunum í þá átt. Þess vegna er það, að þegar af hálfu ríkisstj. atvinnuleysi er skellt yfir verkalýðinn, eftir að raunveruleg laun hafa lækkað ár frá ári, þá er ekki lengur jafnræði þarna á milli stéttanna.

Hv. 1. þm. Rang. sagði, að þær fórnir, sem færðar hafa verið, hafi farið til þess að halda sjávarútveginum á floti. Voru ráðstafanir gerðar til að stöðva það, sem ríkisstj. var að gera? En látum það vera. En að svo miklu leyti sem fórnir voru færðar, þá var það gert til þess að halda yfirstétt Reykjavíkur á floti, og að svo miklu leyti sem það var gert fyrir sjávarútveginn, þá á það að halda áfram að gilda fyrir yfirstéttina í Reykjavík. Við skulum ekki blanda þessu saman; það er ekki sjávarútveginum, sem var bjargað, heldur er það sjávarútvegurinn, sem bjargar landinu. Þetta vildi ég aðeins segja út af því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði.

Ég hef ekki ætlað mér, frekar en aðrir stjórnarandstæðingar, að tefja fyrir þessu máli. Það eru skikkanlegar umr., sem hér hafa farið fram um þetta, en það er auðséð, hvað ríkisstj. ætlar sér og hennar stuðningsmenn. En hitt kynni ég betur við, að þingleg meðferð væri höfð á þessu máli. Ég vildi því gera það að till. minni, sem var fellt af 9 mönnum við 1. umr., að málinu sé vísað til hv. fjhn. milli 2. og 3. umr., þar sem sýnt er, að þess er full þörf.

Helgi Jónasson: Það er byggt á misskilningi hjá hv. 2. þm. Reykv., sem hann sagði um þennan útreikning. Þegar reiknað er út kaupgjald bænda, þá eru meðalárstekjur ekki miðaðar við krónutölu um klukkustund, heldur meðalárstekjur verkamanna í Dagsbrún, og ef þær lækka, þá lækkar líka kaup bóndans í samræmi við það. Þetta hefur staðið undanfarin ár.

ATKVGR.
Brtt. 616 samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18:5 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, GG, GTh, HÁ, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KS, PÞ, PO, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, ÁB.

nei: FJ, GÞG, SG, StJSt, ÁS, EOl.

HelgJ, JG greiddu ekki atkv.

10 þm. (EmJ, IngJ, JÁ, LJós, ÓTh, SB, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, BÓ) fjarstaddir.

Till. um að vísa frv. til fjhn. felld með 16:5 atkv.

Á 62. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 617).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Við 2. umr. máls þessa kom það fram í ræðu hjá hv. 1. þm. Rang., að hann teldi, að ég hefði misskilið þann grundvöll, sem væri fyrir útreikningi á verðlagi landbúnaðarafurða. Ég er ekki sannfærður um, að ég hafi farið þar með rangt mál, hins vegar get ég vel viðurkennt, að aðrir kunni að vita betur. Hv. þm. hélt því fram, að við breytingarnar, sem gerðar væru árlega á útreikningi landbúnaðarafurða, þá væri tekið tillit til meðalárskaups verkamanna. Ég býst við, að þetta sé rétt, að upprunalega hafi þetta verið ákveðið þannig. Þá var gengið út frá almennri vinnu verkamanna árið um kring. Til þess að taka tillit til kaups verkamanna síðar, þyrftu að liggja fyrir hjá nefndinni, sem reiknar út verðlag landbúnaðarafurða, heildarskýrslur um vinnudagafjölda verkamanna. Ef slíkar skýrslur eru ekki fyrir hendi, verður grundvöllurinn ekki réttur, ef miða á við árskaup verkamanna. Ef þetta er rangt, tek ég það sem sannara reynist. Ég held, að það, sem hv. 1. þm. Rang. hafi meint, hafi verið það, að taka skyldi tillit til meðalkaupgjalds Dagsbrúnarverkamanna. En þessi grundvöllur var lagður þegar afkoma verkamannsins var örugg. Ég held þess vegna, að allt fái staðizt, sem ég sagði í ræðu minni.

Hér hefur ekki komið fram neinn rökstuðningur af hálfu ríkisstj. fyrir máli þessu. Allt, sem hæstv. ráðh. hafa sagt, hefur verið tætt í sundur, en hæstv. ríkisstj. ætlar sér að bola frv. í gegn nú þegar. Allt, sem hæstv. ráðh. hafa talið vera staðreyndir, hefur verið sýnt fram á að væri aðeins haldlausar blekkingar. Meira að segja út af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði hér um útflutningsverzlunina, hafa ráðherrar ekki sagt eitt einasta orð, og hefði maður þó getað búizt við því.

Framsfl., sem hér hefur gengið fram fyrir skjöldu, hefur ekki treyst sér til að verja þetta mál, heldur treyst á handjárnað flokksfylgi sitt. Staðreyndirnar eru nú þær, að kaup verkamanna er komið ofan í 800 kr. á mánuði fyrir 4 manna fjölskyldu. En ríkisstj. ber höfðinu við steininn og segir, að verkamenn hafi ekkert gagn af kauphækkunum. Sé hins vegar svo farið fram á, að bætt sé úr atvinnuleysinu, þá er sagt nei, og ríkisstj. miðar beinlínis að því að draga saman atvinnu landsmanna.

Það er eftirtektarvert, að ríkisstj. hefur ekki mótmælt þeim upplýsingum, sem ég kom hér fram

með við 2. umr. málsins, hvaðan þau fyrirmæli að viðhalda atvinnuleysinu væru komin. Samkv. Marshalláætluninni átti að auka og viðhalda atvinnuleysinu, og þetta var það skilyrði, sem sett var, ef Íslendingar áttu að fá að nota það fé, sem þeir höfðu lagt í mótvirðissjóð, — sem sagt: Íslendingar verða að halda við atvinnuleysi í landi sínu til þess að fá að nota sitt eigið fé. Hæstv. ríkisstj. veit, að þetta er satt, og þess vegna hefur hún ekki þorað að bera enn fram frv. um að fá að nota sitt eigið fé. Það er vitanlegt, að ekki þýðir að reyna að koma vitinu fyrir hæstv. ríkisstj. í þessu máli né heldur öðrum skaðræðismálum, — ekki frekar en með gengislækkunina í fyrra. Ríkisstj. hefur þann hátt að berja höfðinu við steininn, ösla sína leið með þeim afleiðingum, sem nú blasa við: stöðvun togaraflotans um margra mánaða skeið, og nam það tjón um 70 millj. kr., — freðfiskframleiðslan hefur minnkað, og nemur það tjón um 70 millj. kr., — vélbátaflotinn hefur verið stöðvaður, og við það hefur tapazt um 20—30 millj. kr. Þá hafa byggingar verið stöðvaðar, og með því hefur almenningi verið bakað fjárhagslegt tjón. Svo segir ríkisstj. nú við verkamenn: Þið getið farið út í vinnudeilur, ef þið viljið, og bætt ykkar kjör. — Verkalýðurinn hefur beðið í 6 mánuði og meira að segja lengur eftir að ríkisstj. efndi sín loforð. En ríkisstj. heldur áfram á braut sinni og lætur atvinnuleysið vaxa. Síðan bætir ríkisstj. gráu ofan á svart með því að eyðileggja þá samninga, sem verkalýðurinn hefur gert. Og ríkisstj. gerir þetta í trausti atvinnuleysisins. Hún treystir því, að hún geti skapað nógu mikla neyð til þess að Íslendinga bresti kjarkinn, til þess að íslenzkur verkalýður hafi ekki uppi kröfur um mannsæmandi líf. Hún ögrar verkalýðnum og spyr, hvort hann vilji leggja út í vinnudeilur.

Ríkisstj. hefur nú heyrt raddir og álit verkalýðsins, og það, sem hún gerir, gerir hún vitandi vits. Það er ekki til neins að koma eftir á til verkalýðssamtakanna og biðja þau fyrirgefningar. Það á að reyna að kúga hina fátækustu menn þessa lands. En það er tæpt að trúa fátæktinni, og einhvern tíma rís hinn fátæki upp. Verkalýðssamtökin munu sýna, hvenær sem sá tími kemur, að þau sætta sig ekki við þessa afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StSt, StgrSt, ÁB, EystJ, GG, HÁ, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KS, PÞ, PO, SÁ, SkG.

nei: ÁkJ, ÁS, EOl, GÞG, SG.

HelgJ, JG greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁÁ, BÁ, BÓ, EmJ, FJ, GTh, IngJ, JÁ, LJós, ÓTh, SB, StJSt) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Helgi Jónasson: Ég hef gert grein í ræðu minni fyrir skoðun minni á þessu máli og samkv. því greiði ég ekki atkv.

Jón Pálmason: Ég var á móti því í upphafi, er lögin um vísitölu voru sett, og ég hef viljað fá þau afnumin og tel þetta spor í áttina og segi því já.

Frv. endursent Ed.

Á 63. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, RÞ, BBen, GJ, JJós, KK, LJóh, ÞÞ.

HG greiddi ekki atkv.

8 þm. (StgrA, VH, BSt, BrB, SÓÓ, FRV, HV, HermJ) fjarstaddir.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi bara spyrja hæstv. forseta, hvort ég hafi heyrt rétt, að hann hafi veitt afbrigði með 9 atkv.

Forseti (ÞÞ): Ég lýsti því aðeins yfir, að þeir, sem sætu hjá, teldust hafa greitt atkv., svo að meiri hlutinn hefur greitt atkvæði, og eru því löglega veitt afbrigðin.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Sú breyt., sem gerð var á þessu frv. í Nd., var ekki efnisleg, heldur aðeins orðalagsbreyting. Þetta sýnir glöggt, hve ríkisstj. hefur vandað undirbúning þess. Ég tel, að með þessu frv. geti verið efnt til stórvandræða, en á engan hátt til bóta fyrir þjóðfélagið. Ég greiði því að sjálfsögðu atkv. gegn því.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, GJ, JJós, KK, LJóh, PZ, RÞ, ÞÞ.

nei: FRV, HG, StgrA.

6 þm. (VH, BSt, BrB, SÓÓ, HV, HermJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 620).

---

68. Sveitarstjórnarkosningar.

Á 9. fundi í Sþ., 26. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar [44. mál] (þmfrv., A. 77).

Á 10. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Flm. (Björn Stefánsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er fram komið vegna þess, að a. m. k. fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar kom það fram á nokkrum stöðum, að nærri lá, að árekstrar yrðu út af því, að lög þau, sem gilda um sveitarstjórnarkosningar, ganga skilyrðislaust út frá hlutfallskosningum í þeim sveitarfélögum, þar sem ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni. Og þetta frv. um breyt. á sveitarstjórnarkosningal. felur í sér breyt. aðeins á þá leið, að á þeim stöðum, þar sem gert er ráð fyrir hlutfallskosningu samkvæmt lögunum, sé einnig mögu-

leiki til óhlutbundinnar kosningar í þeim tilfellum, að enginn framboðslisti komi fram.

Í því litla byggðarlagi, sem ég er búsettur í, lá nærri, að úr því yrðu vandræði við síðustu sveitarstjórnarkosningar, að lögin gera skilyrðislaust ráð fyrir hlutfallskosningum í þeim sveitarfélögum, þar sem ¾ íbúanna búa í kauptúni. Þar var ekki vilji á að koma fram með lista. Sú sveitarstjórn, sem sat áður, óskaði ekki að bera sjálf fram lista með þeim mönnum, sem þar voru, og það komu ekki heldur áskoranir frá öðrum um breytingar á sveitarstjórninni. Þetta sat svona til síðustu stundar, að ekki leit út fyrir annað en að engin hreppsnefnd yrði þarna kosin og því yrði ekki nein löggleg sveitarstjórn í hreppnum næsta kjörtímabil. Ég hygg, að það hafi að síðustu orðið fyrir ákveðin tilmæli frá sýslumanni í héraðinu, sem áður hafði haft samband við félmrn. og tilkynnt því þessi vandræði, að síðast var farið í það af nokkrum mönnum að koma fram með lista með mönnum úr fyrrv. hreppsnefnd. En síðasta hreppsnefnd var mjög óánægð með þetta, þó að hún gæfi kost á sér til þessa, til þess að hreppurinn hefði löglega hreppsnefnd, og taldi hreppsnefndin, að hér væri mjög brýn þörf á breyt. á l. — Á síðustu árum hafa byggðir víða færzt saman úti á landinu, og sums staðar eru íbúar hreppanna að þrem fjórðu búandi í þorpi, þar sem byggðin var áður mjög miklu dreifðari. Víða er það svo í smærri hreppum, að þar er ekki áhugi fyrir pólitískum kosningum, og ég lít persónulega svo á, að það sjónarmið sé æskilegra og að líklegra sé, að fram komi starfhæfari og betri kraftar í sveitarstjórnir með því, að menn leggi til hliðar í fámennum hreppum við sveitarstjórnarkosningar alla stjórnmálatogstreitu, en reyni að velja menn í stjórn fyrir sveitarfélagið á hverjum stað eftir trú manna á starfshæfni og manngildi, en meti þá ekki eingöngu eftir pólitískum flokkum. Og þó er hitt enn þá þýðingarmeira, að það getur, eins og fram er tekið í grg., auðveldlega komið fyrir, að það komi alls ekki framboðslisti við sveitarstjórnarkosningar, af því að menn vilji halda sig svo fast við óhlutbundnar kosningar. Og í slíkum tilfellum, með því fyrirkomulagi, sem nú er eftir l., eru ekki möguleikar á að koma á löglegri sveitarstjórn.

Ég hef rætt efni breyt. þeirrar, sem frv. felur í sér, við skrifstofustjóra félmrn., Jónas Guðmundsson, og hefur hann fallizt á, að breyt. þessarar sé þörf. Hann rak sig á það fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar, að mjög lá við, að af þessu fyrirkomulagi, sem l. nú gera ráð fyrir, hlytust vandræði við sveitarstjórnarkosningar í þeim hreppum, sem ég hef minnzt á.

Ég vil því óska þess og vænti, að hv. Ed. sjái sér fært að samþ. að vísa þessu máli til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 77, n. 104).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Allshn. hefur rætt frv. þetta á fundi sínum 31. okt. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. Frv. er um breytingu á 17. gr. l. um sveitarstjórnarkosningar og er í þá átt, að ef ekki kemur fram framboðslisti, þannig að hlutbundin kosning þurfi að fara fram, þá megi kjósa óbundinni kosningu. Samkvæmt 4. gr. l. er gert ráð fyrir, að þessar kosningar fari fram í janúar og þá sé kosið á þeim stöðum, þar sem yfirleitt er kosið hlutbundinni kosningu, en hinar venjulegu óhlutbundnu kosningar fari fram í júní. Ef þetta frv. verður að lögum, verður sú breyting á, að óhlutbundnar kosningar færu einnig fram í janúar á þeim stöðum, þar sem ekki hefðu komið fram listar. N. leggur sem sagt til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Í sambandi við þetta mál hefur komið til mála í n., að æskilegt væri að athuga annað atriði í þessum lögum, þ. e. lögum um sveitarstjórnarkosningar. Þetta atriði er nú til athugunar, og ég vil beina ósk til hæstv. forseta um, að málinu verði nú frestað, og mun þessari athugun verða lokið nú fyrir helgi.

Forseti (BSt): Ég verð að sjálfsögðu við þessum tilmælum, í trausti þess, að málið geti legið fyrir næsta fundi, því að það er ekki gott að afgreiða ekki mál, sem liggja fyrir tilbúin.

Umr. frestað.

Á 18. fundi í Ed., 13. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Eftir að frv. þetta hafði verið hér til 2. umr., var vakin athygli n. á því, að það væri galli á l. um sveitarstjórnarkosningar, sem kemur fram í því, að það getur auðveldlega farið svo og fer oft svo, að menn fá hvergi að kjósa við sveitarstjórnarkosningar. Nefndin athugaði þetta nokkuð, en komst að lokum að þeirri niðurstöðu, að þrátt fyrir það, að mjög æskilegt væri og nauðsynlegt, að lögunum yrði breytt þannig, að þessir gallar yrðu lagaðir, þá taldi n. ekki fært fyrir þingnefnd að vinna þetta svo, að í lagi væri, af því að það þyrfti nánari athugun. Og mun allshn. því ekki bera fram neinar brtt. við frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 20. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 22. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Mér þykir rétt, áður en frv. þetta fer til n., að segja um það örfá orð. — Lög um sveitarstjórnarkosningar, sem samþ. voru hér á Alþ. 1936, hafa að sumu leyti reynzt frekar illa og sérstaklega það atriði þeirra að koma á hlutfallskosningum yfirleitt til sveitarstjórna. Ég tel, að það hafi reynzt illa víða, vegna þess að það hafi orðið til þess að auka óvild og sundurlyndi við kosningarnar, í stað þess, sem var, þegar kosningar til sveitarstjórna fóru fram eins og áður var einmitt í sveitahreppunum. Þá var þar valið í sveitarstjórnir eftir mönnum, en ekki eftir pólitískum flokkum.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, stefnir að vissu leyti í rétta átt. En ég tel, að það gangi of skammt. Og sérstaklega er það tvennt í þessu sambandi, sem ég vildi fá breyt. á. Í fyrsta lagi, að það þurfi fleiri menn hlutfallslega til þess að krefjast hlutfallskosningar til sveitarstjórna, og fyndist mér eðlilegt, að miðað væri við það, að sá hluti, sem geti knúið fram hlutfallskosningu í sveitahreppum, hafi líkur til að koma að manni, t. d. að þar, sem á að kjósa fimm manna nefnd, eins og almennast er í sveitahreppum, þá þurfi ⅙ hluta kjósenda til að gera kröfu um það, til þess að kröfu um hlutfallskosningar verði að hlíta. — Í öðru lagi er það atriði þessara laga, sem hefur reynzt illa að mínu áliti, að það þarf ekki nema tiltölulega mjög fáa menn, sem breyta röð frambjóðenda á listum, til þess að hægt sé að fella jafnvel efstu menn á listunum. Þetta er byggt á því, að það er miðað við það, að það eru teknir með í sambandi við útstrikanir allir varamenn á listanum. Þetta er í sjálfu sér óeðlilegt, og fyndist mér mjög sanngjarnt og eðlilegt, að þessu væri breytt á þá lund, að til þess að útstrikun hafi áhrif við kosningar, þá sé útstrikunin miðuð eingöngu við þá aðalmenn, sem eiga að fara inn í nefndina, hvort sem það er hreppsnefnd eða bæjarstjórn. — Þessi atriði langar mig til að biðja hv. allshn., sem vafalaust fær þetta mál til meðferðar, að taka til athugunar, og það, hvort hún gæti ekki fallizt á að breyta þessum ákvæðum í l., því að mér finnst frekar óeðlilegt að hafa þau eins og þau eru.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Út af því, sem hv. þm. A-Húnv. var að segja, þá vil ég viðurkenna, að það er vafalaust rétt, að þessi breyt., sem hér liggur fyrir frv. um, miðar í rétta átt.

Viðvíkjandi fyrra atriðinu, sem hv. þm. A-Húnv. talaði um, um hækkun tölu þeirra, sem þyrftu að krefjast hlutfallskosningar, til þess að gild yrði tekin krafan um það, upp í t. d. ⅓ hluta kjósenda, þá held ég, að það sé dálítið hæpin uppástunga. Það er eitt af því, sem reynt er að komast hjá í sambandi við alla kosningalöggjöfina, að knýja kjósendur til að lýsa opinberlega yfir sinni afstöðu. Öll hugsunin um stillendurna í sambandi við framboð og takmörkun á hámarkstölu þeirra og annað slíkt, — þetta miðar allt saman að því að varðveita hina raunverulegu leynd við þessar kosningar, og þess vegna er hæpið að heimta mjög háa tölu manna, sem þurfi að krefjast hlutfallskosninga, til þess að krafan sé gild tekin, því að menn vita, að í sveitahreppum mundi það í mörgum tilfellum jafngilda opinberri atkvgr., ef fara ættu fram mjög almennar undirskriftir í sambandi við þetta.

En viðvíkjandi hinu ákvæðinu, sem hv. þm. A-Húnv. kom inn á, um það, hvort það bæri að koma í veg fyrir, að útstrikanir verkuðu á val frambjóðenda á listunum eða hjálpuðu til þess, þá er sannleikurinn sá, að það er viss réttlátur þáttur í þessum ákvæðum um að láta listana vera þetta næma fyrir útstrikunum. Það er þessi þáttur, að með þeim flokkauppstillingum, sem eiga sér stað, þá er auðvitað valréttur einstaklinga á milli hinna einstöku frambjóðenda ákaflega mikið fyrir borð borinn. Og þessi fyrirmæli, sem í l. eru nú, sem gera útstrikanirnar svona áhrifaríkar, þau eru að vissu leyti þó möguleikar fyrir einstaka kjósendur til að geta haft þó nokkur áhrif á val manna innan þess lista, sem þeir kjósa, og miðar ofurlítið í áttina til þess að tryggja kjósandanum nokkurn rétt til þess að gera upp á milli hinna einstöku frambjóðenda, sem er hægt að strika út.

Það er ekki nema gott að vekja máls á þessu og ræða það. Og fyrst minnzt var á þetta, fannst mér rétt að láta þessa skoðun í ljós, svo að hv. n. hefði fleiri álit að athuga.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mig langar til þess að taka undir það, sem hv. þm. A-Húnv. sagði, að nauðsynlegt væri að breyta ákvæðum gildandi sveitarstjórnarlaga um það, hvernig atkvæði skuli reiknuð, þegar metið er, hver eða hverjir kosnir hafi verið af hverjum lista um sig við hlutfallskosningar, þ. e. a. s. ákvæðunum um útstrikanir á listum. Ég vil taka undir þessi ummæli vegna þess, að hv. 2. þm. Reykv. andmælti þeim skoðunum, sem hv. þm. A-Húnv. lét í ljós. Ég er hv. þm. A-Húnv. sammála um, að það er bráðnauðsynlegt að endurskoða ákvæði sveitarstjórnarkosningalaganna um þetta efni og reyndar kosningal. líka. Sú regla, sem gildir nú um þetta efni, er mjög óeðlileg, og ég staðhæfi, að ákvæði l. um sveitarstjórnarkosningar um þetta efni grundvallast á hugsunarvillu. Það er fráleitt að telja tölu varamanna með, þegar reiknað er út, hvaða maður á lista hefur náð kosningu. Og það er þeim mun fráleitara sem kjósa á fleiri menn. — Ég nefni Reykjavík sem dæmi. Þegar kjósa á 15 menn í bæjarstjórn, þá er engin skynsemi í því að reikna hverjum manni aðeins einn þrítugasta af atkv. Þegar verið er að kjósa til bæjarstjórnar, er ekki verið að kjósa varamenn. Enginn maður telur það hafa þýðingu, hverjir skipa varamannasæti á listanum. Það er hreint formsatriði, og þeir menn, sem þau sæti skipa, telja alls ekki að vera þeirra á listanum hafi nokkra úrslitaþýðingu fyrir niðurstöðu kosninganna eða að þeir muni hljóta sæti í bæjarstjórn. Það kemur auðvitað í hæsta lagi til álita að reikna með þeirri tölu, sem raunverulega á að kjósa. Ég hefði jafnvel getað hugsað mér að ganga enn þá lengra, þ. e. að miða við tölu þeirra, sem hafa raunverulega náð kosningu. — En um

það skal ég ekki ræða frekar, enda ekki gott að skýra þessi atriði án töludæma, sem er ekki gott að koma við í slíkum umræðum.

Það er rétt hjá hv. 2. þm. Reykv., að það er æskilegast að hafa rétt kjósanda til breyt. á framboðslista sem rýmstan. En sá réttur má ekki vera svo rúmur, að í honum felist skilyrði til handa tiltölulega mjög litlum minni hluta til þess að geta haft úrslitaáhrif á niðurstöður kosninganna. En eins og sveitarstjórnarl. og kosningal. eru nú, hefur tiltölulega lítill minni hluti hvers flokks úrslitaáhrif á það, hverjir skipa þau sæti flokksins í sveitar- eða bæjarstjórninni, sem flokkurinn í heild á rétt til eftir atkvæðatölu við kosningar. Þetta nær ekki nokkurri átt og getur ekki hafa verið tilætlun höfunda sveitarstjórnarl. og kosningal. — Hér í Reykjavík eru kosnir 15 bæjarfulltrúar og hverjum manni á lista ekki talinn nema einn þrítugasti hluti atkv. Það liggur í augum uppi, að t. d. hjá Sjálfstfl., sem þó er stærstur, þyrfti ekki nema tiltölulega fámennan hóp, 300—400 manns, til að ráða því með samtökum um útstrikanir, hvaða aðilar kæmu til með að skipa neðri hlutann af þeim sætum, sem flokkurinn kemur til með að fá samkv. atkvæðatölu sinni. Lítið brot af kjósendafjöldanum getur tekið fram fyrir hendur meiri hl. kjósendanna, sem listann kjósa, og ráðið niðurstöðunni í verulegum atriðum. Það er óeðlilegt og ekki til þess að tryggja lýðræðisréttindi eða eðlileg og heilbrigð réttindi kjósendanna til þess að láta ekki flokkana bjóða sér hvað sem er. Í því felst viss hætta, að kjósendur séu beittir ofríki af stjórnum flokkanna. En ákvæði l. eru allt of rúm. Ég tel, að það hafi dregizt of lengi að endurskoða þessi ákvæði l. um sveitarstjórnarkosningar og kosningalaganna. Því tek ég sterklega undir það, sem hv. þm. A-Húnv. sagði um þetta, og geri þau tilmæli að mínum, að hv. n. athugi þessi ákvæði sveitarstjórnarl. og enn fremur kosningal. og taki til athugunar, hvort ekki sé rétt að bera einnig fram till. um hliðstæða breyt. á þeim.

Jón Pálmason: Herra forseti. Í tilefni af aths. hv. 2. þm. Reykv. í þessu sambandi vil ég segja það, að þær eru að vissu leyti eðlilegar, því að mér skilst, að hann miði meir við hina fjölmennu bæi. Ég aftur á móti miða meir við sveitahreppana. Og það getur vel komið til mála í þessu efni, að um sveitahreppana gildi önnur ákvæði en um kaupstaðina, þ. e. um breyt. á röð og útstrikanir á listum. Það er líka skiljanlegt, að í stærri sveitarfélögum séu erfiðleikar í sambandi við það, að viss aukinn hluti kjósenda krefjist hlutfallskosninga, til þess að þær skuli við hafa. Í kaupstöðum koma ekki aðrar kosningar til greina en hlutfallskosningar við bæjarstjórnarkosningar. En ég hefði helzt kosið, að hlutfallskosningar kæmu ekki til greina í fámennum sveitahreppum, því að venjulega hafa menn þar ekki tilhneigingu til að kjósa í sveitarstjórnir eftir pólitískum flokkum. Þess vegna fyndist mér, að þegar svo stendur á í sveitahreppum, þá væri sanngjarnt, að til þess þyrfti kröfu frá ⅓ kjósendanna, til þess að hlutfallskosningar gætu farið þar fram til sveitarstjórna.

Varðandi hitt atriðið, um útstrikanirnar, þá veit ég dæmi þess og heldur slæm dæmi, að það þarf ekki nema fáeina menn úr andstæðingahópi til þess að fara inn á annan lista en þess flokks, sem þeir fylgja, til þess að strika út og fella efsta mann á þeim lista. Og einmitt af þessum ástæðum er rík ástæða til að breyta þessum ákvæðum. — Hins vegar vil ég segja í sambandi við það, sem hv. 3. landsk. þm. sagði um þetta efni, að hann vildi miða útstrikanirnar við það og útreikning atkvæða í sambandi við skipun sveitarstjórna, hve mörgum mönnum listinn kæmi að, að ég tel það óframkvæmanlegt, því að það þyrftu að gilda sömu hlutfallsreglur í þessu efni um alla listana, án tillits til þess, hversu margir menn kæmust að við kosningarnar af hverjum lista. Þess vegna virðist mér eðlilegt, að útstrikunarhlutföllin séu miðuð við aðalmenn, en ekki við allan varamannahópinn. — Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta mál meira að sinni.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er og verður vafalaust sífellt vandamál, hvernig eigi að tryggja rétt hinna einstöku kjósenda til þess að láta sínar skoðanir í ljós, miðað við það tiltölulega ríka flokksvald, sem er í okkar þjóðfélagi. Nú vitum við, að það er almennt svo, að þegar flokkur stillir upp, ef ágreiningur er á annað borð, að það er ýmist þannig, að meiri hl. í viðkomandi flokki stillir upp eins og hann álítur réttast, eða þá þannig, að hann tekur tillit til þeirra, sem kunna að vera annarrar skoðunar í flokknum eða í minni hl., og eitt af því, sem knýr hann til þess, eru þessar útstrikunarreglur. Það er enginn efi á því, að það mundi gera flokksvaldið eða miðstj. í hverjum flokki mun öflugri, ef þessi hætta á útstrikunum væri numin burt. Þetta er sérstakt aðhald fyrir flokksstj., en hins vegar getur þetta aldrei breytt miklu fyrir viðkomandi flokk, því að auðvitað stillir hann upp þeim mönnum, sem hann þykist vera tiltölulega öruggur með, og kjósendur hafa þá ekki um annað að velja en innan þess hóps. — Við skulum segja, að það komi fyrir, sem hv. þm. A-Húnv. minntist á, að menn kjósi annan lista en þess flokks, sem þeir fylgja, jafnvel mesta andstæðingaflokks síns, strikuðu þar út efsta mann til þess að fella einn mann, en koma öðrum manni að, sem ætti ekki það mikið upp á pallborðið hjá flokksstj., að honum væri stillt í efsta sæti, heldur settur neðarlega á listann, en væri það vel séður í öðrum flokkum, að menn vildu kjósa hann, þó með því skilyrði, að hann kæmist að, en ekki annar, og ég álít, að við megum ekki afnema með löggjöf, að slíkt geti komið fyrir. Það er með öðrum orðum viss réttur eftir skilinn kjósendum með þessari aðferð, og ég hygg, að slíkur réttur sé eðlilegur og gott aðhald fyrir flokksstj. til þess að reyna að vanda mannaval sitt á frambjóðendum og taka sem mest tillit til þeirra viðkomandi kjósenda. Ég held þess vegna, að við þurfum að athuga þessi mál mjög gaumgæfilega, þegar við erum að ræða um að setja lög varðandi ráðstöfun á þeim rétti, sem kjósendur í okkar þjóðfélagi hafa. Við vitum, að það er varla mögulegt fyrir kjósendur að skapa sér nýj flokksform. Það hafa verið gerðar tilraunir til þess, sem allar hafa meira og minna mistekizt, m. a. vegna þess, hvað það er nauðsynlegt fyrir hvern flokk eins og nú háttar í okkar þjóðfélagi að hafa sterk blöð til þess að kynna sína stefnuskrá og áhugamál og að það

þarf svo mikið fjárhagslegt átak til að koma slíkum blöðum upp, að það er ekki hægt nema með mjög sterkum samtökum kjósenda sín á milli. Hins vegar hafa kjósendur með því kosningafyrirkomulagi, sem nú er, vissa möguleika til þess að koma sínum skoðunum fram, og mér finnst, að við megum ekki draga úr þeim rétti þeirra, en sjálfsagt er að athuga og ræða þessi mál af gaumgæfni, og ég efast ekki um, að sú n., sem fær málið til meðferðar, muni taka það til alvarlegrar íhugunar.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég held, að um það sé enginn ágreiningur milli okkar hv. þm. A-Húnv., að það sé sjálfsagt að takmarka ekki með óeðlilegum hætti hin beinu áhrif kjósenda á það, hverjir hljóti kosningu af einstökum listum, hvorki við sveitarstjórnar- né alþingiskosningar. Ég held, að um það geti heldur ekki verið ágreiningur, að það sé óeðlilegt að tryggja mjög miklum minni hl. úrslitaáhrif um það, hvaða menn nái kosningu, og ég hygg, að hv. 2. þm. Reykv. hafi ekki gert sér nægilega grein fyrir því, hver áhrif núgildandi ákvæða geta orðið. Ég vil leyfa mér að taka dæmi um bæjarstjórnarkosningar í Reykjavík og nefni Sjálfstfl., sem er stærsti flokkurinn hér, til þess að hafa ákveðna tölu við að miða. Við skulum gera ráð fyrir, að hann fái 13 þúsund atkv. og að hann telji sig munu fá meiri hl. í bæjarstj., eða 8 fulltrúa af 15. Við skulum enn fremur hugsa okkur, að það sé ágreiningur innan flokksins um það, hver skuli skipa 8. sæti á listanum, sem er meirihlutasætið, og að það séu tvær skoðanir um það mál, tveir nokkuð jafnstórir hópar; annar hópurinn fylgir þeim, sem skipar 8. sætið, en minni hl. manninum í 9. sætinu. Nú unir minni hl. ekki þessum úrslitum og vill fá 9. manninn inn í bæjarstj. Allir vita, að flokkurinn fær ekki nema 8 menn kjörna, og nú skulum við athuga, hve margir úr minni hl. þurfa að strika út 8. manninn, til þess að 9. maðurinn nái kosningu, en ekki sá í 8. sætinu. Ef miðað er við, að flokkurinn fái 13 þúsund atkv., þá eru það aðeins 434 menn, sem geta ráðið því, að 9. maður listans verði kosinn, en ekki 8. maðurinn. Þó gert sé ráð fyrir, að prófkosningar hafi farið fram og að verulegur fjöldi hafi tekið þátt í þeim og að meiri hl. hafi verið fylgjandi því að hafa þann mann í 8. sæti, sem var þar, er listinn var lagður fram til kosninga, þá getur 434 manna hópur samt komið í veg fyrir, að sá maður komist í bæjarstj., heldur kemst 9. maðurinn inn, sem minni hl. fylgdi. Mér er ómögulegt að sjá, að þetta væri í nokkru samræmi við lýðræðishugmyndir eða að slíkt gæti talizt að tryggja kjósendum eðlilegan rétt. Mér virðist þetta þvert á móti ýta undir klíkuskap, valda rangindum og veita minni hlutanum rétt til óeðlilegra áhrifa.

Ég get fallizt á það, sem hv. þm. A-Húnv. sagði, að það væri mjög miklum erfiðleikum bundið og kannske líka vafamál, hvort rétt væri að miða einungis við tölu þeirra manna, sem komast að, en í öllu falli finnst mér, að ekki megi miða við fleiri en þá, sem kjósa á. Mergurinn málsins er sá, að eins og kosningafyrirkomulaginu er nú háttað, geta 434 menn úr 13 þúsund manna hópi ráðið úrslitum, og sá hópur er óeðlilega lítill. Til þess að hér verði eitthvert vit í, þarf að stækka þennan minni hl. mjög verulega. Beinasta leiðin til þess er að láta miða við a. m. k. tölu þeirra fulltrúa, sem kjósa á, en ekki að hafa varamennina með. — Við höfum dæmi um það í einu bæjarfélagi, Akureyri, að óeðlilega lítill minni hluti hefur hvað eftir annað notað þessa aðstöðu sína, og hefur slíkt orðið undirrót alls konar klíkuskapar og orðið til að spilla því, að lýðræði nyti sín. Þess munu og dæmi, sem hv. þm. A-Húnv. nefndi, að andstæðingar ákveðins lista hafa getað skapað glundroða með því að láta nokkra af flokksmönnum sínum kjósa andstæðingalistann til þess að breyta röðun hans og hafa þannig áhrif á, hvaða menn af honum ná kosningu. Þegar slíkt er unnt, sýnist mér augljóst, að meira en lítið sé bogið við þetta kosningafyrirkomulag. — Ég vil því ítreka, að n. taki þetta mál til rækilegrar athugunar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það verða aðeins örfá orð út af því dæmi, sem hv. 3. landsk. þm. tók. Við skulum halda áfram með þetta dæmi varðandi Sjálfstfl. Það er meiri hl., sem hefur skipað mennina í efstu sæti listans, eftir því sem hv. þm. gekk út frá, og minni hl. hefur orðið undir, sem er tiltölulega stór, en fær ekki mann nema í 9. sæti. Þetta þýðir, að meiri hl. hefur skipað sína menn í öll 8 efstu sætin, því að hefði hann gefið minni hl. einn af þessum 8 mönnum, þá hefði það þýtt einn mann í öruggu sæti fyrir minni hl., en minni hl., sem er þó þetta stór, er þannig algerlega útilokaður frá að fá nokkurn mann kjörinn. Ég held, að þetta sé áreiðanlega rétt skilið hjá mér, vegna þess að hv. þm. talaði um, að minni hl. væri tiltölulega stór, en meiri hl. tiltölulega lítill, og minni hl. mundi því freista að fá manninn í 9. sæti kjörinn með því að strika út og færa hann ofar á listann. Og er það nú svo óréttlátt, að þessi stóri minni hl. hafi þann möguleika við slíkar kosningar að geta haft áhrif á að fá einn mann kjörinn af þessum 8 fulltrúum með því að beita útstrikunum? Ég hygg, að við megum athuga þetta dæmi frá allmörgum hliðum, áður en því er slegið föstu, að núverandi löggjöf um þessi efni sé ekki í tiltölulega ríkum mæli lýðræðisleg og miði að því að tryggja rétt hinna einstöku kjósenda, þrátt fyrir það að hún grundvallast á flokkaskipulaginu.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði síðast, var á misskilningi byggt. Réttur minni hl. er vitanlega líka til gagnvart efri sætunum, og minni hl. getur breytt röðun listans, allt frá 1. niður í 8. sæti. Mér hefur aldrei dottið í hug að mæla með því, að allar breytingar á listum væru bannaðar. Það má gjarnan vera hægt að hnekkja því ofurvaldi meiri hlutans, sem talað er um. En það má ekki fá þennan rétt í hendur óeðlilega — næstum hlægilega — litlum meiri hluta, eins og nú er gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., 4. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 77, n. 227, 248).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég hef að vísu lítið um þetta mál að segja af hálfu allshn. N. lagði til, að frv. næði fram að ganga óbreytt. — Nú sé ég, að nokkrir hv. þm. flytja hér brtt. við frv. En ég mun bíða með að gera hana að umtalsefni, þar til ég hef heyrt frá hv. flm. um ástæður fyrir þessari brtt.

Jón Pálmason: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég nokkra grein fyrir því, að ég teldi nauðsyn til bera að breyta tveimur atriðum í þeim l., sem hér er til umr. frv. um breyt. á, um kosningar til sveitar- og bæjarstjórna. Og í samræmi við það hef ég hér, ásamt hv. 1. þm. Rang. og hv. 3. landsk. þm., flutt tvær brtt. við þetta frv. — Eins og brtt., sem eru á þskj. 248, bera með sér, þá er það svo, að fyrri brtt. snýr að sveitahreppunum einum, því að samkv. lögum er það ákveðið, að hlutfallskosningar skuli ófrávíkjanlega við hafðar við kosningar sveitar- og bæjarstjórna í kaupstöðum og kauptúnum, en til þess að hlutfallskosningar eigi sér stað við sveitarstjórnarkosningar í sveitahreppum, þarf ákveðinn hluti kjósenda að krefjast þess. Og samkv. frv. er gert ráð fyrir því, eins og mun hafa verið, að til þess þurfi $^1/_{10}$ hluta kjósenda, sem óski þess. Nú hefði ég að vísu helzt kosið, að afnuminn væri alveg rétturinn til þess að hafa nokkrar hlutfallskosningar við kosningu í hreppsnefndir í sveitahreppum, því að sú aðferð hefur reynzt illa þar. En til þess að gera það nú frjálslegra en svo, þá höfum við hér lagt til, að settar verði þó þrengri dyrnar fyrir þá, sem fá vilja framgengt, að hlutfallskosningar verði við hafðar við hreppsnefndarkosningar í sveitahreppum, með því að það þurfi þó ⅕ hluta kjósenda til þess að geta heimtað, að hlutfallskosningar fari þar fram. Og þetta er þá miðað við það, að víðast í sveitum eru fimm hreppsnefndarmenn, þannig að eftir þessari till. sýnist það nokkurn veginn tryggt, að þeir, sem hér er gert ráð fyrir að þurfi til að heimta hlutfallskosningu í þessu efni, komi manni að í hreppsn. Um þessa brtt. sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum.

Hin brtt. okkar er miklu víðtækari að efni. Hún nær yfir allar hlutfallskosningar til sveitar- og bæjarstjórna í landinu og er um það að breyta reglunum um það, hvernig atkv. skuli tekin til greina við útreikning á atkvæðamagni einstakra manna, sem í framboði eru á hverjum lista. Og eftir okkar till. skal taka upp þá venju, sem gilt hefur við hlutfallskosningar á Alþ. um langan tíma, þannig að fyrsti maður fái 1 atkv., annar ½ atkv., þriðji ⅓ úr atkv. o. s. frv. Og með þeim útreikningi þarf fleiri kjósendur en hefur þurft til þess að strika út eða breyta til um röð á lista, til þess að það hafi áhrif. En það hefur komið í ljós, með þeim reglum, sem gilt hafa undanfarin ár, að þetta er svo næmt, að það þarf ekki nema örfáa menn til þess að strika út og færa til á lista, til þess að jafnvel efsti maður listans falli o. s. frv., því að eins og kunnugt er, er reglan sú, að þar, sem kjósa skal í fimm manna sveitarstjórn, eru kosnir fimm aðalmenn og fimm varamenn. Og þar er reiknað 1 atkv. fyrsta manni, öðrum manni $^9/_{10}$ úr atkv. o. s. frv., og þar sem kosnir eru 15 menn í bæjarstjórn, og þá 15 varamenn, þar er fyrsta manni reiknað eitt atkv., öðrum manni $^{29}/_{30}$ úr atkv. o. s. frv.

Þetta geri ég ráð fyrir að liggi svo ljóst fyrir hv. þm., að það þurfi ekki að skýra það nánar. Og okkur flm. brtt. finnst eðlilegast, að það gildi um þessar kosningar þær venjulegu reglur, sem verið hafa um langan aldur gildandi hér í Alþ., þegar hlutfallskosning er við höfð. — Ég vænti þess, að hv. þdm. geti tekið þessum brtt. með velvilja og samþ. þær.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég get að sjálfsögðu ekki sagt neitt um, hvernig hv. meðnm. mínir kunna að líta á þessar brtt., því að það var nú verið rétt áðan að útbýta brtt. á þskj. 248, sem hv. þm. A-Húnv. ræddi um, og við höfum ekki átt þess kost í n. að eiga tal um hana sérstaklega.

Hvað fyrra atriðið áhrærir, tölul. 1, þá sé ég, að hv. flm. brtt. vilja þrengja þar nokkuð réttinn til þess að heimta hlutfallskosningar. Má vera, að ekki sé neitt sérstaklega að athuga við það. — Um síðari tölul. brtt. er það að segja, að þar er um mjög mikla breyt. að ræða frá því, sem er, hvað gildi atkvæða snertir innbyrðis á lista. En eigi að síður má vel vera, að slík breyt., á þennan hátt sem hér er farið fram á, eigi fullan rétt á sér og mundi koma í veg fyrir þann glundroða, sem stundum hefur komið fram við kosningar einmitt út af því, hvernig háttað hefur verið um gildi atkv., sem fallið hafa á einn lista, fyrir hvern mann fyrir sig, sem á listanum er. En eftir þeirri breyt., sem þarna er lagt til að verði gerð, má náttúrlega gera ráð fyrir, að það verði tæpast breytt um röð á lista, ef slíkt kosningafyrirkomulag yrði upp tekið eins og brtt. fer fram á, því að gildi atkv., sem falla á lista, verður svo miklu minna til handa þeim mönnum, sem neðar eru á lista, heldur en efsta manninum, að a. m. k. þar, sem fjölmenni er, má telja nærri útilokað, að breyt. um röð á lista komi til með að hafa nokkra þýðingu eftir brtt. þessari. Ég vil aðeins benda á þetta. Þetta þykist ég vita að háttv. flutningsm. brtt. hafi gert sér alveg ljóst. Og ég er ekki að láta neitt í ljós um það, að þetta kunni ekki að vera réttmætt. Eitt er víst, að þær breyt., sem stundum hafa verið gerðar við kosningar í sambandi við röð á listum, hafa verið mjög varhugaverðar, og stundum — eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um — verið mjög óréttlátar.

Nú hefði ég gjarnan viljað eiga þess kost að ráðfæra mig við hv. meðnm. mína, og hefði því viljað fara fram á það við hv. flm. brtt., að þeir láti bíða að láta atkv. ganga um brtt. til 3. umr. Ég skal lofa því að taka þetta mál mjög fljótlega fyrir á fundi í n., þannig að það verði ekki til hindrunar því, að málið gangi fram, þó að þetta væri gert. Málið er nú hér í síðari d., og þó að frv. yrði breytt hér, þá gefst vafalaust nægur tími til þess að koma málinu til hv. Ed. og útkljá meðferð þess þar.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég vil þakka hv. frsm. fyrir velviljaðar undirtektir undir þessa brtt. okkar á þskj. 248. En ég vil taka fram, út af því, sem hann sagði um breyt. á lista, að það er náttúrlega allt of sterkt að orði kveðið hjá hv. frsm., að okkar brtt., ef samþ. væri, mundi hafa það í för með sér, að breyt. eða útstrikanir á lista gætu ekki haft áhrif. En brtt. miðar þó beinlínis að því, að það þurfi fleiri kjósendur til að strika út af lista eða færa til á honum heldur en nú þarf, til þess að það komi til með að hafa áhrif.

Viðvíkjandi þeirri ósk hv. frsm., að við flm. brtt. féllumst á að láta atkvgr. um þessa brtt. fara fram við 3. umr., þá hef ég að vísu ekki borið mig saman við mína meðflm. um það, en mér fyrir mitt leyti þykir sjálfsagt að verða við þeirri ósk, af því að n. vill athuga brtt. áður en atkv. fara fram um hana, og vonast ég til, að það þurfi ekki að tefja málið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er í fyrsta lagi viðvíkjandi sjálfri meðferð þessa máls og út af þeim tilmælum, sem komið hafa frá hv. frsm. og form. allshn. Ég vildi leyfa mér að fara fram á, að frekar yrði þessari umr. frestað og n. fengi tækifæri til þess að athuga þessa till. og atkv. færu svo fram um þessa brtt. við 2. umr. Þetta frv. er um breyt. á kosningal. Það er í seinni d., og ef atkv. um eins veigamikla breyt. á l. eins og hér er um að ræða í þessari brtt. ættu ekki að fara fram fyrr en við lok 3. umr. í seinni d., meðan enginn maður veit, hvernig sú atkvgr. muni fara, þá er það ákaflega léleg meðhöndlan á þetta veigamikilli brtt. að láta ekki atkv. um hana verða fyrr en við síðustu umr. í seinni d. og láta svo frv. ganga til einnar umr. Ég álít heppilegra, til þess að fá góða athugun á þessu máli, að umr. um það yrði nú frestað, til þess að n. fengi tækifæri til þess að athuga brtt., því að þær eru miklu veigameiri en frv. sjálft. Því að það er eitt, sem gefið er, að eigi að fara að róta verulega við kosningal., þá koma auðvitað fleiri brtt. fram en þessi. Það hefur yfirleitt verið þannig, að kosningal. hafa verið löggjöf, sem menn hafa ekki gjarnan viljað róta mikið við, nema eitthvað sérstakt stæði til. Og ef verulega efnisbreyt. á að gera á kosningal., munu vafalaust koma fram a. m. k. fleiri brtt. Hitt er annað mál, að sú breyt., sem kom fram till. um í frv. sjálfu, er ekki það veigamikil, að hún er í raun og veru eins konar leiðrétting að fenginni reynslu.

En viðvíkjandi brtt. sjálfum, þá vil ég fara um þær nokkrum orðum. — Þá er það fyrst 1. brtt. á þskj. 248. Hv. þm. A-Húnv. sagði réttilega, að það að heimta, að ⅕ hluti kjósenda þyrfti að fara fram á hlutfallskosningu, mundi í ýmsum hreppum þýða það, að álíka margir þyrftu að fara fram á hlutfallskosningu eins og mundi nægja til að kjósa einn fulltrúa. En það þýðir, að allir þeir, sem þennan lista kjósa, yrðu að gefa upp nöfn sín, en með því móti er raunar verið að afnema leynilega kosningu. Það er verið að gefa meiri hlutanum vald til að vita nöfn allra þeirra, er minni hlutanum fylgja að málum. Við skulum hugsa okkur hrepp, þar sem bæði eru ríkir og fátækir bændur, eins og er í öllum hreppum, og að skiptin innan hreppsins fari eftir efnahag. Efnuðu bændurnir sitja í hreppsnefnd og hafa setið þar 10—20 ár og ráðið öllu í hreppnum og telja sig hafa rétt til að sitja þar áfram. En nú vilja fátæku bændurnir og húsmenn gjarnan koma manni í hreppsnefnd til að berjast fyrir sínum málum, sem þeim finnst að hinir efnaðri bændur hafi ekki gefið fullan gaum. Nú voru lögin um hlutfallskosningu og leynilega atkvæðagreiðslu sett til verndar hinum smáu, sem vilja ekki þurfa að gefa upp, hverja þeir kjósi. En ákvæðið um leynilega kosningu hefur alls staðar mætt andstöðu af hendi hinna efnuðu, því að með því móti misstu þeir mikið af valdi sínu yfir hinum snauðu. Þetta mundi þýða, að hver maður, sem vildi knýja fram lista, sem væri öðruvísi en venja væri í hreppnum, yrði að safna öllum þeim saman, sem með honum stæðu og væru gegn hinni gömlu hreppsnefnd, og þeir yrðu að skrifa upp nöfn sín til að knýja fram hlutfallskosningu. Kosningin er því með þessu móti ekki lengur leynileg, heldur opinber. Þetta er því í fullkominni mótsetningu við anda kosningalaganna og stjórnarskrárinnar. Í fjölmennum kjördæmum er fjölda meðmælenda með listum mjög stillt í hóf, og mega — að ég held — ekki vera fleiri en um 200 manns við hvern lista. Þetta er gert til þess, að kjósendur opinberi ekki, hvern þeir kjósi, eða hægt sé að knýja menn til slíkrar opinberunar á því, hvern þeir kjósi. Við, sem þekktum til í sumum sveitahreppum á árunum 1930 og 1931, þegar voldugir kaupmenn og kaupfélög höfðu ráð bænda algerlega í sínum höndum, skiljum, hvaða þýðingu þetta ákvæði getur haft. Halda menn, að það hefði verið þægilegt fyrir þá, sem hefðu viljað koma á hlutfallskosningu og áttu ef til vill allt sitt ráð undir þessum voldugu aðilum, að þurfa að safna saman öllum þeim, er sama sinnis voru, ef til vill þeim snauðustu, og láta koma opinberlega fram, hvar þeir stæðu og hvern þeir mundu kjósa? Svona ráðstafanir eru því til þess eins að gera mönnum erfiðara fyrir með að láta í ljós sannfæringu sína, ef þeir af þeim ástæðum óska eftir að verða fyrir sem minnstum búsifjum. Ég held því, að sízt séu tímar nú til slíkra breytinga. Það hefði verið sök sér á þeim tímum, þegar nóg var um atvinnu og menn áttu inneignir hjá verzlunum þeim, er þeir skiptu við. En nú þegar bændur eru farnir að skulda að nýju hjá kaupfélögunum og þeir fátæku eiga margir hverjir undir högg að sækja um útlekt, þá á Alþingi ekki að þrengja kost hinna smæstu af þegnunum. Ég held því, að till. sem þessi sé í mótsetningu við lýðræði það, sem við búum við og kostað hefur svo langa og harða baráttu að fá, m. a. við hina efnaðri bændur, sem staðið hafa gegn slíkum réttarbótum fyrir hina fátækari. Ég held því, að það sé ákaflega misráðið að breyta þessu núna, og vildi mælast til, að hv. allshn. athugaði þetta mál mjög gaumgæfilega nú við 2. umr. — Ég vil geta þess nú, af því að það er stundum sagt, að það trufli gott og gamalt samkomulag í hreppsnefndum og innleiði þar flokkabaráttuna í landinu, ef hlutfallskosningu er komið þar á, að það þarf ekki að vera, að það sé neinn hinna fjögurra pólitísku flokka, sem vill koma upp hlutfallskosningu á hinum ýmsu stöðum, heldur einstakir hópar kjósenda, og það hefur sýnt sig, að það er víða hið undarlegasta sambland manna,

sem stendur saman að slíkum listum, og flokkaforustan hér í Reykjavík hefur oft og tíðum ekki haft hugmynd um pólitísk sjónarmið fylgismanna hinna ýmsu lista úti á landi. Hér er því aðeins verið að gefa mönnum kost á að hópa sig saman á eðlilegan hátt um sín hagsmunamál, án þess að það séu endilega flokkspólitísk sjónarmið, sem þar koma til greina.

Þá er það síðari brtt. Það er auðvitað principmál, hve langt skal gengið í því að gera miðstjórnir eða flokksstjórnir alvaldar eða hve mikið af rétti hins almenna kjósanda þeim sé gefið í hendur. Ég vil því spyrja hv. þm., hvort þeim finnist ekki almennt, að vald flokka og flokksstjórna sé orðið nokkuð mikið hér í okkar landi. Mitt álit er það, að flokksvaldið sé orðið alveg sérstaklega mikið í landinu og að þeir flokkar, sem þegar hafa öðlazt þetta vald, megi alvarlega gæta að sér, hvernig þeir meðhöndli þetta mikla vald, þannig að þeir gangi ekki á rétt kjósendanna stjórnarfarslega séð. Þar á ég ekki við, hvernig þeir leggja á skatta eða önnur slík framkvæmdamál, heldur að þeir rýri ekki um of hlut hinna almennu kjósenda til að hafa áhrif á stjórn landsins í heild. Það er t. d. hægt að gera þá breytingu á kosningalögunum, að vald flokksstjórnanna verði það mikið, að einstaklingar geti ekki reist rönd við því. Ég held, að þróunin í þessum málum sé sú, að vald flokksstjórnanna yfir kjósendum og yfir þm. sjálfum fari nú mjög í vöxt og sé jafnframt að safnast á örfáar hendur. Ég held því, að Alþ. sem fulltrúi kjósendanna í landinu verði mjög að gæta að sér um það, hve langt það fer í þessum efnum. Við vitum, að það hefur verið uppi mikil óánægja hjá borgurunum, ekki sízt hinum íhaldssamari, yfir flokkavaldinu. Reynt hefur verið að mynda samtök manna, sem hafa viljað rýra þetta vald og auka vald hinna almennu borgara til íhlutunar um þessi mál. Þessi samtök hafa mörg verið hin undarlegustu að samsetningu, en þau eiga sammerkt í því, að þau hafa orðið skammlíf. Þau hafa ekki getað haldið úti dagblaði, en það er vitað mál, að slíkt er lífsskilyrði fyrir hvern flokk, en til þess þarf mikið fjármagn, svo að slík félagssamtök verða að hafa að baki sér mikið fjármagn. Auk þess þarf blað nokkurn tíma til að öðlast verulega útbreiðslu, en flokkar þeir, sem nú eru í landinu, hafa yfir að ráða áratuga gömlum dagblöðum, sem náð hafa mikilli útbreiðslu. Ástandið hér er því slíkt, að það má teljast nær ómögulegt að mynda hér nýjan stjórnmálaflokk, a. m. k. flokk, sem ætlaði nokkuð að láta til sín taka. Einstaklingur eða einstaklingar, sem ættu dagblað, gætu að vísu myndað um það sérstakan flokk, en hann mundi aldrei verða langlífur, svo að það má teljast faktískt ómögulegt að mynda hér nýjan flokk, a. m. k. eins og nú horfir málum. Þannig hafa þeir fjórir flokkar, sem nú eru í landinu, eins konar einokunaraðstöðu gagnvart kjósendum. Ég vil minna hv. þm. á það, að eitt af því, sem notað er skæðast gegn þingræði og lýðræði, er það, að flokksræðið sé of mikið og ofbjóði einstaklingunum, og þar, sem tekizt hefur að skapa fasistum fylgi, er það á þessum grundvelli. Ég held því, að Alþingi eigi að gá vel að því, að flokkarnir misnoti ekki það vald, sem þeir hafa. — Hvað þýðir svo þessi síðari brtt. á þskj. 248? Hún þýðir nokkurn veginn, að bönnuð sé breyting á lista, sem flokksstjórnin kemur sér niður á. Hún þýðir aukningu á valdi flokksstjórnarinnar. Þegar stillt er upp lista til bæjar- eða sveitarstjórnarkosninga, fara oftast fram umræður áður um skipun listans, og verður þá oft ágreiningur um ýmis atriði, en meiri hlutinn ákveður svo, hvernig listinn sé skipaður. Er nú réttmætt eða ekki, að hinn almenni kjósandi hafi rétt til að breyta listanum og þar með ákvörðun meiri hluta þess, er sá um uppstillingu listans? Nú er það svo, að þegar gengið er frá listanum, þá hefur flokksstjórnin venjulega haft aðstæður til að skilja þá frá, sem hún hefur ekki velþóknun á, þannig að listi sá, sem flokksstjórnin leggur blessun sína yfir, er venjulega mjög heilsteyptur. Og þó að prófkosningar fari fram, þá er það ekki einhlítt, því að fáir flokkar eru svo vel skipulagðir, að allmargir kjósendur komi þar hvergi nærri og hafi því engin áhrif haft um skipun manna á lista þann, sem þeir þó ætla að fylgja að málum. Hvers vegna má þá ekki leyfa þessu fólki að láta í ljós sína skoðun? Það var sagt hér við 1. umr., að ekki þyrfti nema tiltölulega fáa kjósendur til að breyta röð manna á lista. Þetta er alveg rétt, en ef slík breyting er sett í gang, þá þarf heldur ekki nema fáa af fylgismönnum flokksstjórnarinnar til að gera þær gagnráðstafanir, sem að gagni kæmu, og hún hefur að því leyti mun betri aðstöðu, að hún hefur hið „centraliserða" vald flokksins með höndum. Ég held þess vegna, að við ættum ekki að gera þessa breytingu, sem hér er lagt til. Við ættum ekki að auka vald flokksstjórnanna frá því, sem nú er; það er nú almennt svo mikið, að ég held, að það sé ástæðulaust fyrir þær að kvarta undan því, að þær hafi ekki nú þegar nægilegt vald yfir kjósendum. Ég held því, að rétt sé að hafa þennan ventil, þennan breytingarmöguleika fyrir almenna kjósendur, þar sem þeir hafa hvort sem er ekki of mikið um þessi mál að segja samkvæmt stjórnarskránni og kosningalögunum. Ég vildi því mjög eindregið óska þess, ef hv. flm. að till. á þskj. 248 hefðu ekkert á móti því, að málinu yrði nú frestað við 2. umr. og atkvæði látin ganga um brtt. við þessa umr. Það verður að hafa í huga, að hér er um mjög þýðingarmiklar till. að ræða og nú er komið fram í 2. umr. í síðari deild. Það er því engin hætta á, að málið dagi uppi, þó að því verði nú frestað, en aftur á móti mjög þýðingarmikið, að þm. gefist kostur á að athuga brtt. þær, sem hér liggja fyrir.

Umr. frestað.

Á 35., 36., 37. og 63. fundi í Nd., 11. og 12. des., 5. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 6. febr., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 77, n. 227, 248, 626).

Brtt. 626 of seint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Það er nú alllangt síðan þetta mál var til meðferðar í þessari hv. deild. Umr. um það var frestað sakir þeirra brtt. á þskj. 248, sem nokkrir hv. þm. hafa borið fram. Ég vil þegar taka það fram, að það, sem ég kem til með að segja um þetta

mál í sambandi við brtt. mína á þskj. 626, segi ég frá eigin brjósti, en á engan hátt fyrir hönd nefndarinnar.

Nefndin í heild tók enga afstöðu til fram kominna brtt. á þskj. 248, en yfirleitt býst ég við, að nm. hafi verið þeim andvígir. — Hvað fyrri lið brtt. snertir, um það, hvað marga kjósendur þurfi til þess að krefjast hlutfallskosninga, þá get ég ekki mælt með samþykkt hans. Ég hygg, að eins og sú tala er nú ákveðin í lögum og í þessu frv., þá sé hún við hóf og ekki vert að breyta til frá því. Þar sem það mun mjög torvelt að fá svo mikinn hluta kjósenda til að undirrita slíka kröfu, get ég ekki mælt með því.

Hvað 2. lið brtt. áhrærir, þá sýnist mér, ef hann nær samþykki, að tæplega sé um það að ræða að hreyfa til á lista. Ef reiknað er með því, að fyrsti maður hljóti öll greidd atkvæði, annar maður helming, þriðji maður þriðjung o. s. frv., þá sýnist mér það fyrir fram vonlaust að breyta nokkru um röð á listanum. Hins vegar get ég sagt það fyrir fram, að mín skoðun er sú, að þurfi ekki nema örfáa menn til að breyta á lista, er tæpast hægt að líta á þær breytingar sem almennan vilja kjósenda. Vera má, að það sé ekki aðkallandi að gera breytingar á þessum lögum nú, og gæti verið heppilegra að taka lögin í heild til athugunar fyrir næsta þing. Það eru ekki fyrirsjáanlegar kosningar á þessu næsta ári, svo að engin brýn nauðsyn rekur á eftir að gera þessa breytingu nú, og mætti finna margt því til réttlætingar að vinda ekki svo bráðan bug að þessu nú.

Ég taldi rétt að gera nokkra leiðréttingu við síðari brtt. á þskj. 248, og hef ég flutt brtt. við hana á þskj. 626. — Mönnum kann að virðast svo við fyrstu sýn, að ekki sé svo ljóst, hvað við sé átt í þessari brtt., og vera má, að orða hefði mátt þessa reglu öðruvísi og betur. En ég hygg nú, að þegar menn lesa þessa till. yfir með athygli, þá muni menn sjá, við hvað er átt. Og ég tel sjálfsagt, ef þessi brtt. mín yrði samþ., að leiðbeiningar fylgdu til kjörstjórna í fyrsta sinn sem kosið væri eftir þessari reglu, svo að engin óregla hljótist af þeim sökum.

Mín brtt. lýtur að því að reikna aðeins með aðalmönnum, þegar fundið er út, hverjir kosnir hafa verið, en taka ekki líka varamenn, eins og gert hefur verið hingað til. Ef Reykjavík er tekin sem dæmi, þá á að kjósa 30 menn, 15 aðalmenn og 15 til vara. Fær þá 1. maður 1 atkv., 2. maður $^{29}/_{30}$, 3. maður fær $^{28}/_{30}$ o. s. frv., ef miðað er við núgildandi lög. Ef hins vegar er miðað við það fyrirkomulag, sem mín brtt. gerir ráð fyrir, fengi 1. maður hér í Reykjavík 1 atkv., 2. maður $^{14}/_{15}$, 3. maður $^{13}/_{15}$ o. s. frv. — Ég vona, að menn hafi nú skilið, hvaða regla yrði höfð á, ef þetta fyrirkomulag yrði tekið upp. Svo er eftir að athuga, hvaða listar koma mönnum að og hvaða menn af hverjum lista komast að.

Ef miðað er við Reykjavík, þá fær Sjálfstfl. þar 8 menn kjörna, og eru þá 7 menn eftir á listanum til vara, og vantar þá einn mann upp á, að listinn sé fullskipaður. En þá á hér eftir minni reglu að finna varamenn eftir alveg sömu reglu og aðalmenn. Ég ætla, að þessi till. mín geri þetta einfaldara og léttara í vöfum. Ég hygg og að með þessari till. sé komið svo til móts við þá, sem vilja breytingar, að hún ætti þess vegna að ná samþykki.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það er svo langt um liðið frá umr. um þetta mál, að ég er búinn að gleyma, hvað sagt hefur verið, og vil því aðeins gera stutta athugasemd.

Það var út af ræðu hv. 1. þm. Árn., þar sem hann sagði, að ákvæði 1. liðar brtt. okkar útilokuðu menn frá kröfu um hlutfallskosningar. Á þetta get ég ekki fallizt. — Í öðru lagi get ég ekki fallizt á það, að heppilegra hefði verið að draga afgreiðslu þessa máls til næsta þings. Það er einmitt heppilegra, að nokkuð sé liðið frá breytingunum, þegar næst verður gengið til kosninga, svo að þær valdi síður ruglingi.

Hvað við kemur brtt. hans við 2. lið, þá teljum við flm., að þar sé svo til móts við okkur gengið, að við tökum þann lið okkar til baka, og kemur hann að sjálfsögðu ekki til atkvæða.

Læt ég svo útrætt um þetta mál.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er nú búið að ræða mikið um þetta mál, en þó vildi ég segja um það nokkur orð, áður en það færi til atkvæða.

Ég er fullkomlega með því, að 2. liður á þskj. 248 sé tekinn til baka, enda álít ég þá till. ófæra. Ég skal viðurkenna, að till. frá formanni allshn. á þskj. 626 er miklum mun skárri og gengur ekki eins á rétt kjósenda, gefur ekki flokksstjórnum samsvarandi veldi eins og brtt. 2 á þskj. 248. Ég er samt sem áður þeirrar skoðunar, að heppilegra sé að halda því, sem nú er, heldur en að breyta til, eins og hv. 1. þm. Árn. leggur til. Eftir brtt. á þskj. 248 þarf ⅙ kjósenda til að ákvarða, að hlutfallskosning skuli viðhöfð við kosningu hreppsnefndar. Það þurfa m. ö. o. eins margir að skrifa undir áskorun eins og þarf til að koma að einum manni. Þetta þýðir, að það á að heimta opinberlega fram nöfn þeirra manna, sem geta myndað fimmta hluta kjósenda og notað sér rétt stjskr. og kosningalaga til þess að koma að einum manni. Ég sé ekki betur en að slík till. brjóti í bága við allan anda stjskr. og kosningalaganna um leynilegar kosningar. Það á beinlínis að knýja fram opinberlega nöfn þeirra manna, sem ekki ganga inn á þann lista, sem meiri hl. í viðkomandi hrepp kemur sér saman um. Við vitum að vísu, að í mörgum hreppum er samkomulag, t. d. sveitahreppum, þar sem tveir sterkustu flokkarnir, Sjálfstfl. og Framsfl., hafa mikið meirihlutafylgi. Bændurnir koma sér saman um að halda hreppsnefndinni óbreyttri, og þeir vilja kæfa alla mótspyrnu gegn þessu, sem oft og tíðum kann að vera frá sveitaalþýðu, sem máske á minna undir sér en viðkomandi bændur. Fyrir slíka, þá smærri, eru l. um leynilegar kosningar sett. Með því að gera lágmarkið fyrir undirskriftum ⅕ hluta kjósenda, á að gera þeim mönnum óhagræði og rýra rétt þeirra, sem eru í minni hl. og vilja nota sér rétt kosningalaganna. Ég álít þess vegna, að það eigi að halda l. eins og þau eru, að $^{1}/_{10}$ geti krafizt hlutfallskosninga. En þessi breyt. mundi verða beint spor aftur á bak, því að það mundi þýða að

fækka hlutfallskosningum í landinu og rýra rétt manna til leynilegrar atkvgr. Ég álít þess vegna, að d. beri að fella þessa brtt., nr. 1 á þskj. 248.

ATKVGR.
Brtt. 248,1 felld með 17:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JPálm, ÁÁ, EmJ, GÞG, HelgJ, IngJ.
nei: JÁ, JR, JörB, PÞ, SG, SkG, StJSt, StSt, ÁB, ÁS, BÁ, EOl, EystJ, GG, HÁ, JG, SB.
JS, PO, SÁ greiddu ekki atkv.
9 þm. (KS, LJós, ÓTh, StgrSt, ÁkJ, BÓ, FJ, GTh, JóhH) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 626 samþ. með 13:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, SkG, StJSt, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, GG, GÞG, HelgJ, JPálm, JörB.
nei: SG, ÁB, ÁS, IngJ, JÁ, JR.
PO, SÁ, StSt, HÁ, JG, JS, SB greiddu ekki atkv.
9 þm. (KS, LJós, ÓTh, StgrSt, ÁkJ, BÓ, FJ, GTh, JóhH) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Skúli Guðmundsson: Með tilliti til þess, sem áður var sagt, tel ég þessa brtt. skárri en hina, og í trausti þess, að verði þessi samþ., komi hin til atkv. svo breytt, segi ég já.

Einar Olgeirsson: Ég er á móti þessari till., en meðan sú hætta vofir yfir, að hin till. verði borin upp, sem þessi er brtt. við, mun ég greiða atkv. með þessari till. nú, til þess að geta greitt atkv. á móti við næstu atkvgr.

Brtt. 248,2, svo breytt, felld með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HelgJ, JPálm, JörB, PÞ, StJSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GG, GÞG.
nei: HÁ, IngJ, JG, JÁ, JR, SG, SkG, StSt, ÁB, ÁS, EOl, SB.
JS, PO, SÁ greiddu ekki atkv.
9 þm. (JóhH, KS, LJós, ÓTh, StgrSt, ÁkJ, BÓ, FJ, GTh) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 644).

---

69. Læknishéruð.

Á 32. fundi í Sþ., 24. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna [160. mál] (þmfrv., A. 551).

Á 55. fundi í Nd., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt á vegum heilbrigðisstjórnarinnar, og er það ásamt grg. samið af landlækni. Frv. fer fram á sameiningu tveggja læknishéraða, Hesteyrarhéraðs og Ögurhéraðs, og skal læknirinn hafa aðsetur í Súðavík. Undanfarið hefur verið erfitt að fá lækni til að þjóna þessum héruðum, og stafar það af því, að í Hesteyrarhéraði, en því tilheyra Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur, hefur íbúunum fækkað svo mjög, að til vandræða horfir. Í Ögurhéraði munu enn þá vera 700 manns, en byggðin hefur færzt til og læknissetrið verið á sífelldum flutningi, fyrst var það í Vatnsfirði, svo á Melgraseyri og síðan í Ögri. En nú hefur útgerðin færzt á aðra staði, sem eru orðnir fjölmennari, og læknir þá illa settur þar lengur. Í þessi héruð hefur ekki verið hægt að fá lækni nema um sumarið, en báðum þessum héruðum hefur verið þjónað frá Ísafirði. Þetta er erfitt fyrir þann lækni og með öllu óviðunandi fyrir fólkið. Þess vegna hefur verið reynt að ráða bót á þessu og sameina héruðin með aðsetri læknisins í Súðavík, en það er fjölmennasta þorpið. Ef frv. verður samþ., verður byggður þar læknisbústaður, og er þá bætt úr þörf þorpsins. En héraðslækninum á Ísafirði er skylt að gegna þessu héraði eftir sem áður, og eiga þorpsbúar rétt á þeim lækni. Hv. þm. N-Ísf. og hv. 6. landsk. þm. hafa fallizt á, að þetta væri eina lausnin á málinu. — Þetta mál er flutt af nefnd og því þarflaust að vísa því til nefndar, og mælist ég til, að frv. gangi til 2. umr. og verði hraðað svo, að það geti orðið að lögum á þessu þingi, svo að hægt verði eins fljótt og auðið er að bæta úr þörf fólksins þar vestra að þessu leyti.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Fyrir hönd heilbr.- og félmn. legg ég hér fram skrifl. brtt., sem er þó varla nema nafnið, því að hér er aðeins um leiðréttingu að ræða. Brtt. er á þessa leið: „Við 1. gr. Fyrir orðin „Í stað 17. og 18. tölul. laganna (fyrir áorðnar breytingar nú 19. og 20.)“ **kemur: Í stað 17. og 18.** (fyrir áorðnar breytingar

19. og 20.) tölul. 1. gr. laganna.“ — Ég vona, að deildin geti fallizt á þessa breyt., og hef ekki meira um þetta að segja, en afhendi hér með hæstv. forseta þessa brtt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 575) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 575 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 58. fundi í Ed., 30. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 576).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 576, n. 621).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Eins og öllum hv. deildarmönnum er kunnugt, hefur það sýnt sig, að erfitt hefur verið undanfarið að fá lækna til þess að gegna ýmsum hinum afskekktustu læknishéruðum á landinu. Með þessum héruðum má telja Ögurhérað og Hesteyrarhérað, og í Hesteyrarhéraði hefur verið læknislaust um margra ára skeið. Frv. þetta, sem borið er fram að tilhlutan heilbrigðismálastjórnarinnar, leggur til að sameina þessi tvö héruð í eitt læknishérað, Súðavíkurhérað, og er þá gert ráð fyrir, að læknirinn sitji í Súðavík, en þar hefur á undanförnum árum risið upp þorp, og er talið auðveldara að fá þangað lækni en á hina staðina. Hv. Nd. hefur fallizt á þetta frv. óbreytt, og heilbr.- og félmn. Ed. leggur til, að það verði samþ.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Í sambandi við þetta frv. langar mig til að fá upplýsingar um tvennt. Það fyrra er, hvað líði þeirri allsherjar endurskoðun á læknaskipunarlögunum, sem milliþinganefnd hefur starfað að. Hið síðara, hvað gera á við læknisbústaðinn í Ögri. N. leggur til, að læknisbústaðurinn verði í Súðavík, en mér skilst, að einhver ákvæði eða fyrirheit þurfi að vera um það að koma húsinu í verð, og er ekki ljóst af frv., hvernig það verði gert, en munurinn er sáralítill að þjóna í Ögri eða Súðavík. Í Súðavík er að vísu fleira fólk í kringum lækninn, og þaðan er einnig vegur til Ísafjarðar. Þetta er að vísu plús, en það verður að athugast, hvort munurinn er svo mikill, að það réttlæti að leggja í þann kostnað, sem óhjákvæmilega leiðir af því að flytja lækninn. Ég vil gjarnan heyra frá stj. og n., hvað gera eigi við þetta hús eða hvort það eigi að standa autt og ónotað. Það getur svo farið um þennan flutning eins og fór, þegar læknirinn var fluttur frá Ármúla í Vatnsfjörð. Læknissetrið er nú búið að vera þarna á fjórum stöðum, þó að aldrei hafi verið lagt í verulegan kostnað við flutning þess, nema þegar byggður var læknisbústaðurinn í Ögri.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um, að n. hafi verið veittar upplýsingar um þessi atriði, hvorki hvað allsherjar endurskoðun læknaskipunarlaganna líður né hvað gera eigi við læknisbústaðinn í Ögri, þó að ég búist við, að hann verði seldur fyrir það, sem fæst fyrir hann, eins og gert er í svipuðum tilfellum yfirleitt, en mér er ekki um þetta kunnugt. En n. leit svo á, að hvorugt þetta atriði hefði áhrif á afgreiðslu þessa máls. Læknirinn hefur undanfarið setið í Súðavík og það virzt hentugra en að hafa hann í Ögri. Landlæknir telur það stórum mun líklegra, að fást muni læknir, ef læknisbústaðurinn er í Súðavík, en ekki í Ögri. Fleiri upplýsingar hef ég ekki í þessu máli.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég lít einmitt svo á, að litlar líkur séu til þess, að hægt sé að selja læknisbústaðinn í Ögri. Það er einn bóndi á staðnum, og hann býr á góðri jörð og í góðu húsi. Þess vegna þarf að athuga þessi tvö sjónarmið. Það er að vísu þægilegra að ná lækninum í Súðavík, einkum fyrir íbúa í Sléttuhreppi og Grunnavíkurhreppi, en þó er munurinn ekki ýkjamikill. Ég vil gera upp við mig, hvort munurinn sé svo mikill, að rétt sé að fleygja eitthvað um 200 þús. kr., sem gamli og nýi læknisbústaðurinn mundu kosta. Ég er ekki viss um, að þetta sé rétt. Hefði n. getað sagt mér, að hægt væri að selja bústaðinn í Ögri, hefði verið öðru máli að gegna, og mér finnst málið illa undirbúið af n., að hún skuli ekki hafa aflað þessara upplýsinga.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Það er nokkuð til í því, að það er mjög hvimleitt, ef dýr eign verður verðlaus, en hv. þm. tekur ekki tillit til þess, að fyllsta ástæða er til að halda, að hún verði alveg jafnverðlaus, hvort sem læknissetrið er þar eða ekki, því að ókleift hefur reynzt að fá lækni þangað síðan Baldur Johnsen fór þaðan. Landlæknir telur orsökina þá, að læknisbústaðurinn sé á óheppilegum stað. Þetta er eitt dæmi um það, hversu mikil þörf er fyrir allsherjar endurskoðun á læknaskipunarlögunum. Það er vissulega illt, að svo miklir peningar skuli liggja í eign, sem virðist vera töpuð, en þetta virðist vera það eina, sem um er að ræða.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég held, að það sé engum vafa undirorpið, að það sé til bóta, að þessum læknishéruðum sé steypt saman og Súðavíkurhérað komi í staðinn með læknisbústað þar. Það hefur ekki litla þýðingu, að læknirinn á stórum auðveldara með að ná til þess fólks, sem hann á að þjóna, ef hann situr í Súðavík, heldur en ef hann situr í Ögri. Þegar læknisbústaðurinn var settur í Ögur, var þar talsverð verstöð og vélbátar því tiltækir, ef á þurfti að halda. Þar voru svo engar hafnarbætur gerðar og verstöðin lagðist niður, svo að læknirinn varð því nær einangraður þarna, og reynslan hefur sýnt, að nær ókleift er að fá lækni þangað, og hefur

verið læknislaust þar um margra ára skeið. Það er hafið yfir allan vafa, þegar litið er á hlutverk læknisins, að þá er hann bezt settur í Súðavík. Hinn möguleikinn, að setja lækninn á Ísafjörð, hefði það í för með sér, að aðalstörf hans yrðu praksis á Ísafirði. Eru þá ekki síður rýrð verðmæti með því, að ríkið festi fé í því, en hafi auðan og mannlausan læknisbústað í Ögri.

Annars er læknisbústaðurinn í Ögri ágætt íbúðarhús, byggt nokkru fyrir stríð og stendur því ekki í mjög miklu verði. Hins vegar eru möguleikarnir fyrir að selja vaxandi, þar sem nú er búið að byggja bryggju í Ögri og ekki óhugsandi, að menn setjist þar að til þess að stunda sjóróðra, því að fólkið, sem fór þaðan, fór einmitt vegna þess, að þar var engin bryggja, og þá aukast auðvitað möguleikarnir á að selja húsið. Ég held, að öllu betra sé að athuga þetta eftir 1—2 ár heldur en nú á stundinni, og eins er hugsanlegt, að bóndinn í Ögri vilji kaupa húsið. Þótt ekki sé nema gott, að svona atriði séu athuguð, þá held ég þó, að engum verðmætum sé kastað á glæ, þó að ekki sé gengið úr skugga um möguleika á að selja húsið áður en frv. er samþ. Það hefur ekki tekizt að fá lækna til þess að þjóna Hesteyrar- og Ögurhéruðum, en það er náttúrlega meginatriði málsins, að fólkið í hinum dreifðu byggðum landsins fái læknisþjónustu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 647).

---

70. Virkjun Sogsins.

Á 35. fundi í Ed., 12. des., var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins [138. mál] (þmfrv., A. 336).

Á 36. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Eins og greinir í grg. þessa frv., þá hefur fjhn. tekið að sér að flytja frv. fyrir hæstv. fjmrh., eins og venja er til, að n. geri, er svo stendur á, en einstakir nm. hafa áskilið sér óbundið atkvæði um hin ýmsu atriði frv.

Ástæðan til þess, að þetta frv. er fram komið, er sú, að heimildin, sem ríkisstj. hafði áður verið veitt til lántöku vegna Sogsvirkjunarinnar, er ekki nógu há og fullnægir ekki þeirri lánsfjárþörf, sem þessar framkvæmdir krefjast. Er hér því farið fram á lánsheimild til ríkisstj. fyrir þeirri upphæð, sem gert er ráð fyrir, að kostnaðurinn verði samkv. nýjustu áætlunum. Nú er það svo, að þetta á að vera fyrirtæki, sem er sameign ríkisins og Reykjavíkurbæjar og hafi sérstakan fjárhag, en búast má við því, að ríkissjóður þurfi hér að hlaupa undir bagga, og þykir því þörf á að útvega þessa lánsheimild. — Að öðru leyti vísa ég til hæstv. fjmrh., ef honum þykir ástæða til að taka fleira fram.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Þessu máli var ekki vísað til nefndar, og þar af leiðandi liggur ekkert nál. fyrir og n. hefur engar brtt. sent, sem ég verð að líta svo á að þýði það, að n. fallist á málið. (**GJ:** Hefur hún nokkuð verið spurð um það?) Sama sem, því að það lá fyrir samþykki allra nm. um að leggja það fram.

Haraldur Guðmundsson: Ég skal nú ekki ræða mjög um efni frv. Það er aðeins út af grg., sem ég vil afla upplýsinga frá hv. n., sem hefur flutt frv. Ég sé hér í kostnaðaráætluninni í grg. þessa setningu: Verksalar, Fosskraft . . . 10 970 000 kr. (Erlendur gjaldeyrir.) — Ég sé nú, að þetta mun kannske eiga að vera nafn fyrirtækisins, sem tekur þetta að sér. Ég hélt í fyrstu, að hér væri um að ræða fosskraft — vatnsréttindin, en svo mun víst ekki vera, en ég vildi mega spyrja fjhn., hvort þetta er sú þóknun, sem verkstjóranum er ákveðin, 10 millj. og 970 þús. kr. — Þá stendur í þriðju línu: Ráðunautar, vélsetar. — Það má vera, að hér sé um prentvillu að ræða, en vera má, að einhver af nm. gæti upplýst þetta. Ég hef bent á þetta áður, og þá hefur þessum „Fosskraft" verið breytt og er nú með stórum staf, og fleiri smábreytingar hafa verið gerðar.

Að því er snertir efni frv., þá tel ég, að ekki sé um annað að gera en fallast á efni þess. Það mun vera fullráðið á allan hátt, að í þessa framkvæmd sé ráðizt, sem er nauðsynleg.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Eins og tekið er fram í grg. fyrir frv., er lántökuheimild sú, sem ríkisstj. hefur verið veitt um virkjun Sogsins, gersamlega ófullnægjandi, og þarf ekki að greina frá því hér. Frv. er, eins og eðlilegt er, flutt að tilhlutan hæstv. fjmrh., og er ég ekki í sérstöku fyrirsvari um þetta mál, en vil taka fram, út af því sem hér hefur verið sagt, að þessi grg. er sett upp í samræmi við tilboð, sem búið er að taka. Eins og þd. er kunnugt, var nokkur deila um það í blöðunum, hvaða tilboði ætti að taka. En þegar

það tilboð kom og grg. frá stjórn Sogsvirkjunarinnar, þá voru allir undantekningarlaust sammála um að taka þessu boði, sem tekið var, og samkvæmt þeim útreikningum, sem í því tilboði felast, og þeim samningum, sem urðu samkvæmt því tilboði, að leggja þessa grg. fyrir frá stjórn Sogsvirkjunarinnar. Ég efast ekki um það, að þessir menn, sem þarna eru í stjórninni, hafi athugað þessi tilboð mjög gaumgæfilega, enda átti ég ýtarlegt tal við suma þeirra, áður en tilboðinu var tekið, og þeir töldu sig ekki geta varið það að taka ekki því tilboði, sem þarna liggur fyrir, því að samkvæmt samningi, sem gerður var milli stjórnar Sogsvirkjunarinnar og stjórnar Laxárvirkjunarinnar, þá ræður ríkisstj. ekki yfir málinu, ef öll n. er sammála, en ef hún er ekki sammála, er það borið undir úrskurð ríkisstj. — Þannig liggur málið fyrir og þannig eru gerðir þeir útreikningar, sem hér liggja fyrir, þ. e. gerðir af þeirri stjórn, sem við fengum málið í hendur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins beina því til hv. fjhn., hvort ekki þætti rétt, að hún tæki þetta frv. til athugunar á milli funda. Ég verð að segja, að það eru heldur litlar upplýsingar, sem hér hafa komið fram um jafnstórt mál. Ég hef nú verið lengi á þingi, en ég minnist þess ekki, að nokkurt mál, þar sem um það hefur verið að ræða að taka slík milljónalán, hafi fengið aðra eins afgreiðslu.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Enda þótt mál þetta sé ekki flutt að beiðni landbrn., þá vil ég segja það, að það kann að virðast óeðlilegt, að frekari upplýsingar liggi ekki fyrir en hér hafa verið gefnar. En samt sem áður vil ég ekki láta þessari aths. með öllu ómótmælt, þó að ég hafi annars ekkert við það að athuga, að n. athugi málið fyrir næstu umr. — Það er nú svo, að búið er að ákveða Sogsvirkjunina og Laxárvirkjunina og í báðum tilfellum í samræmi við samninga, sem framkvæmdavaldið hefur falið á hendur ákveðnum stjórnum, sem tekið hafa ákveðnum tilboðum, sem útreikningar og samningar miðast svo við, og lánsheimildin er tekin upp í samræmi við þessa samhljóða samninga. Það er því ekki eins óeðlilegt og virðast kann í fljótu bragði, þó að allar upplýsingar liggi hér ekki fyrir. Og n. getur vitaskuld fengið yfirlit um þetta, þegar henni sýnist. Það er enginn ágreiningur um að vinna þetta verk, enda eru menn nú farnir að þreifa á því, hve aðkallandi það er, þegar nú er að verða rafmagnslaust í bæjarhlutunum á víxl vegna ónógrar orku hér í Rvík, og hið sama á við um Akureyri.

Forseti (BSt): Ég vil leyfa mér að minna á það til viðbótar því, sem hæstv. ráðh. sagði, að þó nokkrar upplýsingar komu fram í þessu máli við 1. umr., en annars skal ég sjá til, að fjhn. athugi málið. Hins vegar ábyrgist ég ekki, að hún geri neinar brtt. við frv.

Haraldur Guðmundsson: Ég vona, að hæstv. forseti hafi ekki skilið orð mín svo, að ég vilji tefja þetta mál. Aðeins finnst mér afgreiðsla þess æði snubbótt. Og það er m. a. ekki algengt í lögum, að veitt sé 100% ábyrgð. Ég er annars engan veginn á móti frv., en bendi á þetta m. a. sem nokkra ástæðu til athugunar. En ég sætti mig við þær upplýsingar, sem gefnar hafa verið af hæstv. forseta um væntanlega meðferð þess.

Á 40., 43. og 46. fundi í Ed., 15. og 18. des., 9. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Ed., 17. jan., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 336, n. 486, 487).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 336 er flutt af fjhn. samkv. beiðni hæstv. fjmrh., og fylgdi því engin grg. frá n., þegar það var lagt inn. N. hefur nú athugað frv. á milli umr., og þar sem hér er um að ræða mál, sem er upp á 160 millj. kr., þótti rétt að láta fylgja því nokkurt nál. hér við þessa umr. og þá einnig að birta nokkur fskj., sem n. hefur aflað sér milli umr., þar á meðal samning þann, sem gerður var milli ríkisstj. og bæjarstjórnar Rvíkur um, að Sogsvirkjunin verði sameign þeirra, og enn fremur endurskoðaða áætlun um kostnað og gjaldeyrisþörf við Sogsvirkjunina og enn fremur enn endurskoðaða áætlun um gjaldeyrisþörfina, og er hér um að ræða fskj. I.—III.

Ég vil í upphafi leyfa mér að geta þess, að langeðlilegast hefði verið að bera þetta ekki fram sem viðauka við l. nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins, heldur sem breyt. við þau l. og fella það inn í l. og prenta þau upp, m. a. vegna þess, að 1. gr. umræddra l. frá 23. apríl 1946 getur ekki lengur staðizt og því ákaflega óviðkunnanlegt að hafa þennan hátt á. En það hefði kostað það, að fjhn. hefði orðið að semja frv. alveg upp, en það vildi hún ekki gera, enda var rekið mikið eftir málinu af hálfu hæstv. ríkisstj. Hefði verið æskilegt, þar sem ekki hafa verið höfð um þetta samráð við hæstv. raforkumálaráðh., að hann hefði sjálfur óskað eftir því. En vegna þess, að það hefur ekki verið gert, og vegna þess, að það er nauðsynlegt að fella í burt 1. gr., þá verður borin fram till. um það frá n., að svo verði gert, og mun ég víkja nánar að því síðar.

N. þótti rétt að kalla til sín á fund þá aðila, sem hafa með Sogsvirkjunina að gera, þ. e. borgarstjórann í Rvík, Gunnar Thoroddsen, svo og skrifstofustjórann fyrir Sogsvirkjuninni og raforkumálastjóra, og mættu þeir allir hjá n. og afhentu henni þau skjöl, sem ég hef þegar minnzt á, nr. I—III, og gáfu auðvitað samþykki sitt til þess, að þau yrðu birt. Þau gefa margar upplýsingar um þetta stóra mál, og þótti mér rétt að láta það koma fram í þskj.

Þegar samþ. voru l. nr. 28 23. apríl 1946, um

Sogsvirkjunina, var gert ráð fyrir, að kostnaður við verkið yrði 34 millj. kr. N. hefur ekki tekizt að afla sér upplýsinga um það, hvernig sú áætlun hefur verið, og ekki heldur um það, hvort hér er um nákvæmlega sams konar verk að ræða og það, sem á þeim tíma var áætlað að mundi kosta 34 millj. kr., en nú er gert ráð fyrir að muni kosta 158 millj. Þó hefði verið æskilegt að fá það upplýst hér við þessa umr. frá hæstv. raforkumálaráðh., hvort hér er um sams konar verk að ræða og þessi mismunur stafi þá frá breyttu verðlagi, eða hvort þessi virkjun, sem nú er til umræðu, á að vera allt önnur og viðtækari en sú frá árinu 1946. Um þetta liggja ekki fyrir nein gögn, hvorki í þskj. frá 1946 né hjá fjhn. nú, og hefur hún ekki getað aflað sér þeirra og viljað tefja málið með því að leita frekar eftir þeim. En mér skilst raunverulega, að hér sé um sams konar verk að ræða, hér sé ekki fyrirhuguð stærri virkjun en 1946, og ætti þá að vera hér aðeins um að ræða verðhækkun á verkinu, sem nemi 124 millj. kr. En sjálfsagt getur hæstv. ráðh. upplýst þetta við umr. Hins vegar lá fyrir n. áætlun, sem gerð var 30. okt. 1950, og sú áætlun telur, að kostnaðurinn sé þá 139,5 millj. kr. Ég skal ekki fara frekar út í sundurliðun á þeirri áætlun, þm. geta kynnt sér hana á fskj., en þessi áætlun hefur verið endurskoðuð, og nú er talið, að kostnaðurinn verði 158 millj., og þess vegna meðal annars er þetta frv. borið fram, að fá heimild til að taka allt að 158 millj. kr. lán til að standa undir þeim kostnaði. Ég skal ekki fara út í einstaka liði í þessari áætlun, en vísa þar um til fskj., en ég vil í sambandi við þetta benda á annað atriði. Í l. frá 1946 er aðeins gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist allt að 34 millj. kr. og þá ekki yfir 85% af stofnkostnaði. Þegar frv. kom fyrst fram á Alþ. 1946, var ekki ákveðið þetta hámark í frv., en breytt í meðferð þingsins vegna þess, að þetta hámark er ákveðið í raforkul. sjálfum, að ekki er heimilt, að ríkið ábyrgist meira en 85% af stofnkostnaði héraðsrafveitna í landinu. Nú hefur það ákvæði ekki verið tekið upp í þetta frv. á þskj. 336. Ég hreyfði þessu atriði í hv. fjhn., að bæta þessu ákvæði inn, en um það varð nú ekki samkomulag. Það hafði ekki verið sett inn af hæstv. ríkisstj., og meiri hl. n. vildi ekki, eins og hann orðaði það, torvelda framgang málsins, ef um þetta yrði nokkur ágreiningur. Ég hef því sjálfur borið fram brtt. um þetta á þskj. 487, þar sem lagt er til, að á eftir orðunum „erlendum gjaldeyri“ í 1. mgr. komi: þó eigi yfir 85% af stofnkostnaði. — Tel ég, að þessari stefnu ætti að halda, nema menn hugsi sér að marka hér alveg nýja stefnu og ríkissjóði sé ætlað framvegis að ábyrgjast 100% kostnað við héraðsrafveitur. Því var haldið fram í hv. n., að hér væri raunverulega ekki um héraðsrafveitu að ræða, heldur um sjálfstætt fyrirtæki, sem væri sameign ríkisins og Reykjavíkurbæjar. En þó að Rvík eigi 85% í mannvirkinu, eins og nú er, og ríkissjóður aðeins 15% og samþykkt sé, að ríkissjóður eigi rétt á því að auka eign sína í allt að 50% í fyrirtækinu, þá er a. m. k. ekki hægt að flokka þetta fyrirtæki undir neitt annað en héraðsrafveitur. Það er ekki ríkisrafveita, ekki héraðsrafveita ríkisins og getur því ekki fallið undir annan flokk en héraðsrafveitur, og á þess vegna raunverulega í þessu tilfelli að takmarka þetta við 85% ábyrgð. Ég hef minnzt á þetta við borgarstjórann, og taldi hann það ekki skipta verulegu máli, hvort það yrði sett inn eða ekki, en ég tel mjög eðlilegt að setja þetta inn, því að annars væri opin leið að fá breytt þessu ákvæði fyrir aðrar héraðsrafveitur í landinu, og mundi það verða gert, ef þetta yrði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj.

Fjhn. þótti rétt, þó að hún vildi ekki fallast á þessa till., að gera nokkrar meginbreyt. við frv., eins og tekið er fram á þskj. 486. Fyrri brtt. er við 1. gr., að fyrir orðin „gagnvart þriðja manni“ í 3. mgr. komi: gagnvart þriðja aðila. — Var n. sammála um, að rétt væri að breyta þessu þannig, og verður sjálfsagt enginn ágreiningur um það. — Þá ber n. einnig sameiginlega fram aðra till., við 2. gr., um að gr. orðist svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi 1. og 5. gr. laga nr. 28 23. apríl 1946 og önnur ákvæði, er fara í bága við efni þessara laga.“ Þótti rétt að setja þetta inn til þess að taka af öll tvímæli. Í 2. gr. frv., eins og það er nú, er aðeins ætlazt til, að úr gildi falli 5. gr. áðurgreindra laga og önnur ákvæði, er fara í bága við efni þessara laga, og má þá ef til vill einnig segja, að undir það heyri þá einnig 1. gr., en n. þótti rétt að taka þetta skýrt fram í frv., að þessi gr. falli einnig burt, en í henni er kveðið svo á, að Reykjavíkurbær einn eigi stöðina við Ljósafoss, sem ekki verður eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þetta stóra mál hér. Þó að vísu væri nægilegt tilefni til að ræða hin ýmsu atriði í áætluninni, þá sé ég ekki ástæðu til að vera að því nú. Mál þetta er undir ákveðinni stjórn, þar sem ríkisstj. hefur sína fulltrúa og bæjarstj. einnig, og þeim hefur verið falið að framkvæma þessi atriði á ábyrgð þessara tveggja aðila, og hæstv. ríkisstj. hefur að sjálfsögðu alltaf tækifæri til þess að hafa fullt eftirlit með þeim málum. Það mundi því ekki breyta verulegu, þó að farið yrði að gagnrýna hér ýmis atriði í áætluninni eða deila um þau, og skal ég alveg ganga fram hjá því. En ég legg allmikla áherzlu á, að brtt. mín á þskj. 487 um það að takmarka sig við 85% verði samþ., vegna þess meðal annars, að að öðrum kosti mundi ég telja óhjákvæmilegt að taka upp breyt. á sjálfum raforkul. og láta aðrar héraðsrafveitur í landinu njóta sömu hlunninda, ef takmarkið er ekki sett samkv. minni brtt.

Ég skal svo ekki ræða þetta nánar. Fjhn. öll stendur að því, að gerðar séu þær breyt., sem koma fram á þskj. 486, og leggur til, að frv. verði samþ. þannig, en auk þess legg ég sem sagt til, að brtt. mín á þskj. 487 verði einnig samþykkt.

Forseti (BSt): Samkvæmt ósk hæstv. fjmrh. verður umr. um þetta mál frestað og það tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Ed., 18. jan., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Ed., 22. jan., var fram haldið 3. umr. um frv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það mun hafa verið við 2. umr. þessa máls, að hv. frsm. fjhn. vildi halda því fram, að þessar 158 millj. væru hið sama og þær 34 millj., sem talað var um sem ríkisábyrgð. Út af þessu hafði ég samband við Steingrím Jónsson, forstjóra Sogsvirkjunarinnar, og ritaði hann svo hljóðandi upplýsingar, með leyfi hæstv. forseta:

„Í lögum um virkjun Sogsins, frá 23. apríl 1946, var gengið út frá áætluðum virkjunarkostnaði þá 40 millj. kr., og ráðgerðu lögin, að ríkissjóður ábyrgðist allt að 85%, eða 34 millj. kr. — Þessi virkjunaráætlun var gerð af rafmagnsveitu Reykjavíkur með aðstoð verkfræðinga Almenna byggingarfélagsins og átti við virkjun neðri Sogsfossa, Írafoss og Kistufoss, saman í einni aflstöð, en þá var ráðgert að virkja aðeins helming alls fallsins, eða 20 þús. kw., er síðan hefur breytzt í meðförum í ⅔ fallsins, eða 31 þús. kw. — Þá var ráðgert að leggja eina háspennulínu frá Sogi til Reykjavíkur á tréstaurum, er flutt gæti helming alls aflsins, en nú er ráðgerð lína á stálturnum, er flutt geti allt aflið, svo að gamla línan verður þar á eftir til vara.

Væri núverandi tilhögun umreiknuð til verðlagsins 1945, mundi kostnaðaráætlun nema 54 millj. kr., en er áætlað nú 158 millj., eða 2,9 sinnum hærra. — Síðan 1945 hafa orðið gengisbreytingar, er gera mikið af erlendu efni til virkjunarinnar 2,5 sinnum dýrara, fyrir utan verðhækkanir, er orðið hafa síðan 1945, sem á sumu efni eru allmiklar. Nú má t. d. geta þess, að eirvír kostaði kr. 2,70 á kg 1945, en nú kr. 12,00. Innanlands hafa einnig orðið verðhækkanir síðan 1945."

Þetta ætla ég, að gefi svar við þeim spurningum, sem hv. frsm. bar fram í sambandi við þetta mál. Það sést, að virkjunarkostnaður nú er nokkru meiri, en aðallega er um að ræða breytingar á verðlagi.

Þá er það að segja um brtt. á þskj. 487 frá hv. þm. Barð. (GJ), að ég get ekki mælt með samþykkt hennar. Að vísu er það almenn regla, að miðað sé við 85% af stofnkostnaði, en hér er um að ræða félagseign ríkissjóðs og Reykjavíkurbæjar, og þar sem ríkið er þess ekki megnugt að leggja þetta fé beint fram, þá verður að afla virkjunarkostnaðarins með lánum. Því get ég ekki mælt með samþykkt þessarar till.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar, enda þótt ég hefði talið heppilegra, að þær hefðu komið fram á þskj. Mér skilst af þessum upplýsingum, að sú áætlun, sem gerð var 1946, mundi nú nema 40 millj., ef í engu hefði verið breytt, en með þessum breytingum, sem nú hafa verið ákveðnar, um 54 millj. og með þeim gengisbreytingum og verðhækkunum, sem orðið hafa, nemi hún um 120 millj. En þetta er í sjálfu sér ekkert aðalatriði.

En aftur á móti í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði um brtt. mína á þskj. 487, get ég ekki verið honum sammála, og ég vil leyfa mér að benda honum á það, að með því að fella þá till. er verið að opna leið fyrir allar héraðsveitur á landinu, að ríkið ábyrgist þeim stofnfé 100%, því að það er ekki hægt að neita þeim um þau fríðindi í þessum efnum, eftir að búið er að veita þetta. Það er fullkomlega hliðstætt, þegar þær aðstæður eru athugaðar, að svo er ráð fyrir gert, að ríkissjóður sé meðeigandi. Og í þessu tilfelli er hlutdeild ríkissjóðs ekki meiri en það, að hann á 15%, getur komið til með að eiga 50%, en eins og nú standa sakir á Reykjavíkurbær 85%. Ég tel, að það hefði verið hyggilegra, að ríkissjóður hefði lagt fram 15% og dreift síðan þeim 15% yfir þau ár, sem verið er að byggja fyrirtækið. Og jafnvel það get ég ekki séð að komi í veg fyrir þá kröfu, að Reykjavíkurbær leggi fram höfuðfjármagnið í þetta fyrirtæki, og verði það ekki, sé ég ekki, hvernig hægt verður að neita sömu kröfum frá öðrum sveitum. En hér er meira en verið að veita þau hlunnindi að hækka ábyrgðina úr 85% í 100%, heldur á Reykjavíkurbær að eiga helming fyrirtækisins. Ég býst við, að það séu fleiri sveitarfélög, sem mundu ganga að því, að helmingur rafmagnsveitunnar væri eign ríkisins gegn því, að hinn helmingurinn væri ábyrgztur.

Ég skal svo ekki tefja þetta mál frekar, en ég leyfi mér að benda á það, að verði þessi brtt. felld, er ekki hægt að synja um ábyrgð ríkissjóðs á héraðsrafveitum; það verður ekki með neinni sanngirni hægt að standa á móti því.

ATKVGR.

Brtt. 487 felld með 10:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, GJ, JJós.

nei: KK, LJóh, PZ, RÞ, StgrA, VH, BBen, HV, HG, BSt.

SÓÓ, FRV greiddu ekki atkv.

2 þm. (BrB, HermJ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Með því að ég sé ekki, að samþykkt þessarar brtt. skapi neitt fordæmi, þar sem ríkið er meðeigandi að Sogsvirkjuninni, þá tel ég þessa till. óþarfa og segi nei.

Haraldur Guðmundsson: Með tilvísun til grg. hv. 1. þm. N-M. segi ég nei.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Með tilvísun til grg. hv. 1. þm. N-M. segi ég nei.

Bernharð Stefánsson: Með tilvísun til grg. hv. 1. þm. N-M. segi ég nei.

Brtt. 486,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 486,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 54. fundi í Nd., 23. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 537).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til iðnn. með 18 shlj. atkv.

Á 66. og 67. fundi í Nd., 12. og 13. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., 13. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 537, n. 652).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. *Síðan l. um Sogsvirkjunina voru sett*, 1946, hafa ýmsar breytingar orðið á þeim málum; í fyrsta lagi sú lagabreyt., að ríkissjóður hefur gerzt meðeigandi að Sogsvirkjuninni. Var um það gerður samningur, sem á sínum tíma var prentaður — að ég ætla fyrir tveimur árum — með þskj., en er nú birtur með nál. fjhn. Ed. á þskj. 486, dags. 30. júlí 1949. Sogsvirkjunin er þannig orðin sameign ríkissjóðs og Reykjavíkurbæjar. — Í öðru lagi hefur sú breyting á orðið, að þær kostnaðaráætlanir, sem lágu fyrir 1946, þegar l. voru sett, hafa náttúrlega gerbreytzt vegna hinna miklu breytinga á verðlagi og gengisbreytingarinnar, er síðan hefur orðið. Af þeim ástæðum eru þær upphæðir, sem getið er í l. frá 1946, með öllu úreltar. Þetta frv. er flutt af fjhn. Ed. að beiðni ríkisstj. til þess að færa lántökuheimildir og tölur til samræmis við núgildandi verðlag. Efni frv. er það að heimila stjórn Sogsvirkjunarinnar að taka lán til virkjunarinnar, er nemi allt að 158 millj. kr., en það er nú í dag áætlaður heildarkostnaður virkjunarinnar. — Þá er ákvæði um það, að ríkisstj. geti fyrir hönd ríkissjóðs tekið þau lán, sem þarna um ræðir, og endurlánað þau Sogsvirkjuninni gegn gildum tryggingum, en um ýmis þessara lána verður það svo, að Sogsvirkjunin tekur þau sjálf án milligöngu ríkissjóðs, en þannig, að ríkissjóður verður formsins vegna að vera lántakandi. — Loks fjallar 3. mgr. 1. gr. um það, að Sogsvirkjunin sé sameign ríkissjóðs og bæjarsjóðs Rvíkur og að báðir aðilar beri sameiginlega ábyrgð gagnvart þriðja aðila á skuldbindingum virkjunarinnar, en sín á milli beri aðilar, þ. e. bæjarsjóður og ríkisstj., ábyrgð á lánum í réttu hlutfalli við eignarhlut þeirra í virkjuninni á hverjum tíma. — Iðnn. Nd. fékk þetta mál til meðferðar, og leggur hún einróma til, að frv. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 69. fundi í Nd., 15. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 693).

---

71. Sveitarstjórnarlög.

Á 40. fundi í Sþ., 9. febr., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927, og um afnám l. nr. 17 26. febr. 1943, um breyt. á þeim l.** [175. mál] (þmfrv., A. 645).

Á 66. og 67. fundi í Nd., 12. og 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., 13. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta var sent fyrir nokkru síðan til heilbr.- og félmn. Nd. og kom til n. frá félmrn. með ósk um, að n. bæri það fram á þessu þingi. Frv. mun upphaflega vera samið af Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, og forstöðumenn sambandsins óskuðu þess mjög eindregið við n., að hún legði frv. fram, hvort sem það yrði lögfest á þessum dögum, sem nú eru eftir af þinginu, eða ekki. Eftir að þessar óskir höfðu komið fram, fyrst frá rn. og voru ítrekaðar síðar af stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga, þá taldi n. það sjálfsagt að leggja frv. fram.
Ákvæði um laun oddvita hafa verið og eru raunar nokkuð á reiki. Samkv. l., sem um þetta gilda, er oddvitum ákveðin sem þóknun fyrir störf sín í grunnlaun, miðað við verðlag 1939, ein króna fyrir hvern mann, sem hefur verið búsettur í hreppnum. Til þess mun hafa verið ætlazt, að á laun oddvita kæmu þær launauppbætur, sem opinberir starfsmenn njóta á hverjum tíma, en reynslan hefur orðið sú, að nokkur misbrestur hefur orðið á í þessum efnum, og eru laun oddvita því nú nokkuð á reiki. En ef teknar eru með allar launaviðbætur, sem opinberir starfsmenn hafa fengið síðan 1939, ber oddvitum nú kr. 4,56 fyrir hvern mann í hreppnum. Hér er lagt til í þessu frv. að binda upphæðina við 5 kr. fyrir hvern mann, og virðist það ekki vera ósanngjarnt, þegar tekið er tillit til þess, að störf oddvita hafa aukizt að undanförnu, m. a. vegna ákvæða, sem Alþ. hefur sett um ýmiss konar afskipti ríkisvaldsins.
Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um málið við þessa umr., nema sérstakt tilefni gefist, og vænti þess, að því verði vísað til 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 69. fundi í Nd., 15. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 74. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 75. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 77. fundi í Ed., 26. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 645, n. 721).

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. þetta er komið til Ed. frá Nd. og var flutt þar af heilbr.- og félmn. eftir ósk félmrn. Efni frv. er að breyta fyrirmælum, er gilda um laun oddvita, en oddviti skal hafa í laun 1 kr. á hvern mann í hreppnum eftir manntali. Með vísitölu komst þetta upp í kr. 3,90 á hvern mann, en nú er gert ráð fyrir, að það verði orðnar 5 kr. Nefndin mælir eindregið með því, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það er á þskj. 645.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 757).

---

72. Landshöfn í Rifi.

Á 71. fundi í Nd., 19. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi [185. mál] (þmfrv., A. 696).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Ég sé, að hv. þm. Snæf., sem er einn af flm. þessa máls, er ekki mættur hér. Ég vildi þess vegna mælast til þess, að þetta mál verði nú látið ganga áfram til 2. umr., og mun hv. þm. Snæf. þá gera grein fyrir frv. síðar, að því leyti sem þess kann að teljast þörf.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngJ, JóhH, JG, JÁ, JR, JörB, KS, LJós, ÓTh, PÞ, SÁ, SG, SkG, StSt, ÁB, BÁ, EOl, EmJ, GG, HÁ, HelgJ, SB.
13 þm. (JPálm, JS, PO, StJSt, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BÓ, EystJ, FJ, GTh, GÞG) fjarstaddir.
2.—16. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hafði nú vænzt þess, að af hálfu þeirrar n., sem flytur málið, yrði höfð framsaga fyrir því, og hafði ég því ekki hraðann á um að kveðja mér hljóðs. En mér virtist að því komið, að hæstv. forseti ætlaði að ljúka umr., og vildi ég þá ekki fella það niður að segja nokkur orð um þetta mál, áður en það fer út úr hv. þd.
Ég hygg, að annáll þessa máls verði hv. þm. minnisstæður. Mér virðist, að þetta þing hafi staðið 127 daga, án þess að nokkuð væri um það rætt eða nokkuð fyrir það lagt um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi. Hinn 14. febr. s. l. er útbýtt í þessari hv. d. frv. til l. um ráðstafanir vegna hafnargerðar á Rifi á Snæfellsnesi. Næsta dag, 15. febr., er málið tekið fyrir til 1. umr. hér í hv. d. og vísað nær umræðulaust til nefndar. Svo líður einn dagur, fundur er þá hér í hv. d. og málið ekki á dagskrá, og mun sjútvn. þá væntanlega hafa notað þann tíma til athugunar á málinu. Síðan líður ein helgi, laugardagur og sunnudagur, að engir fundir eru haldnir. Mánudaginn 19. febr. er útbýtt nýju frv. um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi. Það frv.

er með afbrigðum frá þingsköpum tekið til 1. umr. þann sama dag og vísað til 2. umr. Daginn eftir, þann 20. febr., er þetta frv. um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi tekið til 2. umr. og vísað til 3. umr. Síðan hafa undanfarna tvo daga verið fundir í Sþ. Og í dag, þann 23. febr., er málið hér til 3. umr. og þar með lokaumr. hér í þessari hv. d., og virðist nú eiga að afgr. það út úr hv. d.

Frv. þessu fylgir mjög stutt grg., sem gefur litlar upplýsingar um málið. Framsaga fyrir málinu hefur nær engin verið við 1. umr., 2. umr. og enn sem komið er ekki heldur við 3. umr. málsins í hv. d. Áætlun frá vitamálaskrifstofunni um kostnað á því mannvirki, sem hér er stefnt að að setja lög um, fylgir ekki með þskj. og liggur alls ekki fyrir hv. þd. Og ýmislegt í málinu er þannig vaxið, að þeim, sem ókunnugir eru, er ekki fyllilega ljóst um ýmis atriði, sem málið snerta.

Til samanburðar við þetta er fróðlegt að rifja það upp, hvernig Alþ. hefur hagað afgreiðslu svipaðra mála að undanförnu. — Til eru lög um landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum. Rétt undir þinglok 1944 var frv., sem samið var af milliþn. um það mál, útbýtt sem handriti til þingmanna, en ekki afgreitt á því þingi. Á öndverðu þingi 1945 var svo flutt af sjútvn. þessarar hv. d. frv. þetta, óbreytt frá milliþn., til laga um landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum. Því frv. fylgdu: Grg. frá samgmrn., skilríki frá hreppsnefndum þeirra hreppa, sem hlut áttu að máli, skilríki frá Útvegsmannafélagi Keflavíkurhrepps, umsögn lögreglustjórans í Keflavík um málið, álitsgerð frá vitamálaskrifstofunni með kostnaðaráætlun um verkið, umsögn frá Fiskifélagi Íslands um staðhætti og aflabrögð á þessum stað. Á milli umr. hér í þessari hv. d. tók sjútvn. málið til athugunar. Það sýna þingtíðindin. Síðan er málið afgreitt út úr þessari hv. d. og fær ræki lega athugun í hv. Ed., og 13. marz skilar sjútvn. Ed. áliti um málið, og því fylgir enn að nýju álitsgerð frá vitamálaskrifstofunni, sem lögð er í hendur hv. þingmanna. Síðan kemur málið aftur til þessarar hv. d., svo að þegar búið er að athuga málið gaumgæfilega í þrjá til fjóra mánuði hér í þinginu og safna ýmsum gögnum, sem málið snerta, þá er það frv. lögleitt.

Hér hefur verið fyrir þinginu frv. um landshöfn í Þórshöfn. Það fékk mjög rækilega athugun í n., en náði ekki lögfestingu. Og á undanförnum þingum, nokkrum þingum í röð, hafa verið til athugunar hér á þingi frv. til l. um landshöfn í Hornafirði. Þau hafa fengið rækilega athugun, en aldrei náð lögfestingu, þrátt fyrir það að þau hafa legið fyrir þinginu svo vikum og mánuðum hefur skipt.

Nú fæ ég ekki betur séð en að nokkuð skorti á um það, að hv. þm. gefist kostur á að meta fyllilega þetta mál, sem hér liggur fyrir, og hvað í því er fólgið, þar sem alls ekki liggur fyrir þinginu nein áætlun um málið frá vitamálaskrifstofunni, engin umsögn heiman að úr héraði, engin umsögn t. d. frá Fiskifélagi Íslands eða neinum aðila, því að ekkert liggur fyrir þinginu um málið, nema frv. sjálft og grg. í örfáum orðum. Mér finnst, að það hefði jafnvel ekki verið síður ástæða til þess, að kostnaðaráætlun hefði fylgt þessu frv., þar sem það er þannig upp byggt, að ekki er fyrir fram ákveðin sú heildarfjárhæð, sem verja má til mannvirkisins. Hér er einungis sagt í 2. gr. frv., að ríkisstj. sé heimilað að taka 3 millj. kr. lán og að öðru leyti greiðist kostnaður úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þessa á fjárlögum. En í lögum um landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum er heildarfjárhæðin lögbundin, sem leggja má fram í verkið. — Í 4. gr. þessa frv. er vikið frá þeirri reglu, sem upp var tekin, þegar lögin voru sett um höfnina í Keflavík og Njarðvíkum, um skipun hafnarstjórnarinnar. Ég skal ekki fella um það dóm, hvort sú skipan, sem hér er ráðgerð, er eðlilegri en sú skipan, sem fylgt er um þetta í Keflavík og Njarðvíkum. En ekki fyndist mér óeðlilegt, að á því væru gefnar einhverjar skýringar, af hverju þessi breyt. er sprottin. — Í 1. gr. frv. þessa er talið upp, hvað teljist til hafnarmannvirkja, og þar segir m. a. svo, að til hafnarmannvirkja teljist lönd, sem höfninni eru nauðsynleg vegna byggingar mannvirkjanna. Nú verður það að viðurkennast, að ég er svo gerókunnugur á þessum stað, að mér er það ekki ljóst, hverjir eru eigendur að þessum löndum, hve stór þau eru og hversu mikið verð er í þeim bundið. Mér virtist ekki óeðlilegt, að eitthvað um þetta kæmi fram, áður en hv. þd. afgr. málið frá sér.

Þegar á þetta er litið, þá verður manni á að spyrja: Hefur atvinnulíf á Snæfellsnesi tekið þeim stakkaskiptum nú á allra síðustu dögum þingsins, að af þeim ástæðum beri nauðsyn til þessara vinnubragða? Eða hefur nauðsyn þess að gera landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi skapazt svo nú á allra síðustu dögum, að það réttlæti þessa málsmeðferð? Mér virðist þetta ekki líklegt, heldur virðist mér þetta benda ótvírætt á það, að hv. þm. séu nú orðnir einhuga um það, að rétt sé að fylgja þeirri stefnu að gera landshafnir þar, sem fiskimið eru góð, en skortir hafnarmannvirki, þótt slík mál hafi átt of litlum skilningi að mæta á undanförnum árum hér í þessari hv. d. Og verður þá að vænta þess, að hér eftir reynist hv. þd. þessari stefnu trú.

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Hv. þm. A-Sk. sagði, að enginn hefði flutt framsögu fyrir þessu máli, er það kom til 1. umr. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm. Ég var að vísu fjarstaddur, er umræðan fór fram, en form. sjútvn., hv. þm. Borgf., talaði fyrir málinu. Það er heldur ekki rétt hjá hv. þm., að þetta mál sé ókunnugt deildinni. Frv. um landshöfn í Rifi hefur áður verið flutt á Alþingi, auk þess sem Alþingi hefur sýnt þessu máli mikinn velvilja með því að veita á fjárl. 1950 100 þús. kr. til hafnar í Rifi og nú á fjárl. þessa árs ½ millj. kr., sem mun vera hæsta framlag til hafnar hér á landi. Vegna þessa var ákveðið að hefjast handa um framkvæmdir nú í vor á Rifi. Var hv. þm. Hafnf. fenginn til að gera kostnaðaráætlun, og komst hann að þeirri niðurstöðu, að þessar 600 þús. mundu ekki nægja til hafnarframkvæmdanna, og urðum við sammála um að flytja frv. um framkvæmdir í Rifi. Frv. þessu var vísað til hv. sjútvn., sem ræddi málið á tveim fundum sínum. Þegar málið var þetta langt komið, barst sjútvn. beiðni frá ríkisstj. um að flytja frv. um landshöfn í Rifi. Ég veit, að hv. þm. er hlynntur þessu máli, og þar sem hann er einn af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj., tel ég víst, að

honum sé fullkunnugt um þann hátt, sem hafður er á, að í stað þess að hv. þm. Hafnf. og ég fórum fram á, að stjórninni væri heimiluð lántaka að upphæð 3 millj. kr., kæmi ákvæði um landshöfn í Rifi. Í sambandi við landið, sem þessi höfn byggist á, þá var hæstv. ríkisstj. heimilað á fjárl. 1950 að kaupa jörðina Rif, sem framkvæmt hefur verið. Kostnaður hefur verið áætlaður og hæstv. ríkisstj. kynnt sér þá áætlun. Hv. þm. Hafnf., sem óhætt er að fullyrða að bezt er kunnugur þessu máli af öllum þm., hefur kynnt sér allar aðstæður, og hann telur þarna skilyrði fyrir eina af glæsilegustu höfnum hér við ströndina. Ég þarf ekki að lýsa þeirri þörf, sem er fyrir þessar framkvæmdir, né þeirri stóru von, sem íbúar Snæfellsness gera sér um þessar framkvæmdir. Þær hafa verið á döfinni í mörg ár, og þess vegna hefur ekkert verið gert undanfarin ár í hafnarmálum Hellissands. Þótt búið hafi verið að koma upp nokkrum hafnarbótum í svonefndri Krossavík, þá hefur ekkert verið gert til þess að ljúka þeim s. l. 7 ár, bæði fyrir erfiðar aðstæður, en þó einkum vegna þess, að íbúar Hellissands og raunar Ólafsvíkur líka hafa byggt á því, að hafizt yrði handa um hafnargerð í Rifi. Það má geta þess, að þegar höfn hefur verið gerð þarna, þá kemur það ekki einungis Hellissandi og Ólafsvík til góða, heldur mundi það einnig létta á höfnunum við Faxaflóa, því að skip, sem annars mundu leggja þar upp, mundu nú leita til Rifs. Eins og kunnugt er, eru góð mið við Snæfellsnes, bæði að sunnan og norðan, og gera menn sér miklar vonir um hagnýtingu þessara miða, þegar góð höfn er komin í Rifi. Það er ánægjulegt til þess að vita, hve hæstv. ríkisstj. er samhent um að koma upp þessari höfn, og ég veit, eftir því sem ég hef heyrt hjá hv. þm., að þeir munu vera sammála um að koma þarna upp landshöfn. Mér heyrðist einnig á hv. þm. A-Sk., enda þótt hann teldi litla rækt lagða við hafnarmál hér í hv. d., að hann mundi vera þessu máli meðmæltur, og er ég þakklátur fyrir það. Ég vona, að hæstv. forseti sjái sér fært að láta afgreiða málið hér úr deildinni á þessum fundi, þar sem líða mun nú að þinglokum og æskilegt væri, að frv. yrði lögfest á þessu þingi.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vildi segja hér nokkur orð vegna þess, að enda þótt ég sé hlynntur því, að landshöfn sé komið upp í Rifi á Snæfellsnesi, þá finnst mér afgreiðsla þessa máls einkennileg, ef miðað er við afgreiðslu annarra slíkra mála hér í þinginu. Það munu nú vera 5—6 ár síðan hugmyndin um landshöfn kom fram í mþn. 1944 eða 1945, og í samræmi við hana voru svo sett l. um landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum. Síðan voru flutt frv. um landshafnir í Keflavík og Njarðvíkum, Höfn í Hornafirði og Rifi árið 1945, og var ákveðið að koma slíkum höfnum upp á þeim stöðum á landinu, þaðan sem menn af öðrum stöðum þyrftu að stunda útgerð og róðra, þannig að þetta yrðu fyrst og fremst viðleguhafnir fyrir verulegan hluta landsins, eins og t. d. Hornafjörður, þar sem verulegur hluti bátaflota Austurlands hefur aðsetur sitt, þegar hann þarf að sækja til annarra miða en heimamiða. Þegar frv. komu fram í þinginu, áttu þau misjafnlega miklu fylgi að fagna, og ekkert þeirra náði samþykki á þessu þingi, en frv. um landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum náði samþykki á þinginu 1946, en þegar búið var að samþ. það frv., var eins og áhugi stjórnarvaldanna í þessum efnum dofnaði og þýðingarlítið virtist að halda þessum málum til streitu og heppilegast virtist að bíða með þau um stund, en nú virðist vera um stefnubreytingu að ræða hjá hæstv. ríkisstj. og hana ekki svo litla, og svo virðist, eftir því sem hv. þm. Snæf. sagði, að um það hafi verið samið innan hæstv. ríkisstj., að einn þessara staða væri nú tekinn upp á ný og samþ. að byggja þar landshöfn nú á síðustu dögum þingsins. Í stuttri grg., sem fylgir frv., er tekið fram, að sjútvn. flytji frv. að beiðni ríkisstj., en venja er, þegar um slíkan flutning er að ræða, að tekið er fram, að einstakir nm. hafi óbundnar hendur og geti komið fram með brtt. og fylgt brtt., sem fram kunni að koma við frv., en svo virðist sem hv. n. hafi algerlega tekið málið upp á sínar hendur, en n. hefur venjulega verið mjög klofin um slík mál. en ég veit ekki, hvort þessi eining stafar af því, að hæstv. ríkisstj. hafi skipað fylgismönnum sínum að standa með þessu frv., og virðist svo, ef dæma skal eftir orðum hv. þm. Snæf., því að hann sagði, að stuðningsmönnum ríkisstj. væri kunnugt um þetta mál, en ég efa samt sem áður, að öllum stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. hafi verið kunnugt um mál þetta. Ég segi þetta ekki vegna þess, að ég sé á móti þessu máli, og ég er sannfærður um, að full nauðsyn er að koma upp slíkri höfn til að geta nýtt hin góðu fiskimið, sem þarna eru, sem bezt. En þar sem n. hefur tekið þetta mál svona upp á sínar hendur, þá gefur það vonir um, að hún muni verða hliðholl hliðstæðum málum, sem fram kunna að koma. Ég get upplýst í sambandi við þetta, að við hv. þm. A-Sk. höfum skrifað hv. n. og farið þess á leit, að hún sýndi öðrum stað, sem engu síður hefur þörf fyrir landshöfn, Hornafirði, sams konar vinsemd og hún hefur sýnt þessu máli og að n. tæki upp hliðstætt mál fyrir Hornafjörð. Og ég vona, að hv. sjútvn. verði því máli hliðholl og styðji það ekki síður en þetta mál.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég ætla að bæta hér við örfáum orðum í tilefni af ræðu hv. þm. Snæf. Hann vitnaði til þess, að einu sinni áður hefði verið flutt hér frv. um landshöfn í Rifi og þess vegna mundi þm. ekki vera málið ókunnugt nú. Jú, ég minnist þess, að til var á sínum tíma skemmtileg saga um það hér í þinginu, að frv. nokkurt fluttist á dularfullan hátt úr skúffu eins ráðh. og kom fram hjá öðrum, og man ég vel eftir þessu, því að ég var þá kominn í þessa hv. d. En ég hafði ætlað, þó að áætlun um slíkar framkvæmdir væri gerð og birt á þessum tíma, í lok síðasta stríðs, þá mundi nú þurfa að endurskoða hana. Verðlagsbreytingar hafa orðið miklar á þessum tíma, og svo hefur ef til vill eitthvað verið gert á staðnum sjálfum. Og þó að þm. leituðu nú uppi gömul skjöl varðandi þetta mál, þá mundu þau varla vera áreiðanleg heimild um málið eins og það liggur fyrir nú í dag.

Hv. þm. Snæf. lét þau orð falla, að fyrirhugað væri að hefja þarna framkvæmdir á næsta vori, og virtist liggja í orðunum, að mál þetta hefði verið í undirbúningi nú í alllangan tíma. Ég benti

á það hér í d., að það væri ófrávíkjanleg regla, að Alþ. setti l. um slíkar framkvæmdir sem þessar, en l. um landshöfn í Rifi eru ekki til staðar. Mér finnast ummæli hv. þm. Snæf. staðfesta það, sem ég sagði í síðustu ræðu minni, að mál hefði ekki borið svo skjótt að, að betri gögn hefðu ekki getað legið fyrir varðandi það. Ég er honum bakklátur fyrir upplýsingar þær, sem hann gaf um land undir höfnina, sem mér skilst að sé orðið ríkiseign, og var mér ekki kunnugt um það atriði áður. Ég hef ekki hugsað mér að sýna þessu máli neina andúð, enda hefur það ekki verið tafið hér, því að örfáir dagar eru síðan það var lagt hér fram, og hefur það verið tekið hér fyrir með afbrigðum, en ég vildi aðeins láta álit mitt koma fram.

Emil Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af fyrri ræðu hv. þm. A-Sk. Hann lét í ljós undrun sína yfir því, á hvern hátt mál þetta bæri hér að og að fyrir Alþ. lægju ekki þær upplýsingar, sem venja væri, þegar um slík mál væri að ræða. Ég held, að það sé einmitt öfugt með þetta mál og mörg hafnarmál, sem legið hafa hér fyrir þinginu, því að hér liggja líklega fyrir betri upplýsingar en um nokkurt annað hafnarmál. Eins og hv. þm. Snæf. benti á, þá lá fyrir þinginu 1946 frv. um hafnargerð í Rifi, og fylgdi því frv. ekki aðeins álitsgerð um kostnað og annað í sambandi við verkið, heldur einnig teikningar varðandi verkið, svo að þm. gátu fylgzt með, hvað gera ætti, og voru þær prentaðar í þingtíðindum, og er þær að finna á bls. 387 og áfram í A-deild beirra frá 1946, og mun slíkt einsdæmi, að teikningar fylgi þingskjölum. Til viðbótar voru svo útreikningar áætlunarinnar færðir til nútímaverðlags á s. l. vetri og sumri og þeir útreikningar sendir fjvn., þannig að sú n., sem er fjölmennasta n. þingsins, gat kynnt sér málið rækilega, og ekki nóg með það, heldur tók n. sér ferð á hendur á staðinn til að kynna sér málið sem bezt. Með öðrum orðum liggja fyrir teikningar og áætlunin frá 1946 og endurskoðun þeirrar áætlunar 1950 og athugun n. á staðnum á sama ári. Ég tel þennan undirbúning eins fullkominn og frekast er hægt. Ég held, að venjulega kynni n. þær, sem málin fá til athugunar, sér málin vel, og er varla mögulegt, að hver einstakur þm. geti kynnt sér málin á viðunandi hátt, og ég held, að athugun fjvn. og sjútvn. á þessu máli sé eins fullkomin og hægt er. — Ég vildi láta þetta koma fram og ekki láta því ómótmælt, að hér væri farið sérstaklega gálauslega og óvenjulega að. Ég held þvert á móti, að allur undirbúningur sé á þann hátt sem bezt verður á kosið. Ég skal ekki ræða um nauðsyn landshafnar á þessum stað, en staðhættir eru mjög ákjósanlegir, og jörðin, þar sem höfnin verður byggð, hefur verið keypt fyrir 75 þús. kr., sem ég tel gott verð, og undirbúningur allur er sem bezt verður á kosið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, JörB, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SG, SkG, StJSt, ÁB, ÁS, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, HÁ, HelgJ, SB.

JG greiddi ekki atkv.

16 þm. (IngJ, JóhH, JS, JÁ, JR, KS, LJós, StSt, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, BÓ, FJ, GG, GTh, GÞG) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Páll Þorsteinsson: Ég tel bær upplýsingar, sem hér liggja fyrir, ófullnægjandi. Hins vegar er ég samþykkur stefnu frv. og segi því já.

Pétur Ottesen: Ég segi já við landshöfn í Rifi.

Skúli Guðmundsson: Ég tel mjög óviðeigandi, að slíku frv. skuli ekki fylgja skýrsla eða áætlun um kostnað og annað slíkt, en mér skilst, að hér sé um nauðsynjamál að ræða, og segi því já.

Ásmundur Sigurðsson: Í trausti þess, að öðrum stöðum, sem líkt er ástatt um og áður hafa komið til greina í þessu efni, verði eins háttað, segi ég já.

Frv. afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 696, n. 742).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt að beiðni hæstv. ríkisstjórnar í Nd. af sjútvn. þeirrar hv. deildar. Mun það hafa verið afgreitt óbreytt frá hv. Nd. Frv. er hliðstætt l. frá 1946 um landshöfn í Keflavík og í Njarðvíkum. Hafnarstæðið í Rifi mun hafa verið athugað og áætlun gerð á árunum 1944—1945. Áætlunina hefur nú þurft að endurskoða vegna gengisbreytinga og verðlags, og stendur sú endurskoðun yfir hjá vitamálastjórninni, svo að endanlegar tölur liggja ekki fyrir. Hins vegar er það álit fróðra manna, að aðstaða frá náttúrunnar hendi á þessum stað sé hin ákjósanlegasta. Það er ljóst, að með þessari framkvæmd mundu opnast miklir möguleikar til að nytja hin auðugu fiskimið á þessum slóðum, ekki aðeins fyrir þá, sem þarna eru heimamenn, heldur einnig fyrir menn víðs vegar að af landinu. Í annan stað er svo stór vinningur að höfninni fyrir sæfarendur á þessum slóðum almennt. Á fiárl. er veitt allhá upphæð til þessara framkvæmda, og mun vera ætlunin að haga þeim þannig, að höfnin geti sem fyrst komið í gagnið fyrir bátana þarna í kring, svo sem á Sandi og í Ólafsvík, þar sem útgerð er stunduð við mjög lélega hafnarskilyrði.

Það vaknar nú sjálfsagt hjá einhverjum sú spurn-

ing, hvort rétt sé að ráðast í svo miklar nýjar framkvæmdir, á meðan enn er ólokið fjölda hafnarmannvirkja víðs vegar á landinu, þar á meðal landshöfninni í Keflavík. Og það kann að vera réttmæt spurning. En hitt leikur ekki á tveim tungum, að hér er um að ræða mikla framtíðarnauðsyn. Og eitt af því, sem fastast knýr á um það að hefja framkvæmdir nú þegar, er atvinnuástandið á utanverðu Snæfellsnesi; því er svo háttað, að mér skilst, að dráttur á framkvæmdum í þessu efni gæti orðið dýr.

Ég fjölyrði ekki um þetta frekar. N. er sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. Einn nm. var fjarstaddur við afgreiðslu þess, eins og nál. ber með sér.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—16. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 771).

---

73. Tollskrá o. fl. (frv. JR).

Á 10. fundi í Sþ., 1. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. [67. mál] (þmfrv., A. 109).

Á 15. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að verðtollur á baðmullargarni verði lækkaður úr 8% niður í 2%, og vörumagnstollur úr 8 aurum pr. kg í 2 aura.

Hér á landi er nú risinn upp iðnaður, sem vinnur úr baðmull ýmsa dúka. Þessi framleiðsla hefur hlotið góða dóma og enginn vafi á því, að hún væri samkeppnisfær, ef hinir háu tollar hefðu ekki staðið henni fyrir þrifum. T. d. má benda á það, að tollur á segldúk, sem er unninn úr baðmullargarni, er nú 2—5, og sami tollur á baðmullargarni, sem flutt er inn til verksmiðjuiðnaðar, og því, sem smásöluverzlanir fá, en hvorugt getur talizt sanngjarnt. Það má því segja, að rétt sé, að nefndur tollur verði lækkaður, og vísa ég til greinargerðarinnar því til frekari staðfestingar. Ég óska svo, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 109, n. 686).

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 frá 1939, um tollskrá o. fl., sem hv. þm. Ak. flutti á þskj. 109, var vísað til fjhn. þessarar d. Fjhn. hefur fengið álit frá Félagi ísl. iðnrekenda, dags. 17. okt., þar sem það mælir eindregið með frv. Bendir félagið réttilega á það, að er tollskráin var samin, hafi engar verksmiðjur verið starfandi hér á landi, er ynnu úr hráefni því, sem frv. ræðir um að lækka vörumagns- og verðtoll á. Þá ræðir félagið um hinar fjölbreyttu vefnaðarvörur, sem innlendu verksmiðjurnar framleiða nú, og sendir með bréfi sínu meðmæli tveggja þekktra verzlana um framleiðsluvörur Dúkaverksmiðjunnar h/f á Akureyri, sem telja, að vörur verksmiðjunnar þoli fyllilega samanburð við erlendar vörur sömu tegundar hvað gæði snertir.

Frv. og bréf Félags ísl. iðnrekenda, ásamt fylgiskjölum þess, sendi fjhn. til tollstjórans í Revkjavík og óskaði umsagnar hans um málið. N. hefur borizt mjög ýtarlegt álit frá tollstjóranum, sem virðist vera byggt á sanngirni í garð verksmiðjueigenda, — en þó jafnframt hafðir í huga hagsmunir neytendanna, sem þurfa mikið á þessum vörum að halda.

Eftir að tollstjórinn í umsögn sinni hefur mælt með nokkurri lækkun á tollum á baðmullargarni, segir hann — með leyfi hæstv. forseta:

„Um lækkun á tollum af garni úr gerviþráðum gegnir öðru máli en með baðmullargarnið. Þar er tollverndin meiri. Eftir tollskránni eru tollarnir á gerviþráðagarni, öðru en tvinna og ólituðu netjagarni, 20 aura vörumagnstollur af kg og 15% verðtollur. Vefnaður og prjónavara úr slíku garni teljast aðallega til 46B. kafla tollskrárinnar nr. 12, 51. kafla 7—12 og 52. kafla 6—7, og eru tollarnir eftir þessum númerum 20 aura vörumagnstollur og 30—50% verðtollur. Tollverndin er því alltaf 15% verðtollur og oft meiri."

Nál. fjhn. á þskj. 686, sem hér er til umr., er byggt á framangreindri umsögn tollstjórans, og var n. sammála um afgreiðsluna. Þó vil ég taka það fram, að fjhn. viðurkennir nauðsyn þess, að verksmiðjum þeim, sem þegar hafa verið byggðar hér á landi og virðast hafa skilyrði til að framleiða góðar vefnaðarvörur á nokkurn veginn samkeppnisfæru verði við það, sem sambærilegar erlendar vörur kosta, komnar hingað til lands með öllum kostnaði, verði gefinn kostur á nægilegu hráefni, og að tollar, bæði á hráefni verksmiðjanna og eins á þær vörur, sem fluttar eru inn fullunnar, verði ákveðnir með hliðsjón af því, að fyllilega sé tekið tillit til þarfa verksmiðjanna í þessu efni.

Að öðru leyti skýrir nál. sig sjálft, og tel ég því óþarft að fara fleiri orðum um það.

ATKVGR.
Brtt. 686 (ný 1. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 701).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 76. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 79. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 701, n. 730).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið hingað í d. frá hv. Nd. Fjhn. tók málið til athugunar og er sammála um að mæla með því, að það verði samþ.

Frv. þetta fjallar um að breyta l. um tollskrá þannig, að lækka vörumagnstoll og verðtoll á þeim hluta garns, sem kallað er baðmullargarn og hefur verið talið undir liðnum: tvinni, — og hefur vörumagnstollur þar verið 20 aurar, en verðtollur 8 aurar. En eftir frv., eins og það er nú, er lagt til, að vörumagnstollur lækki í 7 aura og verðtollur í 5 aura, og verði þetta sérstakur liður. Yfirleitt mun n. ekki hafa verið neitt áköf í að breyta tollskránni frá því, sem hún er nú, en þar sem henni virtist þetta sanngjarnt mál, er hafi við rök að styðjast, féllst hún á að mæla með, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 773).

---

74. Atvinnuréttindi útlendinga.

Á 59. fundi í Nd., 1. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi [171. mál] (þmfrv., A. 602).

Á 63. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 602, er flutt af heilbr.- og félmn. eftir beiðni félmrn., og áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til þess að fylgja brtt., sem fram kunna að koma við málið. Í grg. frv., sem fylgir því frá ráðuneytisins hálfu, er þess getið, að útlendingar, sem dvelja hér á landi, séu um 2430 manns. Eru það menn við ýmiss konar störf, en stærstu hóparnir af erlendu fólki eru starfsmenn á Keflavíkurflugvelli og fólk það, sem fengið var til landbúnaðarstarfa frá Þýzkalandi fyrir tæpum 2 árum síðan.

Frv. þetta, ef að lögum verður, á að koma í stað laga frá 1927, sem fjalla um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi. Í þessu frv. eru lagðar til nokkrar breyt. frá því, sem nú er í gildandi lögum um þetta efni frá 1927. Helztu breyt., sem farið er fram á að gera í þessu frv., eru: Í fyrsta lagi, að gert er ráð fyrir, að félmrn. afgr. leyfin í flokkum, þannig að gerður sé þrenns konar greinarmunur á þeim leyfum, sem ráðuneytið veitir. — Í öðru lagi, að hér eftir samkv. þessu frv. þurfi leyfi ráðuneytisins til þess að ráða sérfræðinga og kunnáttumenn í iðju og iðnaði til landsins. En eins og l. eru nú, þá er hægt að ráða slíka menn án þess, að leyfi ráðuneytisins komi til. — Í þriðja lagi á að gera breyt. frá gildandi l. um, að leyfi félmrn. þurfi til þess að ráða fólk til landbúnaðarstarfa eða vinnuhjú til bænda. Eins og l. eru nú, þá er slíkt heimilt án sérstaks leyfis rn. Um þetta atriði hefur verið leitað umsagnar Búnaðarfélags Íslands, áður en frv. var lagt fram, og sýnir grg., hver voru svör Búnaðarfélagsins um þetta atriði. En þau eru á þá lund, að B. Í. sér ekki ástæðu til þess að halda í þau sérréttindi, sem gildandi l. veita í þessu efni. — Þá er gert ráð fyrir því í þessu frv., að ef brotið er í bága við ákvæði l. á einn eða annan hátt, þá komi til þeirra viðurlaga, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., eins og var í hinu frv., að ráðh. sé heimilt að afturkalla leyfin, sem rn. hefur gefið, ef sýnt þykir, að þeim skilyrðum, sem sett eru í sambandi við þessi l., er ekki fullnægt á einn eða annan hátt. En eins og l. eru nú um þetta efni, þá er gert ráð fyrir því, að ráðh. kveði upp sérstakan úrskurð, áður en til slíks kemur. — Í fimmta lagi er gert ráð fyrir því, að sektir, sem dæmdar kunna að verða vegna þess, að l. er ekki fylgt, séu fimmfaldaðar frá því, sem ákveðið er í l. frá 1927. — Undantekningar frá því, að félmrn. gefi út leyfi til manna til þess að stunda atvinnu hér á landi, eru þær samkv. 5. gr. frv., að mönnum er heimilt að ráða til sín í vinnu erlenda frændur sína að feðgatali eða niðja, kjörbörn, fósturbörn og systkini án sérstaks atvinnuleyfis; sendimönnum erlendra ríkja er heimilt að hafa erlenda menn í einka-

þjónustu sinni; enn fremur má ráða erlenda menn á íslenzk skip innan þeirra takmarka, sem í l. segir. Fyrirmæli þessara l. eiga ekki að ná til erlendra manna, sem stunda nám í skólum, sem íslenzka ríkið á eða styrkir, og ekki heldur til þeirra erlendra manna, sem dveljast hér við rannsókna- eða vísindastörf, og ekki til þeirra manna erlendra, sem hér höfðu aðsetur, er l. nr. 13 31. maí 1927 komu til framkvæmda, og hafa dvalið hér samfleytt síðan. Þetta eru þær helztu undantekningar, sem í frv. er gert ráð fyrir að verði í gildi samkv. þeim reglum, sem hér á að setja.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, þar sem þau atriði, sem nýmæli eru og ég hef drepið á, eru skýrð í grg. þeirri, sem fylgir frv. frá hálfu félmrn.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Hv. frsm. heilbr.- og félmn. hefur nú skýrt frv., svo að það er engu við það að bæta frá minni hálfu. Eins og hann hefur tekið fram, er þessi endurskoðun á l. frá 1927 nauðsynleg orðin vegna breyttra staðhátta og nokkurs ruglings, sem kominn er á um það, á hvern hátt útlendingar hafa fengið leyfi til dvalar við vinnu hér á landi.

Af þeirri reynslu, sem fengizt hefur, þykir rétt að leggja til, að allar undanþágur verði burt felldar, eins og þær, sem landbúnaðurinn hefur haft að undanförnu, að þurfa ekki sérstakt leyfi til þess að ráða fólk til sín. Það virðist heppilegra, að þetta sé allt í sama formi.

Ég ætla ekki að fara að ræða frv. sérstaklega, en ég vil aðeins geta þess af hálfu rn., vegna þess að málið kemur svo seint fram í þinginu, að ef ekki kemur fram neinn skoðanamunur í þessari hv. d., þá vildi ég fyrir mitt leyti mælast til þess, að málið fengi að ganga greiðlega í gegnum þessa hv. d., svo að nokkrar líkur gætu verið til þess, að hægt væri að afgr. það hér frá þinginu, áður en þingi verður slitið. Ég reikna frekar með, að hér sé ekki um átaka mál að ræða.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., 12. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 602, 646).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Það á að vera meginregla, að atvinnuleyfi séu gefin út til vinnuveitenda, en ekki þess aðila, sem ráðinn er í vist. Brtt. á þskj. 646 lýtur að því að kveða skýrar á um þetta en gert er í frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi gjarnan mega beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh. vegna þessa lagafrv., hvort það muni ekki vera meiningin, að nokkurn veginn sömu ákvæði haldist í reglugerð um þessi mál og verið hafa fram að þessu. Hingað til hefur það t. d. verið þannig, að í þeirri n., sem hefur látið rn. í té umsagnir um innflutning erlendra verkamanna, hafa verkalýðsfélögin átt fulltrúa. Og ef ég man rétt, þá hefur verið tekið mjög mikið tillit til þeirrar n. og jafnvel þannig, að ekki hefur verið leyfður innflutningur verkafólks, ef sú n. hefur lagzt gegn því. Ég vil því spyrja, hvort slík ákvæði muni ekki haldast eftir sem áður.

Ég tek annars eftir því, að það er ein smávægileg breyt., sem á að gera á l. með þessu frv., sem sé að taka það upp að geta veitt leyfi erlendum atvinnurekendum til atvinnurekstrar hér á landi, og er þetta í 7. gr., sem mér skilst, að ekki hafi verið löglegt. Það hefði verið æskilegt að fá ofurlítið nánari upplýsingar um það, hvernig þetta fyrirkomulag sé hugsað. Ef erlendum mönnum eru veitt leyfi til atvinnurekstrar hér, þá mætti það ekki brjóta í bága við þau lög, sem banna þeim að eiga fasteignir hér á landi. Þetta mundi þá sennilega koma aðeins til greina í sambandi við rekstur þeirra erlendu manna, sem ekki gætu haft umráð yfir fasteignum. Nú er vitanlegt, að íslenzkir atvinnurekendur eru í raun og veru betur útbúnir til atvinnurekstrar nú en þeir hafa oft verið áður, og þess vegna er það í raun og veru dálítið vafasamt, hvort það sé rétt að fara að taka það í löggjöf nú að veita erlendum atvinnurekendum þann möguleika a. m. k. að keppa við íslenzka atvinnurekendur. Við vitum, að það hefur verið nokkur óánægja út af því að undanförnu, að keppt hefur verið að undanförnu um allstór mannvirki að taka framkvæmd þeirra að sér. Og við vitum, að þá hefur svo farið stundum, að erlendir atvinnurekendur hafa komizt þar að í staðinn fyrir íslenzka, vegna þess að þeir hafa getað boðið lægra, og því hefur verið erfitt að standa á móti. — En ég hygg, að heppilegt væri, að hæstv. ráðh. gæfi okkur skýringu á, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að nota svona heimild, því að það er um þetta eins og alltaf er, þegar með svona lagafyrirmælum er heimilað einhverri ríkisstj. að gera vissa hluti, þá geta þær heimildir verið saklausar og jafnvel alveg nauðsynlegar, til þess að hægt sé að nota þær í undantekningartilfellum, en slík lagaákvæði gætu líka verið skaðleg, ef ríkisstj. notaði þau of oft.

Í brtt., sem flutt er af hv. heilbr.- og félmn., er tekið skýrt fram, að atvinnuveitendum skuli veitt þessi leyfi. Ég er í dálitlum efa um, að það sé rétt að gera þetta að aðalreglu í þessu efni. Þetta er að gefa atvinnurekendum óþarflega mikið vald í þessum efnum, að þeir skuli fá rétt til þess að taka erlenda menn í sína þjónustu beinlínis og án þess að þurfa að fullnægja öðrum skilyrðum en þeim, sem sett eru í 3. gr. og oft er hægt að deila um. Hins vegar ef sú regla er höfð, að félmrh. veiti leyfi til innflutnings erlendra verkamanna,

þá takmarkar það meir innflutning þeirra. Ég held, ekki sízt af því að nú eru þannig horfur í þjóðfélaginu, að atvinnuleysi er orðið tilfinnanlegt, að það sé áreiðanlega mikill áhugi af hálfu verkalýðsfélaganna og launþega yfirleitt fyrir því, að ekki sé rýmkað um möguleika fyrir atvinnurekendur til þess að flytja inn útlenda verkamenn. Ég held þess vegna, að það þurfi að koma greinilega í ljós, hver stefna hæstv. ríkisstjórnar er, þegar farið er fram á svona breyt., og hvernig hún mundi hugsa sér að nota þá heimild, sem ríkisstj. væri gefin með þessu.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Út af þessari fyrirspurn frá hv. 2. þm. Reykv. vil ég taka þetta fram:

Ég skal fyrst koma að því atriði, er snertir 3. gr. frv., sem hv. þm. minntist fyrst á. Hann virtist álíta, að með ákvæðum 3. gr. væri verið að rýmka, frá því sem verið hefði áður, möguleikana til þess að fá atvinnuleyfi. En þessu er þó ekki svo farið, því að samkv. lögum frá 1927 um þetta efni þurfti ekki neina slíka heimild frá atvmrn., sem þetta hefur þá sennilega heyrt undir, af því að félmrn. var þá ekki til, til þess að gera þetta, heldur þurfti venjuleg atvinnuleyfi og ekkert annað. En með þessu er í raun og veru verið að þrengja þetta að því leyti, að það er ætlazt til samkv. þessum ákvæðum, að þessi leyfi verði ekki veitt, nema ráðuneytið telji sérstaka þörf á. Þess vegna held ég, að ummæli og afstaða hv. 2. þm. Reykv. sé ekki á rökum reist. Ég skal taka fram almennt, að það var hugmyndin með þessu frv. yfirleitt að þrengja möguleikana til þess, að erlent fólk gæti komið hingað og setzt að með tiltölulega litlum heimildum og stundað atvinnurekstur eða einhvers konar vinnu. Vil ég meðal annars nefna þau ákvæði, er snerta fólk til landbúnaðarstarfa. Þar er tvímælalaust um mjög mikla þrengingu að ræða frá því, sem áður var. Mun verða litið á það misjafnlega af hálfu bændastéttarinnar, sem oft hefur grinið til lausafólks frá útlöndum án þess að hafa mikil form þar á. En við höfum talið rétt að láta sama gilda um það fólk eins og annað fólk.

Þá minntist hv. 2. þm. Reykv. á 7. gr. frv. og telur, eins og rétt er, að þar sé að nokkru leyti um nýmæli að ræða, þar sem heimilt sé samkv. þeirri gr. að veita erlendum mönnum atvinnurekstrarleyfi að einhverju leyti. En þetta hefur nú áreiðanlega verið gert að einhverju leyti undanfarið, án þess að nokkur veruleg heimild hafi verið til þess í l. En það virtist vera miklu heppilegra að hafa ákvæði um það, að sérstakt leyfi frá ráðuneytinu þyrfti til. Og ég vildi taka greinilega fram, að meðan ég er í ráðuneytinu, er ég ákveðinn í því að beita þessari heimild afar varfærnislega og veit, að það er ástæða til þess. Það er að vissu leyti mjög svipað um þetta ákvæði í 7. gr. og það, sem við höfum talað um áður, mjög óljós lagaákvæði, og þótti heppilegra að taka þetta þarna inn. — Hv. þm. spurði, hvort sömu ákvæði í reglugerð mundu gilda. Ef hv. þm. meinti atvinnuleyfanefndina, þá hefur hún verið afnumin. Hins vegar hefur sú aðferð verið notuð af hálfu ráðuneytisins að leita til þeirra iðngreina, sem málin heyra undir. Það er leitað til fulltrúa þeirrar iðngreinar, sem maðurinn ætlar að stunda. Þetta var gert t. d. fyrir fáum dögum um mann, sem vildi fá leyfi til að setja hér upp að nokkru leyti sérstakan atvinnurekstur. Var beint leitað til iðnfulltrúa og þeirra, sem um það hafa að ráða. Ég vildi taka fram, að ég hef hugsað mér að framkvæma þetta á þann hátt að leita til þeirra samtaka, sem hafa með viðkomandi vinnu að gera, hvort sem það er bein iðn eða annar atvinnurekstur.

Þá vil ég að lokum taka fram, að tilgangurinn með því að breyta l. frá 1927 er fyrst og fremst sá að setja þetta í fastara form, taka fram þau atriði, sem ekki er bundið í l. áður, hvernig eigi með að fara, og að vissu leyti að þrengja á sumum sviðum, eins og gert hefur verið gagnvart landbúnaðarverkafólkinu sérstaklega.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég er í sjálfu sér ánægður með framkomu þessa frv., því að það var mín reynsla, meðan ég hafði yfirstjórn félmrn., eins og komið hefur í ljós í grg. frv. og rökstutt er af hæstv. félmrh., að löggjöfin um þetta er dálítið óljós og þyrfti að betrumbæta, sérstaklega í sambandi við innflutning á fólki til landbúnaðarstarfa, þar sem félmrn. gat ekki haft afskipti af því máli, enda kom í ljós, að landinu varð stór byrði af, áður en lauk, og sennilega ekki séð fyrir endann á því enn þá. En ég vildi spyrja hæstv. fors.- og félmrh., þó að það sé raunar sjálfgefið, hvort ekki gildi enn þá ákvæði, sem verið hafa, að dómsmrn. veiti leyfi til landsvistar. Það mun vera í l. um eftirlit með útlendingum, og ég sé ekkert í þessu frv., sem breyti því. Gæti ég vel hugsað mér, að félmrn. hefði með höndum að veita slík landsvistarleyfi, eftir að hafa haft um það samráð við dómsmrn., því að það er dálítið stirður gangur og örðugt í framkvæmd að þurfa að sækja um leyfi til tveggja ráðuneyta fyrir útlendinga, sem hér vilja stunda atvinnu á einhverju tímabili, til dómsmrn. um landsvistarleyfi og til félmrn. um atvinnuleyfi. — Ég hef einnig höggvið eftir því, að 3. gr. frv., sem hæstv. fors.- og félmrh. hefur nú skýrt, mundi, eftir að sú nefnd hefur verið lögð niður, sem fjallaði um þessi mál, verða framkvæmd á þann hátt í ráðuneytinu, að það leitar umsagnar hlutaðeigandi atvinnugreina eða réttara sagt félagssamtaka í hlutaðeigandi atvinnugreinum, sem snerta þann mann, sem sækir um atvinnuleyfi hér á landi. Nú efast ég ekki um, að núverandi fors.- og félmrh. mundi fylgja þeirri reglu, sem hann hefur tekið upp, frá því er nefndin var lögð niður. En vera mætti, ef ekki er nánar bundið í l. en í frv. er gert, að félmrh., sem fjallar síðar um þessi málefni, sæi enga ástæðu til að leita ráða og upplýsinga hjá félagsskap hlutaðeigandi starfsgreina, ef ekki er bundið í löggjöf. Hefði ég þar af leiðandi talið réttara, þó að ég hafi ekki séð ástæðu til að flytja brtt. um það, að bundið hefði verið í löggjöfinni, að félmrn. ætti, áður en það ákveður um atvinnuleyfi, að leita umsagnar verkalýðssamtakanna í hlutaðeigandi starfsgrein á staðnum, þar sem veita ætti leyfið. — Ég vildi aðeins láta þessa aths. koma fram, áður en málið fer úr d., og ég hefði í rauninni kosið, að 3. gr. frv. hefði verið ákveðnari hvað þetta atriði snertir. Ég hefði vel getað hugsað mér félmrn. hafa rétt til að ákvarða bæði um lands-

vistarleyfi og atvinnuleyfi. Hins vegar er dómsmrn. nauðsynlegt og lögreglustjóra á hverjum stað að hafa fullkomna skrá um alla útlendinga, sem hér dvelja í landinu, til þess að geta fylgzt með þeim, og þá skrá mun félmrn. geta samið og afhent dómsmrn. og hlutaðeigandi lögreglustjóra. En yfirleitt tel ég, að þetta frv. sé til bóta frá því, sem áður var, enda hefur verið vitnað í þá sorglegu reynslu, sem varð seinast á þeim tíma, sem ég hafði yfirstjórn félmrn. Það reyndist mjög óhentugt að hafa fólk hér í stórum stíl utan við öll lög. *Og þegar horfurnar eru nú verri en tíu undanfarin ár í atvinnumálum Íslendinga, er brýn þörf að viðhafa fulla gætni í þessu máli, en eins og ég sagði áðan, treysti ég núverandi fors.- og félmrh. til að framfylgja þeirri reglu, sem hann hefur upp tekið, að leita til starfsgreinanna, en hefði kosið, að þetta væri fast bundið í löggjöfinni.* Má vera að það komi seinna fram á Alþingi á einn eða annan hátt.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Aðeins örfá orð út af því, sem hv. 8. landsk. sagði. Ég skal taka fyrst fram, að ákvæðið um það, að dómsmrn. veiti landsvistarleyfi, en félmrn. atvinnuleyfi, er algerlega óbreytt. Er alveg rétt, að þetta veldur að vísu nokkrum snúningum og seinni afgreiðslu. Ekki hefur þó verið talið rétt að breyta þessu. En að dómsmrn. verði að vita algerlega um og fylgjast með, hvað gerist, er alveg gefið.

Þá minntist hv. 8. landsk. á 3. gr. frv. og taldi, að það vantaði í raun og veru ákvæði í hana um, að leita skyldi álits viðkomandi samtaka um þau réttindi eða þau leyfi, sem veita má samkv. þeirri gr. Ég hefði ekki haft á móti því, að slík brtt. hefði verið sett inn í frv. Mér finnst ósköp eðlilegt að leita slíks álits, og þetta er framkvæmt þannig nú og höfð sem bezt samvinna. En mér er dálítið sárt, ef farið er nú að seinka afgreiðslu þessa máls frá hv. d. með því að taka það af dagskrá nú. Ég hefði því álitið, að komið gæti til greina að athuga þetta í Ed., ef áhugi er fyrir því. En ég vildi heldur óska, að hægt væri að afgr. málið nú til Ed., því að ég hef nokkurn áhuga fyrir því, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi.

Ég vil leyfa mér að taka fram, út af því, sem hv. 8. landsk. talaði um sorglega reynslu af innflutningi verkafólks — og mun hafa meint þýzka verkafólkið, að ég tel nú ekki, að þessi reynsla sé neitt sérlega sorgleg. En eins og alltaf má búast við, þegar í fljótheitum er tekinn hópur af fólki, verður misjafn sauður í mörgu fé. Allmargt af fólkinu er farið út aftur, og var reynsla af því nokkuð misjöfn. En hins má geta, að ég held, að fram undir helmingur af fólkinu sé að meira eða minna leyti rótgróið í sveitum landsins, hefur setzt þar að og gengið inn í hina íslenzku þjóð, og er ekki líklegt, að það verði út af fyrir sig til neins ills. Við vitum, að undanfarið hefur verið fólksfæð í sveitum landsins og vantað starfsfólk. Þarna hefur komið nokkur hópur, sem áreiðanlega sezt þar að og starfar og verður með tímanum Íslendingar — eða afkomendur þess, og virðist ekkert slæmt um það að segja. Þetta vildi ég aðeins taka fram út af því, sem hér hefur fram komið. En þetta breytir ekki að öðru leyti neinum ákvæðum í þessu frv. varðandi innflutning á fólki til landbúnaðar.

Einar Olgeirsson: Ég vil aðeins þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar undirtektir viðvíkjandi þeim skýringum, sem ég var að óska eftir á þessum vissu greinum, og þær yfirlýsingar, sem hann hefur gefið um það, hvernig hann mundi — a. m. k. meðan hann ræður — beita þeim. Og raunverulega mun þetta vafalaust mega skoðast sem sú almenna stefna, sem í l. felst, hvað framkvæmdina snertir. *Ég tók eftir því með ánægju, að hann sagði viðvíkjandi 7. gr.. að það bæri að beita þeirri heimild afar varfærnislega, og er það mjög gott. Enn fremur vil ég taka fram viðvíkjandi atvinnuleyfanefnd, sem hann sagði að væri niður lögð, að ég tel fyrir mitt leyti fyllilega eins gott — og jafnvel betra fyrirkomulag, að ráðuneytið snúi sér til stj. verkalýðsfélaganna og iðnfélaganna í viðkomandi grein til þess að fá upplýsingar, því að í raun og veru fengjust alltaf með því enn þá öruggari upplýsingar en þó að ein allsherjarnefnd væri fyrir allt landið. Einnig þótti mér vænt um að heyra undirtektir hæstv. ráðh. undir það að setja inn í l. bindandi ákvæði um þetta, að hann er ekki á móti því, þó að hann sjálfur lýsti yfir, að hann mundi sjálfur alltaf snúa sér til verkalýðsfélaganna.* Ég held þetta þyrfti ekki að tefja málið, ef till. í þá átt kæmi fram nú, svo að ekki þyrfti að þvæla málinu aftur hingað frá Ed.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég þakka góðar undirtektir hæstv. fors.- og félmrh. varðandi aths. mínar út af 3. gr. frv. Vil ég nú leyfa mér að flytja hér litla skrifl. brtt. við þessa gr., á þá leið, með leyfi hæstv. forseta, að upphaf gr. orðist þannig: „Félagsmálaráðuneytið veitir atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum verkalýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, og skulu þau veitt vinnuveitendum, ef sérstakar ástæður“ o. s. frv. Ég vildi vænta góðra undirtekta hæstv. ráðh. og að brtt. verði samþ. Mundi þá frv. ekki þurfa að tefjast fyrir þær sakir. Leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta þessa brtt. og bið hann að freista þess að koma henni undir atkv. við þessa umr. málsins.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 662) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Eins og ég tók fram áðan, hef ég ekki á móti því, að till. í þessa átt verði sett inn í frv. Ég vil aðeins taka fram, til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að eins og till. er orðuð á hún vitanlega við það, að leita skal álits verkalýðsfélaganna eða einhvers fulltrúa þeirra, t. d. hér í Reykjavík, um það, sem snertir atvinnuleyfi hingað til Reykjavíkur. En ef á að veita atvinnuleyfi til sveita, þarf vitanlega ekki að leita álits verkalýðssamtakanna hér í Reykjavík.

ATKVGR.

Brtt. 662 samþ. með 22:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhH, JR, JörB, KS, PO, SG, SkG, StJSt,

StSt, StgrSt, ÁÁ, ÁS, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GG, GTh, GÞG, HÁ, HelgJ, SB.

nei: JPálm.

IngJ, JG, PÞ greiddu ekki atkv.

9 þm. (JS, JÁ, LJós, ÓTh, SÁ, ÁkJ, ÁB, BÁ, BÓ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Jóhann Hafstein: Með skírskotun til þeirrar venju, sem á þessu hefur verið, og grg. félmrh. get ég sagt já.

Pétur Ottesen: Með skírskotun til þeirrar skýringar, sem hæstv. forsrh. gaf á þessari till., get ég verið með henni og segi já.

Brtt. 646, svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., 13. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 663).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 663, n. 741).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. þetta er borið fram af heilbr.- og félmn. Nd. að beiðni félmrn. og var á þskj. 602 útbýtt 1. febr. — Þetta frv. var, eins og það lá fyrir, að mestu leyti í sama formi og gömlu l., en aðalbreyt. frá núgildandi l. er sú, að í þessu nýja frv. er greint á milli þrenns konar leyfa, þ. e. a. s. leyfa, sem veitt eru innlendum atvinnurekendum til að hafa erlenda menn í þjónustu sinni, leyfa, sem veitt eru erlendum mönnum til að ráða sig í vinnu hjá innlendum atvinnurekendum í ákveðnum starfsgreinum, og leyfa, sem veitt eru erlendum mönnum til að stunda sjálfstæðan atvinnurekstur. Það þykir hafa komið í ljós á undanförnum árum í sambandi við veitingar atvinnuleyfa, að heppilegra sé að greina á milli þessara þriggja tegunda af atvinnuleyfum útlendinga. — Önnur breyt. er sú, að samkv. þessu frv. verða atvinnurekendur að fá leyfi félmrh. til að ráða til sín erlenda sérfræðinga og aðra kunnáttumenn, sem ekki er hægt að fá innanlands, og sama gildir um vinnuhjú bænda, en samkv. þeim l., er nú gilda, hefur verið heimilt að ráða slíkt fólk án sérstaks leyfis. Sendi félmrn. Búnaðarfélagi Íslands þetta atriði til umsagnar, og í svarbréfi frá Búnaðarfélaginu til rn. er tekið fram, að Búnaðarfélagið óski ekki eftir, að réttur bænda sé annar í þessu efni en annarra landsmanna.

Frv. þetta var borið fram í þeirri mynd, sem gengið hafði verið frá því af félmrn., og fór það í gegnum hv. Nd. svo til óbreytt. Eina breyt. er í 1. mgr. 3. gr., þar sem nú er komið inn í frv., að atvinnuleyfi skuli veitt að fengnum tillögum verkalýðsfélags á staðnum. Aðrar breyt. hafa ekki verið gerðar í Nd. — Allshn. þessarar d. hefur nokkuð athugað þetta frv. og málið í heild. Átti n. allmiklar samræður um það við útlendingaeftirlitið í Rvík, sem ber nú hitann og þungann af framkvæmd þessara mála. Eftir það ræddi n. einnig við félmrn., og að því búnu var rætt við mann frá útlendingaeftirlitinu og fulltrúa frá félmrn. í sameiningu, og upp úr þeim samræðum hafa orðið til þær brtt., sem n. leggur hér fram. Það skal tekið fram, að einn nm., hv. þm. Seyðf., var veikur, einn nm. skrifaði undir með fyrirvara og enn aðrir nm. munu telja, að frv. þetta hefði átt að vera í allt öðru formi og undirbúið á annan hátt en hér er gert ráð fyrir. En félmrh. leggur mjög mikla áherzlu á að fá frv. gegnum þingið á þeim stutta tíma, sem eftir er, og vildi n. ekki með nokkru móti hindra, að svo gæti orðið, en taldi þó óhjákvæmilegt að leggja til, að gerðar yrðu á frv. einhverjar breyt. Hefði frv. orðið að fara aftur til Nd. hvort sem var, þar sem tekið er fram á tveimur stöðum í frv. eins og það kom frá Nd., að lög þessi skuli þegar öðlast gildi. Töldum við þá rétt að gera fleiri breyt. við frv., úr því að laga þurfti þennan „lapsus“ hvort sem var, þannig að þessar brtt. okkar geta engan veginn talizt tilræði við frv. Ég legg sem sé áherzlu á það, að við hefðum talið æskilegt, að undirbúningi þessa máls hefði verið hagað með öðrum hætti, betur vandað til hans og meira samband haft við þá menn, sem starfa að þessum málum daglega og vita gleggst, hvar skórinn kreppir. — Þessar brtt. eru allar gerðar í samráði við félmrn., það lagði n. áherzlu á, til þess að ekki yrði þess vegna nein töf á málinu.

1. brtt. er við 2. mgr. 1. gr., þar sem er skilgreining á því, hvenær þessi og þessi maður teljist stunda atvinnu hér á landi. Þessi skilgreining verður eiginlega að teljast alveg röng, og er hér lagt til, að þessi málsl. falli niður, þar sem telja verður nægilega þá skilgreiningu, sem er í 1. og 3. mgr. þessarar gr.

Þá er brtt. við 2. gr. Við 1. mgr. er lögð til sú breyt., að bætt sé inn í, að það sé óheimilt „að flytja til landsins og/eða taka erlenda menn í þjónustu sína“. — Þá er lagt til, að bætt verði nýrri mgr. við gr., um það, að erlendum mönnum sé óheimilt að ráða sig í vinnu eða gegna þjónustu hjá öðrum, nema atvinnuleyfi hafi verið gefið. Það kom fram, að útlendingum voru engar skyldur lagðar á herðar samkv. frv., heldur aðeins vinnuveitendum, en með því að fella inn þessa viðbót við gr. eru útlendingum lagðar skyldur á herðar í sambandi við l.

Þá er næst brtt. um, að 5. gr. falli niður, en ég tek fram, að 2. mgr. er flutt yfir í 8. gr. Það er þannig gert ráð fyrir, að niður falli 1. mgr., sem er um það, að mönnum sé heimilt að ráða til sín í vinnu erlenda frændur sína, eins og þar greinir. Leit n. svo á, að eðlilegt væri, að fá þyrfti atvinnuleyfi fyrir það fólk eins og annað fólk, sem stundar hér atvinnu. — 3. mgr. er þannig í frv.: „Enn fremur má ráða erlenda menn á íslenzk

skip innan þeirra takmarka, sem í lögum segir.“ Var ekki talið óeðlilegt að fella þessa mgr. niður. Hún vísar til ákvæða lagaheimildar frá 1922 um það, að allt að helmingur skipshafnar megi vera erlendir menn. — Breytist svo greinatalan samkvæmt þessu.

Inn í 8. gr. bætast svo tveir nýir málsl., hinn fyrri um, að ekki þurfi að sækja um atvinnuleyfi fyrir erlenda menn í einkaþjónustu erlendra ríkja, og hinn síðari um þá, sem hafa verið íslenzkir ríkisborgarar frá fæðingu, en hafa misst íslenzkan ríkisborgararétt.

Þá er brtt. við 9. gr., um að lækka sektarlágmarkið niður í 50 kr. Þótti n. þetta heppilegra, með tilliti til þess, þegar ætlazt er til, að þetta nái til útlendinga, sem kannske hafa lítið fé, þannig að þetta yrði þá líka til þess að gefa þessu mildari svip gagnvart öðrum þjóðum.

Loks er svo síðasta brtt., við 12. gr., um að gr. orðist eins og þar segir, og eru þar felld niður úr gr. orðin: „sem öðlast þegar gildi“, og 13. gr. stendur eins og hún er.

Ég hef þá rakið þessar brtt. nokkuð, og eru þær að mestu lagfæringar, en aðalbreyt. liggur í 2. gr.

Það voru tvær brtt., sem komu til mála og voru ræddar í n. Önnur var í sambandi við það, að þegar hingað koma á sumrin heilir hópar stúdenta og óska að kynnast landinu og vera á sveitaheimilum stuttan tíma að sumrinu, þá er hvergi í þessu frv. gert ráð fyrir, hvernig eigi að snúast við slíku. Það er ekki gert ráð fyrir því, að þeir hafi tíma til þess að sækja um atvinnuleyfi, og þeir geta ekki heldur beint talizt ferðamenn. Félmrn. vildi ekki fallast á, að slíkir flokkar væru undanskildir því að sækja um atvinnuleyfi, og ber n. ekki fram neina brtt. í þá átt.

Annað þekkt fyrirbæri er það, þegar keyptar eru vélasamstæður frá útlöndum og erlendir menn eru jafnframt fengnir til þess að setja vélarnar upp og prófa þær. Þetta er innifalið í vélakaupverðinu, en það kostar oft mikla örðugleika og tímatöf að fá atvinnuleyfi fyrir þessa menn. N. vildi leggja til, að veittar væru einhverjar undanþágur fyrir slíka menn, en félmrn. vildi ekki fallast á það, og er þessi brtt. því ekki borin fram.

Ég get ekki lokið máli mínu án þess að minnast á eitt atriði, sem er mjög athyglisvert í sambandi við þetta mál, sem sé það, hvers konar réttargangur eigi að vera á atvinnumálum erlendra manna hér á landi. Það er nú þannig samkv. l., að þeim Íslendingum, sem hafa fengið þetta fólk inn í landið, ber skylda til að kosta það úr landi, en vafalaust er margt af þessum útlendingum fólk, sem hendist stað úr stað og hefur reynzt Íslendingum óábyggilegt. Hins eru líka dæmi um fólk, sem hefur yfirleitt komið sér vel og er búið að vera hér lengi, að ef það lendir í einhverjum árekstrum við vinnuveitanda sinn, þá getur hann krafizt þess, að það fólk sé rekið úr landi og eigi hingað aldrei afturkvæmt, og tel ég slíkt réttarfar ekki mjög heppilegt fyrir okkur, því að það mundi spilla svo áliti okkar erlendis, að mál útlendra manna, þótt umkomulausir séu, væri rekið með þessum hætti hér á landi. Væri mikil þörf á að taka þetta rækilega til athugunar. — Læt ég svo máli mínu lokið að sinni.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara. Mér líkar frv. ekki og er að mörgu leyti óánægður með það. Sérstaklega er ég óánægður með það, hve litlar skyldur eru lagðar á útlendinginn, sem hingað kemur og tvímælalaust á að bera eins miklar skyldur og maðurinn, sem hann vinnur hjá. Þá er ég líka mjög óánægður með það, að í frv., eins og það er, er ekki tekið neitt tillit til hópa af námsfólki, t. d. stúdenta, sem hingað koma á sumrin og ætla sér að dvelja svo sem 2—3 mánuði eða jafnvel ekki lengur en einn mánuð á sveitaheimilum og vinna þar einhver létt störf, og kostar þá yfirleitt, með þeim seinagangi, sem er á öllu í stjórnarráðinu, — því að það er ekki lestagangur, það er margfalt hægari gangur, — ærinn tíma og fyrirhöfn að útvega þessu fólki atvinnuleyfi. Hingað koma t. d. árlega 10—20 stúdentar frá Englandi, sem eru í vinnu meira eða minna án nokkurrar þóknunar. Hefði verið hægt að búa svo um hnútana í frv., að þetta yrði gert auðveldara, og það tel ég, að hefði átt að gera.

Þá eru einnig mjög miklar tálmanir á vegi þeirra manna útlendra, sem koma hingað til lands til þess að setja upp vélasamstæður og prófa þær, þar sem kostnaður við uppsetninguna er innifalinn í kaupverði vélanna. Það tekur þá oft æðilangan tíma að útvega slík leyfi í stjórnarráðinu, það getur tekið hálfan mánuð, og þetta eru allt of dýrir menn til þess að bíða eftir slíku. Ég hefði því viljað leggja til, að þessir menn mættu líka hafa undanþágu.

Þetta og fleira er ég óánægður með í frv. Hefði verið ákaflega æskilegt, að meiri samvinna hefði verið höfð við þá aðila, sem um þetta eiga sérstaklega að fjalla, þar sem ekki hefur verið komið inn ýmsum þeim ákvæðum, sem útlendingaeftirlitið telur að sé bráðnauðsynlegt að koma inn í frv. Að vísu hefur með þessum brtt. verið tekið upp nokkuð af þeim sjónarmiðum, sem þeir vildu fá inn, en ekki nærri því nóg. Ég mun þó, þrátt fyrir það að ég er óánægður með frv., fylgja því, en í því trausti, að reynt verði fyrir næsta þing af félmrn. að ná fullu samkomulagi um breyt. á þessum l. milli þeirra, sem að þessu vinna og þekkja þetta vel, og hinna, sem yfir þá eru settir og vita miklu minna um það, hvernig l. eigi að vera til þess að koma að notum, og þá tekið tillit til þeirra laga, sem gilda nú hjá okkur um þetta efni, sem ekki er gert nema að nokkru leyti eins og frv. er. Ég óska sem sagt eftir, að frv. verði fyrir næsta þing breytt í það horf, sem þessir aðilar, sem mest hafa með þetta að gera, telja nauðsynlegt, til þess að þeir geti unnið sitt verk eins og bezt hentar og þeir telja, að almenningi komi bezt að notum.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Það eru aðeins örfá orð. — Þetta frv., sem hér liggur fyrir, var samið af lögfræðingi dómsmrn. ásamt manni úr félmrn. Þessi atriði, um rétt erlendra manna, heyra bæði undir dómsmrn. og félmrn., eins og kunnugt er.

Það hafa komið hér fram nokkrar brtt. Ég var ekki við, þegar hv. frsm. allshn. hóf mál sitt, en eftir því, sem mér hefur virzt og ég hef kynnt mér þetta og talað við menn nú síðast í dag, bæði

útlendingaeftirlitið og þá menn, sem hafa undirbúið málið, þá skilst mér, að þessar till. séu í meginatriðum samkomulag þeirra á milli, og tel ég þá, að með þessum brtt., sem hér eru fram komnar, ætti að mega ná samkomulagi um frv., þannig að það gæti gengið fram í því formi, sem það er í nú.

Hv. 1. þm. N-M. hreyfði hér vissum aths. og sagði, að fylgi sitt við frv. væri bundið því, að tekið yrði til athugunar fyrir næsta Alþ., hvort ekki ætti að gera einhverjar breyt. á frv. Ég get ekki sagt neitt ákveðið um það á þessu stigi málsins. Mér virðist nú þessar aths. ekki vera stórvægilegar. Ég get ekki séð, að það sé neitt stórt atriði, þó að menn, sem þurfa að fá erlenda sérfræðinga frá verksmiðjum til þess að setja upp vélar hér heima, þurfi að fá leyfi fyrir þá til þess að mega gera það. Þetta er svo einfalt og sjálfsagt atriði, að slíkt verður náttúrlega alltaf leyft, og getur ekki tafið fyrir slíku, þó að veita eigi leyfi til þeirra hluta. — Hitt atriðið er dálítið vafasamara, þ. e. með námsfólk, t. d. stúdenta, sem vildi koma hingað og dvelja hér eitthvað til að kynnast landinu og þá kannske fá möguleika til að vinna sér inn einhvern hluta af ferðakostnaðinum með því að stunda sveitavinnu eða önnur störf stuttan tíma. Ég hefði getað hugsað mér, að gerð væru einhver undanþáguákvæði í þessu frv. varðandi það fólk. Hins vegar held ég nú, að hv. þm. mikli það fyrir sér, að þetta þurfi að valda svo miklum vandkvæðum, að fá slík leyfi. Þegar slíkir hópar hafa sótt um að mega skreppa hingað til landsins, hefur það alltaf gengið í gegnum einhverjar stofnanir, t. d. upplýsingaskrifstofu háskólans eða Búnaðarfélagið, og að sjálfsögðu getur það ekki valdið neinum miklum erfiðleikum að fá leyfi hjá ráðuneytinu til þess að mega taka á móti slíkum mönnum og ráðstafa þeim um stuttan tíma. En ég hefði vel getað hugsað mér, að sett væru undantekningarákvæði í frv. um hluti eins og þessa, en hef ekki trú á, að þess þurfi, og ætti það ekki að þurfa að hindra, að slík ferðalög geti átt sér stað, og þarf ekki neitt fyrir þeim að tefja.

Það var nú ekki annað en þetta, sem ég vildi taka fram, en eins og ég tók fram við 1. umr. málsins, legg ég áherzlu á, að þetta frv. nái fram að ganga, því að það eru ýmis ákvæði í því, sem óneitanlega eru til bóta frá l. frá 1927.

Gísli Jónsson: Ég skal ekki ræða mikið þetta atriði. Ég sé, að þetta mál hefur legið heilan mánuð fyrir þinginu, en hefur þó ekki verið sent neinum aðilum til umsagnar, ekki Vinnuveitendasambandi Íslands, og snertir þó þetta mál þá aðila mikið. Að vísu geri ég ekki kröfur um, að þetta verði gert, en vil í sambandi við 8. gr., sem nú er umorðuð, benda á, að þar sem tekið er upp í tölul. 2, eins og hann er í frv., að ekki þurfi sérstakt leyfi fyrir menn, sem dvelja hér við rannsóknaeða vísindastörf, — ég vildi benda á, hvort ekki megi einnig taka þetta undir leyfin. Mér er ljóst, að það hefur stafað af því nokkur hætta, að erlendum mönnum hefur stundum verið leyft að stunda hér alls konar rannsókna- og vísindastörf, án þess að haft hafi verið með því nokkurt eftirlit. Ég sé ekki, að hér þurfi að verða neinn árekstur. Ráðh. kynnir sér á hverjum tíma þá aðila, sem hér koma til greina, og ástæður allar. (**PZ:** Það er til nokkuð, sem heitir rannsóknaráð.) Rannsóknaráð hefur ekkert með þetta að gera. — Annað, sem ég vildi benda á, er í sambandi við 3. tölul. 6. gr., að tilvísunin þar stenzt ekki, þar sem gr. verður 5. gr. — Enn fremur þar sem stendur svo í síðustu málsgr. 5. gr.: „Enn fremur má ráða erlenda menn á íslenzk skip innan þeirra takmarka, sem í lögum segir" — þá vil ég taka fram, að ég skoða það svo sem það raski í engu ákvæðum gildandi laga, þótt þetta verði fellt niður eins og nú er lagt til.

Ég mun svo ekki efnislega ræða þetta mál að öðru leyti. Aðalatriðið er, að það ætti að vera tryggt, að erlendir menn, sem hér stunda atvinnu, séu undir eftirliti og þurfi hérvistarleyfi.

ATKVGR.
Brtt. 741,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 741,2 (ný 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 741,3 (5. gr. falli niður) samþ. með 15 shlj. atkv.
6. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 741,4 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 741,5 (ný 8. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 741,6 samþ. með 14:1 atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 741,7 (ný 12. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 758, 761).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Allshn. ber fram á þskj. 761 nokkrar brtt. við frv. þetta. Fjórar þeirra eru einungis leiðréttingar, — að fella niður orðið „og" í 2. og 5. gr., þar sem stendur „og 1 eða", en láta aðeins standa „eða". Þetta þótti réttara; enn fremur eru till. til leiðréttingar, sem stafar af því, að 5. gr. er felld niður; 3. og 4. brtt. eru svo um breytingu á röð greinanna. — 5. brtt. er um það, að 2. liður í 8. gr. falli niður. Ég hef aflað mér upplýsinga um það atriði, og það er þannig, að þessi liður felur ekki í sér þá hættu, sem hv. þm. Barð. taldi að mundi vera. Vegna laganna um náttúrurannsóknir eru gerðar sérstakar ráðstafanir fyrir þá menn, sem vilja stunda hér vísindastörf. Til þess þarf önnur og strangari leyfi en þetta frv. gerir ráð fyrir. Þessi liður hefur því í þessu atriði ekkert gildi. Þess vegna leggur n. til, að þessi liður falli niður. Mér finnst einmitt, að þetta atriði, sem hér hefur verið gert að umtalsefni, sýni, að þetta mál hefði þurft betri undirbúning, og það má vera, að það sé um fleira, sem n. hafi yfirsézt. En ég vona þó, að það sé ekki fleira, sem þurft hafi athugunar við. — Læt ég svo þessi orð nægja.

ATKVGR.
Brtt. 761,1—5 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 78. fundi í Nd., 3. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 766).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess, að það voru gerðar nokkrar breyt. á þessu frv. í hv. Ed., og voru þær gerðar í samráði við útlendingaeftirlitið. Er hér ekki um efnislegar breyt. að ræða, heldur aðeins til þess að gera nokkur ákvæði frv. gleggri og ýtarlegri.
Ég vil leyfa mér að mæla með því, að frv. verði afgr. í því formi, sem það er nú.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 787).

---

75. Almannatryggingar (breyt. á l. nr. 122 1950).

Á 53. fundi í Ed., 22. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 122 28. des. 1950, um breyt. á l. nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau [156. mál] (þmfrv., A. 518).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Eins og frá er skýrt í grg. frv., er það flutt að ósk félmrh., en nm. hafa óbundnar hendur um einstök atriði frv., og einn þeirra, Steingrímur Aðalsteinsson, sem mætti á fundi í málinu fyrir hv. 7. landsk., tók einnig fram, að hann hefði óbundið atkvæði um frv. í heild. Aðrir nm. hygg ég séu sammála um frv. og geri ekki ráð fyrir, að þeir muni flytja brtt. við það. Í grg. ríkisstj. er skýrt frá því, að frv. sé lagt fyrir Alþingi með tilvísun til ummæla hæstv. fors.- og félmrh. við umr. í þessari hv. deild, þegar l. nr. 122 frá 28. des. s. l. voru afgr., um það, að hann mundi taka upp í sérstakt frv. till. um breyt. á 29. gr. l., um innheimtu hjá bæjar- og sveitarfélögum, sem lögð var fram í báðum deildum þá, en tekin aftur af hæstv. ráðh. Úr því að lagt var til, að gerðar yrðu breyt. á l. frá 28. des. s. l., þótti rétt að taka með nokkur smærri atriði, sem komið hefur í ljós, að æskilegt væri að breyta, úr því að lögin voru opnuð á annað borð.
Ég skal nú víkja nokkrum orðum að þessum breyt. Það er lagt til í 1. gr., að aftan við 8. gr. l. bætist fyrirmæli þess efnis, að ef ekki er kunnugt um framfærslusveit barnsföður, skuli haldast óbreytt skylda dvalarsveitar barnsmóður til að endurgreiða Tryggingastofnuninni lífeyri barns, þangað til framfærslusveit barnsföður er viðurkennd eða úrskurðuð af ráðuneyti. Ég vil vísa til grg. ríkisstj. með þessari gr., en þar er lögð áherzla á það, að réttargangur slíkra mála sé við það miðaður, að málin séu sótt og varin af sveitarfélögum sjálfum, en ekki öðrum aðilum. Þykir því rétt og hentugra að halda þessu óbreyttu meðan felldur er úrskurður.
Breyt., sem felst í 2. gr., skýrir sig sjálf, þar er aðeins um orðalagsbreyt. að ræða.
3. gr. fjallar um breyt. á 26. gr. l. frá 28. des. s. l., en breytir þó í engu meginefni gr. og er mjög smávægileg breyting og mundi ekki nema meir en ca. 100 þús. kr. á ári, en kemur í veg fyrir mikla skriffinnsku og vafstur. — Um þessar 3 gr. hefur enginn ágreiningur orðið í n.
4. gr. fjallar um, hvernig skuli innheimta framlag sveitarfélaga, ef vanskil verða á greiðslu 1 ár eða lengur. Þessi ákvæði eru þau sömu og fólust í till. þeirri, sem borin var fram við 3. umr. l. frá 28. des. s. l. hér í þessari hv. deild. Ég læt nægja að vísa til grg. hæstv. ríkisstj. um þetta atriði, en vil taka það fram, að frá starfsmönnum ráðuneytisins komu till. um stórum víðtækari aðgerðir í þessu efni. Þar var gert ráð fyrir að bæta úr þessu bæði með ströngum viðurlögum og niðurfelling bótagreiðslna, ef frekari vanskil yrðu. N. gat ekki fallizt á, að gripið yrði til slíkra ráðstafana, og taldi mjög tvíeggjað að beita slíkum aðgerðum vegna vanskila sveitarfélaganna og fella þannig e. t. v. niður bótagreiðslu til þeirra einstaklinga, sem standa í skilum með iðgjöld sín. Ef vanskil sveitarfélagsins væru látin ganga yfir þetta fólk, yrði það aðeins til þess, að það hætti einnig að greiða sín iðgjöld. Við álítum, að með því að taka upp slíkar aðgerðir sé beinlínis stefnt í voða framtíð Tryggingastofnunarinnar. — Hins vegar álítum við, að taka verði til ráðstafana við sveitarfélögin sjálf, sérstaklega þegar litið er á það, að vanskil flestra sveitarfélaganna stafa ekki af því, að ekki séu lögð á útsvör fyrir gjaldaliðum, og ekki heldur af því, að svo stórlega skorti á um innheimtu útsvaranna, heldur af þeirri sök, að sveitarstjórnirnar nota fé þeirra til annarra framkvæmda og er að sjálfsögðu ekki hægt að una því, að þær ráðstafi því fé, sem tryggingunum ber, til annarra framkvæmda.
Ég vil að lokum taka það fram í sambandi við grg. frv., að þar segir, að í árslok 1950 hafi 6 kaupstaðir átt ógreitt framlag frá 1949, samtals 1 millj. 160 þús. kr. Af þessari upphæð er greitt nú þegar 3—4 hundr. þús., en eftir standa nálega 800 þús. kr. Af þeim 7,4 millj., sem ógreitt var um áramót af framlögum 1950, hafa nú verið greiddar rúmlega 2 millj. króna. Mér þótti rétt að láta þessar upplýsingar fylgja, þar sem þetta kemur ekki fram í greinargerð. — Ég sé ekki ástæðu til að leggja til, að málinu sé vísað til n., en ef hv. þm. óska eftir einhverjum sérstökum athugunum í n., þá er það sjálfsagt.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Það var aðeins út af síðustu orðum hv. 4. þm. Reykv.,

um að hann sjái ekki ástæðu til, að frv. sé vísað til n. Eins og fram kom í ræðu hv. þm., átti ég þess ekki kost að sitja fund í n., er þetta frv. var til meðferðar, en þetta frv. allt er þannig vaxið, að ég vildi mjög gjarnan eiga þess kost að ræða það við hv. meðnm. mína.

Ég ræði ekki hér einstök atriði frv., en legg áherzlu á það, að ég óska eindregið eftir því, að málinu sé vísað til nefndar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér er ákaflega illa við að láta tryggingarnar fá rétt til þeirra útsvara, sem hreppsfélögin fá fyrst greidd, og þær geti þannig tekið fé af sveitarfélögunum á mjög óheppilegum tíma, en læt samt vera með það, þó mér þætti ákaflega gott að fá það í burtu, en ef það endilega á að vera, þá held ég, að ekki geti staðizt að leggja hald á ákveðinn hluta útsvaranna, því þau innheimtast aldrei öll. Það verður að vera ákveðið „margin" til að hlaupa upp á. Það þarf ekki að vera hátt, svona 2—4%, en eitthvað verður það að vera. Ég vildi a. m. k. vona, að þessi leið verði farin.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Ég tel sjálfsagt, fyrst óskað er eftir því, að málinu sé vísað til n. Ég hafði ekki veitt því eftirtekt, að hv. 7. landsk. væri mættur, en hefði annars að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að hann óskaði eftir, að málið yrði athugað í n., og bið ég hann afsökunar á þessum misgáningi mínum. — Ég skal athuga ábendingar hv. 1. þm. N-M., en ég vil benda á, að í frv. er sagt, að hluti útsvaranna, sem lagt er hald á, skuli ákveðinn með hliðsjón af hlutföllum milli heildarupphæðar útsvaranna og heildarupphæðar lögboðinna greiðslna sveitarfélagsins til Tryggingastofnunarinnar, og álít ég, að það sé nokkuð svigrúm í því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 25. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Ed., 26. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 518, n. 555 og 562).

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Hún fékk skrifstofustjóra félmrn. á sinn fund og ræddi ýtarlega við hann um einstakar gr. þess. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. hefur skilað séráliti á þskj. 562 og leggur til, að á frv. verði gerðar þrjár breyt., eins og segir aftan við nál.

Fyrsta breyt. er sú, að 1. gr. falli niður, en efni hennar er það, að Tryggingastofnuninni sé heimilt að innheimta kröfuna hjá dvalarsveit móðurinnar allt til þess tíma, að framfærslusveit barnsföður er viðurkennd eða ákveðin með úrskurði, ef um ágreining er að ræða um framfærslusveit barnsföður.

Ég gerði grein fyrir því við 1. umr., hvers vegna ráðh. telur ástæðu til að breyta þessu, og hef engu við að bæta, en vil þó endurtaka það, að allur réttargangur byggist á, að sveitarfélögin eigist við innbyrðis um málið og yfirvald úrskurði ágreining á milli þeirra, en áfrýja megi svo til félmrn., sem fellir endanlegan úrskurð. Telur meiri hl. rétt að samþykkja greinina, en fallast ekki á rök minni hlutans.

Um 2. gr. er enginn ágreiningur, en minni hl. leggur til, að 3. gr. sé orðuð svo: „Sveitarstjórn er skylt að greiða iðgjald skv. 109. gr. laganna fyrir þá eina, sem vegna slysa, sjúkdóms, örorku, elli eða ómegðar hafa eigi haft þær tekjur, að þeim beri að greiða tekju- og eignarskatt. Synji sveitarstj. umsókn um iðgjaldagreiðslu, má áfrýja þeim úrskurði til yfirskattanefndar." Skv. því er ætlazt til, að sveitarstjórnir greiði því aðeins iðgjöld, að tekjur hlutaðeigandi hafi orðið svo litlar vegna slysa, örorku o. fl., að honum beri ekki að greiða tekju- og eignarskatt.

Nú er svo til ætlazt, að leitað sé eftir þessu af hálfu hlutaðeiganda, og verða þá sveitarstjórnir auðvitað að meta aðstæðurnar, sem fyrir hendi eru, og fella síðan úrskurð sinn. Og það má fullyrða, að þessi málarekstur mundi taka langan tíma, og líklegt er, að honum yrði ekki lokið, fyrr en í lok gjaldársins. Iðgjaldagreiðsla yrði því ekki innt af hendi, fyrr en svo seint, að til baga yrði fyrir Tryggingastofnunina. Ég álít því, að ákvæði 26. gr. laganna séu réttmæt, og hefur meiri hl. n. sömu skoðun. Ég held líka, að minni hl. leggi ekki mikið upp úr þessu ákvæði, heldur sé aðalágreiningurinn um 4. gr.

Munurinn á frv. og brtt. virðist í fljótu bragði vera sá, að felld er niður heimild ráðuneytisins til að leggja hald á vissan hundraðshluta útsvara. En ákvæðið um 25% er sett af handahófi, því að í flestum tilfellum er það hærra en heimildin segir til um. En þó er það í einstöku tilfellum heldur van en of við fljóta athugun.

Þetta var rætt allmikið hér í deildinni fyrir jól. Og einnig var það rætt í n. og við skrifstofustjóra heilbr.- og félmrn. Aðalágreiningurinn var sá, að ef sveitarfélög komast í vandræði með skil, þá sé það nokkuð algengt, að ýmsir stærri útsvarsgreiðendur, sem reka verzlun eða þ. u. l., láni þeim fé, sem þeim er svo fært til skuldar. En hætt er við, þar sem þannig er ástatt, að aðstæður yrðu ófullnægjandi vegna slíkra skuldbindinga.

Ég álít, að þau ákvæði, sem í frv. eru um þetta efni, séu á þann veg, að sveitarfélögin megi vel við una. Ég tel enga ástæðu til að ætlast til, að félmrn. gangi lengra í að nota heimild 4. gr. en telja má fært og eðlilegt þykir á hverjum tíma. Og ég vildi mega vænta, að mikið gagn yrði af þessari grein, og tel ég ekki rétt að breyta henni, eins og minni hl. leggur til.

Ég bið svo afsökunar, að ég skyldi fara að ræða meir þessar brtt., en ég hélt, að málið færi ekki til nefndar.

Frsm. minni hl. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði hér áðan, að ástæðan til þess, að ég varð ekki sammála hv. meiri hl., var eingöngu vegna ákvæða 4. gr. frv., en ekki annarra, því að þær eru hrein aukaatriði í frv. sjálfu. Og er það margra álit, að

algerlega ónauðsynlegt og ástæðulaust sé að breyta þessu nú, á meðan ekki er fengin reynsla fyrir því, hvernig ákvæðin, sem sett voru hér fyrir nýár, muni reynast.

Ég álít sjálft ákvæði 4. gr. of lágt, og er ég algerlega ósammála því. Og einnig finnst mér of mikið gert úr því, að sveitarfélögin séu sek um vanskil á greiðslum til Tryggingastofnunarinnar. Ég álít, að þau hafi svo miklar og margvíslegar afsakanir, að þeim, sem standa fyrir þessum refsiaðgerðum, ætti að vera fullkunnugt um, á hvaða rökum þessar afsakanir eru byggðar.

Hér er um að ræða 5—6 útgerðarbæi á landinu, sem skulda Tryggingastofnuninni um 800 þús. kr. fyrir árið 1949. En eitt af þessum „seku" sveitarfélögum hefur greitt skuld sína nú um áramótin, svo að vanskilin eru um 300—400 þús. kr. lægri en segir í nál. Og ég álít þetta ekkert stórvægilegt, miðað við gjöldin, sem hækkuð voru verulega með frv., sem samþ. var fyrir áramót.

Í gildandi lögum eru ákvæði, sem ættu að tryggja greiðslu vangoldinna skulda sveitarfélaga. Í lögunum eru ákvæði þess efnis, að ríkissjóður ábyrgist framlögin, og ráðuneytið hefur í lögum ýmis ákvæði, sem það getur beitt gegn þeim sveitarfélögum, sem gerast sek um vanrækslu, og er þar fyrst að nefna lögin um eftirlit með sveitarfélögum. Með þeim er hægt að setja þau undir eftirlit og beita þau dagsektum, ef opinber gjöld eru ekki greidd. En ekkert af þessum ákvæðum þykir nú duga lengur og talið nauðsynlegt að beita frekari refsiaðgerðum til þess að fá þessi gjöld greidd. Og ég verð að segja það, að mér finnst þetta óbilgjörn aðferð, sem kemur úr hörðustu átt af félmrn., sem ætti að vera í raun og veru verndari sveitarfélaganna. — En það er lagt til í 4. gr., að skuldareigandi geti valið úr tekjum sveitarfélaganna, það sem honum lízt, og innheimt það sjálfur. Mér finnst þessi ákvæði eindæmi, sem ekki ætti að setja í lög. Enda sætti þessi till. eindregnum mótmælum fyrir jól, og hv. þm. S-Þ. tók þannig á móti henni, að hann sagði, að sér fyndist réttast að draga hana til baka.

Ég álít, að hæstv. ríkisstj. hefði átt að vera svo vel kunnugt um hagi útgerðarinnar nú um áramótin, að hún hefði átt að hafa sérstakar aðstæður til þess að skilja, að það er nálega ómögulegt fyrir útgerðarbæi, sem þurfa að leita að nýjum úrræðum ár eftir ár, að leggja þung gjöld á þegnana og gjalda útgjöld sín. Því að það getur verið erfitt að leggja á og innheimta útsvör í bæjum, þar sem sjómenn hafa ekki fengið kaup sitt greitt í eitt til tvör ár. Þær afsakanir, sem þessir „seku" útgerðarbæir hafa, eru þá fyrst og fremst þær, að nær ómögulegt hefur verið að innheimta útsvör af þessum ástæðum, og ekki er óeðlilegt, þótt sveitarfélög þessi verði á eftir með opinber gjöld, þar sem greiðslan dregst svo mjög til þeirra sjálfra. En það eru miklu meiri gjöld en til tryggingana. Hversu mikið fer til tryggingana? Ég efast um, að það sé 25% allra opinberra gjalda, því að það er fjöldi annarra opinberra gjalda, sem sveitarfélögum er gert skylt að standa skil á. Það er öllum sveitarfélögum skylt að sjá um lögboðna barnafræðslu, enn fremur er þeim skylt að sjá um fátækraframfærslu. Þar að auki er fastur kostnaður við sveitarstjórnina sjálfa. Þetta eru allt óhjákvæmileg gjöld, og ég þekki sjálfur af eigin reynslu, að þessi föstu útgjöld eru 70—80% af útgjöldum sveitarfélaga, og þó víða meira.

Þá eru eftir 15—20% til þess að halda uppi atvinnulífi í viðkomandi sveitarfélagi. En það munu flest sveitarfélög telja sér skylt að reyna að halda uppi einhverju atvinnulífi í viðkomandi sveitarfélagi, því að ekki geta þau innheimt opinber gjöld, ef íbúarnir eru atvinnulausir.

Þessi opinberu gjöld fara vaxandi ár frá ári, og má segja, að það geti blessazt, en í slæmu árferði minnka möguleikar á að ná inn hinum opinberu gjöldum og að auka tekjur sveitarfélaganna með hækkuðum útsvörum, því að ríkið hefur þar forgangsrétt, þess vegna eru hin seku sveitarfélög afsakanleg á margan hátt, því að það er óhætt að fullyrða, að það er æ erfiðara og erfiðara að inna af hendi hin lögboðnu gjöld.

Ég hef aldrei neitað því, að það verður að finna leið til þess að greiða þessi gjöld, en um hitt getur menn greint á, til hvaða ráða verður gripið. Bæjar- og sveitarfélög hafa ákvæði til þess að ná inn opinberum gjöldum, en þá er þess gætt, að ekki sé gengið of nærri einstaklingnum, t. d. má ekki ganga nær honum en sem svarar 30% af tekjum hans, því að það er talið, að einstaklingurinn komist ekki af, ef nær er gengið. Eins er um sveitarfélögin, það verður að takmarka, hvað nærri má ganga. Þau verða að geta haldið áfram eðlilegum störfum. En í frv. eru hins vegar engin ákvæði um það, hvað mikið má taka. Og meira að segja má velja úr þær tekjur, sem bezt mun ganga að ná, svo að sveitarfélögin geta verið óstarfhæf, ef þetta frv. nær fram að ganga.

Ég hefði viljað koma á nokkrum viðurlögum vegna vangoldinna gjalda til tryggingana og hef því lagt til, að ekki megi taka meira en sem nemur 25% álagðra útsvara, og sveitarfélögum verði gert að skyldu að standa skil á þeim mánaðarlega eða ársfjórðungslega.

Það eru í 4. gr. ákvæði um það, að sveitarstjórnir skuli greiða innheimtumanni ríkissjóðs gjöld þessi, um leið og útsvörin falla í gjalddaga. Nú er það vitað, að útsvör eru ekki greidd í gjalddaga, og því ekki hægt að gera sveitarfélögunum það að skyldu að greiða þau um leið. En sveitarfélög halda hins vegar uppi innheimtu útsvara allt árið, og ef mín till. næði samþykki, væri auðvelt að fylgjast með því, hvernig þessi innheimta gengi, og gæti þá fulltrúi tryggingana gengið að sínum prósentum jafnóðum. Ég held, að þetta væri nægilegt til þess, að skuldin ætti að nást og grynna á þeim gjöldum, sem falla í gjalddaga.

Ég held, að það hafi verið hv. þm. S-Þ., sem komst svo að orði, að hann gæti aldrei samþ. svo orðaða till. Og ég segi það sama, og ég held, að allir þeir, sem til þekkja í sveitarfélögum, geti ekki verið með slíkri till., og það er ekki hyggilegt af þeim, sem bera hag tryggingana fyrir brjósti, að vera með henni.

Ég drap á það í nál. mínu, að Tryggingastofnun ríkisins eigi svo mikið undir því, að gott samkomulag sé við sveitarfélögin, að það er heimskulegt að stuðla að ósamkomulagi þeirra á milli með harðýðgislegri innheimtu. Og ég held, að hlutur þeirra sé betur tryggður með minni till. en frv.

Ég skal svo að lokum minnast á þær aðrar brtt.,

sem ég hef gert við frv., þó að ég leggi ekki eins mikla áherzlu á þær, nema brtt. við 3. gr., sem er að mestu í samræmi við brtt., sem ég flutti í fyrra og var þá samþ., en til móts við þessa till. var nokkuð komið fyrir áramótin. Ég tel ekki rétt, að sveitarfélögum sé gert að greiða iðgjöld fyrir aðra en þá, sem vegna slysa, sjúkdóma, elli, örorku eða ómegðar hafa svo litlar tekjur, að þeir geta það ekki sjálfir, og ég tel, að það sé engin ástæða til að undanþiggja einstaka menn þessum nefskatti.

Þá er það 1. brtt. við 1. gr. Það var 8. gr., sem var samþ. hér í fyrra fyrir áramótin, eftir að félmrn. hafði haft þær till. til meðferðar; þá lagði það til, að þær yrðu samþ. óbreyttar, enda þótt það hefði átt að sjá, hvaða erfiði þessi gr. mundi valda í framkvæmd. Og hv. frsm. minntist á það, að það væri ekki erfitt að framfylgja þessari gr., heldur hefði félmrn. alltaf kviðið of mikið fyrir henni. Og ég sé enga ástæðu til að breyta þessu nú, því að áður á árinu eru komin fram 2—3 mál af þessu tagi. — En í því tilfelli, þar sem óvíst er um framfærslusveit, þá hef ég fært rök að því, að réttara sé að snúa sér beint að því að finna hana en að þvæla inn í þetta aðila, sem óvíst er um. Nú hefur hv. 4. þm. Reykv. sagt, að þetta sé gert til þess að losa ríkið við mannahald, og ég held, að þessi 1—2 tilfelli á ári sé of lítið til að halda mann til þess að athuga þau. Og það er óþarfi fyrir tryggingarnar að reyna að koma þessu af sér yfir á sveitarfélögin, því að ef gert er ráð fyrir, að tryggingarnar fari þessa leið með barnsfaðernismál, þá er raunverulega verið að koma þessu yfir á oddvitana, en það er ástæðulaust, því að ef ágreiningur verður, ber að greiða þau meðlög úr ríkissjóði. Annaðhvort á sveitarfélagið að greiða meðlagið, og ef ágreiningur verður, eiga tryggingarnar að greiða það. En endanlega er það ríkið, sem á að greiða, ef annar aðili finnst ekki. — Aðalatriði breytinga minna er, að 4. gr. verði bætt, en annars legg ég áherzlu á, að 1. gr. falli niður.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs vegna þess, að ég telji, að bæta þurfi við ræðu hv. frsm. meiri hl. En það er út af orðalagi í nál. hv. minni hl., að ég vil mótmæla. Hann heldur því fram, að það sé engin ástæða til að breyta þessum l., af því að þeim hafi verið breytt fyrir áramót. Nú er hv. frsm. minni hl. kunnugt, að það lá fyrir þessari deild brtt. við frv. til l. um breyt. á tryggingalöggjöfinni, og var það mál sótt af þeim mönnum, sem unna tryggingunum og vilja sjá til þess, að ekki sé gengið á rétt þeirra. Og það var þess vegna, sem meiri hl. félmn. samþykkti að taka út þetta deiluatriði. — Hann segir enn fremur, að þessar tillögur hafi verið svo andhælislega orðaðar, að það hafi ekki verið hægt að samþykkja þær. Þetta var engin ástæða til þess að till. voru teknar til baka, heldur sú, sem hér hefur þegar verið lýst, og ég verð að segja það, að ég held, að hv. frsm. minni hl. sé kominn hér inn á nokkuð hættulegar brautir og hafi fengið einhverja nýja skólun í jólaleyfinu og hafi verið undir fremur slæmum áhrifum, ef dæma skal eftir orðalaginu á þessu nál.

Hann er einnig að tala um refsiaðgerðir gagnvart sveitarfélögum. Má ég spyrja hv. frsm.: Hvaða refsiaðgerðum beita sveitarfélögin gegn skuldunautum sínum? Er ekki byrjað á því að leggja 12% dráttarvexti á vangoldin útsvör? Og hvað er svo? Jú, það er tekið fjárnám á helztu eignum, sem viðkomandi aðili á. Þá er ekki verið að hugsa um það, hvort þetta bili ekki hans atvinnurekstur, heldur er gengið að því, sem viðkomandi aðili á fémætt. Og ég hygg, að hv. þm. beiti þessu heima í sinni sveit sem oddviti. Þá er ekki verið að hugsa um það að tryggja áframhaldandi atvinnurekstur, heldur er það sett á uppboð, sem líklegast er til að seljast. Meira að segja eru þessir skattar lagðir á taprekstur, ef fengizt hefur úrskurður ríkisskattanefndar um, að krafan sé lögmæt. Og nú eru þessir sömu aðilar og beita þessum refsiaðgerðum að kveina yfir því, að ríkisstj. ætli að beita enn vægari refsiaðgerðum gegn sveitarfélögunum. Ég held, að ríkisstj. eða tryggingarnar hafi ekki beitt neinum 12% dráttarvöxtum gegn sveitarfélögum. Hér er ekki verið að ganga að beztu eign og hér er ekki verið að taka álagðar upphæðir á taprekstur, heldur er verið að taka fé, sem tekið hefur verið í leyfisleysi til þess að greiða aðrar kröfur. Því að ef útsvörin hafa verið hækkuð um 20—30% vegna tryggginganna, þá á að leggja það til hliðar og greiða það til tryggginganna, en það hefur ekki verið gert hér. Svo að það eru allt aðrar refsiaðgerðir, sem ríkisvaldið beitir hér gegn sveitarfélögunum heldur en þau beita gegn þegnunum.

Hér er um að ræða vanrækslu viðkomandi sveitarfélags og á einu ári tvöfaldast sú skuld, sem viðkomandi sveitarfélag skuldar ríkissjóði, og hv. þm. getur sjálfur séð, hvernig fara muni, ef engar hömlur eru á settar. Þá hrúgast skuldir sveitarfélaga við ríkissjóð upp, svo að ekki verður unnt að hafa á því nein föst tök, og þá er bara miklu betra að breyta hlutfallinu milli einstakra aðila heldur en að sveitarfélögin geti þannig ekki staðið við sínar skuldbindingar.

Þá vil ég leyfa mér að benda á, að það gætir mjög mikils misskilnings hjá hv. frsm., þegar hann virðist álíta, að tryggingarnar séu eins konar fátækrahjálp. Þær eru miklu fremur vátryggingarfélag, þær eru enn þá sambland af tryggingu og hjálparstofnun til styrktar fátækum. Og á þeim grundvelli, að þær eru tryggingarfélag, þá vitum við það, að ekki kemur til mála að gefa eftir iðgjöldin. Hvaða rétt heldur hv. þm., að menn hafi til tryggingar, ef þeim á að líðast að greiða ekki sín lögboðnu gjöld? Heldur hann, að skip mundi fá tryggingu, ef það væru ekki greidd af því iðgjöld? Og það er komið inn í meðvitund manna, að þessi gjöld eigi að ganga á undan, ef trygging á að veitast, og þó heldur hv. þm., að sveitarfélögunum eigi að líðast að fara áfram á bak við tryggingarnar. Og tryggingarnar verða að fá sitt vissa gjald frá ríkissjóði, og til þess verður að leggja skatta á þegnana, og því má ekki blanda saman. Hér er því ekki um neinar refsiaðgerðir að ræða, og tryggingarnar geta því ekki með því móti skapað sér óvild. Enda hlytu það að verða ríkisstjórn og Alþingi, sem sú óvild ætti að bitna á. En hér á ekki að skapa neina óvild, og það er rangt að reyna að læða því inn, að hér sé verið að því. Tryggingarnar þurfa á samúð þegnanna að halda, og hún mun vaxa eftir því sem mönnum

skilst betur, að þetta gjald eiga þeir að greiða. Og þess vegna er alrangt að nota þetta tilefni til þess að ala á úlfúð gagnvart Tryggingastofnuninni. Og hér segir í nál. minni hl. heilbr.- og félmn.: „En aðalatriði frv. eru refsiaðgerðirnar gegn sveitarfélögum, sem dregizt hefur hjá að greiða hin þungu gjöld til Tryggingastofnunar ríkisins.“ Hefur ekki þessi hv. þm., sem skrifar þetta, verið með í því að leggja þessi „þungu gjöld“ á? Og ég spyr: Eru þessi gjöld þyngri en svo, að þau séu þörf til þess að standa undir þeim byrðum, sem nauðsynlega þarf að bera og óhjákvæmilegt er að bera? Og ef á að minnka þessi gjöld, þá getur afleiðingin af því engin orðið önnur en sú að minnka um leið framlagið til þeirra, sem fá greiðslur frá tryggingunum, — nema þessi hv. þm., sem nál. ritar, vilji benda á, að hægt sé að leggja þessar byrðar á einhverja aðra aðila, og þá m. a. að leggja þær á ríkissjóð eða atvinnurekendur eða á gjaldendurna beint. En ef þessi hv. þm. vildi, að svo væri breytt til, þá stæði það honum sjálfum næst að koma með till. um slíka breyt. — Nú er ég þeirrar skoðunar, og ég er enn meir þeirrar skoðunar eftir því sem ég hugsa það mál meira, að alveg óhjákvæmilegt verði í framtíðinni — og að það verði að stíga spor sem fyrst til þess að ná því takmarki — að tryggja Tryggingastofnuninni einhverjar öruggar tekjur, sem eru ekki háðar afkomu fámennra sveitarfélaga á hverjum tíma. Þetta hefur alltaf verið mín skoðun. Og ég er tilbúinn til að taka upp samvinnu um þetta við alla þá oddvita, sem hér eru, og þá menn, sem vilja berjast fyrir því að létta af sveitarsjóðunum gjöldum með því að mynda eða finna slíka tekjustofna í þessu skyni. Það liggur hér fyrir á Alþ. frv. um að láta nokkurn hluta erfðafjár ganga til tryggingganna. Ég veit ekki, hvort hv. minni hl. heilbr.- og félmn., 7. landsk. þm., verður sammála því. En ég vil segja, að þeir hv. alþm., sem svo líta á, að það séu lagðar of þungar byrðar á sveitarfélögin beint með tryggingagjöldunum nú, ættu að vera fylgjandi ákvæðum þess frv., sem ég gat um, því að þær tekjur ætti ekki að taka af sveitarfélögunum, og þar væri um miklu öruggari tekjustofn að ræða fyrir tryggingarnar í framtíðinni. Og það er nauðsynlegt atriði, því að mér hefur alltaf verið það ljóst, að tryggingarnar hljóta að fá svo stór áföll í erfiðum árum einmitt vegna þess, að vangreidd eru gjöld til þeirra, bæði frá sveitarfélögunum og öðrum, að þær verða að hafa annaðhvort stóra varasjóði — sem hér er verið að tala um að taka af þeim og ég tel hreina fávizku — eða þær verða að hafa trausta tekjustofna, til þess að mæta áföllum eða koma í veg fyrir þau, þegar illa áraði fyrir sveitarfélögunum.

Þá segir hv. 7. landsk. þm., að hér sé verið með viðurlög, sem séu „móðgandi og lítilsvirðandi fyrir þann, sem fyrir þeim verður“, og þar á hann við aðferðina við innheimtuna. En hvað er það mikið móðgandi eða lítilsvirðandi fyrir þegnana, þegar m. a. þessi hv. þm. kemur og lætur taka fjárnám, annaðhvort hjá atvinnurekanda eða einstaklingi í sinni sveit, af því að hann hefur ekki greitt það, sem bar að greiða? Ég hygg, að það sé jafnmóðgandi og lítilsvirðandi, ef á að hafa það orðalag, fyrir þá aðila, sem fyrir því verða, eins og hér er farið fram á í frv., að megi gera gagnvart sveitarfélögunum. — Hv. sami þm. segir, að hér sé verið að eyðileggja fjárhagslega afkomu sveitarfélaganna. Það er ekki lítil fullyrðing. Það hefur komið til mála — og voru um það till. frá félmrn., sem bæði ég og aðrir í heilbr.- og félmn. vildu ekki einu sinni ræða, hvað þá fylgja, — að taka af sveitarfélögunum allt það fé, sem ætti að fara til þeirra frá Tryggingastofnuninni, ef ekki yrði greitt af þeim til Tryggingastofnunarinnar það, sem ætti að greiða til hennar af sveitarfélögum. Ég tel, að ef þetta hefði verið gert, hefðu það verið hinar hroðalegustu refsiaðgerðir, ekki aðeins gagnvart sveitarfélögunum, heldur gagnvart þeim mönnum, sem sumir hverjir væru alltaf búnir að standa í skilum með greiðslur, sem gert er ráð fyrir, að þeir greiði, og þeir voru búnir að tryggja sig með kannske um mörg ár og áttu svo að njóta bótanna úr tryggingasjóði, því að með þessu hefði verið farið að taka af þeim þau réttindi, sem þeir voru búnir að tryggja sér, og það bara vegna þess, að einhver oddviti í sveitarfélagi tæki það fé, sem tryggingunum bar að greiða, til einhvers annars, svo sem togaraútgerðar eða til að byggja fyrir brýr eða vegi eða annað slíkt. Það hefði ég kallað refsiaðgerðir. Þess vegna gat ekki komið til mála að ég væri með þeirri till. — Það gat ekki heldur komið til mála, að ég yrði með því, að svona yrði haldið áfram, að greiðslur, sem áttu að fara til Tryggingastofnunarinnar, væru notaðar í öðrum tilgangi, greiðslur, sem Tryggingastofnuninni var nauðsynlegt að fá, til þess að greiða bætur. Og til þess að koma í veg fyrir þessa misnotkun á fé þessu, er þetta frv. borið fram.

Hér segir hv. 7. landsk., minni hl. n., einnig í nál.: „Það er nú komið í ljós, að því fer víðs fjarri, að tryggingalögin létti fátækraframfæri af sveitarfélögunum.“ Hverju er hv. þm. hér að reyna að læða inn hjá þjóðinni? Hann stefnir hér að því að skapa megnustu andúð á Tryggingastofnuninni. Dettur virkilega hv. frsm. minni hl. n., 7. landsk. þm., í hug, að það sé sannleikur, sem hann er að segja hér, að Tryggingastofnunin hafi ekki létt fátækraframfærið í landinu? — Mér er kunnugt um konu, sem þrjátíu og átta ára gömul missti mann sinn frá níu börnum, þar sem yngsta barnið var ársgamalt, en elzta barnið 14 ára. Og þetta voru eignalaus hjón. Heldur nú hv. frsm. minni hl n., að þetta heimili hefði ekki lent á sveit, ef engin tryggingalöggjöf hefði verið til? Eða hvar hefði það lent annars staðar? En mér er kunnugt um, að síðustu þrjú árin, síðan þetta skeði, hefur þetta heimili bjargazt, án þess að fá nokkra aðstoð annars staðar frá, nema gegnum tryggingalöggjöfina. Og svo er þessi hv. þm., sem er í minni hl. n., að læða því inn í þskj. hér á Alþ., og má telja það lúalega að farið, að Tryggingastofnunin létti ekki fátækraframfærið á sveitarfélögunum. Ég verð að segja það, að þó ég þurfi ekki að aðstoða hv. 4. þm. Reykv. við að verja mál tryggingganna, þá gat ég ekki þagað yfir þessari ósvinnu. (**FRV:** Hv. þm. Barð. getur þó farið alrangt með það, sem stendur í nál., þar stendur: „létti fátækraframfæri af sveitarfélögunum“.) Það á þá víst að þyngjast á þeim með því, sem Tryggingastofnunin greiðir. Þó að tryggingarnar hafi ekki létt fátækraframfærslunni af að fullu, þá hafa þær létt miklu af sveitarfélögunum í því efni. En

skilyrðið til þess, að þessu sé létt að fullu af sveitarfélögunum, er, að það sé greitt nægilega mikið til tryggingannna til þess að þær geti létt af þeim allri fátækraframfærslu. — Hv. frsm. minni hl. n. segir í nál., að fátækraframfærið leggist nú á sveitarfélögin „með síauknum þunga ár frá ári um leið og gjöldin til tryggingannna hækka". Hver mun skilja þessi orð öðruvísi en svo, að þetta sé þáttur tryggingannna í málinu, að þær auki fátækraframfærið? (**HV:** Það mundi engum detta það í hug í Hafnarfirði.) — Og svo segir þessi sami hv. þm. hér enn: „Tryggingarnar eiga því mikið undir því, hvern hug forráðamenn sveitarfélaganna bera til þeirra, og ekki hyggilegt fyrir Tryggingastofnun ríkisins að ofbjóða þeim í neinu." — Þetta er kannske samúð með tryggingunum? — Nei, hér er beinlínis haldið fram, að tryggingarnar séu að ofbjóða sveitarfélögunum í sambandi við greiðslur til þeirra, — þó vitað sé, að í flestum tilfellum, síðan tryggingarnar tóku til starfa, hefur eins mikið ef ekki meira fé runnið til hvers sveitarfélags en sem því nemur, sem greitt hefur verið úr því til tryggingannna, sem er eðlilegt, vegna þess að mikill hluti af greiðslum til tryggingannna kemur annars staðar að en frá sveitarfélögunum. Það væri þannig hið mesta áfall fyrir sveitarfélögin, ef tryggingarnar hættu störfum. Og hvað sem það kann að hafa verið mikil tregða hjá ýmsum um að viðurkenna þetta, þá er nú svo komið, að gjaldþegnarnir sjálfir í sveitarfélögunum mundu rísa upp gegn þeim mönnum, sem kynnu að vilja draga úr starfsemi tryggingannna, ef ætti að gera það eða einhver reyndi til þess.

Svo kemur hér eitt orð enn í nál., sem ekki kemur Tryggingastofnuninni við á sama hátt og hitt, sem ég las upp, og það er í sambandi við vangreiddar skuldir ríkissjóðs til sveitarfélaganna. Úr því að þetta mál er tekið hér upp í sambandi við breyt. á tryggingalöggjöfinni, þá vil ég nota tækifærið til þess fullkomlega að mótmæla þessum fullyrðingum, sem koma fram í nál. í sambandi við það mál, sem alröngum og tilhæfulausum. Það, sem hv. 7. landsk. þm. nefnir í þessu sambandi, sem hann telur ríkissjóð skulda sveitarfélögunum, eru framlög til skólabygginga, sem hann segir, að nemi meiru en 10 millj. kr., sem vangreitt sé af ríkissjóði. En í sambandi við þessi framlög þá er það alveg óútgert nú, hvort þau eru fallin í gjalddaga. Það er það fyrsta. Fyrir því er nú enginn dómsúrskurður. Og væru þau fallin í gjalddaga, mundi áreiðanlega eins harðskeyttur oddviti og hv. 7. landsk. þm., frsm. minni hl. n., láta taka þetta fjárnámi og fá upphæðina greidda með vöxtum og vaxtavöxtum, að því er hans sveitarfélagi við kæmi. En ég er ekki búinn að sjá, að dómur um slíkt mundi falla honum í vil. Hitt þarf ekki um að deila, að ef það væri réttur skilningur á löggjöfinni, að hvenær sem byggingu einhvers skóla væri lokið af einhverju sveitarfélagi eða byggingu hafnar eða annars þess, sem ríkissjóður styrkir að einhverju leyti — að hvenær sem því verki væri lokið, þá væri fallinn fyrirvaralaust í gjalddaga sá hluti kostnaðarins, sem ríkissjóður ætti að láta af hendi til verksins, hvort sem þær upphæðir hefðu verið teknar upp á fjárl. eða ekki, þá er áreiðanlegt, að framkvæmdir yrðu ekki eins hraðar í þessum efnum og þær eru nú. Og ég er alveg viss um, að þegar um það væri fallinn dómur, ef svo færi, að þetta fé frá ríkissjóði skyldi talið fallið í gjalddaga í þessum tilfellum strax að framkvæmdum loknum, þá yrði gerbreytt hlutfallinu í sambandi við framlög ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar í sambandi við slíkar framkvæmdir. Því að þá væri ekkert annað hægt að gera. Þá væri ekki hægt að láta það vera svo, að sveitarfélögin byggðu fyrir margar millj. kr. þessi hús, þar sem ríkissjóður ætti að leggja fram 75%. Þá yrði að láta sveitarsjóðina leggja svo stóran hluta fram, að það takmarkaði framkvæmdirnar við það, hvað þeir gætu gert. Sannleikurinn er í þessu, að skilningur á þessu hefur verið og er sá, að ekki væri fallið í gjalddaga af þessum greiðslum ríkissjóðs annað en það, sem tekið er á fjárlög. Og þess vegna hafa viðkomandi stjórnarvöld leyft héruðunum að halda lengra áfram á þeirri braut með sínar nauðsynlegu framkvæmdir heldur en ríkissjóður hefur lagt jafnóðum fram fé á móti. Og það er alls ekki sæmandi að nota þetta í því skyni, að það séu rök hér í sambandi við þetta mál, sem fyrir liggur, undir neinum kringumstæðum. Og hv. 7. landsk. þm. talar hér í nál. um, að ríkissjóður búi „þar í glerhúsi sem oftar", því að hann skuldi sveitarfélögunum nú yfir 10 millj. kr. í vangreiddum framlögum til skólabygginga. Þetta er rangt. Og ef svo væri ekki, hvers vegna hefði þá hæstv. Alþ. ekki lagt til, að þessar 10 millj. kr. væru lagðar fram eftir þeirri leið að taka upphæðirnar á fjárl.? Og sannleikurinn er, að hv. 7. landsk. þm. er alls ekki sjálfur þeirrar skoðunar, að þetta beri ríkissjóði að greiða, án þess að það sé tekið á fjárlög. Því að ef hann teldi þetta beina skuld ríkissjóðs, mundi hann áreiðanlega vilja láta taka þessar fjárhæðir á fjárl., til þess að greiða þessar upphæðir út.

Mér þótti rétt að láta þessi mótmæli koma hér fram gegn þessu óvenjulega rætna nál., sem þessi hv. þm., sem það hefur sett fram, hefur tæpast flutt öðruvísi en á þann veg, að hann hafi verið undir óheppilega miklum áhrifum sér lakari manna, — ef hann hefur þá skrifað nál. sjálfur.

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Vegna þeirra ummæla, sem hv. frsm. minni hl. n. viðhafði hér áðan, held ég, að það sé óhjákvæmilegt, að ég gefi nokkrar upplýsingar, því að þar var hallað réttu máli. Hv. frsm. minni hl. ræddi mikið um, eins og á hefur verið bent, að framlögin til Tryggingastofnunarinnar frá sveitarfélögunum væru mjög þungbær. Ég hygg, að þetta sé algert rangmæli og á misskilningi byggt. En að sjálfsögðu verð ég að játa, að þetta fer eftir því, hvern samanburð menn gera á ástandinu annars vegar áður en l. um tryggingarnar voru sett og hins vegar eftir að þau l. voru sett. — Heildarupphæðin, sem sveitarfélögin greiddu til tryggingannna, voru 10,8 millj. kr. á ári undanfarin ár. 1949 voru útsvarsgreiðslur sveitarfélaganna um 75 millj. kr. á öllu landinu, og þá fóru tæplega 14% af heildarútsvarsgreiðslum þeirra til Tryggingastofnunar ríkisins. Nú árið 1951 er gert ráð fyrir, að framlag til Tryggingastofnunar ríkisins hækki um 8%. Ég hygg, að heildarútsvarsgreiðslur sveitarfélaganna hafi 1950

numið milli 90 og 100 millj. kr. á öllu landinu, þannig að þá verði upphæðin hlutfallslega lægri, sem sveitarfélögin greiða til Tryggingastofnunarinnar, miðað við heildarupphæð útsvarsgreiðslna hjá þeim það ár, heldur en 1949. — Þegar tryggingalöggjöfin var sett, var svo til ætlazt, að sá hluti kostnaðarins við hana, sem sveitarfélögunum var ætlað að bera, mundi nema einum sjöttu hluta af heildarkostnaði tryggginganna.

Í þeirri skýrslu, sem Tryggingastofnunin gaf út 1949 um starf sitt fyrir fyrstu tvö árin, sýndi sig, að útgjöld sveitarfélaga til fátækraframfæris var komið niður í 7% af heildargreiðslum útsvara hjá sveitarfélögunum. En áður en alþýðutryggingalögin voru sett árið 1936, voru yfir 50% af útsvörum sveitarfélaganna, sem gengu til fátækraframfærisins eingöngu. Þessi breyt. er vitanlega ekki eingöngu tryggingunum að þakka. Þar kemur fleira til greina, breytt árferði o. s. frv. — Og svo leyfir hv. 7. landsk. sér að láta í það skína, eins og skilja má af hans nál., að lítill munur sé á fátækraframfærinu á undan og eftir að tryggingalöggjöfin var sett. (**FRV:** Ég hélt, að hv. 4. þm. Reykv. væri sæmilega læs, þó ég væri ekki eins viss um það með hv. þm. Barð.). Það verður ekki annað skilið af nál. en að svona líti hv. 7. landsk. þm. á þetta. Og ég verð að harma það, að slík ummæli skuli hafa komið fram frá þessum hv. þm., sem er annars skýr maður. Ég hefði ekkert orðið hissa á því, þó að slíkt stæði í blaðagrein í Þjóðviljanum. (**FRV:** Það stendur í nál. „létta af", en ekki létta á. — **KK:** Það er annað að létta á eða létta af.) Ég skal nefna dæmi, sem sýnir það, sem hv. þm. verður að athuga, sem er það, sem nú skal greina. Framlag þess kaupstaðar, sem hefur sýnt hvað mesta tregðu um að greiða lögmæt gjöld til Tryggingastofnunarinnar, er 230 þús. kr. til þessarar stofnunar á ári. Áður en tryggingalöggjöfin gekk í gildi, voru bara ellilaun og örorkubætur, sem þessi kaupstaður greiddi, um 180 þús. kr. Og reynslan hefur sýnt, að útkoman hefur, hvað þetta snertir, orðið mjög svipuð því, sem ætlað var, þannig að allt framlag til Tryggingastofnunarinnar varð aðeins 50 þús. kr. hærra en sá kaupstaður áður greiddi eingöngu í ellilaun og örorkubætur. Og fullvíst er, að það, sem tryggingarnar hafa létt af í útgjöldum bæjarfélagsins, er meira en nemur þessum 50 þús. kr. Fátækraframfærið í þessum kaupstað skipti hundruðum þús. kr. á ári, á síðustu árunum áður en alþýðutryggingal. voru sett árið 1936, en lækkaði stórkostlega við það. Og einmitt svona er ástatt um ýmsa aðra staði á landinu.

Ég vil segja, að ef Tryggingastofnunar ríkisins hefði ekki notið við, þá hygg ég, að ekki hefði verið nokkur leið til þess hjá bæjarfélögum þeim, sem í vanskilum eru um greiðslur til Tryggingastofnunarinnar, að halda uppi framkvæmdum á undanförnum árum, því að þau hefðu orðið að láta sína þurfalinga sitja fyrir því, fé, sem þau höfðu yfir að ráða. — Frá fyrstu þremur starfsárum Tryggingastofnunarinnar eru útistandandi nú um 800 þús. kr. af því fé, sem sveitarfélögum bar að greiða stofnuninni, sem nemur 30 til 33 millj. kr. alls, svo að þessi upphæð út af fyrir sig er ekki geigvænleg. Þegar svo þessi skuldalisti er athugaður, kemur í ljós, að hin sömu sveitarfélög, að heita má, sem ár eftir ár hafa tregðazt við að greiða sín framlög til tryggginganna, hafa getað innheimt útsvör hjá sér nokkurn veginn eins eða ekki ósvipað og önnur sveitarfélög, a. m. k. fram til 1949 og 1950, en hafa bara notað féð, sem inn hefur komið, til annarra hluta, þannig að það fé, sem innheimzt hefur og átti að notast til að greiða tryggingunum, til þess að tryggja íbúa sveitarfélaganna, hefur verið notað til annars og ekki kannske ógagnlegra hluta. Þess vegna er rökrétt afleiðing af þessu sú að gera ráðstafanir til þess að tekjur, sem innheimtar eru og á lagðar til þess að mæta þessum ákveðnu útgjöldum, séu ekki notaðar til annars. Og það er það, sem nauðsynlegt er, að reynt sé að tryggja með þessu frv., sem hér liggur fyrir, eða á annan hátt. Því að það er rangt hjá hv. frsm. minni hl. n., að hér sé um refsiaðgerðir að ræða. Hins vegar komu fram til n. beinar till. um refsiaðgerðir í slíkum tilfellum sem ég hef að vikið, þannig að felldar yrðu niður bætur til manna, ef sveitarfélag stæði ekki í skilum. N. taldi, að það líktist því að hengja bakara fyrir smið að setja slík refsiákvæði í lög. Gat n. því ekki mælt með því, en telur hins vegar óhjákvæmilegt, að gerðar verði ráðstafanir til þess, að fé, sem á er lagt til þess að mæta þessum gjöldum til tryggginganna, sé til þess varið, en ekki til annars.

Ég tek undir það, að Tryggingastofnunin ætti að hafa góða samvinnu við sveitarstjórnirnar í landinu, og hún mun gera sitt til þess, að það geti orðið. En hvernig er það hægt í því tilfelli, þegar t. d. eitt sveitarfélag, þrátt fyrir það þótt innheimzt hafi útsvör hjá því, hefur vanrækt frá því 1947 að gjalda til Tryggingastofnunarinnar lögboðin gjöld?

Í sambandi við það, að ákvæði þessa frv. muni þrengja kost sveitarfélaganna, verður ekki hjá því komizt að benda á, að inn til sveitarfélaganna renna stórar upphæðir í heild frá tryggingunum. Og ég held, að það sé nú undantekningarlaust, að til allra umdæma innan tryggginganna fari meira fé frá tryggingunum heldur en þaðan er greitt beint til tryggginganna samanlagt, frá sveitarfélögum og einstaklingum. Ég hygg, að sveitarfélögin fái öll meira greitt inn til sín í bótafé heldur en það, sem þau greiða til tryggginganna. Nokkuð af þessu bótafé verður skattstofn fyrir viðkomandi sveitarfélög. — Þess vegna er það ákaflega mishermt og ranglátt að telja, að Tryggingastofnunin og aðgerðir hennar — eins og mér þó virtist koma fram í ræðu hv. frsm. minni hl. n. — séu þungbærar fyrir sveitarfélögin. Sannleikurinn er sá, að fyrir utan það öryggi, sem þegnunum er veitt með starfi þessarar stofnunar, þá hefur starf Tryggingastofnunarinnar bætt hag sveitarfélaganna heldur en hitt. Hitt er alveg rétt, sem hv. 7. landsk. þm. veit að nokkru, að sveitarfélögin eru ekki tryggð gegnum Tryggingastofnunina gegn atvinnuleysi né öðru slíku. Enda er ekki til þess ætlazt, eins og l. um þá stofnun eru nú.

Ég gat ekki látið vera að upplýsa það, sem ég áðan tók fram. Ég er því alveg samþykkur — og þakka hv. þm. fyrir þau ummæli — að yfirleitt hefur innheimtan gengið vel á gjöldum til tryggginganna, með þeim undantekningum, sem greint er frá á þeim lista, sem hv. þm. hafa séð. Hitt liggur líka í augum uppi, að ef þeim sveitarfélög-

um helzt slík vangreiðsla uppi til stofnunarinnar, þá mundu önnur sveitarfélög án efa fara þar í slóðina. Það er ekkert efamál, að ef sveitarfélög, sem staðið hafa í skilum, sjá, að öðrum sveitarfélögum er látið haldast uppi að gera sig sek um vanskil, þá er ákaflega hætt við, að þau reyni að prófa slíkt hið sama. Af því mundi að vísu leiða, eins og löggjöfin er nú, að Tryggingastofnunin gæti fengið sitt fé eftir öðrum leiðum, frá atvinnurekendum og ríkissjóði. En eins og nú háttar til, þætti mér ekkert ótrúlegt, að ef ríkisstjórnin ætti að láta greiða milljónir kr. úr ríkissjóði vegna þessara ákvæða, þá mundi hún skoða sinn hug og jafnvel breyta l. í þessu efni og skerða þann hlut, sem Tryggingastofnuninni er ætlaður eftir l.

Ég verð líka að segja það, að þrátt fyrir nál. og ræðu hv. frsm. minni hl. n., þá er ekki ákaflega mikill munur á till. ríkisstj. og till. hv. minni hl. n. í þessu efni. Munurinn er sá einn, að hv. minni hl. n. vill binda útsvarshlutann, sem haldið er eftir til greiðslna á skuldum við Tryggingastofnunina, við 25%, í stað þess, að útsvarshlutinn, sem lagt er hald á, sé ákveðinn með hliðsjón af hlutföllum milli heildarupphæðar útsvaranna og heildarupphæðar lögboðinna greiðslna sveitarfélagsins til Tryggingastofnunarinnar, og að einnig sé heimilt að leggja hald á tiltekin útsvör í sveitarfélaginu. Í langflestum tilfellum eru 25% útsvaranna ofar en þetta hlutfall segir til um. Það eru einstakir smærri sveitahreppar, sem litlu velta, sem mundu fara yfir 25% í þessu efni, en slíkt ætti sér ekki stað í kaupstöðunum. En þá væri hægt að nota líka ákvæðið um að leggja hald á hluta af útsvörunum. Ég álít, að tryggara sé fyrir ráðun. að hafa ákvæðið viðkomandi því að geta tekið hluta af útsvörum upp í vangreiddar skuldir sveitarfélaganna til Tryggingastofnunarinnar. Og ég álít ekki ástæðu til þess fyrir sveitarfélögin almennt að búast við, að tryggingarnar sköpuðu þeim vandræði, sem mundu leiða til þess, að þau mundu verða að snúa sér til ráðun. vegna þessa. Hins vegar sýnist það vera meiningarlaust að láta sveitarfélögum haldast það uppi að ráðstafa þeim tekjum til alls annars, sem þau innheimta, meðan ógreidd eða vangoldin eru gjöld til tryggingganna, sem ríkissjóður ber ábyrgð á og skylt er að greiða eftir l. — En meginástæða ráðun. til þess að vilja hafa heimild til þess að leggja hald á og taka tiltekin útsvör í þessu skyni, til lúkningar þessum skuldum, er sú, að ríkisstj. óttast, að skuldajöfnun sveitarfélaga gæti í sumum tilfellum gert hundraðshlutaregluna lítils virði í þessum efnum, eins og gerð var grein fyrir við fyrri umr. málsins.

Ég endurtek það, sem ég tel meginatriði í þessu sambandi, að hér er ekki um refsiaðgerðir að ræða, heldur ráðstafanir til þess að tryggja, að það, sem á er lagt og innheimt í útsvörum og það í ákveðnu augnamiði, til þess að greiða til tryggingganna, þeir peningar renni þangað, en ekki sé hægt að taka þá til annars. Ef svipuð ákvæði þessu eru ekki leidd í lög, þá sé ég ekki, að önnur leið sé fyrir hendi en sú, að svo fari áfram eins og farið hefur fram til þessa. Það hefur ekki verið farið harðar í sakir en það, að ef einhver vanskil hafa orðið í þessum efnum, þá hefur ráðun. verið tilkynnt það og óskað, að það hlutaðist til um, að úr þessu yrði bætt. Og oftast hafa einhver ráð verið fundin til þess að lúka skuldinni. Ef þessar ráðstafanir ekki duga annað árið eftir að slík skuld hefur orðið til, þá er ráðun. skrifað og óskað, að það gangi eftir, að skuldin sé greidd. Og ráðun. hefur tjáð mér, að þegar svo er ástatt, þá eigi það ekki annars úrkosta en að setja viðkomandi sveitarfélög undir eftirlit, sem ég hygg, að í flestum tilfellum sé ógeðfelldara sveitarfélögunum en þessi leið, sem hér er um að ræða í þessu frv., sem hér liggur fyrir, og meiri skerðing á athafnafrelsi sveitarfélaganna en í þessum till. til breyt. á l. felast.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Ed., 29. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs, var fjölmennara hér í hv. deild en nú er, og þá var hér staddur hv. minni hl. heilbr.- og félmn., sem flutt hefur brtt. við þetta frv., sem ég lýsi stuðningi við; þó eru það einkum 2 brtt. hans, sem ég vil sérstaklega styðja og leggja áherzlu á, eins og hann gerði raunar sjálfur líka. Það er í fyrsta lagi brtt. við 1. gr. Ég álít það hins vegar, úr því að almannatryggingarnar taka að sér að greiða meðlög til barnsmæðra með óskilgetnum börnum, þá álít ég það hins vegar, að þær annist ekki að fullu innheimtu og endurheimt þessara meðlaga. Ég tel óþarft að leggja það á dvalarsveitir barnsmæðranna að reka mál eða lána fé vegna þessara óreiðumanna. Ég mun því hiklaust styðja brtt. hv. minni hl. — Hin till. er brtt. við 4. gr. frv. Ég álít, eins og flm. brtt., undarlegt, hve félmrn. leggur mikla áherzlu á að fá þennan rétt fyrir ríkið til harðrar innheimtu á hendur þeim sveitarfélögum, sem hér er farið fram á. Ég ætla ekki að fara að bera í bætifláka fyrir þau vanskilasveitarfélög, sem hafa undanbrögð að ástæðulausu á þessum greiðslum, en hitt er staðreynd, að sveitarfélög geta komizt í svo erfiðar kringumstæður, að þau lendi í vanskilum við Tryggingastofnunina, án þess að það séu nokkrar refjar af þeirra hendi. Eins og hv. 7. landsk. tók fram í umr. um þetta mál, — ég hef athugað það síðan og veit að það er rétt, — þá má telja, að allt að 80% af útgjöldum sveitarfélaganna séu lögbundin, og þegar svo er, hafa þau litlu úr að spila til þeirra framkvæmda, sem þau sjálf ákveða, og lítið upp á að hlaupa. Mér finnst það næsta auðskilið og náttúrlegt, að gjöldin til tryggginganna, þó þau virði tryggingarnar mikils, verði út undan ef þau komast í þrot. Ekki geta sveitarfélögin lagt niður að greiða til skólanna og ekki mega þeir stöðvast, ekki geta sveitarfélögin heldur lagt undir höfuð að sjá þurfamönnum fyrir framfæri þeirra, og ekki geta sveitarfélögin dregið greiðslur til sjúkrasamlaganna, þannig að það er niðurstaðan, að þegar áföll verða, þá lendir það á tryggingunum, máske öðrum frekar, að dregnar verði greiðslur til þeirra. Það þarf ekki vont hugarfar til tryggginganna til þess að þetta komi fyrir, síður en svo, hvað þá að það réttlætti, að sá réttur, sem hér er verið að fara fram á til handa ríkinu til þess að krefja sveitarfélögin um greiðslur, sé eingöngu miðaður við það, að verið sé að sækja fé á hendur hröppum. Ég held, að það sé rétt hjá mér, að þekkist ekki sú innheimtuaðferð, sem hér er ætlað

að beita gegn sveitarfélögunum, að ganga megi í val útsvara og velja úr tekjunum. Hv. þm. Barð. sagði, að hér væri verið að veita ríkinu sama rétt gagnvart sveitarfélögunum og þau hefðu á innheimtu útsvara, þ. e. a. s. þetta væri samsvarandi við lögtaksheimildina. Það er rétt hjá hv. þm., að útsvör eru hreint ekki sjaldan innheimt með lögtaki, en þetta er þó ekki það sama, því þegar lögtak er framkvæmt, þá er þó ekki nær gengið en það, að útsvarsgreiðandi má vísa fram þeim eignum, sem hann helzt vill af hendi láta, og þeim er skyldugt að veita viðtöku eftir mati, en hér biður umboðsmaður ríkisins aðeins um útsvarsskrána og merkir sér þau útsvör, sem hann helzt vill innheimta. Ef hliðstæða væri í þessu efni, mætti oddviti eða bæjarstjóri vísa fram þeim útsvörum, sem hann helzt vildi af hendi láta. Ég held, að ekkert sé athugavert við það, þó lagt sé hald á ákveðinn hluta útsvara jafnharðan og þau innheimtast, en með þessu frv. er of langt gengið og ekki freklega til orða tekið, þó sagt sé, að sveitarfélögunum sé sýnd lítilsvirðing með því að beita þau svona harðri innheimtukló, og ekki samboðið stofnun eins og tryggingunum að láta innheimta fé með slíkum hætti, og þess gerist heldur engin þörf fyrir tryggingarnar. Þær þurfa á velvilja að halda og eiga ekki að brjóta hann af sér með því að beita sveitarfélögin slíkum afarkostum.

Ég held, að það sé rétt og það sé sanngjarnt, sem hv. 7. landsk. sagði hér í umræðum um þetta mál, að tryggingunum hefði ekki tekizt að létta af sveitarfélögunum framfærslu þurfamanna. Ég tek þetta fram vegna þeirra orðaskipta, sem fram hafa farið í hv. deild um þetta efni. Hins vegar hafa þær létt á sveitarfélögunum í þessu efni, en þó ekki svo, að mikill þungi hvílir á þeim enn þá, og hætt er við, að hann fari vaxandi, því ekki er fullkunnugt um, hver eru sannindi í þessu, og ekki nægir að vitna í liðinn tíma, sem hefur verið óvenjulega góður atvinnutími, svo þurfamenn hafa orðið færri en ella, en hætt er við, að þeim fari fjölgandi á komandi árum, og þá breytist það hlutfall, sem verið hefur um þessi mál. Tryggingastofnunin er vinsæl stofnun, en þó er það nú svo, ef farið yrði að ganga á sveitarfélögin með því að velja úr útsvörum, að þá yrði það gagnrýnt, að tekið væri fé af sveitarfélögunum til þess að greiða fjölskyldubætur, máske til efnaðasta mannsins í sveitinni, eða til að greiða konu hans fæðingarstyrk o. s. frv. Ég bendi á þetta vegna þess, að því hefur verið haldið fram, að Tryggingastofnunin skili sveitarfélögunum svo miklu fé, að ekki sé tiltökumál, þó að sveitarfélögin verði að borga sitt framlag til tryggingarnna. En því er nú einmitt svo farið, að mikið af því, sem tryggingarnar borga, fer í aðra staði en þá, sem sveitarfélögin geta beinlínis talið sér til tekna. Ég viðurkenni þó, að það sé rétt í málflutningi þeirra, sem vilja leggja hald á útsvör ríkisstofnana, svo sem áfengisverzlunarinnar og síldarverksmiðja ríkisins, og væri reiðubúinn til að greiða slíkri till. atkv., að ríkið tæki til sín útsvör þessara stofnana, en þau gengju ekki til vanskilasveitarfélaga.

Ég hef nú lýst afstöðu minni til þessa máls, og ég vænti þess, að hv. deild skoði vandlega hug sinn, áður en hún samþykkir að beita sveitarfélögin þessari innheimtuaðferð, sem vafalaust verður sveitarfélögunum mjög erfið.

Jóhann Jósefsson: Það var um það bil er umr. voru að fjara út á síðasta fundi, að ég kvaddi mér hljóðs. Hér höfðu þá orðið, að því er mér virtist, allharðar deilur milli hv. frsm., en ég ætla ekki að gera þann ágreining svo mjög að umræðuefni. Þeir hafa hvor fyrir sig rétt til brunns að bera, og inn á deilur um það, hvort almannatryggingarnar séu þarfar eða þess maklegar, að þær fái sín iðgjöld greidd, álít ég óþarfa að fara. En það er önnur hlið og víðara sjónarmið, sem ég vildi taka í þessu máli, sjónarmið, sem mér finnst, að þetta frv. sýni, að hæstv. ríkisstj. hafi látið liggja á milli hluta að taka. Hér er með frv. um almannatryggingar skotið inn alveg sérstöku ákvæði varðandi vanskil sveitar- eða bæjarfélaga við tryggingarnar sjálfar, og með ákvæðum 4. gr. frv. er gengið svo röggsamlega frá innheimtuaðferðum í sambandi við vangoldin iðgjöld, að það er engu líkara en þetta hafi samið einhver prókúrator, þ. e. þetta er samið í hinum sterka tón hins atorkusama innheimtumanns, sem ekki lítur til hægri né vinstri, heldur eingöngu á það, að hér þarf að ná inn ógreiddum skuldum, og finnst hann hérna hafa dottið ofan á heppilega leið til þess að framkvæma þessa innheimtu. — Ég hefði metið það mikils, ef hæstv. félmrh. hefði séð sér fært að hlusta á þau rök, sem ég hef fram að færa í þessu máli. (**Forseti:** Væri þá ekki bezt að láta ná í hæstv. ráðh.?) Jú, það væri gott. (Félmrh. kemur inn í d.) Já, ég væri þakklátur ráðh., ef hann vildi hlusta á það, sem ég kynni að leggja hér til, því að mér finnst hér vera um nokkuð stórt prinsípatriði að ræða, og vitanlega er þetta, í því formi sem það er, ef samþ. verður, gert á ábyrgð hæstv. ráðh.

Hv. þm. S-Þ. (KK) segist hallast að brtt. minni hl. í þessu máli, sem að vísu gengur þó í þá átt, að leggja megi hald á part af útsvari til þess að greiða þessa sérstöku skuld, nefnilega almannatryggingaskuldina. Telur hv. þm. S-Þ., að hann velji þar þá leið, sem hafi að hans dómi heldur minni agnúa á sér en eins og stendur í frv., þar sem gert er ráð fyrir, að annaðhvort megi fara þá leið að taka hundraðshluta af álögðu útsvari eða eyrnamarka, eins og frv. ætlast til, allt útsvarið til þess að fá upp í skuldir tryggingarnna, sem ég álít ekki geta komið til greina. Mér þykir hvorugt aðgengilegt. Hér er orðið um ákaflega mikið vandamál að ræða að því er snertir fjárhagsástæður og fjármálastjórn hjá sveitarfélögum og þó sérstaklega hinum minni bæjarfélögum. Við vitum, að löggjöfin hefur ár eftir ár lagt á herðar þessum bæjarfélögum, sem og sveitarfélögunum, alls konar byrðar, alls konar skyldur, að greiða til hins og greiða til annars, en við hliðina á því hefur sá háttur tíðkazt og fer mjög í vöxt, að einmitt bæjarfélögin taki að sér ýmiss konar rekstur, og hann jafnvel mjög áhættusaman, sem óhjákvæmilega, ef ekki gengur allt í bezta lagi með afkomu þess rekstrar, hlýtur að lenda á herðum borgaranna í því bæjar- eða sveitarfélagi. Nú er sérstök löggjöf til hér í landinu um eftirlit með bæjar- og sveitarfélögum frá árinu 1945, l. nr. 90, og þar eru ein-

mitt ýtarlegar reglur og fyrirmæli um það, hversu með skuli farið, þegar svo er komið, að slík bæjar- eða sveitarfélög orka ekki af einum eða öðrum ástæðum að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum við ríkissjóð eða skuldbindingum, sem ríkissjóður ber ábyrgð á. Og það er tekið fram í lagagr., að þetta eigi við það, að þegar viðkomandi sveitarfélög vanrækja að standa við þessar skuldbindingar, þá geti ráðh., eftir að hafa gert ítrekaðar tilraunir til að ráða bót á þessum misfellum, ákveðið, að sveitarfélagið skuli sett undir eftirlit að liðnum 6 mánuðum, sé skuldin ekki greidd innan þess tíma. Svo koma fyrirmæli um það, hversu því eftirliti skuli hagað og hvernig viðreisn sveitarfélagsins skuli hagað með hjálp rn. — Nú, þetta ákvæði, sem nú skýtur upp höfðinu í sambandi við Tryggingastofnunina, fer alveg sínar eigin götur, því að þar er tekinn upp nýr háttur og annar en l. um eftirlit með bæjar- og sveitarfélögum gera ráð fyrir. L. um eftirlit með bæjar- og sveitarfélögum gera ekki ráð fyrir þessari aðferð, sem hæstv. ríkisstj. vill hafa á samkv. þessu frv. að því er snertir tryggingagjöldin. Ég hygg, að einmitt það, að þessi leið er valin, feli ekki í sér þær fyrirgreiðslur til góðrar úrlausnar á fjármálum bæjar- og sveitarfélaga, sem einmitt er gert ráð fyrir í l. um eftirlit með bæjar- og sveitarfélögum. Nei, það er eins og ég sagði áðan, að hér er valin skemmsta leið, prókúratorsstjórn, sem stendur fyrir innheimtunni og leggur niður fyrir sér, hvernig er hægast að ná inn þessum skuldum.

Að því er snertir að eyrnamarka útsvör einstaklinga, greiðslu þessara sérstöku skulda til framdráttar, þá vil ég benda á það, að það hefur um langan tíma verið svo í mörgum bæjarfélögum, að einmitt getumestu gjaldendurnir hafa hjálpað bæjunum til þess að standa undir gjöldum sínum og til þess að undirhalda þurfalinga og því um líkt, venjulega á erfiðustu tímum ársins, upp á það, að fyrirgreiðsla þeirra yrði svo greidd með væntanlegu útsvari. Þetta veit ég, að hefur a. m. k. tíðkazt í Vestmannaeyjum í langan aldur, að þessir gjaldendur hafa fúsir og viljugir gert þetta, líka vegna þess, að nauðsynin hefur verið mjög aðkallandi fyrir bæjarfélagið, og hitt vita menn, að alltaf kemur að því, að menn eigi að greiða útsvörin, svo að þetta hefur orðið, má segja, nokkuð mikil venja, jafnvel áður en l. voru sett um það, að bæjarfélög gætu látið útsvarsgjaldendur borga hluta af sínu útsvari fyrir fram. Ef nú þessi háttur yrði á hafður og menn ættu von á því — og vil ég biðja hv. þdm. að athuga það, — þegar búið er að leggja á og útsvarsskráin er samin — það dregst sums staðar nokkuð langt fram á árið, jafnvel fram í apríllok eða maí, — þá getur vel verið, að innheimtumaður ríkisins segði við mig: Útsvarið þitt fyrir 1950 og 1951 á að ganga til ríkisins, þú mátt ekki borga það til bæjargjaldkerans. — Þetta gæti ég ímyndað mér, að yrði framkvæmdin á þessari 4. gr., ef að l. yrði. — Þegar menn ættu kannske von á þessu, geri ég ráð fyrir, að menn yrðu langtum tregari til að láta bæina fá nokkrar fyrirframgreiðslur upp í útsvörin. Mér hefur verið bent á það af einum nm. í prívatsamtali, að alltaf yrði dregið frá það, sem búið væri að borga upp í útsvörin. Það gæti kannske orðið, en gæti kannske líka lent í brösum, en ég skal ekki deila um það, en vildi aðeins taka fram, að slíkt atriði sem þetta mundi veikja aðstöðu bæjarfélaga, gera aðstöðu þeirra gagnvart gjaldendum veikari, og það tel ég vera mjög varhugavert. Og það mundi ekki vera neitt hættuminna að gera þetta gagnvart þeim bæjarfélögum, sem standa fjárhagslega illa, en hinum, sem standa fjárhagslega vel, því að hin síðar nefndu geta alltaf staðið slíkt af sér, en hin mega illa við því, að kippt sé stoðunum undan vissum hluta af útsvörunum, annaðhvort með því að taka þau beint af gjaldendum eða þá hinu, sem kann að vera eitthvað skárra, að taka það sem hundraðshluta af öllum greiddum útsvörum. Ég hef verið í nokkuð mörg ár í bæjarstjórn og er vanur því að semja fjárhagsáætlanir og öðru slíku, og ég held, að það sé ekki nema mannlegt að gera ráð fyrir, að menn í bæjarstjórn og fjárhagsnefndum yfir höfuð, ef þetta frv. yrði að l. og við setjum svo, sem vel getur komið fyrir, að innheimtumaður ríkisins krefjist 20% eða meir af útsvörunum einhvern tíma á árinu upp í þessar vangoldnu skuldir til Tryggingastofnunarinnar, — þá segi ég, að það sé ekki nema mannlegt að gera ráð fyrir, að fjárhagsnefndir í bæjunum hefðu frekar tilhneigingu til að auka kröfur sínar á bæjarbúa jafnvel umfram það, sem nauðsynlegt væri eftir hinni venjulegu og ákvörðuðu fjárhagsáætlun í það og það sinnið. Það er nærri því eins og að gera fyrir afdriftinni á siglingu, þar sem sú hætta mundi vofa yfir, að ríkisvaldið seildist í fjárhirzlu bæjanna beinlínis og hirti það, sem þyrfti upp í þessar skuldir, sem hér er verið að ræða um. — Ég bendi á það enn í þessu sambandi, að mörg bæjarfélög eru komin út í rekstur, — taprekstur og annað slíkt, þar sem hættan á tapi ýmist er skollin á eða vofir yfir, og þess vegna er hægðarleikur fyrir hvaða fjárhagsnefnd sem er að áætla einhverja og einhverja summu til óvissra útgjalda með það að bakhjarli, og mundu menn fá byr undir báða vængi að hafa þær summur heldur ríflegri, þegar búast mætti við, að ríkisvaldið tæki vissan part af útsvarinu. En þetta hlyti að leiða til þess fyrir borgarana, að útsvörin yrðu hærri, og þar af leiðandi tel ég þessa leið ótæka með öllu. Ég segi þetta á engan veg sem niðrandi í garð þeirrar velvirtu stofnunar, almannatrygginganna. Þær eiga auðvitað rétt á að fá það, sem þeim ber, en sú aðferð, sem hæstv. ríkisstj. leggur til, að verði viðhöfð, er að mínum dómi mjög hættuleg. Ég skal játa, að það er náttúrlega mjög erfitt að eiga við ítrekuð vanskil, en þess er bara að gæta, að það er til ýtarleg löggjöf um þetta efni, og þegar þess er gætt, og settar hafa verið af hinu opinbera ákveðnar reglur um þetta, ekki aðeins um að fá vanskilunum úr vegi rutt, heldur líka um það að koma á heilbrigðu fjármálalífi í þessum bæjar- og sveitarfélögum, með aðstoð ríkisvaldsins, þá ætla ég, að á meðan ekkert af því, sem þessi löggjöf gerir ráð fyrir, hefur verið framkvæmt, — hefur verið reynt, þá standi ríkisvaldið eiginlega ekki vel að vígi með að vera mjög þunghent á viðkomandi bæjar- eða sveitarfélögum. Ég vil minna á það, að l. um eftirlit með bæjar- og sveitarfélögum eru sett með það höfuðmarkmið fyrir augum, að ríkisstj. fái lagalega aðstöðu til að innleiða heilbrigðari meðferð á fjármunum fólks á

þessum stöðum. Og það er það sjónarmið, sem ég hefði óskað, að hæstv. ríkisstj. hefði tekið á þessu máli.

Ég minntist á það, að þetta mundi ýta undir þá freistingu hjá forráðamönnum bæjanna að leggja heldur þyngri útsvör á en ella, til þess að mæta þeim frádrætti tekna, sem við mætti búast á hverri stundu vegna þessa frv., ef að lögum yrði. Og þar sem í viðbót við allt það, sem hv. þm. S-Þ. (KK) talaði um og skylt er að greina, svo sem framlög til skóla, launamanna, lögregluþjóna og kennslu í bæjunum, — þar sem við þetta bætist ýmiss konar atvinnurekstur, þá er engin bæjarstjórn í vandræðum með að hækka fjárhagsáætlunina eftir vild.

Niðurstöðurnar af þessum athugunum mínum eru því þær, að hvað snertir innheimtuaðferðina, sem lagt er til í þessu frv., að verði viðhöfð, þá er ég þeirrar skoðunar, að hún mundi auka á vandræðin, en ekki leysa þau. Og ég er ekki óttalaus um, að þetta gæti orðið gjaldendum í viðkomandi bæjar- eða sveitarfélögum til hnekkis, en ekki til léttis. Það er áreiðanlegt, að þetta er ekki rétta leiðin, sem hér er fyrirhugað að fara, heldur sú leið, sem löggjöfin frá 1945 gerir ráð fyrir, en hún hefur hvort tveggja í för með sér: Hún gerir eftirlitið mögulegt, og hún leggur líka á ráðin um það að hjálpa bæjar- og sveitarfélögum til þess að koma sér á heilbrigðan grundvöll. — Og það kæmi sér ákaflega vel, að þessi löggjöf um eftirlit með bæjar- og sveitarfélögum væri meira en bara pappírinn, sem hún er skrifuð á, því að þar er gert ráð fyrir leiðbeiningum og ráðleggingum og að vissu leyti líka valdbeitingu stjórnarinnar, ef ekki tjóa önnur úrræði. Og mér er nú spurn, af hvaða ástæðu lögin frá 1945 skuli vera sniðgengin eins og þau væru ekki til, og aðeins kippt út úr þessu eina tilfelli og valin þessi að mínu áliti skaðlega leið til að innheimta gjöld fyrir þessa stofnun og svo punktum og basta. Allt annað má drasla áfram eins og verkast vill.

Ég vil ekki lýsa því yfir, að ég fylgi þessu frv. eins og það er orðað; ég hef sýnt fram á, að það sé hæpin leið, sem þar er farin. Hv. þm. S-Þ. sagðist heldur mundu fylgja till. minni hl., og get ég tekið undir, að þær séu sönnu nær. En sú innheimtuleið, sem þar er bent á, er þó að mínu áliti litlu betri.

Nei, það, sem er skylda þings og stjórnar, er að stýra afskiptum sínum af sveitarfélögunum í þá átt, að sem bezt sé farið með það fé, sem borgararnir greiða af hendi í opinber gjöld. Slík afskipti væru vissulega holl, bæði fyrir þá, sem stjórna, og hina, sem búa undir stjórn þeirra. Það hefur löggjafinn séð, og því eru til komin lögin frá 1945, þar sem ríkisstj. er gefin full vísbending og vald til að greiða fram úr þessum málum. Hér er hins vegar ekki farin sú leið, heldur felur þetta frv. í sér óbeina ýtni um að fara lengra niður í vasa gjaldþegnanna en þörf er á. Það sjónarmið, sem er ráðandi í frv., er sjónarmið innheimtumannsins, og ég hefði talið félagsmálaráðuneytinu skylt að hafa víðara sjónarmið og leitast við að skapa borgurunum, sem það gætir hagsmuna fyrir, meira öryggi.

Þetta er 2. umr. þessa máls, og ég býst ekki við að gera að svo stöddu brtt. við frv. En ég hef hugsað mér að bera fram við það brtt., og jafnvel einnig brtt. minni hl., áður en málið fer út úr deildinni. En það, sem mér þætti mest um vert, væri tilraun ríkisstj. til að lagfæra þessi mál í heild, eftir því sem lög standa til, og láta af því að beina innheimtunni inn á þessar brautir.

Frsm. minni hl. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Það hafa nú orðið miklar umr. um þetta frv., og á síðasta fundi var af hálfu meiri hl. n. vikið að mér allhörðum ummælum, sem e. t. v. væri ástæða fyrir mig að svara. Mun ég þó láta það ógert að sinni, en halda mér í þess stað að málsatriðum, og þá sérstaklega að ákvæðum 4. gr., er mestur styr hefur staðið um.

Ég hef leyft mér í nál. að fara nokkrum orðum um aðstöðu sveitarfélaganna, vegna þess að í grg. frv. og í málflutningi yfirleitt er að mínu áliti gert meira úr nauðsyn aðgerða á hendur þeim en réttmætt getur talizt og eðlilegt. Ástæðan, sem höfð er á oddinum, er sú, að 5—6 sveitarfélög skuldi tryggingunum um 800 þús. kr. Hins vegar eru þær upphæðir, sem sveitarfélögin áttu að greiða Tryggingastofnuninni á þessu tímabili, eða frá 1947—49, 33 millj. kr.; og vanhöldin nema aðeins 2—2½%, og getur það ekki talizt stór hundraðshluti miðað við allar aðstæður. Þetta út af fyrir sig er því ekki mikið tilefni til að herða svo innheimtuákvæðin. Í því sambandi mætti t. d. spyrja, hve miklum vanhöldum Tryggingastofnunin hefði orðið fyrir á sama tíma af ýmsum öðrum tekjuliðum. Ég hygg, að þau vanhöld séu meiri en af því fé, sem sveitarfélögin greiða til hennar. Í heilbr.- og félmn. var lagt fram yfirlit um hag Tryggingastofnunarinnar, og af því sést, að mjög stórir tekjuliðir frá öðrum aðilum eru vangoldnir í árslok 1949. — Þá mætti enn fremur spyrja, hvort sveitarfélögin, sem skulda þessi 2—2½%, hafi ekki sjálf orðið fyrir meiri vanskilum af þeim, sem áttu að greiða fé til þeirra og það jafnvel ríkissjóði sjálfum. Ég held, að öllum, sem starfa við sveitarfélögin, þætti þeim gjöldum vel til skila haldið, ef ekki stæði meira eftir en þessi hundraðshluti. — Þá ber í þriðja lagi fullkomlega að taka til greina, að þau sveitarfélög, sem hér eiga hlut að máli, hafa í þessu alveg sérstakar málsbætur; þetta eru útgerðarbæir, sem hafa á undanförnum árum átt allra sveitarfélaga örðugasta afkomu, slík hrakföll sem að útveginum hafa steðjað. Og úr því að tæpt hefur verið á nöfnum af hv. 4. þm. Reykv., sé ég ekki ástæðu til annars en að tilgreina, hvaða sveitarfélög hér er um að ræða; en þau eru Ólafsfjörður, Siglufjörður, Ísafjörður, Keflavík, Vestmannaeyjar og Hafnarfjörður. Mun hinn síðast taldi hafa greitt skuld sína eftir áramót. — Allir þessir bæir eiga skattgreiðendur sína fyrst og fremst meðal útgerðarfélaga, sjómanna og fólks, sem á allan hag sinn undir viðgangi útgerðarinnar, og þarf ekki að leiða að því neinum getum, sem víst er, að þeir hafa orðið fyrir miklum vanhöldum á sínum tekjum. — Því hefur verið slegið hér fram, að ég væri að læða inn óvild til Tryggingastofnunarinnar með afstöðu minni. Mér er nú spurn, hvort nokkur ímyndi sér, að vangreiðslur sveitarfélaga, sem stjórnað er af flokksbræðrum hv. 4. þm. Reykv., stafi af óvild til trygginganna. Ég held það sé ljóst, að hvorki afstaða mín né þessara sveitarfélaga sé mótuð af slíkri óvild. Í heild hafa sveitarfélögin

greitt langsamlega stærstan hluta gjalda sinna til stofnunarinnar, eða 98 kr. af hverjum 100, sem þeim bar að greiða, miðað við árslok 1949 og miðað við upphæðir, sem taldar eru í vanhöldum nú um áramót.

Mitt sjónarmið í þessu máli er af þessu mótað, og enn fremur því, að ég get fallizt á, að skapazt hafi nýtt tilefni með breytingu Alþ. á tryggingalöggjöfinni nú fyrir nýár til að skapa stofnuninni meiri tryggingu fyrir, að hún fái gjöld sín greidd, þar sem kalla má, að aðstaða hennar í þessu efni sé nú gerbreytt. Ég vildi því ekki ganga á móti því, að hert yrði á innheimtuákvæðunum, enda þótt það sé rétt, sem hv. þm. Vestm. benti á, að lög eru til um þetta efni, þar sem t. d. er gert ráð fyrir aðgerðum eins og dagsektum. Hins vegar get ég með engu móti fallizt á það, að sú till., sem starfsmaður úr félagsmálaráðuneytinu stendur hér að og hv. meiri hl. styður, sé heppileg. Enda er það svo, að fyrst bryddi á till., sem gekk út á það að svipta hina tryggðu rétti sínum, ef þeir lentu í vanskilum, og það upp til hópa, ekkjur og munaðarleysingja. En þessi till., svo fráleit sem hún var, sýnir, af hvaða hugarfari að þessu er gengið — bæði með ofsa og ofstæki, en alls ekki af fullri skynsemi. Hún var að vísu dregin til baka, en þessi till., sem hér liggur fyrir, er mótuð af hinu sama hugarfari: að setja sem hörðust viðurlög, ef út af bregður um greiðslurnar. En það er svo um slík viðurlög, að þar er stundum of langt gengið því til tjóns, er gagn skyldi vinna. Og um þessi ákvæði er ég sannfærður, að þau mundu verka öfugt við tilgang sinn. Það lægi þannig beint við fyrir sveitarfélögin eða starfsmenn þeirra að afhenda ríkissjóði til innheimtu ekki aðeins tiltekin útsvör, heldur öll útsvörin og gera sér þannig hægt um hönd, er að kreppir. Till. er þannig ekki aðeins lítilsvirðing við starfsmenn sveitarfélaganna, heldur einnig líkleg til að vekja andúð á þeirri stofnun, sem hún á að styðja.

Eins og ég hef þegar sagt, þá hef ég ekki treyst mér til að ganga á móti því, að nokkru þyngri viðurlög verði sett til að tryggja aðstöðu stofnunarinnar frekar, sem með nýrri lagasetningu er orðin erfiðari en áður var. Það sýnir ekki andúð frá minni hálfu til Tryggingastofnunarinnar, að ég hef lagt til, að leggja megi hald á 25% álagðra útsvara í sveitarfélögunum til greiðslu á framlögum til hennar. Mér er þó ljóst, að benda mætti á það, að í einstökum sveitarfélögum eru útsvör lögð á ríkisstofnanir, sem eru sér í flokki. En ég hef ekki séð ástæðu til að taka það sérstaklega til greina. Ég álít, að það muni nægja að leggja hald á þessi 25% til þess að greiða áfallnar skuldir og með því muni sveitarfélögin fljótlega losna undan löghaldinu á útsvörunum. Það má vel vera, að einhverjum færi eins og hv. þm. Vestm., að þeir geti ekki einu sinni sætt sig við þessa till. Og vil ég þá lýsa því yfir, að ég get verið fylgjandi hverri þeirri till., sem viðfelldnari gæti talizt fyrir sveitarfélögin, ef hag Tryggingastofnunarinnar væri þá jafnframt ekki miður borgið.

Ég sagði í upphafi, að ég mundi ekki svara, eins og raunar væri þó maklegt, ummælum, sem féllu hér í minn garð fyrir helgina. En hins vegar vil ég taka fram, að mér fannst í ummælum hv. 4. þm. Reykv. gæta nokkurs misskilnings á aðstöðu sveitarfélaganna fyrr og nú til fátækraframfærslu og afstöðu sveitarsjóðanna til trygginganna. Ég segi um þetta í nál. mínu, að það sé nú komið í ljós, að tryggingalögin létti alls ekki fátækraframfæri af sveitarfélögunum; en sú skoðun var höfð uppi, að þau mundu gera það að miklu leyti. En í þessu sambandi er mjög villandi, eins og hv. 4. þm. Reykv. lét sig hafa, að gera samanburð á fátækraframfærslunni fyrir stríð, eða 1936, og framfærslunni nú á síðari árum, þegar hún hefur fallið niður að miklu leyti, miðað við það, sem áður var. En það er ekki vegna tryggingalaganna, heldur fyrst og fremst vegna stórbættrar afkomu alls almennings. Og það eru fullkomnar blekkingar að bera það fram, að það séu tryggingarnar, sem létt hafi þessum gjöldum af sveitarsjóðunum, svo að þau hafi ekki orðið nema 7—9% af útgjöldum þeirra 1947. Og þó þau væru það þá, þá er hlutfallið strax allt annað nú, þegar því góðæri er lokið, sem þá var í landinu.

Þá var hv. þm. enn fremur með þá röksemdafærslu, að þær uppbætur, sem til fólksins í sveitarfélögunum rynnu, væru hærri en þau gjöld, sem þaðan kæmu frá hinum tryggðu. En þetta gefur alls ekki rétta mynd af því, hver útkoman verður fyrir sveitarsjóðina, og hér kemur féð í allt annan stað niður en uppbætur til fátækraframfærslu áður fyrr. Hv. 4. þm. Reykv. er þetta vel ljóst, og hann getur ekki lagt áherzlu á þessa röksemdafærslu. Hann sagði, að þessar tryggingabætur yrðu að skattstofni fyrir sveitarfélögin. Mjög víða eru tryggingabæturnar alls ekki notaðar sem skattstofn fyrir sveitarfélögin. Ég get ekki fullyrt um það, nema þar, sem ég er kunnugastur, í mínu sveitarfélagi, en þar hafa bætur ekki verið notaðar sem skattstofn fyrir útsvarsálagningu, því ég lít svo á, að þær bætur séu ekki nema að litlu leyti bætur fyrir þau áföll, sem viðkomandi hefur orðið fyrir og tryggingunum er ætlað að bæta, en þær megna á engan hátt að bæta úr þessu. En þau almennu atriði, sem ég hef leyft mér að benda á í nál. og framsögu, eru frá mínu sjónarmiði augljóslega þau, að eins og komið er, er ekki hægt að ætlast til þess, að sveitarfélögin geti tekið við auknum álögum, sem vitanlega lenda beint á fólkinu, sem í þeim býr; það er ekki hægt lengur, því að það er komið að þeim mörkum, sem hægt er að fara, um álagningu skatta á fólk, bæði einstaklinga og fyrirtæki. Ég álít þegar komið yfir þau, og ákvæði til þess að herða á innheimtunni, eins og hér liggur fyrir, hljóti að leiða til þess, að sveitarfélögin verði að beita slíkum aðferðum til þess að ná inn bæði þessum gjöldum og öðrum, að það verði alls ekki við það unað og verði til þess, að menn fáist ekki til að standa í því að leggja slík gjöld og skatta á meðborgara sína og innheimta þau með hörkubrögðum, svipuðum eða verri en þeim, sem nú er lagt til, að ríkið beiti þessi sveitarfélög til þess að ná inn þessum gjöldum. Ég hygg, að það komi að því, að færri og færri menn vilji gefa sig í það að vera innheimtumenn fyrir ríkissjóð, án þess að vera til þess knúðir. Ég álít því, ef ákvæði þessa frv. verða samþ., að það muni sýna sig, að þau mundu vekja andúð þeirra, sem fyrir þeim verða, bæði forráðamanna og starfsmanna sveitarfélaganna og fólksins, svo að það mundi alls ekki borga sig eða vera heppilegt fyrir Tryggingastofn-

un ríkisins að samþ. þau eins og þau nú liggja fyrir.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Varðandi 4. gr. frv. þá vildi ég taka undir það, sem hér er látið uppi, að mér finnst of langt gengið í því að skerða sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga og tek undir það, sem hv. þm. Vestm. sagði, að mér virðist vera réttara, í stað þess að hafa þá aðferð, sem hér um ræðir, að breyta reglunum um eftirlit með sveitarfélögum. Hins vegar get ég ekki séð, að meiningamunur sé að þessu leyti á þeirri brtt., sem hér er komin fram, og frv. Mér virðist hún að meginefni hafa alla þá sömu ókosti, sem frv. hefur, frá sjónarmiði sveitarfélaganna, og ég get því fyrir mitt leyti alls ekki stutt þá till. Það er tekið fram fyrir hendurnar á sveitarfélögunum með þeim hætti, sem verður að telja mjög hæpið, til þess að efla sveitarfélögin í því að reyna að sjá sér sjálfum farborða og kunna fótum sínum forráð. Mér finnst því, að þetta ákvæði sé ekki með öllu heppilegt. Hitt skil ég vel, að menn hafi hugleitt, hverjar ráðstafanir skyldi gera til þess að reyna að ýta undir innheimtuna, vegna þess að vitanlegt er, að hún hefur gengið treglega, og ég kvaddi mér hljóðs til þess að koma því á framfæri, að þessi gr., hvort sem hún er samþ. óbreytt eða með brtt., er óheppileg. Ég vildi því skjóta því fram, hvort Tryggingastofnuninni virðist ekki eðlilegt að leggja þau gjöld, sem hér eru lögð á sveitarfélögin, beint á gjaldendurna og sjá sjálf um innheimtuna á þeim; þá þyrfti hún ekki að eiga í neinu stappi við sveitarfélögin með innheimtu á þeim, og þá væri engin hætta á því, að þannig færi, eins og hv. þm. Vestm. gat um, að peningarnir væru innheimtir og þeim varið til einhvers annars. Hv. 4. þm. Reykv., sem hér talar sérstaklega fyrir hönd Tryggingastofnunarinnar, taldi það líka vera mikilvægan þátt í þessu máli, að bæjarstjórnirnar legðu í þetta fé. Nú má segja, ef þetta er þannig, sem beinn nefskattur, að þá kæmi það óréttlátlega niður, en þá er líka hægt að hugsa sér, að tilllaginu til Tryggingastofnunarinnar væri jafnað niður eftir sömu reglum og sams konar gjaldstiga eins og útsvör eru lögð á, og svo, í stað þess að sveitarfélögin ættu að sjá um innheimtuna, þá tæki Tryggingastofnunin sjálf að sér að gera þetta. Með því móti fyndist mér, að Tryggingastofnunin slyppi fram hjá þeirri hættu, sem menn gera hér mest úr, að sveitarfélögin misfari með fé, og hún geti þá sjálf annazt um það, að innheimtan gangi skörulega fyrir sig, og aðeins sé tryggt, að hæfilega sé tekið tillit til mismunandi efnahags manna við niðurjöfnun gjaldanna. Það kunna að vera á þessu einhverjir örðugleikar, en mér fyndist rétt að athuga, hvort þessi lausn á málinu geti ekki komið til greina.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þessu frv. Þau eru greinilega nokkuð stór sjónarmiðin, sem koma fram hjá hv. þm. S-Þ. og hv. 7 landsk. þm., sem a. m. k. um langt skeið hafa báðir verið oddvitar. Virðist mér það vera nokkur stórmennska fyrir hönd sveitarfélaga að segja, að ef eigi að fara að hafa einhverja slíka aðferð við innheimtu á tryggingagjöldum eins og lagt er til hér, þá sé þar með sýnd lítilsvirðing hinum frjálsu sveitarfélögum, og þar fram eftir götunum. Ég get vel skilið þetta að ýmsu leyti, en mér virðist þetta þó ekki vera aðalatriðið í þessu máli. Aðalatriðið í þessu máli er það, að hægt sé að koma á einn eða annan hátt heppilegra lagi á innheimtu tryggingagjaldanna; það hygg ég, að allir geti verið nokkurn veginn sammála um, að sé aðalatriði málsins. Hitt er svo annað mál, að komið hefur fram misbrestur á þessu á vissum stöðum, þannig að innheimtan hefur gengið illa, og það hefur þegar verið viðurkennt af hv. þm. Vestm., sem ákveðnast hefur talað gegn þessum reglum öllum, að þetta fé, sem lagt er á gjaldendur, hafi oft verið tekið og notað til annarra þarfa. Þetta viðurkenndi hv. þm. Vestm. mjög greinilega, og það er einmitt þetta atriði, sem á að reyna að tryggja með þessu, að það fé, sem réttilega er lagt á gjaldendurna, verði afhent eins og vera ber, og það er af því, að vitað er, að nokkur misbrestur er á þessu á nokkrum stöðum, að reynt er að taka upp skipulag eins og þetta. Þetta er aðalatriði málsins. Því falla niður ýmsir sleggjudómar, eins og hjá hv. 7. landsk., um harkalegar aðfarir og ýmislegt annað í þessu sambandi, hér er aðeins verið að stefna að því, að fé fari eins og ætlazt er til, þegar sveitarstjórnirnar leggja gjöldin á, og vegna þess að þetta hefur ekki tekizt, þá verður framkvæmdin þessi. Það er þetta atriði, sem ég fyrir mitt leyti legg megináherzlu á í þessu máli. — Hv. þm. Vestm. talaði hér áðan og mælti algerlega á móti öllum aðgerðum í þessa átt og sagði þær óþarfar, jafnvel þó að hv. þm. í öðru orðinu væri búinn að viðurkenna, að fé væri ekki afhent, sem lagt hefði verið til tryggingana, og það væri í vissum tilfellum notað til annarra þarfa en ætlazt er til. Ég lít þannig á, að Alþ. sé nokkur vandi á höndum í þessum efnum, og sé ekki hægt að horfa aðgerðarlaust á, að svo fari fram eins og í einstökum tilfellum hefur farið fram um þessa hluti, og það er m. a. af því, að eins og allir hv. þm. vita, þá stendur ríkið í ábyrgð fyrir vangreiddum iðgjöldum til alþýðutryggingana; ef ekki er hægt að innheimta þau hjá sveitarfélögunum, þá verður ríkið að greiða það. Það hefur verið sagt, og ég skoða það ekki sem neina illgirni, og tæpast getsakir, í garð þeirra sveitarstjórna, sem hafa lagt á iðgjöld til almannatryggingana og innheimt þau, en ekki afhent þau til tryggingana, eins og vera ber, heldur notað þau í aðrar þarfir, — þó þær hugsi sem svo, að það geri ekki svo mikið til, þó þær standi ekki í skilum með þetta, því það sé ríkissjóður, sem stendur á bak við og greiðir gjöldin, ef sveitarstjórnirnar gera það ekki og láta þetta ganga í einhverjar aðrar þarfir. Ég sé ekki annað en hægt sé að athuga sjónarmið eins og þetta. Hv. þm. Vestm. talaði með töluverðum þunga og var með hálfgerð svigurmæli um það, hvers vegna ráðuneytið notaði ekki þá heimild, sem það hefði í l. um eftirlit með bæjar- og sveitarfélögum, og setti þessi sveitarfélög undir opinbert eftirlit, og mér virtist hann einmitt óska eftir, að þessu ákvæði væri beitt miskunnarlaust í öllum tilfellum, hvenær sem ástæða væri til, því hv. þm. notaði þetta svo oft í sinni ræðu og var með dylgjur um það, að félmrn. mundi hafa vanrækt að nota þessa aðferð gagnvart sveitarfélögunum, ekki ein-

göngu, að mér virtist, hvað snertir almannatryggingarnar, heldur fleiri atriði. Nú veit ég ekki, hvað hv. þm. Vestm. meinar með þessu. Ég veit nú um eitt bæjarfélag, sem hefði átt fyrir 3 vikum að vera búið að setja undir opinbert eftirlit, og ég veit um nokkur bæjarfélög, sem eiga samkv. l. um opinbert eftirlit, ef ekki er hægt að koma lagi á vissa hluti varðandi innheimtuna, að afhenda gjaldið til almannatrygginganna. En ég held, að óhætt sé að fullyrða, að síðan ég kom í félmrn., þá hafi ekki verið hægt samkv. landslögum að setja bæjarfélög undir opinbert eftirlit, þannig að það hefur ekki þar verið um neina vanrækslu að ræða. Ég vil líka taka það fram, að ég skoða það sem mitt hlutverk að gera það sem unnt væri til að forðast, að slíkt væri gert, en sum bæjarfélög eru komin á það stig, að það er skylda samkv. l. að taka þau undir opinbert eftirlit. En ég hef þá trú, að það sé miklu heppilegra, að bæjarfélögin sjálf beri ábyrgð á sínum gerðum, eftir því sem mögulegt er, og ég vil í lengstu lög reyna önnur úrræði en að svo þurfi að fara, og það hafa einmitt verið reynd mörg úrræði af félmrn. til þess að innheimta gjöldin til almannatrygginganna, til þess að forðast að til slíks þyrfti að grípa, að setja bæjarfélög undir opinbert eftirlit. Ég tel það neyðarúrræði, sem aðeins eigi að grípa til, þegar ekki er hægt að nota nein önnur úrræði. En mér virtist hæstv. dómsmrh. líta eins á þetta mál og hv. þm. Vestm., að það væri sjálfsagt að grípa til þess ráðs eins, ef ekki væri um full skil að ræða af hálfu sveitarfélaga. Ég skoða þessa till. hér fram flutta sem miðlunartill. til þess að herða á innheimtunni, að það sé gert áður en þurfi að grípa til þess örþrifaráðs að setja bæjarfélög undir opinbert eftirlit, og ég er sannfærður um það, að þó að hæstv. Alþ. kannske vilji nú ekki fallast á þá till., sem hér liggur fyrir, — því mér heyrast veðrabrigði í ýmsum, sem áður voru fylgjandi svipuðum aðgerðum eins og þessum varðandi lausn þessa máls —, þá mun það innan skamms standa gagnvart því að verða að gera eitthvað í þessum efnum. Ríkissjóður getur ekki staðið í ábyrgðum, eins og nú er, fyrir innheimtu almannatryggingagjalda, öðruvísi en það sé tryggt á einn eða annan hátt, að þau gjöld, sem eru innheimt, verði afhent. Þetta geta allir verið sammála um. Þegar fara að verða stórkostleg vandræði með innheimtu útsvara, þá eru náttúrlega líka vandræði með innheimtu á gjaldinu til almannatrygginganna, og þá er hægt að tala um, að ástæða sé til að gera aðrar ráðstafanir, eins og t. d. að setja sveitarfélög undir opinbert eftirlit, eða annað slíkt. Ég ætla ekki að fara inn á það úrræði, sem hæstv. dómsmrh. minntist á, hvort það væri ekki betra að losa almannatryggingarnar frá sveitarfélögunum og leggja gjöldin beint á gjaldendurna og láta Tryggingastofnunina annast innheimtuna. Þetta er gerbreyting á l. um almannatryggingar, og hefði verið gott að fá þetta fram í vetur, þegar meginefni þeirra l. var til meðferðar, því hér væri um svo stóra breyt. að ræða, ef ætti að ganga inn á það. En fljótt á litið virðist mér þetta ekki heppileg leið. Það eru sveitarfélögin, sem eiga að njóta hlunnindanna af almannatryggingunum, því verður ekki mótmælt, það eru íbúar hvers sveitarfélags, sem við hvers konar erfiðleika eiga að etja, og l. eru því geysilega mikil aðstoð til þeirra, sem verst eru settir þar, og þess vegna orkar það ekki tvímælis, að það léttir geysilega á og sveitarþunginn verður miklu minni en ella. Ég hef fyrst og fremst haft trú á almannatryggingal. vegna þess, að þau hafa rétt hjálparhönd til þeirra, sem verst eru settir í þjóðfélaginu, án þess að setja á þá nokkurn stimpil, sem svaraði til sveitarframfærslu. Það er einmitt á þessum grundvelli, sem mér hefur virzt almannatryggingal. mjög merkileg. Ég fyrir mitt leyti legg ákveðið til, að þetta frv. nái fram að ganga. Ég gæti mjög sætt mig við einhverja breyt. á þeirri gr. frv., sem er aðalgr., og frv. er ekki borið fram nema vegna hennar og vegna þess, að ég lýsti yfir, þegar þingi var frestað fyrir jól, að það mundi verða lagt fram frv. varðandi það atriði, sem þá var búið að ganga hér í gegnum Ed., en strandaði vegna þingfrestunarinnar í Nd. Ég vil því beina því til hv. 7. landsk., hvort hann mundi vera fús til þess að taka aftur sína till. og sínar till. til 3. umr., sem hér liggja fyrir nú. Það væri hægt milli umr. að athuga, hvort samkomulag næðist milli meiri hl. heilbr.- og félmn. og hans um lausn á málinu. En ég get ekki annað en látið uppi, hver reynslan er af þessu, og ég tel nauðsynlegt, að að einhverju leyti sé horfið að slíkri innheimtu og það verði að gera á einhvern þann hátt, sem hér er lagt til, og það virðist ekki vera það mikið, sem á milli ber í þessari till. hv. 7. landsk. og meiri hl., að ekki sé hægt að brúa það bil. Ég er viss um, að fyrir almannatryggingarnar er langbezt, að hert sé á þessu ákvæði nú og reynt að gera hreint borð, eftir því sem hægt er í þessum efnum. Ég er ekki viss um, að það yrði vinsælt að fara þá leið í þessu máli að setja fyrirvaralaust hvert bæjarfélag undir opinbert eftirlit, sem ekki gæti í einum hvelli staðið í skilum með sínar skuldbindingar gagnvart almannatryggingalögunum, ég hef ekki trú á, að það yrði heppilegri leið en það, sem hér er bent á. Forsvarsmenn bæjarfélaganna, bæði hv. þm. S-Þ. og hv. 7. landsk., hafa gert mikið úr því, að þetta yrði svo óvinsælt í sveitarfélögunum. Ég hef ekki svo mikla trú á því. Mér virtist það koma fram hjá hv. þm. Vestm., að hann liti jafnvel svo á, að það væri hægt að beita þessu ákvæði við sveitarfélag, sem stæði í skilum, það væri hægt að koma til þeirra og leggja hald á einhvern ákveðinn hluta útsvarsins. Þetta er mesti misskilningur. Það dettur engum í hug, að þessu sé hreyft fyrr en um veruleg vanskil er að ræða; öll önnur sveitarfélög eru algerlega laus við þessi ákvæði.

Þá var hv. þm. með bollaleggingar um það, að þetta gæti orðið hættulegt vegna þess, að sveitarfélög mundu verða örari í að leggja á heldur en annars, og það mundi verða til þess, að þau legðu meira á gjaldendurna en annars væri þörf. Þetta get ég ekki skilið. Ég held einmitt, að fá sveitargjöld séu ákveðnari en almannatryggingagjöldin, því það er hægt að vita fyrir fram, hvernig þau eru, og því er hægt að ganga að því vísu, hvað það er, sem þar er um að ræða. Ég skil því ekki bollaleggingar hv. þm. um þessi atriði. En sem sagt, ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég hef ekki sannfærzt að neinu leyti af rökum andstæðinga þessa máls um það, að ekki sé þörf fyrir þetta, en er sannfærður um, að það þarf að gera slíkar ráð-

stafanir eins og þessar; það er bezt fyrir alla aðila, almannatryggingarnar og sveitarfélögin, að slíkt verði gert. En hitt þætti mér vænt um, að hv. 7. landsk. sæi sér fært að draga sínar till. til baka til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Út af fyrirspurnum hæstv. dómsmrh. í þessum efnum, hvort ekki væri einfaldara, þar sem gengi erfiðlega með innheimtu bæjarfélaga, að ganga fram hjá bæjarfélögunum og Tryggingastofnunin innheimti sjálf iðgjöldin, vildi ég mega segja þetta: Eins og hann vakti athygli á, þá eru útsvörin lögð á eftir efnum og ástæðum, stighækkandi eftir því, sem tekjur eða eignir eru meiri, en varðandi iðgjöld til almannatryggingganna, þá eru þau ákveðin án tillits til tekna hlutaðeigenda. Ef ætti að skipa þessum málum á þann hátt, sem hæstv. ráðh. bendir á, þá væri um tvær leiðir að velja: Að hækka persónugjöldin um það, sem þyrfti til þess að ná þeirri upphæð, sem tryggingunum bæri, eða að mismuna mönnum í iðgjöldum, þannig að eftir því, sem tekjur þeirra væru hærri, þá væru iðgjöldin hærri. Ég verð að segja það strax, að ég er algerlega andvígur þessari breyt. á l. og áliti það óheillaspor, ef þessi leið væri farin. Hæstv. ráðh. veit, að þetta var mikið rætt þegar tryggingal. voru sett. Meginástæðan til þess, að ég er andvígur þessari leið, er sú, að ef farið væri að mismuna mönnum í iðgjöldum eftir tekjum, þá væri ómögulegt að standa gegn þeirri kröfu að bæta einnig hlutfallslega miðað við iðgjaldagreiðslur og greiða hærri bætur til þeirra, sem borguðu hærri iðgjöld; svo er það alls staðar, þar sem þessi regla er viðhöfð. Hjá lífeyrissjóði embættismanna og barnakennara greiða menn ákveðinn hluta af kaupi sínu og því hærri sem tekjurnar eru meiri, en eins og hæstv. ráðh. er vel kunnugt, þá eru þau ellilaun, sem þessir menn taka, miðuð við mismunandi hátt kaup; sá hefur mest eftirlaun, sem hæst kaup hefur, og ég er ekki í neinum vafa um það, að sama regla yrði barin í gegn hjá tryggingunum, ef iðgjöldin væru mishá, að bæturnar yrðu þá líka mismunandi háar. Fyrir allan almenning er þetta tvímælalaust rétta leiðin, og álít ég það spor aftur á bak, ef frá henni væri horfið. — Það kom fram í umr., að með tryggingalögunum væri lögð þungbær byrði á sveitarfélögin í heild. Það er enginn vafi á, að fyrir sveitarfélögin eru tryggingalögin verulegur léttir. Aðstoð til sveitarfélaga kemur misjafnt niður, eins og hæstv. félmrh. sagði réttilega. Þau félög, sem eru verst fjárhagslega stödd, njóta mestrar hjálpar, því að þangað rennur mest tillag. Þetta var öllum ljóst, þegar löggjöfin var sett. Verð ég að segja, að sú reynsla, sem hefur fengizt, hefur staðfest það. Ekki er það vegna framlaga, sem þau greiða, heldur þrátt fyrir það, vil ég næstum segja.

Það, sem um er að ræða, er að veita félmrh. heimild til þess að fara þá leið, sem í frv. greinir. Sú heimild er aldrei notuð, nema þegar um stórfellda vanrækslu er að ræða, og í öðru lagi með fyllstu varúð og með hliðsjón af aðstæðum. Þetta spillir ekki hag sveitarfélaganna, en ætti að hjálpa þeim til að koma undir sig fótunum. Ekki er hægt að leggja þetta vald í hendur Tryggingastofnuninni. Það, sem um er að ræða, er að koma í veg fyrir, að sveitarfélög, sem lagt hefur verið á, innheimti útsvörin og taki þetta fé og noti til annars, en greiði það ekki til Tryggingastofnunarinnar. Þetta er ástæðan til þess, að skuldum er safnað. Lögð eru útsvör á og þau innheimt, en fénu ekki skilað til viðkomandi aðila, heldur notað til annars. Þetta er ætlunin að fyrirbyggja.

Ég held því fram, að til þessa séu ástæður. Það er alveg rétt, sem hv. 7. landsk. þm. sagði, að um stórfelld vanskil hefur ekki verið að ræða. Til 1949 gekk innheimtan sæmilega. Útistandandi eru um 800 þús. krónur frá 1947—49, eða 3% af álögðum framlögum. En eftir 1950 hefur gengið þunglegar að innheimta, sérstaklega hjá þeim sveitarfélögum, sem vanskil voru hjá áður. Þessi góða innheimta til 1948 á rætur sínar að rekja til þess, að Tryggingastofnunin hafði safnað nokkrum sjóðum og gat létt undir með lánum. Augljóst er, að ef einstökum sveitarfélögum leyfist að lána fé frá Tryggingastofnuninni til nauðsynlegra þarfa, er hætt við, að önnur sveitarfélög fari sömu leið. Það verður að spyrna við fótum og gera ráðstafanir til þess, að það endurtaki sig ekki, að það verði halli á stofnuninni, en halli hefur verið á undanförnum árum. Hún verður að fá tekjurnar með skilum, og lánastarfsemi hennar verður að falla niður. Tel ég rétt fyrir ríkisstj. að fyrirbyggja, að innheimta útsvara sveitarfélaga sé notuð til annars. Eftir að hafa heyrt ræðu hv. þm. S-Þ., staðfestist ég í þeirri skoðun. Hann sagði: „Er ekki eðlilegt, að sveitarfélögin dragi að greiða til Tryggingastofnunarinnar? Þau geta ekki látið vera að greiða til sjúkrahúsa, geta ekki látið vera að greiða til skólanna," o. s. frv. — Á hv. þm. S-Þ. við, að þau eigi heldur að láta vera að greiða til Tryggingastofnunarinnar? Ég vildi bæta við þessa upptalningu, að þau geti ekki látið vera að greiða til Tryggingastofnunarinnar. — Ef Tryggingastofnunin væri ekki, væri fátækraframfærsla mikil. Ég veit ekki, hvernig þetta er í heimasveit hv. þm., á sumum stöðum er hún léttari, á öðrum þyngri. Barnameðlög er stærsti liðurinn. Það, sem sveitarfélögin þurfa að greiða með óskilgetnum börnum fyrir barnsfeðurna, skiptir milljónum króna. Í ýmsum tilfellum eru bætur Tryggingastofnunarinnar ekki fullnægjandi, og þarf að bæta við. Fátækraframfærslan mundi þyngjast, og í þeim sveitarfélögum, sem mest er ógoldið, mundi hún þyngjast mest.

Hv. 7. landsk. þm. vék að því nokkrum orðum í ræðu sinni, að lækkun á fátækraframfærslu 1948 væri ekki Tryggingastofnuninni að þakka. Þetta er alveg rétt. Ég skal fúslega viðurkenna, að þar eru fleiri ástæður að verki, en Tryggingastofnunin er ríkasti þátturinn. Um það, að Tryggingastofnunin hafi ekki létt af fátækraframfærslunni, er alveg rétt, en hún hefur lækkað hana stórkostlega. Óryggi sveitarfélaga er aukið frá því, sem var, þegar misæri og atvinnuleysi var.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr. mjög, þó að ég hafi mörgum að svara, en ætla að svara hv. þm. Vestm., sem var einna þungorðastur í garð frv. Sagði hann, að hér væri skemmsta og æskilegasta leiðin, að sveitarfélögin væru sett undir beint eftirlit. Þetta held ég, að sé ofmælt og vanhugsað. Skemmsta leiðin er að fá dóm á hlut sveitarfélaganna og leggja hald á eignir, sem hægt

er að fá hald á, og óska síðan að fá greiðslu úr sveitarfélögunum. Álítur hv. þv. Vestm., að hans leið væri æskilegri fyrir sveitarfélögin en þessi leið? Við vitum, að Tryggingastofnunin hefur gert samninga við þessi bæjar- og sveitarfélög um greiðslur, en án árangurs. Athugun hefur leitt í ljós, að framlagið er lítið hærra en það, sem var greitt til elli- og örorkubóta, áður en Tryggingastofnun ríkisins kom. Það er ekki um auknar álögur að ræða og ekki um, að útsvör hafi ekki verið innheimt. Það, sem gerzt hefur, er það, að útsvörin hafa verið innheimt, en notuð til annarra hluta, ég segi ekki óþarfa, en ekki greidd til Tryggingastofnunarinnar. Þetta getur ekki gengið. Bæjarfélögin fá féð lánað til framkvæmda. Það er augljóst, að ef einstök bæjar- eða sveitarfélög gera slíkt, munu önnur fara sömu leið. Má taka málið fyrir dóm eða heimta greiðslu frá ríkissjóði. Við vitum ekki, hvort þessi leið er heppileg fyrir sveitarfélögin. Ummæli hafa komið frá hæstv. ráðh. um, að brtt. hv. 7. landsk. þm. sé tekin aftur til 3. umr. og bíð ég eftir því, hvernig því reiði af.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Ed., 30. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það hefur verið tekið dauflega undir till. mínar í þessu máli, og skal ég ekki sækja það fast á þessu stigi málsins. En ég vil benda á það, að *mótbárur* hv. 4. þm. Reykv. gegn þeim eru haldlausar. Hv. þm. sagði, að ef gjald hvers einstaklings væri mishátt, þá gætu þeir gert misháar kröfur til tryggingana, en hv. þm. gleymir því bara, að þessu er nú á þann veg farið í raun og veru, þó að verið sé að reyna að leyna því fyrir almenningi. Það, sem skeður, er það, að sveitarsjóðirnir innheimta fyrir tryggingarnar, því að engin ástæða er til þess, að sveitarsjóðirnir greiði sjálfir nokkuð til tryggingana, heldur er hér verið að dreifa gjöldunum, svo að Tryggingastofnunin verði ekki óvinsæl, hér er því um að ræða feluleik til að hylja það, hvað raunverulega er goldið til tryggingana, en ekki það, að gjöld einstaklinga til tryggingana séu öll jafnhá, en að halda slíku fram er hin mesta fjarstæða. Það mundi því koma alveg í sama stað niður, þó að þeim hluta, sem sveitarsjóðirnir greiða nú til almannatrygginganna, væri jafnað niður eftir sama skattstiga á þegnana eins og þeir greiða nú þessi gjöld eftir, þannig að hærri gjaldendur mundu greiða hærra gjald en hinir, sem minna mundu telja fram. Ég sé ekki, að annar munur sé á þessu en sá, að Tryggingastofnunin innheimti allt sjálf og gjaldendurnir sjái, hvað þeir verða að greiða í þessu skyni. Ég get vel skilið, að hv. 4. þm. Reykv., sem er forstjóri Tryggingastofnunarinnar, vilji láta þær óvinsældir, sem af því stafa að innheimta gjöld til stofnunarinnar, lenda á öðrum, en ég held, að aðrir vilji ekki til lengdar una við það að taka á sig óvinsældir þær, sem af innheimtu þessari leiðir. Ég er ekki með þessu móti að ráðast á tryggingarnar, því að þær eru mjög gagnlegar. En ég get ekki séð, að það, sem hv. 4. þm. Reykv. færði fram gegn till. mínum, hafi við nein rök að styðjast. Viðvíkjandi brtt. hv. minni hl. heilbr.- og félmn. varðandi þetta atriði, þá sé ég ekki, að hún sé til neinna bóta, og mun ég því greiða atkv. bæði gegn frvgr. og brtt.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég held, að það væri nú þess vert, að tekin væri til athugunar sú ábending um innheimtu gjalda til almannatrygginganna, sem komið hefur fram hjá hæstv. dómsmrh., og mundi vinnast mikið við það. Við það ynnist það, að þau óhamingjusömu bæjar- og sveitarfélög, sem komizt hafa í stórskuldir við Tryggingastofnunina, yrðu ekki útsett fyrir álas á Alþingi, jafnvel frá þeim, sem settir eru til að þjóna þeim, eins og mér fannst dálítið gæta í ræðu hv. 4. þm. Reykv. á síðasta fundi. En honum er ekki láandi, þó að hann beri sig dálítið illa yfir vanskilunum, og mundu fleiri gera í hans sporum. En til er sú leið til að gera þetta öruggara fyrir Tryggingastofnunina að sneiða alveg hjá afskiptum bæjar- og sveitarfélaga af þessum innheimtum. Og ég vil, að það sé tekið til athugunar að losa bæjar- og sveitarfélögin við þessa innheimtu. Þau hafa alveg nóg á sinni könnu til að angra gjaldendurna með, þó að það bætist ekki við að innheimta gjöld fyrir ríkið eða ríkisstofnanir. Það er þess að gæta, að ríkið hefur sína eigin innheimtumenn, og ef þeir væru látnir annast um þetta, þá yrðu ekki fyrir þær freistingar að grípa til þessara peninga til að greiða fram úr aðsteðjandi vandræðum, eins og vill henda hjá bæjar- og sveitarfélögum, þar sem ýmisleg óvænt útgjöld geta komið fyrir, sem ekki er gert ráð fyrir á fjárhagsáætlunum. Slíkt mundi ekki koma fyrir, ef sýslumaður, bæjarfógeti, hreppstjóri — og ég tali nú ekki um — sérstakur innheimtumaður sæi um þessa innheimtu. Hæstv. félmrh. talaði svo áðan, að ég held, að hann hafi misskilið mig. En hann sagði, að ég hefði verið með dylgjur. Ég sagði, að félagsmálaráðuneytið gæti samkvæmt lögum haft full afskipti og stjórn á fjárreiðum bæjar- og sveitarfélaga, ef um slíkt er beðið eða hlutaðeigandi aðili stendur ekki í skilum, og ég bar þessa leið saman við þá leið, sem farin er í frv. Ég taldi réttara að fara fyrri leiðina heldur en að búa til þetta skábretti, og fara heldur þá leið um innheimtu til almannatrygginganna og ýmsar aðrar innheimtur, sem hægt væri að ná inn á annan hátt en þann að leggja hald á hluta útsvara. Og það var þessi síðari leið, sem ég átaldi, leiðin, sem felst í þessu frv., sem hér er til umr. Ég vil alls ekki viðurkenna, að ég hafi verið með dylgjur, en það *má ef til vill* segja, að ég hafi verið með ákúrur.

Þá er það annað, að hæstv. ráðh. taldi sig ekki hafa skilið mig, þegar ég taldi, að ef þessi háttur væri á hafður, mundi það hvetja forráðamenn bæjar- og sveitarfélaga, sem komin væru í slík vanskil einhvern tíma á fjárhagstímabilinu, að ríkissjóður fyrir hönd tryggingana hremmdi hluta af útsvörunum, til að áætla útsvörin hærri en þeir annars mundu gera. Ég veit ekki, hvort þetta er nægilega skýrt til þess að hv. þm. skilji það, en hæstv. félmrh. skildi það ekki, — en það er þó auðskilið. Allar bæjarstjórnir bera ábyrgð á því, að allar þær framkvæmdir, sem gert er ráð fyrir að gera á árinu, nái fram að ganga, en verklegar framkvæmdir byggjast á því, að til sé nægilegt

fjármagn til þeirra. Ég veit, að öll bæjar- og sveitarfélög vilja standa í skilum um fé til menntamála, samgöngumála, heilbrigðismála o. s. frv. Fjárhagsáætlun hvers árs er við þetta miðuð, og okkur er vel kunnugt, að tekjulindir bæjar- og sveitarfélaga eru sáralitlar fram yfir útsvörin, og eru þau því þungamiðjan í tekjum þessara aðila. Ég vil geta um það í þessu sambandi, að nauðsynlegt er, að ríkisvaldið, sem stöðugt er að íþyngja þessum aðilum með síauknum kröfum, sjái þeim fyrir nýjum tekjuliðum við hliðina á útsvörunum. Það er farið að bera allmikið á því úti um land, að innheimta gjalda dregst eða bregzt, svo að ekki er heppilegt, að afkoma bæjar- og sveitarfélaga og það, hvort þau standa í skilum með þau gjöld, sem þeim ber að inna af hendi, byggist einvörðungu á útsvörunum. Þetta var nú hliðarspor, en snertir þó málið sjálft allmikið. Við skulum nú gera ráð fyrir, að tekjur og útgjöld bæjarfélags næmu 1 millj. kr. á fjárhagsáætlun ársins, og er þá ekki ólíklegt, að undir slíkum kringumstæðum ættu útsvör að standa undir $^{7}/_{10}$—$^{8}/_{10}$ hlutum útgjaldanna, og hitt væri þá sá tekjureytingur, sem bæjar- og sveitarfélög hafa utan útsvara. Ef útsvörin næmu nú 800 þús. kr. á þessum stað, og auk þess væri bæjarfélagið skuldugt sem næmi nokkrum hundruðum þúsunda króna, ýmist gömlum eða nýjum skuldum, og fyrirsvarsmenn bæjarins vissu, að einhvern tíma á árinu fengju þeir kveðju frá innheimtumanni ríkisins um það, að þeim bæri að skila 10—20% af útsvörunum til Tryggingastofnunarinnar, — þegar allt þetta væri á vitorði manna þeirra, sem semdu tekjuáætlun ársins, væri þá nema eðlilegt, að þeir hefðu útsvarsupphæðina ívið drýgri en þeir hefðu annars gert, til að vega upp á móti yfirvofandi kröfu? Ég held, að hverjum manni ætti að vera þetta auðskilið mál og að með þessum ráðstöfunum er enn verið að þrengja kost gjaldendanna. Þetta er ný svipa á þá, sem standa undir gjöldunum hverju sinni. Hæstv. ráðh. sagði um það opinbera eftirlit og afskiptasemi, sem hér er verið að koma á, að hann hefði gert allt, sem í hans valdi stóð, til að koma í veg fyrir, að til þessa ráðs þyrfti að grípa, og ég efa ekki, að hæstv. ráðh. sé einlægur í þessu máli. En hann hefur ef til vill horft um of á þá hlið málsins, sem að stjórnendunum snýr, — en svo er til önnur hlið á því, sú, sem að gjaldendunum snýr. En stjórnarvöldin verða að athuga það, að ekki má ganga of hart að gjaldendunum og samfélagi þeirra, og ef eitthvað fer miður í fjármálastjórninni, þá ber ríkissjóði að hjálpa bæjarfélögunum með ráðum og dáð til að koma atvinnumálum og stjórn bæjarmála í viðunandi horf. Og það er vissulega í þágu fólksins, að hið opinbera, í þessu tilfelli félagsmálaráðuneytið, hafi opin augun fyrir því, sem miður fer í stjórn bæjar- og sveitarfélaga. Því er það, að ég sem borgari í bæjarfélagi lít fjarskalega svörtum augum á þetta, þótt félmrn. beiti þeim ákvæðum, sem lögin segja til um og heimilað er af ríkisvaldinu og því er skylt að beita í þeim tilfellum, sem lög gera ráð fyrir. Sú leið, sem ég leyfði mér að kalla hina skemmstu leið prókúratorsins, tekur aðeins til greina það þröngsýna sjónarmið innheimtumannsins að ná inn sinni skuld, — leið, sem notuð er til þess að grípa til sín bæði stóran og lítinn hluta þeirra útgjalda, sem fjármálanefndir sveitarfélaganna eru búnar að ráðstafa til annarra hluta, — leið, sem ég álít, að hvorki ráðuneytið né Tryggingastofnunin geti verið stolt af að fara.

Hv. 4. þm. Reykv. minntist hér á aðra innheimtuaðferð, sem hann taldi frekari, aðferð, sem stofnunin hefði mátt nota, en ekki gert. En brautin, sem lagt er til, að farin verði, er nægilega niðurlægjandi fyrir sveitar- og bæjarfélögin til þess, að hægt sé að telja, að hún sé algerlega ófær.

Ég ætla ekki að þreyta hv. deild með frekari ræðu um þetta. Ég hef leitazt við að gera skýra grein fyrir því, hvers vegna ég áfellist þessa aðferð, og ég efast ekki um, að þetta frv. eigi eftir að valda miklum átökum innan þingsins og vekja mikla óánægju um landsbyggðina, sem kannske mundi koma ómaklega niður á tryggingunum sjálfum, þótt það fari út úr þessari hv. deild. Og ég hygg, að mörgum sveitarstjórnum finnist nálægt sér höggið með þessari innheimtuaðferð, sem hér er stungið upp á, að tekin verði upp.

Niðurlagið á ræðu hæstv. forsrh. var á þá leið, að hann óskaði eftir, að sú leið, sem hér er farið fram á að nota, megi verða samþ. Það eru rök í sjálfu sér að drífa málið í gegn, en það haggar ekki við þeirri staðreynd, að frv. er gallað, og ekki hrekur það heldur einn staf af því, sem sagt hefur verið á móti þeirri leið, sem stungið er upp á.

Ég mun því ekki treysta mér til þess að fylgja þessu máli út úr deildinni með þeim ákvæðum, sem ég hef lýst, þrátt fyrir það, að það er fram komið frá hæstv. ráðh., jafnvel þótt brtt. hv. 7. landsk. verði samþ., og skal ég þó viðurkenna, að hún horfi til bóta.

Þetta er 2. umr., eins og kunnugt er, og getur vel farið svo, að eitthvað nýtt komi fram við 3. umr., sem geti gert afgreiðslu málsins aðgengilegri, en eins og nú horfir, finnst mér rétt að vera á móti málinu.

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Enda þótt hæstv. dómsmrh. sé ekki viðstaddur hér, get ég ekki látið því ósvarað, sem hann sagði hér áðan. Hæstv. ráðh. heldur því fram, að það sé eðlilegt að innheimta gjöld sveitarfélaga til Tryggingastofnunarinnar frá hinum tryggðu sjálfum, og heldur hæstv. ráðh., að hann sé að uppgötva nýja leið þar. En það er alger misskilningur hjá honum. Þessi leið var notuð fram til ársins 1946, er lögin um almannatryggingar voru samþ., en þá var meiri hl. Alþingis á því, að þessu þyrfti að breyta og betri leið fundin hvað þetta snertir. Til lífeyrissjóðs voru skv. alþýðutryggingalögunum innheimt tvenns konar gjöld frá hinum tryggðu sjálfum, fyrst lágt grunngjald, sem var jafnt fyrir alla, og svo viðbótargjald, sem var miðað við tekjur og efnahag gjaldenda. Enda var þá ætlazt til, að lífeyririnn til hvers einstaklings yrði miðaður við iðgjöld hans, þannig að sá, sem hafði háar tekjur og greiddi því hærri iðgjöld, skyldi hljóta að sama skapi hærri lífeyri. En af því leiddi, að lífeyrir til hinna, sem aðeins greiddu lægsta grunngjald, varð svo lítill, að hann hlaut að vera gersamlega ófullnægjandi.

Frá þessu var horfið, er lögin um almannatryggingar voru sett. Iðgjöldin voru gerð jöfn og

bæturnar (lífeyrir) jafnar. Er það tvímælalaust ávinningur fyrir þá, sem lægstar hafa tekjur og mesta þörfina.

Er lögin um sjúkrasamlög voru sett, var hátekjumönnum fyrst gert að greiða gjald til þeirra, en þeir fengu þó engar bætur. Síðan var þessu breytt þannig, að þeim var gert að greiða tvöfalt iðgjald, og öðluðust þeir þar með *full réttindi*. Síðan var tvöfalda gjaldið fellt niður og aðstaðan jöfnuð. En þar með var því slegið föstu, að mismununinn væri jafnaður með sköttum, en iðgjöldin höfð jöfn.

Hæstv. ráðh. hafði áhyggjur af því, að sveitarfélögin fengju allar óvinsældirnar, en vinsældirnar féllu allar til Tryggingastofnunarinnar. En ég sé enga ástæðu til þess að óttast það eða hafa á móti því, að Tryggingastofnunin afli sér vinsælda meðal þjóðarinnar, og ég sé bara ekki heldur, að 14% af útsvarsupphæðinni breyti nokkuð um vinsældirnar eða ekki.

Ég vil geta þess, að fram hafa komið till. þess efnis að fella niður *atvinnurekendagjaldið*. En ef svo á að bæta við þetta framlagi sveitarfélaga og fella það niður, þá verður næsta skrefið tvímælalaust að fella niður framlag ríkissjóðs. En það er áríðandi, að sem minnst rask verði á tekjustofni Tryggingastofnunarinnar, en hann er borinn uppi af fjórum aðilum. Annars vegar með beinum útgjöldum hinna tryggðu og atvinnurekenda og hins vegar með framlagi sveitarfélaga (½) og ríkissjóðs (⅔), þ. e. a. s. annar helmingurinn er innheimtur með sköttum, en hinn með föstum, ákveðnum iðgjöldum. Og það eru mestu órar að hverfa frá þessu, en ef breyta á einum einstökum þætti, þá er nauðsynlegt að taka þá alla til athugunar samtímis.

Ég ætla að sleppa því að svara hv. þm. Vestm., en vil aðeins undirstrika það, sem hann sagði, að dómar o. þ. l. væru harkalegri leiðir en sú leið, sem gert er ráð fyrir, að farin verði skv. frv. — Það kom fram í ræðu þessa hv. þm., að sveitarfélögin yrðu óánægð, ef þetta frv. yrði samþ. En ég held, að þetta sé hinn mesti misskilningur hjá honum. Því að óánægjan hjá sveitarfélögunum er sprottin af því, að einstökum sveitarfélögum hefur haldizt uppi að vanrækja gjöldin, en önnur hafa allajafna greitt þau. Og *finnst mér* ekki óeðlilegt, að þetta valdi óánægju þeirra sveitarfélaga, sem ætíð standa í skilum.

Frsm. minni hl. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur beint þeim tilmælum til mín, að ég taki aftur brtt. mína til 3. umr. Ég er alltaf fús til samkomulags, og því óskaði ég eftir því við 1. umr. málsins, að frv. væri aftur vísað til heilbr.- og félmn., þótt nefndin hefði flutt það.

En þótt ég sé á móti frv. og telji það ónauðsynjamál, þá vildi ég þó fá tækifæri til þess að ræða það í hv. félmn., en í nefndinni var tekið *illa í mína till. af meiri hl.*, sem áleit, að frv. væri fullkomið og hafið yfir alla gagnrýni. En í von um það, að við umr. í þessari hv. deild hafi eitthvað rofað til hjá hv. meiri hl. og *hann* skilið, að frv. er ekki gallalaust, og í trausti þess að fá á frv. einhverja breyt., þá ætla ég að verða við óskum hæstv. ráðh. og taka till. mína aftur til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 562 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VH, ÞÞ, GJ, HV, HG, JJós, LJóh, RÞ, BSt. StgrA, SÓÓ, FRV greiddu ekki atkv.

5 þm. (BBen, BrB, HermJ, KK, PZ) fjarstaddir.

2.—5. *gr. samþ. með 9 shlj. atkv.*

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 1. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Ég vildi leyfa mér fyrir hönd heilbr.- og félmn. að fara fram á, að hæstv. forseti frestaði umr., því n. mun þurfa að athuga brtt., sem fram eru komnar í sambandi við þær umr., sem farið hafa fram, en það hefur ekki unnizt tími til þess milli umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., 5. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 518, 562, 619).

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Síðan 2. umr. lauk hefur heilbr.- og félmn. haldið fund um þetta mál ásamt félmrh. Á þessum fundi varð samkomulag um það, að n. mælir með 3. brtt. á þskj. 562, við 4. gr. frv., þó með þeirri breyt., sem þskj. 619 sýnir, þar sem till. er prentuð upp. Breytingin er um það, að leggja megi hald á allt að 25% af útsvörum, en var áður orðað svo, að það væru 25%. Þá hefur minni hl. tekið aftur 2. brtt. á þskj. 562, sem var við 3. gr. frv. Það liggja þá fyrir 2 brtt. frá minni hl. Hin brtt. er við 1. gr. frv., um það, að hún falli niður. Nefndin mælir gegn samþykkt þessarar greinar. Hins vegar hefur hún fallizt á að mæla með 2. brtt. á þskj. 619, sem kemur þá í stað beggja málsgreina í 4. gr. frv.

Fleira hef ég þá ekki að segja og læt þetta nægja.

Frsm. minni hl. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls flutti ég brtt. á þskj. 562, sem ég tók aftur til 3. umr. fyrir tilmæli hæstv. félmrh. Mér hefur nú þótt rétt að flytja 2 þeirra á ný. Önnur þeirra er með *lítils háttar* orðalagsbreytingum, en brtt. nr. 2 á þskj. 562 lét ég niður falla. Ekki þarf að eyða mörgum orðum um þetta mál. Fyrri till. fjallar um þau ákvæði, sem samþ. voru í lögunum fyrir jólin. Er lagt til, að það ákvæði í lögunum haldist óbreytt. En meiri hl. n. er því fylgjandi að velta þessu yfir á sveitarfélögin. Ég held, að rétt sé, að Tryggingastofnunin haldi ein á þessum málum. En réttur Tryggingastofnunarinnar er tryggður með ákvæðum laganna eins og þau eru nú. — Ég hef áður lýst því, að ég álít þetta frv. tilefnislítið og ónauðsynlegt, en þrátt fyrir það hef ég flutt brtt. við 4. gr. frv., og er það hið lengsta sem ég get gengið *á móts* við þær *kröfur, sem bornar eru fram*. Þar sem meiri hl. n. hefur fallizt á 2. brtt. mína, vænti ég, að hún nái samþykki deildarinnar. — Það hefði e. t. v. verið ástæða til að segja nokkur

orð um þetta frv. og þau mál, sem snerta það, en ég hef þegar lýst minni skoðun við 2. umr. málsins, og þar sem nú er fáskipað í hv. deild, sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta nánar, en óska eftir, að atkvgr. verði frestað.

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Örfá orð út af ummælum hv. 7. landsk. Ég ræð hv. þm. frá að samþykkja 1. brtt. á þskj. 619. Allur málarekstur í sambandi við að úrskurða, hver sé framfærslusveit barnsföður, getur dregizt úr hömlu, og af því geta hlotizt margvísleg óþægindi. Síðan á félmrn. að ákveða sveitina. Það er óhyggilegt að láta Tryggingastofnunina ákveða um framfærslusveitina. Meginreglan verður að vera sú, að Tryggingastofnunin eigi kröfurétt á framfærslusveit barnsföður.

ATKVGR.
Brtt. 619,1 samþ. með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, KK, PZ, VH, SÓÓ, FRV, ÞÞ.
nei: HG, RÞ, GJ, HV.
6 þm. (HermJ, LJóh, StgrA, BSt, BBen, BrB) fjarstaddir.
Brtt. 562 teknar aftur.
— 619,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 64. fundi í Nd., 6. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 633).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 633, n. 728 og 744).

Frsm. meiri hl. (Helgi Jónasson): Herra forseti. N. hefur rætt frv. á allmörgum fundum, en gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Hv. 9. og 10. landsk. vilja ekki samþ. það eins og það liggur fyrir. En við, sem myndum meiri hl., leggjum til, að það verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Ed.

Þetta frv. er stjfrv. og borið fram í Ed. Voru þar gerðar á því þó nokkrar breyt., sem ég fyrir mitt leyti tel ekki til bóta. En það var orðið svo áliðið þings, þegar frv. kom til okkar frá Ed., að við sáum okkur ekki fært að breyta því.

Um frv. sjálft er það að segja, að eins og menn muna, var í vetur tekin aftur till., sem allmiklum deilum olli og var um innheimtu tryggingargjalds hjá bæjarfélögum. Þá gaf félmrh. þá yfirlýsingu, að hann flytti málið í nýju formi eftir nýár, eins og gert hefur verið. Um 1. gr. er það að segja, að það er grunnupphæð. Til að taka af allan vafa er sagt, að borga eigi vísitölu á iðgjaldið. Sama er að segja um 2. gr. Þar er smávægileg breyt., sem litlu máli skiptir, enda enginn ágreiningur um það. Þá er 3. gr., um það, að heimilt sé að taka eftir eitt ár, ef bæjarfélag lendir í vanskilum, 25% af útsvörum bæjarfélagsins, sem þarf að greiða innheimtumanni ríkisins. Þannig gengur það þangað til skuldin er að fullu greidd. Þetta ákvæði er orðið mjög veikt; vitanlega er þetta dálítil hjálp, en ekki nóg að mínu áliti. — Ég ætla ekki að fara frekar út í þetta, en vona, að Alþ. geti afgr. þetta mál á þennan hátt. Þetta ákvæði var miklu harðara fyrir bæjarfélögin. Eins og ég benti á í vetur rækilega, hafa ýmis bæjarfélög á undanförnum árum lent í vanskilum við Tryggingastofnunina. Og þrátt fyrir það, þó að þau innheimti þau gjöld, sem eiga að fara til tryggingannna, hafa gjöldin verið notuð til annarra hluta. Allir sjá, að slíkt getur ekki gengið til lengdar. Og þó að þessi bæjarfélög séu enn ekki mörg, má alltaf búast við, að þeim fjölgi, bæði þegar önnur bæjarfélög og sveitarfélög frétta, að hægt er að komast upp með það að innheimta að vísu gjöldin, en láta þau renna í annað en það, sem þeim er ætlað að ganga til, því að vitanlega hafa öll bæjarfélög þörf fyrir fé til framkvæmda. Þessi aðferð mun breiða sig út og verða stór hætta að. Þessi gr. frv. á að fyrirbyggja þá hættu, þó að ég telji gr. of veika.

Nú kemur hv. fjmrh. inn, og vildi ég þá segja að lokum, að ég þykist þess fullviss, að ríkisstj. taki ekki ábyrgð á greiðslum, ef hún sér, að bæjarfélög ætla að nota sér þetta í blóra. Það hlýtur að auka okkar vanskil frá því, sem er.

Frsm. minni hl. (Kristín Sigurðardóttir): Við sem erum í minni hl., hv. 10. landsk. og ég, berum fram nál. á þskj. 744. Ég ætla að byrja með að leiðrétta, að þar sem stendur 4. gr., á að vera 3. gr. Ég get ekki fallizt á þau ákvæði, sem eru í 3. gr. Við lítum svo á, að þar sem útsvörin eru einustu tekjuliðirnir, sem bæjar- og sveitarfélögin hafa til þess að standa straum af öllum sínum útgjöldum, geti þetta ákvæði, að Tryggingastofnunin geti lagt hald á allt að 25% af útsvörunum, hæglega haft þær afleiðingar, að bæjar- og sveitarfélög geti ekki staðið í skilum með sín útgjöld, hvorki launagreiðslur né greiðslur til verklegra framkvæmda. Við leggjum því til, að þessi 3. gr. sé felld, og getum ekki greitt atkv. með frv., ef hún verður samþ.

Frsm. meiri hl. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Það er ákaflega leiðinlegt með hv. 9. landsk., sem var svo elskulegur fyrir jólin og fylgdi þá miklu harðara ákvæði heldur en nú er í frv. Veit ég ekki, hvað valdið hefur hughvarfi hv. þm., sem nú hefur tekið saman við hv. 10. landsk. Ég vona, að hans samfylgd sé góð, en ég efast um, að hún sé betri en okkar hinna. En hvað sem þessu líður, þá sagði hv. þm., að svo geti farið, að bæjarfélög lendi í vanskilum og geti ekki greitt laun. Ég vil benda hv. þm. á, að þegar jafnað er niður útsvörum árlega, er gerð fjárhagsáætlun og útsvörum jafnað eftir því. Enda hefur það verið þannig undanfarið, að þessum greiðslum hefur verið jafnað niður og þær innheimtar, en notaðar í annað, einhverjar framkvæmdir, sem bæjarfélögin hafa þurft að inna af höndum, af því að féð var handbært.

Ég er að vona, að þetta frv. verði samþ. hér. Fyrir jól var mikið fylgi fyrir því að setja slík ákvæði inn í lögin, sem hér er að finna.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Þegar frv. í svipaða átt var á ferð fyrir jólin, mætti það svo harðri mótstöðu í þessari hv. deild, að sá ráðh., sem að því stóð, kaus að draga þetta ákvæði til baka. Nú hefur þetta skotið upp höfðinu aftur og var fellt í Ed., en hafði nokkuð verið breytt í það horf, sem nú er samkv. 3. gr. frv., sem nú liggur fyrir, að ef sveitarfélag dregur í meira en eitt ár að greiða sín framlög til Tryggingastofnunarinnar, getur ráðh. ákveðið að leggja hald á fjórðung allra útsvara sveitarfélaga og látið renna beint sem framlag til Tryggingastofnunarinnar. Ég er alveg sammála hv. minni hl. í heilbr.- og félmn. og þeim rökstuðningi, sem er í nál., að það er ekki sanngjarnt og tæplega sæmandi fyrir Alþ. að lögfesta slíkt harðræði sem hér um ræðir. Skal ég benda á nokkur atriði því til stuðnings. Í fyrsta lagi er það ákaflega óeðlilegt, að þó að þessar greiðslur til Tryggingastofnunarinnar séu í sjálfu sér nauðsynlegar og sjálfsagðar, þá sé Alþ. að veita þeim greiðslum alger forréttindi fram yfir allar aðrar greiðslur, sem sveitarfélög þurfa að inna af hendi. Sveitarfélögin hafa að sjálfsögðu sínar skyldur við Tryggingastofnunina, en ég hef ekki heyrt nein rök fyrir því, að þessar greiðslur til tryggingganna eigi að hafa forgangsrétt fram yfir allar aðrar greiðslur sveitarfélaganna. Í öðru lagi vil ég benda á, að eins og frv. liggur fyrir, er ekkert minnzt á hlutfallið á milli álagðra útsvara viðkomandi sveitarfélaga annars vegar og upphæðar þeirrar, sem hið sama sveitarfélag á að greiða til tryggingganna hins vegar. Ég get tekið dæmi t. d. héðan úr Reykjavík, þar sem ég þekki bezt til. Álögð útsvör nema nú 60 millj. króna, og ef frv. yrði að lögum, hefði ráðh. heimild til að leggja hald á 15 millj. króna af þeirri upphæð. Hins vegar nemur sú upphæð, sem bænum ber að borga til tryggingganna, ekki nema 6 millj. króna. Það er að segja: þegar dráttur verður á greiðslu á $^1/_{10}$ af útsvörunum, þá getur ráðh. lagt hald á ¼ þeirra. Fleira kemur til greina í þessu sambandi, en ég vil sérstaklega geta hér um vanskil ríkissjóðs á skuldum til hinna ýmsu sveitarfélaga, einkum vegna ummæla hv. 1. þm. Rang. Það gæti máske verið réttmætt, að ríkissjóður fengi þetta vald, sem frv. fer fram á, ef skjöldur hans gagnvart sveitarfélögunum væri hreinn. En svo er ekki, því að ríkissjóður stendur nú í skuldum við mörg sveitarfélög á landinu, og hann hefur dregið að greiða lögboðnar greiðslur til þeirra svo nemur hundruðum þúsunda. Og ég tel ekki sæmandi að lögfesta, að á sama tíma og svo er ástatt með skuldaskil ríkissjóðs til sveitarfélaganna fái ráðh. heimild til að hirða ¼ af útsvörum þeirra. Þetta er nokkuð, sem ég álít, að ekki geti komið til greina. Nú er það svo, að sum sveitarfélögin hafa dregið greiðslu til tryggingganna vegna fjárskorts, sem stafar oft af því, að útsvörin hafa brugðizt. En greiðsla hefur líka stundum dregizt af þeim sökum, að viðkomandi bæjarfélög eða sveitarfélög hafa ekki séð annan möguleika til að knýja ríkissjóð til að greiða sínar vangreiddu skuldir til félaganna en að láta þennan drátt á skuldagreiðslu koma á móti. Það er vitanlega hart, að bæjarfélög skuli þurfa að beita slíkum ráðum gagnvart ríkissjóði, en Tryggingastofnunin er raunar ekkert annað en ríkisfyrirtæki, þar sem ríkissjóður er í bakábyrgð fyrir öllum greiðslunum til hennar. Því hefur það komið fyrir, þegar um vanskil ríkissjóðs á skuld til sveitarfélags hefur verið að ræða, að eina leiðin til þess að fá hann til að borga skuldina hefur verið að fresta greiðslum til Tryggingastofnunarinnar. Vitanlega hefur þessi leið ekki verið æskileg, en um annað hefur ekki verið að ræða. Og ég vil biðja hæstv. forsrh., sem mun vera flytjandi þessa frv., að líta með nokkurri sanngirni á þetta mál og gæta þess, að það er tæplega sæmandi að ætlast til þess, að ráðh. fái rétt til að seilast ofan í vasa sveitarfélaga eftir ¼ af útsvörum þeirra um leið og ríkissjóður stendur í stórum vanskilum á greiðslum til sömu sveitarfélaga. — Ég vildi láta þetta sjónarmið koma fram hér, og ég hefði vænzt þess, að hæstv. forsrh. vildi láta þessa grein falla niður að sinni og sjá, hvort ekki væri unnt að ná samkomulagi um betri skipan þessara mála. En ef hann sæi sér það ekki fært, þá kemur til kasta hv. þm. að fella 3. gr. frv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um þetta mál. Mínar skoðanir á því falla alveg saman við hans, og líklega er það vegna þess, að við höfum báðir haft nokkuð af því að segja, hvernig gengur að ráða fram úr fjárhag bæjar- og sveitarfélaga nú, en þetta mál grípur mjög inn á það svið, eins og hér hefur verið lýst. Ég get því undirstrikað þau sjónarmið, sem komu fram í hans ræðu, og þar við hef ég engu að bæta. En það er eitt atriði enn í sambandi við þetta mál, sem ég vildi vekja nokkra athygli á og máske snertir sveitarfélögin úti á landi enn meira en Reykjavík. Mér sýnist, að með samþykkt 3. gr. frv. yrðu þeir litlu möguleikar sveitarfélaganna til að fleyta sínum fjárhag áfram yfir örðuga tíma með nokkrum lánum út á væntanlegar tekjur gerðir að engu. Með samþykkt 3. gr. væri búið að gefa einum aðila rétt til að leggja hald á tekjur sveitarfélaga og eyðileggja með því möguleika þeirra til að veðsetja þær fyrir lánum, svo að þau gætu fleytt sér þannig yfir erfiða tíma. M. ö. o. gera ónýtan möguleika sveitarfélaga til að veðsetja sínar tekjur. Ég held, að ríkissjóður fengi fljótt að finna til þess, að þessi leið er síður en svo til að bæta úr um rekstur sveitarfélaga almennt. Ég lít svo á, að með þessu sé raunar verið að taka þann eðlilega rétt af sveitarfélögunum að ráðstafa sínum tekjum sjálf. Það er verið að gera sveitarfélögin ómyndug, þar sem þau eiga ekki að hafa ráðstöfunarrétt á sínum tekjum samkv. lögum. En það ber að gæta að því, að fyrir getur komið, að sveitarfélögin standi í vanskilum á skuld til fleiri aðila, og þar hefur Tryggingastofnun ríkisins enga sérstöðu. Eins og hv. 7. þm. Reykv. gat um, eru það margir aðilar, sem eiga kröfur á sveitarfélögin og þurfa ekki síður að fá sínar greiðslur á réttum tíma en Tryggingastofnunin. Og ég álít rétt, að Tryggingastofnun ríkisins stendur betur að vígi hvað þetta snertir en flestir aðrir aðilar, sem eiga kröfur á sveitarfélög. Það er t. d. á valdi ráðh. samkv. gildandi lögum að setja viðkomandi sveitarfélag undir opin-

bert eftirlit og skipa mann til þess að hafa eftirlit með fjárreiðum þess, ef það stendur ekki í skilum gagnvart því opinbera. Þetta vald er til staðar, og ýmsum sveitarfélögum hefur verið hótað, að því yrði beitt gagnvart þeim. En það virðist svo, sem þessi réttur ráðh. þyki ekki nógur. M. ö. o.: það hefur verið viðurkennt, að þau hafi farið réttilega með sínar tekjur, en þó á að svipta þau réttinum til þess að ráðstafa tekjunum sjálf og veita ríkisvaldinu vald til þess að sölsa undir sig mikinn hluta þeirra. Þetta mál er annars flutt þannig af ýmsum, að hér sé verið að berjast fyrir hagsmunum Tryggingastofnunar ríkisins, þar sem henni sé nauðsynlegt að standa undir skyldugreiðslum til almennings. Nú veit ég það, að Tryggingastofnunin er alls góðs makleg, en engu að síður er þetta atriði túlkað ranglega. Tryggingastofnunin sem slík getur ekki orðið fyrir neinum skakkaföllum í þessu efni. Hún hefur sinn bakhjarl, þar sem ríkissjóður er, en hann stendur í ábyrgð fyrir framlögum sveitarfélaganna. Hví er þá ekki sagt við sveitarfélögin: Ef þið standið ekki í skilum á lánum, sem ríkissjóður hefur ábyrgzt, svo sem til hafnarmannvirkja, rafmagnsvirkjana o. fl., þá verður gengið í fjárhirzlu ykkar og tekið svo og svo mikið af tekjum ykkar til þess að greiða þessar skuldir? — Þarna er um að ræða skuldir, sem koma á sama hátt niður á ríkissjóði og skuldirnar til tryggingana, og ef þessi háttur yrði hafður á, mundi hlutfallsupphæðin, sem ríkissjóður hefði rétt til að leggja hald á, hækka brátt úr ¼ álagðra útsvara upp í ½ og að síðustu svo, að ríkissjóður hefði allan rekstur sveitarfélaga í sinni hendi. Þetta er máske það, sem vakir fyrir mönnum, en þá held ég væri réttara að notfæra sér þau ákvæði, sem nú eru í lögunum, að taka fjárforráð af sveitarfélögunum og setja yfirmann yfir þau. Það er sannarlega rétt, sem komið hefur fram hér, að hagur sveitarfélaga hefur á undanförnum árum verið að þrengjast meir og meir, og nú er svo komið, að þau geta mörg ekki staðið við skuldbindingar sínar. Einn þeirra aðila, sem orðið hafa fyrir þessum dráttum á greiðslum frá sveitarfélögunum, er Tryggingastofnun ríkisins, en ég hygg það muni sízt halla á hana umfram ýmsa aðra aðila. Ef það er orðið svo nú, að mörg sveitarfélög geti ekki staðið við sínar skuldbindingar, þá á að fara aðra leið í þessum efnum en þá, sem hér er valin. Það á þá að taka þessi mál í heild og finna úrræði til þess að bæta úr því ástandi, en ekki fara þessa leið, að steypa þeim út í enn meiri örðugleika og svipta þau yfirráðum yfir sínum tekjum. Ég fyrir mitt leyti mælist ekki undan því, að reynt verði að finna leið til að koma í veg fyrir, að sveitarfélög geri sér leik að því að vanrækja greiðslur til tryggingana. En ég tel, að það sé til ákvæði í núgildandi lögum, sem eigi að geta komið í veg fyrir slíkt, og því engin ástæða til að gera þessi gjöld rétthærri en aðrar kröfur. Ég vildi því biðja hæstv. forsrh. að athuga vel þá hættu, sem felst í því að torvelda fyrir sveitarfélögunum þá möguleika, sem þau nú hafa, til þess að veðsetja tekjur sínar og fleyta sér með því yfir erfiða tíma, en þann möguleika tel ég útilokaðan, ef þessi gr. yrði samþ. Þetta vildi ég biðja hæstv. ráðh. að athuga sérstaklega og hverjar afleiðingar það ástand mundi hafa. — Að síðustu vil ég svo taka undir orð hv. 7. þm. Reykv., að skora á hv. þm. að fella 3. gr. frv., því að ég tel hana lítið betri nú en hún var á fyrra stigi málsins. Afleiðingarnar mundu verða í stórum dráttum þær sömu, og því tel ég rétt að fella hana alveg úr frv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í langar umr. um þetta mál nú, því að hér er um að ræða sama efnislega atriðið og var til meðferðar hér í deildinni fyrir jólin. Þó vil ég drepa á örfá atriði úr ræðu hv. 2. landsk. Því miður gat ég ekki verið við, þegar 7. þm. Reykv. flutti sína ræðu, því að ég var þá í umr. í Ed., en af ræðu hv. 2. landsk. skildist mér, að þeir mundu vera samherjar í þessu máli, því að hann vitnaði í ræðu þess hv. þm. um það, hvílík hætta sveitarfélögunum mundi stafa af 3. gr., ef hún næði samþykki. Mér fannst gæta nokkurs misskilnings í ræðu hv. 2. landsk., og það var ekki laust við hann færi nokkra hringi í kringum sjálfan sig í henni. Hann var öðrum þræði að tala um, að ríkisvaldið væri nú að seilast til umráða yfir málefnum sveitarfélaganna, og það mundi sennilega ganga svo langt í því að hrifsa öll málefni þeirra undir sig. Hins vegar var hann öðrum þræði að mana ríkisvaldið til að setja þessi sveitarfélög undir opinbert eftirlit, ef þau stæðu ekki í skilum á skuldum sínum. En hvernig er hægt að taka sjálfsforræði betur af sveitarfélögunum en setja þau undir opinbert eftirlit, eins og hv. þm. taldi sjálfsagt að gera? Ég get ekki séð, hvernig hægt væri að ganga öllu lengra í þessu efni. Þetta ákvæði 3. gr. á einmitt að setja til þess, að ekki þurfi að ganga nema sem skemmst í að skerða sjálfstæði sveitarfélaga. Þetta er gert til þess, að ekki þurfi að stíga hið stóra skref að setja sveitarfélögin undir opinbert eftirlit. Hv. þm. sagði á þá leið, að ríkisvaldið gæti tekið sjálfsforræði sveitarfélaganna stig af stigi. Hvað væri eðlilegra, er ríkisvaldið væri á annað borð farið að beita þessari aðferð, en það tæki þá svo og svo mikinn hluta af útsvörum sveitarfélaganna sem tryggingu fyrir þeirri lánsábyrgð, sem það tekur á sínar hendur vegna ýmissa framkvæmda sveitarfélaganna, svo sem hafnarmannvirkja, rafvirkjana, o. fl.? Það gegnir allt öðru um þetta atriði. Sveitarfélögin vita það fyrir fram, hvað þau þurfa að leggja mikil útsvör á vegna tryggingana, og útsvörin eru hækkuð um vissa upphæð vegna þeirra, og ég lít svo á, að rétt sé að setja einhver ákvæði, sem tryggja innheimtu þessara gjalda og koma í veg fyrir, að þau séu notuð til annarra hluta, sem oft hefur orðið raunin á; að tryggja það, að útsvör, sem eru lögð á vegna tryggingana, verði ekki notuð t. d. til áhættusams atvinnurekstrar. Það er af þeirri ástæðu, að þarna er um ákveðna upphæð að ræða, sem ég tel fært að fara þessa leið. Og þegar innheimta útsvara gengur vel, þá er engin afsökun til fyrir því, að því fé, sem var lagt á vegna tryggingana, skuli ekki vera skilað til þeirra. Hitt er svo allt annað mál, þegar sveitarfélag kemst í þrot vegna framkvæmda eða áhættusams atvinnurekstrar. Það kemur oft fyrir, að sveitarfélag ræðst í framkvæmdir í trausti þess, að áætlanir standist nokkurn veginn, en svo verða þessar framkvæmdir 2—4 sinnum dýrari, og þá verður sveitarfélaginu ofraun að standa undir

kostnaðinum. Þá er það, sem við höfum treyst því, að ríkisstj. og Alþ. taki tillit til óska sveitarfélaganna um það, að ríkið taki á sig ábyrgð vegna slíkra framkvæmda, þar sem Alþ. ber líka að nokkru leyti ábyrgð á þeim áætlunum. Það er vegna þess, að ég tel ekki hægt að segja, að í þessu efni sé um hliðstæðu við greiðslu til tryggginganna að ræða, eins og hv. 2. landsk. vildi halda fram. Hann sagði einnig, að það gerði ekki svo mikið til, þótt sveitarfélögin borguðu ekki þessi gjöld, þar sem hér væri um góða baktryggingu að ræða, þar sem væri ríkissjóður. Ef þetta sjónarmið fær að koma fram, þá get ég ekki séð betur en endirinn verði sá, að öll þessi gjöld, sem sveitarfélögin eiga að greiða til tryggginganna, lendi á ríkissjóði, en þá væri líka komið í algerar ógöngur og því ekki um annað að ræða en taka tryggingarmálin í heild til athugunar. Það er einmitt vegna þess, að ríkið ber ábyrgðina á þessum greiðslum, sem ég álít, að þetta mál verði að takast til alvarlegrar athugunar. En ég skal verða síðastur manna til að lasta þá, sem vilja standa á verði fyrir sín sveitarfélög, en menn verða að athuga það, að þeir, sem fara með málefni ríkisins, verða einnig að gæta skyldu sinnar gagnvart því og standa vel á verði einmitt gagnvart hugsunarhætti eins og þeim, sem kom fram hjá hv. 2. landsk. Það kann vel að fara svo, að þetta ákvæði frv. nái ekki fram að ganga, en ég tek það fram, að hafi ég nokkuð með þetta mál að gera á næsta þingi, verður það áreiðanlega tekið upp aftur þá, þótt það verði máske í öðru formi. Því að það er hægt að hugsa sér fleiri leiðir til þess að bæta úr þessu máli en þá, sem hér er lagt til að farin verði, en ég mun þó ekki ræða þær hér. Hitt er ábyggilegt, að málið er svo alvarlegt, að það verður að finna einhver úrræði, fyrr eða síðar, til að koma því á öruggan grundvöll. Ég held, að ekki sé ástæða til að halda um þetta langar ræður, málið var rætt í vetur. En það er ekki hægt að ætla sér að afgreiða þetta mál með þeim rökum, sem hv. 2. landsk. þm. færði fram í ræðu sinni.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi leiðrétta það, sem kom fram hjá hæstv. forsrh. Hann hefur ekki skilið ummæli mín, enda var hann víst ekki viðstaddur. (**Forsrh.:** Jú, ég hlustaði alveg.) Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði í ræðu minni haldið fram, að verið væri að mana ríkisstj. til að taka upp opinbert eftirlit með sveitarfélögum. Ég benti aðeins á, að í þeim tilfellum, sem dráttur væri á borgunum vegna viljaleysis, eða af því að illa væri á haldið, þá hefði ríkisstj. heimild til að gera einhverjar ráðstafanir gagnvart slíkum sveitarfélögum. Þetta benti ég á. Það var síður en svo, að ég manaði til að setja sveitarfélögin undir opinbert eftirlit. Þar eru orð mín ranglega túlkuð. Það er mikill munur á að benda á, að ríkisstj. hefur þetta vald í hendi, ef hún telur, að eitthvert sveitarfélag hafi að ástæðulausu dregið greiðslu. Tel ég ekkert við það að athuga. Ummæli hæstv. forsrh. eru algerlega röng og falla dauð niður. Það er einnig rangt, að sú leið, sem stungið er upp á í 3. gr. frv., þýði, að hann vilji ganga sem skemmst í þá átt að svipta sveitarfélögin yfirráðum yfir sínum málum. Það er helzt að ganga skammt, að leggja megi hald á allt að 25% álagðra útsvara í sveitarfélögunum, ef nokkur dráttur er á greiðslu til Tryggingastofnunarinnar! Það er sýnilegt, að það er verið að ganga lengra en nokkru sinni áður með því að ríkisstj. sé að blanda sér inn í mál sveitarfélaganna og taka af þeim ráðin. Þá vildi hæstv. forsrh. gera mikið úr því, að það væri stór eðlismunur á þeim útgjöldum sveitarfélaga, sem eiga að ganga til Tryggingastofnunar ríkisins, og fé því til hafnarframkvæmda, rafvirkjana o. fl., sem ríkissjóður þyrfti að greiða. Er svo ákveðið að miða útsvörin við það, sem hin gjöldin eru. Þau vanskil, sem orðið hafa hjá sveitarfélögum, miðað við vexti af hafnarframkvæmdum og rafvirkjunum, stafa af rekstrinum. Það eru dæmi til þess, að rekstrarútgjöld vegna hafna o. fl. hafi skollið á ríkissjóð vegna getuleysis hlutaðeigandi aðila. Þessi útgjöld bæjarfélaganna hafa því legið jafnskýrt fyrir og almannatryggingagjöldin. Ég get ekki skilið, að ef ríkissjóður þarf vegna ábyrgðar að greiða vegna rafveitna og hafna, greiði hann þá ekki vegna tryggingagjalda. Þetta á ekki að skilja þannig, að hugsunarhátturinn sé sá, að úr því að greitt er fyrir t. d. hafnir og rafvirkjanir, sé sjálfsagt, að ríkið greiði líka almannatryggingarnar. Það er ekki mín ætlun eða hyggja. Þetta eru aðeins hliðstæð útgjöld, og held ég, að vangreiðslur stafi af því, að geta er ekki fyrir hendi. Hæstv. forsrh. getur sjálfur gengið úr skugga um, hvort orsökin sé óstjórn og viljaleysi eða getuleysi. Komist hann að þeirri niðurstöðu, að það sé viljaleysi, getur hann kippt þessu í lag. Það er alger misskilningur, sem ég vil leiðrétta, að það geri ekkert til, þó það séu vanheimtur á greiðslum til Tryggingastofnunarinnar. Það er hið mesta vandamál, sem þarf að athuga gaumgæfilega, hvernig má leysa. — Ég er sammála hæstv. ráðh. um, að það ber að athuga allar þær leiðir, sem gætu orðið til að fyrirbyggja, að sveitarfélögin greiði þetta ekki. Ég held, að það séu engin rök, að þessi sérstöku útgjöld vegna tryggginganna hafi í rauninni nokkra sérstöðu miðað við aðrar greiðslur. Væri það vandamál, ef ríkissjóður þyrfti að greiða mikið fyrir sveitarfélögin. Til er sú leið að láta ríkisstj. fá heimild til að taka hald á ákveðnum hluta af tekjum sveitarfélaganna, hvort sem það á við tryggingarnar eða annað, sem ríkið ábyrgist fyrir sveitarfélögin. Þessi leið getur torveldað nokkuð rekstur sveitarfélaganna og getur orðið til þess, að þau geta ekki veðsett sínar tekjur, því að annar aðili væri búinn að ná taki á þeim. Ég óttast, að ríkið sé hér að teygja sig inn á stærra svið en rétt er. Skal ég ekki ræða þetta frekar, ég hef lýst yfir skoðun minni á málinu.

Ég held, að það ætti að vera hægt að tryggja Tryggingastofnunina betur en nú er gert, án þess að gera það á þann hátt, sem segir í þessu frv. Hæstv. forsrh. ætti að kippa þessu máli til baka og athuga það betur fyrir næsta þing.

Pétur Ottesen: Ég ætla aðeins að segja örfá orð. — Mér skilst af þeim umr., sem hér hafa fallið, að menn leggi allt of mikla áherzlu á þau ákvæði 3. gr., sem mér finnst útiloka þann skilning, sem þeir leggja í þau. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu á framlagi sínu til Tryggingastofnunar ríkisins í eitt ár eða lengur, og er ráðherra þá heimilt að ákveða, að

hald skuli lagt á allt að 25% álagðra útsvara í sveitarfélaginu og sá hluti útsvara jafnan greiddur innheimtumanni ríkissjóðs jafnóðum og útsvör innheimtast, mánaðarlega eða ársfjórðungslega, eftir því sem innheimtumaður krefst, og skal sú skipan haldast þangað til skuld sveitarsjóðs við Tryggingastofnunina er að fullu greidd".

Til þessara ráðstafana kemur ekki nema vissa sé fyrir um, að sveitarfélögin hafi getað greitt, en vanrækt greiðsluna að þarflausu, ef t. d. fjárhagsgrundvöllur er fyrir því, að greiðslan sé innt af hendi, en stjórn fjármálanna hagað þannig, að þessar greiðslur eru látnar sitja á hakanum fyrir öðrum greiðslum, sem ef til vill hefði mátt komast hjá. Ég skil greinina þannig, að ríkisstjórn geti ekki gripið til þessara ráðstafana nema það liggi skýrt fyrir, að um vanrækslu sé að ræða.

Afkoma sveitarfélaganna veltur á því, að fyrir hendi sé gjaldgeta borgaranna til að standa undir byrðunum. Það kemur stundum fyrir, að þau skilyrði eru ekki fyrir hendi í sumum sveitarfélögum, að af þessum ástæðum sé ekki hægt að ljúka öllum greiðslum. Þegar svo er ástatt, er ekki fyrir hendi heimild fyrir ríkisstj. að grípa inn í með þessum hætti, þegar sannanlegar ástæður eru fyrir greiðslufallinu. Þess ber að gæta, að á móti því gjaldi, sem sveitarfélögin inna af hendi til Tryggingastofnunarinnar, kemur mikið fé inn í sveitarfélögin. Fer eftir atvikum, hvort það fé er eins mikið og gjöldin, en það er alltaf mikið fé, sem fer til sveitarfélaganna frá Tryggingastofnuninni. Eru því sterkar líkur fyrir því, að það stafi ekki af vanrækslu, að gjöldin eru ekki greidd.

Ég vildi leyfa mér að óska, að hæstv. forsrh. hlustaði á mál mitt og hugleiddi þann skilning, sem ég hef varpað hér fram um aðstöðu ríkisstjórnarinnar til að grípa hér inn í. Ég álít, sem sé, að ríkisstj. þurfi að geta gripið inn í, þegar svo er ástatt sem ég hef lýst. Ég legg því áherzlu á, að ríkisstj. verði að gæta fyllstu varúðar í innheimtu þessara gjalda og grípa aðeins til þessara ráðstafana, ef málið liggur þannig fyrir, að augljóst er, að aðeins er um vanrækslu að ræða.

Þær umr., sem hér hafa orðið, gefa ástæðu til að menn geri sér ljóst, hve mjög í lausu lofti og óörugg afkoma sveitarfélaga hér á landi er, með þeirri skipan sem er á tekjuöflun þeirra. Veldur þar um misjafnt árferði o. fl. Eins og tekjustofnum sveitarfélaganna er nú hagað, er tekjuöflunin aðeins innan þess svæðis, sem sveitarfélagið nær yfir, niðurjöfnun gjaldanna eftir efnum og ástæðum. Víðast er svo, að það eru engar aðrar tekjur, sem renna í sveitarsjóð, en þær, sem koma eftir útsvaraleiðinni. Að þessu leyti eru stærri kaupstaðir, t. d. Reykjavík, betur settir. Þar hafa risið upp fyrirtæki o. fl. En þegar ekki er upp á annað að hlaupa en útsvörin ein, þá er það of ótraustur grundvöllur hjá sveitarfélögunum til að geta alltaf staðið undir greiðslum. Það hlýtur að vera verkefni Alþingis að skapa meira öryggi í þessum efnum, þannig að þetta verði ekki jafnháð því, hvernig atvinnu vegnar á hverjum tíma á því takmarkaða svæði, heldur verði gjaldabyrðinni dreift. Þessu til úrbóta ættu sveitarfélögin að fá aðra tekjustofna, og sé ég ekki betur en að ríkið verði að sjá af einhverjum tekjustofnum handa sveitarfélögunum. Sveitarfélögin eru orðin svo stórar stofnanir, að nauðsynlegt er að gera öryggisráðstafanir til þess að tryggja afkomu þeirra, en það er mjög mikið öryggisleysi ríkjandi varðandi afkomu þeirra margra meðan þau hafa ekki aðra tekjustofna en þau nú hafa.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég hef engu við það að bæta, sem ég sagði áðan um 3. gr. frv. Ég stend aðeins upp til þess að leiðrétta misskilning, sem fram kom í ræðu hv. þm. Borgf. Hann skilur 3. gr. svo, að aðeins komi til þessara aðgerða vegna vanskila, þegar hægt er að kenna sveitarfélögunum um trassaskap. Hér er um algeran misskilning að ræða. Það er alveg sama, hvort vanefndir á greiðslunum stafa af getuleysi, trassaskap eða þrjózku. Ég held, að hv. þm. Borgf. sættist um það og sjái, ef hann talar við lögfræðing, að það er ekki nokkur vafi á, að orðin eru skilin þannig, að um vanskil sé að ræða, án tillits til orsaka. Ef dráttur er á greiðslu, þá eru það vanefndir. Í 3. gr. frv. kemur ekki fram, að ástæðan fyrir vanefndunum þurfi að vera trassaskapur eða þrjózka, enda er útilokað fyrir ríkisstj. að meta, af hvaða ástæðum gjöldin eru ekki greidd. Þetta nær til hvers konar dráttar á greiðslu, hver sem ástæðan er. Vænti ég þess, að hv. þm. Borgf. geri sér grein fyrir þessu.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta verða aðeins örfá orð. — Hv. 2. landsk. þm. var dálítið úfinn yfir því, að ég sagði, að hann manaði ráðunevtið til að beita ákvæðunum um að setja sveitarfélögin undir opinbert eftirlit. Þetta er nú aðeins orðaleikur. Þrisvar í ræðu sinni nefndi hann þetta og beindi því til ráðun., að þetta ætti að nota. Ég get reyndar gert honum það til geðs að vera honum sammála um, að þetta hafi ekki verið þannig. Það var misskilningur hjá hv. 2. landsk. þm., að með þessum ákvæðum væri verið að setja öll sveitarfélög undir einhvern ákveðinn hamar. Það eru öll sveitarfélög á landinu undir þeim sama „hamri", ef við eigum að segja það svo. Það eru nú til lög, sem hægt er að setja sveitarfélög eftir undir opinbert eftirlit, t. d. þegar um er að ræða vanskil á greiðslum til almannatrygginganna, og það er hægt að gera með 6 mánaða fyrirvara. En það er ekki gengið lengra eftir ákvæðum þessa frv. — á þann veg, sem þar er til tekið, — að um vanskil verður að vera að ræða í heilt ár, áður en þessum ákvæðum er beitt. Þetta er hugsað sem millistig, sem á að hindra, að grípa þurfi til þess úrræðis, sem varhugaverðast er og harðast kemur niður á sveitarfélögunum, þ. e. að setja þau undir opinbert eftirlit. Þetta er að mínum dómi aðalatriði málsins.

Rök hv. þm. varðandi það, sem ég hafði sagt um mismun á útgjöldum sveitarfélaga til almannatrygginganna annars vegar og til framkvæmdamála hins vegar, voru alls ekki sannfærandi. Hv. þm. sagði, að jafna mætti nákvæmlega niður rekstrarútgjöldum hafnarmannvirkja, rafveitna o. þ. l. En þessi mannvirki kosta oftast tvöfalt og þrefalt meira en áætlað er, þegar í þau er ráðizt upphaflega.

Þá vil ég aðeins minnast á það, sem hv. þm. Borgf. og síðar 7. þm. Reykv. sögðu um skilning á 3. gr. frv. Ég ætla ekki að fara að deila við 7.

þm. Reykv. um lögfræðileg atriði, ég veit, að hann stendur mér svo miklu framar í þeim efnum, og reikna ég með að það, sem hann segir, sé rétt skýring á orðalagi greinarinnar: „Nú vanrækir sveitarfélag“ o. s. frv. Hins vegar tek ég það fram, að ég lít mjög svipað á þetta og hv. þm. Borgf., að ráðuneytið mundi ekki nota þetta nema í þeim tilfellum, að hægt er að líta svo á, að um vanrækslu sé að ræða. Í þessu tilfelli kalla ég vanrækslu, í fyrsta lagi, ef sveitarfélag vanrækir að leggja á fyrir almannatryggingunum; vanræki sveitarfélag það, verður að beita einhverjum aðgerðum, og þá mætti nota þetta. Í öðru lagi, ef lagt er eðlilega á og útsvörin innheimtast eðlilega, en ekki er greitt til almannatrygginganna, þá er einnig um hreina vanrækslu að ræða, og þá álít ég sjálfsagt að nota þetta ákvæði. Ef útsvörin innheimtast aftur á móti ekki nema að hálfu leyti af því, að þrot er að verða á viðkomandi stað, þá verður að grípa til annarra ráðstafana og taka málin miklu fastari tökum. Ég vildi láta það koma fram, að ég sem ólöglærður maður vil leggja svipaðan skilning í þetta og þm. Borgf. gerði. Hins vegar geri ég ráð fyrir því, að það sé rétt hjá hv. 7. þm. Reykv., að það megi túlka þetta ákvæði á þann hátt, sem hann gerði.

Pétur Ottesen: Ég hef nú fengið yfirlýst hjá hæstv. forsrh., sem á að framkvæma efni þessara laga, að hann er í aðalatriðum sammála mér um þann skilning á upphafi greinarinnar, sem ég hélt fram. Hins vegar hefur hv. 7. þm. Reykv., sem er lögfræðingur, skýrt frá, eftir hvaða sjónarmiði hann sem lögfræðingur mundi túlka þetta ákvæði, ef til hans kasta kæmi að skera þar úr, og fellur sá úrskurður á annan veg en þann, sem hæstv. forsrh. og ég höfum haldið fram. Skal ég ekki deila við hv. þm. um þetta, þó að ég hins vegar samkv. venjum málsins vildi styðja mína skoðun á þessu, eða undirbyggja hana á þann hátt, sem ég gerði.

Ég skal svo aðeins til viðbótar því, sem ég sagði áðan, beina því til hæstv. forsrh., að það mundi ekki eiga alls staðar við að haga framkvæmdum á þessu eins og ákveðið er í lagagreininni, þar sem talað er um, að hald skuli lagt á þessa ákveðnu upphæð og hluti af útsvörunum greiðast innheimtumönnum ríkissjóðs, þegar þau falla í gjalddaga, og útsvörin innheimt mánaðarlega eða ársfjórðungslega. Það er mjög algengt í minni sveitarfélögum, að útsvörin greiðist ekki fyrr en liðið er nokkuð á árið, oft ekkert að ráði fyrr en eftir mitt ár og enn seinna, og verður hæstv. forsrh. í framkvæmd þessa máls að sjá svo um, að innheimtu sé hagað í samræmi við þær venjur, sem gilda á hverjum stað, og í samræmi við þær ástæður, sem fyrir hendi eru hvað þetta snertir, og efast ég ekkert um, að svo verði gert.

Ég skal svo ekki deila meira um þetta, en með tilliti til þess skilnings, sem hæstv. forsrh. hefur lýst á framkvæmd þessa máls, sé ég fyrir mitt leyti ekki ástæðu til að rísa gegn þessum ákvæðum, því að það er algengt, og ég held nokkuð föst regla um framkvæmd ýmissa mála í stjórnarráðinu, að sá grundvöllur, sem upphaflega er lagður í framkvæmd vissra mála þar, er látinn gilda og eftir honum farið, þó svo að ráðherraskipti verði. Það er því nokkuð mikil trygging í þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. gaf um skilning sinn á framkvæmd þessarar greinar laganna, ef til þess ráðs þarf að grípa, sem vonandi er að ekki þurfi, þá verði þeim reglum fylgt í framtíðinni, sem hann setur núna.

Frsm. meiri hl. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Mig furðar á því í þessum umr., að forsvarsmenn bæjarfélaganna á Alþ. virðast líta svo á, að Tryggingastofnunin eða ríkisstjórnin hafi sérstaka löngun til að koma á einhverju „straffi“ á bæjarfélögin, það sé einhvers konar illkvittni af þeim að vilja koma þessum ákvæðum í lögin. Þetta finnst mér hafa skinið hér út úr hverri ræðu, en þetta er hinn mesti misskilningur. Ég veit ekki til, að Tryggingastofnunin hafi á neinn hátt komið harkalega fram, hvorki við einstaklinga, bæjarfélög né ríkið, heldur reynt að sýna fulla sanngirni og lipurð við alla þessa aðila. Það er hreinn misskilningur, að það sé löngun hjá stofnuninni til að lítilsvirða eða traðka á rétti sveitarfélaga eða bæjarfélaga. Það kemur mér ekki til hugar. Þetta er borið fram af illri nauðsyn. Við vitum mjög vel, sem eitthvað höfum fylgzt með þessum málum, að síðan 1947 hafa verið vanhöld á greiðslum hjá bæjarfélögum úti um land, og þeim heldur enn áfram, og vangreiðslur þessar munu nú nema 7—8 millj., kr., eingöngu hjá stærstu bæjarfélögunum. Ég tek alls ekki undir það, að þau eigi verst með að standa í skilum. Hitt er svo annað mál, að vitað er, að þessi bæjarfélög hafa notað fé til annars. Það er lagt á og innheimt, það sjáum við í skýrslum, en það hefur verið notað til annarra þarfa bæjarfélagsins. Hv. 7. þm. Reykv. lýsti því yfir, að það stafaði af því, að ríkið skuldaði bæjarfélögunum svo og svo mikið fé vegna framkvæmda. Það kann vel að vera, en það kemur þessu máli ekki við. Við vitum ósköp vel, að Alþ. veitir á hverjum tíma vissa upphæð til slíkra framkvæmda, skólabygginga o. s. frv., bæjarfélögin vita, hvað þarna er mikið fé í skiptum árlega, og verða að haga sínum framkvæmdum eftir því, — framkvæmi þau meira, þá þau um það. Alþ. ákveður þessa upphæð í fjárlögum hverju sinni, og henni er svo skipt hlutfallslega til hinna einstöku bæjar- og sveitarfélaga. Framkvæmi þau meira, eiga þau um það við sjálf sig.

Ég vil benda á, að meðan það er í lögum, að Tryggingastofnunin fái sitt gjald frá bæjarfélögunum, verður það að greiðast, það er ekki hægt annað. Mig furðar á, að ýmsir hv. þm., sem hér hafa talað á móti þessu, hafa alltaf greitt atkv. með auknum útgjöldum, sem stofnunin hefur átt að inna af hendi, en þegar svo á að reyna á mildan hátt að tryggja, að stofnunin fái þær lögboðnu tekjur, sem hún þarf og á að hafa, rísa þeir öndverðir á móti og segja, að það geri ekkert til, þó að stofnunin fái þær ekki. Ég býst við, að ýmsum mundi bregða í brún, ef Tryggingastofnunin lokaðist, eins og hún hlýtur að gera, ef þessu heldur áfram, og gæti ekki lengur innt af hendi sínar greiðslur. Eins og hv. þm. Borgf. tók fram, fær svo að segja hvert sveitar- og bæjarfélag meira fé úr stofnuninni en það greiðir í hana. Ég vona, að hv. þm. sé ljóst, að ef stofnunin á svo ekki að fá sínar lögboðnu tekjur, kemur það af sjálfu sér, að hún

getur ekki innt af hendi þær skyldur, sem henni ber skv. lögum, og ég vona, að þm. athugi, að svo hlýtur að fara, ef þessu heldur áfram. Að vísu segja þm.: „Ríkið er í ábyrgð fyrir þessu öllu saman og á að greiða það.“ — Það má náttúrlega segja svo, en ég býst við, að það yrði dálítið erfitt að koma því fyrir. Á síðustu fjárlögum voru erfiðleikar að fá frá ríkinu það, sem stofnuninni raunverulega bar. Það yrði erfitt að bæta mörgum millj. kr. við það framlag. En það er sá háttur, sem ég kann ekki við, að það er alltaf verið að læða því inn í umr., að Tryggingastofnunin hafi löngun til að traðka á rétti bæjarfélaganna. Þessu mótmæli ég algerlega fyrir hönd Tryggingastofnunar ríkisins, og ég hygg, að sama megi segja fyrir hönd fjmrn.

Það er merkilegt, að þessir hv. þm. eru alltaf að tala um, að ef sveitarfélög standa ekki í skilum, þá verði að taka upp opinbert eftirlit. Það yrði enn meiri skerðing á rétti sveitar- og bæjarfélaga en þó að þau ættu að greiða vissan hluta af útsvörum sínum eitt ár til að lækka þessar skuldir, — ég tel það miklu minni réttarskerðingu en hitt, og til þess megi ekki grípa fyrr en í síðustu lög, og ég tel rétt sveitarfélaga til sjálfstjórnar það mikinn, að það verði að vera alveg sérstakar ástæður fyrir hendi, ef taka mætti upp opinbert eftirlit.

Ég hef heyrt það nú, að þetta mál muni eiga nokkuð erfitt uppdráttar í þessari hv. deild og tvísýnt um framgang þess, og tel ég það mjög illa farið. Ég býst við, að það verði að leita nýrra ráða áður en langt um líður. Þegar smærri sveitarfélög vita, að þau stærri komast upp með það ár eftir ár að skulda sín framlög til Tryggingastofnunarinnar, þá koma þau á eftir og hætta að inna sín gjöld af hendi, og þá sjá allir, hvert stefnir.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Hæstv. forsrh. og hv. þm. Borgf. hafa hvorugur dregið í efa, að það sé réttur skilningur hjá mér á upphafi 3. gr., að þessu ákvæði megi beita, af hvaða ástæðu sem vanskilin eru. Hæstv. ráðh. lýsti því yfir, að hann mundi ekki nota þessa heimild, nema hægt sé að saka sveitarfélögin um vanskil, og í trausti þess virðist hv. þm. Borgf. ætla að greiða atkv. með þessari grein. Ég vil taka fram, að slík yfirlýsing bindur auðvitað eingöngu núv. forsrh., en ekki eftirkomendur hans í starfinu, þar sem viðurkenndur er lagaskilningur á upphafi greinarinnar.

Setjum nú svo, að hæstv. forsrh. vildi túlka þetta á þann hátt, sem hann sagði, er hann talaði um, hvernig hann mundi framkvæma þetta. Hann sagði, að ef sveitarfélag legði ekki á útsvar fyrir tryggingagjöldunum, teldi hann, að um vanrækslu væri að ræða, og þá mætti beita þessari heimild. Hvernig fer, ef útsvörin eru lögð á fyrir þessum gjöldum, en innheimtan gengur svo treglega vegna illrar afkomu, að ekki innheimtist nema ⅓ eða ½ útsvara? Hvernig yrði litið á það? Skv. túlkun hv. þm. Borgf. og hæstv. forsrh. yrði heimildin ekki notuð þá. En ef við setjum dæmið þannig upp, að útsvörin séu lögð á og innheimtist vel, en peningarnir síðan notaðir til annars, t. d. til fátækraframfæris, vegna þess að það hefur orðið meira en áætlað var. Er þá um saknæma vanrækslu af sveitarfélaginu að ræða, að það hefur látið fátækl-ingana ganga fyrir til að bjarga þeim? Tökum eitt dæmi enn. Setjum svo, að sveitarfélagið segi, að það eigi að vísu að borga þessa upphæð, en ríkissjóður skuldi því nákvæmlega sömu upphæð, og það greiði þetta ekki fyrr en ríkissjóður hafi greitt sitt. Er þá um saknæma vanrækslu að ræða? Nei. Þó að þessi yfirlýsing hæstv. ráðh. liggi fyrir, erum við engu nær um þann greinarmun, hvenær má saka sveitarfélag og hvenær ekki, ef það er ekki gert alltaf, þegar um vanskil er að ræða. Það er ótvírætt, að lagaskilningurinn er sá, að þessari heimild má beita, hver sem orsök vanskilanna er, og er ómögulegt að greina þar á milli.

Hv. frsm. meiri hl. n. sagði, að þó ríkið skuldi þessum sveitarfélögum, þá komi það málinu ekki við, þ. e. að Tryggingastofnun ríkisins sé ríkinu óviðkomandi. Ég lít svo á, að Tryggingastofnunin sé ríkisstofnun, undir yfirstjórn þess, og er m. a. allt tryggingaráð kosið af Alþingi. Þess vegna er ekki hægt með sanni að segja, að það sé málinu óviðkomandi, hvort sveitarfélag, sem á að beita þessum aðgerðum, á jafnstóra eða stærri upphæð hjá ríkinu en það skuldar Tryggingastofnuninni.

Hv. þm. minntist á skólabyggingar og sagði, að þar ætti ekki að veita meira fé en heimilað er í fjárlögum. Í lögum stendur, að ríkissjóður eigi að greiða ½ eða ¾ af byggingarverði skólanna, sú lagaskylda fellur á ríkissjóð, hvort sem fé er veitt til þess á fjárlögum eða ekki. Þetta er því misskilningur hjá hv. þm.

Pétur Ottesen: Það má vel vera, að ég hafi gengið nokkuð langt í að viðurkenna lagalegan skilning hv. 7. þm. Reykv., þó að ég gerði það ekki afdráttarlaust, því að ég vitnaði til þeirrar málvenju, sem ég er vanur, og samkv. henni get ég ekki túlkað þetta öðruvísi en ég gerði. Frá mínu sjónarmiði er mikill munur á, hvort sagt er: „Nú vanrækir sveitarfélag að greiða“, eða: „Nú fellur niður greiðsla“, eða: „Nú er greiðsla ekki innt af hendi í tæka tíð“. Hefði það orðalag verið, þá væri skýlaust, að túlkun hv. 7. þm. Reykv. væri rétt, en eins og orðalagið er nú, vil ég taka munninn enn fyllri en ég gerði áðan og segja, að það orki a. m. k. mjög tvímælis, að skýring hv. 7. þm. Reykv. samrýmist þessu orðalagi. — Síðan ég talaði hér áðan hef ég borið þetta undir annan lögfræðing hér, og hann telur, að minn skilningur á þessu atriði geti fullkomlega staðizt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 77. fundi í Nd., 2. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 744 (3. gr. falli niður) samþ. með 17:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JR, KS, MK, SÁ, SG, StSt, ÁÁ, ÁS, EOl, EmJ, FJ, GTh, IngJ, JóhH, JPálm, JÁ, SB.

nei: JörB, PÞ, PO, SkG, StgrSt, ÁB, EystJ, GG, GÞG, HÁ, HelgJ, JG.

StJSt greiddi ekki atkv.

5 þm. (ÓTh, ÁkJ, BÁ, BÓ, JS) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Ingólfur Jónsson: Tryggingastofnunin verður að fá borguð álögð iðgjöld og ber að sjá um, að vanskilaskuldir safnist ekki. En aðferð sú, sem lögfest yrði með þessu frv., finnst mér vera nokkuð harðhent og æskilegt, að reynt verði að tryggja innheimtuna með geðfelldari hætti, og segi ég því já.

4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 767).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 82. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 83. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Form. heilbr.- og félmn. er ekki viðstödd, en ég hef rætt við formanninn og einnig hæstv. forsrh., sem hefur með félagsmálin að gera, og þau mæla bæði með, að frv. verði samþ., þó að lítið sé eftir af því.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 816).

---

76. Mótvirðissjóður.

Á 76. fundi í Nd., 1. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs [192. mál] (þmfrv., A. 745).

Á 77. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, þá er verið að byggja ný orkuver við Sog og Laxá, og fyrirhugað er að hefja byggingu áburðarverksmiðju á þessu ári. Þessi fyrirtæki öll saman kosta mikið fé, um 300 milljónir samtals. Ætlunin er að afla fjár til þeirra með ýmsu móti, sumpart með lánum erlendis til vélakaupa og sumpart með lánsútboðum innan lands og loks með því að nota verulegan hluta mótvirðissjóðs til þess að kaupa skuldabréf þessara fyrirtækja, eða réttara sagt lána þessum fyrirtækjum. Samkomulag er um það milli stjórnarflokkanna og ríkisstj., eins og áður hefur verið skýrt frá á Alþ., að vinna að því, að þessi lán gangi til fyrirtækjanna í sem réttustu hlutfalli við stofnkostnað þeirra. Eins og menn vita, þá verður Marshallstofnunin að samþykkja, hvort það er þannig ástatt í landinu, að forsvaranlegt sé að lána út fé mótvirðissjóðs. Nú hefur verið gerð till. til þessarar stofnunar um að verja mótvirðissjóði, eins og hann var orðinn í fyrra, 15 milljónir, til Sogs og Laxár, og það er vitað, að þetta verður samþ., en formlegt samþykki er ekki komið. Jafnframt er unnið að því að fá meira lánsfé fram að næsta þingi, og þess vegna stingur ríkisstj. upp á því við Alþ., að það veiti henni lánsheimild, allt að 120 millj. kr., til þessara þriggja fyrirtækja. Hins vegar þarf ekki á svo miklu fé að halda fram í október, það er ekki alveg sjáanlegt enn, á hvað miklu fé þarf að halda.

Það er til löggjöf frá 1949 um, að það megi ekki ráðstafa fé mótvirðissjóðs nema með lagaheimild. Því er nauðsynlegt, að málið fái þinglega meðferð og líka fáist heimild fyrir því, sem þarf að gera á milli þinga, og þess vegna er þetta gert fyrir sig fram. Ég vil taka það fram, að ætlun ríkisstj. var að sækja um það, að 50 millj. af fé mótvirðissjóðs yrði notað til að greiða niður ríkisskuldir, en umsókn um það hefur ekki verið send enn þá, en málið er í athugun. Vil ég taka það fram strax, að það getur verið, að ég muni leggja fram brtt. við þetta mál um það að fá slíka heimild inn í þetta frv., og mun það verða ákveðið nánar í dag eða á morgun, hvort það verður gert. Mótvirðissjóður var 127 millj., þegar skýrsla var gefin um fjáreignina 1950. Hann fer vaxandi daglega, en ég get ekki gefið hv. þm. áætlun um það, hvað hann muni verða á þessu ári, en hann mun vaxa verulega á árinu, því að ekki er búið að nota nærri því allt framlagið frá því í fyrra, og svo er framlag yfirstandandi Marshallláns, sem mun koma inn á þessu ári.

Þetta mál er flutt af nefnd, og ég sting ekki upp á, að því verði vísað til nefndar.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins skjóta nokkrum orðum til hæstv. ríkisstj. eða hæstv. fjmrh., sem hér er viðstaddur, í sambandi við það, sem hann talaði hér um áframhaldandi ráðstöfun á mótvirðissjóði. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt og rétt að veita ríkisstj. það leyfi, sem hún fer hér fram á í þessu frv., til hagnýtingar á sjóðnum, en það eru fleiri verkefni, sem snerta framtíð og hag þessarar þjóðar, sem verður að taka til athugunar í sambandi við þær ráðstafanir og till., sem ríkisstj. kann að gera í þessu efni, og þær ákvarðanir, sem Alþ. gerir síðar um það. Ég vil aðeins benda á tvennt í því sambandi. Annað er það, að hér hefur verið ákveðið að reisa sementsverksmiðju, sem engum blandast hugur um, að er mjög þýðingarmikið fyrirtæki fyrir hag og afkomu landsmanna, og í öðru lagi, og með tilliti til þess, vil ég vænta þess, að hæstv. ríkisstj. líti á þá þörf bráðra aðgerða í sambandi við þær till., sem hún kann að gera um þetta. Hitt atriðið er svo það höfuðverkefni þessarar þjóðar, að rækta landið og skapa skilyrði fyrir því, að meiri hluti landsmanna geti búið í sveitum landsins og unnið þar að fram-

leiðslustörfum, en skilyrðin til þess eru að frumstofni til fyrir hendi í frjómagni íslenzkrar moldar og hagnýtingu ýmissa náttúrugæða, sem koma til greina í því sambandi. Það, sem hér þarf að gera, það er aukin ræktun og byggingar í sveitum landsins. Þetta er ef til vill eitthvert stærsta og þýðingarmesta verkefni, sem nú blasir við hinni íslenzku þjóð, og þess vegna vil ég brýna það fyrir hæstv. ríkisstj., að hún noti þá aðstöðu, sem mótvirðissjóðurinn skapar okkur, til að búa í haginn fyrir þetta eða geri um það sínar till. að hrinda þessu stærsta máli þjóðarinnar áfram.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hér er um að ræða mjög merkilegt mál, og það getur reynzt býsna afdrifaríkt, hvernig haldið verður á framkvæmd þess. Hæstv. fjmrh. sagði, að sótt hefði verið um það til þeirrar stofnunar, sem um þetta á að fjalla, að ríkisstj. yrði heimilað að ráðstafa öllum mótvirðissjóði, en svar væri ekki komið. Ég vil leyfa mér að vekja athygli á því, að ef þannig yrði að farið, þ. e. að 120 millj. af fé mótvirðissjóðs verði varið til framkvæmda innan lands, þá er um að ræða stefnubreytingu frá því, sem boðað var, þegar Ísland gerðist aðili að Marshallsamstarfinu, og frá því, sem haldið hefur verið fram af hálfu ríkisstjórnar og þjóðbanka til skamms tíma. Þegar Ísland gerðist aðili að Marshallsamstarfinu, þá var þeirri stefnu lýst af hálfu þeirra, sem með fjármálin fóru, að mjög verulegan hluta mótvirðissjóðs ætti að nota til þess að greiða ríkisskuldir, og því var þá lýst yfir af hálfu sérfræðinga, sem voru hér á vegum Marshallstofnunarinnar, að það væri þeirra skoðun, að fé mótvirðissjóðs ætti að nota allt til að greiða niður ríkisskuldir; ástandið í fjárhagsmálum Íslendinga væri þannig, að ekki væri verjandi að nota þetta fé að neinu verulegu leyti til framkvæmda innanlands. Nú hefur hæstv. fjmrh. skýrt frá því, að von sé á samþykki Marshallstofnunarinnar á þessari ráðstöfun fjárins, og er í sjálfu sér ekki nema gott um það að segja, að ríkisstj. hafi heimild til þess að gera það, sem henni sýnist í þessu máli, en þá ríður á því, að ríkisstj. geri það, sem skynsamlegt er og rétt. En ég leyfi mér að draga í efa, að það sé skynsamleg fjármálastefna að nota mestan hluta mótvirðissjóðsins, eins og hann nú er orðinn, til þess að kosta innlendar framkvæmdir, en fjmrh. sagði, að hann mundi ef til vill leggja fram till. um að nota 50 millj. til þess að greiða niður ríkisskuldir.

Það er og annað, sem mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh. um, og það er, hvort ríkisstj. hafi haft samráð við Landsbankann um það að kosta þessar framkvæmdir á þennan hátt, og enn fremur hvort þeir sérfræðingar, sem ríkisstj. hefur einkum stuðzt við í álitsgerðum á undanförnum árum, séu einnig sammála þeirri stefnu, sem hér um ræðir. Öllum má vera ljóst, að fé mótvirðissjóðs er nokkuð sérstaks eðlis. Með því skapast ekki aðstaða til þess að hrinda í framkvæmd öllum þeim hugsanlegum fyrirtækjum, sem menn telja æskilegt að framkvæma, eins og virtist vera skoðun hv. þm. Borgf. (PO). Þegar fé mótvirðissjóðs er varið til að greiða kostnað innlendra framkvæmda, þá er það að ýmsu leyti svipað og um væri að ræða beinar lánveitingar af hálfu bankanna. Hvort fjárhagskerfið þolir slíka ráðstöfun á fé mótvirðissjóðs, er undir líkum atriðum komið og það mundi þola auknar lánveitingar bankanna. Mér kemur það nokkuð á óvart, ef ríkisstj. er þeirrar skoðunar, að ástandið í fjármálum þjóðarinnar hafi breytzt svo undanfarið, að fjárhagskerfið mundi þola 120 millj. kr. ráðstöfun á fé mótvirðissjóðs eða 120 millj. kr. aukin útlán bankanna. Mér er sérstök forvitni á að vita, hvort sú stefna, sem fram kemur í þessu, er stefna þjóðbankans og þeirra sérfræðinga, sem ríkisstj. undanfarið hefur haft við hlið sér. Ég óttast mjög, að þessi stefna leiði til aukinnar verðbólgu, og hvort hún gerir það eða ekki, verður undir því komið, hvaða ráðstafanir eru gerðar samhliða þessum mikilvægu ráðstöfunum. Þess vegna saknaði ég þess, að hæstv. fjmrh. skyldi ekkert geta um það í ræðu sinni, hvaða fyrirætlanir ríkisstj. hefði á prjónunum um aðrar ráðstafanir í fjárhagsmálum, því að undir því eru afleiðingar þessara lagasetninga komnar. Þess vegna væri æskilegt að heyra eitthvað um það frá hæstv. ríkisstj., a. m. k. við síðari umr. þessa máls.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. (GÞG) sagði, að það hefði verið tekið fram, þegar Marshallsamstarfið hófst, að það væri ætlunin að nota mótvirðissjóðinn til að greiða niður ríkisskuldir. Það kann vel að vera, að það hafi komið fram í sambandi við það, að menn hygðu gott til þess að greiða niður ríkisskuldir. En eins og hann tók fram, þá fer það eftir því almenna fjárhagsástandi í landinu, hvort ástæða er til að nota mótvirðissjóðinn til að greiða niður skuldir ríkissjóðs, eða hvort óhætt er að verja honum innan lands. Málið er þannig vaxið, að ef jafnvægi er á þjóðarbúskapnum, ef ekki er halli á fjárlögum og ekki er lánað úr bönkunum meira en eðlilegt er og fjárfestingin er innan eðlilegra takmarka, þá er ekki neitt athugavert við það, þó að fé mótvirðissjóðs sé notað til útlána, eins og hér er fyrirhugað. Og þessi uppástunga, sem hér er lögð fram, er byggð á því, að stefna ríkisstj. er sú að halda jöfnuði á fjárl., halda útlánastarfsemi bankanna í eðlilegum skorðum og hafa fjárfestinguna það hóflega setta miðað við ástandið, að þessi stóru fyrirtæki geti rúmazt innan eðlilegrar fjárfestingaráætlunar. Ef hægt er að halda stefnunni þannig, þá er ekkert athugavert við það, þó að mótvirðissjóðurinn sé notaður til þess að lána út í því skyni, sem hér er fyrirhugað, en ef mistekst um þessi atriði, sem ég hef minnzt á, þá getur skapazt verðbólga. Málið horfir þá þannig við, að ef allt er í lagi frá þessu sjónarmiði, þá er ekkert athugavert við það, þó að mótvirðissjóðurinn fari út jafnóðum og hann myndast. Það, að leyfa útlán úr mótvirðissjóði, á ekkert skylt við venjulega útlánaaukningu bankanna, því að það eru full verðmæti, sem koma inn í landið á móti mótvirðissjóði. Spurningin er aðeins, hvort fjárhagsmálin eru þannig að öðru leyti, að óhætt sé að nota mótvirðissjóðinn jafnóðum og hann myndast. Á undanförnum árum hefur fjármálaástandið verið þannig, að það gat ekki talizt eðlilegt, að mótvirðissjóðurinn færi í umferð, það var aðeins hægt að nota hann til skuldagreiðslu. En ef tekst að ná betri tökum á því á þessu ári, þá á ekkert að vera því

til fyrirstöðu, að mótvirðissjóðurinn sé lánaður í fyrirtæki, án þess að af því myndist verðbólga. — Í þessu sambandi er fróðlegt að kynna sér, hvernig þessum málum er háttað í öðrum löndum. Í þeim löndum, þar sem fjárhagsjafnvægi er náð, þar hefur mótvirðissjóðurinn verið lánaður út til fyrirtækja eða til að kosta fyrirtæki, en þar, sem ekki hafa náðst tök á fjárhagsmálunum, þar er mótvirðissjóðurinn settur fastur eða notaður til skuldagreiðslna. Einmitt af þessum ástæðum er það sérstaklega nauðsynlegt fyrir okkur að koma lagi á okkar fjárhagsmál og gæta þess, að ekki sé halli á fjárl. eða óeðlileg útlánapólitík rekin í bönkunum eða fjárfestingin of mikil. Ef það er, þá þýðir það, að mótvirðissjóðurinn frýs fastur og við stoppum með þau fyrirtæki, sem við ætlum að reyna að koma á fót með sjóðnum. — Eins og lesa mátti út úr ræðu hv. 3. landsk. þm., þá gat aldrei komið til mála að nota allan mótvirðissjóðinn til að greiða ríkisskuldirnar, af því að hann var hærri en ríkisskuldirnar, en eins og ég sagði, þá hefur það verið á döfinni hjá ríkisstj. að nota nokkuð af sjóðnum til að greiða ríkisskuldir, en um það munu verða teknar ákvarðanir í dag eða á morgun, hvort ríkisstj. leggur til, að því yrði bætt inn í þetta frv.

Það er rétt, sem hv. 3. landsk. þm. tók fram, að það fer eftir því, hvernig tekst um önnur efni, hvort þetta verður til þess að ýta undir verðbólgu eða ekki. Ætlunin hefur verið að miða þetta við þá stefnu, sem reynt er nú að framkvæma og hvað eftir annað hefur verið lýst.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru nokkrar upplýsingar, sem mér þætti æskilegt að fá viðvíkjandi því, hvernig þessu er varið, nú við þessa umr., og vil ég beina því til hæstv. fjmrh. — Það er, í fyrsta lagi, hvernig búast má við, að þessar 120 millj. skiptist hvað það snertir, hvað mikið af því fari í vinnuafl og hvað mikið fari í annan kostnað hér innan lands, sé gengið út frá því, að hlutfallið verði jafnt milli þessara fyrirtækja, miðað við stofnkostnað. En ef við ætlum að gera okkur verulega hugmynd um, hvaða áhrif þessar ráðstafanir hafa á fjárhagskerfið frá því sjónarmiði, sem hv. 3. landsk. þm. var að ræða um, þá þurfum við í þessu sambandi í fyrsta lagi að athuga, hvað miklar kröfur eru gerðar til vinnuaflsmarkaðarins með þessu. Ég get ekki séð, að í sambandi við aðrar fjárhagsráðstafanir sé nein svokölluð verðbólguhætta á ferðinni. Spurningin um, hvað fjárhagskerfið þoli í þessu sambandi, það er spurningin um það, hvort við gerum meiri kröfur til vinnuafls og framkvæmda á yfirstandandi tímabili en vinnuafl er fyrir hendi. Ef þetta er allt rétt út reiknað hjá okkur og rétt framkvæmt, að það fé, sem við veitum í veltuna í þjóðfélaginu, sé akkúrat miðað við að fullnægja og hagnýta vinnuafl hvers manns, en ekki sé gefið út neitt þar fram yfir af lánum eða framlag veitt, þá er því tvennu náð, a. m. k. í höfuðatriðum, annars vegar því að hagnýta vinnuaflið til fulls og hins vegar því að gefa ekki út ávísanir á meira en fyrir hendi er, og þá er tryggt um leið, að fjárhagskerfið fari ekki úr skorðum. Það, sem við ættum þess vegna að fá upplýsingar um í sambandi við þetta, það eru útreikningar fjárhagsráðs, sem vafalaust er að undirbúa þetta, um kröfur til vinnuaflsins í þessu sambandi. Mér dettur í hug í því sambandi, af því að ég hef minnzt á það áður, að norska viðskmrn. hefur lagt fyrir norska Stórþingið í byrjun þessa árs alveg nákvæma útreikninga frá sínu fjárhagsráði um fyrirhugaða framleiðslu á árinu 1951. Hver einasta atvinnugrein í norska þjóðfélaginu hefur ákveðna fjárfestingu; það er ákveðið, hve mikið fjármagn og hve mikið vinnuafl þurfi til þess að tryggja það, og þetta er lagt fyrir norska þingið strax í byrjun janúar um leið og það hefst. Við fengum nýlega að heyra, að áætlanir fjárhagsráðs um fjárfestinguna séu að koma í fyrstu uppköstunum til ríkisstj., en fjhn. þessarar hv. d. fékk ekki að sjá frumdrög þeirrar áætlunar. Þetta vitum við um í sambandi við annað mál, sem hér var á dagskrá. . . . . Þetta fer alveg eftir því, hvernig þessar 530 millj. greinast, annars vegar í vinnuafl, en hins vegar í efni. Ég vil giarna athuga þetta, einmitt vegna þess ótta við verðbólgu, er kom fram í ræðu hv. 3. landsk. Það er orðið alveg gerólíkt um kröfur, sem gerðar eru til vinnuafls nú, heldur en fyrir nokkrum árum. Þannig er það t. d. viðvíkjandi Sogsvirkjuninni, að þótt þessi virkjun sé miklu stærri, þá er ekki gengið út frá því, að það þurfi fleiri verkamenn, vegna þess að við erum þannig útbúnir með vélar, að þótt þessi virkjun sé stærri, þá er hægt að vinna miklu stærri verk með hlutfallslega færri mönnum; það fá hlutfallslega færri verkamenn vinnu. Þetta þýðir, að til þess að nota vinnuaflið þarf meiri veltu, því að vinnuaflið, verkamennirnir, notar meira efni en áður. Þetta þýðir, að þjóðfélagið krefst meira fjár á hvern verkamann, sem það hefur í sinni þjónustu. Þetta er hlutur, sem þarf að taka til athugunar, því að ef þessu væri ekki gaumur gefinn, þá gæti af því leitt, að gerð væri sú örlagaríka villa að láta ónýtt, af ótta við verðbólgu, stóran hluta vinnuaflsins. Þess vegna álít ég mjög heppilegt, ef hæstv. fjmrh. gæti upplýst, hvað er gert ráð fyrir, að mikið af þessu fé fari í vinnulaun. Ég hef að vísu ofurlitla hugmynd um, hvernig þessu er varið hvað viðkemur Sogsvirkjuninni, en hvergi nærri nógu skýra. Áætlun hefur vafalaust verið gerð um þetta atriði, og ef ekki er reiknað með meiru en 400—500 mönnum, þá er það ekki meira en það, sem bætist við af vinnuafli á ári samsvarandi mannfjölgun, og þyrfti því ekki að draga úr vinnuafli á öðrum sviðum þjóðfélagsins. Þegar það er vitað, að blátt áfram atvinnuleysi ríkir á sumum sviðum, þá held ég, að það sé fjarri því, að við séum að þurrka upp vinnuaflið. Ég held því, að það sé fjarstæða, að hæstv. ríkisstj. sé að stofna til nokkurrar hættu á verðbólgu með þessum ráðstöfunum. Þvert á móti fer þetta í tæki til þess að auka framleiðsluna, og ég held því, að þetta sé mjög heilbrigð ráðstöfun.

Hvað snertir niðurgreiðslur ríkisskulda, sem ríkissjóður skuldar Landsbankanum vegna Marshallsstofnunarinnar og bankinn leggur nokkra áherzlu á, að verði greiddar, þá held ég, að Alþingi þurfi að láta hæstv. ríkisstj. vita, að það er ekki ástæða til að ríkið greiði niður þær ríkisskuldir, sem eru innlendar. Það væri ákaflega fjarri lagi, ef hæstv. ríkisstj. tæki eitthvað af því fé, sem þjóðfélagið þarf nauðsynlega í veltuna. Hér er atvinnuleysi og lánsfjársvelta, og það væri ákaflega fjarri lagi, ef ríkið tæki þannig brauðið

frá börnunum til þess að greiða sjálfu sér skuldir, því að við megum ekki gleyma því, að Landsbankinn er eign ríkisins og undir ráðstafanir Alþingis gefinn. Það er því fjarstæða, nú á þessum erfiðu tímum, að hugsa til þess að grynna á ríkisskuldum við Landsbankann. Það má geta þess í þessu sambandi, að skuldlaus eign eða sjóðir bankans eru um 130 millj. kr. Þá á ríkissjóður, sem á miklu stærri upphæð í skuldlausri eign, ekki að borga niður ríkisskuldirnar á tímum atvinnuleysis. Það stendur ekki svo illa, að hann eigi að taka nærri sér til þess að greiða niður skuldir. Það mundi engri stjórn detta í hug. Það er vitað, að þetta er eitt af því, sem einkennir socíaldemókrata. Einkum reyndi stjórn Svíþjóðar að halda við atvinnulífinu með því að auka ríkisskuldirnar. Þegar svo er ástatt í landinu, að mikið vinnuafl er ónotað, þá er eðlilegt, að ríkisstj. noti vald sitt yfir þjóðbankanum. Hér eru nú allir bankarnir ríkiseign, og þá er eðlilegt, að ríkisstj. noti vald sitt yfir þjóðbönkunum til þess að stofna til ríkisskulda til að halda atvinnuvegunum gangandi. Ég álít þess vegna, þó að ég viti vel, að stjórn bankans leggur áherzlu á að fá greiðslu á skuldunum, að það þurfi að koma þessum skilningi á í þjóðfélaginu, að óhætt sé, að lánveitingar séu meiri og betri. Ég vil m. a. benda á, að seðlaveltan hefur aðeins aukizt um 7%, eða minna en nemur gróða bankanna í ár, á sama tíma og gengislækkun er gerð, gjaldeyririnn hækkar og þess vegna aukin lánsfjárþörf til útgerðar og verzlunar. Þess vegna væri ekki nema eðlilegt, að lánveitingar hefðu verið auknar meir en gert hefur verið. Ég vil því lýsa því yfir, að það hafa ekki enn þá komið fram neinar upplýsingar, sem sýna, að þessi ráðstöfun á fé mótvirðissjóðs hefði verðbólgu í för með sér.

Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh., á hvern hátt hugsað sé, að samið verði um lán til áburðarverksmiðjunnar. Nú hefur verið horfið að því ráði, að áburðarverksmiðjan verði hlutafélag í stað þess að verða ríkiseign. Þá þarf að ganga frá því, hvernig eignahlutföllin verði. Ég hef getið þess áður, að ég tel eðlilegast, að verksmiðjan verði eign ríkisins áfram, en hlutafélagið verði aðeins rekstrarfyrirkomulag, sem þýddi, að hlutafélagið hefði ekki eignarhald á verksmiðjunni, heldur ríkið. Áætlað er, að verksmiðjan muni kosta 76 millj. kr. Ef nú hlutafélag, sem hefur 10 millj. króna kapítal, ætti eignarréttinn, en ríkið útvegaði fé að láni, þá þýddi það að gefa einstökum hluthöfum milljónir króna. Áburðarverksmiðja, sem er 6000 tonn, borgar sig upp á 10—20 árum. Ef hlutafélagið væri skoðað sem eigandi, en ríkið útvegaði lán, kannske vaxtalaust, eða a. m. k. með lágum vöxtum, þá þýddi það beinlínis að gefa hluthöfunum þetta fé. Ekki er ólíklegt, að sá hluti framleiðslunnar, sem seldur yrði úr landi, gæfi 50% arð, þannig að slík verksmiðja yrði, ef allt tækist vel, gróðafyrirtæki. — Ég álít því, að þetta þurfi að athuga vel í byrjun, ekki sízt vegna þess, að ég hef þá trú, að einmitt framleiðsla áburðar eigi eftir að verða stór þáttur í framleiðslu Íslendinga og þetta sé því framtíðarmál. Þess vegna vildi ég, að þetta væri gert sem ljósast, er málið er afgreitt nú.

Það er eitt enn, sem ég vildi að athugað væri. Þetta er í fyrsta skipti, sem veitt er úr mótvirðissjóði, og þá í fyrsta skipti sem slíkt mál er rætt hér á Alþingi, og því er í mörg horn að líta. Ég vildi óska eftir því, að hæstv. ríkisstj. athugaði vandlega nú strax í byrjun, hver háttur verði hafður á endurgreiðslu þessa fjár. Til þess að nota þetta fé þarf samþykki ECA, og hvað Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni viðkemur, þá er það leyfi fengið. Þetta fé er hrein eign ríkisins. Ég vil ekki, að það fé, sem þannig er til komið, fari í almenna eyðslu ríkissjóðs, heldur vil ég mynda af því sjóð til þess að birgja okkur upp af fjármagni, sem þarf til þeirra stórframkvæmda, sem við kunnum að leggja í. Það er svo, að stórframkvæmdir geta dregizt lengi vegna fjárskorts, en auðveldara að leysa úr smærri vandamálum. — Ég held það væri æskilegt að hugsa til þess, að þessi regla verði á höfð, er reglugerð verður sett um það, hvernig verja eigi því fé, sem inn kemur aftur, að það verði tryggt, að það renni til stórframkvæmda og þá fyrst og fremst til stórvirkjana og það yrði þá grundvöllur undir því að auka landbúnað, iðnað og alls konar stóriðju. Það er áreiðanlega rétt að íhuga þetta í tíma. Mér þætti vænt um, ef hæstv. ráðh. gæti gefið upplýsingar um fjárfestinguna og hve mikið vinnuafl er gert ráð fyrir að nota og annað, er snertir þessi mál.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það er enginn ágreiningur milli hæstv. ráðh. og mín um eðli þessa máls. Hins vegar kann að vera nokkur ágreiningur um það, hversu langt megi ganga varðandi ráðstöfun fjárins, án þess að efna til verðbólgu. Í mörgum löndum, þar sem Marshallaðstoðar nýtur, er verðbólga og aðstæður þar víða líkar og hér. Mótvirðissjóðnum var ætlað að hafa þau áhrif að þurrka upp fjárhagskerfið, og þess vegna var mótvirðissjóðurinn bundinn og ætlaður til þess að greiða ríkisskuldir. Um þennan skilning á ástandinu erum við sammála, enda er hann valalaust réttur. Höfuðvandinn við að lækna verðbólgu er að gera það án þess, að af því leiði atvinnuleysi. Marshallframlagið átti að lækna eða hjálpa til að lækna verðbólguna, án þess að af því leiddi skort og atvinnuleysi. Þetta hefur tekizt að nokkru leyti í ýmsum löndum, sem Marshallaðstoðar hafa notið, svo sem í Noregi, Danmörku og Bretlandi. En þetta hefur ekki tekizt hér, því miður. Það er alvarlegt, að þrátt fyrir Marshallframlagið hefur ekki tekizt að lækna verðbólguna, og þó e. t. v. enn raunalegra, ef það á að kosta varanlegt atvinnuleysi. Hér hefur orðið vart atvinnuleysis undanfarið, og það er mikil uppgjöf hjá hæstv. ríkisstj., ef hún treystir sér ekki til þess að útrýma því nema með nýrri verðbólgu. Það hefur verið tekinn talsverður vindur úr fjárhagskerfinu, og hann er m. a. geymdur í mótvirðissjóðnum. Það, sem hér á nú að gera, er einmitt að pumpa þessum vindi inn í fjárhagskerfið á ný, og það er það, sem ég óttast. Þetta er nýsköpunarstefnan frá 1944—47, svo að það er ekki undarlegt, þó að hv. 2. þm. Reykv. sé hrifinn, en hitt er undarlegra, að hæstv. núv. fjmrh. skuli hafa tekið að verja þessa stefnu. Nú er enginn ágreiningur milli hæstv. fjmrh. og hv. 2. þm. Reykv., og ætti í því að vera fólgin nokkur aðvörun fyrir hæstv. fjmrh. Það er auðvitað hægt að halda atvinnulífinu gangandi með verðbólgu. En markmið

réttrar fjármálastefnu er að koma í veg fyrir verðbólgu, án þess að um kyrrstöðu og atvinnuleysi sé að ræða. Það er ekki rétt fjármálastefna, sem hv. 2. þm. Reykv. boðar, að það sé einfalt að leysa vandamál atvinnulífsins með auknum útlánum. Það er ekki heldur rétt fjármálastefna, að kaupa svo dýru verði að komast hjá verðbólgu, að af því leiði atvinnuleysi. Hin rétta fjármálastefna er þar mitt á milli, að halda blómlegu atvinnulífi án verðbólgu. — Hvað viðkemur sjónarmiði hv. 2. þm. Reykv. gagnvart ríkisskuldunum, þá er það sama fjármálastefnan og Sviþjóð fylgdi á kreppuárunum. Á slíkum tímum getur sú fjármálastefna verið réttmæt. Ég vil ekki þurfa að óttast, að það ástand skapist, að slík stefna sé rétt. Ég vil ekki, og það er kjarni málsins, þurfa að óttast, að stefna núv. hæstv. fjmrh. hafi þær afleiðingar, að nauðsyn verði á slíkri verðbólgustefnu. Ég tók ekki eftir því í ræðu hæstv. fjmrh., að hann viki að því, hvort þessar ráðstafanir væru í samræmi við vilja Landsbankans, og ekki gat hann heldur um, hvort sérfræðingar stj. væru þeim fylgjandi. Ég ítreka því, að mjög æskilegt væri að fá þetta upplýst. Ég endurtek og, að æskilegt væri að fá frekari upplýsingar um þetta mál, því að af framkomnum upplýsingum er mjög erfitt að gera sér grein fyrir, hvort af þessum ráðstöfunum muni leiða verðbólgu eða ekki.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er nokkuð til í þessum síðustu orðum hv. 3. landsk. (GÞG) um það, að erfitt sé að átta sig á, af þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru, hvaða afleiðingar þessi ráðstöfun á fé mótvirðissjóðs hefur. Það má því segja, að þegar stj. leggur fram svona frv., þá sé erfitt að samþ. það fyrir aðra en þá, sem standa að stjórninni. Það er því hætt við, að stjórnarandstaðan muni ekki samþ. að gefa stj. þessa heimild, og við því er ekkert að segja.

Hv. 3. landsk. ræddi hér um hættu af verðbólgu, og lít ég á það tal sem varnaðarorð frá hans hálfu, enda kom það fram í ræðu hans. Það getur verið, að þetta valdi verðbólgu, og getur verið ekki. Og mér finnst undarlegt af hv. þm. að segja, að ég beiti mér fyrir aukinni verðbólgu, sem ég hef alltaf verið á móti. Ég vil engan þátt eiga í aukinni verðbólgu, og ég vona, að hv. 3. landsk. þm. geri sér grein fyrir því, að ef mótvirðissjóður er ákaflega stór, þá veldur það óeðlilegum samdrætti í atvinnulífinu. Það er því ekki hægt að hafa mjög stóran mótvirðissjóð og hafa samt eðlilega fjármálastjórn, og ef svo er, veldur það samdrætti og atvinnuleysi með þjóðinni. Þess vegna er það stefna okkar að lána út úr sjóðnum, og þeir, sem samþ. slíka heimild, gera það í trausti þess, að ríkisstj. hagi þessu þannig, að það verði ekki að tjóni.

Ég vil svo taka fram út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að í fyrsta lagi er ekki gert ráð fyrir því, að þessar 120 millj. kr. fari allar út fyrir næsta þing, og í öðru lagi þá hef ég ekki sundurliðaða áætlun um þetta og þetta er allt flokkað niður, og væri hv. þm. jafnnær og við báðir, þó að við hefðum þennan eina lið, enda ekki kostur á að gefa slíkar upplýsingar að svo stöddu. Menn verða því að taka afstöðu til málsins eins og það liggur nú fyrir, en það er ekki hægt að gefa meiri upplýsingar um málið nú, þó að það væri æskilegt. Ég skal viðurkenna, að það er erfitt fyrir hv. þm. að átta sig til fulls á málinu án frekari upplýsinga. Ég skal játa það, en kerfi okkar er ekki fullkomnara enn sem komið er, en það þarf að batna. Það er stefna ríkisstj. að beita sér fyrir því, að sá háttur verði á hafður, að fé það, sem tekið verður að láni úr mótvirðissjóði, verði ekki notað sem eyðslufé, heldur verði það bundið í ýmsum fyrirtækjum, og geri ég ráð fyrir, að ríkisstj. hafi tilbúnar till. um það fyrir næsta þing.

Út af því, sem hv. þm. Borgf. (PO) sagði, vil ég taka það fram, að þessi þrjú fyrirtæki hvíla nú svo þungt á mótvirðissjóði, að ekki mun vera hægt að lána meira úr honum í bili.

Ég vil að lokum taka það fram, af því að ég held, að það hafi verið misskilið, sem ég sagði um það efni, að ekki er búið að sækja um leyfi til Efnahagssamvinnustofnunarinnar í Washington á ráðstöfun á meira fé úr mótvirðissjóði en 15 millj. kr., svo að hér er um að ræða samþykkt fram fyrir sig, og þetta er samþykki Alþ. á þessu fyrir sitt leyti, og er málinu nú ekki lengra komið enn þá, og mun ég gera nánari grein fyrir því í næstu umræðu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil taka fram út af ræðu hæstv. fjmrh., að þetta eru mjög litlar upplýsingar, sem gefnar eru í þessu máli. Og þó að hér sé um að ræða að hafa traust á hæstv. ríkisstj. í þessu máli, þá er það meira að segja gagnvart stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. ekki rétt að fara fram á slíkt. — Ég vil svo mælast til þess af hæstv. ráðh., að hann upplýsi við 2. umr., þó að ekki sé nema um vinnuaflið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að tefja umr. lengur, þar sem ætlunin mun vera að ljúka henni nú, en mér þætti vænt um, ef hæstv. fjmrh. gæti gefið einhverjar upplýsingar varðandi þetta mál við 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 745, 783).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu brtt. 783. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) minntist á það við 1. umr., hvernig ríkisstj. hygðist skipta þessu fé milli þeirra framkvæmda, sem um ræðir í frv. Ég hef látið athuga þetta mál, og munu þær tölur, sem ég hef fengið um þessi atriði, láta nærri sanni, þótt þær séu ekki alveg nákvæmar. Samkvæmt þessum upplýsingum hefur heildarkostnaður við Sogsvirkjunina numið 66 millj. kr., og þar af hefur innlendur kostnaður verið 45 millj. kr., en erlendur kostnaður 21 millj. kr. Heildarkostnaður við Laxárvirkjunina hefur orðið 28 millj. kr., þar af innlendur kostnaður 14 millj. kr. og erlendur kostnaður 14 millj. kr. Ég hef ekki tölur á takteinum í sambandi við áburðarverksmiðjuna. Þar er um byrjunarframkvæmdir á þessu ári að ræða, er

munu því ekki skipta svo miklu máli. — Eins og ég gat um við 1. umr., hefur það verið í athugun að flytja till. um að fá heimild til handa ríkisstj. um að verja allt að 50 millj. kr. af fé mótvirðissjóðs til greiðslu á skuldum ríkissjóðs við Landsbanka Íslands, og er brtt. á þskj. 783 um þetta efni. — Nema þá þær heimildir, sem ríkisstj. óskar eftir að fá samþykki fyrir til að lána af fé mótvirðissjóðs, samtals 170 millj. kr., sem sé 120 millj. kr. til Sogs- og Laxárvirkjananna og 50 millj. kr. til að greiða skuldir ríkissjóðs við Landsbanka Íslands.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf varðandi skiptingu á hinum innlenda og erlenda kostnaði vegna Sogs- og Laxárvirkjananna, en ég hefði mjög óskað eftir frekari upplýsingum í sambandi við áburðarverksmiðjuna. (**Fjmrh.:** Ég tók það fram áðan, að mér tókst ekki að fá þær.) Ég hef áður spurzt fyrir um það hér á fundi, hvað margir menn mundu fá vinnu við Sogsvirkjunina, og var gizkað á, að það mundi verða innan við 200 manns, sem raunverulega eru ekki fleiri menn en unnu við gömlu Sogsvirkjunina 1936, og þrátt fyrir hinar miklu framkvæmdir, sem Reykjavíkurbær lagði í um sama leyti í sambandi við hitaveituna, þá var hér samt tilfinnanlegt atvinnuleysi á þessum árum og allt fram til 1941. Ég held, að það fari því ákaflega fjarri því, að þessi vissulega háu framlög, sem hér um ræðir, kalli á svo mikið vinnuafl, að hætta geti orðið á, að vinnumarkaðurinn verði þurrausinn. Við verðum að hafa það í huga, að það fer svo geysilega mikið af þessum kostnaði til kaupa á efni og vélum, og hlutfallslega miklu meira en áður var, vegna þess hvað vinnuaflið er miklu afkastameira en það var áður. Ég tók eftir því hjá hv. 3. landsk. þm. (GÞG), að hann virtist óttast það atriði, að með þessum framkvæmdum yrði stefnt að verðbólgu, en auðvitað eigum við fyrst og fremst að stefna að útrýmingu atvinnuleysisins, og ef ekki er hægt að útrýma því án verðbólgu, sem vitanlega er alltaf æskilegast, þá ber okkur frekar að eiga á hættu verðbólgu en atvinnuleysi. Ég álít, að það sé því rangt af stjórnarandstöðunni að leggja að hæstv. ríkisstj. að fara með gætni í þessum efnum, þar sem ég hygg, að hún hafi þar einmitt tilhneigingu til að vera of gætin, vegna þess að engin ástæða er til að óttast, að þessar framkvæmdir geti haft verðbólgu í för með sér, og ég hygg, að þrátt fyrir þær verði tilfinnanlegt atvinnuleysi bæði í Rvík og á Akureyri. Ég er þeirrar skoðunar, að hæstv. ríkisstj. þurfi að fá viljayfirlýsingu Alþ. almennt, og ekki hvað sízt stjórnarandstöðunnar, um að hún hafi fyllsta stuðning Alþ. til að verja 120 millj. kr. úr mótvirðissjóði einmitt til þessara framkvæmda, því að ég veit, að það verður lagt mjög fast að hæstv. ríkisstj. bæði af innlendum og erlendum aðilum, það er af Landsbankanum og Marshallaðstoðinni, að verja allmiklu af fé mótvirðissjóðs til greiðslu á skuldum ríkissjóðs, en það álít ég mjög óheppilegt. Ég er því á móti brtt. hæstv. fjmrh. um að verja 50 millj. kr. af þessu fé til greiðslu á skuldum ríkissjóðs við Landsbankann, þar sem fjárhagur hans er tiltölulega góður, en áreiðanlega yfirdrifin þörf fyrir þetta fé til þeirra stóru og nytsömu fyrirtækja, sem hér um ræðir. Og það er á vissan hátt eðlileg óánægja sumra hv. þm. út af því að verja svona miklu fé til framkvæmda aðeins á tveimur stöðum á landinu, sem sé í Rvík og Árnessýslu annars vegar og á Akureyri og í Suður-Þingeyjarsýslu hins vegar, og að verja engu af þessu fé til annarra staða á landinu, því að það er ekki vafamál, að atvinnuástandið er þannig, að ekki væri vanþörf á, að arðbærum og nauðsynlegum framkvæmdum úti á landi væri veitt einhver fjárhagsleg aðstoð á slíkan hátt og hér er um að ræða. En ef hins vegar á að verja af fé mótvirðissjóðs til þess að greiða skuldir ríkissjóðs við Landsbankann, þá er gefinn hlutur, að ekki verður farið að taka það fé að láni á sama árinu og hækka þær skuldir aftur.

Ég vil þess vegna eindregið mæla með því, að frv. á þskj. 745 verði samþ. eins og það liggur fyrir, en lýsi andstöðu minni við brtt. á þskj. 783 varðandi greiðslu á skuldum ríkissjóðs við Landsbankann.

Mér þykir leitt, að ekkert hefur komið fram um áætlanir fjárhagsráðs, sem minnzt var á í gær. Það er vitanlegt, að ef fjárhagsráð á að ráða, er ætlazt til þess, að almenn byggingavinna verði mjög lítil á þessu ári samanborið við undanfarin ár, og þess vegna fer því fjarri, að næg vinna verði tryggð handa öllum, þrátt fyrir þær ráðstafanir, sem hér er verið að gera, og þótt þetta séu að vísu mjög háar tölur hvað framlög snertir, sem á að verja til þeirra. Auk þess sést það af upplýsingum hæstv. fjmrh., að það er engan veginn víst, að þessar 120 millj. kr. eigi að notast allar á þessu ári.

Þá hef ég engar upplýsingar fengið varðandi áburðarverksmiðjuna, sem ég bað um í gær, og verð að líta svo á, á meðan þær koma ekki, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki mótað sér ákveðnar skoðanir í því máli.

ATKVGR.
Brtt. 783 samþ. með 16:4 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 788).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 82. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er komið frá Nd. Eins og um

getur í grg. frv., er það samkomulag í ríkisstj. á milli þeirra flokka, sem að henni standa, að þingmeirihlutinn vinni að því, að verulegt fjármagn verði lánað úr mótvirðissjóði til Sogs- og Laxárvirkjana og Áburðarverksmiðjunnar h.f., og hefur það verið hugsað þannig, að lán úr mótvirðissjóði ásamt Marshalllánum verði hlutfallslega jafnhá til þessara þriggja fyrirtækja, miðað við stofnkostnað. Nú þarf samþykki þeirra, sem hafa lagt fé til í mótvirðissjóð, til þess að ráðstafa honum, og einnig þarf samþykki Alþ. til þess, sbr. 3. gr. laga nr. 47 frá 1949. Það var áður orðið mjög aðkallandi að útvega lán til Sogs- og Laxárvirkjana, og höfum við því sótt um 15 millj. kr. lán til Marshallstofnunarinnar. Fregnir hafa borizt um, að sú umsókn hafi verið samþ., en enn hefur ekki verið gengið formlega frá þeirri ákvörðun, en gera má ráð fyrir, að það verði næstu daga. Þessar 15 millj. voru miðaðar við tímann fram að 1. jan., en á þessu ári þarf mikið fé til þessara fyrirtækja. Nú er ráðgert, að þingið ljúki störfum innan skamms og komi ekki saman aftur fyrr en í október, og því hefur stj. lagt þetta frv. fram nú, þar sem hún mælist til, að þingið veiti henni heimild til að verja fé úr mótvirðissjóði til þessara fyrirtækja. Þessi fjárupphæð, 120 millj. kr., er ríflega tiltekin, miðað við það, sem þyrfti á næstunni, en hún er þó langt í frá að vera nóg til þess að fullgera þessar stofnanir. Áætlaður stofnkostnaður þeirra mun vera um 300 millj. kr., og því er augljóst, að meira fé en þetta, sem hér er farið fram á heimild til að verja, þyrfti til þessara stofnana, þótt allar vonir um aðra fjáröflun rættust. — Ég get ekkert um það sagt að sinni, hvernig þessi fjárupphæð mundi skiptast á milli fyrirtækjanna, því að það verður að ákveðast á hverjum tíma eftir því, sem fjárþörf fyrirtækjanna segir til sín, en þessi leið er fullkomlega innan þess ramma, sem stj. hafði hugsað sér að vinna að.

Þá er þess einnig að geta, að hér er líka borin fram till. um, að ríkisstj. verði heimilað að verja allt að 50 millj. kr. úr mótvirðissjóði til greiðslu á skuldum ríkissjóðs við Landsbankann. Stjórnin tók ákvörðun um það fyrir nokkuð löngu síðan að vinna að því, að þetta gæti orðið. Hún hefur þó ekki gert beinlínis till. um þetta til Marshallstofnunarinnar, en hefur þó rætt um þetta við fulltrúa hennar hér. Þykir því stjórninni rétt að leita heimildar til þessa nú. Ef þessi heimild fengist, þá yrði reynt að taka af því fé, sem hefur safnazt á árinu 1950, svo að það fé, sem mundi koma hér eftir, yrði ekki bundið. En þetta mál er sem sagt á því stigi, að stj. taldi rétt að afla þessarar heimildar. — Einhver vildi nú máske spyrja, hvað þessi mótvirðissjóður væri stór. Því er til að svara, að í dag mun hann vera 130—140 millj. kr., og sennilega á hann eftir að verða meira en tvisvar sinnum stærri, þótt ekki sé hægt að segja neitt um það með vissu. Það er ekki heldur hægt að segja með neinni vissu um það, hve mikilla útlána megi vænta úr sjóðnum. Það fer að sjálfsögðu eftir því, hvernig tekst með fjármálin í heild. Ef það verða mistök með fjárlög eða útlánastarfsemi bankanna dregst óeðlilega saman eða fjárfesting verður of mikil, þá þýðir það, að hærri fjárupphæðir úr mótvirðissjóði festast. Gæti það þá orðið til þess, að við lentum í vandræði með þessi stóru fyrirtæki, sem nú á að fara að reisa. Þetta er ein ástæðan fyrir því, að ríkisstj. hefur nú lagt mikið kapp á að ganga vel frá fjárl., þannig að greiðslujöfnuður náist.

Að lokum legg ég svo til, að þessu máli verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 788, n. 797).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv. á fundi sínum í dag. Á fundinum mættu 4 nm., og lögðu þeir eindregið með því, að frv. yrði samþ., og hv. 1. landsk. (BrB), sem ekki var viðstaddur á fundinum, hefur tjáð mér, að hann í höfuðatriðum sé ekki mótfallinn frv.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gengið inn á að lána fé úr mótvirðissjóði til hinna nauðsynlegustu fyrirtækja, eins og virkjana, bæði Sogs- og Laxárvirkjunarinnar, og áburðarverksmiðjunnar. Munu ekki vera deildar skoðanir um það, að sjálfsagt sé að styðja að því, að þær framkvæmdir nái fram að ganga. Frekar munu geta verið skiptar skoðanir um hitt, hvort taka eigi þetta fé til þess að borga ríkisskuldir, en meiri hl. nm. var ákveðið með því að gera það. N. leggur sem sagt til, að frv. þetta verði samþ., og geri ég ráð fyrir, að ekki þurfi langar umr. um það atriði nú.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 822).

---

77. Áfengislög (frv. PO og BÓ).

Á 12. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33/1935 [76. mál] (þmfrv., A. 124).

Á 18. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Flm. (Pétur Ottesen): Eitt af þeim mörgu vandamálum, sem við horfumst hér í augu við í sambandi við hina miklu vínneyzlu hér í landinu, er það, hversu það hefur mjög færzt í vöxt, að óleyfileg vínsala hefur farið fram í leigubifreiðum. Það hefur nú um alllangt skeið borið mjög mikið á því og í vaxandi mæli nú upp á síðkastið, að bifreiðarstjórar leigubifreiða leggi þetta fyrir sig sem nokkurs konar atvinnuveg, þ. e. að kaupa áfengi í Áfengisverzlun ríkisins, safna saman miklum birgðum í bifreiðunum og selja þetta svo víðs vegar um landið. Mér er sagt, að það sé orðið mjög algengt, að við skemmtistaði hér í bænum að næturlagi, eftir að Áfengisverzlun ríkisins hefur verið lokað, bíði bílaraðir þar í námunda við með sínar miklu birgðir og mikil áfengiskaup fari þannig fram. Það er einnig alkunnugt, að þeir bifreiðarstjórar, sem þennan atvinnuveg stunda, neyta hvers færis, sem gefst, til þess að reka þessa verzlun á skemmtistöðum víða úti um landsbyggðina, og hópast þeir þar saman, sem þeir heyra auglýst, að fara eigi fram skemmtun, og bíða þar færis. Þetta er orðin svo mikil plága víða úti um landsbyggðina, að á samkomum, sem stofnað er til í skemmtunarskyni, verður mjög mikill drykkjuskapur, og allur sá skemmtibragur, sem ætlazt er til, að hvíli yfir þessum samkvæmum, hverfur alveg í skuggann fyrir áflogum og hvers konar óreiðu. Þetta er þess vegna sú höfuðplága, sem ekki verður lengur við unað án þess að gera ráðstafanir til, eftir því sem fært er, að slá eitthvað á þetta. Að vísu er það svo samkv. núgildandi lögum, að ef þessir menn verða uppvísir að óleyfilegri áfengissölu, má vitanlega draga þá fyrir lög og dóm og gera þá ábyrga fyrir sínum afbrotum, en þetta verður ekki gert nema því aðeins, að mennirnir verði staðnir að því að hafa selt vín ólöglega, en í mörgum tilfellum fer þarna saman ásóknin í það að fá vínið og sú hagnaðarvon, sem felst í því fyrir seljandann að koma víninu út. Er því leitað allra bragða til þess að fara laumulega með þetta, og er þess vegna ekki hægt að komast nema örskammt eftir þeim leiðum, sem nú eru lögleyfðar, til þess að slá á þennan hættulega ófögnuð. Hér er þess vegna lagt til í þessu frv., að bifreiðarstjórum á leigubifreiðum og eigendum þeirra sé bannað með öllu að hafa nokkurt vín eða geyma nokkurt vín í bifreiðunum, og jafnframt er löggæzlumönnum heimilað að rannsaka bifreiðarnar, þegar þeim þykir ástæða til, til þess að komast að, hvort þessu máli, ef að lögum yrði, er hlýtt eða ekki. Þetta er auðvitað mjög mikill aðstöðumunur fyrir lögregluna, að komast fyrir slík afbrot á þennan hátt eða eftir þeim leiðum, sem heimilaðar eru í núgildandi löggjöf um þetta efni. — Jafnframt eru í þessu frv. sektarákvæði allverulega hækkuð frá því, sem nú er í l., og kveðið á um það, að það áfengi, sem ólöglega er geymt í bifreiðunum, skuli gert upptækt.

Ég vildi þess vegna mega vænta þess, að hæstv. Alþ. vildi leggja því lið að slá á þennan ófögnuð, sem hér á sér stað, því að það er alkunnugt, að mikill fjöldi manna og þá ekki hvað sízt hin uppvaxandi æska liggur mjög flöt fyrir þeim tálsnörum, sem lagðar eru fyrir hana með þeirri óleyfilegu sölu áfengis, sem nú á sér stað. Vildi ég því mega vænta þess, að Alþ. vildi leggja því lið, að sú breyt. næði fram að ganga, sem í þessu frv. felst, því að með því móti mætti vissulega þess vænta, að slegið væri að verulegu leyti á þennan ófögnuð. — Að lokinni þessari umr. vænti ég, að þessu máli verði vísað til hv. allshn., því að þar mun það eiga heima, ætla ég.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 124, n. 373).

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta frv. gaumgæfilega og sent það á meðan á athuguninni stóð til umsagnar lögreglustjóra og sakadómara, sem manna mest fjalla um framkvæmd þeirra mála, er það um ræðir. Flm. gera grein fyrir aðaltilgangi frv. í þskj., en hann er að bæta úr því vandræðaástandi, sem viðgengizt hefur að almannavitorði og fer í vöxt, að svo og svo mikil ólögleg áfengissala fer fram í bifreiðum í landinu, ekki sízt við samkomustaði úti um sveitir, þar sem mannfagnaði er oft stórlega spillt af þeim sökum. — Allir nm. voru sammála hv. flm. um það, að hér væri um slíkt ófremdarástand að ræða, að nauðsyn bæri til að bæta þar úr. Enn fremur fellst n. á það, að með breytingum á áfengislöggjöfinni muni verða unnt að bæta þar verulega úr. Hins vegar taldi n., að nokkurra breytinga væri þörf á frv. eins og það liggur fyrir.

Samkv. frv. er það út af fyrir sig gert að saknæmu athæfi að geyma áfengi í leigubifreiðum, og telja hv. flm. svo mikla áhættu samfara því, að fyrir það verði að girða með ströngum ákvæðum. Varðandi þetta hefur n. borizt erindi frá bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, þar sem m. a. er bent á, að með þessu sé of nærri gengið bifreiðarstjórum almennt, að leggja hálfpartinn á þeirra herðar þá skyldu að ábyrgjast það, að farþegar þeirra hafi ekki áfengi meðferðis. Í erindi þessu segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í frv. yðar er gert ráð fyrir því, að leigubifreiðarstjórar beri ábyrgð á meðferð farþega á áfengi, svo og að þeim sé skylt að færa sönnur á, hvernig farþegar hafa komizt yfir áfengi, sem þeir kunna að hafa undir höndum í leigubifreiðum. Þetta ákvæði teljum vér alveg fráleitt, í fyrsta lagi vegna þess, að vér teljum þetta ákvæði andstætt almennum og viðurkenndum réttarfarsreglum, og í öðru lagi vegna þess, að með þessu eru bifreiðarstjórum lagðar á herðar skyldur um almenna löggæzlu, sem mundi jafngilda því að banna almenningi notkun leigubifreiða. Því ekki er hægt að gera ráð fyrir því, að viðskiptamenn vorir mundu almennt sætta sig við það, að leitað yrði á þeim, þegar þeir taka bifreið á leigu. En á annan hátt geta bifreiðarstjórar ekki uppfyllt ákvæði þessi."

Þannig líta bifreiðarstjórar á þetta mál. Að mínu áliti er það nokkuð þröngur skilningur, sem fram kemur í þessu. En að hinu leytinu er það

staðreynd, að það er nokkuð langt gengið að gera það að saknæmu athæfi að geyma og flytja áfengi í bifreiðum eins og frv. gerir ráð fyrir, með tveimur undantekningum þó: í fyrsta lagi þegar um er að ræða áfengi, sem farþegi hefur keypt í áfengisverzlun ríkisins og flytur með sér til heimilis síns eða dvalarstaðar, og í öðru lagi áfengissendingar frá ríkisverzluninni. Þessi flutningur er ekki saknæmur, enda séu færðar sönnur á, að um slíkan flutning sé að ræða. — Enda þótt telja megi skilning bifreiðarstjóranna nokkuð þröngan, þá eru nm. sammála um það, að erfitt muni verða að framkvæma þessi ströngu ákvæði 1. gr. eins og þau eru, og þannig hætt við, að þau næðu ekki heldur tilætluðum árangri. Þannig tekur flutningabannið aðeins til bifreiða, sem notaðar eru til mannflutninga gegn borgun. Í erindi bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils er bent á, að ýmsir aðrir en leigubílstjórar séu sekir um ólöglega áfengissölu, eins og t. d. menn, sem hafa verið sviptir ökuréttindum og hafa þá gripið til þessa óyndisúrræðis. Þar er bent á, að réttara væri að hafa ákvæðin almenn, og á það hafa nm. fallizt og vænta þess, að hv. flm. geti einnig goldið því samþykki. Sakadómari og lögreglustjóri gerðu n. grein fyrir niðurstöðum sínum, er þeir höfðu komizt að og voru að ýmsu leyti hliðstæðar áliti n., og féllst hún á till. þeirra í aðalatriðum, eins og fram kemur á þskj. 373. Þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir, að 1. gr. verði umorðuð þannig, að í stað þess að gera flutning áfengis saknæman út af fyrir sig, verði tekin upp ákvæði, sem geri það mjög torvelt að stunda óleyfilega sölu þess. Er þar um að ræða breytingu á 16. gr., sem fjallar um ólöglega sölu áfengis. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkv. 36. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða flutningatæki eru með vitund og vilja eigandans notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.“ — M. ö. o., samkv. gr. er heimilt að hefja lögregluransókn gegn þeim, sem staðinn er að broti á áfengislöggjöfinni, og að rannsaka skip, báta eða flutningatæki, þar sem geymt er ólöglegt áfengi, en hún mundi ekki gefa heimild til að hefja slíka rannsókn, þar sem um er að ræða flutning á löglegu áfengi í þeim tilgangi að selja það ólöglega. Því er lagt til af n., að við gr. bætist, með leyfi forseta: „Enn fremur er þeim heimilt að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu.“ — Og önnur málsgr.: „Nú finnst áfengi í bifreið, og skal þá eiganda þess refsað sem hann væri sekur um óleyfilega áfengissölu, nema sannað sé, að áfengið sé ætlað til löglegra nota.“

Hvað ákvæði þessarar fyrri brtt. snertir, þá er það svo, að það er löngum erfitt að hafa hendur í hári þeirra, sem selja áfengi ólöglega. Segjum t. d., að á einhverri sveitaskemmtun væri löggæzlumönnum ljóst, að gestir í aðvífandi bifreið ætluðu að selja áfengi ólöglega. Þó þeir gerðu nú leit í bifreiðinni og fyndu þar áfengi, þá hefðu þeir samt ekki staðið neinn að ólöglegri áfengissölu þar með. En með þessum tveimur málsgr. er farið inn á þá braut að snúa sönnunarskyldunni við og leggja hana hinum ásakaða á herðar. Slíkt er auðvitað mjög varhugavert, en þó ekki einstætt í löggjöf. Í þessu tilfelli yrði það þá skylda bifreiðarstjórans að færa sönnur á, að áfengið væri með eðlilegum hætti í bifreiðina komið og ekki ætlað til sölu. Ef bifreiðarstjórinn væri t. d. að flytja það fyrir einhvern mann, sem hefði keypt það til samkvæmis- eða veizluhalds, þá gæti hann fært sönnur á sakleysi sitt. Hins vegar ef hann gæti ekki gert fyrir því neina slíka grein, yrði hann sekur fundinn. — Ég sagði, að þessi tilfærsla á sönnunarbyrðinni væri varhugaverð, og vitanlega má ekki fara inn á þá braut nema í undantekningartilfellum, þar sem líkt stendur á og hér, að ella er mjög örðugt að hafa hendur í hári hinna seku. Þannig hefur t. d. verið sett sambærilegt ákvæði inn í lögin um lax- og silungsveiði í 88. gr. Refsiákvæðin í 2. málsgr. hljóða þar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú hittist maður með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem hann væri sekur um ólöglega veiði, nema sannað sé, að hann hafi haft þar lögmætt erindi.“ — Í þessu tilfelli er slíkum manni þannig lögð á herðar sönnunarbyrðin fyrir sakleysi sínu, eins og gert er ráð fyrir varðandi bifreiðarstjórana í fyrri brtt. allshn.

Um 2. brtt. er það að segja, að hún er í samræmi við tilgang frv. og ákvæði 2. gr. og fjallar um breytingu á 36. gr. l., og held ég, að þar sé ekkert, sem máli skiptir, sem þörf sé að gera sérstaka grein fyrir.

Ég held þá, að ég hafi í aðalatriðum gert grein fyrir niðurstöðum n., og það er von hennar, að með þessu náist sá tilgangur, sem stefnt er að með flutningi þessa frv.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Þó að ég geti ekki gengið inn á eða tekið undir það með hv. frsm. allshn., að það sé of langt gengið að því er snertir stjórnendur bifreiða með þeim ákvæðum, sem snerta geymslu áfengis í bílunum, þá viðurkenni ég fyllilega, að í þeim brtt., sem n. flytur, felist meira öryggi fyrir því en nú er, að hægt sé að hafa hendur í hári þeirra sökudólga, sem þarna kunna að vera á ferð. Þau ákvæði mundu án efa torvelda þessa iðju, sem mjög er rekin og iðkuð, frá því sem nú er. Hins vegar, eins og þetta er orðað í frv., þá má gera ráð fyrir, að það hefði gersamlega skorið fyrir það, að slíkri iðju yrði haldið áfram. En nú hefur orðið gott samkomulag í n. um þær brtt., sem hún hefur gert, og þær eru svo vaxnar, að ákvæði þeirra miða til bóta, og vil ég þess vegna vænta þess, að málið geti fengið afgreiðslu á þessum grundvelli, þótt ég hefði vitanlega kosið frekar, að skeleggar hefði verið til verks gengið, eins og lagt er til í frv. sjálfu. Eins og hv. frsm. gat um, þá er aðalbreytingin við 2. gr. frv. sú, að greinin er nú stíluð við aðra grein í áfengislögunum, og get ég fallizt á, að formsins vegna sé það réttara að hafa það svo.

Í einu atriði hefur nefndin breytt þessu frv. til verulegra bóta. Við flutningsmenn frv. höfðum eingöngu miðað það við leigubifreiðir til mannflutninga. En það er alveg rétt, að slík iðja kann að vera rekin í öðrum bílum, og er því þessi

breyting n. til mikilla bóta, að láta ákvæðin ná til allra bifreiða, og vil ég þakka n. fyrir þá breytingu.

Ég vil svo vænta þess mjög, þar sem ég get eftir atvikum fallizt á þær breyt., sem hv. allshn. hefur gert á frv., fyrir hönd okkar flm., að Alþingi geti nú afgr. þetta frv., sem felur í sér, að reistar verði nokkrar skorður við þeirri óþverraiðju, sem farið hefur fram í mörgum bifreiðum og farið hefur mjög í vöxt nú síðari árin.

ATKVGR.
Brtt. 373,1 (ný 1. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 373,2 (ný 2. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 12. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 474, 477).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 477. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í 11. gr. áfengislaganna segir:

„Dómsmálaráðherra hefur heimild til að leyfa einu veitingahúsi í Reykjavík veitingaleyfi á áfengum drykkjum, sem til landsins er heimilt að flytja."

Af þessu má draga þá ályktun, að til þess sé ætlazt af löggjafanum, að aðeins eitt veitingahús í Reykjavík hafi leyfi til að selja áfengi. Hins vegar hefur þetta orðið þannig undanfarið, að á skemmtisamkomum, sem haldnar hafa verið á hinum ýmsu samkomustöðum og veitingahúsum í borginni, hefur áfengi verið selt, og ég geri ráð fyrir, að skýringuna sé að finna í ákvæði, sem er í 17. gr. áfengisl., og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þá grein, hún hljóðar svo:

„Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum stöðum, þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 10. og 11. gr.

Ekkert félag manna má hafa um hönd í félagsskap áfengisveitingar né heldur má áfengisnautn fara fram í félagsherbergjum, hvort sem þau eru í húsi félagsins eða annarra, nema leyfi lögreglustjóra komi til."

Nú mun það vera þannig, að lögreglustjóri hefur veitt hinum ýmsu félögum leyfi til þess að hafa vín um hönd á samkomum, sem talið er að félögin standi fyrir. Þetta hefur orðið þannig í framkvæmdinni, að þegar stofnað hefur verið til samkomuhalds, sem talið er að sé á vegum einhverra slíkra félaga, í samkomu- eða veitingahúsum, þá hefur þar verið sala á áfengi handa hverjum, sem kaupa vildi, sem sótt hefur þessar samkomur, en yfirleitt hafa þessi félög ekki bundið þátttöku við félagsmenn, því það getur hver sem vill keypt sér aðgang að slíkum samkomum. Ég sé ekki betur en að með þessu, eins og þetta er framkvæmt, sé upphafið ákvæðið um það, að ekki megi nema eitt veitingahús hafa áfengissölu, og til þess að fyrirbyggja það, að þannig verði í framtíðinni, þá hef ég borið fram brtt. við 17. gr. á þskj. 477, um það að nema burt orðin „nema leyfi lögreglustjóra komi til". Þetta mundi þýða, að vínveitingaleyfi væri bundið við eitt veitingahús í Reykjavík, eins og til var ætlazt af löggjafanum. Það hefur verið rætt um það að undanförnu, hversu óviðeigandi það sé, að æskulýðsfélög og íþróttafélög hafi vínsölu á samkomum sínum, en fyrir slíkt væri tekið, ef brtt. mín væri samþ.

Forseti (SB): Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hv. n., hvort hún telur ekki æskilegt, að umr. um málið sé frestað, svo að hún fái tækifæri til að athuga brtt.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mér finnst ekki óeðlilegt, eins og kom fram hjá hæstv. forseta, að þetta mál sé athugað nánar í n., og ég fyrir mitt leyti vil frekar stuðla að því, að svo verði. En ég vil strax segja um þetta nokkur orð og þá í fyrsta lagi, að ég held, að hv. þm. V-Húnv. hafi farið skakka leið í því máli, sem hann virðist vilja tryggja, þ. e. að koma í veg fyrir vínveitingar á veitingastöðum. Ef hann er heill í málinu, því kemur hann þá ekki með brtt. um að fella niður 11. gr.? Af hverju á eitt veitingahús að hafa þetta leyfi frekar en önnur? Þetta ákvæði var sett fyrir eitt veitingahús, Hótel Borg, til að koma því upp, þegar stóð þannig á, að varla var um nokkurt sambærilegt veitingahús að ræða. En á þeim tíma, sem liðinn er síðan, er kominn fjöldi af veitingastöðum, sem eru sambærilegir við Hótel Borg, og þeir, sem vilja vera einlægir í baráttunni fyrir því að koma í veg fyrir vínveitingar á veitingastöðum, eiga að taka skrefið til fulls um það, að það megi hvergi veita vín, því að það nær engri átt sú sérstaða, að einu veitingahúsi í landinu sé veitt aðstaða til þess að veita vín, en öðrum ekki. Hitt er svo það, að það er mín skoðun, að það sé rangt að verða við þessari brtt. og einnig rangt að fella niður 11. gr., heldur ætti að rýmka gr. og gefa ráðh. heimild til þess að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, og þá væri það á mati ráðh., hve mörg þau ættu að vera.

Ég geri ráð fyrir, að það verði sagt, að ég sé einn af þeim mönnum, sem vilji veita vínflóðinu yfir landið, en það er alls ekki það, sem fyrir mér vakir. Ég er þeirrar skoðunar, að meðan áfengissala er í landinu og hver maður getur keypt áfengi eins og hann vill, þá verði ekki spornað við vínneyzlu, enda þótt áfengisveitingar séu ekki leyfðar, og reynsla er fyrir því, að áfengisneyzla er í mörgum tilfellum síður en svo minni á þeim stöðum, þar sem ekki eru opinberar vínveitingar; menn hafa áfengi með sér og staupa sig á því á klósettum, og það er ekki til fyrirmyndar, því að á þann hátt skapast sá sóðaskapur í þessum málum, sem er fullkominn blettur á þjóðinni. Ég veit, að hv. þm. vita þetta eins vel og ég og þekkja dæmi um það frá sínum eigin samkomustöðum, þar sem ekki eru opinberar vínveitingar, að þar skortir ekki á, að haft sé um hönd áfengi og menn neyti þess. Ég held því, að það sé ekki til neins að samþ. till. í þá átt að takmarka vínveitingar á veitingastöðum meðan ríkið sjálft selur áfengi.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Af því að ég er meðflm. að frv., sem hér er til umr., vil ég láta í ljós, að mér finnst ekki rétt að tefja þetta frv., sem

virðist vera komið vel á veg í d., með því að taka upp þetta stóra mál, sem þessi litla till. fjallar um. Ég get tekið það fram fyrir mig persónulega, að ég álít nauðsynlegt að taka þetta mál til athugunar, er till. fjallar um, vegna þess að þessi vínveitingamál hér í bænum eru komin út í hreinustu öfgar. Það virðist vera svo, að svo að segja hvert samkomuhús hér í bænum, sem heldur samkomur, geti haft vínveitingaleyfi og selt vín ótakmarkað. En þó finnst mér skörin færast upp í bekkinn í þessum efnum, þegar þau samkomuhús hér í bænum, sem annars eru ætluð til samkomuhalds, setja félögum það skilyrði, að þau fái ekki húsið til afnota nema vínveitingaleyfi fylgi með. Þetta hefur m. a. komið fram í blöðum undanfarið í sambandi við íþróttafélögin, og það er ekki öll sagan sögð að því er snertir ámælið á þau í þessu sambandi, vegna þess að fjöldinn af þessum húsum hefur sett þeim það skilyrði, að þau verði annaðhvort að sætta sig við það að fá ekki húsnæði eða hafa vínveitingaleyfi. En þegar þetta er komið út á þessa braut, þá virðist vera fullkomin ástæða til þess, að reynt sé að stinga við fótum. Hins vegar er það frá mínu sjónarmiði allt of þröngt eins og nú er komið og verður ekki hægt að framfylgja því, eins og fram var tekið af hv. 5. þm. Reykv., að hafa á einu veitingahúsi vínsölu meðan ríkið selur áfengi ótakmarkað. Þess vegna tel ég ekki, þó ég sé mjög fylgjandi því að þetta mál sé tekið upp, að það verði leyst með því að samþ. þessa brtt. Hitt væri eðlilegra, að taka málið fyrir í heild, og væri þá rétt fyrir hv. flm. að flytja um það stutt frv. til þess að það þyrfti ekki að tefja það frv., sem hér liggur fyrir. Þannig mundi málið fá gaumgæfilega athugun, og ég sé ekki, að hægt sé að komast hjá því að gefa einhverjum ákveðnum stöðum vínveitingaleyfi, en það er allt önnur aðstaða en nú er, þar sem hver hola getur fengið ótakmarkað vínveitingaleyfi undir því yfirskini, að eitthvert félag haldi þar samkomu. Þess vegna vil ég taka það fram, að þó að ég sé á móti þessari till. á þessu stigi í sambandi við þetta frv., þá tel ég, að þessi mál þurfi að taka upp og koma þeim í skynsamlegra horf en nú er.

Pétur Ottesen: Ég get vel tekið undir það, sem í þessari till. felst, sem hv. þm. V-Húnv. flytur, þó ég hefði viljað ganga lengra í því efni. Ef farið væri að bera fram till. í þessa átt, þá hefði ég viljað ganga lengra í því efni. Ef farið væri að bera fram till. í þessa átt, þá hefði ég viljað taka vínveitingaleyfið af því eina húsi, sem hefur það í bænum. En ég harma það mjög, að þessu mikla deilumáli er blandað inn í afgreiðslu þessa máls, sem hér liggur fyrir, því það hafði eindregið samkomulag fengizt um það, eins og þeim er ljóst, sem voru hér við umr. í gær, því að það var engum andmælum hreyft gegn frv. í því formi, sem það liggur nú fyrir. Fyrir hönd okkar flm. frv. gekk ég inn á þær breyt., sem n. flutti í því augnamiði að geta fengið fullt samkomulag um afgreiðslu málsins. Eins og ég tók fram, þá álít ég frv. ekki jafnsterkt og það var af hálfu okkar flm., en það er forsvaranleg tilraun til þess að lina á þeim mikla ófögnuði og þjóðfélagsmeini, sem er að renna hér upp í landinu í sambandi við vínsölu í bifreiðum. Nú eru það tilmæli mín til hv. þm. V-Húnv., að hann taki sína till. aftur. Hins vegar vil ég lýsa því yfir, að ég er reiðubúinn til þess með honum nú þegar að bera fram sérstaka breyt. í þá átt, sem hann er með, á sérstöku þskj., og freista þess að fá þar bót á ráðna hér í þinginu.

Skúli Guðmundsson: Það er svo með þessi mál, að ég tel þá brtt., sem ég er með, engu þýðingarminni en ákvæði frv. sjálfs, og ég tel því eðlilegt, að þessi till. fái þinglega meðferð og komi hér undir atkv. Ég get fyrir mitt leyti fallizt á að hafa þetta víðtækara og afnema vínveitingaleyfin, en ég reiknaði með, að enn örðugra væri að koma því fram heldur en þó þessari breyt., sem ég er með. En ef það er útlit fyrir að samkomulag náist um það, þá skal ekki standa á mér að fylgja því.

Pétur Ottesen: Ber þá svo að skilja þessi svör hv. þm. V-Húnv., að hann neiti bón minni um það, að taka till. aftur á þessu stigi?

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Nd., 15. jan., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þessu máli lauk svo síðast, að umr. um það var frestað til þess að allshn. gæti fjallað betur um málið. Afstaða meiri hl. n., hv. þm. Ak., hv. 1. þm. Árn. og mín, varð sú, að hann sá sér ekki fært að mæla með brtt. hv. þm. V-Húnv. á þskj. 477. Teljum við, að brtt. þessi stefni ekki til bóta, eftir því sem háttar til í þessu máli. Hins vegar eru hv. þm. Ísaf. og Siglf. meðmæltir brtt. — Ég held ég hafi ekki meira um þetta mál að segja, en vil taka undir orð hæstv. menntmrh., að æskilegt sé að endurskoða alla áfengislöggjöf landsins, og fellst ég á sjónarmið hæstv. ráðh. í þessu efni. En þetta er annað mál, sem er hér ekki beint til umræðu, og ræði ég því þetta ekki nánar.

Finnur Jónsson: Allshn. varð ekki sammála um þetta mál. Meiri hl. n. leggur á móti brtt. hv. þm. V-Húnv., en ég og hv. þm. Siglf. viljum samþykkja hana. Ég skal ekki draga í efa, að það er mikil þörf á endurskoðun áfengislöggjafarinnar í heild, og er sala áfengis komin út í öfgar. Svo er komið, að ekki er hægt að fá húsnæði til samkomuhalds, a. m. k. hér í bæ, nema að hafa jafnframt leyfi til að selja áfengi. Meira að segja íþróttafélögin hafa sölu áfengis á hendi sér til framdráttar. Þau verða að hafa áfengi um hönd á skemmtistöðum. Nú vita allir, hve illa fer saman áfengi og íþróttir. Það er orðið greinilegt hættumerki, þegar íþróttafélögin stunda áfengissölu. — Ég hygg, að vakað hafi fyrir hv. flm. þessarar brtt., að koma mætti í veg fyrir ósóma í sambandi við áfengissölu, og viljum við styðja hann í því. Það er alkunna, að þessi mál eru komin í óefni, svo að ekki er við unandi, og auðvitað þarf að endurskoða áfengislöggjöfina, en á meðan sú endurskoðun fer ekki fram, held ég, að rétt sé að fara þá leið, sem hv. þm. V-Húnv. leggur til, og mæli ég með því að till. verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 477 felld með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, ÁB, ÁS, EOl, FJ, GG, HelgJ, JÁ, LJós, PÞ, SkG.
nei: StgrSt, BÁ, EystJ, GTh, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KS, PO, SÁ, SB.
StJSt, EmJ, HÁ, JG, SG greiddu ekki atkv.
5 þm. (StSt, ÁÁ, BÓ, GÞG, ÓTh) fjarstaddir.
Við nafnakallið gerðu 2 þm. svo hljóðandi grein fyrir atkv.:

Kristín Sigurðardóttir: Með tilvísun til þeirra ummæla, sem hv. flm. þessa frv. hafði um þessa brtt. við síðustu umr., segi ég nei.

Pétur Ottesen: Þar sem ég tel, að þessu frv. sé stefnt í mikla hættu með því, ef samþ. væri þessi brtt. við það nú, en hægt er með öðrum hætti að prófa, hvort fylgi er fyrir slíku hér í þinginu sem brtt. er um — og það mun ég gera, ef brtt. verður felld, — þá segi ég nei.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 50. fundi í Ed., 16. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 1. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 474, n. 579).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Eins og sést á nál., hefur n. rætt þetta mál, og þegar það var afgr., þá var einn nm. ekki við, þrír voru með því að samþ. það óbreytt, en einn nm. er á móti því og leggur til, að það sé fellt. Frv. er hingað komið frá hv. Nd. og flutt af hv. þm. Borgf. og hæstv. menntmrh. og gengur út á það að reyna að stemma stigu við svokallaðri bílasölu á áfengi. Eins og flestum mun kunnugt, er talið, að það eigi sér stað í stórum stíl, að bifreiðarstjórar selji áfengi eftir lokun áfengisverzlunarinnar. Fyrir þetta hefur verið reynt að taka og lögð við því þung refsing, sem flm. ætlast til, að sé nóg, svo að menn leggi ekki út í þessa atvinnu. — Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en þeim, sem eru með áfengi, finnst kannske hart gengið að bifreiðarstjórum með þessum lögum. Ég hugsa, að þm. noti lítið slíkt áfengi og hygg, að þeir vilji þá ljá þessu frv. fylgi sitt til að uppræta þetta.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Þar sem forseti hefur kvatt mig í forsetastólinn, skal ég ekki lengja umr. Ég vil bera fram eina fyrirspurn, því að ég hef ekki orðið var við, að svar hafi komið við henni.

Það er viðvíkjandi því, sem stendur í 2. málsgr. 1. gr., að liggi rökstuddur grunur á, að áfengið sé ætlað til sölu, megi handtaka eigandann. Það væri gaman að vita, hvað þeir háu herrar ætla sér með þessu, til þess að maður hafi þó eitthvað til að hanga í. Ég ætla ekki að ræða þetta frekar, en ég óska þess, að hv. frsm. skýri þetta, svo að menn fái bendingu um, eftir hverju sé að fara. Það er skemmtilegra að vita, hvað löggjafinn meinar og hvað hann vill með þessu. Það er ekki föst bending, þó að þarna standi „rökstuddur grunur", og er margt, sem skilur á milli dómenda og leikmanna um það atriði.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Mér virðist, þó ekki liggi fyrir nema eitt nál., að n. sé raunverulega klofin um málið. Hv. þm. Seyðf. leggur til, að þetta mál sé fellt. Hann er ekki viðstaddur núna, og væri ef til vill rétt að fresta málinu. Ég hef samt talið rétt að tefja það ekki, svo að ekki falli grunur á forseta d. um, að hann kæri sig ekki um að greiða fyrir svona máli. En því er ekki til að dreifa. Ég tel nauðsyn að gera lögreglunni hægara en verið hefur að halda uppi þessum lögum. Ég viðurkenni þá nauðsyn að breyta þessu, en ákvæðin eru svo óskýr, að þau verða naumast skilin. Rétt áðan spurði hv. 11. landsk. n. um skilning á þessu ákvæði. Hann er nú lögfræðingur og lögreglustjóri og dómari í sínu héraði. Ef hann þarf að fræðast um þetta, er ekki undarlegt, þó að leikmenn þurfi þess. Ég álít rétt að greiða fyrir því, að lögreglan geti uppræt ólöglega sölu áfengis, og var frv. meðmæltur, eins og það var borið fram fyrst í hv. Nd. En frv. hefur tekið þeim breyt., að miður góðgjarnir löggæzlumenn geta valdið saklausu fólki óþægindum og fengið því refsað, ef frv. er samþ. óbreytt.
Í 2. málsgr. 1. gr. stendur: „Finnist áfengi í bifreið, skal eiganda refsað, sem sekur væri um ólöglega áfengissölu, nema hann geti sannað, að áfengið sé ætlað til löglegra nota." — Mér finnst þetta vera vafasamt ákvæði. Í fyrstu var þetta refsiákvæði á eigendur leigubifreiða, en nú nær það til alls þess áfengis, er finnst í bifreiðum. Með þessu er eigandinn sekur, nema hann geti sannað, að hann ætli að nota það sjálfur. Þetta er óvenjulegt í íslenzkri löggjöf, að sakborningur sanni sakleysi sitt. Meginreglan er, að ákærandinn sanni sekt ákærða.
Það er ómótmælanlegt, að það er löglegt að kaupa áfengi, og ríkið sjálft selur það. Þetta er mál út af fyrir sig, og skal ekki frekar farið út í það. En hér er um annað að ræða. Það hafa komið fram ótal till. um alls konar kákráðstafanir, sem eiga að draga úr áfengisneyzlunni, en reynslan sýnir annað. Öllum er heimilt að kaupa áfengi. Bóndi kemur í bæinn og kaupir sér brennivínsflösku, sem hann ætlar að hafa með sér heim. Nú finna lögreglumenn þessa flösku í bílnum hjá honum. Hvernig á hann þá að sanna, að hann ætli ekki að nota það í ólöglegum tilgangi? Ég sé ekki, að það sé hægt að sanna það. Ég hefði ekki kvatt mér hljóðs, ef hv. þm. Seyðf. hefði verið viðstaddur. Hann er kunnur lögfræðingur og hefði sagt sitt álit á málinu. Hæstv. dómsmrh. er hér staddur, og væri fróðlegt að heyra hans álit á þessum

nýju réttarvenjum, sem ekki munu eiga hliðstæðu í íslenzkri löggjöf. En hér virðist manni þetta vera þannig, að hver, sem er með brennivínsflösku í bifreið, megi eiga von á því að lenda í höndum lögreglunnar. Ef ég hef skilið þetta rétt, finnst mér réttara fyrir fylgjendur frv. að berjast fyrir afnámi áfengissölu í landinu heldur en að gera tilraun til að gera alla menn, sem kaupa áfengi, að sakamönnum. Allir þeir, sem ekki búa í bænum, geta átt það á hættu, að lögreglan taki þá, nema þeir fari gangandi heim með sitt vín. Ef bóndi úr Skaftafellssýslu kaupir áfengi, verður hann að labba með það heim, til að eiga það ekki á hættu að sæta stórsekt samkv. landslögum.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 579 ber með sér, hefur n. ekki getað orðið sammála um þetta frv. Ég legg til, að frv. verði fellt. Ég játa, að það kann að vera umtalsvert að koma í veg fyrir ólöglega sölu áfengis, eins og frv. á að gera. En ég tel, að til séu önnur ráð, sem brjóta minna í bág við almennar réttarvenjur. Einfaldasta leiðin er að hafa áfengisverzlunina opna meira, jafnvel allan sólarhringinn og selja áfengið þá eitthvað hærra verði. Vitanlega kaupir almenningur ekki vín af bifreiðarstjórum, ef menn geta fengið það á annan hátt og fyrir lægra verð. Það er svo annað atriði, að það er eins og menn umhverfist, þegar minnzt er á þetta mál. Menn verða æstir í skapi og koma ekki rétt fram sínum góðu hugsunum. Við verðum að játa, að sala áfengis er orðin svo stór liður í tekjum ríkisins, að ef verzluninni yrði lokað í 1—2 mánuði, yrði fljótlega að loka líka hjá ríkisféhirði. Nú hafa bifreiðarstjórar gerzt umboðsmenn ríkisins, þegar verzluninni er lokað, en í staðinn eru þeir hundeltir og sektaðir. Það gengur jafnvel svo langt, að það á að breyta sönnunarskyldu í opinberum málum. Á sama þingi er verið að afgr. lög um meðferð opinberra mála. Það er verið að leggja áherzlu á að vernda rétt þeirra, sem undir sök eru. Ég sé ekki, að það komi til mála að snúa þessu við, og legg til, að d. láti ekki henda sig þá óhæfu að samþ. þetta frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil láta afnema þetta ófremdarástand með ólöglega sölu áfengis. Mér finnst það einkenna afgreiðslu þessa máls, að 3 lögfræðingar í Nd. leggja til, að þetta verði samþ. svona. Þeir hafa borið fram brtt. á þskj. 373. Leitað hefur verið álits lögreglustjórans í Rvík, og er hann sammála þessu í samkomulagi við forstöðumann rannsóknarlögreglunnar. Hins vegar fellst ég á þau rök 1. þm. Eyf. og þm. Seyðf., að ekki sé hægt að láta þetta ganga svona í gegn. Það er ekki hægt að láta þann grunaða sanna sakleysi sitt. Ég vil fá að heyra álit dómsmrh. á þessu. Mér finnst það vera ádeila á lögreglustjóra, sem segir í grg., að bifreiðar með áfengi standi fyrir utan dansstaði. Hvar er þá lögreglan? Er þá ekki hægt að fyrirbyggja þetta? Mér finnst lögreglan heimila ólöglega vínsölu með því, að bifreiðarnar skuli standa óáreittar með vín fyrir utan dansstaði. Er þá ekki hægt að hafa hendur í hári þeirra? Mér finnst ástæða til að láta fara fram athugun á þessu. En ég efa, að hægt sé að uppræta þetta. Ég vil benda á, að sú regla hefur verið höfð á við bifreiðaeftirlit, að stöðva menn hvar sem er til að fá að sjá ökuskírteinið. Því verður ekki neitað, að þó að viðkomandi maður hafi ekki skírteinið á sér, getur það ekki talizt neinn stórkostlegur glæpur. Það getur ekki heldur talizt glæpur, þó að skipstjóri eða vélstjóri geti ekki sýnt skírteini sitt, eða háskólaborgari sitt borgarabréf. Verið getur, að þeir hafi það ekki við höndina. Þetta hefur vakið andúð í landinu, og er ástæða til að breyta þessu. En nú á að fara að bæta því við að fara að stöðva bifreiðar hvar sem er og láta svo manninn sanna sakleysi sitt, ef vín finnst í bílnum. Ég held því fram, að það sé hægt að laga þetta ástand, en get þó ekki verið fylgjandi frv., vegna þess sem ég hef getið. — Ég lýsi því yfir, að forseti d. hefur ekki neina ástæðu til að ætla, að grunur félli á hann, að hann vildi tefja málið, þó að hann frestaði því. Við vitum, að hans fundarstjórn er svo réttlát. Ég vildi óska, að n. tæki málið til nánari athugunar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hef fram að þessu ekki haft afskipti af þessu máli, en bæði er það, að það heyrir undir mína stjórnardeild, og eins hitt, að óskað hefur verið eftir, að ég léti álit mitt uppi um það, og því tel ég rétt að gera það.

Því hefur verið haldið fram, að hér væri um óvenjuleg ákvæði að ræða, og er það vissulega rétt. Þetta eru óvenjuleg ákvæði, sem að meginefni til má finna margt til foráttu, og væri ekki gott, ef hafa ætti þetta sem almenna fyrirmynd fyrir löggjöfinni, en það er líka á hitt að líta, að óvenjulegt ástand er í þessum málum, þar sem er leynivínsalan í bifreiðunum. Það hefur verið rifjað hér upp, að því sé haldið fram, að mikið sé af bifreiðum fyrir utan skemmtistaði Reykjavíkur og þar sé selt áfengi. Það er vitað, að það er ekki aðeins hér í Reykjavík, heldur víðs vegar um land, sem slíkt ástand ríkir, svo að það er alveg óþarfi að saka lögregluna í Reykjavík sérstaklega um vanrækslu, heldur löggæzlu landsins í heild fyrir að hafa ekki ráðið bót á þessu. Sannleikurinn er sá, að lögreglan í Reykjavík hefur hvað eftir annað gert tilraun til að koma í veg fyrir þessa ólöglegu áfengissölu, og raunin er sú, að það er hægt að gera það með köflum. Það er hægt að gera það þegar bifreiðarstjórarnir, — leynivínsalarnir — eru sérstaklega óvarir um sig, en það má heita nærri óframkvæmanlegt, ef þeir eru varir um sig. Ef full sönnun á að vera á leynivínsalann, þá þarf tvö vitni, og sé hann óvar um sig og gruni enga hættu, þá getur hann selt tveim mönnum, og þá er hægt að hafa hendur í hári hans. En um leið og leynivínsalann fer að gruna, að um hann sé setið, og hann er orðinn hvekktur, þá er það hið fyrsta, sem hann gætir, að selja ekki vín nema 1 maður sé viðstaddur, og þar með er fallin niður helzta og öruggasta aðferðin til að hafa hendur í hári hans. Þetta er öllum, sem kunnugir eru löggæzlumálum, fullljóst. Það má hugsa sér fleiri krókaleiðir í þessu efni, t. d. er hægt að merkja peningaseðla og með því e. t. v. hægt að hafa hendur í hári þeirra, en allt slíkt er svo þungt í vöfum, að sem raunveruleg hindrun á leynivínsölu kemur það ekki að fullu gagni. Það er líka á það að líta, að það er mjög takmarkaður hópur

manna, sem fæst til að fara til leynivínsala t. d. með merkta peningaseðla og kaupa vín af honum til þess, að maðurinn sé síðan tekinn höndum fyrir það og dæmdur. Það er síður en svo, að maður, sem það gerir, sé ámælisverður, en það er samt staðreynd, að það er, eins og ég sagði, mjög takmarkaður hópur manna, sem vill gera það. Og í jafnlitlu þjóðfélagi og okkar eru leynivínsalarnir farnir að vita deili á þeim mönnum, sem þessara erinda fara, eftir að þeir hafa starfað að því í nokkur skipti. Það er því gersamlega vonlaust að ætla sér að leika þann leik nema með þeim hætti, að mörg brot séu tekin í einu, t. d. eftir 1—2 mán., væru þau tekin jafnóðum, þá vara leynivínsalarnir sig á manninum, svo að honum er gersamlega þýðingarlaust að leika sama leikinn oftar. Ég veit að menn skilja, að það eru fáir menn, sem vilja gera þetta, það eru ýmis leiðindi því samfara, ámæli frá ýmsum o. fl. Þess vegna er það áreiðanlegt, að löggæzlan er ekki ámælisverð fyrir það ástand, sem í þessum efnum ríkir. Ef einhver er ámælisverður, þá eru það þeir, sem sett hafa lögin og þau ákvæði önnur, sem við erum að reyna að framfylgja, en aðstaðan er svo erfið, að löggæzlan hefur ekki getað gert meira en hún hefur gert. Það hafa einmitt, eftir að ég varð dómsmrh., verið gerðar nokkrar hríðir til að uppræta þessa leynivínsölu, en það hefur strandað á þeim ástæðum, sem ég nefndi áðan, að ekki hefur verið hægt að gera það oftar en raun ber vitni um. Afleiðingin af þessu er svo sú, að þrátt fyrir þessar tilraunir, þá á leynivínsala sér stað í mjög stórum stíl, bæði hér í bænum og úti um land, og það er ekki ásökun á neina löggæzlumenn, þó að þetta sé sagt, þetta veit alþjóð manna, enda kaupa svo margir vín á þann hátt, að það væri undarlegt, ef það væri ekki á allra vitorði. Það er vegna þessa vandamáls, að þm. hafa fundið ástæðu til að reyna að breyta löggjöfinni, og þess vegna flytja þeir hv. þm. Borgf. og hæstv. menntmrh. frv. sitt í Nd. Eins og það frv. var lagt fram var það nokkuð róttækt, og satt að segja róttækara en góðu hófi gegndi. Þetta frv. var síðan borið undir ýmsa embættismenn hér í Reykjavík, og í samráði við þá hafa sumar þær breyt. verið gerðar, sem komið hafa frv. í núverandi form. Ég veit, að þeir embættismenn, sem þessar till. hafa gert, bera þær ekki fram vegna þess, að þeir sjái ekki mikla annmarka á þeim. Þeir gera sér hins vegar ljóst, að það verður að gera einhverja tilraun til að sporna við því ófremdarástandi, sem nú er, og lina á eða breyta núgildandi ákvæðum.

Það má segja — og ég játa það —, að í vissum tilfellum mundi sú löggjöf, sem verið er að setja, leiða til ranglætis, ef henni væri fylgt fram af óbilgirni og í heiftarhug, en það verður að gera ráð fyrir því í lengstu lög, að löggæzlumenn og dómstólar séu vitibornar og sanngjarnar „verur", sem framkvæmi lögin af skilningi og sanngirni.

Ef bílar þyrpast að skemmtistöðum og bílstjórarnir sitja þar tímum saman, og menn koma einn og einn til að tala við þá, og það eru sömu bílarnir, sem þessar setur stunda yfirleitt, innan bæjar og utan, — ef þeir reyndust svo hafa vínbirgðir í fórum sínum, þá mundi ég segja, að það væru svo miklar líkur fyrir því, að þeir væru sekir, að ekki væri óeðlilegt, að þeir væru látnir færa sönnur á, að þeir væru þarna í löglegum erindagerðum, og það eru fyrst og fremst þessi tilfelli, sem lögin gera ráð fyrir. Ég geri hins vegar ráð fyrir því, svo að við notum dæmi hæstv. forseta, að hafi einhver bóndi austan úr Skaftafellssýslu getað sannað, að hann ætli að halda upp á afmælið sitt og hann er á ferð með vín í veizluna og kunningjar hans með honum, og sýnt er, að þeir hafa notið góðs af vökvanum, sem þeir eru með, þá mundi þetta allt vera talin sönnun þess, að þeir væru ekki í ólöglegum erindum með þetta vín.

Ég skal ekki rekja þetta frekar, en meginefni laganna má, sem sagt, mjög gagnrýna. Það er ekki fyrir það að synja, að þessi reglugerð getur komið illa niður, en það verður þá frekar að leiðrétta það eftir á og breyta þá lögunum eftir því, sem nauðsyn sýnir að þörf er, en gera þessa tilraun núna vegna þess, að ófremdarástandið í málinu er svo mikið, að mér finnst nauðsynlegt að gera eitthvað lögreglunni til stuðnings, því að það verða menn að skilja, að hún er ráðalaus með núgildandi löggjöf og verður því að fá frekari vopn í hendur, og þessi löggjöf á einmitt að verða slíkt vopn.

Hv. þm. Barð. gat um það áðan, að það væri farið að stöðva menn á vegum úti til að athuga, hvort þeir hafi ökuskírteinið með sér. Þetta er alveg rétt, þetta er gert, en það má ekki ásaka löggæzluna fyrir það, landslögin segja, að þeir eigi að hafa skírteinin og gæzlumennirnir eiga að framfylgja því. Það eru löggjafarnir og þeir, sem reglugerðir setja samkv. lögunum, sem þarna eru þeir „seku", en ekki lögreglan. Ég er út af fyrir sig ekki að mæla því bót, að þetta ákvæði sé í lögunum, en það er það eins og sakir standa, og hingað til hefur enginn hreyft því á Alþ., að það væri óþarft.

Það hefur einnig komið fram hjá hv. þm. Seyðf., að það sé erfitt að tala um áfengismál vegna þess, að menn vilji ógjarnan ræða þau af fullum rökum, og þau verða oft tilefni til persónulegrar áreitni, er menn halda fram skoðunum, sem öðrum fellur illa í geð, sbr. varfærni hæstv. forseta um málið.

Ég vil einnig taka það fram í sambandi við þær ásakanir, sem bornar hafa verið á lögreglustjórann í Reykjavík út af veitingu áfengisleyfa, að þær eru með öllu ástæðulausar. Menn getur greint á um, hvort þessar leyfisveitingar eru heppilegar eða ekki, en það þýðir ekki að ráðast á einn embættismann og ásaka hann um ástand, sem alþjóð hefur vitað árum saman, að var fyrir hendi. Það vita allir, hvernig þessi leyfismál hafa verið framkvæmd, þessir dansleikir eru daglega auglýstir, og menn vita, að þar hefur vín verið selt. Menn sjá líka, hve erfitt er að greina þarna á milli staða, að banna sumum vínveitingar, en leyfa öðrum. Í sumar voru bannaðar vínveitingar á tilteknum stað, þar sem segja má, að hafi verið einna hæpnast eftir reglugerð að veita vínveitingaleyfi. Ástæðan var sú, að þarna hafði komið upp grunur um alveg sérstaklega ólöglegt athæfi forstöðumanna og starfsmanna, — ég segi grunur, því að ekki er búið að dæma í málinu —, en mér er ekki kunnugt um, að sams konar athæfi hafi átt sér stað í öðrum sams konar veitingahúsum. Afleiðingin af þessu var, að hvað eftir annað var í einu virðulegu blaði hér í bænum, blaði Framsfl., gerð árás

á lögreglustjórann og mig fyrir að vera svo hlutdrægur að meina þessum stað að hafa vínveitingar. Þá voru vínveitingar taldar sjálfsagðar, hvernig sem á stæði, jafnt þó að forstöðumenn væru undir sök. Það ósamræmi, sem er í þessum ásökunum annars vegar og hinum, að leyfisveitingar hafi verið of rúmar hins vegar, sýnir, að erfitt er fyrir almenning að gera sér hlutlausa grein fyrir þessum málum. Það hefur sýnt sig, að það er ómögulegt í jafnstórum bæ og Reykjavík að ætla sér að hafa einn stað, sem hefur einkaleyfi til vínveitinga, en það fyrirkomulag, sem nú er, verður að breytast. Til þess, að ekki væri hægt að ásaka neinn um hlutdrægni í leyfisveitingum, þá hefur verið látið jafnt yfir alla ganga og leyfin veitt með þeim hætti, sem almenningi er kunnugt, og það er ekki einasta kunnugt almenningi, heldur hafa dómsmála- og fjármálaráðuneytin fylgzt með, hvernig þau hafa verið framkvæmd. Það er algerlega ástæðulaust að taka það upp sem ásökunarmál á hendur lögreglustjóranum, hvernig þessum leyfum er háttað. Hitt er alveg rétt, eins og kemur fram í nál. í Sþ., að allt þetta vínveitingaleyfafargan og umræður um þessi mál sýna, að núgildandi áfengislöggjöf fær ekki staðizt. Hana verður að endurskoða, svo að skynsamleg og hófleg notkun áfengis geti átt sér stað. — Ég tel, að þetta frv. stefni í rétta átt, og mundi greiða því atkv. mitt.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég er víst eini leigubílstjórinn, sem sæti á á Alþingi, og gæti því gjarnan verið í hópi þeirra manna, sem í grg. frv. eru bornir mjög þungum sökum. Þrátt fyrir það get ég þegar lýst því yfir, að ég mun verða með þessu frv. og greiða atkv. með því, þrátt fyrir þá annmarka, sem á því eru og allmikið hafa verið ræddir, einkum það atriðið, að í sumum tilfellum eigi menn, sem hafðir eru fyrir sök, að sanna sakleysi sitt, í stað þess að það er almenn venja, að það verður að sanna sakir á menn til þess, að hægt sé að dæma þá seka. Í trausti þess að þetta verði framkvæmt á þann hátt, sem hæstv. dómsmrh. sagði í ræðu sinni rétt áðan, þ. e. með gætni og að það verði ekki látið koma ranglega niður, mun ég ekki heldur setja þetta ákvæði fyrir mig, heldur greiða atkv. með því.

Það, sem olli því, að ég vildi taka til máls, var það, að ég álít helzt til sterkt að orði komizt í grg. frv., eins og það var flutt í upphafi í Nd., þar sem m. a. er sagt, að áfengissala í bifreiðum sé svo mikil, að til vandræða horfi. Ég skal ekki synja fyrir, að áfengissala í bifreiðum eigi sér stað, og ætla sízt að mæla þeim verzlunarháttum bót, en ég álít hins vegar, að slík sala hafi ekki farið í vöxt upp á síðkastið. Mér finnst bæði þetta o. fl. í frv. heldur vera ofmælt, t. d. að bifreiðarnar séu akandi, ólöglegar áfengisbúðir, að bifreiðar séu með birgðir áfengis kvöld og nætur fyrir framan skemmtistaði o. s. frv. Ég er alls ekki að segja, að þetta eigi sér ekki stað, en finnst, að það sé kveðið allt of fast að orði í grg. Mér finnst rétt, að það komi einnig fram í umræðunum, að langstærsta stöð leigubifreiða hér í bænum, þ. e. Hreyfill, leggur blátt bann við að þeir bifreiðarstjórar, sem þar starfa, hafi áfengi eða nokkuð annað óleyfilegt til sölu, og auglýsing um þetta hefur verið fest upp á stöðinni, og við liggur missir réttinda til þess að aka á stöðinni, ef þetta er brotið. Þetta er ekki aðeins pappírsgagn, heldur hefur það komið fyrir, að bifreiðarstjórar hafa verið sviptir stöðvarréttindum vegna þess, að þeir hafa verið uppvísir að slíkri sölu. Þannig er innan stéttarinnar sjálfrar reynt með ákveðnum aðgerðum að draga úr þessari ólöglegu sölu eins og í þeirra valdi stendur. Ég held, að árangurinn sé, að salan, þó að hún eigi sér stað enn að meira eða minna leyti, hafi frekar minnkað en aukizt.

Ég vil vænta þess, að verði þetta frv. samþ., þá muni það einnig miða að því að draga úr þessari ólöglegu sölu. Ég vil líka benda á það, að það er síður en svo, að ákvæðin í frv., sem einkum er beint gegn leigubifreiðarstjórum, séu nægileg til að koma í veg fyrir ólöglega áfengissölu. Ég vil benda hv. þm., hæstv. dómsmrh. og öðrum þeim, sem um þessi mál fjalla, á það, að ólögleg sala áfengis fer áreiðanlega víðar fram en í bifreiðum og í stærri stíl en þar er, en um slíkt eru engin ákvæði í frv. Ég hef orðið var við það í starfi mínu, að til eru í bænum margir staðir, sem menn fara til, þegar þá vantar áfengi og áfengisútsölur ríkisins eru ekki opnar. Og menn fara áreiðanlega ekki þangað erindisleysu. Ég held, að nauðsynlegt sé, þegar mál þetta er á döfinni og ráðstafanir eru gerðar til að draga úr ólöglegri sölu áfengis, að þessum stöðum sé ekki gleymt, eins og gert hefur verið í frv. og við alla meðferð málsins. Og það er víst, að á meðan ekki eru gerðar slíkar ráðstafanir, þá munu þessir staðir blómgast og því meira sem dregur úr sölu í bifreiðum, þeim mun meira verður leitað til þessara staða. Og niðurstaðan gæti orðið sú, að þó að dragi úr áfengissölu bifreiða, þá mundi salan í heild ekki minnka. Ég vil vekja athygli á því, sem ég sagði áðan um ráðstafanir þær, sem bifreiðastöðvarnar og bifreiðarstjórar hefðu gert til að reyna að hindra þessa áfengissölu. Ég vil einnig endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ráðast verður gegn þessum ólöglegu sölustöðum, ef árangur á að nást í þessum efnum, en um það eru engin ákvæði í frv. Ég hef enga till. gert um breyt. á frv., hvorki í þá átt né aðra, en ég vildi vekja athygli á því, sem ég hef nú rætt hér. Ég mun greiða atkv. með frv. og tel, að það stefni í rétta átt, það sem það nær, en ég tel, að það nái of skammt.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég tók fram í fyrri ræðu minni, að ég mundi með atkv. mínu vilja stuðla að því á réttlátan og skynsamlegan hátt að koma í veg fyrir ólöglega sölu áfengis í bifreiðum og á öðrum stöðum. Það er smánarblettur á þjóðinni, hve mikil leynivínsala á sér stað í landinu, en ég geri ráð fyrir, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Seyðf., að það sé að miklu leyti áfengislöggjöfinni að kenna, því að óvíða meðal menningarþjóða, þar sem vínsala er á annað borð leyfð, mun ríkja eins fáránlegt skipulag í þessum efnum og á Íslandi, þar sem t. d. er samkv. lögum aðeins eitt veitingahús í landinu, sem má löggilda til að selja gestum sínum vín, en svo er til heimild um það í lögum, að undir sérstökum kringumstæðum megi veita vín á öðrum samkomustöðum, en þessi þröngu ákvæði hafa orðið til þess, að undanþáguheimildin er

mjög mikið notuð, og eru nú uppi deilur um það, hvort slíkt sé löglegt. En ég vildi stuðla að því, að komið verði í veg fyrir ólöglega áfengissölu, og ég hefði greitt frv. atkv. mitt án þess að gera nokkra aths. við það, ef það hefði komið hingað eins og það var lagt fyrir Nd., en þar var gert ráð fyrir, að ákvæði laganna næðu eingöngu til atvinnubifreiðarstjóra og eigenda slíkra bifreiða, enda er vitað, að farþegar leggja ekki fyrir sig slíka sölu.

Ég kvaddi mér hljóðs áðan til að fræðast um það, hvort skilningur minn á frv. væri réttur. Ég vildi fræðast um það, hvort ákvæði 2. mgr. 1. gr. gæti bitnað á saklausum. Þau svör, sem ég hef fengið, virðast mér styðja, að minn skilningur á frv. sé réttur. Þetta kom fyrst og fremst skýrt fram hjá hv. frsm. minni hl. allshn., og auk þess virtist mér hæstv. dómsmrh. staðfesta það, þó að hann sé annars með frv. og vilji láta samþykkja það. Hæstv. ráðh. sagði, að hann teldi víst, að svo skynsamlega yrði farið með framkvæmd þessara laga, að ekki yrði refsað fyrir það, þó að flöskur fyndust í bifreið, þó að ekki væri hægt að sanna, að ekki hefði átt að nota þær á ólöglegan hátt. Ég tók hér áðan dæmi um, að bóndi austan úr Skaftafellssýslu — ég á þar ekki við neinn sérstakan bónda, heldur tók dæmi um mann í nokkurri fjarlægð, — keypti vín til að veita í afmælinu sínu, og það fyndist hjá honum á leiðinni austur, og hann væri síðan tekinn og dæmdur sem leynivínsali, ef hann gæti ekki sannað, að hann hefði ekki ætlað að selja það. Nú taldi hæstv. dómsmrh. það mundu vera næga sönnun, ef vitað væri, að maðurinn ætti afmæli á næstunni og hann mundi ætla vínið til að halda upp á það. En nú skulum við hugsa okkur, að ekki standi fyrir dyrum neitt afmæli hjá manni og hann sé ef til vill nýbúinn að eiga afmæli, en hann hafi keypt 10 flöskur af víni til að eiga og veita gestum sínum, — en hvernig á hann að fara að því að sanna, að hann hafi ekki ætlað að selja vínið? Ég skil ekki, hvernig hann ætti að fara að því að koma með slíka sönnun. Samkv. núgildandi lögum má maður fara í áfengisverzlunina og kaupa þar 10 flöskur af víni, en hann má bara ekki fara með það burt úr Reykjavík, jafnvel þó að hann eigi heima alla leið austur í Skaftafellssýslu, nema með því móti að bera það. Og það má dæma manninn sem lögbrjót, ef vín finnst í bílnum hjá honum. Ég held, að hægt hefði verið að ná sama árangri með l. án þess að fara út á þessa hálu braut. Hvers vegna er þetta ekki aðeins látið ná til bifreiðarstjóra og ef um verulegt magn er að ræða? Það er ekkert getið um það, hve magnið þurfi að vera mikið til þess, að refsað sé fyrir það, svo að það virðist vera hægt að dæma mann fyrir að hafa meðferðis 1 eða jafnvel ½ flösku af víni.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. dómsmrh. sagði um það, að lög þessi mundu verða framkvæmd með góðgirni og varúð, svo að friðsamur almenningur þyrfti ekkert að óttast, þá mun það, sem betur fer, vera höfuðreglan um framkvæmd laga, en það eru misjafnir menn í svo fjölmennri stétt sem löggæzlumannastéttin er nú orðin, og það eru ýmiss konar árekstrar á milli manna, og má því nota þetta ákvæði í hefndarskyni, ef menn vilja hafa sig til slíks. Og svo eru það Goodtemplararnir. Við skulum hugsa okkur lögregluþjón, sem er Goodtemplar og gegnsýrður af kenningum þess félagsskapar. Hvað mundi hann gera, ef hann fyndi ½ flösku af víni í bifreið? Ég veit, að til eru þeir menn, sem mundu draga þann, sem vínið fyndist hjá, fyrir lög og dóm, og þeir hefðu rétt til þess samkv. þessu frv. Maðurinn væri ef til vill austan úr Skaftafellssýslu og væri kominn austur að Jökulsá. Löggæzlumaðurinn mundi nú keyra með hann til sýslumanns, þar sem hann mundi verða yfirheyrður og verða fyrir ýmiss konar óþægindum. Ég vil nú spyrja hæstv. dómsmrh., þó að hann telji, að höfuðreglan á framkvæmd laganna sé, að þau verði framkvæmd með góðgirni og víðsýni, hvort hann neiti því, að lögin geti orðið eins í framkvæmd og ég hef nú lýst, og hvort hann telji heppilegt, að löggjafarvaldið bjóði slíku heim, að menn verði að sanna sakleysi sitt, sem í mörgum tilfellum er ómögulegt. Hér er verið að fara inn á þá braut að heimta, að menn sanni, að þeir ætli ekki að fremja lögbrot. Hvers vegna eru t. d. ekki allir íbúar Raufarhafnar teknir fastir? Mér finnst alveg hliðstætt, ef slíkt væri gert, eins og verið er að gera hér, þó að ekki sé um eins stóra refsingu að ræða, þá er andinn allur sá sami, eins og ef allir íbúar Raufarhafnar yrðu að sanna, að þeir hefðu ekki framið innbrotið s. l. haust. Það er sama hugsun, sem að baki liggur.

Ég mun ekki sem forseti taka þetta mál út af dagskrá, heldur láta atkv. ganga um það að umr. lokinni, en ég vil beina því til hv. n., hvort hún vilji ekki fara fram á, að málið verði tekið út af dagskrá, og athuga, hvort ekki sé hægt að koma þessu betur fyrir, þannig að hægt verði að ná í sökudólgana, en löghlýðnir borgarar fái að vera í friði, þó að þeir séu með eina flösku, ½ eða einn pela með sér í bíl.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta frv. miðar að því að gera tilraun til að breyta l. þannig, að hægt sé að uppræta ólöglega sölu áfengis, sem á almannavitorði er, að rekin hefur verið árum saman í leigubifreiðum, ekki aðeins í Rvík, heldur einnig víða um land. Það er viðurkennt af öllum, að tilgangurinn sé lofsverður, og allir eru sammála um, að nauðsyn beri til að uppræta þennan smánarblett, en það hefur hv. 1. þm. Eyf. m. a. nefnt ástand það, sem ríkir hér í þessum efnum. En menn greinir á um, hvaða leiðir sé heppilegast að fara. Ég vil taka undir með hv. 4. landsk. í því, að þó að með þessu móti megi með skynsamlegri framkvæmd laganna koma í veg fyrir ólöglega sölu áfengis í leigubifreiðum, þá nægi þetta ekki til að koma í veg fyrir leynisölu í heimahúsum, því að kunnugt er, að einstakir borgarar selja áfengi með okurverði og nota sér drykkjufýsn manna sem féþúfu eins og bifreiðarstjórarnir. Slíkir menn eru til víða um land, og ég veit enga svívirðilegri atvinnu heldur en þessir menn stunda, og þarf að taka algerlega fyrir slíkt, eins og hugmyndin er að gera hjá bifreiðarstjórunum. Ég vil því, að við 1. gr. komi sú viðbót, að einstakir borgarar geti sætt sömu viðurlögum og þar er gert ráð fyrir, ef á þeim liggur rökstuddur grunur um áfengissölu. Jafnan er vitað um ýmsa menn, sem fyrst og fremst eru leynivínsalar, þó að þeir hafi aðra atvinnu að yfirvarpi.

Hv. 11. landsk. gerði að umtali hér áðan þau

ummæli 1. gr.: „enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu", og beindi þeirri spurningu til frsm. meiri hl. allshn., hvað þyrfti til þess, að talið væri, að fyrir lægi rökstuddur grunur um, að maður seldi áfengi ólöglega. Slíkt er auðvitað álitamál, og mér skildist á hv. 11. landsk., að hann væri óánægður með þetta orðalag og vildi nema þetta atriði úr frv. Ég gæti sætt mig við, að þessar setningar væru numdar á burt og þarna kæmi punktur. Ég gæti sætt mig við að afnema þennan varnagla við skoðunarheimildinni, þó að þetta sé sett til að hindra, að lögreglan sé að skoða í bifreiðar, þó að vitað sé, að þær séu ekkert grunsamlegar og engum mundi detta í hug að stunduðu ólöglega vínsölu, eins og enginn mundi gruna hæstv. forseta um slíkt, þó að vitað sé um skoðun hans í þessum efnum. Ég tel því, að vel megi hafa þetta ákvæði áfram í frv., þó að ég mundi ef til vill fylgja till. frá hv. 11. landsk. um að fella þetta niður, ef hann bæri slíka till. hér fram.

Varðandi það, að sönnunarbyrðin sé lögð á bifreiðarstjóra og ef til vill farþega, þá hefur það atriði verið skýrt með prýðilegum rökum af hæstv. dómsmrh. Það er vitað um ýmsa menn, að þeir stunda ólöglega vínsölu, en til þess að hægt sé að sanna það, þarf tvö vitni, en ef áfengissalarnir eru slóttugir, þá er nær óframkvæmanlegt að koma við slíkri sönnun, þar sem þeir selja ekki vín, ef fleiri en einn eru viðstaddir. Þess vegna vildi ég, að hæstv. forseti vildi fallast á, að eitthvað væri gert til að hægt væri að koma fram sönnunum á hendur þessum mönnum, en nú er skortur á slíku, og hins sama vildi ég fara á leit við jafneinlægan bindindismann og hv. þm. Barð. er, en hann var óánægður með frv. án þess þó að koma með nokkra úrbót aðra, og væri mjög gott, ef bent væri á aðrar leiðir en þá, sem hér er farin, þó að ég komi ekki auga á neina aðra leið. Og ég tel menn ekkert of góða til að sanna sakleysi sitt, ef þeir haga sér þannig, að grunur fellur á þá, og er ég um það atriði algerlega sammála hæstv. dómsmrh.

Hv. frsm. minni hl. lagði að því mér fannst aðaláherzluna á það, þó að hann viðurkenndi, að ástandið væri slæmt, að hér væri um að ræða svo mikinn hluta tekna ríkissjóðs, að ekki mætti draga úr áfengissölunni, og að með þessu væri verið að hundelta þá menn, sem gerðust sjálfboðaliðar við að afla ríkissjóði tekna. Það kann að vera, að það sé ranglátt að launa starf þessara manna þannig, en samt sem áður hef ég enga meðaumkun með þeim.

Hv. þm. Barð. vildi að vísu útrýma leynivínsölunni, en gat hvorki fellt sig við frv. né meðferð n. á málinu. Hv. þm. vefengdi þær upplýsingar í grg., sem lýstu ástandinu í þessum málum í dökkum litum. En ég held, að það séu svo merkir menn, sem á bak við þessar upplýsingar í grg. standa, að ekki sé ástæða til að vefengja það, sem þeir segja þar, og ég held, að þeir, sem gengið hafa með opin augun og þar á meðal hv. þm. Barð., gangi þess ekki duldir, hve alvarlegt ástandið er og hefur verið í þessum efnum. Ég þykist því ekki þurfa að þreifa á frumgögnum til að leggja trúnað á það, sem fram er haldið í grg. Ég tel því, að ekki þurfi að vefengja gögn þau, sem frv. fylgja. Þó kann að vera, að ástandið í þessum efnum sé skárra en verið hefur, eins og hv. 4. landsk. vildi halda, og stafar það þá frá samtökum bifreiðarstjóra, og er það mjög lofsvert hjá þeim að láta það varða missi stöðvarréttinda, ef bifreiðarstjóri gerist sekur um að nota starf sitt sem yfirvarp til leynivínsölu. Og slík afstaða hjá þessum félagsskap hjálpar til þess, að sjaldnar þyrfti að koma til aðgerða slíkra l. sem hér er um að ræða, og það væri vel. Ég er líka viss um, að svona ákvæði mundi skerpa ábyrgðartilfinningu bifreiðarstjórastéttarinnar yfirleitt, þannig að þeir höguðu sér ekki eins gáleysislega og ýmsir einstaklingar þeirrar stéttar hafa gert, ef möguleikar væru fyrir hendi á því, að þeim gæti orðið hált á því að hafa um hönd óleyfilega vínsölu í bifreiðum. Ég býst þess vegna við, að þessi lög mundu verða til þess að bæta ástandið stórlega í þessu efni, og það teldi ég gott.

Hv. þm. Barð. vildi augsýnilega áfellast lögregluna fyrir það að hafa látið slíkt ástand skapast, sem nú er í þessum efnum. En ég efast um, að það sé rétt að áfellast lögregluna fyrir það, þó að svona hafi farið, og tek ég undir það með hæstv. dómsmrh., að þeir hafi átt í þessum málum við mjög erfiðar aðstæður að etja um að uppræta leynivínsölu, og munu eiga það að óbreyttri löggjöf.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál. Ég held, að þeir, sem af einlægni vilja, að komið sé í veg fyrir ólöglega áfengissölu í bifreiðum, hljóti að vilja stuðla að framgangi þessa frv., eða þá, ef þeir eru óánægðir með ákvæði þess að einhverju leyti, að þeir hljóti þá að koma fram með brtt., sem þeir gera sér í hugarlund, að nái sama marki. En ég verð að segja það, að þá menn, sem einungis setja út á orðalag þessa frv. og greiða síðan atkv. á móti því, án þess að gera tilraun til þess að koma fram með breyt. á orðalagi þess, þannig að markmiði frv. sé unnt að ná frá þeirra sjónarmiði, — þá verð ég því miður að væna um það, að þeir séu ekki alveg heilir í fylgi sínu við tilgang frv. þessa, sem þeir þó hafa verið að lýsa hollustu sinni við.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil taka það strax fram, að það var misskilningur hjá hv. 6. landsk. þm., að ég vildi fella niður það orðalag, ef „rökstuddur grunur" lægi fyrir. Ég var að spyrja hv. n., ef það kæmi fyrir, að ég ætti að meta það, hvað væri rökstuddur grunur, og hvað n. meinti með því. Hitt er það, að ég álít, að nauðsynlegt sé að hafa þetta orðalag, en að menn megi ekki þjóta í það að vaða inn í bifreiðar, án þess að rökstuddur grunur liggi fyrir um brot. Annars er þetta, sannast að segja, og við erum líklega öll í þessari hv. deild sammála um það, að ástandið, sem hér er talað um, sé hið mesta ófremdarástand, sem verður að ráða bót á. Það er vitað, að einstakir menn gera það sér að atvinnu að selja áfengi fyrir okurverð. Um leið og á að sporna við því, að slíkur óþokkaskapur sé hafður í frammi, þá þarf um leið að hafa hliðsjón af því, að ekki sé gengið á almennt öryggi þegnanna í landinu, saklausra og sanngjarnra borgara, sem ekki vilja vamm sitt vita. Því ég verð að segja, að ég veit ekki, hvernig verður litið

á það, — því að ég er nú talinn frekar sopastór, ef í það fer, — ef ég vildi nú fara í langa ferð með kunningjum mínum og við vildum hafa með okkur 5 til 6 flöskur af víni og einhver illgjarn náungi yrði var við það, að við værum þannig á ferð og hann gerði næsta sýslumanni aðvart og svo fyndi sá sýslumaður áfengi hjá okkur; ég býst við, að við slyppum við refsingu fyrir að vera með þessar flöskur, en við gætum orðið fyrir töfum og óþægindum fyrir það, að sýslumaður færi að skoða í bifreiðina hjá okkur. Mundi þessi kærandi fá áminningu, eða verða gerðar athugasemdir við hans athæfi? Þá vil ég enn fremur spyrja hv. n., — hvað vítt á þetta að ganga? T. d., nú er áfengi flutt þannig, að það er í flutningatæki, sem hægt er að tengja við bifreiðina, t. d. jeppakerru. Hvað segir hv. n. um það? Ég veit, að kerran er tengd við bifreiðina, en ef kerran væri losuð við bifreiðina, áður en þessir leitarmenn kæmu og bifreiðinni síðan ekið í burt, geta þá þjónar réttvísinnar vaðið í kerruna og skoðað í hana? Þetta atriði getur komið til greina, og væri gott að vita, hvernig á að snúa sér í þessum málum.

Nú er farið að ferðast mikið með flugvélum, og þá er ekki loku fyrir það skotið, að menn geti haft með sér áfengi í þeim ferðalögum. Er nokkuð rétthærra það brennivín, sem flutt er norður í Eyjafjörð eða vestur í Dali í flugvélum, heldur en hitt, sem flutt er í bifreiðum? Ég held, að það ættu að vera lík ákvæði um það brennivín, sem flutt er í flugvélum, og það, sem flutt er í bifreiðum. Svona má lengi telja. En til þess að þessar lagabreyt. nái tilgangi sínum, verður að fara hægt og hóflega í hlutina og sjá svo um, að ákvæðin verði ekki talin fara út fyrir þau takmörk, sem sanngjarnt megi teljast. Sé þess gætt, má með því fá samúð almennings með löggjöfinni. En við vitum, að hversu mikil refsing sem sett verður, ef almenningi finnst ákvæðin vera ranglát, þá er síður von um, að þeim verði fylgt eða þau komi að gagni. Ég held, að það mætti hafa þessi ákvæði nokkurn veginn á þá leið að láta þau ná til þeirra bifreiða, sem eru í nálægð við skemmtistaði eða í kaupstöðum, þar sem veitingastaðir eru, og ef líkur þykja benda til þess, að bifreiðin liggi þar með áfengi, að þá ætti að vera heimilt að ganga að þeim bifreiðum og rannsaka þær. Þess vegna held ég, að ef n. hefur góðan hug á þessu, — og hv. frsm. hefur mér oft reynzt mjög hugkvæmur og stundum sanngjarn, — þá ætti hún að sjá til þess, að þetta mál væri athugað betur og reynt, hvort ekki væri hægt að bræða hér saman brtt., sem mundi ná því aðalmarkmiði, sem ætlazt er til með þessu frv., þannig, að ekki væri gengið allt of mikið á athafnafrelsi einstaklingsins, þannig að hann mætti nokkurn veginn um frjálst höfuð strjúka með sína eina pelaflösku í vasanum. Ég tek mjög undir það, sem hv. þm. Barð. óskaði eftir, að fresta nú þessari umr. og taka þetta mál til athugunar, heldur en að láta skeika að sköpuðu um það, hvort nokkuð verður úr þessu eða ekki. Því við sjáum, að hér þarf að ráða bót á þessu þannig, að að gagni komi.

Það er vitað, að áfengisl. eru yfirleitt viðkvæmt mál, og það væri miklu skemmtilegra, ef þessi hv. d. gæti farið nokkurn veginn einhuga með þessar breyt. á áfengisl. heldur en að afgreiða þær með litlum meiri hl. og í trássi við a. m. k. marga menn.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er nú ljóst, að menn eru óánægðir með orðalagið á þessu frv. Mér kemur til hugar, hvort ekki sé rétt að fresta umr. nú á þessu stigi málsins, og að það væri þá frekar athuguð nánar brtt., til að vita, hvort ekki væri hægt að fá samkomulag um einhverja umorðun á seinni málsgr., svo menn geti sætt sig við það. Það er ljóst, að frv. verður gagnslaust, ef seinni málsgr. er alveg felld niður. En ef hægt væri að breyta orðalaginu svo, að megintilgangi þess væri náð, þá held ég, að það væri beztu og greiðustu vinnubrögðin að fresta umr. nú, og þeir, sem hefðu hug á að gera breyt., bæru sig saman við n. til þess að vita, hvort hægt væri að fá samkomulag um þetta.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Ed., 5. febr., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 474, n. 579, 614, 618).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og ég gat um hér áður við umr. um þetta mál, þá treysti ég mér ekki til að fylgja frv. eins og það nú er á þskj. 474. Að vísu lýsti hæstv. dómsmrh. því yfir, að þó að frv. yrði samþ. þannig, þá mundi þess verða gætt í framkvæmdinni að fara af góðgirni með lagastafinn og koma mildilega fram gagnvart þeim, sem brotlegir kunna að reynast, þegar sýnt þyki, að ekki sé um ólöglega áfengissölu að ræða. En þó að hæstv. ráðh. gefi slíka yfirlýsingu, hefur það ekki svo mikið að segja, þar sem hann mun ekki fara með dómsmálaráðherraembættið til eilífðar, og ekki er víst, að eftirkomandi hans í því embætti verði sama sinnis, og auk þess heyrir framkvæmdin að mestu undir þá, sem fara með löggæzluna. Ég vil benda á í þessu sambandi, að oft hafa komið fyrir leiðinleg atvik í sambandi við þessi mál, t. d. akstur bifreiða. Ég sagði frá því um daginn, að þeir, sem fara með eftirlit á vegunum, hafi gert mikið að því og í vaxandi mæli að stöðva menn og spyrja þá um ökuskírteini. Þessir eftirlitsmenn hafa oft dómara með sér í bifreiðinni og setja síðan rétt yfir mönnum og dæma þá í sektir á vegum úti, hafi þeir ekki með sér skírteini sitt. Slíkum aðferðum er ekki fyrst og fremst beitt til að auka eftirlitið, heldur til þess að afla ríkissjóði tekna til að standa undir þessu eftirliti. Að vísu er til um það ákvæði í lögum, að menn skuli hafa meðferðis ökuskírteini sín, þegar þeir eru við akstur, en ef ákvæði þessa frv. verða álíka mildilega framkvæmd og þetta, þá tel ég, að hæpið sé að setja slík lög eins og hér á að gera. En eðlilegast væri, að menn væru ekki sektaðir, ef þeir geta sannað, að þeir séu handhafar ökuskírteinis, þó að þeir hafi það ekki meðferðis. En þetta er nú reynslan í þessum efnum, og á meðan svo er, þá ber ég ekki traust til þessara manna, að þeir beiti ákvæðum þessara laga mildilegar en þeir hafa gert í sambandi við ákvæðin um ökuskírteinin. Það eru dæmi til þess hér, að lögregluþjónar hafa tekið menn, sem aldrei hafa smakkað vín, og ætlað að setja þá í kjallar-

ann sökum ölvunar við akstur. Og hvers má þá vænta, þegar þeir hafa lagabókstafinn á bak við sig? Ég get því ekki samþ. frv. þetta eins og það er á þskj. 474. Ég vil benda á, að hverju sé stefnt í þessu máli. Það er kunnugt, að það varðar ekki við lög að selja vín í þessu landi, og tekur ríkissjóður stórtekjur af slíkri sölu, en það varðar við lög, að einstaklingar annist slíka sölu og hafi hagnað af. Þegar það er athugað, þá er sú hegning, sem ákveðin er við leynivínsölu í 2. gr. þessa frv., ekkert sambærileg við hegningarákvæði í öðrum lögum um ólöglega sölu annarra vara. Það virðist því vera saknæmara að selja vín en aðrar vörur, en þegar þess er gætt, að ríkið sjálft hefur með höndum slíka sölu í stórum stíl, þá er ekki hægt að viðurkenna, að sala víns sé saknæmari heldur en sala annarra vörutegunda, enda þótt hvort tveggja sé ólöglegt. Ef takmarka ætti vínd rykkjuna í landinu, þá ætti að setja í löggjöfina, að löggæzlumenn megi rannsaka, hvenær sem maður sjáist ölvaður á almannafæri. Þegar þessi mál voru hér síðast til umr., þá gat ég um, að það þyrfti að athuga þetta, að mönnum leyfðist ekki að vera á slangri drukknir og valda öðrum með því óþægindum, en allar slíkar till. voru felldar. — Þá get ég ekki viðurkennt, að löggæzlan hafi ekki möguleika til að fylgjast með því, hverjir selji vín ólöglega, á annan hátt en hér er gert ráð fyrir. Fyrir nokkrum árum var gert áhlaup á a. m. k. tvær bifreiðastöðvar, sem höfðu með höndum ólöglega áfengissölu, með þeim árangri, að önnur stöðin varð að loka, en hin beið mikinn hnekki. Þetta var því mjög gagnlegt, en ég held, að slíkt hafi nú verið stöðvað, en hvers vegna, veit ég ekki.

En mér finnst undarlegt, ef þessi sala er eins opinber og talið er í grg., að menn bíði með heil bílhlöss af áfengi úti fyrir skemmtistöðum til að selja það, að ekki sé hægt að stöðva slíkt á annan hátt en hér er gert. Ég er hér því með till. á þskj. 618, sem leggur til, að síðari mgr. 1. gr. orðist svo: „Nú finnst áfengi í bifreið, og skal þá refsa eiganda þess sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema hann færi sterkar líkur fyrir því, að áfengið sé ekki ætlað til sölu".

Ég skal viðurkenna, að nokkuð er hér gengið inn á það, að ákærði skuli sanna sakleysi sitt, en ég vil þó gera tilraun til að milda ákvæði frv. á þskj. 474, þar sem ég set í brtt. minni, að hann skuli færa sterkar líkur til þess, að hann ætli ekki að selja vínið. Það á m. a. að sekta viðkomandi aðila, þó að ekki finnist nema 1—2 flöskur í bifreið hans, og einnig verður hann að sanna, að hann ætli ekki að gefa unglingum undir 21 árs, sem með honum eru, vín. Það eru enn fremur þung viðurlög í 1. ákvæði 2. gr., ef mönnum tekst ekki að sanna, að þeir ætli ekki að selja vínið, að þeim sé samt sem áður gert að greiða fimmfalt andvirði vínsins í sekt. En það er í þessu ákvæði. Annars er það sjáanlegt, að þetta á aðeins að ná yfir söluna, en ekki ef bifreiðarstjórar veita unglingum yngri en 21 árs vín.

Ég vil, að greinin verði felld niður, og mun fylgja brtt. á þskj. 614, en að þeirri grein felldri mun ég greiða atkv. með brtt. á þskj. 618. — Ég tel einnig rétt, að sektarákvæðunum yrði breytt. Það er ekkert vit í því, að sektin nemi fimmföldu söluverði áfengisins, t. d. ef um væri að ræða 10 flöskur á 200 kr., þá yrði sektin 10000 kr. Þetta mundi ekki skapa annað en útgjöld fyrir hið opinbera með því að halda mönnunum inni og láta þá afplána sekt sína. Ég tel mér ekki skylt að bera fram brtt. í þessu efni, en tel, að hún hefði átt að koma frá allshn. Slík ákvæði sem þetta fara alltaf út í öfgar, og verður sektin í flestum tilfellum annaðhvort gefin eftir eða menn sitja hana af sér. Þannig er þessu t. d. farið hvað landhelgisbrotin snertir, og tel ég þetta ákvæði mjög óheppilegt. En þetta hefði n. átt að reyna að laga með brtt.

Ég get ekki fylgt frv. eins og það er, og ef brtt. þær, sem hér liggja fyrir, verða felldar, mun ég greiða atkv. á móti frv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að ég skil frv. þannig, að sérákvæðin um sönnunarbyrðina eigi einnig við, ef vín finnst í bifreið vegna rökstudds gruns um, að óleyfileg vínsala eigi sér stað.

Þegar 2. málsgr. byrjar með „Nú finnst áfengi í bifreið —", get ég ekki annað séð en það sé áframhald af þeirri fyrri. Er því sönnunarskyldan lögð á sakborning, þvert ofan í íslenzka réttarmeðvitund. Brtt. hv. þm. Barð. og hv. þm. S-Þ. dregur verulega úr þessu, og tel ég hana því til mikilla bóta og mun fylgja frv., ef hún verður samþ. (**PZ:** En till. hv. 1. þm. Eyf.?) Ég hef ekki athugað till. hv. 1. þm. Eyf. og veit því ekki, hvað í henni felst. Það getur vel verið, að hún sé ágæt líka, en sem sagt, þá hef ég ekki athugað hana.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þegar umr. um þetta mál var frestað hér í deildinni, kom fram skrifleg brtt. frá hæstv. forseta, fyrra þm. Eyf., og frestunin var ákveðin í því skyni, að n. athugaði málið að nýju. Þessi brtt. hans hefur verið tekin til baka, og hefur n. ekki fengið hana til athugunar í sambandi við þetta mál. Nefndin hefur ekki haldið fund síðan, en nokkrir nm. hafa komið saman og rætt þetta við andstæðinga frv., t. d. hv. 1. þm. Eyf. og þm. Seyðf., og eftir þær umr. varð niðurstaðan sú, að nefndin flutti enga brtt., en 1. þm. Eyf. flutti brtt., sem nefndin taldi ekki fráleita til samkomulags, og mér finnst hún miklu frekar koma til greina en till. á þskj. 618.

Ég hef því miður týnt blaðinu, sem ég hef punktað niður á hjá mér það, sem mér þótti helzt ástæða til að svara. En það gerir þá ekkert til, þótt ég sleppi einhverju. — Ég man það, að hv. 11. landsk. spurði mig að því, hvað meint væri með „rökstuddum grun", og 1. þm. Eyf. talaði um „pela".

Ég get bezt útskýrt meininguna með „rökstuddum grun" með því að taka dæmi, og af því að hv. 11. landsk. er yfirvald í sveit, þá er bezt að taka dæmi um allsherjar fylliri í sveit. — Nú færi svo, að skemmtun væri auglýst. Þá mætti sýslumaðurinn notfæra sér þessa löggjöf og fara á hnotskóg og leita að víni í Reykjavíkurbílum. Segjum nú, að hann fyndi „pela" af áfengi í einum bílanna. Þá lægi enginn „rökstuddur grunur" fyrir um það, að bifreiðarstjórinn ætlaði að selja þennan „pela". Ef í þessum bíl væri farþegi, t. d. bóndi í héraðinu, sem sýslumaður vissi, að smakkaði áfengi, þá væri það enginn „rökstuddur grunur" um, að hann ætlaði að selja vínið, þótt 3—4

flöskur fyndust í bifreiðinni. En ef í þessum bíl fyndust 30—40 flöskur, sem bóndinn gæti ekki gert grein fyrir, né aðrir farþegar, þá væri ástæða til þess að ætla, að um rökstuddan grun væri að ræða, og mundi sýslumaður þá taka hann. En það er auðvitað á valdi dómara að ákveða þetta hverju sinni, en það er fjarstæða, að privatmenn verði sektaðir, ef í fórum þeirra finnist einn „peli". Því að það mundi enginn maður aka með slíkt smáræði langar leiðir til þess að græða á því. Auðvitað mundi engum manni detta það í hug að fara að keyra langar leiðir með „pela" til þess að græða á að selja hann. Ég mundi því telja litlar líkur til þess, að hann mundi ætla að gera sér þetta smáræði að féþúfu! Ég hef aldrei templari verið, en aldrei vín smakkað, en ég mundi samt ekki telja, að um „rökstuddan grun" væri að ræða í tilfellum eins og þessu. En ef um fleiri flöskur væri að ræða, gegndi öðru máli.

Till. á þskj. 614 var flutt af því, að það er ósköp vel hægt að hugsa sér það — enda mörg dæmi þess efnis úr hinu praktíska lífi — að bílstjóri, sem fer í vínsöluleiðangur, hafi reynt að komast hjá því að telja sig eiganda vínsins, heldur sagt, að t. d. einhver farþeganna ætti það. Þess vegna get ég ekki fallizt á till. þm. Barð. og þm. S-Þ., því að með henni er skotið skálkaskjóli yfir hinn raunverulega eiganda vínsins og honum gert kleift að nota þessa smugu til undankomu.

Mér er sagt, að lögfræðingar í Nd., sem eru fylgjandi frv., hafi nefnt 3—4 dæmi, þar sem sönnunarbyrðin er lögð á þann, sem álitinn er sekur, svo að þetta fyrirkomulag er alls ekkert einsdæmi, eins og haldið hefur verið fram. Ég geri ráð fyrir, að bæði Jóhann Hafstein og Jónas Rafnar, sem báðir eru lögfræðingar, hafi vitað, hvað þeir voru að segja, og því sé ég ekki, að þetta sé eins einstakt og menn vilja vera láta.

Um önnur atriði, eins og t. d. ef bílar eru stöðvaðir úti á götum og bílstjórinn er sektaður fyrir að hafa ekki ökuskírteini sitt á sér, þá er það alrangt hjá þm. Barð., að það sé ekki gert öryggisins vegna. Vissulega er það gert vegna öryggisins, en ekki til þess að afla ríkissjóði tekna, enda eru sektirnar fyrir slík brot mjög lágar, — eða 15 kr., að því er ég held. Þetta eru engar stórsektir, enda er það smáyfirsjón að gleyma ökuskírteininu sínu heima. En þetta er gert til þess að athuga, hvort menn hafi tilskilin réttindi og hafi lokið hinu ákveðna bílprófi sínu. Því við stýrið mega og eiga ekki að sitja menn, sem stofna lífi annarra í hættu með því að keyra án réttinda og kunnáttu.

Ég get ekkert sagt um afstöðu n. til þessara brtt., sem fram hafa komið. Ég er á móti þeim báðum, en gæti þó sætt mig við till. á þskj. 614, því að hún sleppir ekki alveg beizlinu fram af því, sem hér er reynt að taka fyrir, eins og till. á þskj. 618 gerir. Ég mun þó greiða báðum mótatkv. mitt, því að ég vil ekki, að hægt sé að hafa menn í bílum sem leppa fyrir áfengiseignina.

Ég skal annars viðurkenna, að þetta er lítið spor í áttina til þess að minnka drykkjuskapinn og fyrirbyggja einstökum mönnum að selja áfengi ólöglega og nota til þess drykkjufýsn annarra. Það þyrfti auðvitað að taka þetta fastari tökum, en með því að fyrir Alþingi liggur till. til athugunar á allri áfengislöggjöfinni, þá vil ég, að frv. verði samþ. óbreytt. En sem sagt, andstaða mín gegn till. á þskj. 614 er ekki það mikil, að ég telji ekki, að ástandið verði bætt, ef hún verður samþ., þótt ég sé viss um það, að frv. komi að mestum notum, ef það verður samþ. óbreytt.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar. Nd. samþ. frv. mikið til ágreiningslaust, og þótt við hér í Ed. eigum e. t. v. að sjá vankantana betur, þá er okkur áreiðanlega óhætt að hlíta forsjá Nd. í þessu tilfelli!

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 12. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 614 tekin aftur.

— 618 samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BBen, SÓÓ, GJ, HermJ, KK, LJóh, BSt.

nei: RÞ, VH, HV, HG, PZ.

StgrA greiddi ekki atkv.

3 þm. (BrB, FRV, JJós) fjarstaddir.

Við nafnakallið mælti

dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég var ekki kominn inn í hv. deild, þegar atkvgr. hófst, en hefði talið heppilegast, ef hægt hefði verið að sameina brtt. hæstv. forseta við brtt. á þskj. 618, en ef svo er ekki, hvort ekki megi taka þá brtt. upp. — Vil ég benda á, að brtt. eru við sitt hvort atriðið, og brtt. hæstv. forseta er við það, sem ég tel, að sé fólgið í greininni nú þegar. Og vil ég spyrja forseta, hvort hann sé því ekki samþykkur, að taka megi upp þessi orð: „Nú finnst áfengi í bifreið, og skal þá, ef sterkar líkur þykja fyrir því, að það sé ætlað til ólöglegrar sölu" — —. Annars má koma þessu að og flytja brtt. við 3. umr.

Forseti (BSt): Ég tel ekki hægt að verða við þessu, enda of seint fram komið, — brtt. á þskj. 614 ákveður alveg málsgreinina.

Enn fremur gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Bernharð Stefánsson: Ég tek fram, að með þessu móti yrði löggjöfin svipuð því og síðar mun sett verða, og segi já.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:2 atkv.

Á 68. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 657).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi skrifleg brtt. frá hæstv. dómsmrh.: „Við 1. gr. — Upphaf 2. mgr. hljóði svo: Nú finnst áfengi í bifreið, og skal þá, ef sterkar líkur þykja fyrir því, að það sé ætlað til ólöglegrar sölu, refsa" o. s. frv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal geta þess, að ég lýsti þeim skilningi mínum, þegar málið var til 1. umr., að þetta fælist í frvgr. eins og hún var, því að það er í beinu framhaldi af 1. mgr. Hins vegar kom brtt. sama efnis og þessi till. fram við 2. umr., en hún var síðar tekin aftur, en eftir það er ég ekki viss um, að minn skilningur verði lagður í gr., nema þetta komi inn í hana, og þess vegna tel ég rétt, að þessi till. verði samþ.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég ætla að koma hér með brtt. við 1. gr., að í stað „sterkar líkur" í síðari mgr. komi: sönnur.

Forseti (BSt): Brtt. hæstv. dómsmrh. er skrifleg og of seint fram komin, og þarf því tvöföld afbrigði fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 672) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Þá hefur mér borizt skrifleg brtt. frá hv. 1. þm. N-M., að í stað orðanna „sterkar líkur" í síðari mgr. 1. gr. komi: sönnur. — Till. er skrifleg og auk þess of seint fram komin, og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 673) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég bar hér fram brtt. við 2. umr. um það, að löggæzlumenn þyrftu a. m. k. að færa sterkar líkur fyrir því, að áfengi, sem fyndist í bifreið, væri ætlað til ólöglegrar sölu, áður en kveðinn væri upp refsidómur yfir eigandanum, en samtímis báru tveir hv. þm. fram till. um að fella niður það ákvæði í frv., að hlutaðeigandi þyrfti að sanna sakleysi sitt, og þegar sú till. var komin fram, þá fannst mér óþarfi að halda till. minni til streitu, því að það er auðvitað oft hægt að færa sterkar líkur fyrir því, að maður hafi ekki í hyggju að fremja lögbrot, þó ómögulegt sé að sanna slíkt, og því tók ég till. mína aftur. En nú er hér komin fram brtt. frá hæstv. dómsmrh., sem tekur upp efni minnar till., og þó að ég hafi tekið mína till. aftur, þá er góð vísa aldrei of oft kveðin, ef gr. verður samþ. með þessari breytingu, þá verður ákæruvaldið fyrst að leggja fram rök fyrir því, að áfengið muni eiga að selja ólöglega, og auk þess nægir samkv. gr., að eigandinn færi sterkar líkur fyrir því, að svo sé ekki. Og þó að erfitt sé að krefjast sönnunar um sekt hvað þá sýknu, þá ætti þetta þó að fyrirbyggja, að saklausum manni verði varpað í steininn, þó að flaska finnist í bíl hjá honum. En nú vill hv. 1. þm. N-M. breyta þessu aftur, þannig að í stað „sterkar líkur" komi: sönnur. — M. ö. o. vill hann láta það ákvæði haldast, að maðurinn sé sekur, nema hann geti sannað, að hann hafi ekki ætlað að nota áfengið til ólöglegrar sölu. Með þessu móti er hver maður, sem hefur meðferðis áfengi í bifreið, sekur við lögin, því að það er ekki hægt að sanna, að maður ætli ekki að drýgja afbrot í framtíðinni. Eða hvernig getur hv. 1. þm. N-M. sannað, að hann ætli ekki að stela í framtíðinni? Jú, hann getur bent á, að hann hafi verið heiðarlegur maður, sem aldrei hafi stolið neinu. En er slíkt nokkur sönnun? Það er því hugsanaleg fjarstæða að ætla að krefjast fyrir fram sannana fyrir því, að hann ætli ekki að drýgja glæp. Það má ef til vill krefjast þess, að maður sanni, að hann hafi ekki drýgt glæp, og það er gert undir vissum kringumstæðum, en hitt, að sanna, að maðurinn hafi ekki ætlað að drýgja glæp eða nota vöru til lögbrota, slíkt getur enginn maður. — Þess vegna álít ég, að frv., eins og það var samþ. í Nd., sé hreint hneyksli vegna 2. málsgr. 1. gr., og sama er að segja, ef till. hv. 1. þm. N-M. verður samþ., og álít ég, að það yrði Alþingi hreint og beint til vansæmdar. Þá væri nær að taka aftur upp aðflutningsbann í landinu, heldur en að hafa áfengisverzlanir opnar og ginna menn til þess að kaupa vínið og gera þá um leið lögbrjóta, því að ég hygg, að menn fari yfirleitt með áfengið heim til sín í bílum. Slík lög hygg ég, að geti ekki gert neinum góðum málstað gagn, og ég vil láta í ljós undrun mína yfir því, að heil þingdeild skuli hafa samþ. frv. með málsgr. eins og 2. málsgr. 1. gr. er, eins og Nd. hefur gert, og meiri hl. þessarar hv. deildar skuli geta fallizt á slík ákvæði.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég játa það, sem hér hefur verið skotið fram, að orðalag till. minnar sé ekki gott. Ég vil því afturkalla þá brtt. og flytja aðra, sem er á þessa leið:

„Við 1. gr. 2. efnismgr. orðist svo:
Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á sem í næstu mgr. hér á undan segir, og skal þá refsa eiganda þess sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema hann færi sterkar líkur fyrir því, að áfengið sé ekki ætlað til sölu."

Með þessu er sagt það, sem ég hygg, að fyrir mönnum hafi vakað með þessu frv., og felur þessi till. í sér það sama vegna þess að í fyrri málsgr. er sagt, að fyrir hendi skuli vera „rökstuddur grunur", þ. e. a. s. sterkar líkur, svo að þetta orðalag hljóðar betur, og í því er ekki sagt annað en vakti fyrir stuðningsmönnum frv. frá upphafi.

Ég leyfi mér svo að afhenda hæstv. forseta þessa brtt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 674) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Það er bezt ég fari að dæmi hæstv. dómsmrh. og taki mína till. aftur og leggi fram aðra þannig:

„Við 1. gr. Í stað orðanna „hann færi sterkar líkur ... áfengið sé ekki ætlað til sölu" komi: sannað sé, að áfengið sé ætlað til lögmætra nota."

Ég veit, að 1. þm. Eyf. muni geta fylgt þessari till., því að hann hefur sjálfur samið till. á þskj. 614, en átta síðustu orð þeirrar till. koma þá í stað átta síðustu orðanna, sem nú eru í 1. gr.

Ég vil leyfa mér að taka það fram, sem ég sagði við 2. umr. þessa máls, af því að því hefur verið haldið fram í þessari hv. deild, að engin dæmi séu til þess, að sönnunarskyldan sé lögð á

þann, sem grunaður er, að tveir þm. í Nd., sem báðir eru lögfræðingar, Jóhann Hafstein og Jónas Rafnar, nefndu 4 dæmi um þetta sama, og sé ég því enga ástæðu til að þetta verði fellt burt. — Enn fremur vil ég benda á, að engum dettur í hug að halda því fram, að þótt maður sé með „þela", eins og 1. þm. Eyf. komst að orði hér í deildinni, þá ætli maður endilega að selja hann. Ég er viss um það, að engir menn eru svo heimskir í dómarastéttinni, að þeir mundu halda, að maður ætlaði að selja einn „þela", þótt hann fyndist hjá manni í bíl við rannsókn eða skoðun. Og ef 1. þm. Eyf. t. d. skrifaði mér bréf og bæði mig að koma með 4 flöskur af víni vestur í Barðastrandarsýslu, þá ætti ég ofur hægt með að sanna, að ég ætlaði ekki að selja þær, heldur hefði þessi hv. þm. beðið mig um að færa sér þær. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þeir löggæzlumenn, sem tækju bílinn, sem ég væri í, mundu dæma mig saklausan. Ég er alveg sannfærður um það. Og þá mundi ég leggja fram bréfið frá þm. Eyf. (**Dómsmrh.**: En ef bréfið týnist?) Það ætti ekki að vera mikil hætta á því í svo stuttri ferð hjá algáðum mönnum. Annars er oftast hægt að sanna, að maður sé saklaus af því að selja, ef svo reynist vera. — En hvað er sönnun? Sönnun í þessu tilfelli og raunar öllum tilfellum er það, sem dómarinn tekur gilt. Það getur verið, að hún sé ekki „juridisk", en mörg dæmi eru til þess, að dómari hafi tekið gilda sönnun, þótt síðar hafi komið í dagsljósið, að „sönnunin" var ekki á rökum reist.

Hv. 11. landsk. þm. spurði mig spurninga, sem ég svaraði við 2. umr., en þá var hann, að ég hygg, ekki viðstaddur. Vil ég því endurtaka það dæmi, sem ég tók þá. — Hann var í vandræðum, hvernig fara ætti að, ef grunur lægi á, að vín væri í einhverjum bíl. Ég tók það dæmi, að hann frétti t. d. sem lögreglustjóri í sinni sveit, að á einni samkomu hefði verið allsherjar vínflóð. Þegar samkoma væri næst á þessum stað, þá væru t. d. 3 bílar úr Rvík, sem hann leitaði í, og þá hitti hann þar bónda með 1 flösku, sem hann þekkti vel að öllu góðu. Þá mundi hann auðvitað strax segja, að ekki væri hér um rökstuðning að ræða fyrir því, að hann ætlaði að selja þessa flösku. En svo fyndi hann í öðrum bíl t. d. 50—60 flöskur. Þá væru líkur fyrir, að hann teldi, að um „rökstuddan grun" væri að ræða, og mundi hann þá auðvitað taka málið til nánari athugunar.

Yfirleitt finnst mér þetta liggja nokkuð ljóst fyrir. Með þessum lögum er reynt að taka fyrir, að menn fari út á land með hálffullan bíl af víni til þess að selja það. Og einnig er verið að fyrirbyggja óleyfilega vínsölu í bílum hér í Rvík, og til þess að hægt sé að fyrirbyggja þetta, þá telja þeir menn, sem raunverulega sömdu frv., að nauðsynlegt sé að leggja sönnunarbyrðina á þann, sem grunaður er.

Ég tel, að frv. muni gera lítið gagn, ef ekki er í því þetta atriði, vegna þess að þá fara þeir menn, sem gera sér þetta að atvinnu, að reyna að finna leið til þess að telja aðra eigendur að víninu, og til að fyrirbyggja þetta vil ég láta þetta ákvæði vera í frv., og legg til, að síðustu 8 orðin í till. á þskj. 614 séu tekin upp í stað síðustu 8 orðanna, sem nú eru í 1. gr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vildi segja það, þótt ég sé meginstefnu frv. samþykkur og telji ekki sömu hættu fólgna í þessu ákvæði og hv. 1. þm. Eyf., þá get ég ekki fallizt á að samþykkt brtt. við síðustu umr. spilli frv., heldur þvert á móti. — En út af því dæmi, sem hv. 1. þm. N-M. tók hér áðan, ef hann færi með nokkrar flöskur af víni út á land fyrir hv. 1. þm. Eyf., þá er málið ekki eins auðvelt og hann vill vera láta, ef það orðalag er á, sem hann vill hafa, og þá gæti svo borið við, að hann gæti ómögulega sannað það, sem hann þyrfti að sanna. Segjum nú svo, að hv. 1. þm. Eyf. skrifaði þessum hv. þm. bréf og bæði hann um að færa sér 5 flöskur af brennivíni út á land, — segjum svo einnig, að á leiðinni stoppaði þingmaðurinn á t. d. fimm stöðum, þar sem drykkjusamkomur og óregla hefði átt sér stað, og enn fremur að gerð væri gangskör að því að leita í bílnum, sem hann væri í, og þá fyndust þessar 5 flöskur. Þá mundu auðvitað allir reka augun fyrst í það, að þessi hv. þm., sem ekki bragðaði vín, væri með þessar flöskur, og mundi þá falla sterkur grunur á hann. Nú ætlar hann að sanna sakleysi sitt með því að sýna bréfið frá þm. Eyf., en svo óheppilega vildi til, að hann fyndi það hvergi. Þá ætlaði hann að hringja til þingmannsins, en segjum svo, að hann hafi dáið í millitíðinni, sem vel getur hafa komið fyrir. Þá væri óhjákvæmilegt að hann yrði dæmdur sekur, ef það orðalag er á frv., sem hann vill hafa, og einmitt það, að hann bragðaði ekki vín sjálfur, yrði honum að fótakefli.

Það er nauðsynlegt að setja reglur, til þess að hafa hendur í hári þeirra, sem sekir eru, en þær mega ekki vera þannig úr garði gerðar, að hugsanlegt sé, að þeir, sem saklausir eru, verði fyrir barðinu á þeim. Eftir því orðalagi, sem nú er á greininni og eftir að mín till. yrði samþ., þá er fullkomlega komið í veg fyrir hvort tveggja það, sem koma á í veg fyrir með þessu frv., það, að hjálpa til að taka fyrir óleyfilega sölu áfengis og hafa hendur í hári þeirra, sem sekir eru, og koma í veg fyrir, að saklausir séu dæmdir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 675) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Það er vitanlega alrangt hjá hv. 1. þm. N-M., að ég hafi sjálfur samið þau orð, sem hann gerði að sérstöku umtalsefni hér áðan, að menn ættu að sanna, að þeir ætluðu ekki að nota áfengið til ólöglegrar sölu, því að þótt þau séu í minni brtt., þá eru þau tekin upp úr frv. En þessi orð hafa mér frá upphafi fundizt hneykslanleg.

Hv. þm. sagði, að í Nd. hefðu verið nefnd 4 dæmi, þar sem sönnunarbyrðinni er skellt á þá, sem grunaðir eru. Ég var ekki við umr. í Nd., og getur það vel verið, að lögspekingar þar hafi fundið 4 dæmi um þetta. En ég hygg, að þetta sé um drýgð afbrot. En hér er um það að ræða, að menn eiga að sanna, að þeir ætli sér ekki að drýgja afbrot. Ég skýt því til lögfræðinga hér, t. d. hæstv. dómsmrh., hvort dæmi séu til þess í lög-

gjöf, að menn eigi að sanna fyrir fram, að þeir ætli ekki að drýgja afbrot. Ég hygg, að ekki sé hægt að finna dæmi þess efnis.

Hv. 1. þm. N-M. nefndi dæmi um, að hann gæti verið með 4 flöskur, sem hann ætlaði að nota á löglegan hátt, en hæstv. dómsmrh. sýndi veilurnar í því dæmi. En svo varð hann að gera ráð fyrir ýmsu, sem hann reiknaði ekki með í sínu dæmi, sem var um það, að ég skrifaði honum bréf og bæði hann um að koma með 4 flöskur til mín. Ef ég hefði nú t. d. hringt til hans, hvernig ætlaði hann þá að sanna sakleysi sitt? Kannske með því að hafa símafólkið til vitnis, en það á bara ekki að hlusta á símtöl manna. Kannske með vitnisburði mínum? En ég efast nú um, að vitnisburður eins manns sé tekinn gildur.

Það getur verið, að þetta sé ekki stórvægilegt atriði, eins og mér virtist hæstv. dómsmrh. álíta, og gerði e. t. v. ekkert til, þótt slíkt ákvæði yrði sett í lög og mundi ekki valda neinu tjóni, vegna þess að ganga má út frá því, að yfirvöld landsins séu gædd heilbrigðri skynsemi. — En mér finnst bara ekki eiga að setja svona ákvæði í lög eins og þetta, þar sem alsaklausir menn eru kannske settir í fangelsi fyrir afbrot, sem álitið er, að þeir muni einhvern tíma drýgja.

Það er nú alltaf sagt, að notkun áfengis hafi miður góð áhrif á menn. En ég verð nú að segja það, að mér virðist hvorki hugsun um áfengi né tal um það hafa öllu heppilegri áhrif á menn, því að mér finnst frv. þetta, eins og það er samið, og allt tal í sambandi við það svo langt frá öllu viti og sanngirni. Mér finnst það minna helzt á aflátssöluna á dögum Lúthers, þegar erindrekar páfa seldu mönnum aflátsbréf fyrir ódrýgðar syndir. En þó finnst mér það vera skárra að selja fyrir fram fyrirgefningu heldur en refsa fyrir fram fyrir ódrýgð afbrot, sem álitið er, að menn ætli að drýgja, og mér finnst gerðir páfa ganga nær heilbrigðri skynsemi heldur en verk þeirra manna, sem sömdu þessa lagasmíð, eins og hún var í upphafi.

Hv. 1. þm. N-M. sagði, að tilgangur frv. væri að ná þeim bílstjórum, sem gerðu það að atvinnu sinni að selja áfengi. Vil ég sízt lasta þann tilgang, en frv. var einmitt borið þannig fram í fyrstu, að það átti aðeins að ná til atvinnubílstjóra, en ég held, að þótt það hafi kannske verið tilgangurinn í fyrstu, þá hafi ýmislegt blandazt inn í þetta mál, sem mér dettur þó ekki í hug að kenna hv. 1. þm. N-M. um, m. a. sú stefna, sem nú virðist svo mjög vera að ryðja sér til rúms, — og kom þetta t. d. fram við umr. í hv. Nd., — að sumir menn vilja gera sem flesta menn tortryggilega gagnvart landslögunum og almenningi. Það er að vísu ágætt að koma í veg fyrir leynivínsölu, en það má ekki gerast á þann hátt að láta fjölda saklausra manna eiga á hættu að verða stimplaðir sem lögbrjótar, og þá hættu hafa allir yfir höfði sér, sem flytja áfengi í bíl frá einum stað til annars, því að ég hygg, að það séu fáir, sem fara gangandi heim til sín með það, sem þeir kaupa í áfengisverzluninni.

Ég vil að lokum taka það fram, að hv. d. er búin að kveða upp sinn úrskurð í málinu, og er hæpið, að till. hv. 1. þm. N-M. komist að, en þótt hún verði borin undir atkv., vil ég vænta þess, að hv. d. standi við það, sem hún hefur áður samþ. í þessu máli. Ég hygg, að fyrri mgr. 1. gr. frv. sé nægilegt aðhald í þessum efnum, þar sem leyft er að ryðjast inn í hverja bifreið og rannsaka, hvort áfengi sé í henni.

ATKVGR.

Brtt. 675 felld með 6:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RÞ, HG, PZ.

nei: VH, ÞÞ, BBen, SÓÓ, LJóh, BSt.

StgrA greiddi ekki atkv.

7 þm. (BrB, FRV, GJ, HV, HermJ, JJós, KK) fjarstaddir.

Brtt. 674 samþ. með 7 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, StgrA, VH, ÞÞ, BBen, SÓÓ, BSt.

PZ, RÞ, HG greiddu ekki atkv.

7 þm. (BrB, FRV, GJ, HV, HermJ, JJós, KK) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, RÞ, StgrA, VH, ÞÞ, BBen, SÓÓ, HG, BSt.

nei: LJóh.

7 þm. (BrB, FRV, GJ, HV, HermJ, JJós, KK) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. á þessa leið:

Páll Zóphóníasson: Ég tel, að frv. eins og það er orðið muni koma að mjög litlu gagni fyrir lögregluna, — enda að því stefnt af þeim mönnum, sem í vínið vilja halda, — en í von um, að hv. Nd., sem frv. fer til, lagi það aftur, segi ég já.

Bernharð Stefánsson: Í trausti þess, að hv. d. standi við það, sem hún hefur áður samþ. í þessum efnum, og láti ekki á sig ganga, segi ég já.

Frv. endursent Nd.

Á 42. fundi í Sþ., 14. febr., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 676).

Á 72. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta er nokkur breyt. frá því Nd. gekk frá frv. á sínum tíma. Málið var til athugunar á ný í allshn. í morgun, og nm. þeir, sem mættir voru, voru sammála um að leggja til að færa málið aftur í sama horfið og það var, þegar d. gekk frá því. Það er varðandi 2. málsgr. 1. gr. sem nokkur ágreiningur varð um í Ed., en það atriði er nú komið í það horf, eins og segir í 2. málsgr., en hún hljóðar svo: „Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á sem í næstu málsgr. hér á undan segir, og skal þá refsa eiganda þess, sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema hann færi sterkar líkur fyrir því, að áfengið sé ekki ætlað til sölu.“ Eins og Nd. gekk frá þessu, þá var það að efninu til þannig: nema sannað sé að áfengið sé ekki ætlað til sölu. — Orðalagið er dálítið annað á þessari málsgr. en það var, og efnisbreyt. er sú, að eins og þetta kemur frá Ed. þá er, undir þessum kring-

umstæðum, viðkomandi talinn sekur um ólöglega áfengissölu, nema hann færi sterkar líkur fyrir því, að áfengið sé ekki ætlað til sölu. — Við leggjum til, nm. í allshn., að í staðinn fyrir orðin „nema hann færi sterkar líkur fyrir því“ í 2. mgr. 1. gr. frv. komi: nema sannað sé. — Ég vil leyfa mér að leggja þetta fram sem skriflega brtt. frá allshn. Ef þessi brtt. nær fram að ganga, verður niðurstaðan sú, ef leit er gerð í bifreið og þar finnst vín, að þá verður viðkomandi að færa sönnur á, að hann hafi ekki ætlað sér að selja vínið. Hér er að vísu snúið við almennum reglum um sönnunarbyrði sakbornings, en þó finnst fordæmi fyrir þessu sama í lögum um lax- og silungsveiði, þar sem segir svo í 88. gr. 2. mgr.:

„Nú hittist maður með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem hann væri sekur um ólöglega veiði, nema sannað sé, að hann hafi haft þar lögmætt erindi.“

Ég vil með þessum orðum leyfa mér að afhenda forseta þessa skriflegu brtt. frá allshn.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt fram komna brtt. frá allshn. Hún er skrifleg og of seint fram komin og þarf tvöfaldra afbrigða við.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 709) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og fram var tekið af hv. frsm. allshn., hefur hv. Ed. gert nokkra breyt. á frv., sem hv. allshn. vill nú breyta aftur í sama form og áður var. Mér virðist, að breyt., sem gerð hefur verið í hv. Ed., sé fram komin frá hæstv. dómsmrh., a. m. k. er hún samhljóða brtt. á þskj. 674, sem fram er borin af hæstv. dómsmrh. Nú vill n. breyta þessu í fyrra horf. — Ég er satt að segja í dálitlum vafa, hvort ástæða sé til að gera það. Mér finnst, að athuguðu máli, að það geti verið vafasamt að lögfesta frv. eins og hv. Nd. gekk frá því. Þá er lögð sú skylda á hvern mann, sem hefur vínflösku með sér í bifreið, að sanna, að hann hafi ætlað að drekka þetta sjálfur, eða kannske gefa einhverjum. Ég veit ekki, hvernig það gengi fyrir ýmsum að færa fullgildar sannanir fyrir, að þeir hafi ætlað að drekka þetta, en aldrei kæmi til mála að þeir seldu flöskuna. Þetta finnst mér dálítið vafasamt. — Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta, en vil aðeins spyrja eins og sagt er, að eitt yfirvald hafi spurt: „Er þetta hægt, Matthías?“

Pétur Ottesen: Ég vil þakka mjög eindregið hv. allshn. fyrir þá breyt., sem hún hefur gert á frv. Hún hefur nú breytt því í sama form og það var, þegar það var afgr. til hv. Ed., og þá hafði enginn við það að athuga, ekki heldur hv. þm. V-Húnv., og var málið afgr. þannig til hv. Ed. mótatkvæðalaust, enda kemur það þannig miklu betur heim við allar aðstæður, en eins og frv. er orðað núna er það alveg gagnslaust. Hér er lagt til að fella úrskurð eftir líkum, en það er yfirleitt grundvallarregla að dæma ekki eftir líkum. Þannig var málið afgr. frá þessari hv. deild í fullu samræmi við ríkjandi réttarreglur. Ég vil því mega mælast til, að sú mikla umbót og lagfæring, sem gerð var á áfengislögunum hér í hv. deild, verði látin haldast og að hv. deild standi að því, að frv. verði lögfest þannig. En ef skerst í odda og það sýnir sig, að deildirnar verða ekki sammála, þá hefur hv. Nd. fullt vald á endanlegri afgreiðslu þessa máls með stuðningi þess hluta hv. Ed., sem með því stendur. Ég vil því mega mælast til þess, að till. hv. allshn. verði samþ. hér í hv. deild. Það er algerlega ástæðulaust, sem fram kom í hv. Ed. og hv. þm. V-Húnv. virðist hafa smitazt af, að hér sé verið að stefna í óefni fyrir farþega í bifreiðum, því venjulega er ekki um miklar vegalengdir að ræða, sem menn þurfa að fara áður en þeir geta notið þess víns, sem þeir hafa með sér, og þar að auki er frv. alls ekki beint gegn þeim. Það, sem hér er verið að stuðla að, er að koma í veg fyrir þá ólöglegu vínsölu, sem nú fer fram í bifreiðum, þar sem bílstjórar liggja við þann lóðarhálsinn að safnast saman við skemmtistaði og reka þar þessa þokkalegu iðju sína. Það er nú svo komið hér í nálægum héruðum Reykjavíkur, að ef ekki verður ráðin bót á þessu, þá er hætt við, að leggja verði niður þessar skemmtanir. Það skeður þráfaldlega, að skemmtanir eru gersamlega eyðilagðar fyrir drykkjuskap, vegna þess að bílstjórar safnast saman við skemmtistaðina með þeim afleiðingum, að þeir, sem veikir eru fyrir, kaupa af þeim vín. Ef Alþingi ræður ekki bót á þessu, verður ekki hjá því komizt að fella niður þessar skemmtanir. Þó frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir, þá er engin bót á þessu ráðin og sú afgreiðsla málsins aðeins til að skemmta skrattanum, en hitt er vitað, að bílstjórum stendur stuggur, verulegur stuggur af frv. eins og það var afgr. frá hv. Nd., og sjá sitt óvænna, að þeir geti ekki haldið þessari iðju áfram, ef það verður samþ. þannig. Ég vil því mega mælast til, að hv. deild samþykki brtt. hv. allshn.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil aðeins minna á það, sem fram hefur komið í hv. deild áður, að allshn. hafði samráð við þá lögreglustjóra Reykjavíkur og sakadómara um þetta frv., og var þá breytt eftir tillögum þeirra, en þeir felldu sig báðir við það að snúa sönnunarbyrðinni við í þessu tilfelli. Enda þótt gagnrýna megi það á ýmsan hátt, þá held ég, að ástæðulaust sé að óttast misfellur í því tilliti. Það er fyrst og fremst ólögleg sala áfengis, sem ætlað er að koma í veg fyrir með frv., og þess vegna virðist rétt að hafa frv. í því formi, að sem beztur árangur náist í því tilliti. Sú breyt., sem nú er gerð á málinu, virðist auðvelda það, en okkur virtist hitt of afsleppt, að það nægi að færa sterkar líkur fyrir því, að vín sé ekki ætlað til sölu, og þess vegna leggur n. til, að frv. sé nú fært í það form, sem það áður var.

Ég er sammála hv. þm. Borgf. um það, að það muni talsvert miklu, hvor hátturinn er á hafður, þó ég vilji ekki kveða svo fast að sem hann, að frv. sé alveg gagnslaust í því formi, sem það kemur frá hv. Ed. En eitt er víst, þó munurinn virðist ekki mikill, að þá verður mikill munur á framkvæmd.

Menn tala um, að þetta sé undantekning á almennum reglum um réttarfar, en þetta er þó undantekning, sem fordæmi er fyrir, en ef sá hátt-

ur er á hafður, sem hv. Ed. leggur til, þá er það alveg dæmalaust í íslenzkri löggjöf.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að deila við hv. þm. Borgf. um þetta. En formælendur þessarar breyt. segja, að saklausir ferðamenn þurfi ekki að óttast, að lögin verði framkvæmd þannig, að þeir verði teknir og þeim refsað, þó þetta verði samþ. svona. Ég vil í þessu sambandi benda á, að orðanna hljóðan er ákveðin. Nú finnst áfengi í bifreið og þá á eftir frv. að sekta eiganda þess, nema hann sanni, að hann hafi ekki ætlað að selja það. Ég held því fram, að dæma eigi eftir lögunum eftir orðanna hljóðan. Eins og orðin hljóða, er hverjum gert að sanna, að hann hafi ekki ætlað áfengið til ólöglegra nota. En ég býst við, að það geti mörgum orðið erfitt, jafnvel þó saklaus sé. Ég tek ekki upp deilur um þetta, en það hafði farið fram hjá mér við fyrri umr. málsins hér í hv. deild. Ég átti þá brtt. um annað atriði, sem þá var felld, og greiddi því ekki atkv. um málið.

ATKVGR.

Brtt. 709 samþ. með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KS, LJós, PÞ, PO, SG, StSt, ÁB, ÁS, FJ, GÞG, HÁ, IngJ, JóhH, JR.

nei: ÓTh, SÁ, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EOl, JG, JÁ, SB.

GG greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁkJ, BÓ, EmJ, EystJ, GTh, HelgJ, JPálm, JS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 43. fundi í Sþ., 21. febr., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 710).

Á 76. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt tveimur öðrum þm., þeim hv. þm. S-Þ. og hv. 1. þm. Eyf., að bera fram brtt. við frv. eins og það kom frá Nd. Er hún við 1. gr., að í stað orðanna „nema sannað sé“ í 2. efnismálsgr. komi: nema hann færi sterkar líkur fyrir því. — Þessi breyt. er þannig sem niðurstaðan varð hér í Ed., þá er málið var hér. Voru færð rök fyrir því, að ekki er rétt eða sæmandi fyrir Alþingi að láta lögin vera þannig, að sakborningur verði að sanna sakleysi sitt.

Vil ég vísa til fyrri umræðna, sem voru hér í Ed. Vænti ég þess, að afstaða manna í þessu máli hafi ekki breytzt neitt síðan. — Ég óska, að þessi brtt., sem er á þskj. 713, verði samþ.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég var meðflm. frv. í Nd., og stendur mér ekki á sama, hvaða afgreiðslu málið fær úr Alþingi. Ég álít, að ef það verður afgr. með þeirri brtt., sem hér er á þskj. 713, þá geri þetta lagabreytingunni ekkert gagn. Byggi ég þetta álit mitt aðallega á því, hvernig þessum málum er nú komið. Það er ef til vill að bera í bakkafullan lækinn, en ég verð að segja, að málið er komið í slík vandræði, að það er nauðsyn að fá einhverja breyt. á því. Það er orðin hreinasta plága um allt land og kannske hvað mest í nágrenni Reykjavíkur, hve sala áfengis er mikil. Er það líklega mest hér í nágrenni Reykjavíkur, því að bílar gera sér ferðir á skemmtistaði, hlaðnir áfengi, og liggja þar meðan skemmtanir eru. Mér finnst ástandið svo alvarlegt, að það verði að kveða svo fast að orði í lögum sem hægt er. Er ekki of fast að orði kveðið, þó sagt sé, að sanna þurfi, að áfengið sé ekki ætlað til sölu, og segir í fyrri málsgr.: „enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu.“ — Þetta mun vera mikil tryggging fyrir, að menn verði ekki fyrir ágengni lögreglunnar, nema rökstuddur grunur liggi fyrir um, að þeir ætli að selja áfengið. En ef það verður sagt: „nema hann færi sterkar líkur fyrir því“, álít ég, að útilokað sé að fá mennina dæmda og það fáist enginn jákvæður árangur út úr þessu. Ég tel, að það sé engin nauðsyn fyrir menn að vera með birgðir áfengis í bifreiðunum. Það er alltaf grunsamlegt, að um ólöglega vínsölu sé að ræða, ef mikið áfengi finnst í bifreiðum. Þó menn séu með 2 eða 3 flöskur í bíl, er enginn grunaður um, að hann ætli að selja áfengið. Álít ég, að núverandi orðalag frv. mundi koma í veg fyrir, að menn séu með miklar vínbirgðir í bílum.

Ég beini þeirri áskorun til d., að hún sjái sér fært að samþ. frv. eins og það er komið frá Nd., þannig að sönnunarskyldan hvíli á mönnum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég held, að það sé um misskilning að ræða í þessu máli. Ég get ekki séð, að í raun og veru sé það nokkur eðlis- eða efnismunur á, hvernig með þessi mál verði farið, hvor till. sem verður ofan á. Mér skilst, að það sé ómögulegt að sanna, að áfengið verði ekki síðar selt ólöglega. Alltaf getur farið þannig, að áfengið verði ólöglega selt. Það mundi enginn dómari krefjast sterkari sannana en sterkra líkna. Þess vegna get ég óhræddur greitt atkv. með frv. óbreyttu frá Nd., því að eðlinu samkv. mun dómari fara eins að, hvort orðalagið sem verður. Úr því að brtt. er komin fram, tel ég eðlilegt að samþ. það orðalag, sem allir dómarar munu fara eftir. — Í þessu tilfelli er ekki hægt að fara eftir öðru en sterkum líkum. Hér er um óorðinn atburð að ræða, og er ekki hægt að færa sönnur. En ef sagt er, að hér sé um ætlun mannsins að ræða, þá geti fengizt eigin játning mannsins. Ef hann játar á sig sökina, er fengin bein sönnun. En hér er ætlunin, að hann þræti og segi, að hann ætli ekki að selja ólöglega áfengi. Þá er ekki hægt að dæma eftir sönnunum, heldur verður að fara eftir sterkum líkum.

Ég held, að þessi þræta stafi af algerum misskilningi, upprunalega um hvaða sönnunarregla komi til greina. Gefur þetta ekki tilefni til að segja, að frv. nái ekki tilgangi sínum, ef ekki verður komið á sönnunarskyldu. Ég fullyrði, að það verður enginn munur á framkvæmd laganna, hvort orðalagið sem verður, en ég mun greiða atkv. með því frv., sem allir dómarar munu fara eftir í þessum efnum.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Barð. tók fram, að eiginlega er varla hægt að búast við, að nokkuð nýtt komi fram í þessu máli í þessari deild. Málið var rætt ýtarlega hér á dögunum. — Ég ætla ekki að halda langa ræðu og hefði getað fallið frá því eftir ræðu hæstv. dómsmrh. Þó get ég ekki verið sammála um, að enginn munur sé á, hvort frv. verði samþ. óbreytt eða ekki.

Hæstv. viðskmrh. talaði um, að það væri alvarlegt ástandið í þessum efnum, leynisala áfengis. Ég efa ekki, að þetta er rétt hjá honum, þó ég játi, að ég þekki ekki persónulega, hvort þetta er svo eða orðum aukið. Hæstv. viðskmrh. komst að þeirri niðurstöðu, að ekkert gagn væri í því, þó frv. væri samþ. með þeirri brtt., sem fyrir liggur. Ég get ekki fallizt á það. Ég skil ekki annað en löggjöfin geri mikið gagn, þó brtt. verði samþ. Þá eru lögin á þá leið, að taka má hverja bifreið, sem þykir grunsamleg, og athuga. Setjum svo, að það fyndist mikið áfengi í bifreið, sem er athuguð. Bifreiðarstjórinn situr í bifreiðinni, hann er á skemmtistað og á miklar birgðir af áfengi. Ég held, að hann geti ekki fært sterkar líkur fyrir, að hann ætli ekki að hafa á því óleyfilega sölu. Mér finnst það liggja í augum uppi, að maðurinn getur ekki ætlað að gera annað með áfengið. Það er annað með ferðamann, sem ætlar í langt ferðalag og verður langt frá útsölustað áfengis, þó hann taki með sér nokkrar flöskur. Eins og frv. er nú, á hann að sanna, að hann ætli áfengið ekki til sölu. — Ég hef heyrt sagt, að kunnur bindindismaður í Nd. hafi sagt: „Er þetta hægt, Matthías?" Það er ómögulegt að sanna óorðinn hlut. Þannig álít ég vera töluverðan mun á hvað snertir frv. og brtt., sem fyrir liggur. Hæstv. viðskmrh. sagði, að ekki væri lagt of mikið á bifreiðarstjóra, þótt þeim væri ætlað að sanna, að þeir ætli ekki að selja áfengi. Bifreiðarstjórar eiga yfirleitt ekki að hafa áfengi í bifreiðum sínum; þeir mega ekki drekka við akstur. Ef ég man rétt, var frv., þegar það var lagt fram, miðað við bifreiðarstjóra, en nú á það við alla, sem í bifreiðum fara. — Mér virðist, að það sé þannig frá málinu gengið, að Alþingi geti ekki samþ. slíkt ákvæði sóma síns vegna, að menn eigi ekki aðeins að sanna sakleysi sitt af því, sem búið er, heldur einnig fram í tímann. Þetta finnst mér ekki ná nokkurri átt.

Hæstv. ráðh. sagði, að þótt það fyndust nokkrar flöskur í bíl, yrðu hlutaðeigandi menn ekki grunaðir um ólöglega sölu. Hver er kominn til að segja, hver er grunaður? Hver er kominn til að segja, hvað t. d. æstir bindindismenn geta gert? Jafnvel þótt dómari sýkni manninn, getur hann orðið fyrir miklum óþægindum af því að vera dreginn fyrir dóm, tafinn á ferð sinni o. fl.

Ég ætlaði ekki að tala mikið, en vegna þess að hæstv. viðskmrh. er viðstaddur, vildi ég sýna fleiri hliðar á því, að ekki er hægt að hafa löggjöfina eins og frv. er sent hingað. Þó lögreglan framkvæmi hana þannig, að hún verði hættulaus, má slíkt ekki standa í löggjöf. — Það er hætt við, að einn þdm. hefði verið dæmdur, ef rommflaska, sem hann var með í bílnum, hefði fundizt. Einmitt af því að maðurinn var bindindismaður og gat ekki drukkið úr henni sjálfur, var ekkert nær að halda en hann ætlaði að nota hana ólöglega. (**Viðskmrh.:** Þetta hefði komið undir 1. málsgr.) Ekki hann sjálfur, en bifreiðin, og hæglega gátu aðrir verið í henni. Það er fyrir neðan allar hellur að setja þannig lög, að heiðarlegir bindindismenn geti verið dæmdir sem óleyfilegir salar áfengis. Vona ég, að deildin samþ. brtt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir vel, að hæstv. viðskmrh. er viðstaddur, því að það hefur hann ekki verið fyrr. — Ég vil benda honum á, að frá því að frv. var flutt á þskj. 124 þar til nú, að það er komið á þskj. 710, eru orðnar á því gerbreytingar, því að ýmislegt var í lögum áður. Mér skilst, að þeir, sem hafa útbúið frv., hafi ekki athugað, hvað var í landslögum. Hér hefur ráðið meir kapp um að lagfæra en að athugað væri um málið. — Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh.: Hefur hann trú á því, að þetta frv. verði til að laga þennan ósóma? Ég er hræddur um, að sú von muni bregðast. — Er nauðsynlegt að gera á þessu stórar umbætur. Ég hef ekki trú á, að meinið verði læknað með þessum vitfirringslegu aðgerðum. — Við brotum á lögunum eru svo fjarstæð viðurlög, að það nær ekki nokkurri átt, og er málið komið út í endalausar ógöngur vegna bindindismannaofstækis, og vilja þeir menn málinu ekkert betur en við. — Leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðh.: Hver er raunverulega sökin við að selja áfengi óleyfilega? Er hún nokkuð meiri en að selja silkisokka óleyfilega? Hér er selt óleyfilega til að fá ágóðann. Er kannske talað um, að þetta sé meiri sök, þar sem verið sé að selja almenningi eiturvöru? Ef komið er inn á þá braut, hvers vegna er þá ríkið að selja þjóðinni þessa ólyfjan fyrir þúsundir milljóna? Er nokkuð annað þó einstaklingar selji en ríkið? Eða er þetta aðeins einokun, og þetta sé brot af því að menn taki gróðann af ríkinu? En nú er sannleikurinn sá, að þessir menn kaupa vöruna fullu verði af ríkinu. Hér er ekki um smygl að ræða. Ég held, að það væri eðlilegast að byrja á ríkinu. En sömu menn sem vilja ákveða næstum dauðarefsingu, liggur mér við að segja, við óleyfilegri sölu áfengis, vilja ekki láta ríkið hætta áfengissölu. — Ég held, að auðveldasta aðferðin til að stöðva leynivínsölu sé að hefja rannsókn á því á hverjum skemmtistað, hverjir hafa neytt áfengis og hvar þeir hafa fengið það. Það er engum vandkvæðum bundið að taka fólkið og vita, hvar það hefur fengið sitt vín. Áður voru menn pokaðir, en nú þykir það ekki rétt. Mætti þá ekki yfirheyra þá, í stað þess að poka, og vita, hvar þeir hafa fengið áfengið, og taka síðan þá, sem hafa selt vínið? Þá væri eitthvert réttarfar í málinu. — Ég get ekki fellt mig við að samþykkja frv. óbreytt.

Umferð á vegum er stöðvuð í stórum stíl af einkennisklæddum embættismönnum, til að gæta að, hvort bílstjórarnir hafi ökuskírteini sín meðferðis. Hafi þeir gleymt þeim heima í það eina sinn, eru þeir sektaðir, þó að þetta séu þaulvanir og kunnir bílstjórar. Þetta er ekki gert til að tryggja öryggi á vegum, nei, það er látið í það skína, að það sé gert til að afla ríkissjóði tekna á móti þeim kostnaði, sem það hefur í för með sér fyrir ríkissjóð að hafa þessa menn á vegunum, og þeir munu hafa fullan rétt á að haga sér svona, en það er áreiðanlegt, að það verður aldrei vinsælt

og aldrei rétt, að menn séu stöðvaðir í hópum til að spyrja þá um ökuskírteini, og sekta þá síðan, ef þeir hafa af vangá gleymt því heima, þeir hafa e. t. v. haft fataskipti og gleymt því í hinum fötunum. Eins held ég, ef þetta frv. verður samþ. svona, að það veki meiri andúð en samúð, að það vinni meira tjón en gagn. Þess vegna vildi ég mjög mælast til þess, að hæstv. félmrh. vildi reyna að finna aðra og betri leið til að laga þessi mál en gert er í frv., ég hef ekki neina trú á, að það lagi neitt af því, sem það á að laga, það væri áreiðanlega betra að fara einhverja aðra leið. Fyrir 2 árum voru felldar í burt till., sem einar gætu lagað þessi mál í landinu. Ég tel, að það sé miklu betra, til þess að eitthvað sé hægt að gera hér til úrbóta, að taka þær till. aftur upp og reyna að bæta lögin á þeim grundvelli. Með slíkum refsiákvæðum, sem hér eru sett í lögin, næst ekki sá árangur, sem þeim er ætlað að ná, það skapar aðeins meiri andúð gegn lögunum, meira öngþveiti og verra ástand. Það þarf að fara allt aðrar leiðir.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ef það er rétt, sem hæstv. dómsmrh. sagði áðan, að framkvæmd laganna væri sú sama, hvort orðalagið sem haft væri, hvort sem farið væri fram á sterkar líkur eða sannanir, þá finnst mér ekki ástæða til fyrir þá menn, sem vilja, að bundinn sé endir á það ófremdarástand, sem allir viðurkenna, að ríkir í þessum málum, að vera að knýja fast fram breytingu á því orðalagi, sem komið er frá Nd. í annað sinn. Við vitum allir, að það líður að þinglokum, og ef nú verður knúð fram orðalagsbreyting, án þess að það hafi nokkra verulega þýðingu, eftir því sem ráðh. telur, þá stofnum við frv. í hættu með því. En frv. með hinu ákveðnara orðalagi miðar að því, sem allir eru sammála um, að bundinn sé endir á áfengissölu úr bifreiðum. Verði svo orðalagsbreytingin knúð fram, þá eru miklar líkur til, að það geti ekki orðið að lögum á þessu þingi og við búum áfram við það ástand, sem við höfum búið við til þessa.

Ég er heldur fylgjandi hinu eindregna orðalagi eins og hæstv. menntmrh., svo að ekki sé hægt að skjóta sér þar undan vegna þess. Ef menn eru að burðast með mikinn áfengisforða í bifreiðum á skemmtistöðum, og það menn, sem grunur hvílir á, þá finnst mér ekki of mikið, þó að þeir séu látnir færa sannanir fyrir því, að þeir hafi ekki ætlað það til óleyfilegrar sölu. (**BSt:** Hvernig er hægt að sanna það?) Ég get t. d. hugsað mér, að maður, sem áfengi finnst hjá og grunaður er um að ætla að selja það óleyfilega, geti t. d. sannað, að hann eigi merkisafmæli daginn eftir, og undirbúningur er undir það á hans eigin heimili. (**Dómsmrh.:** Þetta er ekki annað en það, sem kallaðar eru sterkar líkur.) En eru svona sterkar líkur ekki stundum teknar sem sannanir? (**Dómsmrh.:** Jú.) Þetta bendir til þess, að hæstv. ráðh. hafi rétt fyrir sér um það, að sterkar líkur mundu leiða til sakfellingar í báðum tilfellunum, hvort orðalagið sem væri notað. Eigum við þá að vera að þvæla málinu frá okkur aftur af því, að við viljum knýja fram orðalag, sem ekki hefur neina þýðingu að sé knúið fram, en getur stofnað frv. í hættu? Mér finnst, að við eigum að sætta okkur við það orðalag, sem er á frv. frá Nd., sú deild hefur mikinn áhuga á, að það sé samþ. með þessu orðalagi. Ef Ed. samþ. frv. eins og það er komið frá Nd., verður gerð tilraun með þessa aðferð, þangað til löggjöfin verður endurskoðuð, og sést þá, hvort þetta hefur orðið til bóta á því sviði, er við kemur sölu úr bifreiðum, og ef það tækist, þá væri þetta frv. til stórra bóta. Ég vil því taka undir tilmæli hæstv. menntamálaráðherra, að við samþ. frv. eins og það er komið frá Nd., þó að sumir í deildinni telji orðalagið strangt og einstrengingslegt um of. Það er búið að sýna okkur fram á, að í raun og veru skiptir það ekki miklu, hvort orðalagið er haft, en ef við sendum það aftur frá okkur núna, þá fáum við hvorugt orðalagið.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég veit, að hv. þm. Barð. er eindreginn bindindismaður og vill vinna fyrir þetta málefni á sinn hátt. Ég efast ekki um, að hann er að sínu leyti miklu meiri bindindismaður en ég, þó að ég sé þessum málum mjög fylgjandi, en þar ber á milli, að menn líta misjafnt á málið, og sýnist sitt hverjum um, hvernig því sé bezt fyrir komið. Ég hygg, að hann sé því fylgjandi, að hér sé sett vínbann, því að hann trúi á, að það sé bezta lausnin til að útrýma því ófremdarástandi, sem er í áfengismálunum. Aftur á móti tel ég, þó að ég sé fylgjandi bindindi og reglusemi, að vínbann sé engin lausn. Þetta sýnir í sjálfu sér ekki annað en fram hefur komið við afgreiðslu þessa frv., að flestir, ef ekki allir í báðum deildum, eru þess hvetjandi, að betri skipun komist á í þessum málum. Það vill bara hver fara sína leið. Það kann vel að vera, að hér sé verið að deila um keisarans skegg, eins og hæstv. dómsmrh. sagði, er hann taldi, að enginn munur yrði á framkvæmd, hvort orðalagið sem haft yrði. Ég er enginn lögfræðingur og tek þetta trúanlegt, en ég mundi þó halda, að aðstaða dómarans væri sterkari með því orðalagi, sem er nú í frv., en með því, sem brtt. leggur til að verði.

Hv. þm. Barð. spurði mig að því, hvort ég teldi, að þetta frv. bætti úr öllum ágöllum í sambandi við áfengismálin. Það er síður en svo, en ég hef sterka trú á, ef því verður skynsamlega og vel framfylgt af þeim mönnum, sem um það eiga að fjalla, lögreglumönnum og öðrum, sem þar koma til greina, að það muni bæta stórkostlega úr þessum þætti vandkvæðanna, sem eru á áfengismálunum, þ. e. leynivínsölu bifreiðarstjóra.

Hv. þm. Barð. sagði enn fremur, að það væri enginn munur á, hvort selt væri áfengi úr bifreiðum eða silkisokkar, ef hvort tveggja væri selt óleyfilega. Ég hygg, að ef hv. þm. athugar þetta, þá sjái hann þar nokkurn mun á, því að ekki gerir einn bílstjóri, sem selur nokkrum stúlkum silkisokka, alla menn, sem á skemmtuninni eru, svo óða, að það verði að setja þá í poka. Það er því verulegur munur á, hvaða afleiðingar hver sala hefur. Ég er auðvitað ekki að mæla neinni óleyfilegri sölu bót, en þessi sala, sem er hér verið að reyna að finna einhverja bót á, hefur miklu alvarlegri afleiðingar en nokkur önnur leynisala í landinu, en ég skal ekki fara inn á þá sálma. Það væri hægt að draga svo mörg dæmi alvarlegs eðlis fram, ef ætti að fara að ræða þessi mál eins og þau ganga fyrir sig, þegar svo langt er komið, að þessir bílstjórar taka miklu fleira en peninga til

að koma út sínu áfengi, þar kemur margt fleira til, sem gerir þetta að miklu alvarlegri hlut en menn gera sér yfirleitt grein fyrir. — Ég tel svo ekki ástæðu til að lengja þessar umræður, menn hafa þar sínar skoðanir á hvernig þessu sé bezt fyrir komið. Mín skoðun hefur ekki breytzt þrátt fyrir greinargerð þeirra þm., sem till. flytja, og það kann að vera, að mín orð hafi ekki heldur nein áhrif á þeirra afstöðu.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið, þær eru þegar orðnar alllangar. Ég vil fyrst og fremst mótmæla því, fyrir hönd dómsmrn., að það sé ekki til þess að skapa öryggi á vegum, að það sé athugað, að menn, sem keyra bíla, hafi rétt til þess eða ekki. Því er haldið hér fram í blákaldri alvöru, að það sé gert til að afla ríkissjóði tekna. Það er auðvitað gert til að athuga, að landslögum sé hlýtt og menn keyri ekki bíla nema hafa réttindi til þess. Það eru ekkert annað en getsakir að ætla ríkisstj., að hún sé að gera þetta að gamni sínu til að fá 15 kr., sem ekki er nema brot af því, sem bíllinn kostar, sem þarna er á ferð til að gæta þess, að landslögum sé hlýtt.

Hæstv. dómsmrh. tók það fram, að þessu frv. er ekki ætlað að laga nema einn galla á áfengislögunum, sem sé þann, að draga úr misnotkun áfengis, sem stafar af leynivínsölu úr bifreiðum á skemmtistöðum, bæði hér í bænum og úti á landi. Það er áreiðanlegt, að með þessu frv. er upplagt, ef löggæzlan er í dálitlu lagi, — hún þarf ekki einu sinni að vera í góðu lagi — að taka fyrir, að bílar komi með tugi og hundruð af vínflöskum á skemmtanir úti í sveit og fylli þar allan mannskapinn, — þetta næst með frv.

Ég vil benda þeim mönnum á, sem hugsa líkt og dómsmrh., þ. e. að það sé nokkuð sama, hver till. sé samþ., að þeir eiga tvímælalaust að greiða atkvæði á móti till., þeir eiga ekki að greiða henni atkv. og senda með því málið í Sþ. og stofna því þar í hættu, því að þar þarf svo mikinn meiri hluta til að samþ. það, en við hinir, sem teljum það til spillis að samþ. það svona, eigum að vera með till. og eiga það á hættu, hvernig Sþ. fer með það.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Vegna þess, sem menntmrh. sagði, vil ég leiðrétta tvennt. Í fyrsta lagi sleit hann úr samhengi ummæli mín um, að það væri ekki verra að selja áfengi en silkisokka. Það, sem ég sagði, var, að ekki væri meiri sök að selja áfengi en silkisokka, nema því aðeins, að það væri verið að selja ólyfjan. Þeir menn, sem telja það meiri sök, verða að viðurkenna, að glæpurinn liggi aðallega í því að selja þessa vöru, þá vöru, sem ríkissjóður sjálfur selur fólkinu. Þetta má ekki slíta úr samhengi.

Ég sé engan mun á því yfirleitt, hvort 20 menn taka sig saman á skemmtun uppi í sveit, leigja sér bíl, sem kostar 200—300 kr., og fara á honum til að kaupa sér áfengi, eða hvort bílstjórinn sjálfur kaupir sér áfengi og selur þeim það. Mismunurinn er sá, að bílstjórinn hefur framið óleyfilegan verknað, annar mismunur er enginn. Hitt er svo kjarni málsins, að hér er verið að selja vöru, sem spillir samkomunni og gerir viðkomandi menn alveg sturlaða, en það er það, sem ríkið sjálft gerir.

Svo segir hæstv. ráðh., að ég vilji bann, en það er alls ekki það, sem ég vil, ég vil fara allt aðrar leiðir, það mundi hæstv. ráðh. vita, ef hann hefði kynnt sér, hvað ég vil í þessu máli. Ég hef ekki trú á þessum stóradómi, ég hef séð, hvernig höftin hafa verkað um 30 ára skeið. Ég var einu sinni mjög fylgjandi banni, en ég er búinn að sjá, hvernig bann verkar, og ég er búinn að sjá, að það er alls ekki lausnin. Ég tel, að langheppilegasta lausnin sé frelsi, meira frelsi en nú, minni dómar, vægari dómar, minni heift, minni misskilningur á þessum málum. Ég held sem sé, að lausnina sé að finna í því að vera dálítið mannlegri í þessum málum en þeir eru, sem koma með svona frv. Þetta vildi ég láta koma fram vegna þess, sem hæstv. ráðh. sagði.

Ég get ekki fallizt á mótmæli hv. 1. þm. N-M. við því, að það sé ekkert öryggi í að sekta menn, sem af vangá skilja ökuskírteinið sitt eftir heima, en keyrt hafa bifreið í mörg ár sumir hverjir. Það er ekkert öryggi í því. Dómarinn leyfir honum að halda áfram samt sem áður. Ef þetta er til öryggis, hvers vegna er hann þá ekki stöðvaður og bíllinn innsiglaður og málið rekið áfram? Nei, málin eru ekki rekin svona til að auka öryggi, heldur til að afla ríkissjóði tekna upp í þann kostnað, sem er við eftirlitið, og það er smán, jafnvel þó að heimild sé til þess í lögum. Það vekur almenna óánægju, að bílar aka fram og aftur um vegina með dómara til að stöðva bíla, setja þar rétt yfir þeim, sekta bílstjórann og leyfa honum síðan að halda áfram eftir sem áður, e. t. v. til þess að stöðva hann aftur eftir nokkra km eða 1 dag og hefja sama leikinn. Þeir hafa rétt til þess, en það leiðir ekki til neins góðs.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ef hægt væri að sanna mér, að frv. lenti í nokkurri hættu við að samþ. þær breyt., sem hér liggja fyrir, þá mundi það hafa áhrif á mína atkvgr., því að ég er fylgjandi frv. að meginstefnu til og lýsti því yfir við fyrri umr. málsins. Ég tel það orðalag, sem hér um ræðir, vera nánast réttara mál en er á frv. frá Nd., og þess vegna kysi ég það heldur, en ég tel, að það sé ekki efnismunur. Þess vegna, eins og ég sagði, mundi það hafa áhrif á mína atkvgr., ef hægt væri að sannfæra mig um, að frv. lenti í hættu með því að fara í Sþ. Það væri gaman að heyra, hvaða rök menn færa fyrir því. Það er greinilegt, að það er nógur tími, við sjáum það í hendi okkar, að þinginu verður aldrei slitið fyrr en á fimmtudag í fyrsta lagi, og það er þess vegna nógur tími til að athuga málið. Ég mundi greiða atkv. með frv., hvort orðalagið sem yrði ofan á, en það er rétt að athuga þessar tölur og sjá, hvað verður ofan á. (**PZ:** Það voru 15 með, en 11 á móti í Nd.) Ég vil benda hv. þm. á, að það er hægt að bjarga málinu með því að samþ. óbreytta afstöðu Nd., og ég tel það enga frágangssök, mér finnst aðeins hitt orðalagið réttara, en það er ekki hægt að taka tölurnar eins og hv. 1. þm. N-M. gerði. En ef hv. þm. leggja svo mikið upp úr orðalaginu, að þeir ætla að vera á móti frv. þess vegna, hlýtur eitthvað

annað að búa undir, sem ég skil ekki til hlítar, því að efnismunur er ekki sá, að hann gefi tilefni til slíkrar afstöðu.

Út af því, sem hv. þm. Barð. sagði, þá er aldrei fyrir það að synja, að í einstökum tilfellum getur það komið harkalega niður, að menn séu stöðvaðir á vegum úti, en ég vil þó fullyrða, að sá háttur að láta löggæzluna fá dómsvald í þeim minni háttar málum, sem þarna er um að ræða, hefur reynzt mjög vel. Ég er ósammála því, er hv. þm. sagði, að það hefði reynzt illa, ég hef ekki heyrt neina kvörtun um þetta fyrr en nú. Ef á annað borð á að framfylgja bifreiðalögunum, þá er mjög þægilegt, að farið geti fram dómur strax í héraði í öllum minni háttar málum. Það er miklu þægilegra en hitt, sem áður var. Nú var maður úr Reykjavík t. d. á ferð norður í Þingeyjarsýslu, hann er stöðvaður af bifreiðaeftirlitinu, og hann er á einhvern hátt ólöglegur, þá er fyrst send kæra til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, svo fer málið til sakadómara í Reykjavík, og endirinn varð oft sá, að ekkert varð úr málinu. Niðurstaðan var líka sú, að það var ekki hægt að framfylgja lögunum eins og ætlazt var til, en þar ber ekki að saka löggæzluna og dómgæzluna, heldur lögin sjálf. Það má segja, að það sé lítilfjörlegt atriði að hafa ekki með sér ökuskírteini. Það er þó til öryggis og handhægðar, ef slys ber að höndum, bæði fyrir manninn og löggæzluna. Það er svo mælt fyrir í lögum, að ökumenn hafi ökuskírteini sín með sér, en það er ekki nema örlítil sekt, sem bílstjóri á að greiða, ef hann hefur það ekki meðferðis, en ég hygg, að það sé ekki tilgangslaust, að gengið sé eftir, að sú sekt sé greidd, það er áminning um að hafa ökuskírteinið á sér næst. Um hitt, að þetta sé gert til að ná inn tekjum fyrir ríkissjóð, þá er hugsanlegt, ef löggæzlan hefur hitt svo öruggan fjárgæzlumann ríkissjóðs og hv. þm. Barð., þá hafi hún sagt þetta til að sýna, að svona sé fjárheimtan rekin af miklum krafti, en það sjá þó allir, að það er meira gamanyrði en nokkuð annað. En eftir lögunum er þetta lagt fyrir mennina, og þeir gera eingöngu sína skyldu. En að láta dæma umferðarbrot þegar í stað hefur áreiðanlega gefizt vel. Og ég vil ítreka það, að ég hef ekki heyrt neinn kvarta undan þessu, nema hv. þm. Barð., en það væri fróðlegt að heyra, hvort fleiri væru sama sinnis. Mér þykir það þó ólíklegt, því að heimildin til þess að hafa þann hátt á var einmitt hitt líka rétt hjá hæstv. ráðh., að framkvæmd málsins hljóti að verða með mjög líkum hætti, hvort orðalagið sem viðhaft verður. Þó það sé kannske ekki sagt, að málinu sé stefnt í tvísýnu, ef það færi í stríð milli d., vil ég þó ekki eiga neitt á hættu í því sambandi fyrir svona lítilfjörlegan ágreining eins og mér sýnist þetta vera, og mun ég þess vegna greiða atkv. gegn þeirri brtt., sem hér liggur fyrir.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég ætla rétt að gera mjög stuttlega grein fyrir afstöðu minni. Ég get gert það að mestu með því að skírskota til fyrri ræðu hæstv. dómsmrh. Ég tel tvímælalaust heppilegra orðalag í löggjöfinni eins og Ed. gekk frá henni, en mér sýnist hitt líka rétt hjá hæstv. ráðh., að framkvæmd málsins hljóti að verða með mjög líkum hætti, hvort orðalagið sem viðhaft verður. Þó það sé kannske ekki sagt, að málinu sé stefnt í tvísýnu, ef það færi í stríð milli d., vil ég þó ekki eiga neitt á hættu í því sambandi fyrir svona lítilfjörlegan ágreining eins og mér sýnist þetta vera, og mun ég þess vegna greiða atkv. gegn þeirri brtt., sem hér liggur fyrir.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil benda á, að sú meginbreyt., sem gerð er á frv. frá því það var borið fram, hefur orðið með þeim hætti, að málið var sent til lögreglustjórans í Reykjavík til þess að athuga, hvernig orðalagið þyrfti að vera til þess að það væri auðvelt í framkvæmd og næði sem bezt þeim tilgangi, sem til er ætlazt. Þannig liggur frv. fyrir nú. Og einmitt vegna þessarar breyt., sem gerð var á frv., heldur Nd. fast við það orðalag, þar sem hér hefur sá aðili um fjallað, sem hefur orðið fyrir því, að núgildandi löggjöf er í lítt framkvæmanlegu formi. Nú hefur verið leitað til lögreglustjórans í Reykjavík um það, hvernig þurfi að hafa þessa löggjöf til þess, að hún sé auðveld í framkvæmd og nái sínum tilgangi, og í því formi finnst mér að eigi að afgreiða löggjöfina. Þess vegna mun ég greiða atkv. móti brtt., en með frv., sem hér liggur fyrir.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil nú af þessu tilefni skjóta því til manna, þar sem sakadómari og lögreglustjórinn í Reykjavík hafa um þetta fjallað, hvort ekki væri ráðlegt að spyrja þá um þeirra álit á því, hvort þeir teldu, að þessi breyt. skipti máli eða ekki. Ef það er svo, að málinu sé stefnt í beinan voða í Sþ., þá er rétt að athuga alla möguleika, áður en lagt er í þá hættu. En ég á bágt með að trúa því, að þessir embættismenn muni leggja mikið upp úr því orðalagi, sem hér um ræðir. Ég held, að orðalagið hljóti að hafa verið sett af nokkru fyrirhyggjuleysi. Og án þess að varpa neinni rýrð á þá embættismenn, sem hlut eiga að máli, má segja, að það, sem hér kemur til greina, sé „sterkar líkur og sönnur". Sönnur komi ekki til álita, og þess vegna hafi nú gott eitt fyrir þeim vakað í þessu. Ég efast ekki um það, en það væri fróðlegt að heyra þeirra álit, fyrst til þeirra hefur verið vitnað.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forseta, hvort ekki væri rétt að fresta málinu og leita álits sakadómara um þetta mál.

Forseti (BSt): Þar sem ég hef hvatt til þess að breyta frv., þá vil ég ekki hafa frumkvæðið að því að fresta málinu nú, ef hægt er að ganga frá því. Hins vegar skil ég það sem ósk hæstv. dómsmrh., að málinu sé nú frestað. (**Dómsmrh.:** Ef menn vilja gera þessa eftirgrennslan. — **PZ:** Það hefur gengið illa að fá svör frá því opinbera, og með tilliti til þess óska ég ekki eftir því. — **RP:** Mér finnst, að það vanti upplýsingar, og ég óska eftir þeim.) — Þá er umr. frestað og málið tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Ed., 26. febr., var fram haldið einni umr. um frv. (A. 710, 713).

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Í lok fundar á föstudag var því beint til allshn., hvort hægt væri að fá umsögn lögreglustjóra og sakadómara um það, sem dómsmrh. sagði, að sama væri, hvort orðalagið væri haft, það sem nú stend-

ur, eða það, sem ætlazt er til með brtt. Í lok fundarins lét ég skilja á mér, að hægt væri að fá umsögn þessara manna. Ég hafði tal af þessum embættismönnum, en þeir óskuðu eftir bréfi. Á laugardaginn var ekki hægt að afgreiða bréfið, og þar sem líða tekur að þinglausnum, taldi ég málinu stefnt í óvissu með að bíða eftir svari. Ég sendi því ekki bréfið, af því að mér virtist ekki vera hægt að fá svar nógu fljótt. Ég legg til, að d. taki orð hæstv. dómsmrh. trúanleg, að það mundi gilda sama, hvort orðalagið yrði látið gilda. Málinu er stefnt í voða með því að gera á því breyt. á þessu stigi málsins. Og nú er orðið svo áliðið þings, að enginn, sem ekki vill í raun og veru stemma stigu fyrir framgangi málsins, getur samþ. þá brtt., sem fyrir liggur.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Mér þykir viðeigandi, að ég geri grein fyrir afstöðu minni til málsins. Ég á hlut í brtt. á þskj. 713 og vil taka fram, að ég hef enga samúð með þeim mönnum, sem selja vín á svörtum markaði. Ég vil enn fremur taka fram, að engin ástæða er til að ætla, að ég þurfi á því að halda að flytja vín sem farþegi í bifreið. Samt lít ég svo á, að fjarstæða sé að leiða í lög þann stóradóm, sem frv. felur í sér, eða ákvæðið um sönnunarskylduna. Ríkið selur áfengið, og það getur ekki talizt æruleysi að kaupa það. Nú er bifreiðin orðin helzta farartækið, og er því ekkert undarlegt, þó að viðskiptavinir áfengisverzlunarinnar flytji vínið í bíl. Ég sé ekki betur, ef frv. verður samþ. eins og það er nú, en sá, sem áfengi finnst í bíl hjá, skoðist sekur, nema hann geti fært sönnur á, að hann ætli ekki að nota það á ólöglegan hátt. Þó að þeim hafi aldrei dottið slíkt í hug, eru engin skilyrði til að sanna, að þeir hafi ekki ætlað sér þetta í framtíðinni. Það eru engin radartæki til til að lýsa inn í framtíðina og sanna þetta. Hæstv. dómsmrh. sagði um daginn, að í raun og veru væri aðeins um að ræða mismun á orðalagi í frv. og brtt. á þskj. 713. Hann útskýrði það líka, að ef sönnunarskyldan yrði leidd í lög, mundi enginn dómari komast lengra í rannsókn en að fá sterkar líkur og aldrei krefjast sönnunar. M. ö. o., það á að lögleiða orðalag, sem ekki er hægt að nota og dómarinn verður að leiðrétta og sniðganga. Með því álít ég of mikið treyst á það, að vitur og sanngjarn dómari hafi með þessi mál að gera hverju sinni. Í öðru lagi tel ég mikla fjarstæðu af löggjafarsamkomunni að setja þau ákvæði í lög, sem ekki má og ekki er hægt að dæma eftir, þegar svo auðvelt er að finna önnur form. Ég álít, að með því móti sé löggjafarsamkoman að vinna skemmdarverk á tungunni. Ég álít, að löggjafarsamkoman væri í raun og veru að stofna til þess, að þjóðin fengi á sig skrælingjabrag, ef tekið væri upp í löggjöfina það orðalag, sem þarna er notað í frv. Það er þess vegna fjarstæða að líta svo á, að hér sé ekki nema um orðalagsmun að ræða. Hér er um mikinn efnismun að ræða, í raun og veru þann mikla mun, sem í almennu tali má kalla muninn á viti og vitleysu.

Ég hlustaði með athygli á það, þegar hæstv. viðskmrh., sem flutti upphaflega það frv., sem hér liggur fyrir, vakti athygli á því, að frv. mundi vera hætta búin, ef það yrði ekki samþ. óbreytt hér í þessari hv. d. En ég sé ekki, að hér þurfi að vera um slíka hættu að ræða, enda álít ég frv. svo gallað eins og það er, að ég get alls ekki undir neinum kringumstæðum tekið jákvæða afstöðu til þess í því formi, sem það er. Ég lít svo á, að þeir, sem nú þykjast fylgja frv. fastast, séu ekki sannir fylgismenn þess, ef þeir í Sþ. vilja ekki samþ. það með þeirri breyt., sem greinir á þskj. 713. Ég tel tvímælalaust skylt að leiðrétta frv., skyldu gagnvart þeim, sem eiga að dæma eftir l., gagnvart þeim, sem eiga að dæmast eftir l., og skyldu við íslenzkt mál og löggjafarmál. Sem sagt, ég mun ekki sjá mér fært að greiða frv. atkv., nema það sé leiðrétt, þótt ég sé því hlynntur. Ég álít, að hæstv. viðskmrh. þurfi ekkert að undra það, þótt þessi afstaða til frv. komi fram, eins og það er orðið nú, því að sönnunarskyldan, sem þar kemur fram, beinist gegn bílstjórunum, sem ekki hafa sjálfs sín vegna þörf fyrir að vera með áfengi. Ég held, satt að segja, að með þeirri brtt., sem ég á þátt í að flytja, sé töluvert langt gengið, að ætla bílstjóra að færa sterkar líkur til þess, en ég treysti því, að dómarar kunni að meta réttilega líkur, — en ég treysti því alls ekki, að dómari, sem þarf að dæma eftir l., sem segja, að manni skuli refsað, — ef hann kannske hefur engar sannanir fyrir því, að hann ætli að nota vín á löglegan hátt, — ég treysti alls ekki dómara til þess að dæma á þann hátt, sem hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir. Og ef slík sönnunarskylda væri leidd í lög og sönnunarbyrðin lögð yfirleitt á herðar þess ákærða, þá væru menn orðnir heldur illa settir í þjóðfélaginu, ef þetta frv. með sinni sönnunarskyldu yrði vísir að því, að í framtíðinni yrði það leitt í lög, að sönnunarbyrðin hvíldi á þeim ákærðu. Þá væri illa komið, þá gæti hver óvinveittur maður, sem vildi gera þeim óleik, sem hann ætti í einhverjum útistöðum við, farið illa með þá, sem l. ættu í raun og veru að vernda, — ef í hverju tilfelli þyrfti ekki annað en kæra mann til þess að hann yrði sakfelldur, svo framarlega sem hann gæti ekki fært sönnur fyrir sakleysi sínu, sem oft er ómögulegt, eins og fyrirsjáanlegt er með þá, sem flytja með sér áfengi.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara frekar út í þá hlið málsins, sem ég gerði á síðasta fundi, um það, hvers vegna réttmætt er, að þessi ákvæði séu eins og þau standa nú í frv. En ég vil bara í þessu sambandi benda hv. þm. S-Þ. á það, að sá, sem kaupir áfengi hjá áfengisverzluninni og flytur það í bíl, hann hefur sitt öryggi í fyrri mgr. 1. gr., þar sem stendur: „enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að ...“ Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. þm. eða aðrir heiðarlegir borgarar, sem ekki eru yfirleitt vændir um slíkt, mundu verða fyrir neinum ágangi frá hálfu lögreglunnar í þessu sambandi. Dómsmrh. sagði á síðasta fundi, að hann teldi, að það væri á því mjög lítill munur, hvort orðalagið væri haft í frv., og það mundi koma í einn stað niður, þegar til þess kæmi að dæma eftir því. Margir þm. lýstu og yfir við þá umr., að ef þeir hefðu vissu fyrir því, að frv. yrði vísað til Sþ. og ekki ná samþykki, mundi það geta ráðið miklu um afstöðu þeirra. Ég vil því benda hv. þdm. á, að ég álít, að það sé mikil hætta á því, að frv. nái ekki samþykki, ef það tekur breytingum í þessari d. og fer til Sþ.

M. a. hæstv. dómsmrh. telur, að þessi breyt. sé engin brýn nauðsyn fyrir framgang efnis málsins, en ef þessi breyt. yrði samþ., væri mjög teflt í tvísýnu um, að frv. næði fram að ganga.

Gísli Jónsson: Mér þykir ákaflega einkennileg meðferðin á þessu máli hjá form. allshn. þessarar hv. d. Ég treysti form. allshn. til að leita þessara upplýsinga, áður en endanlega yrði gengið frá málinu. Síðan er liðinn heill virkur dagur, laugardagurinn, og hefði verið nægur tími til þess að koma bréfi til viðkomandi aðila á laugardagseftirmiðdaginn, því að eftir minningarguðsþjónustuna voru meðal annars gefin út þingskjöl hér á Alþ. og unnið í öðrum málum, og þá hlutu að geta legið hér fyrir þessum fundi alveg ákveðin svör þessara manna. Mér finnst þetta mjög einkennileg vinnubrögð, að ef form. einnar n. er á móti einu máli, þá taki hann sér það vald að vanrækja að leita upplýsinga um málið, sem hv. Ed. frestar að taka afstöðu til, þar til umsagnirnar liggja fyrir. Þetta er svo mikil fjarstæða, að það kemur ekki til mála, að hæstv. forseti líði svona vinnubrögð, og leyfi ég mér að mælast til þess, að umr. um málið verði frestað, til þess að form. n. geti aflað sér þeirra umsagna, sem vantar, og vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki ekki málið á dagskrá, fyrr en þær umsagnir liggja fyrir.

Um hitt vil ég aðeins segja, að það eru einkennileg rök að halda því fram, að málinu sé stefnt í hættu með því að breyta því í sæmilegt horf. Það eru einkennilegir menn í Nd., ef þeir ganga á móti frv., eftir að búið er að færa það í það horf, sem Alþ. er sómi að. Það er því fjarstæða að vera að lokka menn til fylgis við málið nú í þeim búningi, að Alþ. væri til vansæmdar að samþ. það.

Forseti (BSt): Mér virðist nú, að ef það er hætta fyrir málið, að brtt. sé samþ., þá mundi einnig vera hættulegt að taka það af dagskrá nú og bíða eftir þessum upplýsingum. Að minnsta kosti verður umr. haldið áfram enn um sinn, hvað sem svo verður.

Haraldur Guðmundsson: Ég mun greiða atkv. gegn brtt. á þskj. 713, því að ég er henni andvígur. Ég skal að vísu játa, að hæstv. dómsmrh. hefur nokkuð fyrir sér í því, þegar hann segir, að dómsniðurstaðan muni í ýmsum tilfellum verða svipuð, hvort heldur orðalagið væri eins og það nú er í frv., 2. mgr. 1. gr., eða orðalag brtt. yrði tekið upp. Þó er fjarri því, að ég sé sannfærður um, að niðurstaðan yrði í öllum tilfellum sú hin sama. Ég held, að þar hafi reynslan sýnt, að jafnvel ýmsir dómarar þurfi að hafa nokkurt aðhald í löggjöfinni sjálfri í starfi sínu varðandi þessi mál, og ég tel vafalaust, að orðalag frv. mundi skapa þeim meira aðhald í þessu efni en orðalag brtt.

Hv. þm. S-Þ. (KK) sagðist helzt hallast að því, að ef frv. væri samþ. eins og það er, væri byrjað á því að gera þær breyt. á löggjöf okkar, að sönnunarskyldan ætti yfirleitt að hvíla á sakborningi. Ég held, að þetta sé gersamlega ástæðulaust hjá hv. þm. Það er að vísu réttast og eðlilegast, að meginreglan í löggjöfinni sé sú, að sá, sem kærir, þurfi að færa sönnur á sekt þess, sem kærður er. En hv. þm. kannast þó við það gamla spakmæli, að engin regla er án undantekninga, og svo er einnig um þetta. Því er einnig af ýmsum haldið fram, að undantekningarnar hafi nú staðfest regluna. Ég held því, að því fari fjarri, að þetta sé í fyrsta skipti, sem horfið er frá þessari reglu hér. Ég held, að í þó nokkrum tilfellum hvíli í raun og veru sú skylda á sakborningi að sanna sakleysi sitt, þó að hitt sé meginreglan. Mér er sagt, að það sé þannig að því er laxveiðilöggjöfina snertir, að ef maður er með veiðistöng og allar „græjur" við laxá, sem hann hefur ekki rétt til að veiða í, þá megi dæma hann eins og hann hefði unnið órétt, nema hann færi sönnur á, að svo sé ekki. — Finnist smygl geymt í skipi og enginn finnst eigandinn, má refsa skipstjóranum. — Þá minnist ég þess einnig úr landhelgisl., að ólögleg meðferð veiðarfæra innan landhelgi sé sama og landhelgisbrot. Það er nefnilega þannig, að lífið og tilfellin eru svo margháttuð, og það er einmitt meginatriðið í þessu efni hér, að þessum brotum er svo háttað, að beint sönnuð sök getur ekki legið fyrir nema í örfáum tilfellum. Einmitt þess vegna er frv. með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir, og í því sambandi skiptir ekki höfuðmáli, hvort orðalagið er „sterkar líkur" eða „sannað sé", eins og þessi tvö tilfelli sýna. Ég mun því, eins og ég áður sagði, greiða atkv. gegn þessari brtt., því að ég tel, að hún sé ástæðulaus og mundi þó heldur verða til þess að spilla frv., ef hún yrði samþ., því að þar með væri dregið úr því aðhaldi, sem löggjöfin ætlast til. Hitt verður svo ekki um deilt, að málinu væri náttúrlega stefnt í hættu, ef þessi brtt. yrði samþ. í þessari hv. d., og sterkar líkur til, að það yrði þess valdandi, að málið næði ekki fram að ganga, svo að það út af fyrir sig, þó að ekki væri annað, mælir á móti samþykkt þessarar brtt.

Lárus Jóhannesson: Ég verð að lýsa undrun minni yfir því, að hv. Nd. skuli aftur hafa breytt frv. frá því að það var afgr. hér í d., og ég vona það, að Ed. sýni þann manndóm að standa fast við sínar fyrri skoðanir í þessum efnum, vegna þess að það er enginn minnsti vafi á því, að hér hefur hún þann góða málstað, en Nd. þann slæma. Þetta segi ég því frekar nú, að það er nýbúið að samþ. á þessu Alþ. lög, sem ganga miklu lengra en áður gildandi lög í því að tryggja rétt sakbornings gagnvart ákæranda. Ég á hér auðvitað við lög um réttarfar í opinberum málum. Áður var hægt að pína menn, svo að segja, til sagna eftir „inquisitívu" prinsípi, en nú er það útilokað, og það væri þá að minnsta kosti mjög hart og óviðkunnanlegt í alla staði, að einmitt sama þingið, sem samþykkti þessa stórkostlegu réttarbót, færi að samþykkja nokkrum dögum seinna í mjög ómerkilegum málaflokki lög, sönnunarreglur, sem gengju alveg í gagnstæða átt. — Það hefur verið bent á, að það séu til svona sönnunargögn. Ég þekki aðeins eitt dæmi, og það er 88. gr. l. nr. 112 frá 1941, um lax- og silungsveiði. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hittist maður með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, og skal

þá sekta hann sem væri hann sekur um ólöglega veiði, nema sannað sé, að hann hafi þar lögmætt erindi".

Þetta er eina tilfellið, sem ég þekki, þar sem sönnunarreglunum hefur verið snúið við, því að þau atriði, sem hv. 4. þm. Reykv. (HG) benti á, þau eru allt annars eðlis, því að skipstjórinn ber ábyrgð á tollskránni, þ. e., hvað er innanborðs af tollvörum, en þetta sannar hins vegar hvorki sekt hans né sakleysi, þar eð þetta er lagaákvæði sérstaks eðlis. — Hitt, sem hann nefndi, um landhelgislögin, er líka annars eðlis, því að ólögleg meðferð veiðarfæra innan landhelgi er gerð að sérstöku lagabroti. Sönnunarreglan er hér höfuðatriði. Og ég vil biðja hv. þm. að gæta þess, að það er ekki sama, hvaða viðurlög eru við brotum. Í laxveiðilögunum, sem ég las úr áðan, er hæsta sekt þannig 1000 kr., og má segja, að þar sé ekki hundrað í hættu. Hér á hins vegar sektin að vera fimm- til tífföld við verðmæti þess, sem um er að ræða, og getur hún þannig skipt mjög háum upphæðum.

Því vil ég benda á annað atriði, sem ekki hefur verið sérstaklega rætt hér í d., a. m. k. ekki þegar ég hef hlustað á umræður, en það er þetta, hvernig á að láta þá menn, sem réttilega eru dæmdir, afplána sekt sína. Við vorum hér fyrir skömmu að samþykkja breyt. á bifreiðalögunum, þar sem dómurum var veitt leyfi til að dæma menn í sektir meira en verið hefur, af því fangelsisrúm skorti til þess að láta menn afplána refsingu. En nú skulum við segja, að bifreiðarstjóri fari máske í annað sinn með einar 100 flöskur til sölu upp í sveit. Hver flaska kostar víst einar 85 kr., svo að verð þeirra verður 8500 kr. Og í þessu tilfelli verður þá sektin allt að 85 þús. kr. Hvað mundi þá hlutaðeigandi sökudólgur þurfa langan tíma til að afplána þá sekt? Líklega eina 850 daga, eða á 3. ár. Það eru féleg lög annað eins og þetta! Maðurinn á að sitja í tugthúsi á þriðja ár fyrir það að gerast sjálfboðaliði ríkisins við dreifingu áfengis fyrir lítinn pening, og ríkið verður svo máske að sjá fyrir fjölskyldu hans á meðan. Þetta sýnir nú, hvílík dæmalaus heimska þessi löggjöf er, enda er það svo, að jafnvel ærlegustu og beztu bindindismenn hafa viðbjóð á þessum aðförum.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Frá því ég talaði hér áðan, hafa lögreglustjóri og sakadómari rædzt við um málið, en ég óskaði eftir svari viðvíkjandi ágreiningnum milli deildanna og því áliti, sem kom fram í ræðu hæstv. dómsmrh. Þessir aðilar voru sammála um það, að orðalagið „sterkar líkur" væri heppilegra, en vildu hins vegar ekki segja neitt um það, sem kom fram í ræðu dómsmrh. — Þessar upplýsingar vildi ég gefa, og verða svo hv. þingmenn að gera afstöðu sína upp við sig.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Það er nú búið að ræða svo þetta mál efnislega bæði við 2. og 3. umr. og svo nú, að ég sé ekki ástæðu til að fara að bæta þar við. En mér varð á að detta í hug við ræðu hv. þm. Barð., að það sé eitthvað líkt með hann eins og stendur í einni góðri bók, að hvern sem hann elskar, þann agar hann; og er ég þá ekki að segja, að hann beri ást í brjósti, heldur náungans kærleika til hv. 8. þm. Reykv. En nú eru komnar rækilegar upplýsingar í málinu, og getur ekki talizt ástæða til að draga það lengur. Menn voru við hina fyrri afgreiðslu nokkuð samhuga um, eftir að búið var að rökræða það, að hafa það orðalag, sem brtt. þremenninganna gerir ráð fyrir. Og ég trúi því ekki, ef alvara er á bak við hjá fylgjendum málsins, að þeir fari að stöðva það, þó þessi breyting verði gerð. En hitt vildi ég segja, að þessi d. var yfirleitt á þeirri skoðun, að þetta væri réttasta úrlausnin, og ég veit ekki, hvaðan sú hugsun er eiginlega komin, að hv. Nd. eigi hér endilega að segja fyrir verkum.

Ég vil svo enn mótmæla því, að það geti komið til mála, að frv. sé í hættu, þótt það komi fyrir Sþ., og ég tel bezt, að þar verði úr málinu skorið. Ég veit, að þó að hv. þm. Barð. hafi komið fram með þessa brtt., þá er óþarfi að væna hann um, að hann sé ekki einlægur í því að vilja koma þessu máli í betra horf en verið hefur.

ATKVGR.

Brtt. 713 samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BrB, SÓÓ, FRV, GJ, JJós, KK, LJóh, BSt.

nei: VH, HV, HG, PZ, RÞ.

StgrA greiddi ekki atkv.

2 þm. (BBen, HermJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Sþ.

Á 48. fundi í Sþ., 28. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 738).

Á 49. fundi í Sþ., 6. marz, var frv. tekið til einnar umr. (A. 738, 800).

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það ber stundum við, að frv. komi til Sþ., vegna þess að deildirnar hafa ekki getað komið sér saman um einhver ákvæði þess. Í raun og veru er hér ekki mikið, sem í milli ber, en það er niðurlag 1. gr. þessa frv. Með leyfi hæstv. forseta hljóðar mgr. nú svo:

„Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á sem í næstu mgr. hér á undan segir, og skal þá refsa eiganda þess sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema hann færi sterkar líkur fyrir því, að áfengið sé ekki ætlað til sölu."

Í upphaflega frv. var svo að orði komizt: „nema hann sanni, að áfengið sé ekki ætlað til sölu". Hv. Ed. virtist þetta orðalag vera of sterkt, vegna þess að það væri ekki hægt að sanna það, sem hér um ræðir, heldur væri aðeins hægt að færa að því sterkar líkur. Það er aftur á móti vitað, að flm. frv. og fylgjendur þess í hv. Nd. telja orðalagið, eins og Ed. breytti því, of veikt. Ég benti á það í Ed., að hér væri deilt um keisarans skegg, vegna þess að sú sönnun, sem hér um ræðir, gæti aldrei vegna eðlis málsins orðið með öðrum hætti en með sterkum líkum, og mætti því segja, að með hvoru orðalaginu sem er mundi það koma í einn stað niður fyrir dómstólana og mundi ekki breyta neinu um, hver framkvæmdin á þessu yrði. Ég taldi þó réttara að hafa það orðalag, sem Ed. setti, vegna þess að sönnunarleiðin, sem hér yrði farin, hlyti

alltaf að verða „sterkar líkur". En þar sem fylgjendur frv. í Nd. telja þetta of veikt og hafa sumir hugsað sér að flytja till. um að breyta orðalaginu eins og það var í upphaflega frv., hef ég flutt hér brtt. á þskj. 800 við 1. gr. frv., um að fyrir orðin „nema hann færi sterkar líkur fyrir því" komi: nema hann sanni með sterkum líkum. — Þarna eru sjónarmið beggja fylgjenda tekin til greina. Það er ætlazt til, að gengið verði svo ríkt eftir þessu, að krafizt verði glöggrar grg. og að fullar sönnur séu færðar fram. En á hitt er bent með orðalaginu, að eftir eðli málsins sé ekki hægt að koma við annarri sönnun en sterkum líkum.

Ég mundi telja það mjög illa farið, ef þetta frv. stöðvaðist hér vegna deilu um orðalag, og þar eð ég hef nokkra ástæðu til að ætla, að ef þetta orðalag yrði samþ., mundu þeir, sem fastast hafa fylgt frv. eftir og vilja út af fyrir sig breyta því í ákveðnari átt, sætta sig við frv. með þessu móti, vil ég leggja til, að frv. verði samþ. með þessari breyt.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég er enginn lögfræðingur og þar af leiðandi ekki bær um að skýra lög, en betra er þó, að alþm. yfirleitt skilji það, sem þeir eru að greiða atkv. um, og ættu allir þm. vitanlega að gera sér far um að skilja, hvað átt er við með því, sem borið er undir atkv. Nú verð ég að játa það, að ég skil ekki vel, hvað átt er við með brtt. hæstv. dómsmrh. á þskj. 800. Ég heyrði ekki vel til hans, þegar hann flutti sína framsöguræðu, því að það var ekki alger kyrrð í salnum og hann er alllangt fjarri mér, en mér skildist, að hann héldi því fram — eins og hann reyndar gerði líka í Ed. —, að lítill munur væri á frv. eins og Ed. og Nd. hefðu afgr. það, m. ö. o., að það, sem hér er átt við og hv. Nd. vildi hafa þannig, að menn yrðu fyrir fram að sanna sakleysi sitt, en þar sem hv. Ed. vildi láta nægja, að menn færðu sterkar líkur fyrir, að þeir ætluðu ekki að drýgja lögbrot, að það væri eitt og það sama. Ég fæ hins vegar ekki séð, að þetta sé eitt og hið sama, því að það að færa sterkar líkur fyrir, að menn ætli ekki að drýgja lögbrot, álít ég þó, að sé innan mögulegra mannlegra takmarka, en ómögulegt undir öllum kringumstæðum að sanna það. Mér sýnist því talsverður munur á þessu tvennu. Mér virðist, að eins og hv. Nd. gekk frá þessu ákvæði, þá eigi hver maður það á hættu, sem flytur áfengi í bifreið, að verða dreginn fyrir lög og dóm, því að það sé ómögulegt að sanna, hvað hann ætli að gera við það, en hvor d., sem hefur réttara fyrir sér, þá er þó hægt að skilja, hvað átt var við. Hv. Nd. krafðist sannana fyrir því, að þeir menn, sem áfengi fyndist hjá í bifreið, ætluðu ekki að selja það, en hv. Ed. taldi nægilegt, að þeir færðu sterkar líkur fyrir því, að þeir ætluðu ekki að nota það á ólöglegan hátt, sem í mjög mörgum tilfellum væri hægt að færa sterkar líkur fyrir, þótt ekki sé hægt að sanna slíkt. En nú kemur hæstv. dómsmrh. með miðlunartill., sem að vísu er lofsvert, en frá mínu sjónarmiði hefur þann galla, að hann má gera betur, ef ég á að skilja hana, og er þetta sjálfsagt af því, að hann álítur, að það sé það sama, hvort mönnum sé gert að sanna, að þeir ætli að gera eitt eða annað einhvern tíma, eða hvort þess sé krafizt af þeim, að þeir færi sterkar líkur fyrir því. Hann vill hafa orðalagið þannig: „nema hann sanni með sterkum líkum". En hvoru á að fara frekar eftir, þegar þetta er orðið að l.: sönnuninni eða sterkum líkum? Hvernig er hægt að sanna með sterkum líkum? Ég hélt, að sönnun væri ákveðið hugtak og að líkur væru annað hugtak. Sem leikmaður í lögum hefði ég litið þannig á þetta. Mér finnst, eins og frv. kom frá hv. Ed., að það sé gengið svo langt í því að ákveða þeim mönnum refsingu, sem eru með áfengi í bílum, að tæplega sé hægt að ganga lengra, og að frv. eins og það nú er gangi þó lengra en íslenzk lög gera yfirleitt. Ég held, að það sé afar sjaldgæft í íslenzkum lögum og jafnvel í lögum allra þjóða, að menn eigi að sanna sakleysi sitt eða færa sterkar líkur fyrir, að þeir ætli ekki að fremja verknað, sem þeir eru ekki búnir að fremja. Ég hélt, að hegningarl. kæmu fyrst til greina, þegar búið sé að fremja saknæman verknað, og að það komi þá fyrst til mála, að menn eigi að hreinsa sig af honum. Því hefur verið haldið fram, að það væru til hliðstæður í íslenzkum l. við þetta atriði, og sú hliðstæða hefur verið nefnd, að ef togari sést með veiðarfæri útbúin til veiða innan landhelgi, þá sé hann sekur fyrir landhelgisbrot, þótt hann sé ekki að toga. En það er bara sá munur á þessu, eftir því sem ég bezt veit, að það er beinlínis bannað að sigla með þannig útbúin veiðarfæri um landhelgina, svo að í þeim tilfellum kemur það ekki til mála, að togaraskipstjóri eigi að sanna sínar frómu fyrirætlanir, því að hann er búinn að brjóta l. með því að sigla þannig innan landhelgi. Ef frv. væri um það að banna að flytja áfengi í bifreiðum, þá mætti dæma hvern þann mann, sem finnst með áfengi í bifreið, en frv. er ekki um það. Eins og frv. var borið fram, var ætlazt til þess, að menn mættu kaupa áfengi í Áfengisverzlun ríkisins og flytja það, en að þeir ættu það á hættu, að lögreglan leitaði í bifreiðinni, og að þeir ættu svo að sanna, að þeir ætluðu ekki að nota það til sölu. Ég er viss um það, að ef nokkurt annað mál hefði verið borið fram á þennan hátt heldur en varðandi áfengi, hefði engum dottið í hug að samþ. það. En það er nú engu líkara en að það sé orðinn höfuðglæpur að handfjalla áfengi, svipað eins og lauslæti og galdrar voru taldir höfuðglæpirnir á 17. öld, og sumir menn eru farnir að færa sig æ meir í þá áttina að hugsa sér svipaða refsingu fyrir þennan höfuðglæp eins og þá var viðhöfð. Og mér finnst þetta stangast hvað á móti öðru í þjóðfélagi, þar sem ríkið sjálft rekur einkasölu á áfengi, og væri nær að setja algert bann við innflutningi og sölu áfengis í landinu, eins og gert var fyrir nokkrum árum, því að þá væri það ákveðið, að sérhver maður, sem áfengi fyndist hjá, væri sekur um lögbrot. Þetta væri hrein stefna, en hitt er ekki sæmandi fyrir þjóðfélagið, á meðan ríkið selur áfengi fyrir tugi millj. króna á ári hverju, að hver maður sé ofsóttur á einn eða annan hátt, sem kaupir áfengisflösku í Áfengisverzlun ríkisins, og sízt, ef frv. yrði samþ. með eins fjarstæðukenndu ákvæði og hv. Nd. gekk frá því, eða með svo lítt skiljanlegu ákvæði, sem felst í brtt. hæstv. dómsmrh., eða svo finnst mér, ef hann skýrir hana ekki miklu betur en hann hefur gert.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég var fyrsti flm. að brtt., sem samþ. var í hv. Ed. við þetta frv. — Það eru kannske sumir þeirrar skoðunar, að hér sé smámál á ferðinni. En sannleikurinn er sá, að hér er ekki um neitt smámál að ræða, er fjallar um það, hvort ákæranda á að verða gert að skyldu að sanna sakleysi sitt eða ekki, og það kemur ekki málinu við, hvort heldur það er í sambandi við vínsölu, þjófnað eða morð. Hér er sönnunarskyldan lögð á sakborninginn, sem er einsdæmi í löggjöfinni. Eins og hv. 1. þm. Eyf. (BSt) tók fram, er skip aldrei dæmt fyrir landhelgisbrot nema það sé tekið að veiðum eða sé með ólöglega útbúin veiðarfæri, þótt það sé ekki að veiðum, innan landhelgi. Þá vil ég benda á, að meðal annarra menningarþjóða er það ekki látið nægja, að menn játi á sig lögbrot eða glæp, vegna þess að það getur komið fyrir, að menn játi á sig sök fyrir aðra og vilji taka hana á sig, t. d. fyrir náin skyldmenni. Hér er hins vegar farið inn á þá braut að leggja sönnunarskyldu á menn, þótt þeir hafi ekki brotið lög, og slíkt réttarfar vil ég ekki viðurkenna í okkar ágæta landi — og ekki einu sinni, þótt um vínsölu eða grun á henni sé að ræða. Þótt ég viðurkenni löngun hæstv. dómsmrh. til þess að sætta þetta deilumál, þá fæ ég ekki skilið, að með samþykkt till. hans sé sönnunarskyldan færð af sakborningnum, og get því ekki fylgt henni. Ég mun því neyðast til, ef brtt. hans verður samþ., að greiða atkv. móti frv. í heild á eftir, því að mér er það mikið áhugamál, að sönnunarskyldan sé ekki færð yfir á sakborninginn í neinu tilfelli í íslenzkum lögum.

Ég vil einnig benda á það, að það eru engin smávegis viðurlög, sem lögð eru við því að brjóta þessi l., því að þeir, sem tekst ekki að sanna sakleysi sitt í þessum efnum, þurfa hvorki meira né minna en að greiða í sektir, er nema í fyrsta sinn fimmföldu og í annað sinn tíföldu söluverði þess áfengis, sem úrskurðað er að þeir ætli til ólöglegrar sölu. Þetta gæti numið svo hárri upphæð, að viðkomandi aðili hefði ekki vilja eða getu til þess að greiða hana og ríkið þyrfti að taka að sér að láta hann afplána sektina, og þannig gæti farið, að ríkið yrði að verja allmikilli fjárupphæð til þess að byggja yfir þá menn, sem ekki tekst að sanna, að þeir hafi ekki gerzt brotlegir við áfengislöggjöfina. Það gæti líka komið fyrir um sakborninga, sem kannske eru alveg saklausir en geta ekki sannað sakleysi sitt, að þeir missi atvinnuréttindi til að stýra bifreið, ef til vill alla ævi, sem auðvitað er miklu þyngri dómur fyrir lögbrot, sem aldrei hefur verið framið, en ég áðan nefndi. — Það er því sýnilegt, að það þurfa að vera sannanleg rök fyrir því, ef hægt er að dæma menn til þess að þola slík viðurlög eins og hér eru sett. Annars virðist það vera ný og vaxandi stefna í íslenzkri löggjöf, að því vitlausari lög sem eru samþ., þeim mun þyngri viðurlög eru sett gegn brotum á þeim. — Ég mun því greiða atkv. á móti till. hæstv. dómsmrh. og síðan á móti frv. í heild, ef hún verður samþ.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil ítreka það, sem ég sagði hér áðan, að það gætir mikils misskilnings í þessu máli hér á Alþ. Ég get vel skilið, að hv. þm. séu á móti því frv., sem hér liggur fyrir, því að þótt þeir líti þannig á, að hér sé um óvanaleg afbrot að ræða og að þetta mál sé plága út af fyrir sig, þá geti þeir ekki sætt sig við að láta réttvísina og löggæzluna fá slík vopn í hendur sem frv. gerir ráð fyrir. En ástæðan til þess, að við ýmsir viljum þó víkja frá því og láta réttvísina og löggæzluna fá sterkari vopn í hendur en flesta aðra, er sú, að leynivínsala úr bifreiðum er svo mikil plága, að erfitt er við að una, bæði hér í bænum og ekki hvað sízt úti á landi í sambandi við samkomur. En auk þess er hér um að ræða afbrot, sem óvenjulega erfitt er að sanna og hindra, og þess vegna verður að beita til þess óvenjulegum ráðum, en svipuð ákvæði og 1. gr. frv. felur í sér eru að fróðustu manna yfirsýn talin nauðsynleg til þess að reyna að koma í veg fyrir þessa tegund afbrota. Ég get vel skilið, að menn séu á móti þeim aðferðum, sem hér er lagt til að beita, þótt þeir viðurkenni að ólögleg áfengissala í bifreiðum sé orðin mikil plága.

Ég get ekki skilið þá deilu, sem út af þessu máli er risin, eins og ég hef bent á í hv. Ed. Deila þessi er um einskis nýtt orðalag, hvort sem um er að ræða orðalag hv. Nd. eða hv. Ed. eða það orðalag, sem ég hef stungið upp á, það kemur í einn stað niður fyrir dómstólunum. Eins og hv. 1. þm. Eyf. sagði réttilega, þá er sá verknaður, sem hér um ræðir, þess eðlis, að beinni sönnun verður ekki við komið og hér er ekki hægt að sanna með öðru en sterkum líkum. Hér er verið að tala um óorðið — það, sem ekki hefur gerzt. Þess vegna krefjast hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. Eyf. þeirrar sterkustu sönnunar, sem hægt er að koma við. Með þeirra orðalagi halda þeir við hinni sterkustu sönnun, sem sé að sanna með sterkustu líkum. Ég geri ráð fyrir, að þeir hafi ekki gert sér grein fyrir, hvað er sönnun og hvað er ekki sönnun. Ef þeir lesa t. d. 112. gr. í frv. til laga um meðferð opinberra mála (frá 1948, ég hef ekki annað við höndina), þá munu þeir sjá, að líkur eru ein tegund sönnunar, og í grg. frv. á 52. bls. við 13. kafla segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Meginreglan er sú, að sönnunarbyrðin fyrir sekt manns hvílir á ákæruvaldinu, en heimilt er dómstólum að meta, hvort svo sterkar líkur eru fram komnar á hendur sökunaut, að sekt hans verði ekki vefengd með skynsamlegum rökum."

Hér segir, að sterkar líkur gegn sökunaut sanni sekt hans, ef talið er, að þær verði ekki vefengdar með rökum, og ekki hægt að búast við, að líkurnar verði sterkari. — Af hverju er ég þá að flytja hér brtt., ef allt kemur í einn stað niður? Af því að ég hafði sönnun eða a. m. k. sterkar líkur fyrir því, að ef ég hefði ekki flutt þessa till., þá mundi till. hv. Nd. verða tekin hér upp og líklega samþ., en ég óttast, að þá yrði frv. fellt í heild. Ég taldi útilokað, að hv. þingmenn vildu fella þetta frv. einungis vegna orðalagsins, sem ég legg til að verði á frv. Ef það kæmi á daginn, þá mundi ég taka aftur brtt. mína, en þó ekki, ef brtt. frá hv. Nd. kemur fram. Þess vegna vildi ég leita álits forgöngumanna frv. í hv. Nd., hvort þeir geti ekki fallizt á brtt. mína eða hvort þeir muni greiða atkv. með óbreyttu frv. frá hv. Nd.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. segir, að till. sín þýði ekki neitt, skipti engu máli, en mig grunar, að svo sé nú eigi. En setjum nú svo, að þetta sé rétt, þá er ég ekki viss um, í fyrsta lagi, að það sé rétt af hv. Alþ. að setja lög, sem þýða ekki neitt, þótt sá skilningur væri viðurkenndur. — Í öðru lagi hef ég ekki sannfærzt um það, að till. hæstv. ráðh. sé svo saklaus sem hann vill vera láta, þótt ég segi ekki með því, að ráðh. tali þar á móti betri vitund. Hæstv. ráðh. vill afsaka þessa óvenjulegu aðferð í löggjöfinni með því, að afbrotið sé af því tagi, að óvenjulega erfitt sé að sanna það. En ég held, að oft sé óvenjulega létt að sanna afbrotið. Ef einhver maður færi með bannvöru, t. d. nylonsokka, og seldi þá á svörtum markaði, þá mundi torvelt að hafa hendur í hári hans nema með vitnum. Hver, sem keypti þessa vöru, mundi fela hana, og ekki mundi á þessu bera. En nú hefur áfengi þann eiginleika, að það vill oft segja til sín, ef menn neyta þess mikið, t. d. á samkomum, þar sem bílar koma. Ég held, að ef lögreglan gengi í þetta, þá mætti sanna margt og mikið á venjulegan hátt, svo að sakborningarnir gætu ekki þrætt þar fyrir. — Hæstv. dómsmrh. sagði, að það væri deilt um einskis nýtt orðalag. Ég hef áður talað um þetta, en mér fannst hæstv. ráðh. ekki hrekja neitt af því, sem ég hef sagt, — að það sé annað að sanna eða færa sterkar líkur að einhverju. Ráðh. sagði, að þegar beinni sönnun yrði ekki við komið, yrðu dómstólarnir að dæma eftir líkum. Svo kann að vera stundum, en oftast er þó um beinar sannanir að ræða. Ef ég t. d. drægi upp skammbyssu og skyti einhvern hv. alþm., þá væri það bein sönnun um glæp minn, því að honum mætti leiða fjölda vitna. En ef maður væri hins vegar myrtur í skúmaskoti, þá mundi fyrst í stað vera þar um líkur að ræða. Ég held, að það sé reginmunur á þessu tvennu. Það kemur raunar fyrir dómstólana að dæma menn seka eftir líkum, en ævinlega fyrir afbrot, sem hafa verið drýgð. En skv. frv. hv. Nd. á að dæma menn fyrir afbrot, sem eftir er að drýgja. Þetta hygg ég að sé alveg dæmalaust í íslenzkri löggjöf og líklega í löggjöf allra þjóða.

Það er auðvitað hægt fyrir dómsmrh. og skarpan lögfræðing, sem verið hefur kennari í Háskóla Íslands, að segja við mig og hv. þm. Barð., að við vitum ekki, hvað er sönnun og hvað eru sterkar líkur, eins og fram kom í ræðu hæstv. dómsmrh. Ég efast ekki um, að hann er okkur lærðari í þessum efnum, en ef dæma á hans skoðun eftir ræðu hans, held ég, að við hv. þm. Barð. höfum skilgreint þessi tvö hugtök alveg eins vel og hann. — Hæstv. dómsmrh. kemur með till. til sátta á milli deildanna. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta mál ekki svo mikilsvert, að það þurfi að fara að samþ. hreinar fjarstæður til þess að koma á sáttum, þótt segja megi, að það geti orðið til stuðnings fyrir þá, sem sjá eiga um, að lög séu eigi brotin. Ég held, að réttast sé, að hver og einn greiði atkv. eftir því, sem honum finnst skynsamlegast.

Pétur Ottesen: Að gefnu tilefni frá hæstv. dómsmrh. vil ég taka það fram, að fyrir mitt leyti — og tala ég þar fyrir munn allverulegs meiri hluta þessarar deildar varðandi þetta atriði, sem fram kemur í brtt. hæstv. dómsmrh., — þá munum við styðja þessa brtt. og teljum hana til bóta og bæta úr þeirri þrálátu skemmdarstarfsemi, sem unnin hefur verið á frv. þessu í hv. Ed., þótt við hefðum talið það öruggara, að sú till., sem samþ. var í Nd., væri aftur samþ. hér. Þessi brtt. er því að mínu áliti til bóta, og e. t. v. er ekki hægt að koma fram frekari lagfæringu nú, en ég er þakklátur hæstv. dómsmrh. fyrir hans till. og vænti, að málið fái endanlega afgreiðslu á þeim grundvelli.

Ég verð að segja það, að mér finnst gott að hafa fengið hér tækifæri að kynnast hugsunarhætti ýmissa manna í hv. Ed. Það er stundum erfitt að fylgjast með hugsunarhætti sumra þar. Hér hefur komið fram mikill fróðleikur, og þar á ég sérstaklega við ræður hv. 1. þm. Eyf. og þó einkum við ræður hv. þm. Barð., þar sem hann hefur virkilega, eins og hans er venja, tekið upp baráttuna fyrir lögbrjótunum, sem lögum þessum er einmitt stefnt gegn. Honum þykir of langt gengið eftir því frv., sem samþ. hefur verið í Nd., og þó er þetta frv. einmitt samið af lögreglustjóranum í Reykjavík, sem hefur mesta reynsluna í þessum efnum og veit, hvað helzt gæti komið að gagni. Jafnframt því, sem þessi hv. þm. deilir á Nd., er hann líka að deila á einhvern æðsta og reyndasta lögreglustjóra hér á landi. Þetta kemur greinilega fram í orðalagi hv. þm. — En ég vil benda á, að það eru fleiri ákvæði í íslenzkri löggjöf, þar sem gengið er inn á þessa braut, t. d. með togarana. Þeir mega ekki hafa ólöglegan umbúnað veiðarfæra innan landhelgi. Það er líka óleyfilegt, að bifreiðarstjórar flytji vín í þeim tilgangi að selja það. Hér er um algerðar hliðstæður að ræða í íslenzkri löggjöf, t. d. í veiðilöggjöfinni er ákvæði um það, að ef menn finnast með veiðarfæri, sem líkur benda til, að nota eigi í ólöglegum tilgangi, þá eru þeir sekir fundnir og dæmdir. Hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. Eyf. voru ekki eins viðkvæmir fyrir þessum ákvæðum, þegar þau voru sett. Þeir réttu báðir upp hendurnar og samþykktu, að þetta skyldi tekið upp í löggjöfina, en það er nú sérstakur flokkur lögbrjóta, sem finnur náð fyrir augum þessara hv. þm. Þetta vildi ég segja, og ræði það ekki frekar, gegn því, sem þessir hv. þm. hafa sagt um Nd. — Ef þessir þm. væru samþykkir sjálfum sér, þá mundu þeir reyna að fá numin úr gildi önnur hliðstæð ákvæði í íslenzkri löggjöf. Svo segja þeir, að þetta stríði á móti öllu almennu velsæmi. Og hér er hv. þm. Barð. miklu skeleggari. Honum þóttu líka sektarákvæðin of há og fór út í það, að sú löggjöf væri vitlaus, sem hefði svo háar sektir. Hér vantar ekki velviljann og umhyggjuna fyrir þessum flokki lögbrjóta, sem iðkar sölu áfengis og hleypir upp samkomum víða úti um byggðir landsins. En umhyggjan fyrir þessum mönnum er svo rík og mikil, að refsiákvæðin fyrir afbrot þeirra eru talin of þung. Það er gott að kynnast svona hugsunarhætti, því að þetta skapar vissa aðstöðu í stríðinu gegn drykkjubölinu, og þessir menn koma hér til dyranna eins og þeir eru klæddir. Og þessir menn eru taldir stuðningsmenn bindindishreyfingarinnar, og það er þá gott að kynnast þessari hugarfarsbreytingu. — Það er betra, að við vitum, hvar við höfum andstæðingana, heldur en þeir sigli undir fölsku flaggi. Hv. 1. þm. Eyf. er gamall ungmennafélagi, og hefur

því unnið bindindisheitið, eins og þá var regla hjá ungmennafélögunum. Nú er það mjög mikill þáttur hjá ungmennafélögunum, að þau beita sér fyrir félagsstarfsemi víða úti um sveitir landsins; koma upp samkomuhúsum, svo að fólk í sveitum landsins geti notið þar skemmtunar og unnið þar að sinni félagsstarfsemi, og er þetta verulegur þáttur í heilbrigðu sveitalífi. Nú er hér allmikill hængur á í sambandi við þessi mál, þar sem félagsstarfsemi þessi hefur orðið fyrir miklum erfiðleikum og sér í lagi í grennd við Reykjavík. Á hverri skemmtun, sem byggð er á hugsjón ungmennafélaganna, streymir að fjöldi bíla í þeim tilgangi að selja áfengi. Íslendingar eru þannig gerðir, að þeir eru heldur veikir fyrir, ef vín er á boðstólum, og kaupa og drekka þá áfengi, og afleiðingin af þessu verður sú, að skemmtun, sem stofnað hefur verið til í menningarlegum tilgangi, verður að óþverrabæli með útúrdrukknum mönnum. Þetta er nú það viðhorf, sem skapast. Í þessu augnamiði er þetta frv. flutt, að hægt verði að ráða bót á þessu, og var þá leitað til lögreglustjórans í Reykjavík í þessu skyni, sem er þessum hnútum kunnugastur. Nú hefur þetta mál, eins og kunnugt er, lent í hrakningum á milli deilda, og nú hafa komið hér yfirlýsingar frá tveim alþm. úr hv. Ed., sem þykjast hafa gengið svo nærri þessum lögbrjótum, að þeir vilji ekki láta ganga neitt nær þeim. Mér skildist, að hv. 1. þm. Eyf. teldi gengið of langt í þessu, og ef til vill þm. Barð., sem oft hefur gefið sömu játningu. Hann hefur haldið því fram, að of langt væri gengið í sektarákvæðunum. Ég veit ekki, hvernig stendur á því, að hann hefur ekki fundið kennd hjá sér til að flytja brtt. við þetta, ef honum finnst, að þarna sé of langt gengið. Hann hefur átt frumkvæðið að því, að reynt væri að draga úr höfuðákvæðum frv.

Hæstv. dómsmrh. hefur bent á, að í grundvallarlöggjöf refsilaganna, sem við búum við, sé sú meginregla, að ákærði eigi að sanna sakleysi sitt. Hann hefur fært rök fyrir því, að ekki sé hægt að fylgja þessari reglu út í yztu æsar, nema annað komi til greina. Á þessum grundvelli hefur hæstv. dómsmrh. fært rök fyrir brtt., er hann flutti og stendur vissulega nær þeirri brtt., sem Nd. hefur áður sett. Ég hef áður sagt, að d. mun sætta sig við þessa úrlausn málsins, þar sem ekki er aðstaða fyrir Alþingi til að koma frekari vörnum við. Ég vil þess vegna vænta þess, að Sþ. samþ. brtt. hæstv. dómsmrh. og afgr. frv. með þessum hætti. Samkv. þessu frv. má þá vænta þess, að lögreglan í landinu fái sterkari hendur á móti þessum ófögnuði, sem eyðileggur heilbrigt skemmtanalíf í sveitinni. Við í sveitinni vitum, hvaða þýðingu það hefur fyrir sveitirnar, að unga fólkið uni þar við að yrkja jörðina. Það hefur líka mikla þýðingu í kaupstöðunum, þar sem slóð þessara lögbrjóta liggur, að hægt sé að beita skörpum ráðstöfunum gegn þessum ófögnuði.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta mál. Það er ekki oft, sem ég stend upp til að gera grein fyrir atkv. mínu, en í þetta sinn ætla ég að gera það. Meðferð þessa máls er glögg spegilmynd af því, hvernig Alþingi hefur tekizt að fara með áfengismálin. Nú á síðustu dögum þingsins er þvælt um brtt., sem borin var fram fyrst á þinginu. Svo óhöndulega hefur tekizt með afgreiðslu málsins, að hæstv. dómsmrh., sem er viðurkenndur hæfileikamaður og skarpur lögfræðingur, ætlar að ná sættum með því að bera fram till., sem stangast á við heilbrigða hugsun. Lengra er ekki hægt að ganga í þessu. Ég var ákveðinn í því að greiða frv. atkv. eins og það kom frá Ed. Ég vil taka það fram, að hv. þm. Borgf. hefur ekki umboð til að tala fyrir munn Nd., a. m. k. hef ég ekki veitt honum umboð fyrir mig. Ég hygg, að það séu fleiri, sem líta svipað á málið. Ef brtt. hæstv. dómsmrh. verður samþ., mun ég ganga í lið með hv. þm. Barð. — Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um málið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki standa í vegi fyrir afgreiðslu málsins, en ætla að svara hv. þm. Borgf. Hann upplýsti það, að ég hafi breytt um skoðun á málinu. Ég veit ekki, hvaðan hann hefur þá heimild. Ég tel ekki fylgi mitt við till. neina sönnun þess, að ég hafi breytt um skoðun. — Er hv. þm. þá fylgjandi því, að áfengi sé selt í landinu? Hann sagði, að það væri gott að kynnast hugsunarhætti Ed. í þessu máli. Ég held, að hann hafi bara gott af því að kynnast hugsunarhætti Ed. í þessu. Hann ætti að fara í gegnum þau mál, sem farið hafa í gegnum d., og mun hann þá sannfærast um, að það séu hinir prýðilegustu menn, sem þar sitja, að hv. þm. Nd. ólöstuðum.

Hann segir, að ég vilji stuðla að því, að vínsalar leiki lausum hala. Ég skil hann nú ekki. Mér er meira virði að kippa ekki hornsteini undan íslenzku réttarfari en að láta taka einn og einn vínsala. Það er röng stefna að kippa hyrningarsteini undan íslenzku réttarfari með því að velta sönnunarskyldunni yfir á ákærða. Hann spurði, hvers vegna ég bæri ekki fram brtt. um að lækka sektirnar. Þetta mál lá fyrir í allshn., sem fjallaði um málið, og bar henni því skyldan að koma fram með þetta. Hv. þm. Seyðf. hefur bent á, hve óheppilegt það væri að hafa sektirnar svona háar. Það er ekkert aukaatriði, að sú skylda sé lögð á herðar sakborningi að sanna sakleysi sitt. Ég vil fá því breytt, að leggja ekki sönnunarskylduna á herðar sakborningi, mér finnst vera svo langt gengið í sektarákvæðunum. Þetta virðist vera ástríða á hv. þm. Borgf. Hann hefur borið fram sektarákvæði í mörgum málum, en þau hafa misst marks, t. d. um ólöglegar veiðar í landhelgi. — Ég vil vísa á bug þeim aðdróttunum, að Ed. sé með skemmdarstarfsemi í þessu máli. Hún er að reyna að koma í veg fyrir, að lögleidd séu óheilbrigð lög í landinu. — Ég læt þetta nægja um ræðu hv. þm. Borgf. og lýsi því yfir, að ég er tilbúinn að taka saman höndum með honum til að bæta úr þessu böli, svo að Alþingi megi vera sómi að, en lengra get ég ekki farið.

Hæstv. dómsmrh. minntist á afbrot í sambandi við þetta. Ég get ekki talið það afbrot, þó að vín sé selt ólöglega í landi, þar sem ríkið sjálft selur vín og leyfir sölu þess á annað borð. Þetta kalla ég lögbrot, en ekki afbrot. Ríkissjóður er ekki svikinn um eina krónu, því að vínið er keypt fullu verði. Þetta er ekki meira lögbrot en að selja vöru án leyfis. Hv. þm. Borgf. styður þá, að ríkissjóður

hafi aðaltekjur af sölu áfengis. Með tilvitnun í þetta er það fráleitt að fara að breyta þessu með því að kippa hornsteinum undan íslenzku réttarfari. Hæstv. ráðh. sagði, að hér væri aðeins deilt um orðalag. Með hans góðu hæfileikum hefur honum ekki tekizt að sannfæra báða aðila, að orðalagið hafi sönnunarþýðingu. Nd. hefur lýst því yfir, að hún beygi sig ekki undir orðalagið og telji, að það hafi ekki sönnunarþýðingu. Tilraunir hæstv. ráðh. til sætta minna mig á sýslumann, sem reyndi að koma á sættum í nauðgunarmáli. Það er meira virði, hvort við viljum sætta okkur við þær breyt., sem gerðar eru á réttarfari landsins.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég hefði getað fallið frá því að gera aths., þegar hv. þm. Barð. talaði, en ég þykist þurfa að bera af mér sakir. Hv. þm. Borgf. sló um sig með því, að lögreglustjórinn væri frv. samþykkur. Ég vil þá geta þess, að ég var frv. samþykkur eins og það var borið fram og áður en Nd. var búin að breyta því. Eftir því sem ég bezt veit hefur allshn. Ed. borið till. undir lögreglustjóra. Vildi hann orðalagið, sem Ed. samþ., heldur en það, sem Nd. hafði ákveðið.

Hv. þm. bar þær sakir á mig og hv. þm. Barð., að við vildum hlífa lögbrjótum, en þetta er mesta firra. Mér er ekkert sárt um lögbrjóta, og má taka þá og refsa þeim, ef þeir finnast sekir. Afstaða okkar byggist á allt öðrum grundvelli. Við viljum ekki, að saklausir menn verði dæmdir, eins og getur orðið með frv. eins og það kom frá Nd. Það var upplýst í umr. í Alþingi, að kunnur bindindismaður hafði flutt með sér flösku í bíl. Samkv. frv. hefði hann getað verið tekinn fyrir og dæmdur sekur um leynivínsölu, af því að hann gat ekki sannað, að hann ætlaði ekki að selja flöskuna. Það er misskilningur hjá hv. þm. Borgf., er hann hélt því fram, að það væru til hliðstæður þessu í íslenzkri löggjöf. Þær eru alls engar til. Hann minntist á ákvæðin um skip, sem eru tekin með ólöglegan veiðarfæraútbúnað í landhelgi, þó að þau séu ekki staðin að veiðum. Þau eru ekki sektuð fyrir ólöglega veiði, heldur ólöglega meðferð veiðarfæra í landhelgi. Það er eins með laxveiðina. Það er bannað að vera með ólöglega umbúnar veiðistengur í annars manns landi. Þeir eru dæmdir vegna þess, að verkið er framið, en hér á að dæma menn fyrir verknað, sem álitið er, að maðurinn ætli að fremja. Hv. þm. Borgf. sagði, að ég og hv. þm. Barð. hefðum verið mikið viðriðnir bindindi. Það stóð í einu blaði, að ég væri minnst bindindissamur af mínum flokksbræðrum. Í æsku var ég reyndar í ungmennafélagi og hef því unnið bindindisheit. Þá þekktist ekki á samkomum ungmennafélaganna þetta ástand, sem hv. þm. var að lýsa. Þó að ungmennafélögin væru bindindisfélög, lögðu þau ekki fyrir sig að ofsækja þá menn, sem drukku vín. Ég veit ekki, hvort hv. þm. getur sagt það sama um þau félög, sem hann talar um.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég verð að játa, að þessar umr. hafa gefið tilefni til að gefa hv. þm. skýringu á því, hvað er sönnun. Það hefur komið fram hjá öllum, sem hafa talað, og þó skýrast hjá hæstv. forsrh., fullkomin vanþekking á þessu. Það er undravert, að menn skuli láta annað eins út úr sér. Orð hæstv. forsrh. lýstu fullkominni vanþekkingu hans á þessu. Það er eins og umr. byggist á því, að menn geri sér ekki grein fyrir því, hvað dómarinn metur í þessum efnum. Hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. Eyf. andmæltu því að velta sönnunarbyrðinni á sakborninginn. En þeir gæta þess ekki, að það er gert með þeirra till. Ég gæti skilið, að þeir væru á móti frv., en ég skil ekki, að þeir séu á móti því að velta sönnunarskyldunni á sakborninginn, því að það kemur fram í till. þeirra sjálfra. — Menn verða að átta sig á því, að „sterkar líkur" eru ein tegund sönnunar. Í þessu tilfelli eru „sterkar líkur" sannarlega sterkt tilfelli sönnunar. Ég mun taka mína till. aftur, ef engin önnur till. verður borin fram, en það er auðvitað mönnum í sjálfsvald sett, hvort þeir taka hana upp aftur. Ég vil ekki verða til þess að fella frv. með minni hl. atkv. Ég tek mína till. aftur vegna þess, að hún breytir engu um efni málsins, heldur var hún borin fram til að skýra málið og hverfa frá deilum. Hv. þm. Borgf. er búinn að ná sínu máli fram, þó að till. Ed. verði samþ. Ég hef aldrei vitað, að annað eins ætti sér stað og þetta. Ég þekki illa hv. þm. Borgf., ef hann fylgir ekki sínu máli af miklu kappi. Hann vill, að andstæðingarnir lýsi því yfir, að þeir gefist upp.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ef ég hef skilið hæstv. dómsmrh. rétt, þá hefur hann tekið till. aftur, en ég tek hana upp. Þó að dómsmrh. sé viðurkenndur góður kennari, þá veit ég það mikið í þingsköpum, að það má taka upp till. og hann þarf ekki að kenna mér það. Hæstv. dómsmrh. hefur nú saumað svo að þessum efrideildar-þm. hér, sem talað hafa, að ég held, að þær flíkur fari nú að þrengja dálítið að kroppnum á þeim. Svo að ég held, að þetta sé nokkuð öflugur stuðningur við það, sem ég sagði áðan, hverju menn þjóna í þessu efni, þó að þeir þykist þjóna réttlætinu og telji sig nokkurs konar hornsteina undir löggjöf þessa lands. Og hv. þm. Barð. orðaði það einhvern veginn þannig áðan, að hann væri fyrstur manna í að halda uppi sóma Alþ. Þeir líta stórt á sig, þessir hv. þm., og lýsa hér ákaflega göfugum tilgangi í sambandi við afstöðu sína til þessa máls. En ég lít öðruvísi á atferli þeirra um afgreiðslu þessa máls.

Það kom eitt atriði fram hjá hv. þm. Barð., sem gefur mér fullkomið tilefni til þess að endurtaka það, sem ég sagði áðan, — að það er gott að fá tækifæri til þess að kynnast hugsunarhættinum í efri deild. — Hv. þm. Barð. fór að sveifla sér dálítið og tala hér um eðli afbrota og afleiðingar þess, að lögin væru brotin. Hann lagði það hvað á móti öðru að selja áfengi á samkomum og það að selja nylonsokka á samkomum. Það er náttúrlega út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. Barð., að hvort tveggja er utan við lög og rétt, ef sala nylonsokkanna er á svörtum markaði, eins og það er venjulega kallað. Það stangast á við löggjöfina, og skal ég ekkert mæla því í gegn, að það geri það. En við skulum bara líta — og það er meginatriði þessa máls — á afleiðingarnar af þessum tvenns konar lögbrotum. Afleiðingarnar af því, að vínsalarnir koma á skemmtun og selja þar áfengi, eru

þær, að skemmtunin er alveg lögð í rúst, svo að þar verður allt ein flagvelta, en sá, sem selur sokkana, skemmir ekkert fyrir skemmtun annarra, þó hann komi t. d. og selji þar ein pör af nylonsokkum. Sá, sem kaupir nylonsokkana, mundi gleðja kærustuna sína með því að gefa henni sokkana, en skemmtunin gæti haldið áfram, alveg saklaus og góð, eftir sem áður, alveg eins og til hennar var stofnað. — Það er þessi hugsunarháttur efri deildar, sem er ákaflega fróðlegt að kynnast. Og þetta kannske varpar dálitilli birtu líka yfir hugsunarhátt og ýmsa framkomu hv. þm. Barð. — Hv. þm. Barð. vildi helzt, skildist mér, að ég færi að lesa allt, sem þeir hefðu sagt í efri deild, til þess að kynnast hugsunarhættinum þar. Ja, guð almáttugur, ef ég ætti að fara að lesa allt, sem hv. þm. Barð. hefur sagt. Nei, þá vildi ég heldur — ég veit ekki hvað, en að leggja það á mig að lesa allt, sem hann hefur sagt þar, og er þó sumt nýtilegt innan um hundavaðsháttinn hjá þessum hv. þm.

Viðvíkjandi hv. 1. þm. Eyf. vil ég segja, að mér er ekki kunnugt um, að það liggi fyrir Alþ. nein plögg, sem sýni skoðanaskipti lögreglustjórans í Reykjavík í þessu máli. Ég veit ekki, hvort það kann að hafa verið talað við hann munnlega um þetta og að hann muni kannske hafa látið orð falla á þann veg, að frv. þetta, sem hér liggur fyrir, væri ekki einskis nýtt, þó svo að breytt hefði verið til frá hans eigin till. eins og gert var. (**BSt:** Heppilegra orðalag.) Ja, ég veit ekki, hvað hv. 1. þm. Eyf. telur heppilegra orðalag í sambandi við áfengislög. Ég held, að hann sé óheppinn maður í öllum þeim málum. Þessi hv. þm. virðist vera með miklar áhyggjur af því, og miðar afstöðu sína sérstaklega við það, að það mundu saklausir menn verða fyrir barðinu á þessu, ef frv. eins og það kom frá Nd. væri samþ. Hann getur verið alveg öruggur um það, að þó að frv. verði afgr. á þeim grundvelli, sem lagður var í hv. Nd., þá hefði enginn saklaus maður orðið fyrir barðinu á því, en það hefði náð til fleiri sekra manna en vænta má eftir frv. eins og hv. Ed. hefur gengið frá því. Eins og frv. kom frá hv. Ed. nær það til færri sekra manna, og það er þetta, sem hv. 1. þm. Eyf. og hv. þm. Barð. berjast svo hatrammlega fyrir. Þeir eru ekki með baráttu til þess að tryggja það, að saklausir menn geti ekki orðið fyrir barðinu á þessu, heldur gengur öll þeirra barátta út á það að skapa möguleika fyrir því, að svo og svo mikið af sekum mönnum sleppi undan refsivendi laganna. (**BSt:** Þetta eru ósvífnar getsakir.) Ég er að dæma framkomu þessara manna eftir þeirra eigin orðum og gerðum, og ef einhver ósvífni liggur í því, sem ég segi, þá hafa þeir lagt tilefnið upp í hendurnar á mér. (**Forseti:** Ég vil benda á, að fundartíma er lokið.) — Ég vil ljúka máli mínu með því, að það eru vissulega til hliðstæður í íslenzkri löggjöf við það, sem ég vil láta gera hér, og þessir hv. þm. hafa báðir samþ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að mótmæla þeim ásökunum og getsökum, sem hv. þm. Borgf. hefur borið hér fram á okkur hv. 1. þm. Eyf. og mig, sem algerlega röngum. Þær eru fram komnar af ofstæki því og kappi, sem þessi hv. þm. ræður ekki við, þegar um önnur eins mál er að ræða og hér nú. Hann hefur sjálfur fylgt fram till. í þessum málum, sem gert hafa þeim meiri bölvun en nokkuð annað á Íslandi.

Skúli Guðmundsson: Í upphafi þessa fundar fann ég að því við hæstv. forseta, að hann takmarkaði mjög ræðutíma um fjáraukal., því að ég tel, að fjárlög og fjáraukalög séu svo stór mál, að það sé hæpið að takmarka ræður um þau við örfáar mínútur. En á sama hátt og mér fannst ástæða til að taka það fram, vil ég lýsa ánægju minni yfir því, sem gerist, þegar betur tekst til. Hæstv. forseti hefur nú við þessar umr. ekki takmarkað ræðutímann, og virðist mér það vel, þar sem ég hefði ógjarnan viljað verða af því að hlýða á þessar — mjög fróðlegu umr., sem fram hafa hér farið um þetta mál.

Pétur Ottesen: Ég tek ekki á móti neinum áminningum frá hv. þm. Barð., sem yfirleitt fleytir sér hér á þingi með hroka og gikkshætti yfir hundavaðsháttinn.

ATKVGR.

Brtt. 800 tekin aftur af flm., en var tekin upp á ný af þm. Borgf. og samþ. með 21:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÓÓ, FJ, GÞG, HÁ, HV, HG, IngJ, JS, JörB, KS, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SG, StSt, VH, ÁB, BBen, BÓ.

nei: EmJ, GJ, GTh, JJós, JG, JÁ, KK, LJóh, MK, SB, SkG, StJSt, StgrA, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BSt, EOl, JPálm.

EystJ, GG, HelgJ, JR, BÁ greiddu ekki atkv.

7 þm. (FRV, HermJ, JóhH, ÓTh, ÁkJ, ÁS, BrB) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Skúli Guðmundsson: Mér skilst, að það vaki einkum fyrir flm. þessa frv., að auðveldara sé, ef það er samþ., að hafa hendur í hári leynivínsala, sem hafa gert nokkuð að því að fara með áfengi á samkomur, flutt í bifreiðum, til að selja það þar. Ég tel, að það sé leikur einn fyrir lögreglumenn að ná til þessara manna, ef frv. verður samþ. eins og það liggur fyrir. Hins vegar fellur mér ekki orðalagið á brtt. á þskj. 800 og segi því nei.

Frv., svo breytt, samþ. með 27:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, BBen, BÓ, EOl, SÓÓ, EystJ, FJ, GG, GÞG, HÁ, HV, HG, HelgJ, IngJ, JS, JR, JörB, KS, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SG, StSt, VH, ÁB.

nei: BSt, GJ, GTh, LJóh, SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, JPálm.

EmJ, JJós, JG, JÁ, KK, MK, SB, StgrA, ÁÁ greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁS, BrB, FRV, HermJ, JóhH, ÓTh, ÁkJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Bernharð Stefánsson: Ég hef tvisvar greitt atkv. með þessu frv. út úr hv. Ed., enda taldi ég það þá í sæmilegum búningi. Nú hefur verið samþ.

hér. brtt., sem hv. flm. hennar taldi þó þýðingarlausa og engu breyta, en mér finnst vera til vansæmdar. Þess vegna segi ég nei við frv.

Emil Jónsson: Ég var ráðinn í því að greiða atkv. með frv., hefði því ekki verið breytt. En ég tel þessa breyt. á því, sem samþ. var, þannig, að ég vil ekki fylgja því með þeirri breyt. Hins vegar vil ég ekki setja fót fyrir frv., en vil ekki eiga þátt í að fylgja því eins og það er, og greiði því ekki atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 827).

Önnur mál.

I. Almennar stjórnmálaumræður (eldhúsdagsumræður).

Á 47. fundi í Sþ., 26. febr., voru teknar á dagskrá:

Almennar stjórnmálaumræður — eldhúsdagsumræður (útvarpsumr.).

Forseti (JPálm): Þá er fundur settur, og verður strax gengið til dagskrár og tekið fyrir eina dagskrármálið, sem er almennar stjórnmálaumræður, eldhúsdagsumræður. Þessum umræðum verður þannig hagað í kvöld, að töluð verður ein umferð og fær hver flokkur til umráða 45 mínútur. Verður röð flokkanna sú, að fyrst tala fulltrúar Alþfl., þá fulltrúar Sameiningarflokks alþýðu — Sósfl., í þriðja lagi fulltrúar Framsfl. og loks fulltrúi Sjálfstfl. — Fyrstur tekur til máls fulltrúi Alþfl., hv. 3. landsk., Gylfi Þ. Gíslason.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Árið 1927 urðu merk tímamót í stjórnmálasögu Íslendinga. Landinu hafði þá lengi undanfarið verið stjórnað út frá íhaldssömum sjónarmiðum. En 1927 vann Framsfl. mikinn kosningasigur á Íhaldsflokknum og myndaði ríkisstj., sem var í algerri andstöðu við afturhaldsöflin í landinu, enda hafði hann letrað á gunnfána sinn hið fræga vígorð: „Allt er betra en íhaldið.“ Þá hófst nær aldarfjórðungstímabil, sem var merkilegt um margt, en er nú nýlokið. Á fyrri hluta þess stjórnuðu Framsfl. og síðar Framsfl. og Alþfl. landinu í harðri andstöðu við Sjálfstfl. Á síðari hluta þess var landinu lengst af stjórnað með málamiðlun milli þriggja flokka, þó ekki alltaf hinna sömu, og áttu allir flokkar hlut að ríkisstjórn á þessum tíma. En það var eitt megineinkenni stjórnarháttanna á þessu nær 25 ára tímabili, að engin stjórn, sem sat að völdum, var hrein íhaldsstjórn. Þótt áhrifa Sjálfstfl. hafi gætt mjög mikið síðasta áratug og Framsfl. hafi snúizt æ meir til hægri, hafa áhrif Alþfl. á stjórn landsins valdið því, að ekki hefur verið gengið í berhögg við hagsmuni almennings. — Nýtt tímabil hófst með valdatöku flokksstjórnar Sjálfstfl. fyrir rúmu ári, sem lagði fram gengislækkunarfrv., og þó einkum með valdatöku þeirrar stj., sem nú situr, stj., sem framkvæmdi gengislækkunina og er nú í þann veginn að hrinda í framkvæmd nýjum ráðstöfunum í gjaldeyrismálum. Þessar ríkisstj. eru fyrstu hreinu íhaldsstjórnirnar, sem setið hafa á Íslandi í meira en tvo áratugi, þessar ríkisstj. eru fyrstu stjórnirnar í aldarfjórðung, sem grundvalla ráðstafanir sínar á ómenguðum íhaldssjónarmiðum, fyrstu stj. í 25 ár, sem talið hafa sér fært að stjórna landinu í beinni andstöðu við hagsmuni hins vinnandi manns til sjávar og sveita.

Mér er ljóst, að þetta er þungur dómur um þá hæstv. ríkisstj., sem nú situr. Slíkan dóm er skylt að rökstyðja, og það skal ég gera.

Þegar hæstv. ríkisstj. tók við völdum, lýsti hún yfir, að það væri stefna sín:

1) að útflutningsatvinnuvegirnir yrðu reknir hallalaust og án greiðslu útflutningsuppbóta úr ríkissjóði og skattar því lækkaðir;

2) að fiskverð skyldi hækka upp í 93 aura;

3) að komið skyldi áfram í veg fyrir atvinnuleysi og vöruframboð stóraukast, en það átti að vega á móti þeirri dýrtíðarhækkun, sem að sjálfsögðu var gert ráð fyrir af völdum gengislækkunarinnar;

4) að verzlunin yrði frjáls og jafnvægi í utanríkisviðskiptum.

Ráðstafanirnar, sem tryggja áttu, að þessi markmið næðust, voru: gengislækkun krónunnar um 43% og heilbrigð stefna í fjárfestingarmálum og peningamálum innanlands.

Óhætt mun að fullyrða, að stefna engrar stjórnar, sem hér hefur setið að völdum hin síðari ár, hafi brugðizt jafnhrapallega og þessi stefna núv. ríkisstj.

Tókst henni í fyrsta lagi að koma því til leiðar, að útflutningsatvinnuvegirnir yrðu reknir hallalaust? Allir vita, að þrátt fyrir ráðstafanir þær, sem hæstv. ríkisstj. gerði síðastliðið vor, reyndist erfiðara að koma bátaflotanum á veiðar nú á þessari vertíð en nokkru sinni fyrr. Ef engar ráðstafanir hefðu verið gerðar aðrar en þær, sem hæstv. ríkisstj. taldi nægilegar, þegar hún tók við völdum, væri nú enginn bátur á sjó og bein neyð í landi hjá öllum þeim, sem eiga afkomu sína undir rekstri bátaflotans. Þess vegna á nú enn að gera ráðstafanir, sem leggja almenningi tugmilljóna byrðar á herðar, eins og ég mun víkja nánar að síðar. Þær ráðstafanir eru höfuðsönnunin fyrir íhaldseðli þessarar ríkisstj. Og voru skattar lækkaðir? Nei, öll eldri skatta- og tollalög hafa verið framlengd, svo að tollar hafa hækkað vegna gengisbreytingarinnar, og auk þess voru nú fyrir jól lögð á ný gjöld, að upphæð um 10 millj. kr.

Í öðru lagi: Tókst að koma því til leiðar, að fiskverð hækkaði á síðustu vertíð upp í 93 aura, eins og heitið var? Fiskverð mun á síðustu vertíð ekki hafa verið hærra en á næstu vertíð á undan, heldur beinlínis lægra, eða yfirleitt 75 aurar. Látið hefur verið í veðri vaka, að þetta hafi fyrst og fremst stafað af lækkuðu verði á afurðum bátaflotans erlendis. Þetta er að verulegu leyti beinlínis rangt. Á saltfiski og freðfiski varð ekki verð-

lækkun erlendis á árinu 1950. Saltfiskur hafði fyrir gengislækkunina lækkað um 5—6%, en síðan Kóreustríðið brauzt út hefur hann fremur hækkað, og markaðshorfur eru góðar á því sviði. Hins vegar hafa verið erfiðleikar á sölu hraðfrysts fisks, svo að framleiðsla hans hefur minnkað, en verðlag hans var ekki lægra erlendis en t. d. 1949. Meðalútflutningsverð hans 1950 mun hafa verið yfir 10 pence fyrir enskt pund, en með því verði var reiknað í grg. fyrir gengislækkunarfrv. Þá hljóta menn að spyrja: Hvað hefur orðið um þá næstum 73% tekjuaukningu, sem af því hlauzt í íslenzkum krónum, að gengið var lækkað? Hún hefur sumpart gengið til að mæta þeirri aukningu á framleiðslukostnaði, sem orðið hefur, bæði af völdum gengislækkunarinnar og öðrum orsökum. En sumpart hefur hún orðið til þess að færa frystihúsaeigendum og fisksaltendum aukna áhættuþóknun og aukinn gróða. Eftir að ábyrgðarverðið var afnumið og söluáhættan lagðist með fullum þunga á frystihús og saltendur, hafa þeir vegna óvissunnar reiknað sér mjög verulega áhættuþóknun. Þegar verðið reynist svo ekki lægra en áður erlendis, verður hin háa áhættuþóknun að ágóða. Kostnaðurinn við áhættuna hefur m. ö. o. fyrst og fremst lent á sjómönnum og rýrt hlut þeirra. — Það er hreinn íhaldssvipur á ráðstöfunum, sem hafa slíkar afleiðingar.

Í þriðja lagi: Hefur tekizt að koma áfram í veg fyrir atvinnuleysi og auka vöruframboð? Í meira en áratug hefur ekki bólað verulega á atvinnuleysi á Íslandi fyrr en nú á þessum vetri. Víða úti um land er hörmulegt ástand, og í Reykjavík voru nú nýlega skráðir 418 atvinnuleysingjar.

Hefur vöruframboð aukizt. Allir vita, að á síðastliðnu ári var vöruskortur meiri og sárari en árin á undan, auk þess sem dýrtíð jókst mjög, bæði af völdum gengislækkunarinnar og sökum verðhækkana í viðskiptalöndum. Nú mun ríkisstj. að vísu hafa í hyggju að stórauka innflutning, einkum á neyzluvörum. En hvernig á að fá þessar neyzluvörur? Gerir hæstv. ríkisstj. sér von um að auka útflutninginn eða fá hærra verð fyrir afurðir landsmanna? Nei. Hæstv. ríkisstj. gerir sér von um að fá nýja stórfellda fjárveitingu frá Marshallstofnuninni og auk þess nýtt framlag frá greiðslubandalagi Evrópu, samtals að upphæð tæplega 100 millj. kr. Þessi framlög á að nota til þess að flytja inn neyzluvörur handa almenningi. Auk þessa mun svo fyrirhuguð stórfelld lántaka erlendis til kaupa á neyzluvörum. Í skjóli þessara óafturkræfu framlaga og slíks láns á svo að gefa 60% af innflutningnum frjálsan. Það ber ekki vott um neina fyrirmyndar stjórnarstefnu, þótt hægt sé að auka innflutning á þennan hátt. Það gæti hvaða stjórn sem er. En hæstv. ríkisstj. ber skylda til að gera þjóðinni skýra grein fyrir því, hvað hún ætlar að gera, þegar hún á ekki lengur kost á slíkri rausn af hálfu erlendra stjórnarvalda, og hvernig hún ætlar að endurgreiða slík eyðslulán. Hún getur trauðla treyst því að geta árum saman greitt þriðjung innflutningsins með erlendu gjafa- og lánsfé. Hvernig á að tryggja innflutning til landsins, þegar slíku sleppir? Hæstv. atvmrh. sagði hér á Alþ. í morgun í spaugi, að það rigndi yfirleitt ekki gulli, þegar Framsfl. væri í forsæti í ríkisstj. En það hefur einmitt rignt gulli yfir Íslendinga, þótt Framsfl. sé í forsæti. Að meðtöldum þeim framlögum frá Marshallstofnuninni og greiðslubandalaginu, sem nú munu í vændum, fá Íslendingar á tímabilinu 1. júlí 1950 til 1. júlí 1951 um 14 millj. dollara, eða um 225 millj. kr. Og samt gengur þessari stjórn ekki betur að stjórna landinu en raun ber vitni. Það eru þessi erlendu framlög, það er þetta gullregn, og það eitt, sem gerir hæstv. ríkisstj. kleift að gera þær ráðstafanir, sem í vændum eru. Og samt þurfa þær að valda gífurlegri dýrtíð. Ef hæstv. ríkisstj. hefur engin úrræði á takteinum til þess að auka útflutninginn, þannig að fyrirsjáanlegt er, að innflutningurinn hlýtur að stórminnka og lífskjör að stórversna, strax og Marshallaðstoðinni og greiðslubandalagsframlögunum lýkur, þá eru það hreinir fjárglæfrar að sleppa nú lausum taumunum af þessum málum, láta berast út í kviksyndi ringulreiðar og erlendrar skuldasöfnunar og þurfa svo að grípa til örvæntingarráðstafana til þess að ná aftur föstu landi undir fætur og afstýra vandræðum. Það er ósvikinn íhaldsblær yfir þeirri stefnu, sem hefur slíkar afleiðingar.

Og í fjórða lagi: Hefur það loforð verið efnt að gera verzlunina frjálsa og koma jafnvægi á utanríkisviðskiptin? Hæstv. ríkisstj. mun nú hafa í hyggju að gefa verulegan hluta af innflutningsverzluninni frjálsan. Hins vegar virðist það ekki vera stefna hennar, að útflutningsverzlunin skuli vera frjáls. Er þó erfitt að skilja, hvers vegna svipuðu máli gegnir ekki um báðar greinar utanríkisverzlunarinnar. Það átti að vera einn megintilgangur gengislækkunarinnar að gera alla utanríkisverzlunina að hreinum gjaldeyrisviðskiptum. Vöruskiptin áttu með öðrum orðum að hverfa úr sögunni. Sú hefur ekki orðið raunin á. Enn hafa verið gerðir beinir vöruskiptasamningar, svo sem samningurinn við Ungverjaland, en þaðan fengum við hveitið, sem bráðlega mun hækka brauðin um liðlega 10%. Við Austurríki hafa og verið gerð viðskipti með tilstyrk þess, að krónan hefur enn verið lækkuð gagnvart austurrískum shilling, en gengi hans er nú 47% hærra en vera ætti samkv. gengislækkunarl. Almenningur borgar með hækkandi verðlagi. Þarf nokkur að efast um íhaldskeiminn af þessum ráðstöfunum?

Þannig hefur hæstv. ríkisstj. mistekizt í öllum meginatriðum. Og nú er hún einmitt að viðurkenna í verki, að sér hafi mistekizt, því að með þeim ráðstöfunum, sem kunngerðar voru í morgun, er hún sumpart að breyta um stefnu. Ef hún væri enn þeirrar skoðunar, að stefnan frá því í fyrravor hefði verið hin eina rétta, væri það rökrétt afleiðing af breyttum forsendum, að hún hefði nú lækkað gengið enn á ný. Slíkt leggur hæstv. ríkisstj. þó ekki til, heldur er nú til viðbótar gengislækkuninni lagt út á brautir, sem taldar voru hættulegar í fyrra.

Þær ráðstafanir, sem nú á að gera, eru í aðalatriðum fólgnar í því, að útgerðarmenn eiga að fá að ráðstafa sjálfir helmingi þess gjaldeyris, sem fæst fyrir afurðir bátafisksins, að frádregnu þó lýsi, síld og síldarafurðum. Fyrir þennan gjaldeyri á að mega flytja inn vissar vörur, og mega útgerðarmenn gera hvort sem þeir vilja heldur, flytja vörurnar inn sjálfir eða selja kaupmönnum réttinn til þessa innflutnings. Innflytjandinn, hvort

sem það verður útgerðarmaður eða kaupmaður, á svo að mega selja þessar vörur án alls verðlagseftirlits, þ. e. fyrir það verð, sem hann getur fengið neytandann til að borga. Meðal þeirra vörutegunda, sem þannig mun eiga að flytja inn, eru ýmsar nauðsynjavörur, svo sem vefnaðarvörur ýmsar og tilbúinn fatnaður, hreinlætistæki, ávextir, varahlutir til bifreiða og bækur frá Evrópu, vörur fyrir um 90 millj. kr. alls. Hér er um að ræða furðulegar ráðstafanir, ráðstafanir, sem eru í algeru ósamræmi við nær öll rök, sem færð voru fram á síðastliðnu vori til stuðnings gengislækkuninni. Það var talinn einn höfuðkostur gengislækkunarinnar, að hún samræmdi innlent og erlent verðlag og drægi þannig úr milliliðagróða og ýmiss konar braski og spákaupmennsku. Í hinni hagfræðilegu álitsgerð þeirra dr. Benjamíns Eiríkssonar og prófessors Ólafs Björnssonar, sem fylgdi gengislækkunarfrv. í fyrravor, er „leið hins frjálsa gjaldeyris" fordæmd algerlega. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Til greina kemur að fara þá leið, að útgerðarmenn fái ákveðinn hluta gjaldeyrisins til frjálsrar ráðstöfunar. Þeim væri t. d. leyft að selja þriðjung eða helming hans á frjálsum markaði.... Ekki er þó hægt að mæla með þessari leið. Má fyrst og fremst á það benda, að hún mundi hafa í för með sér engu minni verðhækkun en almenn gengislækkun.... Hins vegar mundi vísitala framfærslukostnaðar hækka minna, ef þessi leið væri farin, þar sem nokkrar nauðsynjavörur mundu flytjast inn áfram á gamla genginu. Vísitalan mundi enn síður en nú sýna rétta mynd af hinu almenna verðlagi.

Með því að fara þessa leið mundi raunverulega sett tvenns konar gengi á íslenzku krónuna og þá um leið tvenns konar verðlag á innfluttar vörur. ... Hin tvö gengi og tvenns konar verðlag innanlands mundu gera nauðsynlegt að halda mjög ströngu eftirliti með verðlagi og dreifingu allra innfluttra vara. Sterk öfl mundu reyna að hækka álagningu og verðlag á vörum, sem fluttar væru inn fyrir ódýrari gjaldeyrinn, til samræmis við verðlag á þeim vörum, sem fluttar væru inn fyrir frjálsa gjaldeyrinn. Með því væri skapaður jarðvegur fyrir margs konar brask og óheilbrigða verzlunarhætti". Kaflanum lýkur með þessum orðum: „Við mælum því eindregið gegn þessari leið."

Hér er hvert orð rétt. En það er leið slíks frjáls gjaldeyris, sem hæstv. ríkisstj. er nú í þann veginn að halda út á. Hér er um að ræða nýja gengislækkun, — í mjög varhugaverðu formi. Enn verður almenningur látinn borga með stórhækkuðu vöruverði, og þó veit í rauninni enginn fyrir fram, hversu mikil þessi skattlagning verður, þar sem álagningunni verða engin takmörk sett af ríkisvaldinu, en minni en 50 millj. verður hún aldrei. Í þessum ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. felst því mikil stefnubreyting frá því í fyrra, og því miður ekki til hins betra, heldur þvert á móti til hins verra. Höfuðgalli slíkra ráðstafana sem þessara er, að með þeim er lagður hinn ákjósanlegasti grundvöllur að alls konar braski og hvers konar óheilbrigðum verzlunarháttum. Dýrtíð mun vaxa gífurlega. Vísitalan verður 1. apríl komin upp í 135 stig og verður á miðju sumri varla lægri en 145—150 stig. Viðskipti með þessar vörur verða flókin og óhrein, og það verður okrað á almenningi. Og sjómaðurinn, sem veiðir fiskinn, getur aldrei vitað, hvað fæst fyrir hlutinn hans og hvað rennur í vasa milliliða. Nú er ekkert fast fiskverð í landinu, og enginn veit, hvað það verður á næstunni. Af þessu hlýzt ýmiss konar tortryggni, sem hlýtur að valda ókyrrð á vinnumarkaðnum. Mikil verðhækkun lendir á herðum almennings. Sjómenn fá e. t. v. nokkra hækkun á sínum hlut, en þó allsendis ónóga. En alls konar milliliðir stórgræða. Það er vissulega ómengað íhaldsbragð að slíkum ráðstöfunum.

Hinn óhóflegi gróði af innflutningsverzluninni hefur undanfarna áratugi verið mjög gagnrýndur. Æ fleirum hefur orðið ljóst, að hér verður að ráða bót á. En hvað er hæstv. ríkisstj. nú að gera? Hún er ekki að gera ráðstafanir til að draga úr þessum gróða. Nei, hún er að reyna að leysa vandræði bátaflotans með því að gefa ávísun á hluta af honum. Almenningur á ekki að fá bætta verzlunarhætti, heldur á brask og milliliðastarfsemi þvert á móti að aukast og verðlag að stórhækka. Það, sem neytendur greiða í hækkuðu vöruverði, á þó ekki að fara fyrst og fremst til sjómanna sem aukin laun fyrir hina erfiðu vinnu þeirra. Og það mun ekki heldur lenda allt hjá útvegsmönnum. Verulegur hluti þess mun lenda hjá alls konar milliliðum. Og þetta á að gerast undir forustu ríkisstj., þar sem Framsfl. er í forsæti!

Síðan stríði lauk, hafa verið uppi tvær stefnur í efnahagsmálum í nálægum löndum. Á Norðurlöndum og Bretlandi, þar sem jafnaðarmenn hafa verið við völd, hefur megináherzla verið lögð á að tryggja öllum atvinnu, bæta lífskjör almennings og stuðla að auknum jöfnuði. Það hefur tekizt. Á Bretlandi hefur framfærslukostnaður hækkað um aðeins 21% síðan 1945 og í Noregi og Svíþjóð um aðeins 11%. Í þessum löndum Evrópu hefur og orðið mest aukning á þjóðartekjum síðan stríði lauk. Í öðrum löndum, svo sem Vestur-Þýzkalandi, Belgíu, Frakklandi og Ítalíu, þar sem íhaldssinnaðir flokkar hafa farið með stjórn, hefur verið farin leið hinna svokölluðu „frjálsu viðskipta". Þar er alls staðar víðtækt atvinnuleysi og mikil dýrtíð. Í sumum þessara landa, svo sem Frakklandi, eru þjóðartekjurnar nú minni en þær voru 1939. Sú stefna, sem fylgt hefur verið hér á landi, hefur verið eins konar málamiðlun milli þessara tveggja meginstefna. Mér er vel ljóst, að á slíkum málamiðlunum eru ávallt ýmsir annmarkar. En nú er hæstv. ríkisstj. að taka upp íhaldsstefnuna, sem fylgt hefur verið í Vestur-Þýzkalandi, Frakklandi og Ítalíu, stefnuna, sem fært hefur þessum löndum atvinnuleysi, dýrtíð og ójöfnuð, og meira að segja slæmt afbrigði af henni. Það er rétt, að í löndum „hinna frjálsu viðskipta" er meira að sjá í búðargluggum og hægt að borða betur á veitingahúsum. Á slíku mun nú einnig von hér. En hvorki hér né annars staðar hefur almenningur lifað af því, sem hann hefur mátt horfa á í búðargluggum, án þess að geta keypt, og það er ekki alþýðan, sem nýtur þess, þótt krásir séu á borðum veitingahúsa. Almenningur krefst þess að geta keypt nauðsynjar sínar, mat, föt og húsnæði, við hóflegu verði. Við það vilja jafnaðarmenn í öllum löndum láta miða stefnuna í efnahagsmálum. Fylgjendur „hinna frjálsu viðskipta" telja það aðalatriðið, að búðirnar

séu fullar, þótt almenningur geti lítið keypt; það liggur við, að þeir telji velmegunina þeim mun meiri, sem meira er af vörum í búðunum, en minna hjá almenningi. Það er þessi stefna, þessi íhaldsstefna, sem hæstv. ríkisstj. er nú að leiða yfir Íslendinga.

En hvað vill Alþfl. láta gera? Alþfl. telur, að fyrir þjóðarheildina hefði verið ódýrast að leysa vandamál bátaflotans nú með því, að ríkisstj. ábyrgðist útvegsmönnum ákveðið fiskverð, en útflytjendum ákveðið útflutningsverð, sem miðað væri við nauðsynlegan frystingar- og söltunarkostnað. Jafnframt væru vissir kostnaðarliðir greiddir niður, e. t. v. bæði við útgerð og vinnslu, en það gert að skilyrði fyrir slíkum niðurgreiðslum, að rekstri bátanna, hraðfrystihúsanna og söltunarstöðvanna væri komið í hagkvæmara horf en nú, en á því er enginn vafi, að með skynsamlegri endurskipulagningu á þessum rekstri mætti spara þjóðfélaginu mikið fé. Fjárins, sem nauðsynlegt væri í þessu sambandi, mætti afla á ýmsan hátt, t. d. með því að koma lagi á skattheimtuna og gera alla jafna fyrir skattayfirvöldunum, með gjöldum á ýmsa óhófseyðslu og ýmsan óhófsinnflutning. Ef gerðar væru ráðstafanir til stórfellds sparnaðar í útveginum og útvegsmönnum og útflytjendum tryggt ákveðið verð, þannig að þeir þurfi ekki að reikna sér háa þóknun vegna áhættu, er augljóst, að útvegurinn þarf mun minna fé frá öðrum stéttum en honum er nú ætlað að fá. En það er í rauninni óverjandi, að ár eftir ár skuli lagðar byrðar á allan almenning til þess að auka tekjur bátaútvegsins, hraðfrystihúsa og saltenda, án þess að um leið séu gerðar gagngerar ráðstafanir til þess að koma rekstri þessara atvinnugreina í eins hagkvæmt horf og unnt er. Útvegsmönnum er enginn greiði gerður með slíku, og sjómönnum er það í raun og veru til tjóns. — En Alþfl. leggur líka á það áherzlu, að vandamál bátaútvegsins séu ekki leyst nema í tengslum við önnur vandamál. Það er ranglátt að krefjast mikilla fórna af almenningi til þess að tryggja rekstur bátaflotans, nema gerðar séu um leið allar hugsanlegar ráðstafanir til þess að létta honum þessar byrðar, þ. e. ráðstafanir til þess að gera verzlunina hagkvæmari og ódýrari, til að bæta húsnæðisástandið, efla almannatryggingarnar, gera skattheimtuna réttlátari, ríkiskerfið ódýrara o. s. frv. Það eru einmitt slíkar ráðstafanir, sem algerlega skortir hjá hæstv. ríkisstj. Þess vegna sverfur nú að öllum, nema hinum ríku. Framsfl. varð tíðrætt um þess háttar aðgerðir fyrir síðustu kosningar og kallaði þær þá nauðsynlegar hliðarráðstafanir. Þau loforð hefur hann efnt með því að afnema húsaleigulögin, draga stórlega úr verðlagseftirliti og hyggjast fella niður opinbera vinnumiðlun.

Heildarniðurstaða þess, sem ég hef sagt, er þessi: Ráðstafanirnar, sem hæstv. ríkisstj. taldi, er hún tók við völdum, að mundu leysa vandamál atvinnuveganna, hafa brugðizt algerlega. Þess vegna er nú enn gripið til nýrra ráðstafana, sem studdar eru rökum, er þóttu ekki frambærileg í fyrra. Jafnframt á svo að gefa verulegan hluta af innflutningi til landsins frjálsan og afnema verðlagseftirlit að mestu, og þessar glæfralegu ráðstafanir á að gera einvörðungu í skjóli stórfelldra fjárveitinga frá erlendum aðilum, án þess að nokkuð sé fyrir því hugsað, hvað við taki, þegar slíku sleppir. Afleiðing alls þessa hlýtur að verða gífurleg aukning dýrtíðar. Jafnhliða kveður svo verulega að atvinnuleysi, og horfur eru á, að það fari vaxandi. En engar, bókstaflega engar ráðstafanir eru gerðar til þess að létta almenningi lífsbaráttuna. Og næstum því eini sparnaðurinn, sem hæstv. ríkisstj. hugkvæmdist, er að draga úr framlögum til almannatrygginga, vinnumiðlunar og slíkra félagsmála.

Þessi stjórnarstefna er ómenguð íhaldsstefna. Íslendingar hafa ekki haft af að segja jafnhreinræktaðri afturhaldsstefnu síðan á árunum 1924—27. Hér virðist allt eftir forskrift Sjálfstfl., eins og hann var, meðan hann hafði kjark og hreinskilni til þess að kalla sig íhaldsflokk. En þeim mun furðulegra er það, að framsóknarmenn skuli sitja í öðrum hverjum ráðherrastóli.

Ég veit ekki, hversu margir muna hin róttæku orð frambjóðanda Framsfl. hér í Rvík fyrir síðustu kosningar. Það átti að segja allri fjárplógsstarfsemi stríð á hendur, útrýma bröggum og bæta húsnæði, efla almannatryggingar o. s. frv. Allt hefur þetta gleymzt í framkvæmd, en í stað þess hefst nú sannkallað blómaskeið fyrir margháttaða fjárplógsstarfsemi. Ráðamenn Framsóknar óska vafalaust, að stóru orðin gleymist líka. En kjósendur hans munu minnast þeirra og ekki trúa þeim öðru sinni. Þeir hafa verið illa leiknir, bæði hér í Rvík og annars staðar. Flokkurinn gekk til kosninga með róttæka stefnuskrá. Eftir kosningar tók hann þátt í myndun fyrstu hreinu íhaldsstjórnarinnar, sem mynduð hefur verið á Íslandi í 25 ár. Kjósendur Framsfl. verða að gera annað tveggja, að kippa flokknum út úr þessum leik eða yfirgefa hann.

Þrátt fyrir allt er þó eitt gott um hæstv. ríkisstj. Flokkarnir, sem að henni standa, villa nú ekki á sér heimildir. Undanfarin ár hefur stundum verið erfitt að sjá, hvað hver flokkur í raun og veru vildi. Nú hafa Íslendingar fengið stjórn, sem hefur hreina stefnu, hreina íhaldsstefnu. Þeir, sem fagna slíkri stefnu, fylkja sér að sjálfsögðu um ríkisstj. En allir þeir, sem eru henni andvígir, hljóta nú að fylkja sér um Alþfl. Hann er eini flokkurinn, sem með árangri getur barizt gegn þeim íhaldsráðstöfunum, sem á döfinni eru. Það er aðeins með því að efla hann, sem almenningur getur knúið fram stefnubreytingu. Sósfl. mun aldrei framar geta haft áhrif í íslenzkum stjórnmálum. Með augljósri þjónustu sinni við erlend sjónarmið og erlenda hagsmuni hefur hann í raun og veru dæmt sig úr leik, og því fyrr sem óbreyttir stuðningsmenn hans sjá þetta, því betra. Það er Alþfl. einn, sem haft getur sigurvonir í baráttunni gegn því afturhaldi, sem nú stjórnar landinu. Hann heitir á alla frjálslynda Íslendinga að fylkja sér til þeirrar baráttu og heyja hana til sigurs.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. „Og á þeim degi urðu þeir Heródes og Pílatus vinir", stendur þar. Þann 14. marz 1950 sórust þeir Hermann Jónasson og Ólafur Thors í fóstbræðralag um að lækka verðgildi íslenzku krónunnar nálega um helming. Um það gátu þeir sameinazt, illu heilli. Þann dag mynduðu Framsókn og íhald nefnilega ríkisstj. þá, sem enn fer með völd. Þetta átti sér þann aðdraganda, að

minnihlutastjórn sú, sem Ólafur Thors kom á laggirnar í desember í fyrrahaust og hvorki naut hlutleysis né stuðnings nokkurs flokks og gat engu máli fram komið, varpaði þann 25. febr. 1950 fram frv. um gengislækkun. Óburðurinn átti þannig eins árs afmæli í gær, og var að engu minnzt.

Þann 1. marz var samþykkt vantraust á stjórn Ólafs Thors, og baðst hún lausnar daginn eftir. Þar með var hún úr sögunni við lítinn orðstír. Var nú ekki annað sýnna en að þetta íhaldsútsæði — gengislækkunin — mundi aldrei skjóta rótum, heldur visna og deyja. En þá fékk Ólafur Thors sjálfan búnaðarmálastjóra landsins, Steingrím Steinþórsson, hv. 1. þm. Skagf., og skógræktarmanninn Hermann Jónasson, hv. þm. Str., til þess að taka að sér að hlúa að íhaldsillgresinu og ala það upp, og hefur það verið þeirra aðalstarf og höfuðvegsemd síðan. Hefði bæði ég og margir fleiri getað unnt þeim góðu mönnum betra hlutskiptis.

Íhaldið fékk tögl og hagldir í hinni nýju ríkisstjórn. Það fer með utanríkismálin, með dómsmálin, með sjávarútvegsmálin, með landhelgismálin, með símamálin, með útvarpsmálin, með menntamálin, og síðast en ekki sízt fer íhaldið með verzlunar- og viðskiptamálin. Með því að Framsókn átti á að skipa íhaldssamari fjármálamanni en finnanlegur var innan íhaldsflokksins, þar sem Eysteinn Jónsson var, hlaut hann að sjálfsögðu sæti fjmrh., og var það íhaldinu útlátalaust, eins og á stóð, enda ekki líklegt til vinsælda að taka við tómum kassa eftir samfellda 11 ára forsjárlitla fjármálastjórn íhaldsmanna. Steingrímur búnaðarmálastjóri hlaut forsætið og Hermann landbúnaðarmálin, auk þess sem hann var settur sem eins konar tryggðarpantur og tengimerki í stjórnina af hendi Framsóknar. Stjórnin varð því, eins og sést af þessu, íhaldsstjórn á ábyrgð Framsóknar. Af því á Framsfl. áreiðanlega eftir að súpa seyðið, áður en lýkur, eins og aðrir frjálslyndir flokkar, sem gengið hafa til samstarfs með höfuðandstæðingi sínum, íhaldinu.

Eins og hv. 3. landsk., Gylfi Þ. Gíslason, sýndi rækilega fram á hér áðan, gekk Framsfl. til seinustu kosninga undir merki frjálslyndis og umbóta. Aumlegt húsnæðisástand fátæklinganna í höfuðborginni skyldi bætt, atvinnulífið stutt, dýrtíðinni haldið í skefjum, viðskiptamálum komið í heilbrigt horf og allri fjárplógsstarfsemi sagt stríð á hendur. Valkyrja flokksins, Rannveig Þorsteinsdóttir, hv. 8. þm. Reykv., gekk fram undir merki frjálslyndis í Rvík, en Hermann Jónasson bar gunnfána frjálslyndisins hátt á Ströndum, og voru lúðrar hans þeyttir um land allt. Felldi Hermann þar aðalmerkisbera forréttindaheildsalanna, sem frægt er orðið. — Því er ekki að neita, að margir treystu Hermanni Jónassyni sem traustum íhaldsandstæðingi, sem aldrei mundi ganga afturhaldi og heildsölum á hönd, og út á það traust fékk Framsókn mikið fylgi, bæði á Ströndum og víða um land, í sveitum og við sjó. En svo bregðast krosstré sem önnur tré.

Ég get ekki stillt mig um að rifja upp fyrir þjóðinni nokkra kafla úr áramótagrein, sem Hermann Jónasson ritaði í árslok 1948. Þar er hann á sömu bylgjulengd og á framboðsfundunum á Ströndum fyrir seinustu kosningar. Þar kennir hann þjóðinni með vídalínskum þrótti margt um eðli íhaldsins og varar við öllu samneyti við það. Í upphafi greinar sinnar spurði Hermann Jónasson: „Hvar ertu stödd, þjóð mín?“ Og nú spyr ég: „Hvar ert þú staddur nú, Hermann Jónasson?“

Næst kom svo greinarkafli, er Hermann gaf fyrirsögnina: „Heiðnaberg Sjálfstæðisflokksins.“ Þar segir frá vígslu Guðmundar góða í Drangey á þessa leið:

„En þegar á þeirri hættulegu vígslu stóð, kom grá og loðin loppa út úr berginu, hélt á sveðju og skar á sigtaugina. En Guðmund sakaði ekki, því að á einn þátt taugarinnar, sem var vígður, beit ekki eggjárn loppunnar. En Guðmundur fór um bergið og vígði það, svo að lokum varð hinn vondi andi að fara bónarveg til Guðmundar. „Einhvers staðar verða vondir að vera“, sagði hann við Guðmund, sem sá aumur á anda þessum og skildi honum eftir dálítinn skika í berginu, sem síðan er Heiðnaberg kallað. — „Mundi þessi sögn,“ hélt Hermann Jónasson áfram í áramótahugleiðingu sinni, „ekki vera líkingamál lífsreyndrar og gáfaðrar þjóðar? Mun þetta eigi vera íhaldsloppan, sem Jón Sigurðsson átti í höggi við, sú sem Skúli fógeti barðist gegn í gervi einokunarkaupmanna, loppan, sem reyndi að skera á líftaug samvinnu- og verkamannasamtakanna í byrjun og æ síðan með margbreytilegum bardagaaðferðum? — Þess vegna var samið við þann, sem loppuna og sveðjuna átti, um samstarf.“ Já, einmitt það. Og hver gerði nú það? „Og ýmsum virðist sem Sjálfstfl., íhaldsloppan í núverandi mynd, hafi í þessari viðureign fengið næstum allt bergið og gert það að sínu Heiðnabergi.“ Ekki er það síður sannmæli nú. — „Í hvert sinn sem átt hefur að gera umbætur viðvíkjandi verzlun, okri og braski, virðist mönnum sem loppan úr berginu komi í ljós og beri egg sveðjunnar að líftauginni.“ Jú, og því verður heldur lítið úr herferðinni gegn okri, braski og fjárplógsstarfsemi.

Í framhaldi af þessu sagði Hermann Jónasson: „Væri ekki réttara að leggja til baráttu við íhaldsloppuna, í stað þess að láta hana stjórna með því að ógna?“ Já, hvað finnst hæstv. landbrh. um það í dag? — „Sumir telja“, sagði Hermann Jónasson enn fremur, „að þjóðin þurfi að reyna hörmungar atvinnuleysis og fjárkreppu, til þess að vitkast, en ég hygg, að þeir, sem þannig hugsa, hafi ekki hugsað málið til enda.“ Þó bendir nú margt til þess, að þeir, sem trúa á nauðsyn hörmunga atvinnuleysis og fjárkreppu, ráði einmitt starfi og stefnu núv. hæstv. ríkisstj.

Síðan tjáði Hermann Jónasson trú sína á það, að það hefði verið hægt og sé enn mögulegt að fá þjóðina til þess að taka á sig byrðar viðreisnarinnar, ef byrðunum er aðeins jafnt skipt milli manna. „Misrétti þolir engin upplýst þjóð,“ sagði hann. Þessi seinustu orð Hermanns Jónassonar vil ég sérstaklega undirstrika nú og minna hæstv. ríkisstj. á þau. Misrétti þolir engin upplýst þjóð, en fólk sættir sig við sitt af hverju, aðeins ef byrðunum er réttlátlega skipt á herðar manna.

Í þessari umræddu snjöllu áramótahugleiðingu lét Hermann Jónasson líka í ljós sína skoðun á gengislækkun sem leið út úr ógöngunum og sagði í því sambandi:

„Þetta er hættuleg leið. Þetta eykur framleiðslu-

kostnaðinn nokkuð og lækkar lífskiör fjölda manna, einkum verkamanna, fastlaunafólks og bænda, sem selja vörur sínar á innlendum markaði.

Til þess að koma í veg fyrir verðhækkanir og draga svo úr kjaraskerðingunni, að nokkur von sé til að ná samkomulagi við þær stéttir, sem mest verða fyrir henni, er ekki nema um eitt að ræða, en það er að gerbrevta innflutningsverzluninni og viðskiptalífinu í heild með þjóðinni.“

Og væntanlega hefur sú eina leið þá verið farin nú? Er ekki svo, hæstv. landbrh.?

Að greinarlokum brýndi Hermann Jónasson það fyrir ungu kynslóðinni, sem innan stundar skyldi erfa landið, að á henni hvíldi — hvað rétt er — hin þyngsta skylda í því efni að sýna nú ótvírætt, hvað hún vilji og megni í baráttunni fyrir betra þjóðfélagi. Og svo sagði hann orðrétt:

„Sérstaklega er sú skylda rík, ef svo á að fara, að við, sem eldri erum margir, kiknum í hnjáliðunum.“

Já, vel á minnzt. Hefur nokkur kiknað í hnjáliðunum? Vissulega hefur þessi merkisberi fallið, og sá tími er upp runninn, að unga kynslóðin verður að taka upp merkið og halda því hátt á loft. Loppan úr Heiðnabergi íhaldsins hefur kippt Hermanni Jónassyni inn í bergið, og þar situr hann nú á milli aðalfulltrúa stórútgerðarvaldsins, Ólafs Thors sem ráðherra atvinnumála, og fulltrúa forréttindaheildsalanna, Björns Ólafssonar sem ráðherra verzlunar- og viðskiptamála. Og það, sem ömurlegast er: Hann virðist, eftir öllum sólarmerkium að dæma, una vel hag sínum með þursum Heiðnabergs. Og eitt er víst, að nú hlær Eggert Kristjánsson heildsali og græðir meira en nokkru sinni.

Sögurnar um bergnám og umskiptinga í íslenzkum þjóðsögum eru ávallt harmsögur um manndóm, sem misfórst og komst illum öflum á vald. Þessi harmsaga er ekki rakin hér í auvirðilegu glettingaskyni við Hermann Jónasson, heldur af hinu, að hún er mesta harmsaga íslenzkra stjórnmála um áratugi, og svo er hitt, að það er meira en kominn tími til þess, að það hendi aldrei framar neinn þróttmikinn og frjálslyndan stjórnmálamann, og því síður neinn frjálslyndan umbótaflokk, að láta seiða sig inn í svarthamra íhaldsins.

Íslenzkir kjósendur! Ófarnað hverjum þeim, er þannig bregzt málstað hins vinnandi fólks! Þau eru enn í fullu gildi, kjörorð hins ágæta stjórnmálaforingja, Tryggva heitins Þórhallssonar: „Allt er betra en íhaldið!“

Um kommúnistana þarf ekki að ræða. Þeir hafa lifað sjálfa sig, og fólkið, sem þeim hefur fylgt, mun taka þátt í samhuga sókn verkafólks, sjómanna, iðnaðarmanna og bænda gegn afætustéttunum og afturhaldsöflum landsins.

Þó að eldhúsumræðan sé að þessu sinni slitin úr tengslum við afgreiðslu fjárl. og sé því nánast eins konar eftirmæli þeirra, þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um afgreiðslu þeirra.

Fjárlögin fyrir árið 1951 voru að þessu sinni afgreidd fyrir jól, og ber út af fyrir sig að fagna því. En þó að það sé lofsvert, að fjárlög hafa að þessu sinni verið afgreidd í tæka tíð, þá ber mjög að harma það, að við afgreiðslu fjárl. var einmitt gengið fram hjá lausn þess vandamálsins, sem mest reið á, að leyst yrði fyrir áramót, en það var vandamál vélbátaflotans. Er það eitt ærinn áfellisdómur á hæstv. ríkisstj., og kemur þó margt fleira til, eins og brátt verður vikið að.

Ríkisstjórnir þær, sem með völd hafa farið á undanförnum árum, hafa allar haft þá ábyrgðartilfinningu til að bera gagnvart atvinnulífinu, að þær hafa knúið fram lagasetningu fyrir jól, til þess að fyrirbyggja stöðvun vélbátaflotans í byrjun vetrarvertíðar. En að þessu sinni var þetta ekki gert. Stjórnina skorti annað tveggja áræði eða ábyrgðartilfinningu, nema hvort tveggja hafi verið, og þess hefur þjóðin goldið með stöðvun vélbátaflotans og þar af leiðandi auknu atvinnuleysi og gjaldeyrisþurrð.

Ríkisstj. þóttist ætla að leggjast undir feld í jólafríinu og gaf í skyn, að þegar Alþ. kæmi saman aftur eftir áramót, mundi hún hafa á reiðum höndum úrræði til þess að tryggja rekstur vélbátaflotans. Þessu treystu þm., en stj. brást því trausti, eins og ávallt, þegar vanda hefur borið að höndum.

Alþ. kom saman þann 8. jan., og þá hafði hæstv. ríkisstj. engar tillögur fram að færa fyrir þingið til lausnar vandamálum vélbátaútgerðarinnar. Hún var jafnráðvillt og úrræðalaus og þegar þingi var frestað. Síðan þing kom aftur saman, hefur það rorrað aðgerðalítið og dútlað við afgreiðslu ýmissa hégómamála, sem engin þörf var á að ljúka á þessu þingi. Hvað dvaldi Orminn langa? Gat það verið, að Ólafur Tryggvason Jensen Thors, hæstv. sjútvmrh., sá hinn sami sem lofaði þjóðinni því í yfirlæti á stríðsárunum að ráða fram úr öllum vanda efnahagsmálanna með einu pennastriki, væri hugsi svo vikum skipti? Nei, það töldu menn, sem þekktu hann bezt, óhugsandi. Hér mundi verða beitt snjallræði og snarræði. Sennilega ekki einu sinni stungið niður penna, heldur yrði málið bara leyst með einföldu blýantsstriki.

Allur janúar leið og febrúar gekk í garð, og vélbátaflotinn lá bundinn í höfn. Menn biðu í óþreyju, eins og við Svoldur, og maður spurði mann: Hvað dvelur....? Kemur ekki Ólafur Tryggvason Thors senn með blýantsstrikið sitt? — Og nú fór að kvisast, að drættinum á lausn málsins ylli harðvítug hagsmunatogstreita um gjaldeyrisverðmæti þess væntanlega aflafengs, sem sjómennirnir bæru að landi, þegar vélbátaflotinn kæmist á veiðar. Hin hugsaða lausn væri sem sé sú, að útvegsmönnum hefði verið boðið að fá helming þess gjaldeyris, sem vélbátaflotinn framleiddi, til frjálsra umráða, til innkaupa á ákveðnum vörutegundum, sem undanþegnar yrðu öllu verðlagseftirliti og mætti því verðleggja og selja fyrir opnum tjöldum eins dýrt og mögulegt væri að koma þeim út, þ. e. á sams konar verði og svartamarkaðsbraskarar undanfarinna ára hafa haft á sínum varningi.

Þetta hafði verið tilkynnt Landssambandi íslenzkra útvegsmanna í sendibréfi undirrituðu af hæstv. sjútvmrh. og forsrh. 24. janúar, en auðvitað á bak við Alþ. og að því forspurðu. En þá hófst styrjöldin um óveidda fiskinn í sjónum. Kaupsýslumáttarvöld Sjálfstfl. risu upp og töldu sig eiga gjaldeyri hins óveidda afla. Þessi hlunnindi til útvegsmanna væru því frá þeim tekin, ekki frá sjómönnum, sei, sei, nei. Ef þessi spónn væri tekinn úr þeirra aski, yrði að tryggja kaupsýslunni a. m.

k. 200 millj. kr. gjaldeyrisfúlgu til umráða, hvað sem það kostaði. Þá byrjaði baksið við að fá 200 millj. kr. erlent lán eða gjafafé sem fórnfæringu á altari heildsalanna, og hefur óvissan um það, hvort þessi skildingur fengist, tafið lausn málsins seinasta hálfan mánuðinn a. m. k. Baksið við að binda kaup verkalýðsins í janúar var forsenda fyrir bænarskránni um fórnarpeninginn handa heildsölunum. En enn þá brakaði samt í máttarviðum braskaraflokksins, sem kennir sig við sjálfstæði þjóðarinnar. Hverjir meðal kaupsýslustéttanna skyldu sérstaklega fleyta rjómann af gjaldeyrisfúlgunni? Fyrst stóð glíman milli heildsala og smásala og stóð þá stutt sem vænta mátti. Auðvitað var smásölunum fórnað eins og alltaf áður, og síðan hafa þeir smátt og smátt verið að segja sig úr Verzlunarráði Íslands. — En þá hófst annar þáttur leiksins: hagsmunaglíman milli heildsalanna og forréttindaheildsalanna, sem orðið hafa sérstök stétt á undanförnum árum. Og nú mun þeirri glímu lokið, náttúrlega með sigri sérréttindaheildsalanna, því að nú í dag, þann 26. febr., taldi hæstv. ríkisstj. fyrst leyst úr flækjum málsins að mestu og flutti ófullkomna skýrslu um svokallaða lausn þess á morgunfundi á Alþingi. — Vandamál vélbátaflotans hefur sem sé verið leyst sem gjaldeyris- og viðskiptamál braskara, en ekki sem hagsmunamál sjómanna og smáútvegsmanna. Þannig leysir þessi stjórn þau mál, sem atvinnulífið snerta. Mun þessi langdregna hagsmunaglíma heildsala og spekúlanta um óveiddan fiskinn í sjónum lengi þykja ótrúleg saga. Meðan á henni stóð, biðu vélbátar og fiskiðjuver ónotuð. Á meðan gengu sjómenn og verkamenn atvinnulausir. Á meðan hékk Alþingi aðgerðalaust yfir hégómamálum með ærnum kostnaði fyrir ríkissjóð. Og svo á þessi svokallaða dæmalausa úrlausn á vandamálum vélbátaútvegsins eftir allt saman ekki að koma undir atkvæði Alþingis. Það er þó á flestra vitorði, að til lausnar þess máls var þinginu frestað fyrir jólin og skyldi leysa það eftir áramót. — Nei, þetta er aðeins eitt af mörgum sýnishornum af ráðlevsi ríkisstj. og sóun á ríkisfé.

Það, sem setur aðalsvip sinn á fjárlög ársins 1951, er þetta:

Allir útgjaldaliðir ríkisbáknsins hækka svo að milljónum skiptir. Framlög til verklegra framkvæmda lækka heldur að krónutölu og stórlækka þannig að verðgildi í framkvæmd vegna hækkaðrar dýrtíðar. Framlag til sjávarútvegsmála er t. d. lækkað meira en um helming (úr rúmum 8 millj. í 3,9 milli.), auk þess sem niðurgreiðslum sjávarafurða er hætt, en öllum sköttum, sem til þess voru á lagðir, er haldið og þeir hækkaðir með gengislækkuninni.

Þessi háttur á fjárlagaafgreiðslu á atvinnuleysistímum er alveg öfugur við stefnu Alþfl. Þegar einkareksturinn dregst saman, á einmitt að leggja fram aukið fé til verklegra framkvæmda, og sýnist liggja í augum uppi, að það sé rétt stefna.

Sparnaður sá, sem hæstv. fjmrh. lét drýgindalega yfir í haust, þegar hann lagði fjárlfrv. fram, er smákák eitt, og hefur orðið minna úr á borði en í orði. Sendiráðið í Moskva hefur að vísu verið lagt niður og sömuleiðis embætti flugvallarstjóra. Hins vegar er embættafjölgun meiri en fækkun þeirra. En sendiráðið í Osló var ekki lagt niður, þótt það hefði verið margra ára baráttumál Framsóknar að hafa aðeins einn sendiherra á Norðurlöndum. Vissulega losnaði þó embættið — meira að segja tvö sendiherraembætti á Norðurlöndum. Og sendiherraembættið í Osló varð að verzlunarvöru, en ekki að langþráðri sparnaðarhugsjón, er kæmi til framkvæmda. Þar verður sendiherra hv. þm. Mýr., Bjarni bóndi Ásgeirsson á Reykjum, þó að hlutverkið verði aðallega fyrirgreiðsla um viðskiptamál sjávarútvegsins. Þar er um dálítið skrýtna vöruskiptaverzlun að ræða. — Embætti skattdómara hefur að vísu verið lagt niður á pappírnum, en skattdómarinn mun verða á fullum launum og eftirlaunum, meðan hann lifir. Vinningurinn sýnist því aðeins vera sá, að skattsvikarar þurfi ekki einu sinni að eiga aðgerðalítinn dómara í skattsvikamálum yfir höfði sér. — Í sparnaðarskyni boðaði hæstv. fjmrh. sameiningu áfengisverzlunar og tóbakseinkasölu. — Hvað líður því máli? Enn þá er það að minnsta kosti ekki komið til framkvæmda.

Þá tilkynnti ráðherrann, að í október síðastliðnum byrjaði sérstök sérfræðileg athugun á starfskerfi ríkisins og vinnuaðferðum með sparnað fyrir augum. Ekki hef ég heyrt neitt um niðurstöðu þeirrar sérfræðirannsóknar, og enginn veit til þess, að hún hafi leitt til sparnaðar enn þá. Eða þykir mönnum það benda til sparnaðar í utanríkisþjónustunni, að einn af sendiherrum vorum hefur persónulega í laun og staðaruppbót 254 600 kr. (var 127.000), annar sendiherra 298 800 kr. og ein undirtylla í sendiráði 30 þús. í húsaleigupeninga á ári ofan á 117 000 króna laun (= 147 500)? — Nei, fjárlög ársins 1951 eru vissulega engin sparnaðarfjárlög, nema þá að því einu, er snertir stuðning við atvinnulífið og fjárveitingar til verklegra framkvæmda. Þar er skorið niður.

Fjármálaráðherrar íhaldsins á undanförnum árum hafa komizt fram með það að áætla tekjur fjárlaga tugum milljóna of lágt. Þetta sanna þeir tveir seinustu ríkisreikningar, sem nú liggja fyrir Alþ. til samþykktar, ríkisreikningarnir fyrir árin 1947 og 1948. Þó fáum við árlega fjáraukalög upp á 100 milljónir, og skuldir ríkissjóðs eru orðnar 327 millj. kr. Árið 1948 fóru tekjur ríkissjóðs rúmar 43 milljónir fram úr áætlun fjárlaga. Árið áður gerði þó betur, því að þá urðu reikningslegar tekjur 53 milljónum hærri en áætlað var á fjárlögum. — Og hver er nú tilgangurinn með slíkri tilhögun? Hann er aðallega tvíþættur:

1) Íhaldssamar ríkisstjórnir nota oft þá aðferð að áætla tekjur lægra en réttmætt er, beinlínis í þeim tilgangi að synja um fjárveitingar til umbótamála undir því yfirskini, að fé sé ekki fyrir hendi.

2) Með of lágri tekjuáætlun fær ríkisstjórn minna aðhald en skyldi frá Alþ. um nauðsynlegan sparnað, enda er fjárveitingavaldið með þessu að nokkru leyti dregið úr höndum þingsins og fært í hendur ráðherra miklu meira en æskilegt er.

Af þessu höfum við bitra reynslu frá undanförnum árum. Fjöldamargir gjaldaliðir fjárlaga hafa farið svo milljónum skiptir fram úr áætlun, oftast að nokkru leyti af því, að ráðherra vissi sig hafa upp á að hlaupa nokkra milljónatugi umfram áætlun tekjumegin á fjárlögum. Þessum viðsjárverða óvana hélt hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson,

að þessu sinni við afgreiðslu fjárl. Á þeim grundvelli, að fé væri ekki fyrir hendi, felldi hann og stjórnarliðið tillögur Alþfl. um að hækka framlög til verklegra framkvæmda. Einnig felldi stjórnarliðið að ætla síldveiðideild hlutatryggingasjóðs 6 milljónir til að geta greitt sjómönnum vangreiddar sjóveðskröfur þeirra frá tveimur seinustu síldarvertíðum samkv. skuldbindingum nýsettrar reglugerðar sjóðsins. Enn fremur var fellt að leggja fram 8 millj. kr. til niðurgreiðslu á kostnaðarliðum vélbátaútvegsins og að leggja fram 1½ millj. kr. til atvinnuaukningar vegna aflabrests og atvinnuleysis á Vestfjörðum og Norðurlandi. Tillögur okkar voru samtals um 30 millj. kr. útgjaldahækkun, enda hefði margur vandi verið leystur með samþykkt þeirra. Sennilega hefði þá engin stöðvun vélbátaflotans átt sér stað, svo að dæmi sé nefnt. En till. voru allar stráfelldar með þeirri röksemd, að óforsvaranlegt væri að hækka tekjuáætlun fjárl. sem þessu næmi. Ég leiddi rök að því við 2. umr. fjárlaga, að óhætt væri að hækka tekjuáætlunina um a. m. k. 30—35 millj. kr. Nú eru viðhorf svo breytt, að auðséð er, að tekjurnar á þessu ári fara langt fram úr því, sem nokkurn óraði þá fyrir. Nú hefur hæstv. fjmrh. sjálfur upplýst, að þrír tekjuliðir fjárlaga á árinu 1950 hafi farið um 10 millj. fram úr áætlun. Þá er og þess að gæta, að þetta ár er fyrsta heila fjárhagsárið síðan gengislækkunin gekk í gildi, en við hana hækkuðu allir verðtollar stórlega. Enn kemur það til, að stórvirk atvinnutæki bætast þjóðinni á þessu ári, þar sem eru nýju togararnir, tíu talsins. Þá er vitað á árinu 1951 um mikinn innflutning vara til Sogsvirkjunar og Laxárvirkjunar og ef til vill áburðarverksmiðju, kannske fyrir allt að 100 millj. kr. Reyndar hefur nú flogið fyrir, því miður, að óvænlega horfi um peninga til áburðarverksmiðjunnar og geti svo farið, að hún verði aðeins kosningaloforð, einnig fyrir næstu kosningar.

Að síðustu er svo ógetið innflutningsins fyrir gjafafé nýfengna, á annað hundrað milljónir, og verður þetta allt til að hækka stórkostlega verðtollinn, vörumagnstollinn og söluskattinn, sem eru stærstu tekjuliðir fjárlaga, að fráteknum blóðpeningum brennivínssölunnar og tóbaksins, sem árum saman hafa farið hátt á annan milljónatug fram úr áætlun.

Allt þetta sannar það, að þótt allar fyrr nefndar till. Alþfl. hefðu verið samþykktar til styrktar atvinnulífinu og þeim, sem höllustum fæti standa, hefði það vel verið hægt fyrir þá tolla og skatta, sem búið er að leggja á þjóðina, og án nokkurra hækkana. Nei, fjárlög þessa árs voru mótuð eftir argvítugustu íhaldskokkabókum, og á því fékkst engin leiðrétting í meðferð þeirra á Alþingi.

Réttasti mælikvarði á stjórnarstefnu er athugun á þessu tvennu: Hvernig vegnar atvinnulífinu? Hvernig vegnar fólkinu í landinu? Og hver eru svörin? Hver er dómurinn? Í stuttu máli: Atvinnulífið í örtröð — atvinnuleysi herjar hinar vinnandi stéttir. Skorturinn hefur haldið innreið sína á þúsundir heimila.

Hvernig hefur hæstv. stjórn staðið við fyrirheit gengislækkunarinnar? Sjómönnum var lofað 93 aura verði á fiski. Efndirnar urðu svik. Verkalýðnum var lofað stöðugri vinnu. Efndirnar urðu svik. Boðuð var 11—13% dýrtíðaraukning, sem að mestu skyldi þó upp bætt samkvæmt dýrtíðarvísitölu. Efndirnar urðu geipileg svik. Þannig er allur ferill hæstv. stjórnar, þótt leitt sé að segja það, óslitinn svikaferill.

Hvers á verkalýður landsins og verkalýðssamtökin þá að minnast úr samskiptum við hæstv. ríkisstj.? Eins er þar góðs að minnast, og skal það ekki undan dregið. Stjórnin hikaði við að fella, en felldi þó, till. á Alþ. um að heimila hækkun kaups upp í 9 kr. á tímann hjá þeim verkalýðsfélögum, sem við lægsta kaupið bjuggu. Jafnframt lýsti hún yfir, að hún mundi ganga til samninga við samtök verkamanna um þessa lagfæringu til kaupjöfnunar, og stóð við það. En að öðru leyti eiga alþýðusamtökin einskis góðs að minnast frá viðskiptum sínum við hæstv. ríkisstj. Þegar togarasjómenn áttu í deilu um kjör sín og hvíldartíma, lét hæstv. ríkisstj. átökin afskiptalaus. Hjartað var hjá útgerðarmönnum. Þjóðin tapaði. Ef ríkisstj. hefði gefið út brbl. um 12 stunda hvíld á togurunum, hefði auðveldlega samizt um allt annað og deilan fengið skjóta lausn og farsæla. — Þegar að því kom, að vísitala júlímánaðar skyldi ákveða kaup verkamanna um 6 mánaða skeið, ætlaði hæstv. ríkisstj. að hagræða henni til kauplækkunar með brbl., en bognaði þó fyrir verkalýðssamtökunum og varð að afnema sín eigin brbl. með nýjum brbl. Mun það aldrei fyrr hafa hent nokkra ríkisstjórn.

Undir jólin hugðist hæstv. ríkisstj. binda kaupgjaldið í landinu við 123 stig og svíkjast þannig undan þeirri vísitöluhækkun, sem heitið var í gengisl. á miðju ári 1951. En þessi jólabakstur ríkisstj. brann við og ónýttist með öllu. Í janúar var enn brölt af stað með kaupbindingarlöggjöf, sem lækkaði þágildandi kaup samkvæmt frjálsum samningum um 5%. Þar með var ráðizt á samningafrelsið. Og við það situr nú, þar til verkalýðssamtökin ná nýjum samningum við atvinnurekendur. Nú er vísitalan orðin 130 stig, en kaupið greitt með 123 stigum. Sjö stig eru þegar vangreidd. Allar líkur benda til, að á fáum mánuðum fari vísitalan upp í 140—150 stig. Á því á verkalýður landsins engar bætur að fá, ef ríkisstj. má ráða. En hér mun hún ekki ráða úrslitum, góðu heilli. Verkalýðssamtökin knýja fram óbreytta samninga í apríl næstkomandi, fyrr getur það óvíða orðið, því miður. Sú lausn þýðir mánaðarlega vísitöluuppbót á kaupið, og er það alger lágmarkskrafa samtakanna. Að slíkt þýði kauphækkanir, eru höfuðósannindi. Væri vísitalan rétt, sem ekki er, þýddi þetta í hæsta lagi óbreytt kaup. Óbreytt kaup er lágmarkskrafa. Það er nú allt og sumt. Frá þessu verður ekki vikið um hársbreidd.

Þetta er ofur einfalt mál. Eins og hæstv. fjmrh. heimtar hækkandi tolla og skatta vegna aukinna útgjalda á ríkisbúinu og knýr það fram með lögum, eins krefjast verkamannaheimilin í landinu tekjuhækkana í samræmi við vaxandi útgjöld sín og knýja það fram með frjálsum samningum. Eru þau og í ólíkt meiri kreppu en ríkissjóður og því ekki síður en honum vorkunnarmál. Stöðvi hæstv. ríkisstj. hins vegar dýrtíðina, stöðvast allar kaupgjaldshækkanir í krónutölu. Takist henni að lækka dýrtíðina, lækkar kaupið jafnframt að krónutölu. Þetta á ríkisstj. því allt undir sjálfri sér. Henni bar að hafa forustuna fyrir lækkun dýrtíðar og þar með lækkandi kaupi. Og hvað vill hún þá meir?

Vaxandi dýrtíð að óbreyttu kaupi á seinni hluta seinasta árs gerir það að verkum, að verkalýðurinn vill engin eftirkaup eiga við hæstv. ríkisstjórn.

En versta tilræðið við lífsafkomu verkalýðsins mun þó blýantsstrikið svonefnda reynast. Það verður a. m. k. 50 milljóna skattur á þjóðina. Sá skattur verður greiddur í stórhækkuðu vöruverði. Og það, sem verst er: Sennilega lendir hann að mestu leyti í vösum milliliða og braskara. Getur vel svo farið, að sjómenn og félitlir útgerðarmenn fái hans lítil not. Og takið eftir því, sjómenn um land allt, að ekkert fiskverð hefur verið ákveðið með blýantsstrikinu. Slíkt aukaatriði er það talið í lausn málsins.

Um atvinnuástandið þarf ekki að fara mörgum orðum: Atvinnuleysi fyrir vestan, norðan, austan — og í sjálfri höfuðborginni. Og nú er svo komið, að sjálf stjórnarblöðin verða daglega að flytja fréttir af ömurlegu atvinnuleysi og sárasta skorti. Þægustu vikapiltar íhaldsins eru jafnvel hættir að þræta fyrir atvinnuleysið, eins og hv. þm. N-Ísf. (SB) gerði þó t. d. í haust.

Það verður ekki annað séð en að hæstv. ríkisstj. fari eftir þeirri meginreglu að ákveða fyrst ágóðahlut milliliða og braskara af framleiðslunni og leysi vandamálin út frá því sjónarmiði, en verkamenn, sjómenn og bændur eigi svo að sætta sig við afgangana. Þessari rangsnúnu reglu verður að snúa við. Fyrst verður að tryggja framleiðslustéttunum sómasamleg lífskjör fyrir erfiði sitt. Síðan verður að ráðast, hvaða afgangar verða eftir af verðmætum framleiðslunnar handa milliliðunum. Þá mundi þeim fækka, unz þeir yrðu við hæfi. Fyrr en þetta hefur gerzt, mun atvinnulíf Íslendinga aldrei standa með blóma. Og þetta gerist líka aldrei meðan íhaldið heldur að meira eða minna leyti um stjórnartaumana á Íslandi.

Hæstv. stjórn skortir vissulega líftaug góðra mála í sigfesti sína. Og hún hefur gleymt hinni gullnu lífsreglu Hermanns Jónassonar úr heiðnabergsgreininni frægu um að leggja byrðarnar réttlátlega á herðar þegnanna. Það er ógæfa stjórnarinnar.

Ég heiti á alla frjálslynda menn í landinu að hefja nú snarpa baráttu fyrir bættum lífskjörum framleiðslustéttanna í sveitum og við sjó. Og það góða stríð skulum við heyja innan verkalýðssamtakanna, í samvinnuhreyfingunni, undir forustu Alþýðuflokksins.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þá er nú svo komið málum í okkar landi eftir fjögurra ára stjórn þríflokkanna, sem sjálfir hafa gefið sér nafnið lýðræðisflokkar, að framleiðslutækin, sem að eðlilegum hætti ættu að framleiða allt að ¾ hluta útflutningsframleiðslunnar, liggja vikum saman óhreyfð þrátt fyrir góðar gæftir og gnægð fisks á miðum; þúsundir hraustra manna, sem þrá vinnu og starf, eru neyddir til að ganga aðgerðalausir, meðan heimili þeirra vantar björg í bú. Og hinir vísu landsfeður, sem samkvæmt kenningum vísindanna banna mönnum að hagnýta auðæfi lands síns, taka sér nú enn á ný betlistaf í hönd til að biðja útlendinga um lán fyrir matnum til næsta máls og nauðsynlegustu spjörum til að klæðast, þar sem ölmusugjafirnar hrökkva ekki til, eða þá að sýna miskunn og bæta við ölmusurnar. Við erum sem sagt komin á hreppinn. Við erum komin á fátækraframfæri Bandaríkjanna.

Er nú ekki kominn tími til að staldra við og reyna að gera sér grein fyrir því, hvað þessum ósköpum valdi? Fyrir fjórum árum vorum við efnuð og velmegandi þjóð. Nú erum við örsnir beiningamenn. Hvað hefur gerzt á þessum fjórum árum, eða nánar tiltekið á árunum 1947—1951?

Þegar samstjórn þríflokkanna tók við 1947, höfðu gerzt hin mestu og skjótustu umskipti, sem orðið hafa á atvinnuvegum Íslendinga. Á tveimur árum hafði verið unnið stórvirki, sem einkenndist af stórhug og bjartsýni þjóðar, sem hafði endurheimt sjálfstæði sitt og trúir á framtíðina, þjóðar, sem trúir því, að hún fái að njóta ávaxtanna af starfi sínu. Það var verið að breyta Íslandi úr landi frumstæðra atvinnuhátta í land nýtízku tækni. Fiskiflotinn var endurnýjaður svo rækilega, að nýju bátarnir afla nú meira en helmings fiskaflans og allir þeir togarar, sem nú stunda veiðar á Íslandi, voru keyptir á nýsköpunarárunum. Jafnframt var komið upp verksmiðjum og frystihúsum til að hagnýta aflann og gera úr honum markaðshæfa vöru. Það tókst að afla nýrra markaða, þannig að við gátum selt allar okkar afurðir. Fiskverðið til útvegsmanna og sjómanna hafði stórhækkað. Kjör verkafólks fóru síbatnandi og hver hönd hafði verk að vinna. Þannig var landinu skilað í hendur stjórnar Alþfl., Sjálfstfl. og Framsfl. árið 1947. Og nú urðu enn á ný skiót umskipti. Erlendu stórveldi var afhent íslenzkt land til þess að hafa þar dulbúna herbækistöð. Síðan var snúið sér að atvinnumálunum. Fyrsta verkið var að hækka tolla á neyzluvörum meira en dæmi eru til í sögu Alþingis. Næst var kaupgjaldsvísitalan bundin við 300 stig, á sama tíma og skráð verðlagsvísitala komst upp í 355 stig og raunveruleg vísitala talsvert á fimmta hundrað stig. Allt átti þetta að vera viturlega og vísindalega grundvölluð aðferð til þess að bjarga efnahag þjóðarinnar og skapa velmegun og öryggi. Í stefnuyfirlýsingu stj. var heitið eftirfarandi árangri: góðum og öruggum lífskjörum allra landsmanna og áframhaldandi velmegun; að neytendur skyldu eiga kost á að kaupa neyzluvörur sínar og framleiðendur rekstrarvörur sínar á sem hagkvæmastan hátt; að öllum vinnandi mönnum til sjávar og sveita skyldu tryggðar réttlátar tekjur; að nýsköpuninni í atvinnulífinu skyldi haldið áfram; að öll framleiðslutæki yrðu hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna; að atvinnuvegir landsmanna yrðu reknir á arðbærum grundvelli, svo að þeir stöðvuðust ekki vegna verðbólgu og vaxandi dýrtíðar. Birt var svo kölluð risaáætlun um nýjar atvinnuframkvæmdir.

Sumarið 1949 var svo langt komið að skapa grundvöll þessa atvinnuöryggis og risaáætlunar, að stjórnarflokkarnir kepptust við að lýsa yfir, að nú stæði algert fjárhagshrun fyrir dyrum. Hið vinnandi fólk hafði fórnað miklu á altari hinna háleitu hugsjóna vestræns lýðræðis og efnahagssamvinnu til þess að skapa sér hið bráða öryggi. Kaupmáttur launanna fór sílækkandi fyrir aðgerðir ríkisstj., og dregið var úr verklegum framkvæmdum af einskærri umhyggju fyrir velferð fólksins. En þrátt fyrir allt þetta var svo komið,

að grípa þurfti til nýrra stórfelldra bjargráða til að forða því, að hætt yrði með öllu að gera út fiskiskip frá Íslandi. Auðvitað þótti þessum miklu lýðræðisflokkum sjálfsagt að efna til nýrra kosninga. Og það fóru fram kosningar. Ekki þótti það þó í samræmi við hið eina sanna lýðræði að segja fólkinu, hver þessi bjargráð ættu að vera, áður en kosið var. En við sósíalistar sögðum fólkinu nákvæmlega, hvað til stæði. Í útvarpsræðu fyrir kosningarnar sagði ég, að kosningarnar væru í raun og veru þjóðaratkvæðagreiðsla, þar sem eftirfarandi spurningar væru lagðar fyrir þjóðina:

1. Ertu með gengislækkun?
2. Ertu með því, að dregið verði stórlega úr atvinnuframkvæmdum, að byggð verði færri íbúðarhús og færri atvinnutæki, færri skólar og færri sjúkrahús?
3. Ertu með Atlantshafssáttmálanum, framlengingu Keflavíkursamningsins og auknum amerískum vígbúnaði á Íslandi?

Ég sagði, að hver sá, er kysi þríflokkana, Sjálfstfl., Alþfl. og Framsókn, svaraði þessum spurningum játandi. Og það fór svo, að mikill meiri hluti kjósenda greiddi þessum flokkum atkvæði. Ekki vegna þess, að þetta fólk væri að gjalda jáyrði við þessum spurningum, heldur þvert á móti. Því var trúað, að við sósíalistar færum með staðlausa stafi. Því var trúað, að flokkar, sem sífellt eru með lýðræði og fórnarlund á vörum og alla hagspeki hinnar voldugu vestrænu vinaþjóðar að bakhjarli, hlytu að finna upp eitthvað klókt til bjargar landi og lýð. Hvernig fór? Getur nú nokkur neitað lengur, að fyrirrætlanir stjórnarflokkanna voru nákvæmlega þær, er við sögðum fyrir? Getur nokkur neitað því, að það, sem raunverulega var kosið um, var upp á hár það, sem við sögðum? Gengið var lækkað. Það var dregið stórlega úr öllum atvinnuframkvæmdum, og það er vitað, að unnið er kappsamlega að því að gera Keflavíkurflugvöllinn að opinberri herstöð og nýtt ameríska hernám er í undirbúningi.

Að kosningum loknum var birt mikil álitsgerð eftir bandaríska hagfræðing af íslenzku bergi brotinn. Aðalinntak hennar var þetta: Allt, sem gert hefur verið hingað til, öll hin dásamlegu bjargráð og „patent" fyrrv. ríkisstj. eru tóm endileysa, byggð á röngum forsendum og leiða til sívaxandi ófarnaðar. Kaupgetan er of mikil, það eru allt of miklar atvinnuframkvæmdir, gengi krónunnar er allt of hátt. Þess vegna þarf að draga úr kaupgetu almennings, stöðva alla nýja fjárfestingu, þ. e. nýjar atvinnuframkvæmdir, og stórlækka gengi krónunnar. 43% gengislækkun, sem hækkar innkaupsverð erlendra vara um nálega 75%, mun að vísu valda 11—13% verðhækkun fyrst í stað. En þegar frá líður, mun þetta hafa þau áhrif, að öll útflutningsframleiðsla landsmanna verður fullnýtt vegna nægra markaða og stórhækkandi verðs í íslenzkum krónum; það mun verða gnægð vara í landinu, svo að verðlag stórlækkar. Útkoman verður í stuttu máli: næg atvinna, lækkandi vöruverð, stórbætt lífskjör. Þetta var sem sagt hinn ameríski Kínalífselexír, er lækna skyldi íslenzku þjóðina af öllum meinum. Og nú er reynslan komin. Gamla vísitalan er komin yfir 480 stig, vöruskortur og svartamarkaður meiri en dæmi eru til. Fiskiskipin liggja bundin við landfestar, þótt nógur fiskur sé á miðum, mikill hluti iðnaðarins að stöðvast vegna efnisskorts. Þúsundir manna ganga atvinnulausar víðs vegar um landið. Víða stappar nærri neyðarástandi. Samkvæmt skýrslu verkalýðsfélagsins á Bíldudal er ástandið þar þannig, að í ágúst s. l. komu að meðaltali 159 kr. til framfærslu hvers einstaklings, í sept. 217 kr. og í okt. 183 kr. Og þetta er ekkert einsdæmi, heldur táknrænt fyrir ástandið á fjölmörgum stöðum, eins og skýrslur þær, sem síðan hafa verið teknar við atvinnuleysisskráningu, sanna bezt. Og fyrir áramótin varð Alþ. að horfast í augu við þá staðreynd eftir 9 mánaða reynslu af bjargráðunum, að útflutningsverðmætið hafði lækkað um röskan þriðjung frá 1948 og útflutningur á freðfiski að magni til ekki nema helmingur, en af ísfiski minna en fjórðungur af útflutningi síðastliðins árs. Bátaútgerðarmenn neituðu að gera út báta sína á vetrarvertíð, nema á ný yrðu gerðar gagngerðar ráðstafanir til bjargar.

En ekki dró úr ríkisútgjöldunum þrátt fyrir fyrirheit um mjög bættan hag ríkissjóðs og lækkaða tolla, þegar fiskábyrgðin féll niður. Í stað þess hafa tollar og neyzluskattar tvívegis verið stórhækkaðir. Árið 1946 voru rekstrarútgjöld ríkissjóðs 127 millj. kr. Nú eru þau röskar 260 millj., þ. e., þau hafa meira en tvöfaldazt á þessum fjórum árum. Áætlaðar dýrtíðargreiðslur hafa lækkað um 40 millj. síðan 1949. Framlög til verklegra framkvæmda hækkuðu ekki að krónutali þrátt fyrir gengislækkunina, þannig að verklegar framkvæmdir ríkisins verða stórum minni. Framlög til verklegra framkvæmda hafa stöðugt verið að minnka hlutfallslega síðan stjórn þríflokkanna tók við 1947. 1946 voru þau 15,3% af rekstrarútgjöldunum. Á fjárl. þessa árs eru þau aðeins 7,5%. Samt sem áður hafa rekstrarútgjöldin enn hækkað frá 1949. Við samanburð á fjárl. 1949 og núgildandi fjárl. kemur í ljós, að frá þeim tíma hefur þenslan í ríkisbákninu numið um 45 millj. kr. Árið 1946 námu tollar og neyzluskattar samtals um 50 millj. kr. Nú eru þeir yfir 170 millj. Hækkunin ein saman er því yfir 120 millj. kr., eða álíka upphæð og öll rekstrarútgjöld fjárl. árið 1946. Þetta er ráðsmennska mannanna, sem aldrei opna sinn munn og aldrei taka sér penna í hönd án þess að fyllast heilagri vandlætingu út af því, að þjóðin lifi um efni fram, og prédika af eldmóði, að nú þurfi að draga saman seglin, stinga við fótum o. s. frv.

Þegar þingi var frestað fyrir jól, 20. öldin var hálf og 9 mánuðir voru liðnir síðan bjargráðin miklu komu til framkvæmda, sem framar öllu áttu að hefja bátaútveginn til vegs og gengis, þá var svo komið, að þessi atvinnuvegur, sem er meginundirstaðan undir öllu hagkerfi Íslands, var að stöðvast. Eina úrræðið, sem stj. kom auga á, var að binda vísitöluna enn á ný, þannig að frá nýári skyldu engar kaupuppbætur greiddar vegna hækkandi verðlags þrátt fyrir fyrirmæli gengislækkunarl., og jafnframt að hækka neyzluskattana um litlar 10 millj. í viðbót. Raunar tókst svo til, að um leið og ákvæði gengisskráningarl. um þetta efni voru felld úr gildi, öðluðust verkalýðsfélögin rétt til að fá greidda fulla uppbót mánaðarlega samkvæmt gildandi verðlagsvísitölu. Varð því að láta Alþ. samþykkja ný lög til þess að svipta

verkalýðsfélögin rétti sínum, þar sem það þótti til of mikils ætlazt af dómstólunum að dæma bersýnilega rangan dóm. Afleiðingin af þessari ráðsmennsku ríkisstj. varð sú, að þrjár fyrstu vikur vetrarvertíðarinnar var legið í landi. Ef til vill hefði þetta orðið bezti hluti vertíðarinnar. Tugum milljóna af erlendum gjaldeyri var kastað á glæ. Ef til vill verður þetta skiljanlegra, þegar þess er gætt, að í umræðunum fyrir jólin kom Eysteinn Jónsson ekki auga á aðra skýringu á vandræðum þjóðarinnar en að kaupgetan væri enn of mikil; vandinn, sem þurfti að leysa, var því að draga enn meira úr kaupgetunni. Út frá því sjónarmiði getur maður skilið, að ekki hafi legið á því að koma bátunum á flot og ekki þótt ástæða til að sinna kvörtunum manna, þótt mánaðartekjur þeirra kæmust niður í 160—200 krónur.

Allt eru þetta staðreyndir. Um þær verður ekki deilt. Um hitt eru menn ekki sammála, hvernig á því stendur, að svo er komið. Það er játað af hálfu núverandi stjórnarflokka, að þeirra eigin pólitík og margrómuðu bjargráð á árunum 1947—1949 hafi verið eintóm hringavitleysa. En nú er það orðið staðreynd, að enn hrapallegar hefur tekizt til með „patentið" frá 1950, gengislækkunina. Það er nú varla von til þess, að þeir hafi hug til að játa þann sannleika, að þeir fóru með eintómar blekkingar og staðlausa stafi. Þess vegna eru þeir að bögglast við að finna skýringar. Skýringarnar eru þessar: Við höfum orðið fyrir þrem stórum áföllum. Hið fyrsta er togarastöðvunin, annað síldarleysið og hið þriðja markaðsvandræðin.

Togarastöðvunin var enginn náttúruviðburður, heldur af mannavöldum. Ríkisstj. hefði getað komið í veg fyrir hana með því að lögfesta 12 stunda hvíldartíma og fallast á aðrar sanngirniskröfur sjómanna. En togarastöðvunin var einmitt skipulögð af útgerðarauðvaldinu í náinni samvinnu við ríkisstj. Hún var blátt áfram einn liður í bjargráðum hennar, en höfuðatriði þeirra var að lækka kaupmátt launanna, minnka kaupgetuna.

Aflaleysið á síldveiðunum í sumar var enginn óvæntur atburður. Það var líka aflaleysi á nýsköpunarárunum. Þetta var sjötta aflaleysissumarið í röð. Það hefði því verið undarlegt, ef bjargráð gengislækkkunarinnar hefði beinlínis verið byggt á því, að síldin kæmi. Þó að gengislækkunin ætti að leysa mörg vandamál, heyrði ég þess þó aldrei getið, að hún ætti að koma í veg fyrir aflabrest.

Þá er það þriðja áfallið: markaðsvandræðin. Til gengislækkunarinnar var stofnað einmitt til þess að koma í veg fyrir markaðsvandræði. Það er einmitt þetta, sem hefur brugðizt, af því að allar ályktanir gengislækkunarmanna voru byggðar á röngum forsendum.

Þá er því haldið fram, að verðgildi krónunnar hafi fyrir löngu verið fallið áður en krónan var skráð á hinu nýja gengi, og er þá einkum vísað til nýsköpunartímabilsins sem undirrótar alls ills. Nú skulum við bara athuga, hvað hefði skeð, ef fylgt hefði verið ráðum Framsóknar. Við skulum hugsa okkur, að við ættum enga togara, sem borgaði sig að gera út, enga eða fáa nýja báta og engin fiskiðjuver né nýjar verksmiðjur til að vinna úr aflanum. Hvar værum við þá staddir? Það er auðvelt að reikna út, hve lengi við hefðum verið að éta út innstæðurnar erlendis. Til þess þarf ekki annað en líta á innflutningsskýrslur. Það er jafnaugljóst og 2 og 2 eru 4, að ef ekki væru fyrir tækin, sem keypt voru og komið upp á nýsköpunartímabilinu, þá væri fyrir löngu komið algert neyðarástand í landinu.

Hverjar eru þá hinar raunverulegu orsakir þess, að svona er komið? Við sósíalistar höfum margsinnis rakið þessar orsakir. Við sýndum fram á, til hvers pólitík fyrstu stjórnar Alþfl. og Bjarna Benediktssonar mundi leiða. Og það kom allt fram. Við sýndum fram á blekkingarnar í málflutningi gengislækkunarmanna, færðum rök fyrir því, að gengislækkunin leysti ekkert vandamál, og sögðum fyrir um, til hvers hún mundi leiða. Það er nú allt komið fram áður en árið er liðið.

Það er alveg rétt, að krónan var þegar fallin í verði löngu áður en gengi hennar var breytt. Það var unnið markvisst að verðfellingu krónunnar allar götur frá 1947. Orsakirnar fyrir þeirri þróun voru þessar:

Öll utanríkisviðskipti okkar, bæði innflutningur og útflutningur, voru einokuð í höndum fámennrar auðklíku, sem hafði ríkisstjórnina og ríkisvaldið að skálkaskjóli. Viðskiptin voru rígbundin við lönd, þar sem markaðarnir fyrir útflutningsvörur okkar voru að hrynja niður. Einokunarklíkan lá eins og mara á framleiðslu þjóðarinnar og saug úr henni blóð og merg. — Ýmsir hafa átt erfitt með að trúa því, að menn, sem trúað hefur verið fyrir því að gæta hagsmuna þjóðarinnar, stefni vitandi vits að því að eyðileggja beztu markaði hennar. En nú er fyrir hendi slíkur fjöldi óyggjandi staðreynda, að enginn, sem gerir sér far um að kynna sér málavöxtu, getur efazt lengur. Það hefur verið sannað, að mjög hagstæð viðskipti við Pólland, sem gátu numið milljónum króna, voru eyðilögð. Það hefur verið sannað, að komið hefur verið í veg fyrir, að við gætum selt fisk til Ítalíu fyrir hærra verð en umboðsmenn Kveldúlfs suður þar skammta okkur. Það hefur verið sannað, að tékkneskar vörur hafa verið fluttar inn frá Englandi fyrir 25% hærra verð en hægt er að fá þær fyrir beint frá Tékkóslóvakíu. Það hefur líka verið sannað, að Austur-Þýzkaland vill gera við okkur stórviðskipti, en í höndum ríkisstj. hefur ekkert orðið úr þeim. Þetta eru aðeins minni háttar dæmi.

Ástæðan fyrir þessari pólitík eru sérhagsmunir þeirrar stéttar, sem kostar útgáfu Morgunblaðsins og með fjármagni sínu hefur lyft Sjálfstfl. til valda í íslenzkum stjórnmálum. Forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga, sem ræður mestu um pólitík Framsóknar, er í nánu bandalagi við þessa stétt. Önnur ástæðan er valdboð Bandaríkjanna, sem íslenzku lepparnir telja sér skylt að hlýða, samkv. skýlausum ákvæðum Marshallsamningsins. Þetta eru orsakirnar fyrir þeirri óheillaþróun, sem átt hefur sér stað síðan 1947. Engin af „bjargráðum" þeirra ríkisstj., sem farið hafa með völd á þessu tímabili, hafa hróflað við þessum orsökum. Þess vegna gátu þau engu bjargað, heldur aðeins leitt yfir okkur meiri ógæfu. Þess vegna leysti gengislækkunin ekkert vandamál, heldur togaði okkur æ dýpra niður í fenið. Eftir gengislækkunina læsti einokunin klóm sínum enn fastar í þjóðina.

Enn á ný kemur ríkisstj. með „bjargráð". Nú eru þau í því fólgin, að útgerðarmenn eiga að fá helminginn af þeim gjaldeyri, sem þeir afla, að

undanskildu andvirði þorskalýsis og síldarafurða. Fyrir þennan gjaldeyri mega þeir aðeins kaupa ákveðnar vörutegundir, sem þeir fá einkarétt á að selja við því verði, sem þeim sýnist. Útgerðarmenn telja, að álagning þeirra þurfi að verða 50—60%. Nú liggur í hlutarins eðli, að með þennan gjaldeyri verður verzlað á svörtum markaði, svo að þar við bætist álagning þeirra, er kaupa hann. Til þess að heildsalarnir missi ekki spón úr aski sínum, var fyrirhugað að taka eyðslulán handa þeim til að kaupa fyrir almennar neyzluvörur, og var nefnd upphæðin 12 millj. dollara, eða 200 millj. króna, og fríðindin til útgerðarmanna voru bundin því skilyrði, að það tækist að leysa þessa hlið málsins. Þegar til kom, mun hafa orðið fyrirstaða hjá húsbændunum í Washington að leyfa slíkar lántökur, fram yfir þá skuldasöfnun hjá greiðslubandalagi Marshalllandanna, sem Íslandi er heimiluð. Hins vegar hefur stjórnin skýrt svo frá, að hún hafi fengið vilyrði fyrir auknum ölmusugjöfum. Þessu verða gerð nánari skil hér á eftir, og mun ég því ekki fara frekar út í það. Það nægir að segja, að þessi leið bjargar ekki bátaútveginum. Einokunin á innflutningnum og útflutningnum heldur áfram þrátt fyrir öll fyrirheit um „frílista", þannig að allar þær orsakir, sem eiga sök á ófarnaði undangenginna ára, halda áfram að vera að verki. En hér er um að ræða nýja og stórfellda gengislækkun, eins konar tvöfalt gengi eða lögverndaðan svartamarkað, ef menn vilja nefna það svo. Þetta er nýr milljóna baggi á þjóðinni og mun hafa í för með sér nýja verðhækkun. Þegar ölmusugjafirnar þrýtur og væntanleg eyðslulán uppétin, þá stöndum við beinlínis á barmi gjaldþrotsins. Þá munu spár Eysteins Jónssonar bókstaflega rætast fyrir tilstilli hans og félaga hans: við verðum á gljúfurbarminum. Og ofan í gljúfrið föllum við, ef þjóðin tekur ekki í taumana nógu röggsamlega og nógu snemma.

Þetta er í þriðja skiptið á fjórum árum, sem við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd, að framleiðslan er að stöðvast, sjálf slagæð atvinnulífsins hættir að slá. Og þetta er í þriðja skiptið, sem ríkisstj. auðvaldsflokkanna kemur með „bjargráð" sín, sem í hvert skipti eiga að vera allsherjarlyf við öllum meinum þjóðfélagsins. Í hvert skipti höfum við sósíalistar tætt sundur blekkingarnar og í hvert skipti hefur reynslan sannað okkar mál. Í hvert skipti hefur verið stefnt í enn meira óefni. Og enn á ný dirfast þessir gjaldþrota loddarar að koma fram fyrir þjóðina með hinn beiska kaleik skottulæknisins. Í þetta skiptið kinokuðu þeir sér samt við að leggja málið fyrir Alþingi. Þetta er hið margrómaða lýðræði þeirra í framkvæmd. Alþingi fær ekki að fjalla um stærsta málið, sem afgreitt er meðan það situr á rökstólum.

Öll þau vandkvæði, sem að þjóðinni hafa steðjað á undanförnum fjórum árum og hér hafa verið rakin, eru sjálfskaparvíti, og það hefði verið hægt að komast hjá þeim öllum, eins og við sósíalistar höfum margsinnis sýnt fram á. Eftir fjögurra ára óstjórn er vitaskuld miklu erfiðara um vik. Enn er samt tími til að snúa við. Með því að skipta algerlega um stefnu er hægt að fullnýta atvinnutæki þjóðarinnar, koma upp nýjum atvinnutækjum til að skapa meira öryggi í atvinnulífinu og viðskiptum okkar við aðrar þjóðir og sækja fram til nýrrar velmegunar. Þessi gagngerða stefnubreyting er í höfuðatriðum fólgin í eftirfarandi:

1. Það þarf að létta einokuninni af þjóðinni, bæði í útflutnings- og innflutningsverzluninni, levsa þjóðina úr viðjum innlendra og erlendra einokunarhringa, sem einskorða viðskipti okkar við lönd, sem hvorki vilja né geta keypt afurðir okkar, nema síminnkandi magn fyrir sílækkandi verð. Það er alveg víst, að dugandi stjórn, sem er annað og meira en pólitísk framkvæmdastjórn einokunarhringanna, stjórn, sem hefur hagsmuni þjóðarheildarinnar fyrir augum, getur fundið markaði fyrir allar okkar útflutningsafurðir, þannig að öll framleiðslutæki þjóðarinnar geti unnið með fullum afköstum. T. d. hafa Norðmenn getað selt allar fiskafurðir sínar þannig, að þeir hafa getað greitt fiskimönnum sínum kr. 1.07 fyrir kg af nýjum fiski, meðan við borgum 75 aura; og þeir telja sig geta selt meira.

Jafnvel þótt ekki væri gert annað en losa um höftin, svo að framleiðendum væri frjálst að selja vörur sínar þar, sem hagkvæmast er, og flytja inn nauðsynjavörur fyrir andvirðið, mundi það duga til að tryggja útgerð fiskiflotans. Þess vegna bar Sósfl. fram frv. í desembermánuði á þá leið, að þar til aðrar og fullnægjandi ráðstafanir væru gerðar til að tryggja rekstur bátaflotans, skyldi útgerðarmönnum frjálst að selja afurðir sínar hvert er þeir vildu og kaupa inn þær vörur í staðinn, er leyfður væri innflutningur á. Skyldi setja lágmarksverð á útfluttar fiskafurðir og strangt verðlagseftirlit, er tryggði það, að verðlagið yrði ekki hærra en á vörum þeim, sem nú eru keyptar fyrir svokallaðan „frjálsan" gjaldeyri, að svo miklu leyti sem við eigum völ á honum, eða samkvæmt viðskiptasamningum. Ef þetta frv. hefði verið samþ., hefði vertíðin hafizt strax í janúarbyrjun. En það fékkst ekki einu sinni rætt.

2. Það þarf að losa þjóðina og framleiðslu hennar við þann blóðskatt, sem rennur til þeirra, sem einoka utanríkisverzlunina, og skipuleggja hana með þjóðarhagsmuni fyrir augum. Þrátt fyrir alla óstjórn undangenginna ára munu þjóðartekjurnar enn vera 40—50 þús. kr. á hvert 5 manna heimili. Ef tekjunum væri réttlátlega skipt, gæti hvert heimili haft 30—40 þús. í árstekjur til persónulegra þarfa, og samt væru eftir ríflegir fjármunir til fjárfestingar.

3. Það þarf að létta af útgerðinni byrðum okurvaxta og óhagstæðra lánskjara, allt of hárra vátryggingargjalda, hátolla o. s. frv., auk allra þeirra skatta á framleiðslunni, sem nú renna til milliliða.

4. Það þarf að vinna markvisst að því að auka tæknina, koma rekstrinum í heilbrigðara horf og taka upp hagkvæmari vinnubrögð, jafnframt því sem allt kapp er lagt á að framleiða markaðshæfari vörur með aukinni fjölbreytni og vöruvöndun.

5. Við þurfum að stefna að því að losa okkur undan öryggisleysi hinnar einhæfu framleiðslu með því að koma okkur upp nýjum framleiðslugreinum til útflutnings. Sem dæmi má nefna, að ef við í stað þess að taka eyðslulán notuðum lánsfjármöguleika okkar til þess að koma upp stórri áburðarverksmiðju með 30 þúsund tonna afköstum, eins og sósíalistar hafa lagt til, þá gætum við bætt yfir 100 millj. kr. á ári við gjaldeyristekjur okkar,

jafnframt því sem verðið á áburði til íslenzkra bænda yrði stórum lægra.

Þetta eru höfuðatriðin í stefnu Sósfl. í dagskrármálum þjóðarinnar í atvinnulegum efnum, sögð í fáum dráttum. Ef íslenzka þjóðin vill halda efnahagslegu sjálfstæði sínu, verður hún að fylkja sér um þá stefnu. Að öðrum kosti er stefnt í bráðan voða.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er ekki nýtt, að beðið er eftir úrlausnum frá hæstv. ríkisstj. til þess að koma bátaútveginum af stað. Undanfarin ár hefur ætíð staðið í sama stappinu, en þó hefur jafnan verið leitazt við að haga afgreiðslu þeirra mála svo, að ekki hlytist af stöðvun bátaflotans. Í fyrra voru t. d. til bráðabirgða sett l. um fiskábyrgð fyrri part janúar, til þess að hægt væri að hefja vertíð nokkurn veginn á réttum tíma. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur hins vegar látið sér sæma að halda öllu í hinni mestu óvissu fram til febrúarloka. Með þessu hefur bátaútveginum og þjóðinni í heild verið bakað mikið tjón, enda á dráttur sá, sem orðið hefur á því að finna einhverja lausn á vandamálum bátaútvegsins, nokkra sök á því stórfellda atvinnuleysi, sem verið hefur að undanförnu í flestum bæjum og þorpum landsins. En hvernig stendur á þessum mikla drætti? Gerir ríkisstj. þetta að gamni sínu? Svo er ekki, heldur er málum þjóðarinnar svo komið undir handleiðslu þeirra ríkisstj., sem hér hafa setið síðustu árin, að engar meiri háttar aðgerðir er hægt að gera í atvinnumálum þjóðarinnar án þess að sækja um leyfi erlendra stjórnarvalda. Síðustu þrjár ríkisstj., sem setið hafa við völd, eru með alls konar samningum búnar að binda þjóðina svo í fjötra, að aðstaða landsins er orðin einna líkust nýlenduríkis. Frá því í desember hefur ríkisstj. orðið að afla sér leyfis, auk fjárstyrkja, hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna fyrir því að mega leysa þau vandamál, sem steðja að atvinnulífi þjóðarinnar, á þann hátt, sem hún telur heppilegast og tiltækilegast. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt, þó að sitt sýnist hverjum um það, hvernig leysa skuli vandamálin; það er mál okkar Íslendinga sjálfra að hnotabítast um það. Hitt er miklu alvarlegra, þegar ríkisstjórn Íslands þarf að bíða eftir því röska tvo mánuði að fá leyfi erlendra stjórnarvalda til ráðstafana, sem hún vill gera. Minnir þetta ástand óþyrmilega á þá tíma, er Íslendingar urðu að sitja aðgerðalausir eftir því, að danskur konungur og dönsk ríkisstj. ákvæði, hvað gert yrði í málum þeirra. Fáa hefði órað fyrir því í ársbyrjun 1947, að hlutskipti íslenzku þjóðarinnar yrði orðið svo ömurlegt að fjórum árum liðnum og nú er komið á daginn. En nú loks er leyfið komið frá Bandaríkjunum, ásamt gjafafé og lánsloforðum, svo að nú getur hæstv. ríkisstj. hafizt handa. Nú í lok febrúar er hægt að leysa þau mál, sem þurfti að leysa fyrir tveimur mánuðum. Á þingfundi í morgun birti hæstv. ríkisstj. almenningi þær ráðstafanir, sem eiga að tryggja rekstur bátaflotans á þessu ári.

Áður en ég vík orðum mínum að fyrirætlunum hæstv. ríkisstj. tel ég óhjákvæmilegt að ræða nokkuð um þá lausn, er hæstv. ríkisstj. fann á þessum sömu vandamálum í fyrra, lausn, sem samkvæmt yfirlýsingu ríkisstj. og hagfræðinga hennar átti að vera varanleg allsherjarlausn, er leysti vandamál bátaútvegsins svo rækilega, að ekki þyrfti að fást við þau í náinni framtíð, þ. e. a. s. gengislækkunina. Með gengislækkuninni var verð erlends gjaldeyris og þar með innflutningsverð allrar innfluttrar vöru hækkað um 75%. Þessi ráðstöfun var byggð á nákvæmum útreikningi og álitsgerðum ameríska hagfræðinga og samkvæmt fyrirmælum að vestan. Með gengislækkuninni átti að fást samræmi milli framleiðslukostnaðar útflutningsvörunnar í landinu og verðlagsins í markaðslöndunum. Samkvæmt útreikningi hagfræðinganna átti verðlag innanlands að hækka um 11—13%, en verð fisksins til bátaflotans að hækka úr 75 aurum í 95 aura kg af slægðum bolfiski með haus. Þrátt fyrir það að þegar var bent á, að þessir útreikningar fengju ekki staðizt, að verðlag innanlands mundi hækka meira, og fiskkaupendur, hraðfrystihús og aðrir lýstu yfir, að þeir gætu ekki keypt fiskinn á hærra verði en 75 aura kg, skellti hæstv. ríkisstj. skolleyrum við og hélt sitt strik. Nú er reynslan búin að fara höndum um útreikninga hagfræðinganna og ríkisstj. Verðlag hefur hækkað, ekki um 11—13%, heldur 28%, og fiskverðið hækkaði ekki í 93 aura, heldur stóð það kyrrt í 75 aurum. Þetta hefur orðið þjóðinni mjög dýr reynsla, og væri nauðsynlegt fyrir hana að læra af þessari reynslu og reyna að forðast endurtekningu á ameríska patentlausnum á vandamálum þjóðarinnar. Hæstv. ríkisstj. virðist hins vegar ekkert hafa lært og engu gleymt síðan hún framkvæmdi gengislækkunina í fyrra.

Aðalrökstuðningurinn fyrir gengislækkuninni var sá, að þrátt fyrir þær fórnir, sem hún krefði allar launastéttir landsins um, væri hún skilyrði þess, að bátaflotinn, sem framleiðir ⅔ hluta gjaldeyrisins, gæti starfað. Gengislækkunin átti að auka útflutningsframleiðsluna og þar með auka atvinnuna í landinu. Með því móti átti gengislækkunin að veita þjóðinni aukið atvinnuöryggi um alla framtíð og vera varanleg lausn á öllum vandamálum atvinnulífsins. Enginn dregur það í vafa, að þjóðin hefur fórnað miklu vegna gengislækkunarinnar. En hvert hefur orðið hlutskipti bátaflotans, bæði sjómanna og útvegsmanna? Hafa þeir notið góðs af þeim auknu útgjöldum, sem á þjóðina voru lagðar með gengislækkuninni? Nei, síður en svo, sjómenn og útvegsmenn hafa orðið einna verst fyrir barðinu á gengislækkuninni. Útvegurinn stóð ekki föstum fótum fyrir, en eftir gengislækkunina hefur keyrt alveg um þverbak. Fyrir gengislækkun var fiskverð, eins og áður er getið, 75 aurar fyrir kg, en auk þess naut bátaflotinn hlunninda úr ríkissjóði, er námu hér um bil 10 aurum á kg fyrir útgerðina. Þau hlunnindi voru afnumin, en verðið stóð í stað. Hins vegar hækkuðu svo til allar nauðsynjar útvegsins þegar í stað um nærri 75%. Bjargráðin urðu þungar, óbærilegar byrðar fyrir útveginn. Sem dæmi vil ég nefna einn togbát, sem stundaði veiðar allt árið 1950 hér við Faxaflóa. Bátur þessi veiddi um 650 tonn. Útgjaldaaukning þessa báts vegna gengislækkunarinnar, þ. e. hækkun olíuverðs og veiðarfæra, nam um 45 þús. kr. Missir hlunnindanna úr ríkissjóði nemur hins vegar um 65 þús. kr. Gengislækkunin hefur því kostað þennan bát á annað hundrað þús. kr. á árinu, því að fiskverðið

hélzt óbreytt í 75 aurum. — Útkoman er enn ömurlegri hjá þeim bátum, sem stunda línuveiðar, því að hjá þeim er veiðarfærakostnaður meiri og auk þess stórfelldur beitukostnaður. Afleiðingar þessa urðu óhjákvæmilega þær, að framleiðslan dróst saman. Flestir línubátanna voru starfræktir út vertíðina 1950, en eftir það mátti heita, að tæki að mestu fyrir línubátaútgerð og raunar alla fiskútgerð.

Gengislækkunin hefur þannig valdið samdrætti í framleiðslu bátaflotans og hefur átt mestan þátt í að valda atvinnuleysi í landinu, enda hefur atvinnuleysi á þessum vetri verið meira en dæmi eru til síðan 1939. Gengislækkunin hefur sýnt sig að vera endileysa og leitt til stórfellds tjóns fyrir þjóðina. En þjóðin er ekki búin að bíta úr nálinni með gengislækkunina. Nú er verðlag á innflutningsvörum okkar ört stígandi, sem stafar af hinum mikla vígbúnaði, sem Bandaríkin og fylgiríki þeirra hafa hafið. Þessar verðhækkanir vega þyngra og valda meiri truflunum fyrir íslenzkt atvinnulíf vegna gengislækkunarinnar.

Nú segja talsmenn gengislækkunarinnar, að lækkun á afurðum þjóðarinnar erlendis hafi valdið því, að gengislækkunin hafi ekki komið að gagni, og fullyrða jafnframt, að ef gengislækkun hefði ekki verið framkvæmd, hefði bátaútvegurinn stöðvazt. Þetta er ósatt. Engin slík lækkun hefur átt sér stað á mörkuðum okkar. Gengislækkunin stöðvaði raunverulega bátaflotann. Hins vegar hefði fiskábyrgð, miðuð við 75 aura verð og sömu hlunnindi og bátaútvegurinn hafði á árinu 1949, ekki kostað ríkissjóð á árinu 1950 nema lítið brot af því, sem gengislækkunin hefur þegar kostað þjóðina, og eru þó engan veginn öll kurl komin til grafar.

Vandamál útvegsins eru nú miklu stórfelldari og vandleystari en nokkru sinni áður. En það verður hver maður að festa sér vel í minni, að þau stafa nú að verulegu leyti af þeirri „lausn", ef lausn skyldi kalla, sem hæstv. ríkisstj. greip til á s. l. ári. Ráðstafanir þær, sem hæstv. ríkisstj. ætlar nú að gera í sambandi við útveginn, bera á sér sömu einkenni og gengislækkunin. Það er ameríska patent, sem á að leysa vandann.

Ríkisstj. hefur birt lista yfir ýmsar vörur, sem útvegsmenn eða öllu heldur útflytjendur afurða bátaútvegsins mega flytja inn, en jafnframt á að afnema allt hámarksverð á vörum þessum, svo að hægt sé að selja þær á miklu hærra verði en annars hefði verið. Þeir, sem flytja út afurðir bátaútvegsins, aðrar en þorskalýsi og síldarafurðir, eiga að fá heimild til að ráðstafa til innflutnings helmingnum af þeim gjaldeyri, sem þeir afla, eða selja öðrum innflytjendum þann rétt.

Þeir útreikningar, sem standa að baki þessara ráðstafana, gera ráð fyrir því, að útflutningsframleiðslan standi undir 75 aura fiskverði. Hins vegar er talið, að fiskverðið þurfi að verða 96 aurar á kíló fyrir þorsk. Því, sem á vantar að þetta verð fáist, á að ná með álagningu á innflutning. Heildarupphæð þess gjaldeyris, sem afhentur verður útflytjendum framleiðsluvara bátaútvegsins, er áætluð ca. 85 millj. kr. Þannig er gert ráð fyrir, að með því að afnema hámarksverð á þeim vörum, sem fluttar verða inn fyrir þennan gjaldeyri, verði hægt að selja vörur þessar svo háu verði í landinu, að það svari að meðaltali 50% hækkun á verði erlends gjaldeyris. Hér er að sjálfsögðu um nýja gengislækkun að ræða, með þessu fyrirkomulagi er raunverulega tekið upp tvöfalt gengi. Það er að vísu reynt að dulbúa hana. Ef heildarupphæð þess gjaldeyris, sem þannig er ráðstafað, verður 85 millj. kr., eins og gert er ráð fyrir, þýða þessar ráðstafanir yfir 40 millj. kr. nýjar álögur á þjóðina ofan á alla nefskatta, sem fyrir eru. Vörur þær, sem þessi verðhækkun nær til, eru mjög margvíslegar og þó þannig, að hver einasta fjölskylda þarf að kaupa mikið af þeim, svo að ekki er fjarri lagi að deila þessum nýju álögum niður á íbúana. Sé það gert, nema þessar álögur um 1400 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu.

Í ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. er ekki fyrirhugað að gera neitt til að hækka fiskverðið eða til að ákveða fast lágmarksverð. Skilyrði fiskábyrgðarinnar var, að greitt væri fyrir fiskinn auglýst lágmarksverð. Með því var sjómönnum og útvegsmönnum tryggt fast, ákveðið verð. Nú er hins vegar ætlazt til þess, að útflytjendur fái þessi hlunnindi, að mega taka um 40 millj. kr. úr vasa almennings, án þess að þeir séu skyldir til að greiða sjómönnum það fiskverð, sem þessar álögur eiga að tryggja. Með þessu móti getur svo farið, að sjómenn og þeir útvegsmenn, sem ekki geta sjálfir flutt út afurðir sínar, heldur þurfi að selja hraðfrystihúsum og saltfiskframleiðendum fisk sinn, fái ekkert eða aðeins hluta af þeirri fiskverðshækkun, sem hinar nýju álögur eiga að gera mögulegar. Ef svo fer, lendir þetta mikla fé hjá öðrum en þeim, sem til er ætlazt. Samtök sjómanna verða að fylgjast vel með í þessum málum, og inn í samninga þeirra við atvinnurekendur verður að setja ákvæði um lágmarksfiskverð.

Nú er eftir að athuga, hvort ráðstafanir þessar koma útveginum að gagni. Hættan á því, að svo verði ekki, er óneitanlega mjög mikil. Til þess að geta orðið aðnjótandi þeirrar aukaálagningar, sem ráðstafanir hæstv. ríkisstj. gera ráð fyrir, þarf viðkomandi útvegsmaður að skila gjaldeyrinum fyrir útflutningsvörur sínar, og hafi hann fengið lán í banka út á framleiðsluvörur, verður hann að greiða það lán þá þegar. Hafi hann þá gert upp við sjómenn og útvegsmenn fyrir hráefnið, verður hann að leggja út alla þá upphæð, sem honum er ætlað að græða á innflutningnum, og það er engin smáupphæð. Tökum sem dæmi hraðfrystihús, sem flytur út fyrir eina millj. kr. Markaðsverðið er talið standa undir 75 aura verði. Gerum ráð fyrir, að þetta hraðfrystihús greiði hið auglýsta verð útvegsmanna, 96 aura fyrir kg af fiski; þá hefur hann orðið að leggja út hátt á annað hundrað þús. kr., þegar gjaldeyririnn er kominn heim. Hann fær til ráðstöfunar helming gjaldeyrisins, eða 500 þús. kr. Þegar hann fer svo að panta vörurnar, þarf hann að leggja út fyrir bankaábyrgðinni a. m. k. 30%, eða 150 þús. kr., og síðan að greiða verð vörunnar og tolla, þegar hún kemur og áður en hún er seld. Þetta er hverjum einasta útvegsmanni og hraðfrystihúsi ofviða, eins og nú er komið efnahag þessara aðila. Að vísu mun hæstv. ríkisstj. hafa farið á fjörurnar við bankana um að lána útvegsmönnum ögn rýmra en áður hefur verið gert, en bæði er það, að bankarnir hafa ekki enn gengið inn á neitt slíkt, og ef svo verður,

þá verður aðeins lánað brot af því, sem leggja þarf út, áður en varan er seld hér innanlands. En hver verður þá afleiðing þessa? Hún verður sú, að útvegsmenn verða í stað þess að flytja inn vörurnar sjálfir að selja kaupsýslumönnum og öðrum fésterkum bröskurum innflutningsleyfi sín fyrir hluta af þeirri álagningu, sem þeim er ætluð. Gæti svo farið, að aðeins lítið brot af þeim 40 millj. kr., sem nú eru lagðar á almenning, lendi hjá útveginum. Það er svo sem ekki nema í samræmi við allar aðgerðir núv. hæstv. ríkisstj. að búa svo um hnútana, að heildsalar og aðrir auðmenn Reykjavíkur sitji uppi með meginhlutann af þeim ca. 40 millj. kr., sem enn á að kreista út úr almenningi. Er það ætlun stj. að fylla hér allt af vörum, því að hún telur, að nú hafi henni tekizt að lækka svo kaupgetu fólks, að ekki sé hætta á, að vörurnar verði keyptar upp jafnóðum. Út af fyrir sig er það gott og blessað að fá nytsamlegar vörur inn í landið, en það er áreiðanlega ekki hollt fyrir þjóðina að kaupa neyzluvörur sínar fyrir gjafafé og lánsfé í stað þess að vinna fyrir þeim sjálf. Með þessu er farið inn á stórhættulega braut. Hver sú þjóð, sem vill vera sjálfstæð, verður að gera sér það ljóst, að hún getur ekki verið það, nema hún sjálf afli sér gjaldeyris fyrir innflutningum nauðsynjum með vinnu sinni. Þjóðin verður líka að gera sér ljóst, að hún getur ekki lifað af gjöfum og lánum. Það líður að því, að gjafir hætti að berast og lánin verða að greiðast, og þá er hætt við, að sú þjóð, sem í áhyggjuleysi hefur lifað um efni fram, vakni við vondan draum. Svo er engin hætta á því, að gefandinn vilji ekki fá eitthvað fyrir gjafir sínar. Það er gamalþekkt aðferð stórþjóða, er vilja seilast til valda yfir smáþjóðum, að gefa ríkulega á meðan þær eru að ná tangarhaldi á viðkomandi þjóðum. Þjóðin þarf vissulega að gjalda varhug við því, að byggja afkomu sína á slíkum gjöfum og lánum.

Tveir miklir annmarkar eru á þessari sníkju- og lánapólitík ríkisstj., sem orðið geta til þess að lama atvinnulíf þjóðarinnar meira en orðið er. Hætta er á því, að þjóðin leggi sig síður fram um að auka útflutning sinn, þar sem ekki verður eins knýjandi nauðsyn á öflun gjaldeyris, á meðan verið er að eyða gjafa- og lánsfénu. Þetta mun t. d. koma fram í því, að vöruskiptaverzlun verður erfiðari og áhættusamari en verið hefur. Svo sem vitað er, hefur allmikill hluti af freðfisksútflutningnum staðið í sambandi við vöruskipti við þær þjóðir, sem keypt hafa fiskinn. Ef nægar birgðir eru til í landinu af þeim vörum, sem hlutaðeigandi þjóðir vilja bjóða fyrir fiskinn, þá er vonlaust að selja þann fisk. Þetta mun leiða til þess, að framleiðslan dregst saman og atvinnuleysi eykst. Þetta atriði ætti öllum að vera ljóst. Fyrir vöru, sem framleidd er í landinu til útflutnings, eru greidd vinnulaun til hinna mörgu, sem við framleiðsluna vinna. Þegar svo inn eru fluttar vörur fyrir andvirði hennar, þá er kaupgeta til staðar í landinu til að kaupa þær. Séu hins vegar að miklu leyti fluttar inn vörur fyrir gjafafé, hefur enginn kaupmáttur skapazt í landinu til kaupa á þeim. Verði þessi innflutningur til þess að minnka útflutninginn og þar með draga úr framleiðslu útflutningsvörunnar, eins og augljóst er, þá valda gjafirnar og lánin og vörurnar, sem fyrir það eru fluttar inn, mjög miklu atvinnuleysi. Þá verður ástandið þannig, að allar búðir verða fullar af vörum, en fólk verður atvinnulaust þúsundum eða jafnvel tugþúsundum saman og á þá sennilega að skemmta sér við að horfa á allar búðir fullar af vörum, sem það getur ekki keypt. En þá telur víst ríkisstj. loksins vera komið á jafnvægi og alla örðugleika yfirstigna.

Enn einn annmarki á hinum fyrirhugaða stórfellda vöruinnflutningi fyrir gjafafé eða lán er sá, að innflutningurinn verði til þess, að sjálft patentið, sem á að tryggja afkomu bátaflotans, verki ekki. Ef mikið af vörum er flutt inn, án þess að söpuð sé kaupgeta í landinu, er mjög hætt við því, að kaupgetunni, sem þegar er stórlega minnkuð vegna síhækkandi skatta og vöruverðs, verði bókstaflega fullnægt, þannig að menn hafi alls ekki peninga til að kaupa þær vörur, sem útvegsmönnum er ætlað að flytja inn og selja hér með miklu álagi, til þess að geta látið atvinnurekstur sinn bera sig. Ef gjafavöruinnflutningurinn verður svo fyrirferðarmikill, orkar það enn á framleiðsluna til samdráttar. Ráðstafanir ríkisstj. til að tryggja rekstur bátaflotans eru framhald á sömu glæfrabraut og farið var inn á með gengislækkuninni. Allt bendir til þess, að þessar ráðstafanir muni ekki tryggja rekstur bátanna, heldur stórauka örðugleika þeirra, með þeim afleiðingum, að framleiðslan dragist enn saman og atvinnuleysi stóraukist.

Eins og ég hef bent á, eru ráðstafanir þær, sem ríkisstj. boðar nú, byggðar á því að leggja nýjar álögur á alþýðuna. Um þetta eru báðir stuðningsflokkar núv. ríkisstj. sammála. Og sömu aðferðum var ætíð beitt á meðan borgaraflokkarnir þrír sátu í stjórn árin 1947—49. En vegna þess, að enn er vegið í sama knérunn, er ekki úr vegi að rifja upp, hvernig þessir þrír flokkar, sem svo fagurlega nefna sig lýðræðisflokka, hafa búið að alþýðunni og þá einkum verkamönnum og öðrum launþegum á undanförnum árum. — Svo sem öllum er minnisstætt, hófu borgaraflokkarnir þrír stjórnarsamstarf í ársbyrjun 1947 undir forustu Alþfl. Það varð upphafið að raunasögu alþýðunnar í landinu. Þrátt fyrir forustu Alþfl. voru allar aðgerðir þessarar stjórnar skipulagðar árásir á kjör alþýðunnar. Á árunum frá 1947 til 1949, þ. e. á stjórnartímabili Stefáns Jóh. Stefánssonar, voru neyzluskattar á almenning, sem Alþfl. hefur á stefnuskrá sinni að afnema, hækkaðir úr 50 millj. í 155 millj. kr., eða um rösk 200%. Þessi hækkun nefskatta nemur 3750 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Ég skal taka það fram, að hér er ekki tekin með hækkun á tóbaki og áfengi, sem nam þau ár, sem Alþfl. hafði forustuna, 36 millj. kr. Þetta má nú kalla allvel af sér vikið, einkum þegar það er gert undir styrkri forustu flokks, sem enn þá kennir sig við alþýðuna. Ekki var samt látið sitja við þetta, heldur var því bætt ofan á, að vísitalan var bundin við 300 stig. Gamla vísitalan fór upp í 355 stig, og þegar nýja vísitalan var lögfest við gengislækkunina í vor og kölluð 100, var þessum 55 stigum sleppt, án þess að tillit væri tekið til þeirra í hinni nýju vísitölu eða kaup hækkaði sem því svaraði. Binding vísitölunnar nemur því 18% launalækkun og gildir enn. Hver launþegi, sem hafði 20 þús. kr. í árslaun, hefði því átt að hafa 3600 kr. meira, ef vísitalan hefði ekki verið bund-

in. Geri maður nú ráð fyrir, að neyzluskattarnir, sem lagðir voru á þessi ár, næmu þriðjungi vísitöluhækkunarinnar, eða 16 af 55 stigum, þá er heildarupphæð þess, sem launþegar voru sviknir um með vísitölubindingunni og rændir með hækkuðum neyzlusköttum, 6150 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu, sem hafði um 20 þús. kr. árstekjur. Allt var þetta gert í nafni lýðræðis og frelsis. — Þess skal að vísu getið, að undir forustu sósíalista tókst verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík, Þrótti á Siglufirði og nokkrum fleiri að knýja fram hækkun á laun verkamanna. En það var nú ekkert smáræði, sem á gekk hjá ríkisstj. Stefáns Jóh. Stefánssonar til þess að hindra, að verkamenn fengju kaupbætur. Annar af ráðherrum Alþfl. gekk fram fyrir skjöldu borgaraflokkanna þriggja og kallaði það glæp af verkamönnum að fara fram á launahækkun. Opinberir starfsmenn nutu góðs af baráttu verkamanna, er þeir fengu uppbætur á laun sín með samþykkt Alþingis árið 1949.

Þegar þetta er athugað, þá er engin furða, þótt Stefán Jóhann kjósi nú að beita fyrir sig þeim Gylfa og Hannibal, eins og hlustendur heyrðu áðan. Þeim er ætlað að snúa nokkrum af þeim, sem fengu nóg af framkvæmdum Stefáns Jóhanns á hugsjónum Alþfl. árin 1947—49, til fylgis við flokkinn á nýjan leik. Ef þetta tekst að nokkru ráði, þá mun Stefán Jóhann segja: Takk fyrir, nú skal ég, — og þá tekur hann upp þráðinn þar, sem hann neyddist til að sleppa honum að afstöðnum kosningum 1949.

Ástandið er nú orðið mjög alvarlegt hjá alþýðunni. Dýrtíð og skattar er orðið svo þungbært, að þótt fólk hafi vinnu allt árið, hrökkva tekjurnar ekki fyrir brýnustu þörfum. Þegar svo ofan á það bætist mikið og vaxandi atvinnuleysi, sem allar horfur eru á að aukist við hinar boðuðu ráðstafanir, þá er það ljóst, að ástandið er orðið óbærilegt fyrir launþegana. Fjöldi heimila stendur bjargarlaus vegna stefnu og aðgerða ríkisstj., en þrátt fyrir það á enn að halda áfram á sömu braut.

Núverandi ríkisstj. hefur fylgt þeirri stefnu, sem mörkuð var af stjórn Stefáns Jóhanns, í aðgerðum sínum gegn alþýðunni, einkum launþegunum. — Samstarfi þessara flokka hefur aðeins verið slitið formlega. Enn þá starfar Alþfl. með núverandi stjórnarflokkum í verkalýðssamtökunum, með sama takmarki og þegar þeir sátu saman í ríkisstj. En nú eru augu alþýðunnar að opnast fyrir því, að borgaraflokkarnir hafa í bróðurlegu samstarfi á síðustu 4 árum hrundið henni úr velmegun niður í fátækt og atvinnuleysi. Útreið sú, sem samfylking borgaraflokkanna fékk í Iðju, félagi verksmiðjufólks, við stjórnarkjör í gær, er órækur vottur þess.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Háttvirtir stjórnarandstæðingar, hv. 3. landsk. þm. (GÞG) og hv. 6. landsk. (HV) fyrir hönd Alþfl. og hv. þm. Siglf. (ÁkJ) og hv. 1. landsk. (BrB) fyrir hönd kommúnistaflokksins, hafa nú lokið máli sínu og deilt á ríkisstj., svo sem vænta mátti úr þeirri átt. Hvað sem skoðunum og úrræðum þeirra sjálfra í vandamálum þjóðarinnar kann að líða, virtust þeir að minnsta kosti ekki vera í vafa um, hverjum það væri að kenna, sem miður fer í þessu landi um þessar mundir. Af málflutningi þeirra mátti ráða, að allt, sem aflaga fer í atvinnu- og fjárhagsmálum Íslendinga, sé sök núv. ríkisstj. Einkum og sér í lagi varð þeim tíðrætt um þá bölvun, er þeir töldu að stafað hefði af breytingu þeirri á skráningu erlends gjaldeyris, er gerð var 19. marz s. l., eftir að núv. ríkisstj. tók til starfa.

Satt er það, að núv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar á Alþ. tóku þá ákvörðun fyrir tæpu ári síðan að breyta gengi peninganna með lögum, og á þeirri ákvörðun ber stjórnin vitanlega fulla ábyrgð. Sömuleiðis ber hún ábyrgð á ýmsum öðrum ráðstöfunum í fjármálum og atvinnumálum, er gerðar voru um leið og sem bein afleiðing hinnar breyttu gengisskráningar. Síðan hafa og verið gerðar ráðstafanir, sem sumum kann að þykja hart við að búa, a. m. k. fyrst í stað, en voru óumflýjanlegar. En núv. ríkisstj. ber ekki ábyrgð á því ástandi, sem ríkti hér á landi, þegar hún tók við. Fyrir hennar daga voru við völd aðrar ríkisstjórnir, meðal annars stjórn sú, er hv. 8. landsk. (StJSt) veitti forstöðu, og stjórn, sem báðir ræðumenn kommúnista áttu sæti í, þar sem þeir unnu margt til óþurftar.

Hv. 8. landsk. verður að játa, að ríkisstjórn hans gafst upp við það á árinu 1949 að halda áfram því viðnámi gegn verðbólgunni, sem hún hafði hafið. Þetta verður ekki hrakið, þótt hitt verði jafnframt að viðurkenna, að sú stjórn tók í öndverðu allfast á sumum málum, t. d. hætti að greiða kaupgjald miðað við hærri vísitölu en 300, en þá ráðstöfun mátti telja allróttæka á þeim tíma. En þetta ber þess ljóst vitni, að hv. 8. landsk. hefur þá verið ljós sú mikla hætta, sem því er samfara að láta laun og allt kaupgjald taka mánaðarlega breytingum samkvæmt vísitölu, þótt hann nú virðist vilja láta þann flokk, sem hann er formaður fyrir, taka upp baráttu fyrir að fá slíkt viðurkennt að nýju. En þegar frá leið og festing vísitölunnar var hætt að hafa tilætluð áhrif, hafði sú stjórn engin ný úrræði, enda dró þá til kosninga vegna úrræðaleysis hennar. Þetta úrræðaleysi kom enn glöggleg fram hjá Alþfl. eftir kosningarnar, því að þá gat hann ekki bent á neina leið til að leysa vandann og vildi enga ábyrgð á sig taka í því sambandi, heldur ákvað að draga sig út úr pólitík, eins og það hefur stundum verið nefnt í gamni og alvöru.

Um kommúnista er það kunnugt, að þeir hafa nú síðustu árin ekki getað bent á neitt annað en að Íslendingar verði að taka upp verzlun við Rússa og aðrar Austur-Evrópuþjóðir, þótt vandséð verði, hvernig við eigum að fara að því, ef þessar þjóðir þurfa eða vilja ekki skipta við okkur nema í mjög smáum stíl, eins og greinilega hefur komið í ljós í þeim samningaumleitunum, sem átt hafa sér stað undanfarin ár varðandi viðskipti við þessar þjóðir.

Hv. 8. landsk. sagði í áramótagrein sinni í Alþýðublaðinu 31. des. s. l. meðal annars á þessa leið:

„Og þó hefur gengislækkunin skapað enn þá meira botnleysi en nokkru sinni fyrr í fjárhags- og atvinnulífi. Og ekki verður því neitað, jafnaugljóst og það blasir við, að hún hefur verulega rýrt kjör almennings.“

Menn skyldu ætla, að flokksforingi, sem talar á þessa leið um úrræði núv. stjórnar, hefði sjálfur eða hans flokkur af einhverju að státa, að hann sé ekki í vandræðum með að rifja upp þau þjóðráð, sem hann og flokkur hans hafi haft á takteinum — og hafi enn, en aðrir hafi ekki viljað líta við. En sannleikurinn er sá, að Alþfl. stóð og stendur uppi fullkomlega ráðalaus í þessum efnum. Hið eina, sem hann hefur imprað á, er að halda áfram uppbótagreiðslunum gömlu og öllu því vonleysi, sem þeim fylgdi, þótt öll þjóðin væri löngu þreytt á því vandræðaástandi og óskaði umfram allt, að þeim ófögnuði yrði af henni létt, auk þess sem reynslan sýndi, að uppbótakerfið var að eyðileggja fjárhag ríkisins. En í fjármálum ríkisins hefur nú orðið alger stefnubreyting, eins og síðar mun að vikið í þessum umræðum.

En hvernig var þá ástandið og útlit um afkomu þjóðarinnar og kjör almennings um þetta leyti í fyrra, eða áður en núverandi stjórn tók við völdum og hóf þær aðgerðir, sem nú er mest deilt á af hv. stjórnarandstæðingum? Ég vil minna á það, að rétt eftir áramótin í fyrravetur, um það leyti sem vertíð var að hefjast sunnanlands, var lögð fyrir Alþ. till. um, að ríkissjóður tæki enn á ný ábyrgð á fiskverði vélbátaaflans. Slíkar ábyrgðir höfðu um þrenn undanfarin áramót verið samþykktar til eins árs í senn. En að þessu sinni var Alþ. svo vantrúað orðið á þetta fyrirkomulag, að ábyrgðin var aðeins samþykkt til þriggja mánaða. Þá var það líka kunnugt orðið, að nú var það ekki vélbátaflotinn einn, sem ekki gat komizt af með markaðsverðið. Allur togaraflotinn, blómi nýsköpunarinnar, var rekinn með tapi, og í þetta sinn þurfti því að taka ábyrgð á togaraflotanum líka, ef halda átti áfram á sömu braut. Við þau tíðindi varð mörgum það fullkomlega ljóst, sem ekki höfðu gert sér grein fyrir því áður, að þannig yrði ekki áfram haldið. Öllum, sem þessum málum voru kunnugir og reyndu að brjóta þau til mergjar, hlaut því að vera ljóst, að uppbótakerfið var úr sögunni. Ef ekki var leitað nýrra úrræða, urðu útflutningsatvinnuvegirnir því að sigla sinn sjó, byggja afkomu sína á hinu erlenda markaðsverði eins og það reyndist í íslenzkum krónum á því gengi, sem þá var skráð. Menn geta reynt að hugsa sér það nú, hver niðurstaðan hefði orðið, ef útflutningsverð allra afurða hefði á árinu sem leið verið um það bil 70% lægra í íslenzkum krónum en það varð. Það er ekkert vafamál, að ekki einungis vélbátaflotinn á vetrarvertíð, heldur einnig meginhluti togaraflotans hefði þá hlotið að stöðvast, og er þá sýnt, hversu farið hefði um atvinnu í landinu.

Sumir menn segja, og má að vísu færa að því nokkur rök, að slík allsherjarstöðvun hlyti að hafa komið því til vegar, er stundir liðu, að kaupgjald og verðlag innanlands tæki breytingum til lækkunar til samræmis við hið lága útflutningsverð í íslenzkum krónum. En sú breyting hefði áreiðanlega tekið langan tíma, kostað þjóðfélagið mikla fjármuni og komið langþyngst niður á vinnandi fólki í landinu. Má það furðu gegna, ef forustumenn verkalýðsins telja, að slík þróun málanna hefði verið æskilegri en það, sem gert var. Núverandi stjórn kaus ekki þá þróun. Hún taldi aðra leið betri, einmitt til þess að forða hinum vinnandi stéttum þjóðfélagsins frá stórfelldu atvinnuleysi og allri þeirri bölvun, sem því fylgir.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð, var henni þegar ljóst, að það ástand, sem skapazt hafði, var svo alvarlegt fyrir þjóðina, að óhjákvæmilegt var að grípa til úrræða, sem líklegt var að hefðu áhrif þegar í stað og þá fyrst í þá átt að koma í veg fyrir stöðvun atvinnuveganna. Þess vegna voru lögin um gengisbreytingu, launabreytingar, stóreignaskatt o. fl. sett á Alþingi. Tilgangurinn með hinni nýju skráningu á erlendum gjaldeyri var sá, að veita, ef unnt væri, útflutningsframleiðslunni möguleika til að fá það hátt verð í íslenzkum krónum fyrir útfluttar afurðir, að nægt gæti fyrir framleiðslukostnaðinum og örvað til vaxandi framleiðslu, og þá jafnframt að losa ríkissjóð við greiðslu verðlagsuppbóta á ábyrgð á útflutningsverði. Gera mátti ráð fyrir því þegar í öndverðu, að gengisbreytingin hefði í för með sér allmikla hækkun á verði erlendra nauðsynjavara, en hins vegar var þá jafnframt hægt að komast hjá stórfelldri skattahækkun til verðlagsuppbóta og komið í veg fyrir, að atvinnuleysi yrði svo mikið sem annars hlaut að verða.

Nú er nálega ár liðið síðan þessi löggjöf var sett. Hefur hún af stjórnarandstæðingunum verið stórlega afflutt og rangsnúin á ýmsa vegu. Svo langt hefur verið gengið í þeirri iðju, að erlendar verðbreytingar, sem okkur eru með öllu óviðráðanlegar, og jafnvel síldarleysi og önnur þvílík óhöpp af völdum náttúrunnar hafa verið skrifuð á reikning gengislækkunarinnar. Að mínum dómi hefur gengisbreytingin út af fyrir sig fyllilega borið þann árangur, sem ráð var fyrir gert í upphafi, enda þótt sumt hafi snúizt á verra veg þrátt fyrir gengisbreytinguna. Þótt svo megi virðast í fljótu bragði, að almenningur hafi orðið fyrir nokkrum búsifjum af völdum gengisbreytingarinnar, en á því er nú óspart alið af andstæðingum stj., ber þess jafnframt vel að gæta, að þessir erfiðleikar hefðu orðið meiri, ef ekkert hefði verið gert, og hef ég áður að því vikið. Ég vil leggja áherzlu á, að það ástand, sem verið hefur í landinu eftir gengisbreytinguna, verða menn jafnan að skoða með samanburði við það ástand, sem annars hefði verið. Með því móti einu er hægt að komast að skynsamlegri niðurstöðu um þetta efni. Meðal annars er rétt að veita því athygli, sem nú skal sagt. Það er gengisbreytingunni að þakka, að vélbátaflotinn og togaraflotinn hafa yfirleitt verið að veiðum, þegar vinnudeilur hafa ekki hindrað, að svo mætti verða. Það er gengisbreytingunni að þakka, að nú er hægt að selja úr landi sumar íslenzkar afurðir, sem áður voru með öllu óseljanlegar á viðunandi verði, t. d. dilkakjöt. Það er gengisbreytingunni að þakka, að reknetaútgerð við Suðurland varð slík sem raun var á á s. l. hausti og þessum vetri. Þetta hefur tekizt, enda þótt komið hafi til sögunnar ýmsir örðugleikar í þessu sambandi, svo sem verðfall og sölutregða á sjávarafurðum erlendis, þrátt fyrir gengisbreytinguna, en ekki vegna hennar, verðhækkun margra erlendra vara, einkum síðustu mánuðina, af ástæðum, sem ekki verða raktar hér. Hafa m. a. rekstrarvörur til bátaútvegsins, svo sem veiðarfæri, olíur o. fl., stórhækkað í verði erlendis. Þá bættist við síldarleysi sjötta sumarið enn á ný fyrir Norður-

landi og einhverjir mestu óþurrkar í manna minnum í stórum landshluta, langvarandi verkföll á togurunum o. s. frv.

Þrátt fyrir þetta er nú hægt að skýra frá því sem staðreynd, að gjaldeyrisástandið hefur farið batnandi undanfarna mánuði. Má þá og geta þess, sem hæstv. fjmrh. hefur nú nýverið gefið skýrslu um á Alþ., að á árinu hefur tekizt að ná greiðslujöfnuði á reikningi ríkisins og ríkisskuldir raunverulega lækkað um 12 milljónir, enda þótt dregið hafi til muna úr innflutningi og tolltekjur þess vegna orðið mun rýrari en áætlað var. Þótt þetta megi að vísu að verulegu leyti þakka öruggri fjármálastjórn hæstv. fjmrh., þá hefði það eitt ekki nægt, ef ekki hefði verið gripið til þeirra almennu ráðstafana, sem gerðar voru af ríkisstjórn og Alþingi. Annars hefði óhjákvæmilega siglt hraðbyri áfram að feigðarósi hvað snertir fjárhagsafkomu ríkissjóðs.

Þá er það og vitað, að hinar miklu rafvirkjanir (Sog og Laxá), sem nú er hafin vinna við, og bygging áburðarverksmiðju, sem væntanlega verður byrjað að reisa á þessu ári, eru í órofa sambandi við það, að fjármálalíf þjóðarinnar sé sæmilega tryggt. Það má því fullyrða, að þessar stórframkvæmdir, sem núv. ríkisstj. hefur hrundið af stað og mun gera allt sem unnt er til þess að verði lokið samkv. áætlun, hefðu aldrei komizt til framkvæmda nema alger stefnubreyting hefði orðið varðandi fjármála- og atvinnulífið. Þetta er staðreynd, sem ekki verður í móti mælt.

Þegar lögin um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. voru sett, var þess vænzt, að óhætt væri að greiða laun og kaupgjald eins og gert var ráð fyrir í þessum lögum, en lögin ákváðu, að laun skyldu breytast mánaðarlega samkvæmt vísitölu fram í júlímánuð 1950, en eftir það tvisvar sinnum á sex mánaða fresti, þ. e. 1. jan. 1951 og 1. júlí 1951, ef hækkun framfærslukostnaðar í hvert sinn næmi a.m. k. 5 vísitölustigum. — Síðan segir í lögunum: „Frá 1. ágúst 1951 skulu laun ekki taka breytingum samkvæmt ákvæðum þessara laga.“ Eins og fram kemur í því, sem nú hefur verið sagt, ákváðu gengisskráningarl. kauphækkun samkvæmt vísitölu, fyrst á mánaðar og síðan sex mánaða fresti fram í júlímánuð 1951. Þessi vísitala var vitanlega ekki fremur en aðrar framfærsluvísitölur miðuð við afkomu framleiðsluatvinnuveganna, en eins og ég sagði áðan, væntu menn þess, að framleiðslan yrði þess megnug að hækka kaupgjald samkvæmt þessari vísitölu. En frá 1. júlí n. k. var gert ráð fyrir, að algerlega yrði hætt að greiða kaupgjald samkvæmt vísitölu. Var þá gengið út frá, að kaupgjald færi eftir það eingöngu eftir samningum milli atvinnurekenda og þeirra, sem kaup taka. Grunnkaupshækkanir einar gætu því aðeins komið til greina eftir þann tíma. Vegna óhagstæðra verðbreytinga, sem ég hef vikið að áður, var hins vegar sýnt, þegar á öndverðum þessum vetri, að hin lögboðna kauphækkun samkvæmt vísitölu mundi verða útflutningsframleiðslunni ofraun og ýta undir nýja verðbólgu í landinu. Þess vegna ákvað ríkisstj. og meiri hluti Alþ. að gera þá breytingu á gengisl., að kauphækkanir samkvæmt vísitölu skyldu ekki gilda lengur en fram í janúarmánuð og skyldi þá þegar taka við það ástand í kaupgjaldsmálum, sem að öðrum kosti hefði ekki hafizt fyrr en sex mánuðum síðar, í ágústmánuði, þ. e. að kaup skyldi ekki hækka, nema sérstakir samningar væru um það gerðir, en því verður að treysta, að í slíkum samningum sé að öllum jafnaði tekið skynsamlegt tillit til greiðslugetu framleiðslunnar á hverjum tíma, en slík sjónarmið eru á hverjum tíma jafnnauðsynleg til athugunar fyrir atvinnurekendur og launþega.

En jafnframt þessu varð nú um áramótin að taka tillit til þess, að gengisbreytingin hafði af ástæðum, sem ég hef áður nefnt, að svo stöddu ekki reynzt einhlít til að afnema rekstrarhalla bátaútvegsins, enda þótt vænta verði, að svo reynist, þegar frá líður. Það reyndist því óhjákvæmilegt að þessu sinni að gera enn sérstakar ráðstafanir, auk gengisbreytingarinnar, til að bæta hag bátaútgerðarinnar og hlutarsjómanna. Til bráðabirgða var útvegsmönnum hinn 24. jan. gefin yfirlýsing um, að slíkar ráðstafanir yrðu gerðar, og í dag hefur hæstv. atvmrh. af hálfu ríkisstj. skýrt frá því á Alþ., hverjar þessar ráðstafanir eru og á hvern hátt þær muni verka.

Tími minn leyfir ekki að lýsa, í hverju þessar ráðstafanir eru fólgnar, enda munu aðrir í þessum útvarpsumræðum skýra þær rækilega, svo að öllum útvarpshlustendum megi sem ljósast verða, hverjar breytingar eru í aðsigi varðandi þessi mál. Þó skal tekið fram:

Meginráðstafanir þessar eru á þá leið, að bátaútvegsmenn fá til umráða á þessu ári hálfan þann erlenda gjaldeyri, er fæst fyrir bátaafurðir, að undanteknu þorskalýsi, síld og síldarafurðum. Fyrir þennan gjaldeyri verða fluttar inn tilteknar vörutegundir, sem eru valdar þannig, að ekki sé um brýnustu nauðsynjar að ræða, en þó jafnframt sneitt hjá því að taka á þennan lista algerlegan óþarfavarning. Áætlað er, að það vörumagn, sem bátaútvegsmenn fá á þennan hátt leyfi til þess að flytja inn fyrir hálfan bátagjaldeyrinn, nemi um 15% af heildarinnflutningi til landsins. Vörur, sem fluttar verða inn á þennan hátt, verða ekki háðar verðlagseftirliti. Jafnframt þessu verða svo gerðar ráðstafanir til þess, að innflutningur helztu nauðsynjavara verði aukinn verulega, svo að vöruþurrð verði ekki, en hæfilegar birgðir af þessum vörum safnist saman. Er hér um stórkostlegt hagsmunamál alls almennings að ræða, þar sem þurrð á mörgum nauðsynjavörum hefur verið mikil undanfarin ár og bitnað mjög harkalega á alþýðu manna, meðal annars í sambandi við margs konar svartamarkaðsbrask, sem þróazt hefur í skjóli vöruþurrðarinnar.

Möguleikarnir til að gera þær tvenns konar ráðstafanir, sem hér er um að ræða og báðar munu hafa í för með sér allmikla aukningu innflutningsins, byggjast að nokkru á því, að gjaldeyrisástandið hefur farið batnandi undanfarna mánuði, en þó einkum á því, að Ísland hefur fengið fyrirheit um veruleg framlög til þessara ráðstafana hjá efnahagssamvinnustofnun Marshallríkjanna og vilyrði um framlag frá greiðslubandalagi Evrópu, en báðar þessar stofnanir vinna að því, sem kunnugt er, að viðskipti milli þjóða geti orðið meiri og frjálsari en verið hefur. Þessa mikilsverðu aðstoð og þau kjör, sem hún er veitt með, ber oss Íslendingum að þakka.

Ákvarðanir ríkisstj. varðandi þessi mál hafa dregizt nokkuð vegna þess, hve margþætt og umfangsmikil þessi mál eru, og tók alllangan tíma að ná samkomulagi um þau. Þess vegna hefur dregizt svo að skýra Alþingi frá þessu.

Hefði sú leið, sem hér hefur lauslega verið drepið á, reynzt ófær eða ekki hefði náðst samkomulag um hana, hefði orðið að leggja háa innflutningstolla á aðfluttar vörur til aðstoðar bátaútveginum, og hefðu slíkir tollar að sjálfsögðu leitt til mikillar verðhækkunar á þeim vörum, sem þeir voru lagðir á. Með þeim ráðstöfunum, sem nú hafa verið nefndar, er að því unnið af fremsta megni af hálfu ríkisstjórnar og meiri hluta Alþingis að tryggja hið nauðsynlega jafnvægi í atvinnulífi og fjármálum þjóðarinnar, koma í veg fyrir meiri eða minni stöðvun atvinnuveganna, sem þjóðin á líf sitt og afkomu undir, en jafnframt reynt að bæta úr þeirri vöntun, sem verið hefur á ýmsum erlendum nauðsynjavörum, og jafnframt leitazt við eftir megni að sporna við því, að atvinnuleysið læsi helgreipum sínum um þjóðina. Það er von mín, að þessar ráðstafanir geti borið góðan árangur, en ég vil taka það skýrt fram og leggja á það áherzlu, að þessum árangri er hægt að spilla eða jafnvel eyðileggja hann með öllu, ef tekin verður upp barátta fyrir ótímabærum kaupgjaldshækkunum, sem enginn grundvöllur er fyrir.

Ég get í þessu sambandi ekki látið hjá líða að benda á þann óvarfærnislega boðskap, sem stjórn Alþýðusambands Íslands hefur látið frá sér fara um þetta efni, þar sem hún hvetur til baráttu fyrir því, að sú regla verði á ný upp tekin að láta kaup breytast mánaðarlega eftir vísitölu. Hefur stjórn Alþýðusambandsins gengið svo langt í þessum efnum að hvetja öll verkalýðsfélög innan sinna vébanda til þess að segja upp kaup- og kjarasamningum miðað við 1. apríl n. k. Verði þessi leið farin, er hin háskalega og óheillavænlega kaupskrúfa með mánaðarlegum breytingum sett af stað á nýjan leik. Þess er að vænta, að verkalýðsfélögin hugsi sig vandlega um, áður en þau sinna þessu kalli Alþýðusambandsins. Hver kauphækkunaralda, sem yfir gengur, án þess að atvinnuvegirnir þoli það, hittir verkamennina sjálfa og kemur fram sem færri vinnustundir, þótt einhver hækkun á tímakaupinu fáist. Þetta sjónarmið verður hver verkamaður að athuga og gera upp við sig, er hann tekur örlagaríka ákvörðun um að segja upp gildandi samningum með það í huga að knýja fram hina mjög svo viðsjálu mánaðarlegu vísitöluskrúfu. — Það er furðulegt gáleysi af ábyrgum verkalýðsleiðtogum að láta sér detta slíkt í hug. Menn ættu að minnast þess, að á árinu 1947 viðurkenndi sjálfur formaður Alþfl., að áframhaldandi greiðslur samkvæmt vísitölu væru hættulegar, og myndaði hæstv. 8. landsk. (StJSt), formaður Alþfl., þá ríkisstj., sem beitti sér fyrir því að slíta tengslin milli vísitölu og kaupgjalds. Þessi fyrrv. hæstv. forsrh. getur ekki hafa gleymt þessu, og varla hefur hann heldur gleymt því, að hann settist árið 1939 í ríkisstj., sem taldi nauðsynlegt eins og á stóð að lækka gengi krónunnar og gerði það. Þessar staðreyndir ætti þessi hv. þm. og samherjar hans í stjórn Alþýðusambandsins að íhuga nánar, og þess er að vænta, að þeim, þegar á reynir, endist kjarkur til að fara eftir því, sem þeir hljóta að viðurkenna sem hið eina rétta í þessu máli.

Ég held, að það sé þýðingarlaust að mælast til þess við kommúnista að taka skynsamlegt tillit til framtíðarinnar í þessum málum frekar en öðrum. Í flestum eða öllum lýðræðislöndum eru flokkar kommúnista hrynjandi flokkar, sem ekki geta gert sér von um neina framtíð, nema þá helzt með hjálp útlendra innrásarmanna. Svo mun einnig reynast hér á landi. Flokkur kommúnista hér á landi veit, að svipuð örlög bíða hans og slíkir flokkar hljóta annars staðar, þar sem lýðræði ríkir. Þeir eiga enga samleið með lýðræðisflokkum, hugsa og álykta eftir allt öðrum leiðum og skáka sér því sjálfir algerlega úr leik. Þetta er hin sorglega staðreynd varðandi þann flokk. Þess vegna er ástæðulaust að taka til greina það, sem fulltrúar kommúnista segja í þessum umræðum, frekar en annars staðar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Það vakti nokkra undrun, að Alþfl. hefur leyst út tvo af gæðingum sínum, sem svo lengi hafa staðið bundnir inni, þá hv. 3. landsk. þm., Gylfa Þ. Gíslason, og hv. 6. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson. Þeim hefur nú verið lofað að viðra sig. Þeir höfðu nú nokkuð um sig eins og gengur við slík tækifæri. Þetta verður nú víst ekki misskilið af neinum. Og þegar þarf, verða þessir gæðingar handsamaðir á ný og bundnir á stallinn sinn, og þar verða þeir að dúsa, verður varla hleypt í vatn, þangað til óhætt er að láta þá viðra sig á ný, og svona gengur þetta í Alþfl.

Það væri ástæða til að minnast á nokkur atriði í ræðum þeirra hv. Alþfl.-manna, sem hér hafa talað, en tími minn mun nú ekki leyfa það að sinni. Þó get ég ekki látið hjá líða að svara tveimur eða þremur atriðum í ræðum þeirra, þar sem tíminn mun leyfa það.

Hv. þm. Hannibal Valdimarsson minntist á ummæli Framsfl. í húsnæðismálunum fyrir kosningar og aðgerðir þeirra eftir þær. Það var gott, að hv. þm. minntist einmitt á þetta mál. Það gefur sannarlega tilefni til að bera saman aðgerðir Framsfl. í þessum málum og aðgerðaleysi Alþfl. í þeim. Það voru framsóknarmenn, sem með þátttöku sinni í ríkisstj. komu því til leiðar, að 7 millj. af þeim gjaldeyrishagnaði, sem varð við gengisbreytinguna, var varið til byggingarsjóðs verkamannabústaða og til bæjarbygginga. Þetta var gert eftir að framsóknarmenn komu í ríkisstj. En meðan Alþfl. var í stjórn og fór með þessi mál, þá var þessum málum svo stjórnað, að þessir byggingarsjóðir voru algerlega þrotnir og ekkert var hægt að byggja. Þetta voru framkvæmdir Alþfl. í þessum málum. Þeir bókstaflega gengu af þessum byggingarsjóðum alþýðunnar dauðum. Svo koma þessir menn hér og þykjast hafa einhvern óskapa áhuga á því, að það sé byggt yfir alþýðu manna. Jú, þeir sýndu áhugann meðan þeir sátu í ríkisstj.

Þá minntist hv. þm. á verzlunarmálin og það, hvernig Framsfl. hefði gengið á bak orða sinna og væri nú að skapa tækifæri fyrir einstaka menn til að safna óhæfilegum verzlunargróða. Jú, Framsfl. þorir vel að bera saman afskipti sín af þeim málum, þar sem menn eiga þó að geta keypt vöruna á frjálsum markaði, við pólitík hinna tómu búða,

sem Alþfl. beitti sér fyrir meðan hann sat í ríkisstj. og beitir sér enn fyrir.

Þá minntist hann á gróða heildsalanna. Hvað gerði Alþfl. til þess að koma í veg fyrir hann? Jú, hann gerði bókstaflega ekki neitt. Þeir sátu saman í ríkisstj., og það var Framsfl., sem sleit því stjórnarsamstarfi til þess að reyna að koma í veg fyrir þennan gróða, en það var Alþfl., sem vildi halda honum áfram. Þá þótti Alþfl. gott að vera í stjórn með þessum sömu heildsölum og vildi ekki úr þeirri stjórn fara.

Það væri ástæða til að minnast á margt fleira í ræðum þessara hv. þm., en tími minn leyfir það ekki.

Framsfl. þorir að mæta Alþfl. hvar sem er. Honum hefur tekizt með þessu stjórnarsamstarfi að koma á heilbrigðari fjármálapólitík en áður var. Honum hefur tekizt að koma því til leiðar, að nú geta menn fljótlega fengið keyptar lífsnauðsynjar sínar á frjálsum markaði. En meðan Alþfl. var í ríkisstj. gerði hann bókstaflega ekki neitt, og síðan hann komst í stjórnarandstöðu, hleypur hann í kapp um ábyrgðarleysi við þann flokk, sem er svo ábyrgðarlaus, að allir telja hann óhæfan til samstarfs.

Langtímum saman hafa Íslendingar búið við hið mesta öngþveiti í fjárhags- og viðskiptamálum. Menn hafa fengið að kynnast vöruskorti og svartamarkaðinum, sem honum fylgir sem skugginn. Menn hafa orðið að þola stórkostlegt misrétti í dreifingu nauðsynjavara, sem gengið hefur furðu langt á undanförnum árum og bakað mönnum margvíslegt tjón. Sífelldar kauphækkanir, ýmist útmældar eftir vísitölu framfærslukostnaðar eða knúðar fram með framleiðslustöðvunum, hafa að minnsta kosti upp á síðkastið ekki megnað að bæta kjör launþega, þar sem þjóðartekjurnar hafa farið minnkandi. Við slíkar aðstæður er álíka líklegt, að almennar kauphækkanir bæti kjör manna og að takast mætti að auka næringarefni mjólkur með því að hella í hana vatni. Framleiðslan hefur verið ofhlaðin byrðum. Afleiðing þess hefur orðið minnkandi framleiðsla. Á hinn bóginn er eina raunhæfa leiðin út úr erfiðleikunum sú, að unna framleiðslunni góðrar afkomu, til þess að hún verði aðlaðandi starf og aukist í sem flestum greinum. Er það örlagadómur yfir Íslendingum kveðinn, að þeir skuli þess engan kost eiga að rífa sig upp úr feninu? Auðvitað ekki. Þetta er landsmönnum alveg í sjálfsvald sett. Þegar þar við bætist, að enginn hagnast á því í raun og veru að viðhalda vandræðaástandinu, en allir tapa sameiginlega vegna minni framleiðslu og þjóðartekna en ella, þá ætti ekki að skorta áhuga fyrir því að grafa fyrir rætur meinsins.

Hverjar eru þá rætur meinsins? Rætur meinsins eru þær, að sífellt er í umferð meðal landsmanna meira peningamagn en hægt er að mæta með þeim vörum, sem þjóðin getur keypt fyrir framleiðslu sína og fyrir það fé, sem hún hefur fengið af gjafaframlögum á undanförnum árum. Það eru í raun réttri sífellt gefnar út ávísanir á meiri verðmæti en fyrir hendi eru til skiptanna, gefnar út falskar ávísanir, sem enga raunverulega kaupgetu skapa, sem engum verður gagn að, en viðheldur dýrtíð og verðbólgu, vöruskorti, svörtum markaði og hvers konar misrétti, háum framleiðslukostnaði og framleiðslustöðvunum vegna misheppnaðra tilrauna til þess að flýja undan hækkuðum framfærslukostnaði. Þessar fölsku ávísanir, falska kaupgeta, verður því ekki neinum að gagni né til kjarabóta, en hún verður til þess að draga úr framleiðslunni og rýra lífskjör almennings.

Menn eru fyrir löngu orðnir dauðþreyttir á þessu ástandi og öllu því fargani banna og þýðingarlítils eftirlits, sem af því hefur leitt. Á hinn bóginn er alveg vonlaust, að komið verði á nauðsynlegum endurbótum í þessum efnum, nema menn almennt, þorri manna, geri sér ljóst, af hverju þetta öngþveiti stafar, þorri manna gerist reiðubúinn til þess að vinna að því að skera fyrir rætur meinsins og taka á sig þau óþægindi, sem því kunna að vera samfara í bili.

Undanfarið hefur margt orðið til þess að koma málefnum landsmanna í óvænt efni: mikill halli á ríkisbúskapnum, óeðlileg útlánaþensla bankanna, of ör fjárfesting og óheppileg og röng stefna í launa- og kaupgjaldsmálum, þar sem almennar kauphækkanir hafa verið framkvæmdar, án þess að þær hafi verið teknar af gróða á atvinnurekstri eða byggzt á framleiðsluaukningu. Menn verða að gera sér það ljóst, að út úr þessum ógöngum er ekki til nema ein leið. Sú, að koma á auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum, sem beztu samræmi á milli þess peningamagns, sem í umferð er, og framleiðsluverðmætisins og á hverjum tíma leggja þannig grundvöll að aukningu framleiðslunnar á öllum sviðum og bættum lífskjörum almennings, sem þá er hægt að ná með kauphækkunum, sem byggjast á hinni auknu framleiðslu. Fyrir síðustu alþingiskosningar lagði Framsfl. höfuðáherzlu á þetta sjónarmið. Þátttaka Framsfl. í núverandi stjórnarsamstarfi er ekki sízt miðuð við að vinna að framgangi þessarar stefnu.

Fyrsta skrefið, sem stigið hefur verið til aukins jafnvægis og aukinnar framleiðslu, var gengislækkunin. Án hennar var engin viðreisn hugsanleg, eins og komið var, þar sem þjóðinni var að blæða út fjárhagslega vegna ósamræmis, sem orðið var á milli verðlags hér og annars staðar og á milli framleiðslukostnaðar og afurðaverðs. Eina úrræðið, sem gat komið til greina í staðinn fyrir gengislækkun, var allsherjarniðurfærsla eða öllu heldur niðurskurður, en allir, sem það mál athuguðu ofan í kjölinn, töldu hana enn erfiðari í framkvæmd en gengislækkun og raunar óframkvæmanlega. — Næsta skrefið var að gera ráðstafanir til að rétta við hallann á ríkisbúskapnum. Fjárl. fyrir árið 1950 voru afgreidd með það fyrir augum, að því takmarki gæti orðið náð þegar á árinu 1950.

Þjóðin varð fyrir óvæntum áföllum á síðastliðnu ári, og þau hafa einnig sett sitt mark á rekstur ríkisins á þann veg, að einn höfuðtekjustofn ríkissjóðs brást verulega. Voru menn um hríð uggandi um, að þetta yrði til þess, að settu marki í þessu efni yrði ekki náð á þessu fyrsta starfsári ríkisstj. Betur hefur þó rætzt úr en á horfðist um tíma. Gjaldahlið fjárl. reyndist yfirleitt hafa verið varlega samin, og samtök tókust góð í ríkisstj. og meðal starfsmanna um framkvæmd þeirra. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri um afkomu ríkisins, sem flutt hefur verið á Alþ., reyndust tekjur á rekstrarreikningi um 297 millj., en voru áætlaðar

298 millj., og gjöld reyndust 263 millj., en voru áætluð 262 millj. Rekstrarafgangur reyndist 34 millj., en var áætlaður 36 millj. Niðurstaða inn- og útborgana á sjóðsreikningi var þannig, að greiðslujöfnuður náðist á árinu og skuldir þær, sem ríkissjóður stendur sjálfur straum af, lækkuðu um tæpar 13 millj. kr. Umframgreiðslur urðu litlar, og nokkrir fjárlagaliðir reyndust það varlega áætlaðir, að afgangur á þeim mætti þeim umframgreiðslum, sem urðu annars staðar. Þannig stóðust fjárl., þótt tekjur ríkissjóðs næðu tæplega áætlun.

Fjárlögin fyrir árið 1951 voru afgreidd nú á þessu þingi, og er það von þeirra, sem að afgreiðslunni stóðu, að greiðslujöfnuður náist einnig á þessu ári, enda er slíkt höfuðnauðsyn og frumskilyrði þess, að aðrar fjármálaráðstafanir, sem unnið er að, komi að gagni. Vænta menn, að tekjur séu svo varlega áætlaðar, að eigi bregðist, og ætlunin er að kappkosta, að útgjöld fari sem minnst fram úr áætlun. Ætlunin var sú að ná fullum greiðslujöfnuði án þess að leggja á nokkra tolla eða skatta til viðbótar þeim, sem fyrir voru, en sökum þess, hve viðskipti höfðu dregizt saman á árinu 1950 og reynslan þá bágborin um tollatekjurnar (verðtollinn), þótti ekki annað fært en að samþykkja á þessu þingi 9 millj. kr. tekjuauka til handa ríkissjóði, um leið og ákveðið var að greiða opinberum starfsmönnum launauppbætur á næsta ári miðað við vísitölu 123 stig. Þessi tekjuauki er þó ekki nema um 3% hækkun á tekjum ríkissjóðs, og þrátt fyrir hann eru tekjur ríkissjóðs á þessu ári áætlaðar sem næst hinar sömu og þær reyndust árið 1950. Þess ber að geta hér, að verðtollsviðaukinn var lækkaður í fyrra úr 65% í 45% og skattar lækkaðir á lágtekjum. Þegar á heildina er litið, hafa skattar til ríkissjóðs því ekki hækkað frá því að núv. ríkisstj. tók við. Greiðslujöfnuður hefur því náðst án nýrra skattahækkana, og kemur þar ýmislegt til. Ríkissjóður hefur losnað við stórfelldar greiðslur, sem áður hvíldu á honum, og er það vegna stefnu ríkisstj. í atvinnu- og fjárhagsmálum, gengisfellingarinnar og ráðstafana í sambandi við hana og í framhaldi af henni. Komið hefur verið í framkvæmd nokkrum sparnaði í rekstri ríkisins í kaupgjaldi og mannahaldi og með því að leggja niður taprekstur. Stjórnarflokkarnir hafa staðið fast saman um að bæta ekki nýjum útgjöldum á fjárl., nema í brýnustu nauðsyn, og þá ekki nema því aðeins, að sýnt þætti, að tekjur ríkissjóðs gætu staðið undir þeim. Öflug samtök hafa verið mynduð um fjárlagaafgreiðsluna og framkvæmd fjárl.

Samhliða þessum framkvæmdum varðandi fjárhag ríkisins voru á síðastliðnu ári gerðar ráðstafanir til þess að draga nokkuð úr heildarfjárfestingunni og færa hana til samræmis við það, sem þjóðin leggur til hliðar, sparar, af tekjum sínum árlega, en við það verður hún að miðast, að viðbættu því erlenda fjármagni, sem inn í landið flyzt. Samhliða þessu hafa bankarnir tekið upp varlegri útlánastefnu en áður, og er það enn eitt frumskilyrði þess, að úr rætist vandræðaástandi viðskipta- og fjárhagslífs, að bankarnir myndi ekki verðbólgu með lánveitingum sínum.

Við Íslendingar höfum fengið mikið Marshallfé, og gerði ég grein fyrir því, hvernig þau mál stóðu, þegar fjárl. voru lögð fram í vetur. Svo sem vera ber, hefur mótvirði gjafafjárins verið lagt upp í Landsbankanum í mótvirðissjóð, og eru nú í þeim sjóði um 127 millj. kr.

Allar þessar ráðstafanir miða að sama marki: að koma á auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum, gera kleift að losa um höft í viðskiptum, gera mögulegan innflutning nauðsynjavara, bæta þannig lífskjör almennings með bættri verzlun og þeirri örvun og aukningu framleiðslunnar, sem áreiðanlega siglir í kjölfar umbótanna í fjárhags- og viðskiptamálum. Árangur þessara ráðstafana hefur verið að koma í ljós nú upp á síðkastið og þó seinna en ella mundi vegna margvíslegra óhappa á síðastliðnu ári. Gjaldeyrisástandið hefur farið batnandi og ríkisstj. setti nokkrar helztu nauðsynjavörur á frílista á síðastliðnu ári, og hafa þær verið fluttar inn eftir þörfum síðan. Rétt fyrir jólin sá ríkisstj. sér fært að bæta á frílistann nokkrum nauðsynlegustu vefnaðarvörutegundum, einmitt þeim tegundum, sem sárast hefur skort og bagalegast undanfarið, mönnum til sárrar gremju og stórtjóns. Munu vörur þessar nú fara að koma til landsins á næstunni, og er ætlunin, að þær verði á boðstólum eftir þörfum. Þetta eru fyrstu merki þess, sem koma skal og komið getur, ef mönnum auðnast að fara skynsamlega að ráði sínu og stilla sig um að gera ráðstafanir, sem koma á aftur því ástandi, sem hér hefur ríkt, þar sem vinnandi menn gátu ekki árum saman fengið föt til þess að klæðast við starfið né skó á fætur sér, né húsmæður þýðingarmestu flíkur handa sér og börnum sínum, svo að dæmi séu nefnd um það, sem þjóðin hefur lengi búið við.

Ég hef reynt að lýsa með örfáum orðum því, sem hefur verið að gerast í fjárhags- og viðskiptalífi landsmanna síðan núv. ríkisstj. tók við, og aðeins drepið á, hvernig ástatt var. En áður en ég vík að þeim þýðingarmiklu viðbótarráðstöfunum, sem ríkisstj. í fullu samráði við þingmeirihluta þann, sem hún styðst við, er nú að framkvæma í fjárhags- og viðskiptamálum, mun ég fara nokkrum orðum um vandamál bátaútvegsins, sem mjög blandast inn í þessi mál og hafa nú verið leyst í sambandi við þau.

Vandamál bátaútvegsins, segja stjórnarandstæðingar, eru þau nú til enn þá? Átti ekki gengislækkunin að leysa þau? Er það ekki vottur þess, að hún hafi mistekizt, að hún hafi ekki náð tilgangi sínum, að eitthvað er til enn þá, sem heitir vandamál bátaútvegsins? Stjórnarandstæðingum er að vísu ekki of gott að stunda slíka orðaleiki og glettingar, ef þeim er það til einhverrar fróunar. Á hinn bóginn sýnir vandamál bátaútvegsins, eins og það liggur fyrir nú, ekki það, að gengislækkun hafi verið óþörf eða hægt hafi verið að komast hjá henni, þótt einhverjum sé sennilega ætlað að draga þær ályktanir af þessu skrafi. Hitt er sönnu nær, að vandamál bátaútvegsins er nokkuð örðugt viðfangs núna, en hefði orðið óleysanlegt með öllu fyrir nokkru, ef gengisbreyting hefði ekki átt sér stað.

Hvert er svo vandamál bátaútvegsins? Fiskverðið hefur haldizt það sama innanlands og það var fyrir gengislækkunina þangað til nú, að ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa beitt sér fyrir nýjum úrræðum. Ástæðan er sú, að fiskverð erlendis hefur lækkað á þýðingarmestu tegundum á þýðingarmestu mörkuðunum. Þess vegna bjuggu út-

vegsmenn og fiskimenn við 75 aura verð á hausuðum og slægðum fiski, eða með öðrum orðum hið sama verð og fyrir gengislækkun, og höfðu þó áður haft þau hlunnindi, að vátryggingargjöld voru greidd úr ríkissjóði. Raunverulegt verð til bátanna var því 85 aurar fyrir gengislækkunina, en 75 aurar nú, áður en nokkrar nýjar ráðstafanir voru gerðar. Sumir halda kannske, að dregið sé fé til bátaútgerðarinnar ófyrirsynju, og er það eins og gengur og gerist, að ýmsir hyggja auð í annars garði. Það verða menn hins vegar að skilja, að óhugsandi er, að bátaútvegurinn geti starfað við lægra fiskverð en var fyrir gengislækkun, þegar þess er gætt, að allt kaupgjald hefur hækkað um 23% síðan genginu var breytt og allar aðkeyptar nauðsynjar til útgerðarinnar um 74% að minnsta kosti og þó flestar miklu meira, þar sem verðhækkun hefur yfirleitt orðið erlendis á nauðsynjum til útgerðarinnar, í sumum dæmum stórfelld. Hér varð því að finna viðbótarúrræði til þess að bátaútvegurinn, sú framleiðslugrein, sem mestan erlendan gjaldeyri dregur í þjóðarbúið, gæti starfað af fjöri. Er mönnum hollt að minnast þess, að lítils virði verður sá pappír, sem menn skammta sér í laun og aðra greiðslu, ef framleiðslan gengur ekki.

Hér voru góð ráð dýr. Gengislækkun vildu menn komast hjá, þar sem almennar ástæður gerðu hana ekki knýjandi nauðsyn, og ábyrgð á föstu fiskverði vildu menn umfram allt forðast. Það fyrirkomulag hefur vægast sagt ekki verið hollt þjóðinni. Ýmsum, sem að útgerð standa, gæti ef til vill í fljótu bragði sýnzt, að sú leið væri hentug og færði útveginum nokkurt öryggi. En sé betur að gáð og skoðuð reynslan, þá sést, að sú leið var útveginum hættuleg vegna þeirra áhrifa, sem hún hlaut að hafa á vöruvöndun, sölukeppni, framleiðsluval og ýmis önnur þýðingarmestu atriði framleiðslunnar. Hér var því í rauninni aðeins um tvennt að velja: Annars vegar var styrkjaleiðin — uppbótaleiðin, sem hefði þá verið í því fólgin að afla milljónatuga með nýjum tollum og verja því til að greiða uppbætur á útfluttan fisk, án þess þó að ábyrgð væri tekin á föstu verði. Hefði þá orðið að greiða tiltekna fjárhæð á hvert kg af fiski. Hins vegar var sú leið, sem ríkisstj., í samráði við þann þingmeirihluta, sem hún styðst við, hefur ákveðið að fara, þ. e. að veita bátaútveginum réttindi til þess að kaupa tilteknar vörur fyrir 50% þess gjaldeyris, sem skilað er til bankanna fyrir útflutningsverðmæti bátaútvegsins, að frádregnum síldarafurðum og þorskalýsi. Það getur nú ekki orðið um það deilt, að aðra hvora þessa leið varð að fara, eða að minnsta kosti hefur í öllum þeim umræðum, sem um þetta mál hafa farið fram, ekki örlað á neinum öðrum uppástungum.

Það er stefna núv. ríkisstj. að komast hjá því að byggja undirstöðuatvinnurekstur landsmanna á styrkjum. Það er álit ríkisstj., að í lengstu lög beri að forðast þá skipun mála, að þeir, sem standa að sjálfri framleiðslunni og sækja verðmætin í djúp *hafsins eða skaut jarðar, þurfi að sækja endurgjald* þess, sem þeir framleiða, að verulegu leyti í sjóði þá, sem saman eru dregnir með skattgjaldi á borgarana. Slíkt fyrirkomulag er, þegar til lengdar lætur, líklegt til þess að rækta og rótfesta með þjóðinni misskilning, sem getur orðið henni dýrkeyptur, þann stórfellda misskilning, að þeir, sem leggja fram orku sína til þess að framleiða þau verðmæti, sem þjóðin byggir allt framfæri sitt á, séu styrkþegar á kosti hinna, sem hafa tekið að sér að sinna öðrum hlutverkum í þjóðfélaginu.

Eftir því sem þetta mál var krufið meira til mergjar í stjórnarflokkunum, varð sá ásetningur eindregnari að komast hjá því í lengstu lög að fara aftur inn á styrkja- eða uppbótaleiðina, en reyna heldur nýjar leiðir, gera ráðstafanir til þess, að bátaútvegurinn gæti fengið það, sem hann þarf fyrir framleiðslu sína, eftir viðskiptaleiðum, veita bátaútveginum rétt til þess að ráðstafa hluta af andvirði þeirrar framleiðslu, sem hann aflar, til kaupa á vissum vörutegundum, sem selja mætti frjálst og alveg óþvingað. Það fengi þannig að sýna sig, hvers virði hinum þjóðfélagsþegnunum væri í raun og veru sú framleiðsla, sem bátaflotinn færir á land.

Þá kom fleira til álita í þessu sambandi. Hvor leiðin var heppilegri fyrir alþýðu manna? Hvor aðferðin var líklegri til þess að hafa í för með sér minni verðhækkanir nauðsynja, minni hækkun á kostnaði við að framfleyta sér og sínum? Þótti þá sýnt, að sú leið, sem valin var, mundi einnig heppilegri frá þessu sjónarmiði. Til samanburðar má taka, að fyrir nokkrum árum var valin sú leið að leggja á almennan söluskatt til þess að greiða uppbætur á útfluttan fisk. Sá skattur var lagður á flestar brýnustu nauðsynjar ásamt öðrum vörum. Þá var Alþfl. þátttakandi í ríkisstjórn og átti sinn þátt í þeirri lausn og hafði síður en svo ágreining uppi. Það leikur ekki á tveim tungum, að slíkur söluskattur til uppbótagreiðslna hefði orðið mun þungbærari fyrir almenning en þær ráðstafanir, sem nú verða gerðar. Um þetta verður ekki deilt. Í þessu sambandi er réttast að athuga, hvaða vörur það eru, sem kaupa má fyrir hinn frjálsa gjaldeyri útvegsins. Þessar eru helztar:

I. Matvæli: Ávextir, nýir, þurrkaðir og niðursoðnir. Grænmeti nýtt, þurrkað og niðursoðið. Ávaxtasulta og saft. Sýróp og glykose. Krydd, ýmiss konar. Kornvörur í pökkum.

II. Vefnaðarvara og fatnaður: Tilbúinn ytri fatnaður. Vefnaður úr silki og gervisilki. Sokkar úr nylon, gervisilki o. þ. h. Hattar og húfur. Gólfteppi, dreglar og gólfmottur.

III. Byggingarvörur: Handlaugar, baðker o. þ. h. hreinlætistæki. Olíukyndingartæki. Saumur, skrúfur og boltar. Hurða- og gluggajárn, lásar, skrár, lamir. Gólfkork, vegg- og gólfflísar.

IV. Hreinlætisvörur. Sápur, alls konar. Þvottaduft og sápuspænir. Snyrtivörur, svo sem andlitsduft, smyrsl o. þ. h. Skó- og gólfáburður, fægilögur o. þ. h. vörur. Toiletpappír.

V. Rafmagnstæki: Ljósakrónur, stofulampar, vatnsþéttir lampar og vinnuljós. Alls konar rafmagnsheimilistæki, svo sem þvottavélar, ísskápar, hrærivélar, strauvélar, ryksugur, sem og önnur rafmagnsáhöld. Enn fremur rafmagnseldavélar og ofnar.

VI. Ýmsar vörur. Bifreiða- og flugvélavarahlutir, frostlögur. Reiðhjól og reiðhjólavarahlutir. Barnavagnar. Skrifstofu- og bókhaldsvélar. Vélar til tré- og járnsmíða. Blómlaukar, jólatré, hljóðfæri og músikvörur, úr, klukkur, silfur til smíða, ljósmyndavörur. Spil, peninga- og skjalaskápar.

Þetta eru þá helztu vörutegundirnar, sem um er

að ræða og vitanlega hækka í verði vegna þessara ráðstafana. Auðvitað eru ýmsar nauðsynlegar vörur meðal þeirra, sem kaupa má fyrir bátagjaldeyri, en langflestar nauðsynjavörur eru fyrir utan þetta, eins og bezt sést á því, að innflutningur þessara vara er áætlaður 15% af heildarinnflutningi. Engum dylst, að fyrir alþýðu manna er þetta úrræði mun hagfelldara en t. d. álagning söluskatts til uppbótagreiðslna.

Í þessu sambandi er rétt að leggja á það ríka áherzlu, að meðal þeirra vara, sem leyft er að kaupa fyrir bátagjaldeyrinn, er talsvert af vörum, sem að undanförnu hefur verið of lítið af í landinu og því hafa verið seldar á svörtum markaði með háu verði. Þar, sem svo stendur á, verður ekki verðhækkun. Í mörgum dæmum mun það gerast, að gróði sá, sem áður féll svartamarkaðsbraskaranum í skaut, mun nú ganga til þess að hækka fiskverðið. Þannig notast þessi ólöglegi gróði, sem áður var, til þess, sem mest ríður á, að bæta hag framleiðslunnar og örva hana, og þannig er hægt að komast hjá því að tolla nauðsynjarnar vegna erfiðleika útgerðarinnar.

Þá er einnig kostur við þetta úrræði, að þessar vörur eru leystar úr kvótakerfinu og innflutningur þeirra raunverulega gefinn frjáls fyrir útgerðargjaldeyrinn. Er það mikil bót frá því, sem verið hefur, þar sem einstaklingar og jafnvel heil byggðarlög hafa orðið að vera án ýmissa þessara vörutegunda undanfarið, hvað sem í boði hefur verið, vegna þess misréttis, sem ríkt hefur um skiptingu innflutningsins. Niðurstaðan verður því sú, að þessi lausn verður heilbrigðari fyrir útgerðina og léttbærari fyrir almenning.

Það skal greinilega tekið fram, að rétturinn til hins frjálsa gjaldeyris til vörukaupanna er réttur framleiðandans. Enginn getur tekið þann rétt af honum. Hann selur hann með fiskinum í innanlandsviðskiptum, ef honum sýnist og þykir heppilegra, en heldur honum til beinna afnota fyrir sig, ef honum þykir það betur henta sér. Ríkisstj. hefur fengið yfirlýsingu frá verðlagsráði Landssambandsins og stjórn þess um það, að þessar ráðstafanir muni mynda innanlandsverðlag á fiskinum, sem viðunandi sé, og að fiskkaup frystihúsa t. d. séu þegar hafin á þeim grundvelli, sem verðlagsráðið telur fullnægjandi fyrir útgerðina. — Það liggur í þessu fyrirkomulagi, að valdið yfir viðskiptunum er þar, sem valdið er yfir gjaldeyrinum. Það er flutt yfir til framleiðandans með þessum ráðstöfunum.

Stjórnarandstæðingar telja það víst skyldu sína að gera þetta tortryggilegt. Hv. 3. og 6. landsk. þm. Alþfl. voru mjög fullir vandlætingar út af fyrirhuguðu svartamarkaðsbraski, eins og þeir orðuðu það, og háskalegri verðhækkun á varningi til almennings. Þessir þm. hafa ekki, svo að ég muni, haft hátt út af svörtum markaði fyrr en nú, þótt hann hafi blómstrað hér við vit þeirra lengi. Þessir hv. þm. ættu ekki að sofa verr en áður, þegar þeir nú vita, að framvegis mun ólöglegur gróði svartamarkaðsbraskara á þýðingarmiklum varningi verða að löglegum ávinningi til stuðnings einni þýðingarmestu atvinnugrein landsmanna. — Um verðhækkun á nauðsynjum og álag á almenning finnst mér nægja að vísa til þess, sem ég áðan sagði um þessa leið og söluskattinn — leið Alþfl., og biðja hv. þm. að endurskoða ummæli sín í ljósi þess. Munu þeir þá fljótt sannfærast um, að þeim hefur yfirsézt.

Kommúnistar hafa undanfarið alltaf kennt eitt úrræði til bjargar útveginum: gefa gjaldeyrinn frjálsan útvegsmönnum, svo að þeir geti verzlað. Jafnframt hafa þeir sagt: Þetta fæst ekki fyrir ofurvaldi heildsalanna. — En svo þurfti þetta að henda. Útvegsmenn fá hluta af gjaldeyrinum frjálsan. Ja, hver skollinn! Flest kemur nú fyrir. Sjaldan er ein báran stök. Hvernig átti nú að að fara? Þetta var lítið léttara áfall en þegar kommúnistar í stríðinu þurftu að snúast á móti þýzku nazistunum í miðju kafi, af því að þeir réðust á Rússa. En þeir, sem hafa hlaupið á milli herbúða í heimsstyrjöld, láta sig ekki muna um lítið. Og nú höfum við það. Frjáls gjaldeyrir til útvegsins, sem öllu átti að bjarga, meðan þeir héldu, að slíkt kæmi ekki til mála, er nú blátt áfram orðinn til tjóns fyrir útveginn og almenning og eingöngu til þess fallinn að sópa gróða til heildsalanna. Eru kommúnistar svo blindir, að þeir sjái ekki, hvers konar grínleikur afstaða þeirra í þessu máli er nú orðin? Enginn mun hafa orðið var við, að verzlunarstéttin hefði áhuga fyrir þessu fyrirkomulagi, sem nú er upp tekið um innflutningsrétt bátaútvegsins, og er það tæplega láandi.

Ég vék áðan að ráðstöfunum ríkisstj. og þingmeirihlutans í atvinnu-, fjárhags- og viðskiptamálum og áhrifum þeirra, meðal annars þeim, að gjaldeyrisástandið væri betra en áður, ríkisstj. hefði á s. l. ári byrjað að losa um verzlunarhöftin og meira framboð nauðsynja væri nú að verða í landinu. Ríkisstj. hefur ákveðið að gera í framhaldi af þessu nýjar ráðstafanir til þess að auka framboð nauðsynjavara til neyzlu og framleiðslu, annaðhvort með því að gefa út nýjan stóran frílista eða með öðrum ráðstöfunum, sem koma að sama gagni, þannig að kvótakerfið hverfi úr sögunni, að því leyti sem eftirspurninni eftir þessum vörum verði fullnægt og eðlilegar verzlunarbirgðir geti myndazt.

Tvennt er það, sem gerir þessar framkvæmdir mögulegar. Aukið peningalegt jafnvægi í landinu, sem er árangur þeirrar stefnu, sem ríkisstj. hefur framfylgt undanfarið og nokkuð hefur verið lýst hér að framan, efnahagssamvinna þjóðanna í greiðslubandalagi Evrópu og Marshallaðstoðin. Marshallaðstoðin er fyrst og fremst miðuð við, að þjóðirnar geti rétt við fjárhagslega og staðið á eigin fótum, og samvinnan í greiðslubandalagi Evrópu, sem er í raun og veru hluti af Marshallsamstarfinu, á að vera til þess, að hver þjóð styðji aðra til aukins verzlunarfrelsis og aukinna viðskipta innbyrðis. Án stuðnings frá þessu samstarfi væri ekki mögulegt fyrir okkur að gera þær ráðstafanir í verzlunarmálum, sem ákveðnar hafa verið. Ástæðan er sú, að þótt vel miði áfram til peningalegs jafnvægis, þá má gera ráð fyrir, að komi birgðir vara eftir vöruhungur, þá eigi sér stað nokkuð óvenjuleg vörukaup, og þarf þá að hafa aðgang að gjaldeyrisvarasjóði, til þess að mæta þeim. Ríkisstj. hefur unnið að því undanfarið að tryggja sér þetta, í samvinnu við forráðamenn Marshallaðstoðarinnar og greiðslubandalag Evrópu. Er þeim málum nú þannig komið, að Íslendingar fá aukið Marshallframlag frá því, sem áður var

fyrirhugað, til stuðnings þessum nýju ráðstöfunum. Jafnframt höfum við fengið vilyrði fyrir nýju byrjunarframlagi, óafturkræfu framlagi frá greiðslubandalagi Evrópu, til stuðnings auknum innflutningi nauðsynja. Loks höfum við rétt til að notfæra yfirdráttarkvóta okkar hjá greiðslubandalagi Evrópu. En það er stefna stjórnarinnar að notfæra sér sem minnst þá leið, þótt til hennar gæti orðið gripið, ef stj. virðist það hyggilegt. Verðlag er yfirleitt hækkandi í heiminum, og því væri engin ástæða til þess að álíta það til tjóns, þótt nokkur yfirdráttarskuld myndaðist vegna nauðsynjainnkaupa, sem síðar yrði greidd með útflutningsvörum.

Nú er einstakt tækifæri til þess að ráða bót á ófremdarástandi því, sem verið hefur í verzlunarmálunum og allir eru orðnir dauðþreyttir á. Við eigum kost á framlögum annars staðar frá, beinum stuðningi, til þess að komast yfir byrjunarerfiðleikana. Það er ætlun ríkisstj., að aukinn innflutningur helztu nauðsynja fullnægi þörfum og eðlilegar birgðir þeirra myndist. Menn geta því gefið sér tóm til þess að athuga vel um innkaup sín. Eitt höfuðskilyrði þess, að vel takist, er einmitt það, að menn festi traust á því, sem verið er að gera, og hagi innkaupum sínum að öllu leyti eðlilega. Aukinn innflutningur nauðsynja mun leysa einstaklinga og raunar heil byggðarlög úr þeirri verzlunaránauð, sem menn hafa búið við undanfarið. Loks munu menn endurheimta langþráðan rétt sinn til þess að kaupa nauðsynjar sínar þar, sem þeir helzt kjósa. Svartamarkaðsbraski með þessar vörur verður komið fyrir kattarnef, og það er ekki hægt með neinu öðru móti. Misréttið, sem menn hafa átt við að búa undanfarið um vöruúthlutun, hverfur. Enginn þarf að knékrjúpa öðrum framar til þess að fá nauðsynjar sínar. Samkeppni myndast um vörugæði og vöruverð, en af því hafa menn haft lítið að segja undanfarið. Þessi samkeppni verður bezta verðlagseftirlitið. Verzlunarsamtök fólksins verða leyst úr fjötrunum, sem á þeim hafa legið undanfarið. Það mun reynast bezta tryggingin og eina tryggingin, sem nokkurs er virði, fyrir heilbrigðum viðskiptum og réttu verði. Þessi ráðstöfun mun í reyndinni verða sú drýgsta kjarabótaráðstöfun fyrir almenning, sem gerð hefur verið um langan tíma.

Jafnframt því, sem leggja ber réttmæta áherzlu á, hve stórfelldur ávinningur getur orðið fyrir almenning af framkvæmd þeirrar stefnu, sem nú hefur verið lýst, verður það aldrei nógsamlega brýnt fyrir mönnum, að því aðeins verður hægt að komast hjá því að lenda á nýjan leik í sams konar öngþveiti verðbólgu og vöruskorts, sem þjóðin hefur svo lengi reynt sér til mæðu og tjóns, að nógu margir hafi nú lært af reynslunni og gert sér grein fyrir því, hvers við þarf, til þess að hægt sé að komast hjá slíku. Í þessu sambandi er skylt að benda á, að þótt fullur greiðslujöfnuður náist á fjárl. ríkisins, þótt komizt verði hjá óeðlilegri lánaútþenslu bankanna, þótt fjárfestingunni verði stillt í hóf, þá mun það allt reynast ófullnægjandi til þess að forðast öngþveitið á ný, ef stefnan í kaupgjaldsmálum er ekki jafnframt miðuð við það að forðast verðbólgu og fjárhagslega upplausn og þær neyðarráðstafanir, sem því ástandi fylgir. Verði sú stefna ofan á í kaupgjaldsmálunum að loka augunum fyrir þessu og þeirri einföldu en þýðingarmiklu staðreynd, að launamenn geta aldrei haft annað en tjón af almennum kauphækkunum, sem ekki eru teknar af auknu framleiðsluverðmæti eða hagnaði á atvinnurekstri, þá leiðir það til þess, að þjóðin verður aftur knúin ofan í það fen, sem hún er að reyna að hefja sig upp úr, hversu skynsamlegar ráðstafanir sem gerðar eru að öðru leyti.

Það, sem Íslendingar þarfnast nú mest af öllu, er aukning framleiðslunnar á öllum sviðum, aukning þjóðarteknanna og aukning hinnar raunverulegu kaupgetu, sem getur veitt þjóðinni aukna velmegun. Til þess að þjóðinni megi auðnast að sækja fram til bættra lífskjara, þurfa menn að sameinast um að gefa tóm til þess, að þær ráðstafanir, sem nú er verið að gera, fái að sýna, hvað þær megna. Það fái að koma í ljós, hvort þær geta, ef ekki er gripið inn í og eyðilögð áhrif þeirra, orðið sá grundvöllur að viðreisn, sem formælendur þeirra telja öruggt að þær verði, ef þær fá að njóta sín í friði.

Þjóðartekjur Íslendinga hafa minnkað að undanförnu, og þess vegna hlaut nokkur lífskjararýrnun að eiga sér stað, annað var alveg óhugsandi. Fram hjá því var ekki hægt að komast og er ekki hægt að komast nema með aukinni framleiðslu. Höfuðmálið er að koma í veg fyrir atvinnuleysi og tryggja atvinnuna. Menn þurfa því að sameinast um að þola í bili nokkra lífskjaraskerðingu til þess að auka og efla framleiðsluna og forðast atvinnuleysi, undirbúa þannig nýja sókn fyrir bættum lífskjörum, og getur árangur orðið fyrr en margur hyggur, ef hyggilega er nú að farið. Uppbóta- og vísitölubjóðfélag það, sem við undanfarið höfum lifað í, hefur áreiðanlega ekki orðið okkur góður skóli. Samt sem áður væri það óafsakanlegt, ef við ekki stæðumst þá prófraun, sem við nú göngum undir. Við höfum tækifæri til viðreisnar, sem kannske kemur ekki aftur á næstunni. Við höfum öll skilyrði til þess að koma eðlilegri skipan á viðskipta- og fjárhagsmálin, auka framleiðsluna og bæta þannig hag almennings, en þessu tækifæri glötum við, ef nú hefst feigðarganga vísitöluskrúfu og nýrrar verðbólgu. Ég neita að trúa því, að þetta tækifæri verði eyðilagt og allt að engu gert, sem búið er að gera, til þess að þjóðin gæti átt þennan kost. Hins vegar er það sýnt, að þessu tækifæri glatar þjóðin, ef stjórnarandstæðingar koma fram vilja sínum. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að svo verði.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Hæstv. forsrh. sagði, að þeir hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, og hv. þm. Brynjólfur Bjarnason hefðu verið tvö ár í stjórn og lagt dyggilega grundvöllinn að núverandi örðugleikum þjóðarinnar. Ég ætla ekki að gera eldhús að hæstv. forsrh., né heldur ætla ég að verja allar gerðir nýsköpunarstjórnarinnar og sízt þeirra Brynjólfs Bjarnasonar og Áka Jakobssonar. En mér þykir óviðeigandi að jafnágætur maður og hæstv. forsrh. skuli ráðast á þessa tvo þm. einmitt fyrir það, sem þeir skást hafa gert. Og það vil ég segja hæstv. forsrh. í bezta bróðerni, að enn hefur engri ríkisstj. á Íslandi tekizt að tryggja betur hag þjóðarinnar en einmitt nýsköpunarstjórninni. Býð ég

honum svo á ný fulla sætt og legg til, að við reynum í sameiningu að gera núverandi stjórn nýsköpunarstjórninni meiri og fremri.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að hv. þm. Brynjólfi Bjarnasyni.

„Ef útflutningsverzlunin hefði verið gefin frjáls, hefði ekkert annað þurft að gera fyrir útveginn. Þess vegna báru sósíalistar fram frv. um að leysa böndin af útflutningsverzluninni," sagði hv. þm. Brynjólfur Bjarnason áðan. Onei, það var ekki þess vegna. Ástæðan til þess, að kommúnistar vilja nú ólmir fá sem mest frelsi til að verzla með útflutningsafurðir, er allt önnur. Ástæðan er sú, að kommúnistum mun hafa tekizt að tryggja það, að íslenzk stjórnarvöld nái ekki milliríkjasamningum við löndin austan járntjaldsins. Jafnframt mun kommúnistum hafa tekizt að tryggja eigin fyrirtækjum sínum sérréttindi til þess að selja íslenzkar vörur í þessum löndum. Kommúnistar munu hins vegar hafa rekið sig á, að samtök íslenzkra framleiðenda eru ekkert ginnkeypt fyrir því að gera framleiðsluvörur sínar að tekjulið kommúnista á Íslandi. Af þessu sprettur áhugi kommúnista á því að brjóta niður sölusamtök útvegsmanna, í þeirri von, að þá hrjóti einhverjir molar í þeirra flokkssjóð.

Ég tel útvegsmönnum nauðsyn að efla samtök sín og samsölu. En vilji útvegsmenn sjálfir hafa aðra skipan þeirra mála, mun ég ekki standa gegn því, heldur láta þá sjálfa ráða þessu mikla hagsmunamáli sínu.

Við, sem sæti eigum á Alþ., biuggumst ekki við að heyra neitt nýtt af vörum stjórnarandstæðinga hér í kvöld og erum þess vegna alls ekkert vonsviknir, þótt okkur hafi verið skammtaður sami grauturinn í sömu skálinni og venjulega. Við höfum heyrt þessar sömu staðhæfingar óteljandi sinnum áður, hrekium þær einstaka sinnum, en virðum þær að sjálfsögðu sjaldnast svars, svo að ekki eyðist óhóflegur tími í óhagnýtt karp. Hér mun þó þykja skylt að gera afvik frá venjunni vegna þeirra háttvirtu hlustenda, sem síður eru hnútunum kunnugir, og skal ég ekki víkjast undan þeirri skyldu. Vegna ýmissa staðhæfinga þeirra hv. 3. og hv. 6. landsk., tveggja Alþýðuflokksmanna, skulum við aðeins líta um öxl.

Sem kunnugt er lét stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar af völdum í desembermánuði 1949. Sú stjórn hafði neyðzt til þess að leggja 100 millj. kr. nýrra árlegra skatta á þjóðina. Greiðsluhalli ríkissjóðs hafði samt sem áður orðið um 60 millj. kr. á ári þrjú valdaár hennar. Og þrátt fyrir virðingarverða viðleitni til að stöðva kaupgjaldið í því skyni að hindra vöxt verðbólgunnar hafði það þó víðast hækkað um 20—30% og allt upp í 42%, en ákvæðisvinna hafði hækkað um 32—63%. Þegar hér var komið, báru svo útvegsmenn fram kröfur í árslok 1949 um aðstoð, er hefði þyngt skattabyrði almennings um 100 millj. kr. á ári, og var þá ekkert ætlað fyrir því verðfalli afurðanna, er síðar kom í ljós, né heldur til að leysa þarfir togaranna og síldarútvegsins. Við það bættist svo, að ef enn átti að halda áfram á sömu braut, varð ekki hjá því komizt að leggja á nýja skatta til þess að jafna áðurnefndan greiðsluhalla undanfarinna ára. Valið stóð því á milli þess að leggja um 200 millj. kr. nýja skatta á þjóðina eða leggja inn á nýjar leiðir í efnahagsmálunum.

Það var minnihlutastjórn Sjálfstfl., sem mynduð hafði verið í byrjun desembermánaðar 1949, sem hreppti það vandasama hlutskipti að höggva á hnútinn. Hún gerði sér ljóst, að þess var enginn kostur að leggja 200 millj. kr. nýja skatta á þjóðina, og eftir að hafa grannskoðað öll þau úrræði, er til greina gátu komið, kvað hún upp úr um það, að um ekkert væri að velja annað en gengisfellingu. Bjó hún þá út og lagði fyrir Alþingi frv. þess efnis, ásamt ýtarlegri grg., sem þeir dr. Benjamín Eiríksson og prófessor Ólafur Björnsson höfðu samið, en þessir tveir ágætu sérfræðingar á sviði hagfræðinnar höfðu, sem kunnugt er, verið ráðunautar stjórnar Sjálfstfl. í málinu, allt frá því hún tók við völdum.

Eftir að minnihlutastjórn Sjálfstfl. hafði lagt frumvarp sitt fyrir Alþingi, samþykkti þingið vantraust á hana. Sagði hún þá tafarlaust af sér, en síðan var núverandi stjórn mynduð. Höfuðstefna hennar var sú að samþykkja fyrr nefnt frv. sjálfstæðismanna með minni háttar breytingum, til þess með því móti að freista þess, að auðið yrði að gefa verzlun landsmanna frjálsa og að tryggja það, að aðalatvinnuvegir þjóðarinnar yrðu reknir styrkja- og hallalaust í meðaláferði, svo að með þessum hætti gæti skapazt jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar. Stj. hefur með einurð og festu fylgt yfirlýstri stefnu sinni. Á vegi hennar hafa orðið margvíslegir örðugleikar, sumir ófyrirsjáanlegir, svo sem aflabresturinn, verðfall afurðanna og langvarandi vinnustöðvanir. Hafa þessir atburðir leitt til þess, að enn hafa eigi fyllilega rætzt þær vonir, er við gengisfellinguna voru bundnar. Hefur þó margt breytzt til bóta frá því, sem áður var, svo að þeim, er bezt skil kunna á þessum málum, þykir sæmilega horfa, að fljótt muni úr rætast, ef óhöppum og sjálfskaparvítum fækkar.

Þá hefur stjórnarliðið afgreitt tvenn fjárlög með varfærni, einkum hin síðari, þ. e. a. s. fjárlög yfirstandandi árs. Mætti vel svo fara, að tekjuafgangur yrði ríflegur, ef sæmilega árar, en slík afgreiðsla fjárl. er, ásamt hóflegri útlánastarfsemi bankanna og þar af leiðandi takmarkaðri fjárfestingu, grundvallarskilyrði þess, að tekið verði fyrir myndun nýrrar dýrtíðar í landinu.

Gagnrýnin á ríkisstj. hefur nær eingöngu staðið í beinu eða óbeinu sambandi við gengislækkunina. En sú gagnrýni hefur verið máttlaus og raunar brosleg, einfaldlega vegna þess, að andstæðingarnir stóðu sjálfir ráðþrota og máttvana. Þeir áttu sér engin úrræði og voru jafnvel svo aumir, að þeir áttu sér heldur engar óskir aðrar en þær, ýmist að draga sig út úr stjórnmálunum eða að koma á sem allra mestum glundroða í því skyni að afla sér pólitísks fylgis með því. Vilji menn fá alveg ótvíræða sönnun um, að stjórnarandstæðingar stóðu uppi algerlega úrræðalausir og að gagnrýni þeirra gegn gengisfellingunni þess vegna er marklaus og alvörulaus hégómi, nægir að minna á, að enginn þeirra hefur bent á gjaldstofn, sem nægi fyrir einum tíunda hluta þess fjár, sem afla hefði þurft ríkissjóði, ef gengið hefði ekki verið fellt, hvað þá meira. En án skatta og án gengisbreytingar hefði fiskverðið orðið 40—45 aurar, eða minna en helm-

ingur þess verðs, sem allir þó nú viðurkenna að útgerðin þarfnist, ef eðlilegar vonir eiga að standa til hallalauss rekstrar. Svona augljósan sannleika þarf ekki að ræða, af því að allir skilja hann.

Án alls efa var stefnt rétt með gengislögunum. Á grundvelli þeirrar löggjafar verður byggt í efnahagsmálum þjóðarinnar í framtíðinni. Hitt er svo rétt, að lög þessi voru hvorki né eru allra meina bót. Vandinn á sviði efnahagsmálanna verður ekki levstur í eitt skipti fyrir öll. Stöðugt skapast ný viðfangsefni og vandamál, sem ævinlega þarf við að glíma og fram úr að ráða, eftir þeim leiðum, sem hverju sinni þykja líklegastar. En þetta raskar ekki því, að öll er málfærsla stjórnarandstæðinganna í þessum efnum svo aum, að hún er þeim sjálfum til minnkunar og móðgun við heilbrigða dómgreind þjóðarinnar.

Að sjálfsögðu hefur ríkisstj. þurft að fást við mörg vandamál. Það þurfa ríkisstjórnir allra landa ævinlega að gera og þá ekki sízt á þessum alvörutímum. Og auðvitað hefur aflaleysið, verkföllin, verðfall útflutningsafurðanna og hækkað verðlag aðkeyptra nauðsynja fremur aukið vandann en minnkað. Með elju hefur verið reynt að ráða fram úr örðugleikunum, og held ég, að það hafi tekizt eftir vonum. Nú síðast var glímt við vandamál bátaútvegsins, þar til loks var höggvið á þann hnút. Kann að vera, að einhverjum þyki sem nærri hafi verið vegið sínum hagsmunum. En hvort tveggja er, að ekki var kostur neins þess úrræðis, er öllum að óreyndu hefði fallið við og nægt hefði til að ýta bátunum úr vör, sem og hitt, að e. t. v. ofmeta menn sín eigin óþægindi af því, sem að var horfið.

Mér þykir hlýða að skýra þessi mál nokkru nánar, einnig vegna þess, að sem atvmrh. hef ég mest um þau fjallað fyrir hönd ríkisstj., þótt allar meiri háttar ákvarðanir í þeim sem öðrum stórmálum séu að sjálfsögðu teknar af allri stjórninni.

Ég þarf engar sönnur á það að færa, að eigi varð hjá því komizt að rétta hag bátaútvegsins með einum hætti eða öðrum, vegna þess að það viðurkenna allir. Ástæðan til þessa er fyrst og fremst sú, að aðkeyptar nauðsynjar útvegsins hafa hækkað geysilega í verði á erlendum markaði á síðasta ári, en fiskverðið hækkaði ekki á árinu 1950, heldur lækkaði. Sjá allir, að slíkt verzlunarárferði getur ekki stýrt góðri lukku. Ofan á þetta bættist svo sjötta síldarleysisárið fyrir Norðurlandi, en fjárhagur útvegsmanna, sem kunnugt er, löngu orðinn svo þröngur, að þeir geta ekki af eigin rammleik mætt slíkum áföllum. Það er auk þess staðreynd, sem eigi tjáir að dylja sig, hversu erfitt viðfangs sem það mál er, að hlutaskiptin á bátunum eru orðin slík, að varla er þess að vænta, að þorri bátanna beri sig á þorskveiðum, nema útgerðin fái annað tveggja, beinan styrk úr ríkissjóði til niðurgreiðslu á einhverjum þeim útgjöldum, sem hvíla á útgerðinni einni, eða þá hærra verð fyrir aflann en sjómenn telja sig þurfa eða gera kröfur til. Alþ. hefur þá einnig á undanförnum árum viðurkennt þetta sjónarmið í löggjöfinni um þessi efni.

Við þetta er svo því að bæta, að sjómenn hafa enga kauphækkun fengið á árinu 1950, en aðrar launastéttir í landinu yfirleitt 23% hækkun, eða sumar jafnvel eitthvað meira, og töldu þó margir, að sjómenn byggju við skarðan hlut fyrir, þótt þar um valdi að sönnu mest eða eingöngu aflaleysi. Vegna sjómanna varð því að hækka fiskverðið mikið frá fyrra árs verði, en auk þess þarf útgerðin, svo sem áður sagði, hærra verð, ef ekki á að stefna vísvitandi út í augljósa ófæru. Útvegsmenn hafa nú ákveðið að ábyrgjast sjómönnum 96 aura fyrir þorskkílóið, en 105 aura fyrir ýsu, miðað við slægðan fisk með haus. En í fyrra var eitt og sama verð fyrir þessar fisktegundir, þ. e. a. s. 75 aura kílóið, eða jafnvel lægra á stöku stað. Sé gert ráð fyrir, að hraðfrystihúsin og saltfiskkaupmenn geti og vilji greiða fyrir fiskinn sama verð og í fyrra, sem margir þeirra þó mæla gegn, hefði þurft um 300 millj. kr. úr ríkissjóði til að jafna þennan mismun, og er þá eftir að rétta hlut útvegsins, en útvegsmenn telja, að til þess mundi þurfa mikið fé.

Það, sem fyrir lá, var nú, eftir hvaða leiðum átti að aðstoða útveginn. Ég skal ekki ræða hér, hvort alþm. hefði verið geðþekkt að leggja enn nýja skatta á þjóðina, svo mörgum tugum millj. skipti, til þess að standa undir útgjöldum ríkissjóðs af beinum styrkjum til útvegsins. Hitt er víst, að útvegsmönnum og sjómönnum voru slík úrræði afar ógeðfelld. Þeir hafa, sem kunnugt er, tilhneigingu til að líta á sig sem eigendur þess gjaldeyris, sem þeir afla, og enda þótt færa megi rök með þeirri skoðun og móti, var ekki nema eðlilegt, að ríkisstj. leitaði fyrst og vandlegast að lausn vandans eftir þeim leiðum, sem þessum fjölmennu og nytsömu þjóðfélagsstéttum var geðþekkast, þ. e. a. s. með því að veita fiskframleiðendum fríðindi í sambandi við innflutning á vissum vörutegundum, sem keyptar verða fyrir nokkurn hluta þess gjaldeyris, sem fæst fyrir framleiðsluvöru bátaútvegsins. Ríkisstj. hefur nú tekizt að leysa málið á þessum grundvelli, og skal ég til frekari skýringar lesa hér upp þá yfirlýsingu, sem ég fyrir hönd ríkisstj. gaf á fundi í Sþ. í dag, varðandi þetta mál. Skýrsla ríkisstj. er svo hljóðandi:

„Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt, hafa staðið yfir viðræður frá því í októbermánuði s. l. milli umboðsmanna ríkisstj. annars vegar og umboðsmanna útvegsins hins vegar, varðandi úrræði til þess að leysa þann vanda, sem að útveginum hefur steðjað vegna þess, að frá því að gengislögin voru sett í marzmánuði s. l., hefur verðlag á aðkeyptum nauðsynjum útvegsins stórhækkað á erlendum markaði, en fiskverðið hefur hins vegar ekki hækkað á árinu 1950, heldur lækkað.

Það yrði of langt mál að rekja hér sögu þessara löngu samningaumleitana eða þeirra rannsókna á hag og afkomu útvegsins, sem framkvæmdar hafa verið af ríkisstj. hálfu, enda þykir nægilegt að skýra frá því, að 24. jan. s. l. skrifaði ríkisstj. LÍÚ bréf, þar sem m. a. segir, að í því skyni og að því tilskildu, að takast megi að skapa það verðlag á afurðum bátaflotans, að eigendur hans telji sér fært að hefja útgerðina tafarlaust, sé ríkisstjórnin reiðubúin til þess að veita bátaútveginum sérréttindi í sambandi við innflutning á nokkrum vörutegundum. Skyldu þessi fríðindi ná til vöru, sem keypt yrði fyrir hálft andvirði framleiðsluvöru bátaflotans, að undanskildu þorskalýsi, síld og síldarafurðum.

Ríkisstj. tók það fram, að þessi fyrirheit væru

því háð, að stj. tækist að fá til umráða nægjanlegan gjaldeyri, til þess að auðið yrði að auka til verulegra muna innflutning til landsins á mörgum öðrum vörum. Hafði stj. þá fyrst og fremst í huga nauðsynjar almennings og þar á meðal ýmsar þær vörur, sem skortur hefur verið á að undanförnu. Ætlaðist stjórnin til, að innflutningur þessara vörutegunda gæti orðið það mikill og frjáls, að hægt yrði að fullnægja eftirspurninni og einnig að safna nokkrum birgðum af þeim. — Loks hét stjórnin því, að ef ekki reyndist auðið að leysa vandamál bátaútvegsins með þessum hætti, mundi hún beita sér fyrir annarri lausn málsins. — Landssambandið brást mjög vel við þessu bréfi og skoraði á meðlimi sína að hefja tafarlaust veiðar. Gerðu menn það yfirleitt, aðrir en þeir, sem áttu í kaupdeilu, en þeir voru, sem kunnugt er, allmargir. Má því segja, að enga verulega stöðvun á rekstri bátanna hafi leitt af leit að úrræðum í þessu mikla vandamáli.

Eins og áður greinir, var það frumskilyrði þess, að ríkisstj. teldi sér fært að hníga að þeim ráðstöfunum bátaútvegsins til framdráttar, sem um ræðir í nefndu bréfi, að henni tækist að tryggja nægilegt fé til stóraukins innflutnings á nauðsynjavörum til landsins. Hafa gengið miklar sagnir og mjög ýktar og villandi um, að ríkisstj. hefði í huga að taka stórlán erlendis, jafnvel 200—300 millj. kr. Hefur það og verið óspart látið í veðri vaka, að fyrir stj. vekti helzt að auka sem mest innflutning á óþarfri vöru. Allt er þetta mikill misskilningur. Hið sanna í málinu er þetta:

Aðstaða íslenzkra banka erlendis hefur batnað síðasta hálfa árið. Er þessi batnandi aðstaða út á við í samræmi við vonir þeirra manna, sem stóðu að gengisfellingunni og stefnu ríkisstj. í fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar. Þessa bættu aðstöðu Íslands erlendis taldi ríkisstj. og ráðunautar hennar þó hvergi nærri traustan grundvöll undir stórvægilegri aukningu innflutnings á nauðsynjavörum, og var þess vegna álitið óhjákvæmilegt að leita annarra úrræða til frekara öryggis. Ríkisstj. sneri sér í því sambandi til ECA-stofnunarinnar í Washington og óskaði aðstoðar hennar í málinu. Niðurstaða þeirrar málaleitunar liggur nú fyrir þannig, að tekizt hefur að fá loforð um stóraukið beint framlag af Marshallfé á þessu ári. Enn fremur hefur ríkisstj. fengið vilyrði Bandaríkjanna um aukið framlag í Evrópugjaldeyri, sem greiðslubandalag Evrópu mundi þá inna af hendi. Loks hefur svo Ísland, svo sem kunnugt er, rétt til yfirdráttar hjá greiðslubandalagi Evrópu, sem hægt er að notfæra sér, ef ríkisstj. telur það nauðsynlegt og ráðlegt. Fær Ísland þannig til umráða mikinn erlendan gjaldeyri því til tryggingar, að hægt verði að auka til verulegra muna vöruinnflutning til landsins. Er þá tryggður sá kjarni málsins, að stóraukinn verður innflutningur nauðsynja til landsins með auknu verzlunarfrelsi, öllum almenningi til verulegra hagsbóta, þótt enn sé ekki fastákveðin endanleg skipun þessara mála.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því, að megintilgangur Marshallhjálparinnar er sá, að skapa þeim þjóðum, sem hennar njóta, skilyrði til sjálfsbjargar með því fyrst og fremst að gera þeim kleift að efla atvinnurekstur sinn og koma honum á heilbrigðan grundvöll, til þess þannig að bæta afkomuskilyrði almennings. Hins vegar er ekki ætlað, að bein fjárframlög verði varanleg. Verður því að viðurkenna, að þessi framlög, þó að góð séu og af góðhug í té látin, munu reynast Íslandi lítils virði, ef þjóðin kann ekki fótum sínum forráð, en lætur glepja sér sýn og ginnast inn á háskabraut kaupstyrjaldar, sem að óbreyttum kringumstæðum hlýtur að verða almenningi til bölvunar.

Þar sem nú þannig ríkisstj. telur sig fá til umráða nægjanlegan erlendan gjaldeyri til fullnægingar þeim skilyrðum, sem hún í öndverðu setti fyrir því, að bátaútvegsmenn gætu öðlazt þau fríðindi, sem þeim með fyrr nefndu bréfi var heitið, hafa þeir nú, samkvæmt fyrirheiti bréfsins, öðlazt þessi fríðindi. Er bátaútveginum ætlað að hagnast á innflutningi sérstakra vörutegunda eða á sölu á innflutningsskírteinum sínum á þessum vörum. Hefur verið saminn sérstakur listi yfir þær og leitazt við að velja vörurnar þannig, að þær séu út af fyrir sig öllum æskilegar, en þó hefur verið reynt að sneiða hjá höfuðnauðsynjum almennings. Til kaupa á þessum vörum er ekki ætlazt til að varið verði öðrum gjaldeyri, að undanskildum þó sjómannagjaldeyrinum. Ríkisstj. áskilur sér samt sem áður rétt til þess að víkja frá því ákvæði, ef hún telur nauðsynlegt vegna breyttra aðstæðna. Vörur þær, sem inn verða fluttar gegn þessum skírteinum, verða ekki háðar verðlagseftirliti.

Þessu samkomulagi við útvegsmenn er ætlað að ná til framleiðslu ársins 1951. Hefur ríkisstj. engin fyrirheit gefið um, að það verði framlengt. Þvert á móti er það eindreginn ásetningur stj. að afnema þessa skipan svo skjótt sem auðið er, og vonar hún fastlega, að það megi takast, þegar nefndu samningstímabili lýkur.

Rétt þykir að skýra frá því, að þessi skipan hefur verið borin undir og samþykkt af stjórn alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en eins og menn vita, eru Íslendingar aðilar að sjóðnum.

Sérfræðingar stj. og útvegsmanna eru nú að ljúka við að semja reglur um framkvæmd þessa samkomulags, og verða þær mjög bráðlega birtar, ásamt lista yfir þær vörur, sem flytja má inn samkvæmt áður nefndum innflutningsskírteinum."

Hér lýkur skýrslu stjórnarinnar.

Til frekari skýringar vil ég nú leyfa mér að nefna nokkrar vörutegundir, sem verða á hinum skilorðsbundna frílista, bátalistanum svo nefnda:

Matvæli: Ávextir, nýir, þurrkaðir og niðursoðnir. Grænmeti, nýtt, þurrkað og niðursoðið. Ávaxtasulta og saft. Sýróp og glykose. Krydd ýmiss konar. Kornvörur í pökkum.

Vefnaðarvara og fatnaður: Tilbúinn fatnaður. Vefnaður úr silki og gervisilki. Sokkar úr nylon, gervisilki o. þ. h. Hattar og húfur. Gólfteppi, dreglar og gólfmottur.

Byggingarvörur: Handlaugar, baðker o. þ. h. hreinlætistæki. Olíukyndingartæki. Saumur, skrúfur og boltar. Hurða- og gluggajárn, lásar, skrár, lamir. Gólfkork, vegg- og gólfflísar.

Hreinlætisvörur: Sápur, alls konar. Þvottaduft og sápuspænir. Snyrtivörur, svo sem andlitsduft, smyrsl o. þ. h. Skó- og gólfáburður, fægilögur o. þ. h. vörur. Toiletpappír.

Rafmagnsvörur: Ljósakrónur, stofulampar, vatnsþéttir lampar og vinnuljós. Alls konar rafmagns-

heimilistæki, svo sem þvottavélar, ísskápar, hrærivélar, strauvélar, ryksugur, svo og önnur rafmagnsbúsáhöld. Enn fremur rafmagnseldavélar og ofnar.

Ýmsar vörur: Bifreiða- og flugvélavarahlutir, frostlögur. Reiðhjól og reiðhjólavarahlutir. Barnavagnar. Skrifstofu- og bókhaldsvélar. Vélar til tré- og járnsmíða. Blómlaukar, jólatré, hljóðfæri og músikvörur, úr, klukkur, silfur til smíða, ljósmyndavörur og íþróttavörur, spil, peninga- og skjalaskápar, rakvélar og rakvélablöð.

Af þessum vörum er ætlazt til að heimilt verði að kaupa eftirtaldar vörur gegn greiðslu í dollurum eða EPU-gjaldeyri, eftir því sem kaupandinn óskar:

Kornvörur í pökkum. Rafmagnskerti og rafútbúnað í bifreiðar. Snjókeðjur. Bifreiðahreyfla og aðra varahluti í bifreiðar. Flugvélamótora og varahluti. Frostlög og bremsuvökva. Sýróp og glykoce. Olíukyndingartæki. Skrifstofu- og bókhaldsvélar.

Allmikið hefur verið deilt á ríkisstj. fyrir þessar ráðstafanir, rétt eins og gerist og gengur. Verður að meta vilja stjórnarandstöðunnar fyrir verkið, því að aðstaðan til árása er erfið og geta þess vegna lítil. Það er aldrei sterk vígstaða að verða að viðurkenna, að brýn þörf sé nýrra úrræða til bjargar höfuðatvinnurekstri þjóðarinnar, ráðast svo á það, sem gert er, en hafa sjálfur ekkert jákvætt til málanna að leggja. Er því aðstaða stjórnarandstöðunnar í þessu velferðarmáli sjómanna og útvegsmanna og allra þeirra þúsunda og tugþúsunda Íslendinga, sem framfæri sitt hafa af bátaútveginum beint og óbeint, sannarlega bágborin.

Ef til vill er alvöruleysi stjórnarandstæðinga gert of hátt undir höfði með því að fara fleiri orðum um þetta mál. Samt sem áður þykir mér rétt að bæta nokkru við.

Kostir þeirra úrræða, sem til hefur verið gripið, eru fyrst og fremst þeir, að með þeim tókst að höggva á hnútinn. Vélbátarnir, sem legið höfðu í höfn, hófu veiðar. Í stað hins lamandi atvinnuleysis kom hið lifandi starf. Í stað skorts kom björg í bú þúsundanna. Valin var sú leiðin, sem sjómönnum og útvegsmönnum var geðþekkust, og loks voru engin önnur úrræði fyrir hendi, sem ekki fólu í sér stærri ágalla og fleiri ásteytingarsteina en sú leið, sem farin var. Má í því sambandi minna á fiskábyrgðina sælu, sem nýsköpunarstjórnin beitti sér fyrir í árslok 1946, með sérlega einlægum stuðningi kommúnistanna. Já, kommúnistarnir gátu verið einlægir á sínum duggarabandsárum, þótt sjaldan væru þeir ráðhollir. Þessi óheillaleið hlaut fylgi allra flokka, því að þá lét Framsfl. ekki standa á fylgi sínu við nýsköpunarstjórnina, þótt hann annars hefði enga ofurást á henni. Ég játa fúslega, að úr vöndu var að ráða í árslok 1946. Útgerðin hafði þá um langt árabil búið við ábyrgðarverð að því leyti, að ríkið seldi afurðirnar fyrir fram og menn áttu að vísu að ganga um flest annað en aflafenginn. Nú hafði þessum grundvelli snögglega verið kippt undan fótum útvegsins. Bátaútvegsmenn voru misjafnlega stæðir og treystust því ekki til að bæta áhættu verðlagsins ofan á misæri og aflabrest. Hins vegar höfðu margir aðrir efnazt vel og almenningur allur orðinn svo vel stæður, að auðvelt var að afla ríkissjóði tekna, ef með þyrfti. Frá þessu sjónarmiði þótti rétt að dreifa verðlagsáhættu þessa atvinnurekstrar á alla þjóðfélagsþegnana, enda áttu þeir allir mikið undir því, að hann stöðvaðist ekki. Þó var í öndverðu ekki ætlað, að ábyrgðir héldust til langframa, og skýrt tekið fram af þeim, sem fluttu málið, að ef ríkissjóður skaðaðist á ábyrgðinni, yrði a. m. k. að færa framleiðslukostnað niður, sem því næmi, ef til endurnýjunar kæmi. Síðar var þetta allt að engu haft, svo sem menn vita.

En enda þótt að þessum sjónarmiðum megi þannig færa allsterk rök, tjáir þó ekki að mæla því í gegn, að lagt var út á varhugaverða braut, það hefur reynslan sannað. Með þessu móti sagði Alþ. við útvegsmenn: „Þið skuluð bara hugsa um að afla, en við þurfið hins vegar ekkert að hugsa um vörugæðin, fremur en ykkur hentar. Og afurðirnar megið þið selja eins aulalega og verkast vill, ríkissjóður borgar.“ Þetta gat varla góðri lukku stýrt og gerði það heldur ekki. Reynslan hefur sannað svo áþreifanlega ókosti þessara úrræða, að mig stórfurðaði, þegar ég heyrði hv. 3. landsk. (GÞG) lýsa því yfir sem stefnumáli Alþfl. að hverfa að fiskábyrgðinni á nýjan leik, eftir að núv. ríkisstj. tókst með gengisl. að létta þessum bagga af ríkissjóði og forða þjóðinni frá þeim örlögum, sem hennar hlutu að bíða, ef sjálfsbjargarviðleitnin og ábyrgðartilfinningin var til langframa að engu gerð í höfuðatvinnurekstri landsmanna. Allar yfirsjónir eru mannlegar. En sá, sem ekkert lærir af annarra og allra sízt þjóðarreynslunni, á ekki að vera að fást við að stýra málefnum heildarinnar. Miklu skárra og skaðminna hefði að sönnu verið að greiða vissar uppbætur á hvert fiskkíló, er á land var dregið, en láta útvegsmenn eftir sem áður eiga allt sitt undir vöruvöndun, dugnaði og fyrirhyggju í afurðasölunni og öðru slíku. En enn hef ég þó engan heyrt fallast á að leggja 40—50 millj. kr. nýja skatta á þjóðina í þessu skyni. Þessi leið, ef farin hefði verið, gat auk þess haft mjög hættulegar afleiðingar, sem ég ræði ekki að sinni. Fleiri úrræða var ekki völ, svo að mér sé kunnugt um.

Það hefur óspart verið reynt að sverta þessi bjargráð, og má vel vera, að þau reynist verr en þeir ætla, sem að þeim standa, og sjá menn þó á þeim ýmsa galla og örðugleika í framkvæmdinni. En eins og málið í heild blasir við þjóðinni, verður þó höfuðsjónarmiðið, auk þess að aflétt hefur verið stöðvun bátaflotans, að stóraukinn verður innflutningur til landsins á mjög mörgum nauðsynjavörum. En auk þess leiðir það af fríðindum sjávarútvegsins, að almenningi gefst nú kostur á að kaupa ýmsar vörur, sem hann fram að þessu hefur vanhagað um og saknað mikið. Og séu sagnirnar um svartamarkaðsbraskið ekki algerlega staðlausir stafir, þá ætti verðlag á þeim vörum ekki að hækka, heldur þvert á móti að lækka, a. m. k. hvað ýmsar þær tegundir áhrærir, sem almenningur áður aðeins hefur átt kost á að kaupa á þessum svarta markaði.

Rætist þær vonir, sem við þessa lausn málsins eru tengdar, verða þessi bjargráð þess vegna eigi aðeins útveginum til framdráttar, heldur einnig og engu síður öllum almenningi, sem um langt skeið hefur ýmist búið við vöruskort eða óhóflegt verð á ýmsum vörum. Hið aukna verzlunarfrelsi og stóraukinn innflutningur nauðsynja bætir úr

vöruskorti og lækkar verðlag og er því mikilvægt hagsmunamál alls almennings í landinu.

Menn mega ekki gleyma því, að útvegsmenn geta ekki selt innflutningsskírteini sín við hvaða verði sem þeim þóknast. Verðið ákveðst ekki heldur eingöngu af kaupgetu þjóðarinnar, heldur einnig og engu síður af kaupviljanum. Hækki verð þeirrar vöru, sem inn er flutt samkvæmt þeim skírteinum, óeðlilega, samanborið við þau 85% af þörfum þjóðarinnar, sem inn verða flutt án þeirra, neita menn sér um dýru vöruna, en kaupa hina. Með því stöðvast sala skírteinanna, sem að sjálfsögðu aftur leiðir til verðfalls á þeim. Þetta vita útvegsmenn mætavel, m. a. frá umræðum málsins við ríkisstjórnina.

Það er þess vegna of snemmt fyrir stjórnarandstæðinga að fagna óvinsældum þessara úrræða. Enn er a. m. k. óséð, hvort þau reynast baggi eða léttir, a. m. k. þeim hluta þjóðarinnar, sem neitar sér um það, sem miður er nauðsynlegt. Og hitt er víst og áreiðanlegt, að fyrir allan almenning er þessi leið, sem farin hefur verið, miklu aðgengilegri og léttbærari en að taka á sig milljónatugi nýrra skatta, sem ella hefði með þurft, til þess að hindra þá þjóðarógæfu, sem leitt hefði af stöðvun bátaútvegsins.

Alveg sérstaka rækt hefur stjórnarandstaðan lagt við það að sýna verzlunarstéttinni, hversu grátt hún sé leikin með þessum aðgerðum. Ég er ekki alveg viss um, að allir kaupsýslumenn verði sammála um það. Flestir þeirra munu áreiðanlega fagna því að geta nú þjónað hagsmunum sínum og heildarinnar í senn, er þeim með auknu verzlunarfrelsi gefst færi á að neyta hagsýni sinnar, hygginda og atorku. En annars hafa hvorki kommúnistar né Alþýðuflokksmenn fram að þessu þótzt vera sérstakir málsvarar þessara manna, þó að þeim nú allt í einu, þegar á hólminn kemur, renni blóð til skyldunnar, hvað einhverja þeirra áhrærir, hvernig sem á því kann að standa. En sleppum því. Flestir kaupsýslumenn og þá ekki sízt þeir, sem oftast hafa gengið bónleiðir til búðar, — þeir, sem vanastir eru eyðublöðum fjárhagsráðs, sem á stendur „beiðni yðar er synjað", fagna stórauknum innflutningi og mikilli raunhæfri rýmkun hins langþráða verzlunarfrelsis. Og þeir verða líka ófáir, sem gráta þurrum tárum, þótt þeir missi af ánægjunni af að sitja daglega í biðstofu valdhafanna, úr því að þeir geta nú flutt inn margvíslega vöru, sem ýmist hefur aðeins fengizt á svörtum markaði eða þeim sjálfum hefur a. m. k. án allrar undantekningar verið synjað um innflutningsleyfi fyrir, með því að kaupa innflutningsskírteini af einhverjum útvegsmannanna eða í þeirri samsölu, sem útvegsmenn sennilega stofnsetja til að sjá um trygga sölu skírteinanna við skynsamlegu verði.

Ég endurtek: Það er of snemmt fyrir andstæðinga að hrósa sigri yfir því, að bjargræðin, sjómönnum, útvegsmönnum, verkamönnum og raunar öllum þorra landsmanna til handa, verði óvinsæl.

Annars hef ég enga tilhneigingu til að fegra þessi úrræði. Þau eru þó án alls efa margfalt skárri en fiskábyrgðin gamla. Í rauninni eru þau líka gömul, og vil ég vegna yfirlýsingar hv. 3. landsk. þm., Gylfa Þ. Gíslasonar, og Hannibals Valdimarssonar á því, hversu vítaverðar þessar ráðstafanir séu, víkja nokkru nánar að þessu.

Það er sem sé aðeins verið að endurlífga hrognapeningana svo kölluðu. Þó geta menn treyst því, að skóli reynslunnar hafi nú sorfið agnúana af framkvæmdinni, enda var þess ekki vanþörf, jafnhörmulega og sú framkvæmd fór úr hendi. Hrognapeningarnir voru nefnilega réttur útvegsmönnum til handa til þess að flytja inn vissar vörur með stórauknu álagi og selja þessi innflutningsleyfi sérhverjum hæstbjóðanda, sem þeim sýndist, þ. e. a. s. nákvæmlega sami réttur sem útvegsmenn nú öðlast, með þeim skilsmun, að sú heimild, sem útvegsmenn þá fengu til álags á gjaldeyrinn, var í reyndinni full trygging fyrir sölu gjaldeyrisins með því álagi, en slíka tryggingu fá útvegsmenn nú ekki, og þá var þessi réttur fenginn millilíðunum, sem prófessorinn var að fordæma, en nú er þessi réttur afhentur fiskframleiðendunum.

Nú þætti kannske einhverjum háttvirtum hlustanda fróðlegt að vera minntur á, hvaða stjórn og hvaða ráðherra veitti útvegsmönnum fríðindi hinna svo nefndu hrognapeninga. Einkum mun lesendur Alþýðublaðsins fýsa að sjá dólgana dregna fyrir lög og dóm og væntanlega helzt hengda að leikslokum, svo skilmerkilega sem Alþýðublaðið hefur að undanförnu lýst arftaka hrognapeninganna, þ. e. a. s. úrræðum þeim, sem nú á að beita. „Hér hefur verið farin sú leiðin, sem háskalegust er." „Stjórnin hefur selt verzlun landsmanna á leigu, svipað og Danakonungar fyrr á öldum." „Búið er að færa bölvun hinnar gömlu einokunar yfir þjóðina að nýju," o. s. frv., svo að nokkur spakmæli blaðsins séu tilgreind. Ég skal ekki halda mönnum of lengi í spenningi þessarar getraunar né heldur heita útvarpshlustendum verðlaunum fyrir rétta ráðningu. Hefði þó sannarlega sá, er rétt getur, verðskuldað að eignast eina af hinum nýju bókum, sem nefnast „Hvað vill Alþýðuflokkurinn", í verðlaun. Það var nefnilega einmitt þetta, sem Alþfl. vildi. Það var sem sé „fyrsta stjórn Alþfl." á Íslandi, stjórn Stefáns Jóhanns Stefánssonar, sem gat af sér hrognapeningana svo kölluðu, sem nú aftur hafa getið af sér innflutningsskírteinin, þ. e. a. s. þá lausn, sem nú á að beita. Og það var ráðherra Alþfl., Emil Jónsson, sem um það gaf út reglurnar. Þá vita menn a. m. k., hvað Alþfl. vildi, þegar hann var í stjórn. Hvað hann svo vill í dag eða á morgun, það er aftur á móti sönn verðlaunaráðgáta. Annars vil ég geta þess, að ég nefni nafn Emils Jónssonar eingöngu vegna þess, að sem ráðherra bar hann ábyrgð á hrognagjaldeyrinum. Hins vegar var öll þáv. ríkisstj. og a. m. k. ýmsir okkar, sem hana studdum, meðábyrgir í þessum efnum og berum engan kinnroða fyrir, fremur en við, sem stöndum nú að þessum ráðstöfunum, sem er beint en stórkostlega endurbætt framhald af ráðstöfunum fyrrv. stjórnar, berum kinnroða fyrir það, sem við nú erum að gera. Er líka full ástæða til að ætla, að svo miklu betri sem hrognapeningar fyrstu stjórnar Alþfl. reyndust þjóðinni en hin gamla einokun Danakonunga, svo miklu betri muni og innflutningsskírteini núv. ríkisstj. reynast hrognapeningum stjórnar Stefáns Jóhanns Stefánssonar.

Ég vil svo, áður en ég skil við þetta mál, að

gefnu tilefni lýsa það staðlausa stafi, að þessar ráðstafanir séu útveginum gagnslausar vegna þess, að verðlag á fiski sé eftir sem áður óákveðið. Máli mínu til sönnunar nægir að lesa hér upp bréf það, sem LÍÚ og verðlagsráð sjávarútvegsins skrifuðu ríkisstj. síðastliðinn laugardag. Bréfið hljóðar þannig:

„Rvík, 24. febr. 1951.

Með tilvísun til bréfs hæstv. ríkisstj., dags. 24. f. m., þar sem ríkisstj. gefur fyrirheit um viss fríðindi *bátaútveginum* til handa, „í því skyni og að því tilskildu, að takast megi að skapa það verðlag á afurðum bátaflotans, að eigendur hans telji sér fært að hefja útgerð tafarlaust", vill stjórn LÍÚ og verðlagsráð sjávarútvegsins hér með lýsa því yfir, að með samkomulagi við ríkisstj., dags. í dag, er tryggð sú verðlagsmyndun, sem um ræðir í áður nefndu bréfi ríkisstjórnarinnar, dags. 24. f. m., m. a. með því, að stjórn SH hefur lýst yfir, að hún muni mæla með því, að félagar í SH greiði grunnverð það, sem við höfum farið fram á, og vitað er, að frystihús hafa þegar hafið kaup á þessum grundvelli.

Virðingarfyllst,
f. h. Landssambands íslenzkra útvegsmanna
Sverrir Júlíusson, Sigurður H. Egilsson,
f. h. Verðlagsráðs sjávarútvegsins
Ingvar Vilhjálmsson."

Loks vil ég svo einnig að gefnu tilefni mótmæla því, að ríkisstj. beri skylda til að tryggja bátaútveginum nauðsynleg rekstrarlán. Ég veit ekki til, að slík skylda hafi fram að þessu verið talin hvíla *á þeim ríkisstjórnum, sem hér hafa setið* að völdum. Og auðvitað ber ríkisstj. ekki heldur skylda til að tryggja bátaútveginum lán, fremur en öðrum atvinnurekstri landsmanna. Ríkisstj. hefur samt sem áður tvívegis rætt við bankastjóra Landsbankans hina auknu lánsfjárþörf útvegsins í sambandi við þá verðhækkun á fiski, sem af þessum ráðstöfunum leiðir, við fullan skilning og góðar undirtektir allra bankastjóranna. Allt, sem hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, sagði um þetta, var þess vegna alveg út í hött.

Ég ræði þetta mál svo ekki frekar að sinni, en óska og vona, að framkvæmdin megi fara vel úr hendi, og veit, að hnigið hefur verið að því viturlegasta ráði, sem völ var á.

Annars eru árásir stjórnarandstöðunnar á ríkisstj. allar keimlíkar því, sem ég nú hef gert að umræðuefni. Ég skal aðeins til viðbótar drepa á eitt eða tvö dæmi úr útvegsmálunum, sem falla undir mitt ráðuneyti.

Hv. landsk. þm. deildi á ríkisstj. út af togaradeilunni, og það er daglegur viðburður, að Alþýðublaðið ráðist á ríkisstj. og saki hana um sofandaháttt varðandi lausn togaradeilunnar. Alþýðublaðið og Alþfl. veit þó mætavel, að togaraverkfallið hófst vegna mistaka Alþýðuflokksmanna, sem sumpart voru einkenni og orsök þess sjúkdóms, sem e. t. v. dregur Alþfl. til dauða, þ. e. a. s. hræðslunnar við kommúnista. Alþfl. veit *enn fremur*, að allt frá öndverðu fylgdist ríkisstj. vökulu auga með sérhverjum möguleika til sátta í deilunni. Sáttasemjari ríkisins tók fljótlega málið í sínar hendur. Ég lasta engan, þótt ég staðhæfi, að vandfundinn sé jafningi hans í því starfi. Samt skipaði ríkisstj. bráðlega, samkvæmt ósk sáttasemjara, tvo af allra mikilhæfustu embættismönnum landsins honum til aðstoðar. Þessir menn unnu afar mikið og þarft verk og lögðu þann grundvöll, sem á var sætzt. Þeim auðnaðist þó ekki að leiða deiluna til lykta. Fyrir því valdi ríkisstj. strax og ný vonarglæta vaknaði um sættir í málinu einn mikilhæfasta leiðtoga Alþfl., Emil Jónsson, og einn af ráðherrunum þessum mönnum til aðstoðar. Ég ofmæli ekki, þegar ég segi, að fyrir harðfylgi, dugnað og lagni allra þessara manna, er störfuðu á ábyrgð og fyrir atbeina ríkisstj., tókst að leysa deiluna. Og það er ekki heldur ofsagt, þótt það tvennt sé fullyrt, að engin tök voru á að sætta deiluaðila fyrr en gert var og að án stöðugra afskipta og einbeittrar forustu ríkisstj. um sættir í þessari örlagaríku deilu er áreiðanlegt, að hún hefði staðið miklu lengur.

Ég skal svo ekki ræða þetta mál öllu meira, en það stafar frekar af velvilja til Alþýðuflokksmanna en illvilja í þeirra garð. En það er hvorki drengilegt né réttmætt, að Alþfl. noti þetta mál til ádeilu á ríkisstj. Afskipti kommúnista af málinu voru svo svipuð og vant er. Þeir gerðu alltaf það eitt, sem verst gegndi þjóðarhag og bezt hentaði til að skapa glundroða og öngþveiti. En jafnframt sáu þeir eigin hagsmunum sínum vandlega borgið með því að hindra stöðvun þeirra togara, sem á þeirra vegum voru gerðir út. Það er því alveg rétt, sem hv. þm. Brynjólfur Bjarnason sagði, að togaraverkfallið var af mannavöldum, þar voru flokksbræður hans fremstir.

Jafnfáránlegar eru árásirnar á ríkisstj. út af stöðvun bátaflotans. Svo sem ég hef þegar skýrt frá, hefur stj. um margra mánaða skeið leitað úrræða í málinu. Alþm. ætti ekki að þurfa að segja, að slík mál eru ekki auðleyst. Og þeim, sem sjálfir árum saman hafa leitað svipaðra lausna og borið ábyrgð á svipuðum ráðstöfunum, ýmist sem ráðherrar eða stjórnarliðar, og í þeirra hópi eru allir stjórnarandstæðingar, er lítill sómi að því að leggja ekkert jákvætt til mála, en fjandskapast þó gegn því, sem gert er, og sverta það og svívirða á allan hátt.

Ég hef beint orðum mínum fyrst og fremst til Alþfl., vegna þess að til hans eru gerðar kröfur. Fornvinir kommúnista, þ. á m. ég, vita, að síðasti vonarneistinn um, að hægt sé að vinna með þeim á þjóðlegum grundvelli, er slokknaður, við þá er gagnslaust að ræða. En gegn þeim þjóðarvoða, sem af starfsemi þeirra stafar, verða öll lýðræðisöfl í landinu að sameinast, hversu mikið sem annars ber á milli.

Allt það, sem ég hér að framan hef rætt um, er þess eðlis, að stj. getur látið sér andstöðu og árásir stjórnarandstæðinga í léttu rúmi liggja. Stjórnarflokkarnir ráða, fylgja sannfæringu sinni, fara sínu fram og falla þá eða standa með dómi þjóðarinnar á gerðum sínum. Stjórnarandstæðingar geta því, hvað þetta áhrærir, stjórnarinnar vegna haldið áfram að brengla staðreyndir og blekkja, eftir því sem þeir hafa innræti til, ráðast á allt, sem gert er, *og það alveg jafnt þótt menn séu nýkomnir* úr stjórn og hafi þar staðið að svipuðum eða sömu framkvæmdum. Aðeins á einu sviði stjórnmálanna getur velferð þjóðarinnar oltið á því, hvort stjórnarandstaðan reynir að villa henni sýn. Ég á hér, eins og menn munu skilja, við það, hvort stjórnarandstæðingar reyna að beita áhrifum

sínum á verkalýðinn til þess að stofna til nýrrar kauphækkunarstyrjaldar. Fjárhagur flestra atvinnurekenda, a. m. k. við sjávarsíðuna, er orðinn þröngur, og atvinnurekstur þeirra berst í bökkum. Þetta vita allir. Og nú er sú breyting á orðin, að ríkissjóður getur ekki lengur aflað sér fjár til þess að greiða hallann af rekstrinum, eins og hann hefur gert undanfarin fimm ár. Atvinnurekendur eiga ekki heldur aðgang að ótakmörkuðum rekstrarlánum, til þess að greiða með fyrirsjáanlegan rekstrarhalla. Af þessu leiðir, að í sjálfsvarnarskyni er atvinnurekendum sá einn kostur nauðugur að standa gegn kauphækkunum að óbreyttum kringumstæðum. Séu kauphækkanir taldar sigur verkalýðnum til handa í slíkri styrjöld, mun sá sigur þess vegna verða torsóttur og tvísýnn. Hitt er aftur á móti víst, að átökin verða hörð og langvarandi og krefjast stórra fórna og mikillar blóðtöku af fátæku þjóðfélagi.

Á þessu máli eru margar hliðar og mörg sjónarmið, sem hér vinnst ekki tími til að ræða eða rekja. En eins og málið liggur fyrir, er þess ekki heldur þörf. Hér nægir að fá svarað einni einustu spurningu. Hún er þessi: Er það rétt, að hækkað kaupgjald komi verkalýðnum að engu gagni eins og nú er ástatt í atvinnulífi Íslendinga? Sé þetta rétt, verði svarið við þessari spurningu jákvætt, leiði sigur í þessari styrjöld ekki til bættra lífskjara verkalýðsins, þá er það þung ábyrgð á lýðhollum mönnum að leiða fólkið út í tvísýna og þjóðinni dýra og örlagaríka baráttu. Til þess ógæfuverks mega engir lána sig, aðrir en þeir, sem, eins og kommúnistar, vinna vísvitandi að glundroða og upplausn í þjóðfélaginu, af því að þeir hafa allt önnur sjónarmið og markmið en við lýðræðissinnar. Þessari áríðandi spurningu hefur þegar verið svarað. Henni var svarað á s. l. sumri af hagfræðingum þeim, sem Alþýðusamband Íslands og BSRB fengu til að rannsaka þetta mál og semja um það greinargerð, en hagfræðingar þessir voru góðir og gegnir stjórnarandstæðingar. Dómur þeirra er í aðaldráttum þessi: Kauphækkanir eru verkalýðnum með öllu gagnslausar, nema þær byggist á aukinni framleiðslu eða gróða í atvinnurekstrinum. — Ég hygg, að allir hagfræðingar Íslands séu í hjarta sínu samþykkir þessu svari. Hitt veit ég að öllum almenningi er fullljóst, eins og líka áðurnefndir hagfræðingar álitu, að svo sem nú horfir, er hvorki að vænta aukins gróða né aukinnar framleiðslu í atvinnulífi Íslendinga.

Kauphækkanir eru þess vegna verkalýðnum gagnslausar. En ég efast um, að með því sé sagan öll sögð. Ég hygg, að fjárhagur og lánstraust atvinnurekenda neyði þá til að stöðva eða draga úr atvinnurekstrinum, ef kaupgjald hækkar að óbreyttu afurðaverði. Sé það rétt, og það er því miður rétt, mundi afleiðing slíks „sigurs“ verkalýðsins í kaupstyrjöld snúast gegn honum og verða til þess eins að magna versta fjanda verkalýðsins og þjóðarheildarinnar, þ. e. a. s. atvinnuleysið.

Ég endurtek því, að þjóðhollir menn í stjórnarandstöðunni verða að gæta sín gegn þeirri freistingu að gera stj. minni háttar skráveifur, í því skyni að kræsja sér í pólitískan ávinning. Á þessu sviði þjóðmálanna hvílir þungi ábyrgðarinnar eigi aðeins á stj., heldur einnig á þeim sjálfum. Ég vona, að umhyggjan fyrir þjóðinni reynist sterkari en andúðin á stjórninni, þegar á hólminn kemur.

Flest árásarefnin á stjórnina eru í beinu eða óbeinu sambandi við fall krónunnar. Ég minni þjóðina á, að núverandi stjórn hefur ekki fellt krónuna, heldur aðeins hlutazt til um, að löggjöfin viðurkenndi með réttri skráningu það verðfall krónunnar, sem rekur rætur sínar til þess, að rofið var sambandið á milli afurðaverðs og kaupgjalds á árinu 1940.

Út af fyrir sig harma menn fall krónunnar. Hitt var svo aðeins óumflýjanleg nauðsyn og skilyrði þess, að takast megi að hindra frekara gengisfall, að viðurkenna staðreyndir í þessum efnum. Stjórnarandstæðingum vil ég segja það, að svo mikið sem fall krónunnar hefur orðið, þá skulu þeir sanna það, að haldi þeir uppteknum hætti með neikvæðri baráttu gegn sérhverju úrræði ríkisstj. til úrlausnar á höfuðvandamálum þjóðarinnar, og einkum og sérstaklega ef þeir gerast svo ábyrgðarlausir að leiða verkalýðinn út á slysabraut kaupgjaldsstyrjaldar, sem stofnar þjóðinni í augljósan voða og aldrei getur orðið verkalýðnum til annars en bölvunar, þá mun verða meira gengisfall á þeim sjálfum en krónunni, þótt það kannske komi ekki að fullu í ljós fyrr en þeir verða skráðir, þ. e. a. s. við næstu kosningar. Þá mun koma í ljós, að fleiri eru í hættu en þeir, sem þora að taka ábyrgð á óvinsælum aðgerðum á örlagaríkum tímum. Þjóðin gerir líka kröfu til hinna. Íslendingar eru fúsir til að fyrirgefa yfirsjónir stjórnmálamanna sinna. Það sýnir reynslan. En þjóðin fyrirlítur, fordæmir og refsar þeim, sem reyna að falsa staðreyndir í því skyni að villa henni sýn, þegar mest er í húfi.

Ég hef þá lokið máli mínu. Mér gefst ekki kostur á að taka þátt í framhaldi umræðnanna á miðvikudag, því að ég mun fara utan í fyrramálið í erindum ríkisstj. Ég kveð þm. og aðra háttvirta hlustendur og óska þeim öllum alls hins bezta og stjórnarandstæðingum m. a. þess, að þeir afneiti ekki sannleikanum með öllu í þessum umræðum.

Umr. frestað.

Á 48. fundi í Sþ., 28. febr., var almennum stjórnmálaumr. — eldhúsdagsumr. fram haldið.

Forseti (JPálm): Þá er fundur settur og tekið fyrir eina málið á dagskrá, sem er almennar stjórnmálaumræður — eldhúsdagsumræður, og verður umræðum þessum útvarpað, eins og auglýst hefur verið. Umræðunum verður þannig hagað í kvöld, að talaðar verða þrjár umferðir, 20 mínútur, 15 mínútur og 10 mínútur, svo að hver flokkur hefur 45 mínútur til umráða. Verður röð flokkanna sú, að fyrst tala fulltrúar Sjálfstfl., þá Sósfl., í þriðja lagi Alþfl. og loks Framsfl. — Fyrstur tekur til máls utanr.- og dómsmrh., Bjarni Benediktsson, og talar fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Það var auðheyrt á hv. stjórnarandstæðingum síðastl. mánudag, að þeir töldu margar og miklar hættur steðja að þjóðinni, en eina samt skaðsamlegasta. Hún var sú, ef hér kæmi venjuleg verzlunarvara í búðir á ný, svo að fólk gæti fengið nauðsynjar sínar keyptar með skaplegum hætti, þurfi ekki lengur að standa í

biðröðum, nota sér kunningjasambönd eða greiða svartamarkaðsverð. Að dómi þessara hv. þm. átti slík breyting að vera geigvænleg þjóðarhætta, hún átti allt í senn að leiða til atvinnustöðvunar innanlands, skuldasöfnunar erlendis og þó átti almenningur alls ekki að hafa efni á að kaupa þessar nauðsynjar. Hvernig þetta á að geta farið saman, fá fæstir skilið, enda geta slíkir breyttir og stórbættir verzlunarhættir verið hætta í augum þeirra einna, sem hafa ætlað sér að nota núverandi ófremdarástand sjálfum sér til fylgisaukningar. Nei, þjóðinni stafar sannarlega ekki hætta af breyttum og bættum verzlunarháttum. En það er önnur hætta, sem yfir henni vofir og vissulega er raunveruleg.

Aldrei hefur óttinn við yfirvofandi heimsstyrjöld, þá þriðju á þessari öld, legið þyngra á mönnum en nú síðustu mánuðina. Eftir heimsstyrjöldina síðari leystu hin friðsömu, frjálsu lýðræðisríki upp heri sína og hirtu ekki um að halda vopnum sínum við. Í stað þess sneru þjóðir þeirra sér að friðsamlegri endurreisn og uppbyggingu landa sinna og lögðu á það megináherzlu að bæta lífskjör almennings. Á meðan á þessu friðsamlega starfi stóð, hertu aðalstöðvar hins alþjóðlega kommúnisma vígbúnað sinn, höfðu ótölulega herskara gráa fyrir járnum og lögðu hvert þjóðlandið eftir annað undir ok sitt. Á meðan á stríðinu stóð, lagði Rússland undir sig Eistland, Lettland, Lithauen, hluta af Póllandi, Finnlandi og Rúmeníu. Eftir ófriðarlok hafa Rúmenía, Austur-Þýzkaland, Ungverjaland, Albanía, Pólland, Tékkóslóvakía og Kína verið gerð að kommúnistiskum hjálendum. Og margir óttast, að þá og þegar verði leppríkin látin ráðast á Júgóslavíu, og er það því furðulegra, þar sem af Þjóðviljanum er svo að sjá, sem Tito sé enn óskabarn Stalins. Innrás hefur þegar verið gerð í Tíbet og barizt er í Kóreu. Er nú svo komið, að þótt ekki sé lýst yfir formlegu stríði, þá eru tímar friðarins horfnir, a. m. k. um sinn, friðleysi ríkir, og víða er háð blóðug barátta.

Hinar endurteknu árásir kommúnista á Kóreu eru aðeins eitt dæmi um yfirráðastefnu þeirra, en skýrasta dæmið vegna þess, að það sýnir, að þeir skirrast ekki við að halda fram stefnu sinni, þótt ljóst sé, að hún kunni að leiða til allsherjarátaka. — En hverju máli skiptir Kórea fyrir Íslendinga? Hvaða ástæða er til þess að eyða tíma í almennum stjórnmálaumræðum á Íslandi til þess að ræða um örlög svo fjarlægs lands? Vissulega eru þau þýðingarmikill lærdómur fyrir okkur Íslendinga. Árásin á Kóreu var gerð vegna þess, að árásarmennirnir og þeir, er verkum þeirra réðu, töldu, að þar væru litlar eða engar varnir fyrir hendi. Varnarleysi landsins bauð þannig beinlínis árásinni heim og þau öfl, sem þarna eru að verki, eru ekki staðbundin við Austur-Asíu. Það er alþjóðahreyfing kommúnismans, sem þarna er á ferðinni. Sami aðilinn, sem hefur lagt undir sig alla Austur-Evrópu og mikinn hluta Mið-Evrópu og Asíu, teygir nú arma sína um útskaga austur við Kyrrahaf. Allar eru þessar aðfarir byggðar á kenningum lærifeðra kommúnista. Sjálfur Lenin segir:

„Við lifum ekki aðeins í einu ríki, heldur í ríkjakerfi. Endurteknir ógurlegir árekstrar milli Sovétríkisins og borgararíkjanna eru óhjákvæmilegir."

Og Stalin segir:

„Alþjóðleg þýðing byltingar okkar liggur í þessu, að hún er fyrsta skrefið í heimsbyltingu og öflugur grundvöllur fyrir áframhald hennar.... Hvað er land okkar, þegar það byggir sósíalismann, annað en grundvöllur fyrir heimsbyltinguna?"

Allt eru þetta skýlaus orð, orð, sem menn of lengi tóku aðeins sem orð. Nú sjá menn, að þau eru harður, óyggjandi veruleiki, sem kommúnistar um heim allan reyna af öllum lífs og sálar kröftum að framkvæma. Auðvitað neita kommúnistar öðru hvoru, að þetta sé tilgangur þeirra, en sú neitun er samkvæmt boðorðunum. Lenin hefur einmitt sagt, að það sé nauðsynlegt „að nota svik, blekkingar, ólöglegar aðferðir, undanbrögð og að fela sannleikann". Öllu þessu eru kommúnistar dyggilega trúir. Þeir eru ósparir á blekkingarnar. Auðvitað segja þeir, að það séu sameinuðu þjóðirnar, sem hafi ráðizt á Kóreu. Sjálfir þykjast þeir vera að „frelsa" það óhamingjusama land.

Við könnumst við þessa orðaleiki úr málflutningi flokksdeildar kommúnista hér á landi. Árum saman hafa þeir t. d. fullyrt, að í kommúnistisku þjóðfélagi ríki fullkomið frelsi. Hitt sé allt annað, þótt einstökum „glæpamönnum" sé refsað með frelsissviptingu. Það sé ekki meira eða harkalegra en hvarvetna sé gert. En þeir gleyma að geta þess, að í kommúnistisku þjóðfélagi er það „glæpur" að hafa aðra skoðun en valdhafarnir. Þar er það t. d. glæpur að kenna unglingum kristna trú í ríkiseða einkaskólum og fyrir verkamenn að færa sig á milli vinnustaða án samþykkis yfirvaldanna. Með því að telja slíkt til „glæpa" fæst skýring á því, að 10—15 milljónir manns skuli vera í þrælkunarvinnu í höfuðríki kommúnismans. Á slíkum heilindum er friðarhreyfing kommúnista byggð.

Í haust átti að ganga í hvert hús hér í bæ og knýja menn til þess að taka afstöðu með eða á móti Stokkhólmsávarpinu. Friðarpostularnir létu ekki lítið yfir sér í fyrstu. Þeir birtu nöfn sín í dagblöðunum, til þess að aðrir gætu séð, hversu fínir menn væru þar á ferð — „að hunda það væru ekki skrokkar". En á skammri stundu skipaðist veður í lofti. Þjóðviljinn lofaði því þá hátíðlega, að þeir, sem skrifuðu nöfn sín undir „friðarávarpið", þyrftu ekki að óttast, að nöfn þeirra væru birt, því að raunin varð sú, að þeir voru ærið fáir, sem vildu í almannaaugsýn leggja nöfn sín við það hræsnisplagg. Eftir það birtust engin nöfn undirskrifenda hér á landi, né hefur Þjóðviljinn fengizt til þess að segja frá fjölda þeirra. Sú þögn var þeim mun furðulegri sem blaðið „Land og Folk" sagði frá því, áður en undirskriftasmölun hófst hér á landi, að 5000 Íslendingar væru búnir að skrifa nöfn sín undir plaggið. Og eftir að friðardúfurnar tvær, hv. 67 atkv. þingmaðurinn Jónas Árnason og Þórbergur Þórðarson, voru fluttir frá Bretlandi austur til Varsjár á kostnað pólsku kommúnistastjórnarinnar, skýrði rússneska blaðið „Trud" frá því 8. des. s. l., að 5000 manns á Íslandi hafi þegar undirritað Stokkhólmsávarpið.

En það er fleira en þetta, sem þykir frásagnarvert frá Íslandi fyrir austan járntjald, en hér er þagað um. Í þessari sömu fregn í „Trud" er skýrt frá því, að friðarfundur kvenna hafi verið haldinn

í Reykjavík þann 27. nóv. Á fundi þessum hafi mætt fulltrúar frá 30 mismunandi samtökum. Um þessa stórfenglegu samkomu hafa kommúnistar vendilega þagað hér á landi. Á Íslandi höfum við aðeins heyrt um eitt kvenfélag austur í Flóa, er á að hafa lagt Stokkhólmsávarpinu lið.

Friðardúfuleikur kommúnista hefur hér orðið broslegur og gæti virzt meinlaus. Annað og meira býr þó á bak við. Það er t. d. mjög athyglisvert, að í sovétrússneskum réttartíðindum, „Sovét-ríki og réttur" frá því í ágúst, er sagt, að „úrskurðir" heimsfriðarnefndarinnar hljóti að hafa lagagildi að þjóðarétti. Samkvæmt þeirri kenningu virðist þessi nefnd eiga að hafa lögsögu yfir þeim, er glæptust til að skrifa undir ávarpið, og geta sagt þeim fyrir um hegðun í þeim málum, er varða milliríkjaviðskipti. Með þessu á auðsjáanlega að smíða enn einn hlekkinn, er tengi flokksdeildirnar víðs vegar við yfirráðamennina austan tjaldsins.

Við Íslendingar höfum áður orðið þessara tengsla varir. Þannig var t. d. á síðastliðnu vori, áður en íslenzku samningamennirnir tóku upp viðskiptasamninga við stjórnarvöld í Austur-Þýzkalandi, að þá gekk einn af helztu liðsmönnum flokksdeildar kommúnista á milli manna hér í bæ og hvatti þá til félagsstofnunar um viðskipti við löndin fyrir austan járntjald. Hann fullyrti, að auðvitað gæti íslenzka stjórnin ekki komið á neinum samningum, við hana yrði ekki samið. „En við okkur verður samið á eftir", sagði hann. Á þessum forsendum reyndi hann að fá menn til að styrkja hið nýja fyrirtæki kommúnista. Svo fór sem maðurinn hafði sagt, að stjórnarerindrekarnir náðu engum samningum. Í sumar fór Einar Olgeirsson hins vegar eitthvað austur fyrir járntjald og var rétta tvo mánuði í þeirri ferð. Áður hafði Einar farið árið 1945 í erindum íslenzku ríkisstj. um svipaðar slóðir. Þá var hann rúman 2½ mánuð í ferðinni, og með núverandi gengi kostaði sú ferð íslenzka ríkissjóðinn 50 þúsund krónur. Ferðina nú fór Einar ekki á vegum íslenzku stj., enda þurfti hann nú lítið fé, eða a. m. k. lítinn gjaldeyri til ferðarinnar hjá íslenzkum gjaldeyrisyfirvöldum, eða aðeins sem svarar 2300 krónum. Hvaðan hinn hluti ferðakostnaðarins hefur komið, er mér ókunnugt. Hitt veit alþjóð, að þegar alþingismaðurinn kom úr ferðalagi sínu, þóttist hann vera með tilboð austur-þýzku stjórnarinnar um mikil viðskipti við Íslendinga. Við athugun reyndust þetta þó að mestu tylliboð, enda voru þýzku hafnirnar við Eystrasalt jafngrunnar, þegar Einar hvarf heim, sem áður og því óhæfar uppskipunarhafnir fyrir íslenzka nýsköpunartogara.

Hin nánu tengsl alþingismannsins við valdhafana austur þar leyna sér samt ekki, né heldur hitt, að einn af ferðafélögum hans notaði þann tíma, er hann hefur undanfarið dvalið langdvölum austur þar, til þess að ná undir hin nýstofnuðu verzlunarfyrirtæki kommúnista umboðum fyrir Ísland, og taka nú fyrirtæki þessi há umboðslaun, þar sem engin þurfti að greiða áður. Viðskiptin við löndin austan járntjalds eiga sem sé að verða mjólkurkýr fyrir íslenzka kommúnistaflokkinn og forustumenn hans. Kommúnistafyrirtækin eru nú þegar farin að græða á umboðunum, og staðreynd er, að Þjóðviljinn hefur á undanförnum mánuðum fengið pappír sendan, fyrst frá Svíþjóð og síðan frá Austur-Þýzkalandi, án þess að yfirfæra þyrfti nokkurn gjaldeyri til greiðslu á honum. Allt þetta sýnir það, sem áður var vitað, að kommúnistadeildin hér hefur náin fjártengsl við flokksdeildirnar í öðrum löndum.

Ekki er þetta heldur í fyrsta skipti, sem Einar Olgeirsson sýnir, að honum er óvenju hugað um að ganga erinda hins alþjóðlega kommúnisma, einmitt rétt eftir að hann hefur dvalið langdvölum erlendis. Sú ákefð, er hann samtímis fyrstu stjórnarfrv. á fyrstu dögum Alþ. 1947 lagði fram till. til að spilla þátttöku Íslendinga í Marshallsamstarfinu, var í beinu framhaldi af langri dvöl hans erlendis þá um sumarið. Skýring á frumhlaupi Einars fæst hins vegar, þegar íhuguð er frásögn Douglas Hydes, fyrrverandi ritstjóra Daily Worker, kommúnistablaðsins enska, í nýrri, mjög umtalaðri bók. Hann segir, að þegar rætt hafi verið í hópi brezkra kommúnista um afstöðu Evrópuþjóðanna til Marshallsamstarfsins, hafi meðlimur í stjórn flokksdeildarinnar þar mælt svo:

„Það mundi ekki verða mögulegt að bæta lífskjör almennings í hinum „nýju lýðræðisríkjum" fljótlega, þar sem landbúnaður væri þar aðalatvinnugreinin. En með öðrum hætti mætti bæta lífskjör þeirra í samanburði við aðra, og það væri með því að gera lífskjörin í löndunum í vestanverðri Evrópu verri en áður. Og flokkurinn ætti ekki að vera lengi að fá því áorkað."

Svo mörg eru þau orð, og er með þeim af fullri hreinskilni sagt, hver er hin raunverulega ástæða fyrir fjandskap kommúnista við Marshallsamstarfið. Þegar íslenzkir kommúnistar vilja koma í veg fyrir, að fé fáist til virkjunar Sogs og Laxár, til byggingar áburðarverksmiðju, til efnivara fyrir iðnað og til ýmiss konar nauðsynja til sjávar og sveita, þá er það beinlínis gert til þess að gera lífskjör almennings á Íslandi verri, svo léleg, að þau nálgist það, sem alþýðan í löndum kommúnista á við að búa.

Douglas Hyde skýrir einnig, hvernig stendur á hinni ofboðslegu þjónkun kommúnista um víða veröld við valdhafana í Moskvu. Hann segir orðrétt:

„Þegar brezkur kommúnisti hjálpar Rússlandi með öllum þeim ráðum, er hann kann, og hvað sem það kostar, er hann að vinna að því að koma á betra Bretlandi, franskur kommúnisti að koma á betra Frakklandi og íslenzkur kommúnisti betra Íslandi. Hann er í sínum augum og flokksins meiri föðurlandsvinur en nokkur annar. Hvað sem það kostar, verður Rússland að lifa, og allt, hvað sem er, sem að því stuðlar, er leyfilegt."

Hver er sá Íslendingur, sem heyrir þetta, að hann minnist ekki orða Brynjólfs Bjarnasonar á Alþingi 1941, er hann sagði, að á Íslandi mætti „skjóta án miskunnar", aðeins ef það kæmi Rússum að gagni.

Um svipað leyti og kínverskir kommúnistar hófu hina miklu sókn sína í Kóreu, brá hinn sami Brynjólfur Bjarnason sér austur fyrir járntjaldið nú á miðjum þingtímanum. Brynjólfur hefur verið fáorður um þessa för sína. Því athyglisverðara er að rifja upp frásögn Hendriks Ottóssonar í bókinni „Frá Hlíðarhúsum til Bjarmalands", af ferðalagi þeirra Brynjólfs austur til Rússlands árið 1920. Sú frásögn varpar skýru ljósi á atburði líðandi

stundar. Þeir félagar komu við í Stokkhólmi og hittu þar finnska útlaga, er orðið höfðu að flýja land, sökum þess að þeir höfðu borið vopn á móti þjóð sinni. Þar voru, að sögn Hendriks, „útbúnir reisupassar, sem við áttum að afhenda tilteknum mönnum, þegar við kæmum til Rússlands. Voru það mjóar léreftsræmur með finnskri áletrun". „Var þessum merkilegu reisupössum komið fyrir á sérstakan hátt, sem ég hirði ekki að greina hér."

Hinu segir Hendrik ekki frá, að þessir finnsku vinir þeirra voru um þessar mundir að undirbúa *nýja vopnaða árás á föðurland sitt. Er sú árás fór* út um þúfur, var flestum þeirra stökkt úr Svíþjóð. Fóru þeir þá til Rússlands og héldu áfram undirbúningi árásarinnar. Rættist sá draumur með árás Rússa á Finna haustið 1939.

Að sögn Hendriks kynntust þeir Brynjólfur ýmsu stórmenni í Rússlandi, þ. á m. Otto Kuusinen, landráðamanninum finnska. Segir Hendrik, að þeir félagar hafi átt við hann „fjörugar samræður", og gekk ekki hnífurinn á milli þeirra. Á heimleiðinni fóru þeir félagar huldu höfði í Noregi ásamt Rakosi, er síðar varð kommúnistiskur einræðisherra í Ungverjalandi, og leynir stolt Hendriks yfir þeim félagsskap sér ekki. En Rakosi er hér á landi m. a. þekktur af þeim orðum sínum, er hann mælti á þessa leið:

„Sá, sem fylgir ekki Sovétríkjunum nema með tilteknum skilyrðum eða tilteknum fyrirvara, sá, sem heldur, að hagsmunir síns eigin lands og hagsmunir Sovétríkjanna fari ekki ávallt saman í einu og öllu, hann er ekki kommúnisti."

Hendrik talar aðeins kuldalega um einn mann, er hann hitti á ferð þessari, og er það Ejnar Gerhardsen, forsætisráðherra Norðmanna. Segir Hendrik, að Gerhardsen hafi verið talinn „mesti félagsskítur". Hefur því snemma komið fram, að sá föðurlandsvinur átti ekki heima í hópi landráðamanna og einræðissinna.

Á Kominternfundi þeim, er þeir félagar sóttu, segir Hendrik, að það hafi borið við, sem nú skal greina:

„Ég sagði þá, að sennilega mundu fæstir viðstaddir vita neitt um Ísland. Það kvað við hlátur, og Lenin sagði, að víst þekktu fulltrúarnir til landsins, enda væru þeir forustulið verkalýðs heimsins, og mætti ætlast til þess, að þeir vissu meira um Ísland en almenningur. Hann hóf þá hina frægu tölu sína um hernaðarlega afstöðu Íslands í framtíðarstyrjöld, sérstaklega með tilliti til flughernaðar og kafbáta."

Áhugi forustumanna kommúnista fyrir hernaðarlegri þýðingu Íslands hefur því vaknað löngu áður en flestir Íslendingar létu sig dreyma um, að landið hefði slíka þýðingu. Ákefð kommúnista í að halda landinu opnu og óvörðu fær vissulega enn skuggalegri mynd en áður við íhugun þessarar frásagnar.

Það er fullvíst, að Brynjólfur Bjarnason og félagar hans hafa ekki gleymt þessari „frægu ræðu". Og í þessu sambandi er hollt að minnast þess, að hér á landi eru nú a. m. k. 10—20 Íslendingar, sem beinlínis hafa verið í flokksskóla kommúnista austur í Rússlandi, og er meginhluti þeirra fólk, sem fáir kannast við. Þeim er engu að síður áreiðanlega ætlað sitt ákveðna hlutverk, og enginn þarf að efast um, að þeir reyni að kenna út frá sér eftir föngum. Sumir af þessum skólanemendum frá Rússlandi eru og þjóðkunnir menn, eins og t. d. Þóroddur Guðmundsson, sem var þar skólabróðir Gottwalds, *sjálfs forseta Tékkóslóvakíu, manns, sem menn* minnast þessa dagana vegna yfirlýsingar miðstjórnar flokksdeildarinnar þar í landi, þar sem skv. fregn útvarpsins í gær var sagt, „að það skuli gert ljóst, að í kommúnistaflokki Tékkóslóvakíu sé rúm fyrir þá menn eina, sem elska Ráðstjórnarríkin og félaga Stalin og viðurkenni flokksforustu *Gottwalds", skólabróður Þórodds.*

Áður var minnzt orða Brynjólfs Bjarnasonar á Alþ. 1941 um, að á Íslandi mætti „skjóta án miskunnar", aðeins ef það kæmi Rússum að gagni, og sýna þau, að hann hefur þá enn haft í huga hernaðarlega þýðingu Íslands einmitt fyrir Rússland. Ummæli Brynjólfs Bjarnasonar í marz 1949 eru ekki síður athyglisverð. Þá sagði hann hér á Alþ.: „Þegar Bandaríkin hafa beðið ósigur ... og alþýða Evrópu hefur sigrað að fullu, mun hún ekki þola það, að henni sé ógnað af ameríska herstöð hér á landi. Ameríkumenn munu verða hraktir héðan og íslenzka þjóðin mun gera upp við leppa þeirra." Á mennskra manna máli þýðir þetta, að Brynjólfur fullyrðir, að austrænir kommúnistar muni ráðast á og leggja undir sig Ísland, og í skjóli þeirra muni svo flokksdeild þeirra hér á landi gera upp sakirnar við þjóðholla Íslendinga. — En því eftirtektarverðara verður þetta sem kommúnistar fullyrða æ ofan í æ, að nú sé og s. l. 4 ár hafi verið herstöð á Íslandi. Hér á landi vita allir, að þetta er lygi. En þessar fregnir eru einnig fluttar til Rússlands og hafa verið margendurteknar þar í ræðu og riti. Enginn skyldi halda, að þessu væri skrökvað upp út í bláinn, eða að tilgangslausu. Átyllan til árásar á Ísland á að vera fyrir hendi hvenær sem henta þykir. Enginn skyldi heldur ætla, að Brynjólfur Bjarnason hafi mælt hótanir sínar af bráðræði eða hvatvísi. Þvert á móti er einmitt í ávarpi kommúnista fyrir fyrstu alþingiskosningarnar, sem þeir tóku þátt í, rakið, til hverra ráða verði að grípa, ef ekki verði orðið við þeim kröfum, sem kommúnistar þá þóttust bera fram fyrir hönd alþýðunnar. Síðan segir orðrétt:

„Þá verður alþýðan sjálf að skapa örlög sín og, ef í nauðirnar rekur, leita sér hjálpar hjá sigrandi alþýðu Ráðstjórnarríkjanna."

Og í ritinu „Hvað vill kommúnistaflokkur Íslands?" segir m. a.:

„Byltingin, framkvæmd öreigaalræðisins og ráðstjórnarvaldið er vegurinn, jafnt fyrir íslenzka verkamenn og bændur sem fyrir verkalýð og fátæka bændur allrar veraldar."

Síðan hafa kommúnistar lært að haga orðum sínum á lævísari hátt, en enn er það glöggt, hvað þeir vilja, enda mun þeim nú orðið ljóst, að völdin hér fá þeir aldrei við frjálsar kosningar.

Það er því ekki aðeins, að við lifum á tímum friðleysis og hættu um heim allan, heldur eru fyrir því óvefengjanlegar sannanir, að í landinu starfar hópur manna, sem horfir vonaraugum til þess og sumir jafnvel vinna að því, að herskarar hins alþjóðlega kommúnisma geri árás á landið við fyrsta tækifæri. Þessi hætta er raunveruleg og

gegn henni verður íslenzka þjóðin og stjórnarvöld hennar að snúast, svo að komið verði í veg fyrir eyðingu lands og þjóðar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það var auðheyrt á ræðu utanrrh., að hann var eitthvað smeykur við, að Marshallhjálpin svo kallaða fari að verða allóvinsæl hjá þjóðinni. Þess vegna þuldi hann nú hér sinn venjulega óhróður um sósialista, kryddaðan hinum venjulegu fölsku tilvitnunum og beinum ósannindum í viðbót. En hæstv. ráðh. var ekki að skýra þjóðinni frá því, að hann stæði nú sjálfur í samningum um að koma upp opinberri hernaðarstöð fyrir flugher Bandaríkjanna. Segir norska blaðið „Dagbladet" frá því 17. febr., að Ísland, Portúgal og Ítalía séu að gera slíka samninga, en kommúnistaæsingar og þvættingur ráðh. hér áðan eiga vafalaust að undirbúa jarðveginn fyrir hann til þess að svíkja föðurland vort undir Bandaríkin.

Eysteinn Jónsson sagði í fyrrakvöld, að meinið, sem nú þjáði þjóðina, væri, að „það væri meira peningamagn í gangi en vörur til að kaupa fyrir" — og úr þessu „meini" ætli ríkisstj. að bæta. Það má vel vera, að ríkisstj. þekki bezt til þeirra höfðingja í Reykjavík, sem hafa svo mikla peninga, að þeir vita ekki, hvað þeir eiga fyrir þá að kaupa, og hugsi mest um að sinna þeirra kröfum og verða við þeirra þörfum, en þetta er ekki þjóðfélagsmeinið, sem þjáir þjóð vora nú undir eymdarstjórn hans. Ég skal segja Eysteini, hvað meinið er. Meinið, sem nú þjáir alþýðuheimili Íslands, er, að það er minna peningamagn í buddu húsmóðurinnar en þarf til þess að kaupa brýnustu nauðþurftir handa börnunum. Það er úr þessari neyð alþýðuheimilanna um allt land, sem fyrst og fremst verður að bæta, bæta með því að tryggja alþýðuheimilunum meiri peninga til þess að kaupa fyrir, en það þýðir: tryggja þeim meiri og stöðugri atvinnu og betra kaupgjald. Barátta alþýðunnar fyrir þessu er barátta fyrir lífi hennar og velferð. Eftir afstöðu og framkomu manna í þeirri lífsbaráttu mun alþýðan dæma þá.

Meðan við sósialistar og aðrir einingarmenn höfðu forustuna í Alþýðusambandi Íslands 1942—1948, meðan áhrifa Sósfl. naut við á ríkisstjórn, bjó alþýða Íslands við næga atvinnu og batnandi kaup. Það er eina tímabilið í hinni löngu ævi hennar, sem hún hefur mestöll haft nóg að bíta og brenna, eina tímabilið, sem skorturinn hefur ekki verið vágestur íslenzkra alþýðuheimila. Nú hefur, fyrir 4 ára samræmdar hernaðaraðgerðir íslenzka afturhaldsins og ameríska yfirboðara þess gegn alþýðunni, tekizt að koma skortinum aftur inn á íslenzk alþýðuheimili.

Við skulum nú athuga, hverjir það eru, sem standa á bak við hið skipulagða atvinnuleysi og hinar skipulögðu kauplækkanir, svo að alþýða manna geti gert sér ljóst, við hverja er að berjast. Við skulum fyrst athuga annan aðalþátt atvinnunnar, fjárfestinguna. Framleiðslumálin ræði ég ekki að þessu sinni. Fjárfesting merkir allar þær framkvæmdir, sem snerta aukningu atvinnulífsins, öflun nýrra tækja, bygging nýrra mannvirkja og allar íbúðarhúsabyggingar. Það er öllum ljóst, hver lífsnauðsyn það er þjóðinni að auka bæði atvinnutæki og húsakost sinn svo sem frekast er unnt, og aðeins með því, að hver einasta hönd fái verk að vinna, er hægt að bæta úr þessari brýnu nauðsyn þjóðarinnar. En hver er afstaða stj. og amerísku valdhafanna í fjárfestingarmálinu, þessu máli, sem sker úr um það, hvort íslenzkur verkalýður hefur nóga vinnu eða gengur að miklu leyti atvinnulaus? Afstaða stj. er að draga úr fjárfestingunni, þ. e. öllum atvinnuframkvæmdum, eins og hún frekast þorir fyrir þjóðinni. Og það kom í ljós nýlega, hver það er, sem stjórnar þeirri innreið atvinnuleysis á Íslandi, sem þar af hlýzt. Það var ameríska Marshallstofnunin. Ég skal þó, áður en ég rek þá sögu, minna á, að Íslendingum var áður kunnugt um fjandskap ameríska yfirvalda við nýsköpun Íslendinga. Þegar stjórn Stefáns Jóhanns fór fram á það að fá að kaupa þá 10 togara, sem nú eru að koma til landsins, fyrir Marshallfé, sögðu Ameríkanar blátt nei við. Það varð því að leita til Englands til þess að fá dýrara fé lánað til þess að kaupa þá. En það, sem gerðist í vetur hér á Alþ. og leiddi í ljós, hvernig amerísk yfirvöld hugsa sér, með tangarhaldi því, sem þau nú hafa á efnahagslífi voru, að banna Alþingi Íslendinga að stjórna fjármálum í samræmi við þing- og þjóðarvilja, er eftirfarandi:

Meiri hl. fjhn. Nd. hafði í byrjun nóvember flutt frv. um að leyfa byggingu smáíbúða, án þess að sækja þyrfti um fjárfestingarleyfi til fjárhagsráðs. Frv. var samþ. við 3. umr. í Nd. og afgr. til Ed. 5. des. með öllum greiddum atkv. gegn einu. Í Ed. var frv. afgreitt til fjhn., og skilaði hún áliti um það 18. jan. og lagði til, að það yrði samþ. Meiri hl. vildi, að það yrði samþ. óbreytt, en minni hl., að það væri samþ. með nokkrum smábreytingum. Síðan hefur málið verið til 2. umr. öðru hvoru í 1½ mánuð, en ekki verið hleypt lengra vegna aðgerða ríkisstj. Kröfur almennings og vilji þingsins í þessu efni er ótvíræður. Fólkið heimtar frelsi til að mega byggja smáíbúðir. Stöðvun málsins er orðin þjóðarhneyksli. Meira að segja Morgunblaðið kemst ekki hjá því að taka undir kröfur fólksins um, að málið nái fram að ganga. Morgunblaðið segir í ritstjórnargrein 15. febr., undir fyrirsögninni „Hvað dvelur smáíbúðafrumvarpið?", eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„En umræður um málið hafa stöðvazt, enda þótt nefnd hafi skilað um það áliti og mælt með samþykkt þess. Hvernig stendur á þessu? Á að heykjast á þessari smávægilegu rýmkun og tilslökun á haftafarganinu? .... Sú krafa hlýtur því að verða borin fram, að fyrr greint frv., sem er sjálfsagt og sanngjarnt, verði hið fyrsta afgreitt og hljóti lagagildi."

Þetta voru orð Morgunblaðsins 15. febr. Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkti einróma 15. febr. áskorun til þm. Reykjavíkur um að fylgja málinu fast eftir. Borgarstjóri lýsti því yfir 15. febr., að málinu væri frestað eftir beiðni eins Framsóknarráðherrans. Síðan sendi hann þm. Reykvíkinga áskorunina. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv., hæstv. utanrrh., svaraði þessari eindregnu áskorun Reykvíkinga um að beita sér fyrir framgangi málsins með því að heimta málinu enn frestað á næsta fundi Ed. — og því er frestað enn. Það mun nú sýna sig, hvaða rödd það var, sem Bjarni mat meira en rödd Reykvíkinga. Hvað hafði gerzt? Hvaða Heiðnabergsrödd hafði nú sagt: „Hættu að

vígja, Gvendur"? Fjárhagsráð leysti gátuna. Ráðið hafði lagzt harkalega gegn málinu og í bréfi til allshn. Sþ. út af skyldu máli beitt þeim rökum, er það áleit sterkust til að stöðva málið og brjóta á bak aftur vilja þings og þjóðar. Fjárhagsráð sagði í bréfi þessu, dags. 13. jan., eftirfarandi:

„Fjárhagsráði hefur skilizt, að vegna tilrauna til þess að fá að nota fé úr mótvirðissjóði verði að takmarka árlega fjárfestingu við ákveðið hámark, og að það sé fullkomlega skilyrði fyrir því, að leyfi fáist til þess að nota mótvirðissjóð. Ef farið væri eftir tillögu þessari, mundi það gera ómögulegt að sýna forráðamönnum mótvirðissjóðs fram á, hver fjárfestingin væri, þar sem takmarkanirnar næðu aðeins til hluta hennar."

Hvað segir þetta bréf okkur? Það segir okkur í fyrsta lagi, að fjárhagsráð og ríkisstj. líta á þá háu herra í Washington sem hina raunverulegu forráðamenn mótvirðissjóðs, en ekki á Alþingi, sem að íslenzkum lögum ræður þeim sjóði. Það segir okkur í öðru lagi, að þeir háu herrar í Washington setja sín hörðu skilyrði, sem fjárhagsráð og ríkisstjórn ætla að beygja Alþ. undir. Og þeirra skilyrði eru: Þeir heimta að ráða hámarki fjárfestingar á Íslandi, ráða því fullkomlega, hve miklar atvinnuframkvæmdir Íslendingar ráðast í fyrir sitt eigið fé. Þeir segja okkur þm., að vísu með kurteisara orðalagi, en að innihaldi hið sama og við heyrðum forðum: Ætla búkarlar á Alþingi að gera sig svo digra að skipa lögum í landi, þeim, sem auðkóngar í Ameríku eiga einir að ráða. — Þeir treysta á það, Marshallmennirnir, að hafa nú svínbeygt þá menn, er endurreistu lýðveldið að Lögbergi fyrir 7 árum á afmælisdegi mannsins, sem gaf oss kjörorðið „Eigi víkja". Á það mun nú reyna, hvort það orð sé gleymt.

Þeir hv. 1. landsk., Brynjólfur Bjarnason, og hv. þm. Vestm., Jóhann Jósefsson, hafa nú krafizt þess, að þingviljinn fái að njóta sín í þessu máli og frv. nái fram að ganga. Við vitum það þm., að það voru mistök, að fjárhagsráð skyldi láta þetta bréf svona frá sér fara, og ráðið hefur fengið bágt fyrir hjá þeim háu í Washington. Það var ekki meiningin, að loðin auðvaldsloppa Ameríku teygði sig opinberlega inn á Alþingi Íslendinga og legði hramminn á borðið. Það var meiningin, að það ætti að klæða þennan hnefa mammonsríkis Ameríku, eins og Matthías Jochumsson kallaði Bandaríkin, í silkiglófa fjárhagsráðs og það síðan tilkynnti með bros á vör og beygingum, að því miður væri ómögulegt af fjárhagslegum ástæðum að verða við þessari frómu ósk Alþingis. Það er hlutverk fjárhagsráðs og ríkisstj. að dylja fyrir Íslendingum efnahagslega yfirdrottnun ameríska auðvaldsins yfir Íslandi, til þess að særa ekki of snemma tilfinningar lítillar en stoltrar þjóðar, sem man sína nýlendusögu.

Ég segi frá þessum hlutum hér, til þess að allir góðir Íslendingar geri sér ljóst, hvar við erum á vegi staddir um efnahagslegt sjálfstæði vort. Ég segi enn fremur frá þessu máli hér til þess, að allir þeir, sem nú fá að kenna á ráðstöfunum stjórnarflokkanna í húsnæðismálunum, og allir þeir byggingarverkamenn, sem nú eru atvinnulausir, geri sér grein fyrir því, hvaða aðilum það er að kenna, að orku landsmanna fæst ekki einbeitt til þess að bæta úr húsnæðisleysi og atvinnuleysi. Allri þjóðinni þarf að verða ljóst, að hagsmunabaráttan fyrir atvinnu og húsnæði er orðin órjúfanlega tengd efnahagslegri frelsisbaráttu þjóðarinnar gegn þeim viðjum, sem ameríska auðvald og íslenzk einokun hefur keyrt oss í. Og nú mun margur maðurinn spyrja: Hvers vegna vilja amerísku auðmennirnir og íslenzku einokunarhöfðingjarnir halda atvinnuframkvæmdum og atvinnuaukningu svo takmarkaðri, að stórkostlegt atvinnuleysi hljótist af? Það er gert í tvenns konar tilgangi:

Í fyrsta lagi til þess að skapa og viðhalda sáru atvinnuleysi á Íslandi, svo að afturhaldið hafi í krafti þess atvinnuleysis meiri möguleika á að halda kaupkúguninni við, en verkalýðurinn eigi erfiðara um vik í réttlátri kjarabaráttu sinni. Í öðru lagi til þess að veikja viðnámsþrótt íslenzku þjóðarinnar, svo að hún verði ameríska auðvaldinu því auðunnari bráð. Ég skal skýra þetta síðasta ofurlítið nánar. Ef við Íslendingar fáum að nota það fé, sem við komumst yfir, fyrst og fremst til að afla nýrra atvinnutækja, þá verður þjóð vor efnahagslega sjálfstæð og sterk. Það er þetta, sem ameríska auðvaldið vill ekki að við gerum. Þess vegna var það á móti fjölgun togaranna, þess vegna amast það enn við áburðarverksmiðjunni, þó að það sé búið að skera hana niður í 6000 tonna framleiðslu, þess vegna er það á móti sementsverksmiðjunni. En ameríska auðvaldið býður okkur *100—200 millj.* kr. að láni og gjöf, ef við bara viljum éta það allt út, kaupa fyrir það allt neyzluvörur. Og ef við gerum það, í stað þess að nota þessa peninga til að afla nýrra framleiðslutækja, en vinna okkur sjálfir fyrir neyzluvörum með framleiðslu vorri, þá stöndum við efnahagslega á glötunarbarmi eftir örfá ár, og það er það, sem ameríska auðvaldið ætlast til. Þá er kominn tími til að taka fjárforræðið og sjálfsforræðið af þjóðinni, sem það nú er að gera að styrkþega móti vilja hennar.

Ég læt nú útrætt um ráðstafanir afturhaldsins til þess að leiða atvinnuleysið yfir almenning og viðhalda því og kem nú að kaupgjaldinu. Árásir afturhaldsins á kaupgjald verkalýðsins hafa verið gífurlegar síðustu árin, og skiptir þar um árið 1948, þegar íhald og aðstoðaríhald taka völdin í Alþýðusambandinu. Síðan 1948 hefur kaupmáttur tímakaupsins lækkað um meira en 20%, þó að miðað sé við hina opinberu vísitölu óniðurgreidda. En hörmulegust er þó sú kauplækkun, sem kemur fram í því, þegar verkamaðurinn fær aðeins vinnu einn til tvo daga í viku og víða um land ekkert handtak í marga mánuði. Það þarf ekki að lýsa þessum árásum né sanna, að þær hafi átt sér stað; það veit hver einasta alþýðufjölskylda á öllu Íslandi. En það er hins vegar rétt að rifja örstutt upp, hvernig tvær síðustu árásirnar, gengislækkunin og vísitölubindingin nú, eru tilkomnar og undirbúnar.

Gengislækkunin, þessi ægilega árás á íslenzka alþýðu, sem Alþfl. fær ekki nógsamlega fordæmt, er framin samkvæmt samningi, gerðum af stjórn Stefáns Jóhanns við Bandaríkjastjórn 5. júlí 1948, Marshallsamningnum svo nefnda, þar sem stjórn Íslands skuldbindur sig til þess í 2. grein, c-lið, að „koma á ... réttu gengi" á íslenzku krónunni, og auðvitað er ameríska auðvaldinu gefið valdið til þess að ákveða, hvaða gengi sé rétt á íslenzkri

krónu, og ef Íslendingar mögla, já, þá eru Marshallgjafirnar í hættu. Þannig kaupir ameríska auðvaldið sér hlýðni, enda var gengislækkunin ákveðin og útreiknuð í Washington og fulltrúi amerísks banka sendur með skilaboðin hingað. Íslenzku ráðherrarnir létu í ljós undrun sína, hvað lækkunin væri mikil, heyrðu og hlýddu. Íslenzk alþýða borgar, líka þeir, sem glæptust á að kjósa íhald og Framsókn 1949. Vísitölubindingin nú eftir nýár, sem á að tryggja, að kaupgjaldið raunverulega lækki með hverjum mánuði sem líður vegna hinna stórfelldu verðhækkana, sem fram undan eru, er, eins og Hannibal Valdimarsson, hv. 6. landsk., minnti hér á í fyrrakvöld, eitt skilyrði Ameríkana fyrir gjöfunum, sem nú eru ríkisstj. gefnar. Með öðrum orðum: fátækasti hluti íslenzku þjóðarinnar á að borga fyrir það í sílækkandi kaupi, að efnuðustu menn þjóðarinnar geti fengið að kaupa hvaða vörur sem hugur þeirra girnist fyrir lánsfé, sem þjóðin á seinna að borga.

Ég hef lýst öllu þessu svo ýtarlega vegna þess, að það er nauðsynlegt að þjóðin horfist kalt og raunsætt í augu við það, sem nú er að gerast í þjóðlífi voru. Íslenzk alþýða verður að þekkja orsakir þessa ófremdarástands, til þess að geta barizt gegn þeim. Það eru afleiðingar Marshallstefnunnar í atvinnumálum, sem nú bitna á öllum almenningi. Það eru afleiðingarnar af vægðarlausri eiginhagsmunapólitík voldugrar einokunarklíku hér í Reykjavík, sem hugsar um það eitt að þjarma að alþýðu, til þess að gróði auðvaldsins megi verða sem mestur, og stendur í bandalagi við ameríska auðvaldið um þær ráðstafanir, sem gerðar eru í efnahagsmálum landsins og allar hafa beinzt að því að rýra kjör alþýðu og eyðileggja sjálfstætt efnahagslíf Íslendinga. Það er auðséð, að íslenzka og ameríska auðmannastéttin einbeita öllum kröftum sínum að því að brjóta verkalýðssamtökin á bak aftur í þeim átökum, sem fram undan eru. Það á, samkvæmt yfirlýsingum Ólafs Thors í fyrrakvöld, ekki aðeins að beita öllum mætti ríkisvaldsins gegn verkalýðnum, heldur er og öllum þeim atvinnurekendum hótað hörðu, sem vildu vera það sanngjarnir að greiða verkamönnum sínum réttlátt kaup. Slíkir skulu sviptir lánstrausti bankanna, tilkynnti ríkisstj., og séu þeir útflytjendur, þarf svo sem ekki að fara í grafgötur um, að þeir yrðu sviptir leyfi til að flytja út vörur sínar, þegar þeir geta selt þær á betra verði en ríkisstj. og því greitt verkalýðnum betra kaup. Helgreipar einokunarvaldsins yfir bönkunum og útflutningnum eiga að tryggja ríkisstj. algert kúgunarvald gagnvart verkalýðnum og öllum sanngjörnum atvinnurekendum. Það liggur því í augum uppi, að til þess að sigra í sinni réttlátu baráttu verður íslenzk alþýða að sameina alla krafta sína, jafnt á sviði kaupgjaldsmála sem stjórnmála; verkamenn og verkalýðssinnar verða að taka saman höndum, án tillits til pólitískra skoðana, og undirbúa af alvöru þess, sem ber ábyrgðina á lífi og velferð íslenzkra alþýðuheimila, þá hörðu baráttu, sem nú bíður vor. Barátta alþýðunnar stendur um atvinnuna og kaupgjaldið, og hún verður ekki háð sigursælt, nema barizt sé fyrir þessu hvoru tveggja í senn: rétti alþýðunnar og allra Íslendinga til að vinna og framleiða og flytja út, án þess að einokunarhöfðingjarnir geti hindrað það, og rétti alþýðunnar til lífssæmandi vinnulauna. Og af því að hverjum þeim, sem nú vill leggja út í þessa baráttu, hlýtur að vera ljós nauðsynin á einingu alls verkalýðs í þeirri baráttu, þá blöskraði mér yfirlýsing Gylfa Þ. Gíslasonar í fyrrakvöld um, að ekkert samstarf kæmi til mála milli sósíalista og Alþýðuflokksmanna í þessum stórmálum, sem líf og afkoma alþýðunnar veltur á. Og ég vil enn spyrja þm. Alþfl.: Ætla þeir enn, eftir hótanir auðvaldsins í fyrrakvöld, að halda fast við þessa sjálfsmorðspólitík sundrungarinnar? Alþfl. veit, að í harðvítugri baráttu um kaupgjaldið á verkalýðurinn eitt einasta sterkt vopn, verkalýðssamtökin, félögin, sem eru fjöregg alþýðunnar í lífsbaráttu hennar. Það eru þessi samtök, sem verða að heyja baráttuna, ef út í hana er lagt, og verkfallsbarátta er ekki og hefur aldrei verið neinn gamanleikur. Hún er neyðarúrræði kúgaðs fólks, sem á enga aðra möguleika til að rétta sinn hlut, og verkalýðurinn veit, að hann á á hættu sult og hvers konar þrengingar, eins og auðmenn landsins og ráðherrar þeirra hótuðu honum í fyrrakvöld, þegar hann leggur út í slíka baráttu til þess að bjarga lífsafkomu alþýðuheimilanna. Ekkert er þó mikilvægara fyrir alla alþýðu, þegar hún leggur til slíkrar baráttu, en einmitt að samtök hennar séu einhuga og undir markvissri, heiðarlegri forustu, sem gerir sér ljósa ábyrgð sína gagnvart verkalýðnum, sem baráttuna heyir, og óháð atvinnurekendum og ríkisstjórn, óháð því íhaldi, sem Gylfi Þ. Gíslason átti engin nógu sterk orð til þess að fordæma, því íhaldi, sem hann skoraði á þjóðina að berjast gegn undir kjörorðinu „Allt er betra en íhaldið". En hvað gerir Alþfl. og Gylfi Þ. Gíslason til þess að undirbúa verkalýðsfélögin til þessara örlagaríku átaka við íhald og auðvald þjóðfélagsins? Alþfl. hefur undanfarið gengið sem grenjandi ljón í verkalýðsfélögunum til þess að reyna að koma forustu ýmissa helztu verkalýðsfélaga Reykjavíkur í hendurnar á íhaldinu! Í Dagsbrún hefur Alþfl. fylkt sér um flokksbundinn íhaldsmann, útnefndan af flokksskrifstofu íhaldsins, og reynt að koma honum að sem formanni Dagsbrúnar, auðvitað með þeim hrapallegu úrslitum, að þessum þríflokkum tókst að fá um 500 atkv. í Dagsbrún, þegar Sigurður Guðnason, hv. 6. þm. Reykv., var kosinn í tíunda sinn formaður með yfir 1200 atkv. Svo náin var samvinnan milli Alþfl. og íhaldsins, að við þessar kosningar var auglýst, að það væri alveg sama, hvort menn hringdu í síma Heimdallar eða Alþfl., það væri sami húsbóndinn, sama stefnan á báðum stöðunum, þ. e. að koma íhaldinu til valda og forustu yfir félögum verkalýðsins. Og þessi „barátta" Alþfl. hefur haldið áfram við hverjar einustu kosningar í verkalýðsfélagi í Reykjavík, nú síðast í Iðju, þar sem verið var að koma íhaldsmanni, sem íhaldsskrifstofan tilnefndi, að sem formanni í stað þess manns, sem unnið hefur Iðju upp sem verkalýðsfélag, Björns Bjarnasonar, og stjórnað henni nú um árabil. Það mistókst fyrir Alþfl. að afhenda það félag íhaldinu, en svo reiðir verða þeir yfir því að geta ekki gefið íhaldinu félagið, að þeir kæra kosninguna. Og svo kemur Gylfi Þ. Gíslason í útvarpið og hrópar út um allt land: Allt er betra en íhaldið! Verkalýðsfélög, til baráttu gegn íhaldinu! En með verkum sínum segir Alþfl.: Afhendum þó íhaldinu verkalýðsfélög-

in fyrst! Hvílík óskammfeilni! Hvílík takmarkalaus hræsni lýsir sér ekki í þessum aðförum! Það er ekki að undra, þótt svona menn tali digurbarkalega um íhaldsloppuna, sem sé að skera á lífsþráð fátækra verkamanna — um leið og þeir sjálfir reyna af fremsta megni að afhenda íhaldsloppunni fjöregg alþýðunnar, verkalýðssamtökin, og gerast sjálfir aðstoðaríhald í verkalýðsfélögunum.

Það, sem verkalýðurinn þarf nú, til þess að sigra íhald og afturhald, er ekki sundrung, eins og Gylfi boðar, ekki íhaldsþjónusta, eins og Alþfl. framkvæmir, heldur sameining allra verkamanna í baráttunni fyrir atvinnu og lífssæmandi kaupgjaldi.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Háttvirtir áheyrendur. Þeir hæstv. ráðh., sem töluðu í fyrrakvöld, hældu allir mjög fyrirhuguðum ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. En undarlegast þótti mér hól hæstv. fjmrh. um þær, því að hann var þó einu sinni gætinn fjármálamaður. Hann hefur nú verið ráðherra lengst af í 15 ár, en á þessum tíma hefur smám saman hlaðizt utan á hann íhaldsryk, svo að æ minna sér í þann Eystein Jónsson, sem einu sinni var. Mér sýnist ýmislegt benda til þess, að í þessari stjórnarsamvinnu muni hyljast á honum síðasti bletturinn, svo að nú eru síðustu forvöð fyrir þau frjálslyndu öfl, sem enn kunna að vera í forstofu Framsfl., á leið út úr því húsi, að dusta hæstv. fjmrh. rækilega, svo að þannig fari ekki, að bráðlega verði ekkert sjáanlegt í fjármálaráðherrastólnum annað en íhaldsryk. Það væri lítið skemmtilegt til viðbótar því að hafa séð á eftir hæstv. landbrh., Hermanni Jónassyni, inn í Heiðnaberg og heyra ekkert frá honum þaðan annað en lofsöngva um bergið og að sjá hv. 8. þm. Reykv., fröken Rannveigu Þorsteinsdóttur, vopnlausa og berskjaldaða og því óhæfa til allrar baráttu gegn fjárplógsstarfsemi.

Mig stórfurðar á því, hve hæstv. ráðh. Framsfl. eru harðánægðir með ástandið og allt, sem þeir eru að gera. Þeir virðast telja þetta allt saman nákvæmlega eins og það eigi að vera, eru himinlifandi og dýldnir í þokkabót. Hæstv. fjmrh. telur það til höfuðafreka, að 1950 hafi sér tekizt að borga ekki meira út úr ríkissjóði en kom inn í hann. Er nú svo komið fyrir Eysteini Jónssyni, að hann sjái ekkert nema ríkissjóðinn? Gerir hann sér ekki ljóst, að fjárhagskerfið allt er enn sársjúkt, þótt hann sé búinn að vera að reyna að lækna það árum saman, en enginn maður hefur verið lengur ráðh. á Íslandi undanfarið en einmitt hann? Hefur hæstv. fjmrh. ekki talið það saman, sem Íslendingum hefur áskotnazt ókeypis í dýrmætum erlendum gjaldeyri á síðastliðnum tveimur og hálfu ári? Þá skal ég segja honum það. Það eru 253 milljónir kr., miðað við núverandi gengi. Og nú er von á tæpum 100 millj. í viðbót. Á sama tíma hafa Íslendingar og fengið 70 millj. kr. lán erlendis við vægum kjörum. Þau framlög, sem Íslendingar hafa fengið án endurgjalds síðastliðin tvö og hálft ár, hafa nægt til þess að greiða 15% innflutningsins. Þau endurgjaldslausu framlög, sem þeir væntanlega fá á tímabilinu 1. júlí 1950 til 1. júlí 1951, nema hvorki meira né minna en 39% innflutningsins, eins og hann var 1950, miðað við núgildandi gengi. Samt hefur ástandið verið og er eins og allir vita. Og mitt í þessari eymd og niðurlægingu gumar svo hæstv. fjmrh. af því að hafa ekki borgað meira út úr ríkissjóðnum en hann mátti! Þetta minnir á bóndann, sem var svo ánægður yfir því, að sig hefði aldrei vantað neitt nema hey, mat og eldivið.

Veit hæstv. fjmrh. ekki, að það er enn þá verðbólga í landinu? Veit hann ekki, að fjárfesting er enn miklu meiri en frjáls sparnaður? Veit hann ekki, að útlán bankanna jukust á s. l. ári um 164 millj. kr., eða 18%? Veit hann ekki, að verzlunarjöfnuðurinn varð á síðasta ári óhagstæður um 122 millj. kr.? Veit hann ekki, að við síðustu áramót skulduðu bankarnir erlendis 10 millj. kr. og að það voru fyrstu áramótin í meira en áratug, sem bankarnir skulduðu erlendis? Veit hann ekki, að það er atvinnuleysi í landinu? Veit hann ekki, að dýrtíðin er svo mikil, að almenningur á fullt í fangi með að láta tekjur sínar hrökkva fyrir nauðsynjum? En ef hann veit þetta allt saman, hvernig í ósköpunum getur hann þá talað eins og hann gerir?

Hæstv. fjmrh. og hæstv. atvmrh. töluðu réttilega um hin miklu útlán bankanna sem eina af orsökum ófremdarástandsins í fjármálum þjóðarinnar, en þeir gáfu í skyn, að á því bæru einhverjir aðrir ábyrgð en þeir sjálfir. Jón Árnason, bankastjóri Landsbankans, hefur sagt mér, að síðan hann tók við bankastjórn hafi hann aldrei orðið þess var, að nokkur ráðh., og ekki heldur núv. fjmrh., hafi varað bankann við of miklum lánveitingum, heldur þvert á móti alltaf sótt á um aukin lán. Og svo standa þessir hæstv. ráðh. hér á Alþ. og kvarta yfir lánsfjárþenslunni.

Allir þessir hæstv. ráðh., sem hafa talað, hafa látið sér tíðrætt um, að Alþfl. hafi ekki bent á nein úrræði. Þetta hefur alltaf verið viðkvæði allra ríkisstjórna um stjórnarandstöðuna. Annars er það beinlínis spaugilegt að heyra menn í sífellu vera að klifa á því, að þeir viti ekki, hvað Alþfl. vilji. Vita þeir ekki, að Alþfl. er sósialistískur flokkur, sem hefur þjóðskipulag jafnaðarstefnunnar að takmarki? Vita þeir ekki, að flokkurinn hefur nú nýverið á flokksþingi samþykkt og birt í blaði sínu ýtarlega stefnuskrá um vandamál dagsins? Ég gat þess í fyrrakvöld, að vandamál bátaútvegsins nú hefði Alþfl. viljað leysa með svipaðri skipan og Norðmenn hafa á málum síns bátaútvegs. Fiskverð til útvegsmanna í Noregi er nú 9% hærra en það hefur verið hér, og þó fá þeir miklar uppbætur úr ríkissjóði. Ekki virðist það benda til þess, að sú skipan sé neitt fráleit. — Hæstv. forsrh. sagði, að ég mundi hafa talað gegn betri vitund, er ég mælti með slíkri skipan. Ég veit ekki, í krafti hverrar vitundar jafnmætur maður og hann mælir með því braskskipulagi, sem stjórn hans er nú að koma á. Mig uggir, að þau orð hans séu ekki frá eigin brjósti, heldur bergmál úr Heiðnabergi. Áður en hæstv. ráðh. tala meira um úrræðaleysi stjórnarandstöðunnar, ættu þeir að gera þjóðinni grein fyrir því, hvað þeir vilja láta gera, þegar hinu erlenda gullregni lýkur. Það er þó stj., sem á að stjórna landinu, en ekki stjórnarandstaðan. Meðan hæstv. ráðh. gera hvorki sér né þjóðinni grein fyrir þessu, ættu þeir að gera sem minnst af því að tala um úrræðaleysi andstæðinganna.

Hæstv. fjmrh. sagði, að stefna Alþfl. væri stefna hinna tómu búða. Stefna hans er stefna hinnar

tómu pyngju. Hæstv. fjmrh. hefur ekki haft sérlegan áhuga á því á undanförnum árum að fylla búðirnar. Það hefur verið hann og flokkur hans, sem harðast hefur staðið gegn því, að rýmkað væri um innflutning neyzluvöru. Undanfarin ár hefur almenningur nefnilega haft talsverða peninga handa á milli, og þá máttu búðirnar vera tómar. En nú, þegar verið er að tæma pyngjur almennings með atvinnuleysi og með því að svíkja hann um kaupuppbætur, sem búið var að lofa vegna vaxandi dýrtíðar, þá á að fylla búðirnar.

Og nú eru ráðherrar allt í einu farnir að lýsa því, að hér hafi á undanförnum árum verið ógurlegur svartur markaður! Það er nú sagt, að ekki sé víst, að nokkur verðhækkun hljótist af hinum nýju ráðstöfunum, þar eð svo geti farið, að hið eina, sem gerist, verði það, að það, sem áður var ólöglegur svartamarkaðsgróði, falli nú útgerðinni í skaut sem löglegur verzlunarhagnaður. Mér finnst ekki ómerkilegt að frétta það úr stjórnarráðinu, að ólöglegur svartamarkaðsgróði kunni á undanförnum árum að hafa numið 50—60 millj. kr. á ári. Þeir, sem búnir eru að vera ráðh. árum saman, hafa verið helzt til lengi að átta sig á þessu. Og það er ekki álitlegt, ef það á að taka þá annan eins tíma að átta sig á því ógnarbraski, sem hljótast mun af þessum nýju ráðstöfunum.

Sjálfstfl. hefur lagt á það sérstaka áherzlu að telja mönnum trú um, að Alþfl. vilji í raun og veru ekkert annað en viðhalda höftum og skriffinnsku. Allir vita, að Sjálfstfl. hefur ráðið mestu um stjórn landsins s. l. áratug. Hann er eini flokkurinn, sem hefur átt fulltrúa í ríkisstjórn allt þetta tímabil. Á þessu tímabili hafa verið hér þunglamalegri höft og dýrari skriffinnska en í nokkru nágrannalandanna. Sjálfstfl. hefur, eins og eðlilegt er, ráðið meiru um framkvæmd þessara hafta og þessarar skriffinnsku en nokkur hinna flokkanna. Það hefur ekki heldur staðið á honum og skjólstæðingum hans að hafa það gagn af öllu þessu, sem hægt hefur verið, um leið og reynt hefur verið að koma óvinsældum af öllu saman yfir á aðra flokka og þá sérstaklega Alþfl. Alþfl. hefur aldrei mælt með höftum haftanna sjálfra vegna eða auknum ríkisafskiptum til þess eins að auka vald ríkisins. Honum er vel ljóst það gagn, sem hlotizt getur af raunverulega frjálsri samkeppni og heilbrigðu einstaklingsframtaki. En eigi hann að velja milli „viðskiptafrelsis", sem hefur í för með sér atvinnuleysi, dýrtíð og ójöfnuð, og hóflegra ríkisafskipta til að tryggja öllum atvinnu, sanngjarnt vöruverð og jöfn lífskjör, þá velur hann síðari leiðina, og það mun allur almenningur einnig gera.

Íhaldið, sem nú stjórnar landinu, kennir sig sumpart við sjálfstæði og sumpart við framsókn. Það er ömurlegt, að það skuli kenna sig við sjálfstæði, samtímis því sem stjórnarstefnan grundvallast á erlendum fjárveitingum, án þess þó að leggja með þeim grundvöll að heilbrigðu atvinnu- og fjármálalífi. Og það er broslegt, að hún skuli kenna sig við framsókn, samtímis því sem verið er að reyna að kippa þjóðinni 25 ár aftur í tímann og taka upp stjórnarstefnu, sem þá var gengið af dauðri. Hinn glæsilegi bændaleiðtogi, Tryggvi Þórhallsson, sagði fyrir aldarfjórðungi: „Allt er betra en íhaldið". Og íhaldið er jafnslæmt, hvort sem það kennir sig við sjálfstæði eða framsókn.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Aðalefnið í ræðum stjórnarandstöðunnar var þetta í kvöld og fyrrakvöld:

Við Íslendingar vorum fyrir stuttu rík þjóð, en erum nú fátækir, vegna aðgerða núverandi ríkisstjórnar. Hv. þm. Brynjólfur Bjarnason sagði að vísu, að menn ættu ef til vill erfitt með að trúa þessu, og það eru orð að sönnu, því að núv. ríkisstj. tók við stöðvuðum sjávarútvegi á síðasta ári og kom honum á flot. Hún hefur á þessu ári orðið að mæta aflabresti, lækkun verðs sjávarafurða, verðhækkun erlendis á innfluttum vörum, löngu verkfalli á togaraflotanum, síldarleysi, en þó skilað í fyrsta skipti í mörg ár batnandi gjaldeyrisafkomu bankanna, greitt niður ríkisskuldir um 13 millj. kr. í stað stórfelldrar skuldasöfnunar ár hvert undanfarin góðæri. Ég mun síðar nefna fleira, er í sömu átt stefnir.

Hvorugur flokkur stjórnarandstöðunnar virðist gæta þess, að þjóðin man það, að þeir eru báðir svo að segja nýkomnir úr ráðherrastólunum úr stjórn, er gullið rigndi yfir úr gullskýjum. Sósfl. fór úr ríkisstjórn 1947, Alþfl. sat í stjórn, aðeins með tveggja ára hléi, síðan 1942 og þangað til á síðasta ári og hafði stjórnarforustuna síðustu þrjú árin. Hver var arfurinn, sem þessir flokkar skiluðu? Það skiptir ef til vill einhverju máli. Við framsóknarmenn höfum aldrei dulið fyrir þjóðinni, hvað var að gerast. Þegar við fórum úr ríkisstj. 1942, sagði núv. hv. fjmrh. þjóðinni afdráttarlaust, að sú fjármálastefna, sem þá var upp tekin, gæti ekki endað nema annað tveggja, með stöðvun framleiðslunnar eða stórfelldri gengislækkun.

Fyrir kosningar 1949 hélt Framsfl. fimm fjórðungsfundi og gerði flokksmönnum sínum ljóst, að eftir að sjávarafurðirnar hefðu þá lækkað, Englandsmarkaðurinn brugðizt, Þýzkalandsmarkaðurinn fyrir ísfisk hrunið og kaup hækkað, væru togararnir að stöðvast, nema þeir einnig til viðbótar bátaútveginum fengju ríkisstyrk. Við sýndum fram á, að það væri ríkissjóði og þjóðinni ofraun að afla í þessu skyni aukinna tekna, er næmu á annað hundrað millj. kr. Við drógum rök að því, að framleiðslan væri stöðvuð og ríkissjóður gjaldþrota, nema til kæmi ný stefna í fjármálum og niðurfærsla eða gengisskráning í samræmi við það fall krónunnar, sem þegar var orðið staðreynd vegna fjármálastefnu undanfarinna ára. Þetta sagði Framsfl. fyrir kosningarnar 1949 á fjórðungsfundum, í kosningaávarpi, í blöðum flokksins og á framboðsfundum. Ég spyr: Með hverjum hætti var unnt að gera þjóðinni þetta ljósara.

Sú málfærsla, að Framsfl. hafi farið á bak við þjóðina í þessum efnum er ekki aðeins fágæt ósannindi, heldur hrein öfugmæli. Stjórnarandstæðingar höfðu tilburði til að koma með sínar útskýringar á því, hvers vegna svo illa væri komið. En ég mun leiða um þetta meginatriði vitni, sem þeir ættu síðastir manna að vefengja.

Þjóðinni græddist fé á stríðsgróðaárunum, um 580 millj. kr. í erlendum gjaldeyri, ekki fyrir framleiðsluvörur, heldur fyrir hérveru fjölmenns erlends herliðs. Og hvernig fór núv. stjórnarand-

staða þá í ríkisstjórn með þetta fé? Við skulum gera myndina af því gleggri með því að hugsa okkur heimili við sjó eða sveit, sem áskotnast 60 þús. kr. og leggur það í sparisjóðsbók. Á næstu 4 árum hefur þetta heimili hæstu tekjur af atvinnu, en tekur jafnframt út úr sparisjóðsbókinni 15 þús. kr. á ári til að bæta við framleiðsluna, en mest þó í eyðslu heimilisins. Eftir 4 ár er sparisjóðsbókin tæmd með öllu, 15 þús. kr. ársúttektin, sem heimilið hefur vanið sig á, hverfur, en auk þess minnka atvinnutekjurnar, því að framleiðsluvörurnar falla í verði og atvinnutækin reynast miður en vonir stóðu til. Þegar svo er komið, á þetta heimili um tvennt að velja: Nokkra rýrnun lífskjara meðan verið er að bæta og auka framleiðsluna, þannig að hún geti veitt heimilinu viðunandi lífskjör, en hinn kosturinn er sá, að gefa út skuldabréf, safna skuldum, til að viðhalda um skeið fölskum lífskjörum. Það endar fyrr eða síðar í fjárhagslegu ósjálfstæði. En það var þessi leið, sem stjórnendurnir völdu á undanförnum árum þjóðinni til handa. Og afleiðingin varð sú, að þjóðin varð að bjarga framleiðslu sinni frá gjaldþroti með því að fella skuldabréf sín í verði — fella peningana.

Í sporum þessa heimilis hefur íslenzka þjóðin staðið undanfarin ár. Við áramótin 1947, þegar stjórn Stefáns Jóhanns Stefánssonar tók við völdum, voru erlendu *innstæðurnar* þrotnar, sparisjóðsbókin var tæmd. Um þetta eru til þau fullkomnustu sönnunargögn, sem til þekkist í stjórnmálum: sjálft hagfræðingaálitið frá þekktum hagfræðingum þriggja flokka, sem stjórnað höfðu, og óflokksbundnum og þekktum hagfræðingi, sem Framsfl. tilnefndi til að rannsaka ástandið. Hagfræðingarnir drógu raunar skýr rök að því, að með rangri fjármálastefnu væru sjóðir tæmdir, krónan fallin, og ætti að breyta skráningu hennar.

Alþfl. tók nú forustuna, í beinu framhaldi af fyrri þátttöku sinni í ríkisstjórn. Í fyrstu sýndist Alþfl. vera alvara að taka þá stefnu að spara og rétta við. Vísitalan var stýfð og fest og annar af ráðh. flokksins sagði, að það væri glæpur að hvetja til kauphækkana, því að það væri þjóðinni og verkamönnum þó mest til ófarnaðar. En Adam var ekki lengi í paradís, né Alþfl. á réttri leið. Sósíalistar gerðu óp að Alþfl. fyrir vísitöluskerðinguna og fyrir það að hafa kallað það glæp að hvetja til kauphækkana. Sósíalistar blátt áfram æptu Alþfl. út af réttri stjórnarstefnu, líkt og veiðimenn í gamla daga görguðu niður álftarunga, sem voru viðvaningar í flugi. Alþfl. notaði nú brátt vald, sem honum var fengið í Alþýðusambandi Íslands, til þess að fremja það, sem hann hafði kallað glæp. Hann skrifaði dreifibréf til verkamannafélaganna og hvatti til almennrar kaupstyrjaldar, með miklum árangri. En í ofanálag safnaði ríkissjóður skuldum, eins og hæstv. ráðh. Ólafur Thors sagði frá í útvarpinu í fyrrakvöld, 63 millj. kr. að jafnaði þessi 3 ár undir forustu flokksins. Og einnig var beint og óbeint stofnað til meiri skulda erlendis en dæmi eru til áður.

Þannig hraktist Alþýðuflokkurinn inn á háskalegar leiðir og sálgaði sinni eigin stjórnarforustu. Má segja, að hann hafi þar siglt „skemmstu leið til hneysu", eins og í vísunni stendur, og strandað á stóru veiðileysu í bókstaflegri merkingu, því að allur veiðiflotinn var stöðvaður, gjaldeyrisgjafinn sjálfur, sjóðir tómir, lánstraust á þrotum, gjaldeyris- og vöruþurrð. Meðan stjórnarskútan var að sigla í algert strand, var aftur kallað á hagfræðinga og nú frá öðrum löndum til að rannsaka, af hverju siglingarskekkjan kæmi. Með þessum hagfræðingi unnu innlendir hagfræðingar. Brynjólfur Bjarnason sagði í fyrrakvöld, að dómur hagfræðinganna hefði verið sá, að allt, sem gert hefði verið í fjármálum í nokkur ár fyrir 1949, væri tóm vitleysa. Þetta eru að vísu ýkjur, en dómurinn fór í þessa átt og var harður. Það vita allir, sem álitsgerð þessa hafa lesið. Svona var arfurinn. Um það er ekki að villast. Svo kemur stjórnarandstaðan, nýkomin úr ráðherrastólunum, beint frá þessum viðskilnaði og ber sínar eigin vammir á núv. ríkisstj., sem er að reyna að bjarga því sökkvandi skipi, sem stjórnarandstaðan hefur hlaupizt frá, eftir að það var strandað.

Sjálfir hafa þeir tvívegis kvatt til hagfræðinga, eigin flokksmenn og frá öðrum löndum, til að gefa álitsgerðir og kveða upp dóma, og þið hafið, háttvirtir stjórnarandstöðuflokkar, í bæði skiptin fengið svarið frá hagfræðingunum, skýrt og afdráttarlaust, og það hljóðar þannig: Þið siglduð skakkt, annar áleiðis að strandi, hinn hélt áfram, og undir hans forustu var siglt á skerin. Og eftir að þið hafið fengið þennan dóm um ykkar eigin verk hjá þeim, *sem þið hafið sjálfir kvatt í dóminn*, vitið þið sjálfir mætavel, frekar en þjóðin í heild, hverjir eiga mesta sök á því, hvernig komið er. Læt ég svo útrætt um það.

Þá kem ég að tildrögum núverandi stjórnarsamstarfs. Hv. þm. Hannibal Valdimarsson kveðst hafa þungar áhyggjur vegna örlaga minna. Slíkar áhyggjur telja ýmsir sig hafa haft áður og af ýmsum hvötum. Þessi hv. þm. las í því sambandi kafla úr grein, sem ég skrifaði um áramótin 1948. En honum varð það á, sem hann hefði ekki átt að láta sig henda, að slíta úr samhengi og afbaka með fádæmum, svo sem ég mun sanna.

Í þessari grein dreg ég rök að því, að stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar komist í þrot á árinu 1949 vegna rangrar stefnu, svo sem raun varð. Þess vegna yrði að mynda meiri hluta fyrir nýrri fjármálastefnu. Síðan sýndi ég fram á, að eðlilegast og heilbrigðast væri, að Alþfl. hætti alþekktri þjónkun sinni við Sjálfstfl., breytti um stefnu og tæki upp samstarf við Framsfl. Orðrétt niðurstaða mín af þessum rökræðum hljóðar svo í grein minni:

„Flokkur, sem á kjósendur aðallega meðal vinnandi fólks, getur brátt enga aðra leið valið, og það er engum ljósara en ýmsum af beztu mönnum flokksins. Það stendur ekki á Framsfl. til slíks samstarfs."

Þessu gleymdi Hannibal Valdimarsson. Við komum að því síðar og þá sérstaklega að þessum „beztu mönnum Alþýðuflokksins", sem margir treystu, að tryggja mundu eftir kosningar samstarf Framsóknar- og Alþfl. En hv. þm. sagði og, að aðalefni greinar minnar hefði verið að veifa framan í fólk fána frjálslyndis og sverja fyrir samstarf við Sjálfstfl. Sama hefði ég gert í Strandasýslu. Skoðum aftur staðreyndir um hina umtöluðu grein. Eftir að ég hef þar sagt, að samstarf við Alþfl. sé ákjósanlegast, segir, að Sósfl. hafi gert sig óvirkan í stjórnarsamstarfi, og síðan ræði ég

um Sjálfstfl. Lýkur þeirri röksemdafærslu þannig orðrétt: „En hvaðan fylgið kemur, sem algerri stefnubreytingu orkar, skiptir ekki mestu máli, heldur hitt, að þennan meiri hluta verður að skapa með þjóðinni.“ Nú spyr ég alla, sem mál mitt heyra, hvort eigi sé þarna ljóst talað. Þar er sagt, að ekki skipti mestu máli, hvaðan meirihlutafylgið kemur, heldur, að fjármálastefnunni sé þegar breytt. Þannig talaði ég og ritaði fyrir kosningar. Það er skjalfast mál, sem falsanir eða útúrsnúningar geta ekki raskað. En þessi sömu skjöl sanna og óheiðarlega málfærslu af hendi Hannibals Valdimarssonar, sem er alveg furðuleg.

Ég þekki allt of vel duttlunga Alþfl. til þess, að ég talaði svo fávíslega, að samstarf við hann væri eina leiðin, annars væri öll stjórnarsamvinna útilokuð og stjórnleysi yrði að halda innreið sína. Og nú segir Hannibal Valdimarsson, að ég hafi farið í Heiðnaberg. Við skulum segja, að svo sé. Það hefur hvorugur okkar Hannibals Valdimarssonar aðstöðu til að líkja sér við Guðmund hinn góða. En minnast má Hannibal Valdimarsson þess, þar sem hann hyggur sig nú standa pólitískt sálu hólpinn á bergbrúninni, að það hefði naumast verið fært í frásögu, þótt Guðmundur hinn góði hefði staðið á Heiðnabergsbrúninni og haft hátt um lífshættuna við að fara í bergið. Frásögnin er ekki um það, hún er ekki um þá manntegund, heldur hitt, að hann fór í Heiðnaberg og kom þaðan aftur óskaddaður. Er svo ekki réttast að sleppa spám og láta leikslokin skera úr?

En hvernig stóð svo Framsfl. við yfirlýsinguna um, að hann vildi samstarf við Alþfl., og hver urðu afrek „beztu manna Alþýðuflokksins“, er á hólminn er komið? Framsfl. var eftir kosningarnar falin stjórnarmyndun. Samstundis var samþykkt mótatkvæðalaust í þingflokknum og miðstjórninni að reyna fyrst að mynda minnihlutastjórn með Alþfl., sem mjög víða tíðkast erlendis í lýðræðislöndum. Alþfl. neitaði því afdráttarlaust, enda hafði þingflokkurinn samþykkt að taka ekki þátt í stjórn. Hins vegar kvað Alþfl. mega ræða við sig um stjórnarmyndun, ef Framsfl. gæti tryggt meirihlutastuðning við stj. og fylgi við aðkallandi vandamál. Þar sem flokkarnir voru sammála um, að sósíalistar kæmu ekki til greina, var þetta bein ávísun á samstarf við Sjálfstfl., og létu íhaldsandstæðingarnir, Hannibal og Gylfi, sem hér töluðu í fyrrakvöld, þá ekkert til sín heyra. Sjálfstfl. fór undan í flæmingi, og Framsfl. leitaði þá ekki eftir stjórnarsamstarfi við hann einan. Meðan flokksstjórn sjálfstæðismanna sat, ræddu hæstv. núv. forsrh., hæstv. fjmrh. og ég enn margsinnis við Alþfl., en samstarf við hann reyndist með öllu ófáanlegt, og fékkst hann ekki einu sinni til að nefna skilyrði fyrir samstarfi og virtist vera fullkomlega úrræðalaus, enda lýsti Alþýðublaðið því yfir daglega, að Alþfl. tæki eigi þátt í stjórn. Þeir vissu allt of vel um arfinn, sem þeir skildu eftir. Þannig framkvæmdi Framsfl. út í æsar yfirlýsingu sína fyrir kosningar. En Framsfl. stóð jafnframt við þá stefnu sína, í samræmi við yfirlýsinguna, sem ég las í blaðagrein minni áðan, að ef Alþfl. brygðist, yrði að leita meirihlutafylgis fyrir nýrri fjármálastefnu eftir öðrum leiðum, og það gerði hann.

Ég vil nú í þessu sambandi og að gefnu tilefni spyrja Hannibal Valdimarsson nokkurra spurninga.

Heldur hann, að kjósendur Framsfl. hafi ætlazt til þess, að Framsfl. gerði verkfall á Alþingi vegna þess, að þjóðskörungum Alþfl. þóknaðist það? — Heldur Hannibal Valdimarsson, að verkamenn, sjómenn og aðrir kjósendur hafi helzt óskað þess, að framsóknarmenn hlypu frá stjórn skútunnar, sem skipstjóri Alþfl. hafði strandað, og neituðu að taka þátt í björguninni, létu allt atvinnulíf stöðvast, létu hungurvofuna halda innreið sína yfir landið bara vegna þess, að Alþfl. fór í fýlu? — Heldur þessi hv. þm., að af sömu ástæðum hafi bændur ætlazt til þess, að Framsfl. stofnaði til stjórnleysis, með þeim afleiðingum meðal annars, að markaður hefði þorrið fyrir afurðir bænda, við sjávarsíðuna, að alger stöðvun yrði á innflutningi landbúnaðarvéla og varahluta, áburðar og fóðurbætis, með þeim afleiðingum, að vanskil á greiðslum ríkissjóðs til Ræktunarsjóðs og Byggingarsjóðs héldu áfram, með þeim afleiðingum, að engar 15 millj. af gjaldeyrisgróðanum kæmu í þessa sjóði? Heldur Hannibal Valdimarsson í raun og veru, að barizt hefði verið í núv. ríkisstj. fyrir auknu fé til landbúnaðarins, eins og nú er gert, og byggingu áburðarverksmiðju, ef Framsfl. hefði gert pólitískt verkfall? — Heldur Hannibal Valdimarsson, að bændur hefðu frekar kosið, að Framsfl. stofnaði til stjórnleysis með hruni innanlandsmarkaðarins eða gerði gengisbreytingu, sem verndaði ekki aðeins þessa markaði, heldur opnaði markað erlendis fyrir landbúnaðarvörur, eins og nú er í fyrsta skipti í mörg ár? Hvort munu verkamenn fremur kjósa verkfall Alþfl. eða þá stjórnarsamninga, sem tryggðu þeim 7. millj. af gengisgróðanum í verkamannabústaði? — Telur Hannibal Valdimarsson, að bændur og aðrir samvinnumenn reikni Framsfl. það til syndar, að hann kom beinlínis í veg fyrir það með stjórnarsamningunum, að teknar væru 8 millj. í stóreignaskatt af sjóðum samvinnufélaganna? Og heldur hann, að menn telji það dyggð af Alþfl., að formaður hans tjáði sig fylgjandi skattlagningu á þessa sjóði? — Heldur Hannibal Valdimarsson, að landsmenn kjósi fremur tómar búðir stjórnleysisins en þann vöruinnflutning nauðsynja, sem nú er tryggður, og samkeppni samvinnufélaganna?

Svona mætti lengi spyrja um mál, sem óhugsanlegt var, að Framsfl. kæmi fram með því að neita öllu stjórnarsamstarfi, þótt ýmsu megi þoka áleiðis í stjórnarandstöðu.

Afstaða Sósfl. er tekin út frá einu sjónarmiði og alltaf skiljanleg. Þeir vilja stefnu Tékkóslóvaka á Íslandi, sem að vísu hefði og orðið með svipuðum afleiðingum fyrir sjálfa þá og þar hefur raun á orðið. En flest vinnubrögð Alþfl. eru lítt skiljanleg. Hann fordæmir Framsfl. fyrir samstarf við Sjálfstfl., þaðan sem hann er sjálfur nýkominn. Alþfl. telur, eins og aðrir, ekki unnt að vinna með sósíalistum, ekki vildi hann samstarf við Framsfl., og utanþingsstjórn fordæmir hann. Hvað er þá til, nema það samstarf, sem nú er? Eða er það það, sem hann harmar, að Sjálfstfl. skuli ekki stjórna einn? Áður var Alþfl. velviljaður landbúnaði, en nú, þegar flestir skilja lífsnauðsyn hans fyrir þjóðina, sýnir hann flestum málum landbúnaðarins

óvild. Í ríkisstjórn er flokkurinn með stýfingu og festingu vísitölunnar, utan ríkisstjórnar telur hann þetta höfuðsynd. Í ríkisstjórn kemur hann á hrognapeningum, sem kaupmenn verzla með, en þegar útgerðarmenn eiga að fá sömu fríðindi, er hann því andstæður. Í ríkisstjórn telur hann hvatningu til kauphækkana glæp. Nú er þetta gert að höfuðstefnu flokksins og talin dyggð. Flokkurinn hefur deilt á ríkisstj. fyrir vöruþurrð og svartan markað, en nú, þegar flytja á inn nauðsynjavörur eftir þörfum, telur hann þetta blátt áfram hættulegt. Áður hefur Alþfl. staðið beint og óbeint að skuldasöfnun erlendis, er nemur 178 millj. kr. Þegar rætt er um 15 millj. til landbúnaðarins, telur hann það þjóðhættulegt. Undir hans stjórnarforustu er safnað 63 millj. kr. í ríkisskuldum að jafnaði árlega, og það muna víst fæstir, að flokkurinn hafi nokkurn tíma greitt atkvæði með sparnaðartillögum. Utan ríkisstjórnar prédikar hann sparnað. — Vegna andstöðu utanrrh. og Alþfl. hefur Framsfl. ekki getað komið fram fækkun sendiherra á Norðurlöndum. Nú talar Alþfl. eins og hann sé þessari fækkun fylgjandi og ræðst á það með dólgshætti, að valinn hefur verið í eitt sendiherrastarfið gáfaður hæfileikamaður.

Öll þessi og svipuð vinnubrögð Alþfl. síðan hann neitaði öllu samstarfi kunna að vera einhver æðri vísindi, en ég held, að mörgum gangi erfiðlega að skilja þau. En sleppum þessu. Hitt er flestum meira áhyggjuefni, að nú, þegar ríkissjóður lækkar ríkisskuldir um 13 millj. kr. í stað þess að hækka þær um 63 millj. árlega, nú, þegar gjaldeyrisástandið er batnandi, nú, þegar vissa er fyrir innflutningi nauðsynjavara, ef framleiðslan er í gangi, nú, þegar ráðizt er í stærstu framkvæmdir í sögu þjóðarinnar, nú, þegar bólar á batavonum í fjármálum, þá skuli Alþfl. beita sér við hlið Sósfl. fyrir kaupgjaldsstyrjöld, sem er líklegust til að draga þjóðina niður í enn dýpra svað en áður. Það er bæði rétt og skylt að greiða launafólki þau laun, sem framleiðslan getur með sæmilegu móti staðið undir, en reynsla allra þjóða, og ekki sízt okkar á undanförnum árum, sýnir og sannar það, sem skýrsla hagfræðinga Alþýðusambandsins staðfestir, að kaupgjald umfram það, sem þjóðartekjur leyfa og framleiðslan þolir, fellir peningana í verði og skapar engar raunhæfar kjarabætur. Eina leiðin til raunverulegra kjarabóta er að efla framleiðsluna og auka þannig þjóðartekjurnar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Við heyrðum hér seinast rödd úr Heiðnabergi íhaldsins, og röddin var Hermanns Jónassonar. Að vita af honum þar er dapurlegra en svo, að ég geti fengið mig til að ræða við hann inn í bergið.

Þeir hæstv. ráðh., sem töluðu hér í fyrrakvöld, gripu til þess í rökþrotum sínum fyrir eigin stjórnarstefnu að bera fram ásakanir á hendur ríkisstjórnar Stefáns Jóhanns Stefánssonar. Vitanlega má ganga út frá því, að henni kunni að hafa mistekizt margt, ekki hvað sízt þegar þess er gætt, að hún átti við sömu ógæfu að búa og þessi ríkisstj., nefnilega, að íhaldið fór með mörg þýðingarmestu ráðherraembættin, og auk þess naut hún svo aðeins stuðnings íhaldssamari hluta Framsóknar. En samt sem áður voru þessar ásakanir á stjórn Stefáns Jóhanns mjög veigalitlar og sumar ósannar með öllu. — Ég skal nú víkja að þessu nokkrum orðum.

Stjórn hans lagði á söluskatt. Mikið rétt. Og til hvers? Til að halda atvinnulífinu gangandi og komast hjá gengislækkun. Og hvort tveggja tókst. Síðan hafa fiskábyrgðirnar verið felldar niður. Og var þá ekki söluskatturinn líka felldur niður? Nei, ekki aldeilis. Síðan hefur söluskatturinn tvívegis verið hækkaður og gengislækkuninni skellt á í þokkabót, en hún er, eins og öll þjóðin mun játa, sú þungbærasta skattaplága, sem nokkurn tíma hefur yfir þjóðina dunið. Hvorri stjórninni er svo þessi samanburður í hag? „Ríkisstj. Stefáns Jóhanns gafst upp við lausn vandamálanna", sagði hæstv. forsrh., Steingrímur Steinþórsson. — Hafi nokkur gefizt upp, þá er það Framsókn, því að það voru hennar ráðh., sem dregnir voru út úr stjórninni. En hins ber að minnast, að henni hafði tekizt að koma í veg fyrir atvinnuleysi, halda stórum betur í hemil dýrtíðarinnar en nú er gert og afstýra verkföllum, sem hæstv. núv. stj. er helzt að minna á, sér til afsökunar, en sannar einmitt úrræðaleysi hennar og óvinsældir.

Þeir voru báðir að gamna sér með það, hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, og hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, að Alþfl. hafi dregið sig út úr pólitík eftir seinustu kosningar. Þetta er barnalegt hjal. Dró íhaldið sig út úr pólitík eftir 1927? Dró Framsókn sig út úr pólitík, þegar hún var í stjórnarandstöðu á dögum nýsköpunarstjórnarinnar sælu? Vissulega ekki. Hitt er rétt, að báðir þessir flokkar voru utangátta, af því að enginn vildi hafa þá með sér. En hins vegar hefur verið gengið með grasið í skónum eftir Alþfl. um að taka þátt í stjórn, eins og hann væri þar ómissandi. Og hví tók hann ekki biðlum sínum? Sambúðin við íhaldið hafði eins og vænta mátti gefið illa raun, og gat því íhaldið ekkert fengið nema hryggbrot. Og um hugsanlegt samstarf Alþfl. og Framsóknar er það að segja, að annar flokkurinn hafði af alefli barizt á móti gengislækkuninni, en hinn fyrir henni sem allsherjar bjargráði og framtíðarlausn vandamálanna. Og hvaða stjórnarstefna átti svo að koma út úr því? Auk þess höfðu Alþfl. og Framsókn ekki meiri hluta á Alþingi og skorti því þingstyrk til að koma nokkru máli fram. Öll þeirra sambúð í stjórn hefði því orðið að byggjast á náð og miskunn kommúnista, og hygg ég, að það hefði orðið næsta ótraustur grunnur á að byggja. Og einmitt þá var það, sem foringi vinstri arms Framsóknar venti sínu pólitíska kvæði í kross og hvarf inn í Heiðnaberg íhaldsins og sameinaðist íbúum þess um hugsjón gengislækkunarinnar.

Eitthvað var hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, að státa af hlutdeild Framsóknar í byggingu verkamannabústaða. Þar er því miður af litlu að státa, að öðru leyti en því, að Framsókn studdi að því á sínum tíma að koma þeirri viturlegu og farsælu löggjöf á, en algert frumkvæði að löggjöfinni átti samt Alþfl. — Nýjasta dæmið um það, hvernig Framsókn efnir sín glæstu loforð í húsnæðismálunum, er ofurlítið frumvarpsörverpi, sem hv. 8. þm. Reykv. (RÞ) bar fram í Ed. og er um — já, um hvað haldið þið, hlustendur góðir? Um ódýrar teikningar — ekki einu sinni um ókeypis teikningar — af litlum íbúðum eða íbúðarhúsum. Já,

það er ekki alltaf stórt, sem fæðist, þegar fjöllin taka léttasótt.

Og þá verð ég að víkja nokkrum orðum að Spánarfara ríkisstj., hæstv. atvmrh., Ólafi Thors, þótt hann sé nú allur á bak og burt. Hann sakaði ráðh. Alþfl. í stjórn Stefáns Jóhanns, og alveg sérstaklega Emil Jónsson, hv. þm. Hafnf., um að hafa innleitt hrognapeningakerfið svokallaða. En þetta eru, þó að leitt sé að segja það að hæstv. ráðh. fjarverandi, bein ósannindi. Hið sanna er, að ráðh. Alþfl. greiddu atkvæði á móti þessu í þáv. stjórn, en aðalformælandi hrognapeninganna var sjálfur hv. þm. G-K., Ólafur Thors. Hitt er rétt hjá þessum hæstv. ráðh., að blýantsstrikið hans er hrognapeningaleiðin í tíunda veldi, eins og ég held, að hann hafi sjálfur orðað það, — leið, sem rúmar ægilega möguleika brasks og spákaupmennsku, en kemur sjómönnum að engu gagni. Sú var vissulega reynslan af hrognapeningunum.

Hæstv. fjmrh. lét enn drýgindalega af sparnaði þeim, sem hann hefur þegar framkvæmt á ríkisbákninu. Ekki mótmælti hann þó launarausninni í utanríkisþjónustunni, ekki bar hann á móti því, að ekki hefði enn þá orðið úr þeim sparnaði að sameina tóbakseinkasöluna og áfengisverzlunina. Ekki gerði hann grein fyrir þeim sparnaði, sem leitt hefði af hinni sérstöku sérfræðirannsókn, sem hefjast átti í október til að draga úr starfskerfi ríkisins. En hann vildi bera á móti því, að skattdómarinn yrði áfram á launum hjá ríkinu, og vitnaði í því sambandi til þess, að hann fengi eftirlaun hjá Akureyrarbæ. Þetta eru bágborin villurök. Áður en þessi maður gerðist embættismaður ríkisins var hann bæjarstjóri á Akureyri og fær því eðlilega eftirlaun hjá bænum. En á sama hátt mun hann einnig fá eftirlaun hjá ríkissjóði, miðað við embættisaldur sinn hjá ríkinu. En þar sem hann hafði veitingu fyrir skattdómaraembættinu, á hann kröfu á fullum launum til 65 ára aldurs a. m. k. Þetta var og skoðun reynds lögfræðings og dómara í stjórnarliðinu í vetur, er frv. um að leggja þetta embætti niður var til umr. Þessi sparnaðarráðstöfun hæstv. fjmrh., sem honum verður tíðræddast um, er því aðeins sparnaðarráðstöfun á pappírnum, en ekki í reyndinni.

Sannleikurinn er líka sá, að móti þeim 6 embættum, sem hæstv. ráðh. boðaði, að hann mundi leggja niður, koma a. m. k. 9 eða 10 ný embætti inn í gjaldabálk fjárl. að þessu sinni. Það er nú allur niðurskurðurinn á ríkisbákninu.

Nei, það er vissulega ekki búið að gera neitt skurk í að draga saman ríkisbáknið. Og ef hæstv. ráðh. vill láta menn halda, að í sparnaðaraðgerðum í sambandi við ríkisreksturinn beri skörungsskap hans hæst, ja, þá er þessi virðulegi ráðh. vissulega enginn skörungur. Hefði þó þjóðin vissulega getað vænzt þess, að byrjað væri á sparnaði, sem um munaði, þegar svo þrengir að hag þegnanna sem nú gerir af atvinnuleysi á aðra hönd og óstjórnlegri sívaxandi dýrtíð á hina.

Að einu leyti var söngurinn sami hjá öllum þremur hæstv. ráðh., sem hér töluðu í fyrrakvöld. Það var lofsöngur um gengislækkunina og blýantsstrikið. Sjómenn, verkamenn og bændur hafa nú fengið smjörþefinn af gengislækkuninni. Sjómenn óbreytt fiskverð, verkamenn kaupbindingarofsókn, bændur stórkostlega verðhækkun á tilbúnum áburði, fóðurbæti, vélum og varahlutum, olíum og fleiru, er til búskaparins þarf, án þess að njóta verulegra verðhækkana á afurðum sínum vegna gengislækkunarinnar. Og halda þessar stéttir nú, að það verði dýrðlegt að lifa, þegar verðlag hins frjálsa gjaldeyris fer að segja til sín ofan á afleiðingar gengislækkunarinnar í verðlagsmálum, þegar einn vatnskassi á jeppa er kominn í 1400 kr., eins og verzlunarfróðir menn hafa reiknað út, og aðrir varahlutir eftir því, þegar ensk karlmannsföt kosta 1500—1600 kr. og hattar, húfur, sokkar og fleira til fatnaðar með svipuðu verðlagi, þegar venjuleg handlaug kostar um 700 kr., ein ensk þvottavél 5000—6000 kr., og svo framvegis og svo framvegis?

Blekkingar stjórnarandstæðinga, segja málsvarar stj., en við skulum láta reynsluna tala. Hún mun staðfesta þá skoðun okkar, að hér er lagt inn á mikla óheillabraut.

Þessi „einokun", sem stjórnin mun hafa samþykkt að skuli heita frjáls verzlun, mun færa þjóðinni mikla blessun, segja ráðh. allir í kór, aðeins ef verkalýðurinn heimtar ekki vísitölubætur á kaup sitt, heldur tekur möglunarlaust á sig án kauphækkana allar þær byrðar, sem dýrtíðarflóð þessa „bjargráðs" leggur á allt launafólk. En því miður: Ef bjargráðið getur ekki heppnazt nema á kostnað launafólks, þá verður að hafa það. Slíkt er ekki hægt, svo framarlega sem framleiðslan og gjaldeyrisöflun þjóðarinnar þurfa á lifandi fólki að halda. Eða máske hæstv. stjórn vilji lána sérfræðinga sína, Ólaf Björnsson prófessor og dr. Benjamín Eiríksson, til að kenna verkafólki, hvernig það eigi að draga fram lífið á óbreyttu kaupi við rýrnandi atvinnu og hraðvaxandi dýrtíð? En sannfærður er ég um það, að þótt þessir einstöku lærdómsmenn yrðu lánaðir til þessarar kennslu, mundi hún misheppnast, því að hér er um ómögulega að ræða. Hér er um svo ósvífna árás að ræða á verkalýð landsins og samtök hans, að það á sér engin dæmi og mun stofna öllum vinnufrið í háska, ef stj. lætur ekki undan síga og minnist þess, að misrétti þolir engin upplýst þjóð.

Ég vil svo ljúka máli mínu með þessum fleygu orðum meistara Jóns Vídalíns og beina þeim til hæstv. ríkisstj. Þau eru á þessa leið: „Skoðið þér yður í spegli, ó, þér stoltu gæðingar veraldar þessarar, og hugleiðið, hversu fánýtir þér eruð, nær þér viljið troða lítilmagnann undir fótum."

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Aðaláhyggjuefni þeirra, sem töluðu á mánudaginn fyrir kommúnistaflokkinn og Alþfl., var það, að nú mundi verða hér miklu frjálsari verzlun en þekkzt hefur um langt skeið. Hagfræðingur Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason, sem mjög fordæmdi væntanlegar tillögur ríkisstj., sagði, að þær gætu jafnvel haft þær ægilegu afleiðingar í för með sér, að eftirspurn eftir vörum yrði bókstaflega fullnægt og nægar vörur til að horfa á í búðunum. Áki Jakobsson sagði, að ráðstafanirnar mundu gera vöruskiptaverzlunina miklu erfiðari (hann óttast um fyrirtæki kommúnistanna, sem eiga að byggjast á vöruskiptaverzlun). Og mig minnir, að það væri hann, sem sagði, að iðnaðurinn mundi leggjast í rúst, ef innflutningurinn væri aukinn, svo að vöruskorturinn hyrfi.

Segja má, að það sé næsta broslegur vesaldómur, sem fram kemur hjá þessum flokkum. Undanfarið hafa þeir mjög lagt stjórninni það til lasts og notað sem eina aðalástæðuna fyrir kaupkröfum sínum og verkföllum, að vöruþurrð og svartur markaður væri í landinu. En nú, þegar stj. lýsir yfir því, að hún ætli að bæta úr þessu, rísa þeir upp á afturfótunum, berja sér á brjóst og hrópa, að stj. ætli að fremja þá óhæfu, að flytja inn vörur fyrir gjafafé, fullnægja eftirspurninni og útrýma svartamarkaðsbraski í verzluninni. Ég efast ekki um, að formælandi Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason, hafi bæði menntun og greind til að sjá, að þessi afstaða hans geri hinni hagfræðilegu menntun hans lítinn sóma og óheilindin í röksemdafærslu hans séu varla fræðimanni samboðin.

Í tvo áratugi hefur verzlunin orðið að búa við verzlunarhöft og sívaxandi opinbera íhlutun. Skriffinnskan og misræmið hefur færzt í aukana með ári hverju. Allir, sem við verzlun fást, eru orðnir þreyttir á þessu. Síðustu árin hefur vöruskorturinn farið vaxandi og ýmsar nauðsynjavörur verið lítt fáanlegar. Almenningur er orðinn þreyttur á þessu. Ríkisstj. hefur margsinnis lýst yfir því, að hún mundi gera allt, sem í hennar valdi stæði, til að taka mætti upp frjálsari verzlunarhætti. En við marga örðugleika hefur verið að stríða. Fyrst varð að leita jafnvægis í efnahagsmálunum, og það var gert með gengisbreytingunni. Þegar áhrifa hennar fór að gæta, var byrjað á því að afnema skömmtunina að mestu leyti. Það heppnaðist vel og olli engum truflunum. Ég geri ráð fyrir því, að hægt verði mjög bráðlega að afnema þá skömmtun, sem enn er í gildi. Næst var gefinn frílisti fyrir kornvörum, útgerðarvörum, olíum og fleiru. Skömmu síðar var bætt á þennan frílista nauðsynlegustu vefnaðarvörum og smávörum. Næstu vikur kemur á markaðinn mikið af þessum vörum, og ætti enginn hörgull á þeim að vera. Eins og við var að búast, var mjög mikil og að ýmsu leyti óeðlileg eftirspurn á gjaldeyri fyrir þessum vörum fyrst í stað. En nú, þegar menn vita, að hægt er að flytja þessar vörur inn af hverjum sem er og án takmarkana, er eftirspurnin að komast í eðlilegt horf. Innflytjendur þurfa að gera sér grein fyrir, að það er ástæðulaust að tryggja sér meiri gjaldeyri en þeir ætla sér raunverulega að nota. Og þeir verða jafnframt að gera sér ljóst, að með frjálsum innflutningi myndast samkeppni í verzluninni um verð og gæði, sem mjög hefur skort meðan höftin stóðu í blóma. Um leið fær almenningur það hlutverk að halda samkeppninni lifandi með því að leita eftir, hvar hann getur gert hagstæðust kaup.

Þannig stendur þetta nú. Undanfarna mánuði hefur ríkisstj. haft til athugunar, hvernig unnt væri að gera svo stórt átak, að segja mætti, að verzlunin væri að miklu leyti úr viðjum haftanna og skriffinnskunnar. En frjáls verzlun og nægilegt vöruframboð mundi létta almenningi í landinu baráttuna við dýrtíðina meira en nokkuð annað. Erfiðleikar útvegsins hafa truflað lausn þessa máls á þann hátt, sem ríkisstj. hefði helzt óskað. En ég held, að fullyrða megi, að málum sé nú svo komið, að auk hins skilorðsbundna frílista til aðstoðar útveginum verði gefinn út annar stærri frílisti, sem inniheldur fjöldan allan af nauðsynlegustu neyzluvörum almennings. Vil ég nefna eftirfarandi vörutegundir:

1. Allar kornvörur, baunir og ertur.
2. Kaffi.
3. Sykur, kakaó.
4. Ýmiss konar baðmullarvefnaður, léreft, kjólaefni, tvisttau o. fl.
5. Nærfatnaður, sokkar úr ull og baðmull, lífstykki.
6. Smávörur, nálar, tvinni, bönd, leggingar, ullargarn o. fl.
7. Búsáhöld úr leir, gleri, járni, stáli og aluminium.
8. Lyfjavörur.
9. Leður og skinn.
10. Gólfdúkar, þakpappi, veggpappi, kokseldavélar.
11. Bækur og blöð.
12. Alls konar útgerðarvörur.
13. Ýmiss konar vörur til iðnaðar.
14. Kol, olíur, benzín, stál og járnplötur.
15. Ýmsar kemiskar vörur.
16. Ýmsar vörur til landbúnaðar, svo sem varahlutir í landbúnaðarvélar.

Hér er aðeins stiklað á því stærsta, og margt er að sjálfsögðu ekki hægt að telja upp.

Þótt gera verði ráð fyrir, að vörur á hinum skilorðsbundna lista bátaútvegsins þurfi að hækka nokkuð í verði, þá er á hinum stærri lista fjöldi af neyzluvörum almennings, sem hægt verður að flytja inn hindrunarlaust og full ástæða er til að ætla, að almenningur fái með hagstæðasta samkeppnisverði. Þessi breyting á verzluninni á að koma fólkinu í landinu að meiri og raunverulegri notum en vafasamar kauphækkanir, sem knúðar eru fram með truflun og átökum í atvinnulífinu. — Það má gera ráð fyrir því, að stóraukinn innflutningur verði næstu mánuði á öllum helztu neyzluvörum almennings. Jafnframt verða ýmsar breytingar gerðar til þess að draga saman það haftakerfi, sem verið hefur, og hjálpa viðskiptalífinu til að komast í óþvingað, heilbrigt og eðlilegt horf, eftir því sem ástæður frekast leyfa. Menn verða þó að sýna nokkra þolinmæði, því að nokkurn tíma tekur að koma á þessari breytingu.

Ég tel fyrir mitt leyti, að takist vel þessi tilraun um stórbætta verzlunarháttu, þá sé það stærsta skrefið, sem tekið hefur verið um langt skeið til þess að bæta kjör almennings í landinu. En þessar mikilvægu ráðstafanir er hægt að gera að engu með því að stöðva þá uppsprettu, sem öll verzlun hlýtur að byggjast á, en það er útflutningsframleiðsla landsins. Ef hún er stöðvuð með kaupdeilum um hábjargræðistímann, þá skortir þjóðina gjaldeyri til að kaupa neyzluvörurnar, en vöruskortur og svartur markaður heldur innreið sína á ný. Öll hin pólitíska barátta jafnaðarmanna og kommúnista, sem nú eru í stjórnarandstöðu, gengur út á það að gera ótrygga afkomu launþeganna í landinu og kasta þeim út í styrjöld og stéttabaráttu, sem ekki getur fært þeim annað en erfiðleika, tjón og vonbrigði. Þessir flokkar halda sífellt logandi eldum óánægjunnar hjá launþegum landsins, með því að hamra á því seint og snemma, að þeim fjandsamleg ríkisstjórn sé að svipta þá rétti, sem þeir eigi til hærri launa í samræmi við hækkandi vísitölu og að öll viðleitni ríkisstj. til að stöðva kapphlaupið milli verðlags og vinnulauna

sé illgirnisleg árás á lífsafkomu launþeganna. Kemur nú nokkrum til hugar, öðrum en þessum skeleggu rauðu bardagahetjum, að nokkur ríkisstj. mundi leggja á sig allt það erfiði, útsetja sig fyrir allar þær svívirðingar og standa í því daglega stríði, sem mótstaða gegn kauphækkunum hefur í för með sér, ef þessi sama ríkisstj. vissi ekki og hefði fyrir því fulla sannfæringu, að þjóðarbúið getur ekki haldið uppi rekstri sínum með síhækkandi kaupkröfum, án þess að nokkur verðhækkun eða aukning eigi sér stað á framleiðslu landsmanna?

Á s. l. ári hækkuðum við verð á erlendum gjaldeyri um nálega 75% og lækkuðum gengi krónunnar að sama skapi. Þetta var gífurlegt átak, sem gert var til þess, að útflutningsframleiðslan gæti borið sig. Þetta átak var og gert til að jafna metin milli atvinnustéttanna í landinu, vegna þess að efnahags- og launakerfið var komið úr jafnvægi. Atvinnustéttirnar í landinu skipta á milli sín þjóðartekjunum. Ef þjóðartekjurnar vaxa ekki í heild, getur engin stétt aukið tekjur sínar, nema með því að taka aukninguna af einhverri annarri stétt. Kauphækkun, sem ekki byggist á aukinni framleiðslu eða verðhækkun á erlendum markaði, getur ekki orðið varanleg vegna þess, að þær stéttir, sem verðhækkunina borga eða hún lendir á, leita endurgjalds á einn eða annan hátt frá þjóðarheildinni. Þetta sést bezt á afkomu útvegsins. Þegar bátaútvegurinn er ekki lengur arðberandi, vegna þess að hann hefur að sínu leyti farið svo varhluta í skiptingu þjóðarteknanna, að þeir, sem að útveginum starfa, geta ekki haft svipaðar tekjur og aðrar stéttir, þá gerist eitt af tvennu: Annaðhvort gefast menn upp við að starfa í þessari atvinnugrein og hún stöðvast eða ríkisvaldið færir tekjurnar á milli, tekur með sköttum og tollum af þeim, sem hafa fengið of mikið, og fær þeim í hendur, sem fengið hafa of lítið. Þetta er nákvæmlega það, sem sú ríkisstj. gerði, er Alþfl. veitti forstöðu. Hún stöðvaði hækkun vísitöluuppbótarinnar til launþeganna til þess að hindra, að með því móti væri tekið of mikið af útflutningsframleiðslunni, bátaútveginum. Hin sama ríkisstj. lagði á skatta og tolla, er námu um 90 millj. kr., sem hún tók úr vasa launþeganna og borgaði til útvegsins, til þess að hann fengi þann skerf þjóðarteknanna, sem honum bar. Þetta gerði sá flokkur, Alþfl., sem nú berst mest fyrir því, að launastéttirnar loki augunum fyrir þessu algilda lögmáli.

Það er gersamlega vonlaust, að íslenzka þjóðin geti brotið gegn þessu lögmáli um skiptingu þjóðarteknanna, án þess að hún súpi af því seyðið með sívaxandi misræmi í allri efnahagsstarfseminni, með sífjölgandi árekstrum í öllum atvinnurekstri og með síendurteknum átökum stéttanna um skiptingu þjóðarteknanna. Það er þetta, sem ríkisstj. er að reyna að hindra, en það er þetta, sem báðir rauðu flokkarnir eru að reyna að koma fram.

Árangurinn getur orðið á einn veg, og aðeins einn. Atvinnuvegirnir hrinda af sér launasókninni með því að gera hinar auknu tekjur verðminni en áður. En hinn sífelldi, skammsýni áróður hinna ábyrgðarlausu rauðu flokka kemur af stað flóðbylgju nýrra launahækkana og dýrtíðar, með ófriði, úlfúð og átökum innan þjóðfélagsstéttanna, þá er enginn máttur, sem getur hindrað það, að íslenzka krónan falli aftur í verði og gengi hennar lækki. Þetta er það lögmál, sem stjórnar efnahagsstarfsemi þjóðfélagsins. Á þann hátt hljóta að hverfa allar þær kauphækkanir, er framkvæmdar eru á kostnað einstakra stétta og ekki byggjast á raunverulegri tekjuaukningu þjóðarbúsins.

Kauphækkanir, eins og sakir standa, geta því aldrei orðið kjarabætur fyrir þá, sem þær fá, vegna þess að enginn grundvöllur er nú til fyrir kjarabótunum. Andstöðuflokkarnir munu nú segja, að ekki sé mark takandi á því, sem ég segi, því að ég sé að reyna að fegra málstað ríkisstj. En launþegar ættu þó að trúa þeim mönnum, sem þeirra eigin samtök hafa valið til að láta í ljós álit sitt um þessi mál. Eftir gengisbreytinguna á síðasta ári lét Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja nefnd sérfræðinga semja álit um áhrif gengislækkunarlaganna á kjör launþega. Þessir sérfræðingar voru Guðjón B. Baldvinsson, Jónas Haralz, Kristinn Gunnarsson og Magnús Ástmarsson. Mun enginn halda því fram, að þessir menn séu launþegasamtökunum óvinveittir. Í þessu áliti, sem að mörgu leyti er ritað af hreinskilni, raunsæi og glöggskyggni, ganga niðurstöður trúnaðarmanna launþegasamtakanna algerlega í berhögg við skoðanir þær, sem hinir pólitísku verkalýðsflokkar eru nú að reyna að fá launþegana til að trúa og Alþýðusambandið hefur nú gagnrýnilaust gert að sínum málstað, þótt furðulegt sé. — Þeir segja:

„Niðurstaða nefndarinnar um það atriði, að hve miklu leyti almennar kauphækkanir mundu koma að haldi til þess að vega á móti þessari kjaraskerðingu, er sú, að núverandi ytri aðstæðum óbreyttum og að óbreyttu því samhengi, sem nú er á milli almenns kaupgjalds annars vegar og verðlags í landinu hins vegar, þá verði almennar kauphækkanir launþega ekki til þess að auka varanlega hluta þeirra af þjóðartekjunum."

Enn segja þeir:

„Niðurstöður þessara íhugana eru þá þær, að þær almennu kauphækkanir, er lögin gera ráð fyrir, muni leiða til nokkurra kjarabóta fyrir launþega, en hæpið sé, hvort þær kjarabætur geti haldizt, a. m. k. að öllu leyti, þegar frá líður. Af þessu leiðir einnig, að gera má ráð fyrir, að enn frekari kauphækkanir muni ekki koma launþegum að miklu haldi nema skamma hríð.

Í stuttu máli má segja, að eins og viðhorfið er nú í íslenzku þjóðfélagi, séu almennar kauphækkanir ekki vænleg leið til kjarabóta fyrir launþega. Það, sem mestu ræður um slíkar kjarabætur, eru tæknilegar, stjórnmálalegar og félagslegar aðstæður, sem launþegasamtökin aðeins geta haft óbein áhrif á. Miklar almennar kauphækkanir hafa einnig í för með sér alvarlegar truflanir á starfsemi efnahagslífsins og síaukna verðmætisrýrnun sparifjár, afleiðingar, sem launþegasamtökin geta ekki látið hjá líða að taka tillit til, er þau marka stefnu sína."

Hér eru það trúnaðarmenn launþeganna sjálfra, sem kveða upp dóminn og segja, að almennar kauphækkanir séu ekki vænleg leið til kjarabóta fyrir launþega, eins og sakir standa.

Í álitinu kemur fram merkileg athugun á afstöðu sjávarútvegsins til kauphækkana, sem koma

eftir að gengislögin eru gengin í gildi. Þar segir svo, og vil ég biðja menn að taka vel eftir:

„Nú hefur reynslan þegar leitt í ljós, að aðstaða sjávarútvegsins er örðugri en ráð var fyrir gert, þegar tillögurnar um hið nýja gengi voru settar fram. Það er því ekki ósennilegt, að talið verði, að sjávarútvegurinn geti ekki borið þann tekjuflutning, sem kauphækkanirnar fela í sér, án þess að gripið verði til nýrra ráðstafana honum í vil. Þetta verður að sjálfsögðu því sennilegra sem kauphækkanirnar verða hærri.“ — Þetta eru þeirra orð.

Einmitt þetta hefur komið í ljós og kauphækkanirnar, sem bátaútvegurinn hefur orðið að taka á sig eftir gengisbreytinguna, er einn meginþátturinn í þeim erfiðleikum, sem þessi útvegur á nú við að etja, og gerir nauðsynlegt, að gripið verði til nýrra ráðstafana honum til stuðnings. Þetta sýnir, að gengislækkunin var ekki nægileg fyrir bátaútveginn til þess að hann gæti orðið sjálfbjarga. En hér auka líka erfiðleikana miklar verðhækkanir á erlendum markaði á vörum, sem útvegurinn þarf að kaupa.

Þeir, sem sá tortryggni, uppskera úlfúð. Það er auðvelt að láta tortryggnina festa rætur, þegar lífsbaráttan er hörð og erfið. En þetta litla og sundurþykka þjóðfélag á nú afkomu sína og velsæld í nánustu framtíð algerlega undir því, að úlfúðin og fyrirhyggjuleysið fái ekki yfirhöndina og þjóðinni verði ekki kastað út í innbyrðis baráttu, hjaðningavíg stéttanna, þar sem enginn ber hærri skjöld, en allir þola skaða og sársauka.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég þarf fáum orðum að víkja að hæstv. utanrrh., Bjarna Benediktssyni. Ræða hans var af þeirri tegund, að hún dæmir sig sjálf. Öll var ræða hans geðtruflaður vaðall um heimskommúnismann, slúður um pappír Þjóðviljans, um að Brynjólfur hafi verið ferðafélagi Rakovskys og að Þóroddur hafi verið skólabróðir Gottwalds og annað af slíku tagi. Þessi ræða var þrátt fyrir allt táknræn fyrir utanríkisstefnu hæstv. ríkisstj. Geðofsaræður Bjarna Benediktssonar af þessu tagi sæma hans slæmu samvizku í sjálfstæðismálum landsins og undirlægjuhætti hans við bandarísku yfirboðarana. Um íslenzk mál hafði þessi sjálfstæðisforkólfur ekkert að segja, ekki eitt orð.

Ég vík þá að nokkru að því, sem kom fram í umræðunum á mánudagskvöldið.

Hæstv. forsrh. taldi, að höfuðvandamál ríkisstj. stöfuðu frá tíma nýsköpunarstjórnarinnar, sem fór með völd 1945 og 1946, eða fyrir 4—6 árum. Þetta er nú að verða nokkuð gömul og haldlítil framsóknarkenning. Eða heldur hæstv. ráðh., að nýsköpunartogararnir, sem framleiða gjaldeyrisverðmæti fyrir 150 millj. á ári, hafi skapað vandamál í íslenzku atvinnulífi? Dettur hæstv. ráðh. til hugar, að nýsköpunarfiskibátarnir séu orsök erfiðleikanna hjá vélbátaflotanum, hin nýju og fullkomnu atvinnutæki, sem keypt voru á nýsköpunarárunum fyrir eignir þjóðarinnar, en ekki með skuldasöfnun? En hæstv. forsrh. minntist einnig á, að drjúgur hluti erfiðleikanna, sem stjórn hans ætti nú við að glíma, stafaði frá tíma Alþýðuflokksstj., sem sat frá 1947 til 1950. Og Hermann Jónasson þóttist nú sanna, að þessi stjórn hefði siglt öllu í strand og gereyðilagt efnahag þjóðarinnar. Í þessari stjórn, sem vandræðunum olli, áttu báðir núverandi stjórnarflokkar sæti. Þeir réðu þar málum, engu síður en Alþfl., og sú var tíðin, að Eysteinn Jónsson og Bjarni Ásgeirsson og aðrir forustumenn Framsóknar töldu þá stjórn góða, a. m. k. undu framsóknarmenn vel hag sínum í þessari stjórn í 3 ár. Hæstv. forsrh. og aðrir framsóknarmenn verða að þreifa á þeirri staðreynd, að flokkur þeirra hefur nú verið í ríkisstj. samfleytt í 4 ár og að á þeim árum hafa erfiðleikarnir myndazt og allt gengið aftur á bak.

Hver er arfurinn, sem stjórnarandstaðan skildi eftir sig? Þegar nýsköpunarstj. lét af völdum, var gjaldeyriseign bankanna samkvæmt opinberum skýrslum 223 millj. kr. Séu ábyrgðarskuldbindingar vegna nýju togaranna, 55 millj. kr., dregnar frá þessari upphæð, sýnir sig, að samt var hrein gjaldeyriseign þá um 168 millj. kr. Við þessu tók sú ríkisstj., sem framsóknarmenn áttu þátt í að koma saman 1947. Og hún tók við atvinnutækjum landsmanna endurnýjuðum og stórauknum og skuldum ríkisins minni en nokkru sinni. Þannig stóðu þessi mál, þegar Framsókn segist hafa verið kölluð til þess að bjarga þjóðinni með stjórnarþátttöku sinni. Og nú hefur Framsókn þreytt sitt björgunarsund með þjóðinni í 4 ár, og þá stöndum við hér.

Hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, talaði mjög fræðilega um erfiðleika atvinnu- og fjárhagslífsins. Hann sagði: „Það verður að taka fyrir rætur meinsins, og rætur meinsins eru í því, að of mikið fé er í umferð.“ Þetta er eflaust þrauthugsað mál af hæstv. ráðh. Það, sem að er, er, að það er of mikið fé í umferð, eða eins og hæstv. ráðh. hefur stundum orðað þetta: „Kaupmátturinn er of mikill.“ Og við þessa speki miðast svo öll úrræðin. Eru þarna fundnar rætur meinsins í atvinnu- og fjárhagsmálum þjóðarinnar? Er þetta orsök erfiðleikanna? Skyldi það ráð duga á allan vandann að senda nóg af vörum til Bíldudals, Ísafjarðar, Siglufjarðar og annarra staða úti um allt land? Ætli fullar búðir mundu leysa atvinnu- og fjárhagserfiðleika þessara staða? Heldur Eysteinn Jónsson virkilega, að of mikill kaupmáttur fólksins í þessum framleiðslubæjum sé ástæðan til atvinnuleysisins þar? Það er furðuleg skammsýni hjá hæstv. fjmrh. landsins að halda því fram, að höfuðvandinn í atvinnumálunum sé nú of mikið fé í umferð eða of mikill kaupmáttur. Aðalvandinn er einfaldlega sá, að þjóðin framleiðir of lítið. Framleiðslutækin eru ekki nema hálfnýtt. Það er verið að drepa framleiðsluna.

Þeir menn, sem búa í framleiðslubæjum landsins, búa við skarðastan hlut. Sá, sem stundar fiskveiðar, á ekkert öryggi fyrir kaupi sínu, og hv. Alþ. samþ. að svipta bátasjómenn sjóveðsréttinum. Öll útflutningsframleiðsla landsins berst í bökkum, og víðast er taprekstur. Ríkisvaldið sýnir fullkomið skilningsleysi á þessum staðreyndum og hagar stefnu sinni þannig, að til niðurdreps er fyrir atvinnuvegina, sem síðan orsakar atvinnuleysi. — En ríkisstjórnir síðustu ára hafa haft annað sjónarmið ríkjandi, þegar í hlut hafa átt aðrir þegnar þjóðfélagsins en þeir, sem starfa við framleiðsluatvinnuvegina. Sífelldur vöxtur ríkisbáknsins hef-

ur verið samþykktur með ánægju. Heildarútgjöld til embættisrekstrarins hafa hækkað um tugi milljóna. Braskaralýðurinn fékk óhindrað að græða á verðsveiflum gengisbreytingarinnar. Þegar fiskábyrgðin var felld niður, stóð eftir söluskatturinn, sem sérstaklega hafði verið á lagður til þess að standa undir fiskábyrgðargreiðslunum. Þessi tekjustofn nam 43 millj. kr. árið 1949. Hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, barðist af eldmóði fyrir því, að ríkið héldi áfram þessum skatti þrátt fyrir niðurfellingu fiskábyrgðarinnar. Á þennan hátt var hægt að fá rýmra olnbogarúm í eyðslu ríkisins, þegar búið var að hrista af sér þá óguðlegu ráðstöfun að greiða fé til öryggis framleiðslunni.

Hæstv. ráðh. tala nú af miklum fjálgleik um þá óheillaleið, sem fiskábyrgðin hafi verið, og í því efni er vitnað til skattborgaranna, sem þurftu að rísa undir óbærilegum gjöldum, til þess að hægt væri að greiða fé til aðalatvinnuvegs þjóðarinnar. Já, þvílíkur ósómi. En er þá ekki betra að hafa núgildandi hátt á þessu? Allir sömu skattar eru lagðir á þjóðina og áður, og þó drjúgum hækkaðir, en nú er bara ekkert af þessu fé greitt til framleiðslunnar. En hvert fer það? Nú fer það beint í eyðslu ríkisins, nú er hægt að bæta við embættismönnum, nú er hægt að bæta um hag þeirra, sem ekki vinna að framleiðslunni.

Fyrst minnzt hefur verið hér á fiskábyrgðina, er rétt að geta nokkurra helztu staðreyndanna, sem liggja fyrir í sambandi við hana. — Þau 3 ár, sem fiskábyrgðin stóð, kostaði hún ríkissjóð rúmar 60 millj. kr., eða rétt um 20 millj. að meðaltali á ári. Þessi urðu útgjöldin, en árin 1948 og 1949 nam söluskatturinn, sem átti að standa undir fiskábyrgðinni, um 60 millj. kr. Atvinnuöryggi það, sem fiskábyrgðin skapaði, þótti of mikið að gjalda nokkuð fyrir, en þó að jafnmikið fé eða jafnvel meira sé lagt til óarðbærrar vinnu eða þýðingarlauss embættisrekstrar, þá er það góð pólitík að áliti stjórnarflokkanna. Til þess að halda uppi eyðslustefnu ríkisstj. var fiskábyrgðin felld niður og kostir framleiðslunnar þrengdir. Af sömu ástæðum hækka álögur á framleiðslunni jafnt og þétt og gera henni ófært að halda áfram störfum. Ég skal nefna nokkur dæmi sem sýnishorn af álögum hins opinbera á framleiðsluna.

Af einni venjulegri fiskibátavél, sem erlendis kostar um 185 þús. kr., eru skattar og tollar rúmar 30 þús. kr. og hefur hækkað á síðustu 3 árum um 20 þús. kr. — Nýlega flutti útvegsmaður hér í bæ inn efnivið til fiskverkunar, og kostaði efnið 114 þús. kr., en tollar og skattar til ríkissjóðs námu 45 þús. kr. — Af einni venjulegri málningu á nýsköpunartogara hérna í Slippnum þarf að greiða um 2000 kr. í toll af málningarefninu.

Þannig miðar stefna ríkisstj. að því að reyta allt af framleiðslunni, leggja sífellt á hana ný gjöld og neita henni svo um leyfi til frjálsrar afurðasölu. Og hvernig hefur hæstv. ríkisstj. haldið á afurðasölumálunum? Sama stefnan og síðustu 3 árin. Þýðingarmiklum mörkuðum glatað og fullkomið skilningsleysi ríkjandi, þegar þurft hefur fyrirgreiðslu ríkisvaldsins.

Hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, hélt því fram í umræðunum á mánudagskvöldið, að við sósíalistar hefðum fengið Rússa og aðrar Austur-Evrópuþjóðir til þess að vilja ekki gera samninga við ríkisstj. um fiskkaup, en aftur á móti gætu sósíalistar sjálfir selt fisk þangað austur og væru þar af leiðandi áfjáðir í frjálsa möguleika til slíks í fjárgróðaskyni. Þetta er ný kenning, en býsna athyglisverð. Nú eru það ekki Rússar, sem skipa okkur fyrir verkum, heldur við, sem skipum þeim, og þeir hlýða skilmálalaust! Og svo er hitt. Ráðherrann segir, að sósíalistar geti selt fisk til Austur-Evrópu, en vandi hæstv. ríkisstj. sé sá, að sósíalistar kunni að hafa hagnað af viðskiptunum. Ætli þessi orð beri ekki að skilja svo, að ríkisstj. sýnist, að ekki sé mögulegt að koma þessum viðskiptum þannig fyrir, að gæðingar hennar geti fengið öll umboðs- og sölulaun af þessum viðskiptum eins og öðrum? En sem sagt, hæstv. ráðh. virðist hafa tekið eftir því, að það muni vera hægt að selja fisk til Austur-Evrópu. Nú liggi fyrir tölur, sem sýna söluverð á frosnum fiski s. l. ár bæði til Austur-Evrópulanda og eins til Vestur-Evrópu og Ameríku. Þessar tölur sýna, að fiskverðið í Póllandi, Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi er 12 til 14% yfir fullu framleiðsluverði, ef miðað er við þorsk, eða verðið hjá þessum þjóðum hefði staðið undir nærri 1,00 kr. fiskverði. En aftur á móti hefur fiskverðið til Bandaríkjanna, Englands og Hollands verið 70 til 90% af fullu framleiðsluverði. Það hefur því verið stórtap á þorksölu til Bandaríkjanna.

Fiskverðið til Tékkóslóvakíu hefur verið um 40% hærra en til Bandaríkjanna og þorksalan til Bandaríkjanna hefur aðeins verið möguleg með verðjöfnun á þeim fiski, sem fór til Austur-Evrópu. Þetta er ekkert nýtt fyrirbrigði. Stærstu fúlgur fiskábyrgðargreiðslnanna voru greiddar með þorski, sem seldur var fyrir lágt verð til Bandaríkjanna.

Það er sannarlega alvarlegt mál fyrir framleiðsluna, ef pólitískir fordómar og þjösnaskapur eyðileggja beztu markaðsmöguleika þjóðarinnar.

Ég skal þá að síðustu víkja með nokkrum orðum að þeim tillögum, sem hæstv. ríkisstj. nú leggur fram til aðstoðar bátaútveginum. Þessar till. líkjast mjög gengislækkunartill. ríkisstj. Fyrir bátaútveginn er þetta í rauninni hvorki fugl né fiskur. Allt er á huldu um það, hvað þessi ímynduðu hlunnindi munu í reyndinni færa bátaútgerðinni. Þegar gengislækkunin var samþ., var talað líklega um 93 aura fiskverð. Nú er á sama hátt talað um 96 aura verð, eða jafnvel 1,06. Nú, eins og þá, má ekki lögbinda þetta verð og ekki heldur gefa út stjórnarauglýsingu um það sem skilyrði fyrir hlunnindunum. Nei, bezt er að hafa allt óákveðið. Þannig er Landssamband útvegsmanna aðeins látið mæla með því við útvegsmenn, að þeir greiði sjómönnum kaup úr 96 aura fiskverði. Þegar auglýsing Landssambandsins hafði staðið í heilan mánuð og enginn greitt 96 aura verðið, þá fær ríkisstj. stjórn Landssambandsins og verðlagsráð sjávarafurða til þess að lýsa yfir, að þessir aðilar telji, að verðlagsgrundvöllur hafi nú myndazt. Allt er þetta sami loddaraskapurinn. Sá verðlagsgrundvöllur, sem frystihúsin og Landssambandið hafa komið sér saman um, er í fyrsta lagi, að frystihúsin greiði 75 aura fiskverð og þá eigi bátarnir fríðindin, og í öðru lagi, að greiði frystihúsin 90 aura, þá eigi þau 55% af fríðindunum, en bátarnir 45%. Allir aðrir samningar geta og komið til greina. En eftir sem áður stendur sú staðreynd,

að enginn er kaupandi að fiskinum fyrir 96 aura, sem greiðast út, og þýðir það þá raunverulega enga fiskverðshækkun, enda er augljóst mál, að frystihúsin geta ekki greitt hærra verð en verið hefur, fyrr en þessi áætluðu hlunnindi eru orðin að fjármunum hjá þeim, en á því hlýtur að verða dráttur í 8—12 mánuði, og margt hefur gerzt á skemmri tíma. Þessi veiði er sýnd, en ekki gefin fyrir bátaútvegsmenn almennt, og það er ekki mikið sagt, þó að dregið sé í efa, að hin meintu hlunnindi komi nokkurn tíma til skila til rétts aðila.

Skottulækningar núv. ríkisstj. í atvinnu- og fjárhagslífi þjóðarinnar koma að litlu gagni, því að meginstefna ríkisstj. er röng, framleiðsluatvinnuvegunum fjandsamleg og til árása á vinnandi alþýðu í landinu. Áframhald þeirrar stefnu leiðir aukið atvinnuleysi og hörmungar yfir þjóðina. Þegar alþýða manna og þeir, sem ættu að skilja bezt aðstöðu framleiðsluatvinnuveganna, skilja hvert stefnir og hrista af sér þá forustu, sem nú fer með umboð þeirra í ríkisstj., þá fyrst má búast við stefnubreytingu til úrbóta í atvinnumálum landsins.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Þegar núv. ríkisstj. var mynduð, fyrir tæpu ári síðan, naut hún stuðnings borgaraflokka landsins, Frams.- og Sjálfstfl. Aðra þm. hafði hún þá þegar sér andvíga. En raunverulega og ef rétt er talið, er það aðeins einn stjórnmálaflokkur, Alþfl., sem staðið hefur í eindreginni og ákveðinni andstöðu við ríkisstj. í innanlandsmálum það tæpa ár, sem stj. hefur setið. Kommúnistar eru hvorki hér á landi né annars staðar stjórnmálaflokkur í þeirri merkingu, sem við á í löndum lýðræðisskipulags. Þeir eru samsærissamtök innan lýðræðisþjóðfélaganna, en stjórna með ofbeldi og einræði í lögregluríkjunum. Afstaða þeirra stjórnast eingöngu af hagsmunum og utanríkispólitík Ráðstjórnarríkjanna. Þess vegna miða þeir alla sína baráttu, hér á landi eins og alls staðar annars staðar, við það eitt að ganga erinda Ráðstjórnarríkjanna og berjast gegn hinum vestrænu lýðræðisríkjum, samtökum þeirra og samstarfi, og að grafa undan og veikja viðnámsþrótt þeirra, í því skyni að styðja og styrkja yfirráða- og útþenslupólitík Sovét-Rússlands. Barátta þeirra í innanlandsmálum mótast af þessu einu. Þess vegna hlýða þeir skilyrðislaust og í blindni hinum sveiflandi boðum og banni Kominform. Allar þeirra athafnir og öll þeirra barátta miðast við það eitt og ekkert annað. Alþfl. á hins vegar í höfuðatriðum samstöðu með hinum lýðræðisflokkunum í andstöðu við kommúnista. Sú utanríkismálastefna, sem ríkjandi er í dag, er hin sama og sú, sem fylgt var af þeirri ríkisstj., þar sem formaður Alþfl. hafði forsæti. Um hana þarf Alþfl. því ekki að deila við núv. ríkisstj., heldur telur hann þvert á móti sjálfsagt og nauðsynlegt, að allir lýðræðisflokkarnir standi þar saman í órofa heild. En þegar að innanlandsmálunum kemur, verður allt annað upp á teningnum. Þar hefur Alþfl. ærna og ríka ástæðu til þess að vera í harðri andstöðu við núverandi ríkisstjórn.

Áður en vikið er að stefnu og starfsháttum hæstv. ríkisstj., verður ekki hjá því komizt að vekja með fáum orðum athygli á kenningum og loforðum þeim, sem haldið var á lofti af þeim stjórnmálaflokki, er hefur forsæti í ríkisstj., og hann hampaði bæði fyrir síðustu alþingiskosningar og eins áður en kom til myndunar núv. ríkisstj.

Vorið 1949 gerði Framsfl. skriflega, eftir að hann hafði að nokkru leyti staðið í andstöðu við þá ríkisstj., sem hann átti tvo ráðherra í, þessar kröfur um stjórnarstefnu:

1) Að tekin væri upp ný stefna í verzlunarmálum, sem tryggði neytendum og framleiðendum frjálsræði til að velja á milli verzlana og koma í veg fyrir okur og svartan markað.
2) Að búið væri vel að verksmiðjuiðnaðinum, svo að hann nýttist sem bezt til að lækka verð og spara gjaldeyri.
3) Að lagður yrði á hár stóríbúðaskattur, er rynni sem lán til bygginga samvinnu- og verkamannabústaða, og að lögboðin yrði lækkun á húsaleigu.
4) Að dregið yrði úr rekstrarútgjöldum ríkisins og ríkisstofnana.
5) Að aukið yrði eftirlit með skattaframtölum og ný löggjöf sett, þeim framkvæmdum til stuðnings.
6) Að hert yrði á verðlagseftirliti.

Framsfl. rauf samvinnu um ríkisstjórn og gekk til kosninga með þessa róttæku stefnuskrá, og átti hún að innibinda svo nefndar hliðarráðstafanir flokksins, framkvæmdar á undan eða samtímis gengislækkun. Flokkurinn vann nokkuð á í kosningunum, þó að það væri að verulegu leyti í skjóli úreltrar kjördæmaskipunar.

Ekki verður annað sagt en að Framsfl. hafi efnt heit sín um gengislækkun, er hann tók höndum saman við Sjálfstfl. um myndun núv. ríkisstj. En hliðarráðstafanirnar hurfu burt með stjórnarblænum, og er þá rétt, þessu til skýringar, að athuga efndir hinna sex áður nefndu loforða flokksins.

1) Til þess að framkvæma loforð samvinnumanna um verzlunarmálin, var viðskiptamálaráðuneytið falið forsjá eins hins athafnasamasta og harðasta heildsala landsins. En umbótanna hefur ekki orðið vart, nema vera kynnu þær, að nú er fyrirhugað að afhenda til að braska með hart nær ⅙ af gjaldeyrinum og láta vörur þær, sem fyrir hann verða keyptar, vera óháðar öllu verðlagseftirliti. Frílistatilburðir ríkisstj. hafa til þessa að litlu liði komið, og þau loforð, sem nú eru gefin í þeim efnum, eru óviss hvað efndir snertir, nema tekið verði til viðbótar gjafafé stórt erlent gjaldeyrislán. Auk þess hefur stj. nú heppnazt að draga svo úr kaupgetu almennings, að hann mun eiga þess lítinn kost að kaupa vörur, þó að búðarhillurnar svigni undan þunga þeirra. Það verður skorturinn, er innleiðir nýja skömmtun.
2) Varðandi verksmiðjuiðnaðinn hefur það helzt gerzt, að margar verksmiðjur hafa orðið að hætta eða draga saman seglin vegna skorts á hráefnum. Þannig voru þau loforðin haldin.
3) Stóríbúðaskatturinn hefur ekki sézt, og fyrirferðarlitlar eru framkvæmdirnar um byggingu samvinnu- og verkamannabústaða. Húsnæðisleysið er vaxandi og allar líkur til, að stórlega dragi úr húsabyggingum; hömlur á húsaleigu eru gerðar að engu.

4) Ekki hefur enn mikið bólað á sparnaðinum.
5) Ekkert hefur verið gert til þess að bæta og auka eftirlit með skattaframtölum, og falla þau mál undir hæstv. fjmrh., Eystein Jónsson.
6) Gert er ráð fyrir að afnema sem mest allt verðlagseftirlit og þegar fyrirhugað að gera það á verulegum hluta innflutningsins. Þannig eru efndirnar um aukið og eflt verðlagseftirlit.

Stjórnarforustuflokkurinn hefur þannig bókstaflega vanefnt öll sín róttæku kosningaloforð.

Berum svo þessar staðreyndir vanefndanna saman við hreystiyrði hæstv. landbrh., Hermanns Jónassonar, um stefnu og afrek flokks hans. Og út af ummælum hans um ástleitni Framsfl. við Alþfl. og hryggð hins smáða biðils er aðeins ástæða til að taka fram:

1. Framsfl. gekk til síðustu kosninga með gengislækkun á stefnuskrá sinni, algerlega andstætt við yfirlýsingar Alþfl.

2. Alþfl. og Framsfl. höfðu alls ekki meiri hluta til samans á Alþingi.

3. Það var aðeins til málamynda og fyrir siða sakir, að Framsfl. ræddi um stjórnarsamstarf við Alþfl. á haustþinginu 1949, enda mun þá þegar hafa verið ákveðið, að Framsfl. tæki höndum saman við Sjálfstfl. um ríkisstjórn til framkvæmda á gengislækkun.

4. Reynslan af samstarfi við Framsfl. er ekki sérstaklega ginnandi.

Hinn 14. marz 1950 flutti hæstv. forsrh., Steingrímur Steinþórsson, stefnuyfirlýsingu stj., er hún settist í stólana. Hún var að vísu hvorki löng né viðamikil. En einstök atriði er rétt að festa í minni og athuga í ljósi reynslunnar og þeirra staðreynda, sem nefndar hafa verið. — Hæstv. forsrh., Steingrímur Steinþórsson, komst svo að orði í þessari ræðu sinni:

„Ríkisstj. er fyrst og fremst mynduð til þess að koma á, eftir því sem unnt er, jafnvægi í viðskipta- og fjármálalífi þjóðarinnar. Í þessu skyni hafa stuðningsflokkar ríkisstj. samið um afgreiðslu á frv. því, sem nú liggur fyrir Alþingi um gengisskráningu.“

Síðar í sömu ræðu:

„Ríkisstj. er það ljóst, að lífskjör almennings hér á landi eru ekki það rúm, að þeir, sem lágar tekjur hafa, megi vel við því að taka á sig auknar byrðar.... Ríkisstj. er því staðráðin í því að gera það, sem í hennar valdi stendur, að þær byrðar, sem almenningur kann að taka á sig vegna leiðréttingar á hinu skráða gengi krónunnar, verði sem minnstar, og óskar í því sambandi að hafa samráð og samstarf, svo sem verða má, við stéttarsamtök almennings og forustumenn þeirra.“

Svo mörg voru þessi orð. Og hvað sýnir reynslan? Í því efni get ég raunar að verulegu leyti vísað til þess, sem ég hef áður sagt, og til hinna greinargóðu og glöggu ræðna flokksbræðra minna, þeirra hv. 3. og 6. landsk., Gylfa Þ. Gíslasonar og Hannibals Valdimarssonar, sem þeir fluttu í fyrradag og nú í kvöld. Þeir hafa með glöggum rökum sýnt fram á, hversu nú er umhorfs í atvinnu-, fjárhags- og viðskiptalífi þjóðarinnar. Þar er vissulega um að ræða algeran skort á jafnvægi, og fer því víðs fjarri, að gengislækkunin hafi gert nokkuð í þá átt að skapa þar jafnvægi, nema síður sé. Þannig hafa algerlega brugðizt fyrirheitin um jafnvægið.

Það verður vart séð, að hæstv. ríkisstj. sé það ljóst, þrátt fyrir hin fögru orð forsrh., að lífskjör almennings hér á landi séu ekki það rúm, að þeir, sem lágar tekjur hafa, megi við það una að taka á sig auknar byrðar. Að minnsta kosti hefur ríkisstj. verið óspör á það, með hækkuðum tollum og viðsjárverðum verzlunarháttum, að þrengja beinlínis lífskjör almennings, og það í mjög stórum stíl. Og sízt af öllu hefur ríkisstj., þrátt fyrir gefin loforð hæstv. forsrh. í stefnuskrárræðunni, sýnt nándar nærri nógan skilning né vilja á því, að byrðar þær, sem gengislækkunin olli, yrðu sem minnstar. Þvert á móti voru þau loforð vanefnd, sem í gengisl. fólust upprunalega, að veitt yrði uppbót á laun manna á síðari hluta ársins 1951 til samræmis við hækkaða vísitölu. Og allra sízt má segja, að ríkisstj. hafi tekizt að hafa nokkurt vald á verðlagi í landinu. Er þar því enga afsökun að finna.

Það liggur nærri, að út yfir taki í loforðum stefnuyfirlýsingarinnar, er því var heitið að hafa samráð og samstarf við stéttarsamtök almennings og forustumenn þeirra. Í stað þess að efna það hefur ríkisstj. engu skeytt um mótmæli og aðvaranir verkalýðssamtakanna og beinlínis ögrað þeim til að leggja til orustu og í kaupdeilur með öllu framferði sínu. Er það vissulega ríkisstjórnarinnar sök, ef til slíkra átaka kemur, og ekki munu hótanir hæstv. atvmrh., Ólafs Thors, þar neitt úr draga. Væntanlega verður hann kominn úr heimsókn sinni frá Franco-Spáni áður en líkaböng hringir yfir ósigri atvinnurekendavaldsins.

Hér á undan hafa verið dregin fram nokkur höfuðatriði varðandi loforð og yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. og forustuflokks hennar og sýnt fram á, að þau loforð hafa verið gersamlega vanefnd, en það aftur leitt til þess, að kjör almennings hafa stórversnað. Þetta hefði verið hægt að lagfæra nokkuð með endurbættri og aukinni félagsmálalöggjöf. Er því rétt að athuga með örfáum orðum afskipti ríkisstj. af þessum mikilsverða löggjafarþætti. Er þar fljótt frá að segja. Ríkisstj. hefur þar sýnt fullkomna íhaldssemi, tregðu eða jafnvel beinan fjandskap. Og segja má, að það hafi komið í ljós á öllum sviðum félagsmálalöggjafarinnar. Skulu þess nú nefnd nokkur dæmi.

Fyrir tilstuðlan stjórnarflokkanna er öll húsaleigulöggjöf raunverulega að falla úr gildi, og ekkert kemur í staðinn. Sérstaklega í Reykjavík mun þetta valda því, að fjölda fátæks fólks verður varpað út á götuna um leið og leiga hækkar í þeim húsum, þar sem lögin áður héldu henni nokkuð niðri. Ríkisstj. hefur staðið gegn fram komnum endurbótatillögum á hinni stórmerku almannatryggingalöggjöf og hindrað framkvæmd hennar. — Ríkisstj. hefur lagt til, og mun væntanlega fá samþykki Alþingis fyrir því, að afnumið verði framtak ríkisins og fjárframlag til vinnumiðlunar, einmitt nú, þegar atvinnuleysið er stórlega að færast í aukana. — Ríkisstj. og flokkar hennar standa gegn því og hindra, að sett verði mjög merkileg og vel undirbúin löggjöf um öryggi á vinnustöðum.

Og þannig mætti áfram telja. Það er þeim mun ömurlegra að benda á þessar staðreyndir varðandi

félagsmálalöggjöfina, að hæstv. fors.- og félmrh. landsins, Steingrímur Steinþórsson, er með réttu talinn einn af viðsýnustu og frjálslyndustu mönnum Framsfl. En þegar svo er um hið græna tré, hvað mun þá vera um hina feysknu stofna?

Og yfir allri þessari andstöðu og fjandskap við umbótamálin standa íhaldsöflin í landinu glottandi og segja, líkt og H. C. Andersen lætur Stóra-Kláus hrópa til Litla-Kláusar í frægu ævintýri: „*Hott, hott, allir mínir hestar.*"

Það má með fullum rökum slá því föstu, að hæstv. ríkisstj. hafi í atvinnu- og fjármálum beinlínis lifað á og lítið eitt haldið í horfinu á svonefndu Marshallfé. Án þess hefði bændur skort útlendan áburð og fóðurbæti, iðnaður og útgerð stöðvazt og skortur orðið á brýnustu lífsnauðsynjum. Og á þessu ætlar ríkisstj. að byggja áframhaldandi tilvist sína til bráðabirgða. En þessi mikilsverða og allt að því lífsnauðsynlega aðstoð verður ekki til allrar frambúðar. Og hvað tekur þá við? Fyrir því mun hæstv. ríkisstj. gera sér litla grein.

En vert er að minnast á það, að ef kommúnistar hefðu ráðið og komið í veg fyrir þátttöku Íslands í Marshallskipulaginu, þá væri hér orðið algert hrun og atvinnuleysi. Og það, sem merkilegra er; ef formaður Framsfl., hæstv. landbrh., Hermann Jónasson, hefði ráðið og fylgt hefði verið hans ákveðnu skriflegu mótmælum gegn Marshallaðstoðinni, *þá hefði mörgum smábændum orðið* þungt fyrir dyrum.

Tími minn leyfir ekki, enda óþarft eftir ágætar og ýtarlegar ræður flokksbræðra minna, að rekja raunasögu hæstv. ríkisstj. nánar. Ég vil aðeins benda á, í nokkrum höfuðatriðum, hve ömurlegt ástand hefur skapazt í innanlandsmálum eftir eins árs setu ríkisstj.

Gengið á íslenzku krónunni hefur verið lækkað um 42,6%. Eftir sem áður er haldið við þeim sköttum og tollum, sem áður voru á lagðir til þess að komast hjá gengislækkun og standa straum af ábyrgðarverði á bátafiski og til niðurgreiðslu á nauðsynjavörum. Ekki er heldur látið við það sitja. Söluskatturinn hefur verið hækkaður og ákveðið að leyfa ótakmarkaða álagningu á vissa innflutta vöruflokka, er mun hækka þessar vörur um 50—60 millj. kr. og með þeim þunga leggjast á þjóðina. Verðlag í landinu hefur hækkað á þessu eina stjórnarári um 30—40% og mun halda áfram að stórhækka og skapa þannig meiri dýrtíð og verðþenslu en nokkru sinni fyrr. Neyzluvöruskortur er mjög tilfinnanlegur og svartamarkaðsbrask í algleymingi. Alvarlegt og almennt atvinnuleysi er nú orðið um land allt og útlit hið uggvænlegasta. Dregið hefur verið úr félagsmálalöggjöf landsins og staðið gegn breytingum til bóta og aukningu hennar. Þessu hefur stjórnarstefnan áorkað á einu ári, að skapa öngþveiti, kjararýrnun, atvinnuleysi og með því vaxandi eymd alþýðunnar í landinu.

Margir kannast við hið sígilda leikrit Ibsens, Pétur Gaut, sem til er í afbragðsþýðingu Einars Benediktssonar. Þegar Pétur Gautur kemur heim, eftir ömurleg ævintýraferðalög erlendis, hittir hann hnappasmiðinn á vegamótum, sem krefst að fá hann til þess að bræða í hnappasteypu sinni. Pétur Gautur færist undan og biður um frest til þess að fá vitni og vottorð. Eftir þrábeiðni gefur hnappasmiðurinn honum frest til næstu vegamóta. Aftur hittast þeir við gatnamót. Hnappasmiðurinn krefur Pétur Gaut um vottorðið, en hann hefur ekki aflað þess og biður aftur um frest. Hnappasmiðurinn minnir hann á, að ef hann fái vottorðið, þurfi hann ekki að hræðast, því að þá verði hann ekki settur í uppsteypuna til að bræðast. Pétur Gautur þrábiður enn um frest, og honum er veittur hann til næstu vegamóta, en lengur ekki. Að lokum hittast þeir á síðustu krossgötunum, og *enn vantar Pétur Gaut vottorðið, en flýr* þess í stað inn til hinnar umburðarlyndu Sólveigar, sem svæfir hann eins og barn við þýðan vöggusöng.

Þegar Alþingi lauk í maí 1950, hafði ríkisstj. lagt út í ævintýraferðalag gengislækkunarinnar. Eins og Pétur Gautur var ríkisstj. í upphafi þessa Alþingis stödd á vegamótum. Hún átti þá á hættu að lenda í hnappadeiglunni og bað um frest til þess að fá vottorð og vitni bátaútvegs- og kaupsýslumanna. Við lok þessa Alþingis er ríkisstj. aftur stödd á vegamótum og sárbiður, eins og Pétur Gautur, um framhaldsfrest. Hæstv. ríkisstj. ætlar sér að útvega sér vitni og vottorð. Við eigum að bíða eftir enn frekari áhrifum gengislækkunarinnar, frekari frílistum og frjálsum gjaldeyri bátaútvegsins. Enn er beðið um frest, frest til hausts, frest til næsta árs. Fresturinn verður veittur. Þjóðin er umburðarlynd. En að því kemur þó fyrr eða síðar, að við hittum hæstv. ríkisstj. á krossgötum *kosninganna. Það er síðasti fresturinn.* Og þá verður það engin Sólveig, sem stendur í dyrunum og bjargar ríkisstj. Nei, hún mun þá lenda í deiglunni, það er víst og áreiðanlegt, og verður þá brædd upp í aumasta frakkahnapp og ekkert annað. Miskunnarlaust mun Alþfl. gera skyldu sína á krossgötum kosninganna. Við hittumst þar að lokum, og því fyrr, því betra fyrir þjóðina.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það var gott, að hv. 8. landsk., Stefán Jóh. Stefánsson, skyldi minnast á stefnumál Framsfl. og rekja þau svo greinilega í sinni ræðu, og er rétt að víkja að *því nánar, að gefnu tilefni af hans hálfu,* hvernig til hefur tekizt um efndirnar. Hvað snertir verzlunarmálin, sem hv. 8. landsk. vék að, þá hefur Framsfl. tekizt að fá þar meiru áorkað en búizt var við, og mun hin nýja stefna m. a. leiða til þess að efla iðnaðinn í landinu og afla honum meiri hráefna en unnt hefur verið um skeið. — Hvað húsnæðismálin snertir, þá nægir að benda hv. 8. landsk. á það, að Framsfl. hefur á einu ári lagt meira fé til verkamannabústaða en Alþfl. gerði á fjórum árum. Stóreignaskattur hefur verið lagður á, sem gefið hefur tugi milljóna í ríkissjóð. Í verðlagsmálum hefur flokkurinn fengið því áorkað, að *verðlagseftirlitið væri lagt í hendur* neytenda, og með hinni breyttu stefnu í verzlunarmálum mun frjáls samkeppni stuðla að því að halda verðlaginu niðri enn frekar. Ég hef aldrei gumað af sparnaði, en hann nemur þó nú um 5—6 millj. kr. á ári, enda þótt Alþfl. og kommúnistar hafi verið samhentir í því að vera á móti hverri einustu sparnaðartill., sem fram hefur komið, hvað sem þeir hafa svo á hinn bóginn talað um sparnað.

Hv. Alþfl.-menn halda því nú mjög á loft, að ríkisstj. ætli sér að stofna til atvinnuleysis og minnkandi kaupgetu í landinu með því að draga

úr fjárfestingunni, en flytja í þess stað inn sem allra mest af neyzluvörum. En hvað sögðu þessir sömu menn, á meðan þeir sátu sjálfir í og stóðu að ríkisstjórn? Hv. formaður Alþfl., Stefán Jóh. Stefánsson, hafði dálítið aðra sögu að segja í Alþýðublaðinu 28. okt. 1949. „Færa má fullgild rök að því," segir hann, „að stinga megi við fæti um sinn, að því er frekari fjárfestingu varðar, en verja í þess stað meira til neyzluvörukaupa." Og hagspekingur Alþfl., hv. 3. landsk. (GÞG), segir svo undir stórum fyrirsögnum í sama blaði hinn 11. okt. s. á.: „Óhófleg fjárfesting veldur vandræðum." — — „Það verður að draga verulega úr henni og auka innflutning á neyzluvörum." Þetta var nú þá! Og skýtur þetta ekki skökku við það, sem nú er haldið fram? — Og það er allt á sömu bókina lært hjá þessum mönnum.

Hv. 6. landsk., Hannibal Valdimarsson, og hv. 3. landsk., Gylfi Þ. Gíslason, hafa báðir blásið sig mjög út af því, hve óskaplegt það væri, að Framsfl. skyldi vinna með íhaldinu. Heyr á endemi! Voru það máske Alþýðuflokksmennirnir, sem voru dregnir út úr stjórn Stefáns Jóhanns? Nei, það voru ráðh. Framsfl. Alþýðuflokksmennirnir vildu hins vegar fá að vera lengur, eftir allt saman, — sitja lengur í stjórn með íhaldinu. Þar kom upp um strákinn Tuma. En hvað á svona dauðans skrípaleikur eiginlega að þýða?

Hv. 3. landsk. flutti hér ræðu, sem engin heil brú var í, bara grautur, því að hagfræðiprófessorinn sagði aðra setninguna, en áróðursmaðurinn hina. Áróðursmaðurinn gerði lítið úr því, að í fyrsta skipti um langan tíma hefur náðst greiðslujöfnuður í fjárl. Hagfræðiprófessorinn gleymdi raunar að taka það fram, að einmitt þetta er undirstaða þess, að unnt sé að stöðva verðbólgu, og án þess væru aðrar ráðstafanir þýðingarlitlar. Hagfræðiprófessorinn missti það út úr sér, að fjárfesting hefði verið of mikil og útlán bankanna of mikil. Áróðursmaðurinn sagði, að höfuðmeinið væri, að ekki væru nógu miklir peningar í pyngjum almennings. Vitanlega minntist hagfræðiprófessorinn ekki á það, hvað hann kennir nemendum sínum í háskólanum um gagnsemi þeirra peninga, sem engar vörur fást fyrir.

Það var ekki hægt að segja, að allur málefnaflutningur af hálfu stjórnarandstæðinga á mánudagskvöldið væri heiðarlegur. Þó var lagzt lægst, þegar kom að blekkingunum miklu um kaupgetuna. „Stjórnarflokkarnir vilja minnka kaupgetuna," sagði einn. „Fjmrh. telur það höfuðúrræði að minnka kaupgetuna," sagði annar. Enginn munur var á Alþýðuflokksmönnum og kommúnistum í þessu tilliti. „Fjmrh. mundi vilja, að alls staðar gengi eins og í Flatey," sagði Alþýðublaðið í vetur. „Þar þarf ekki að óttast kaupgetuna," sagði blaðið. Hvað munar þessa menn um að hafa endaskipti á sannleikanum? Hvað varðar þá um það, þótt höfuðstefna stj. sé sú að auka kaupgetu landsmanna með því eina móti, sem hægt er að auka hana, með aukinni framleiðslu? Hvað munar þá um, þessa menn, að halda því fram gegn betri vitund, að hægt sé að auka raunverulega kaupgetuna með því að hækka kaupið á pappírnum, þótt framleiðsluverðmætið, sem á bak við stendur, standi í stað eða fari minnkandi? Hvað varðar það þessa menn, þótt beztu menn alþýðusamtakanna í helztu menningarlöndum séu önnum kafnir við að flytja alþýðu þessara landa þau sannindi, að fölsk kaupgeta, sem orsakar vöruskort, svartan markað, truflun á fjárhagskerfinu og atvinnuleysi, sé ekki í þágu verkalýðsins, heldur hans versti fjandi? Í þessum löndum er kommúnistum einum látinn eftir rógurinn um þá, sem neita að segja verkalýð og launastéttum ósatt um þessi mál. Hér sýnast hins vegar sumir talsmenn Alþfl. á því stigi í þessum efnum, að þeir mundu ekki teljast nothæfir málsvarar verkalýðsins í nálægum menningarlöndum. Þetta ástand er alvarlegt þjóðfélagsvandamál.

Það verður úr þessu botnlaus þvæla. Annað veifið er verið í stjórn, hvatt til gætilegrar fjármálastefnu, jafnvel lögbundið kaup eða bönnuð kauphækkun eftir vísitölu, vafalaust af sannfæringu fyrir því, að það sé verkalýðnum fyrir beztu. Í hinni andránni eru mennirnir í stjórnarandstöðu. Þá eru fluttar alveg allt aðrar kenningar — krafizt vísitöluskrúfugangs mánaðarlega, sem þá á að vera óbrigðult til velmegunar og aukningar kaupgetu, og það alveg án tillits til þess, hvort nokkuð er hægt út úr framleiðslunni að pressa án gagnráðstafana, sem éta allt upp aftur eða meira.

Ég kemst ekki hjá því að benda á þetta, og hefði þó gjarnan viljað komast hjá því. En ég kemst ekki hjá því vegna þess, að þessir menn hafa verið að rægja mig sérstaklega fyrir það að benda þjóðinni á grundvallaratriði þessara mála og samhengið í þeim, með sömu rökum og þeir gera, þegar þeir eru allsgáðir pólitískt, og með sömu rökum sem þeim hliðstæðir menn í nálægum löndum nota til þess að vinna gegn skemmdarstarfsemi kommúnista í verkalýðshreyfingunni og rógi þeirra. Hvers vegna er ekki hægt að móta hér í þessum málum fasta stefnu, sjálfri sér samkvæma, eins og í hinum löndunum, sem mundi fletta fylginu af kommúnistum í stað þess að slá fæturna undan sjálfum sér annað hvert ár eða svo, eins og forkólfar Alþfl. sumir gera hér? Er það svo freistandi að snúa út úr fyrir fjmrh.? Er það svo líklegt til pólitísks fylgis að halda fram annarri eins fjarstæðu og þeirri, að fjmrh. vilji, að kaupgeta þjóðarinnar sé sem minnst, að til þess að koma slíku fjasi á framfæri sé tilvinnandi að snúa öllum staðreyndum við og brjóta niður það, sem menn þurfa sjálfir að standa á í baráttunni fyrir lýðræðisstefnu gegn kommúnisma? Ætli Gerhardsen, forsætisráðherra Norðmanna, hafi beitt sér gegn greiðslu mánaðarlegrar vísitöluuppbótar í Noregi til þess að halda niðri raunverulegri kaupgetu alþýðu Noregs? Ætli sænskir verkalýðsforingjar hafi trúað því, að þeir gætu raunverulega aukið kaupgetu sænskrar alþýðu með því að taka upp vísitölukerfið, og þess vegna hafi þeir forðazt það? Ætli þeir Attlee, Bevan og Stafford Cripps hafi staðið gegn kauphækkun í Bretlandi hvað eftir annað og notað herinn til þess að eyðileggja verkföll kommúnista og þeirra manna, sem hugsa eins og Hannibal Valdimarsson gerir núna, af því að það hafi verið þeirra áhugamál að minnka kaupgetu brezks almennings? Hvað heldur svo Hannibal Valdimarsson og hinir, að kommúnistarnir í Bretlandi hafi sagt um þessa menn? Ætli það hafi ekki eitthvað verið minnzt á, að þeirra áhugamál væri að halda niðri kaupgetu alþýðunnar? Halda

þessir hv. þm., sem hér tala um þessi mál eins og út úr poka, að alþýðan á Norðurlöndum og á Bretlandi væri betur farin, ef farið hefði verið að ráðum kommúnista? Halda þeir, að betur hefði farið, ef menn hefðu bognað í þessum löndum eins og hér fyrir rógi kommúnista um alla kaupgetuna, sem menn færu á mis við með því að láta undir höfuð leggjast að nota vísitöluskrúfuganginn, sem kommúnistar vita vel, að skrúfar sundur þjóðfélagið og er af þeirri ástæðu einni í uppáhaldi hjá þeim.

Það verður aldrei nógsamlega fyrir mönnum brýnt að gerast ekki sínir eigin böðlar og láta ekki pólitískt ofstæki blinda sig þannig, að menn vinni þeim málstað tjón, sem þeim er trúað fyrir.

Stjórnin hefur gert allt, sem í hennar valdi hefur staðið, til þess að sporna gegn dýrtíð. Auðvitað er henni um megn að ráða verði innfluttra nauðsynja, og talsverð verðhækkun hlaut að verða vegna gengislækkunarinnar. Laun hafa einnig hækkað nokkuð. Ríkisstj. hefur haldið verzlunarálagningu lægri en nokkur dæmi eru til áður í sögu landsins og hefur miðað ráðstafanir sínar við að geta bætt verzlunina, tryggt mönnum nauðsynjar með réttu samkeppnisverði í stað vöruskorts, svarta markaðsins og okursins, sem fylgir hinni fölsku kaupgetu og verðbólgunni. Það, sem nú ríður mest á, er að forðast atvinnuleysið, auka framleiðsluna. Takist það, kemur grundvöllur fyrir kauphækkunum, sem gera gagn, auka kaupgetuna. Almenn kauphækkun nú gæti ekki orðið til annars en að draga úr framleiðslunni og auka atvinnuleysi. Það þýðir, að byrðunum yrði velt yfir á þá, sem ótryggasta hafa afkomuna, erfiðleikarnir legðust þar á, sem sízt skyldi.

Hv. ræðumaður kommúnista, Lúðvík Jósefsson, var að tala um nýsköpunina. Það þarf nú ekki neitt að deila um það, reynslan hefur sýnt það, svo að ekki verður um deilt, að hún hefur mistekizt mjög hrapallega. Það þarf ekki annað en gera sér það í hugarlund, hvernig hér hefði verið ástatt í landinu, ef Marshallhjálpin hefði ekki komið til. Því lýsti hv. form. Alþfl. áðan, og hann nefndi atvinnuleysi og hrun í því sambandi.

Hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, talaði um Marshallaðstoðina og að Marshallauðvaldið væri að skipuleggja atvinnuleysi á Íslandi og halda niðri kjörum manna. Það er dálítið einkennileg aðferð, sem Marshallauðvaldið hefur til þess. Aðferðin er sú, að gefa Íslandi 253 milljónir, þar á meðal fé til þess að koma upp stærstu fyrirtækjum, sem Íslendingar hafa ráðizt í, nefnilega Sogs- og Laxárvirkjununum og áburðarverksmiðjunni. Þeir menn eru ekki vandir að virðingu sinni, sem bera sér svona fullyrðingar í munn. Leiðtoginn hafði 20 mínútur til umráða, og þær fóru í þetta að mestu.

Kommúnistar hafa verið nánast utangátta í þessum umr. Þeir syngja þennan sama söng um markaðina, viðlagið er að finna í stefnuyfirlýsingu þeirra í Marshallmálunum. Í henni stendur þetta:

„Hafizt sé handa til þess að ná sem víðtækustum viðskiptasamningum til langs tíma við þau lönd, sem hafa skipulagðan þjóðarbúskap og kreppan nær ekki til, á grundvelli hagkvæmra vöruskipta, þannig, að hægt sé að tryggja örugga sölu og að fáist sem hæst verð fyrir sem mest magn af íslenzkum afurðum langt fram í tímann," o. s. frv.

Þetta er nú að ýmsu leyti upplýsandi yfirlýsing um hugsunarhátt og fyrirætlanir kommúnista. Höfuðmarkmiðið er að innleiða Ísland í hagkerfi Sovét-Rússlands og tengja Ísland við föðurland þeirra kommúnistanna sem traustustum böndum. Það er engin tilviljun, að tvisvar í einni setningu er talað um langan tíma. „Til langs tíma" stendur fyrst, og „langt fram í tímann" segir svo aftur, til þess að enginn skuli efast um, hvernig þetta eigi að vera. Ætli Íslendingar öfundi nú mikið t. d. Tékka og Pólverja, sem hafa hlotið þessi örlög? Ég held ekki. Ég held, að þeim fari nú fækkandi, sem styðja kommúnista hér, þar sem það skýrist alltaf betur og betur, hver þeirra fyrirætlun er. Þetta skýrist af því, að Rússar heimta nú meiri og berari þjónustu af leppum sínum alls staðar en áður.

Það er dauft yfir kommúnistum núna. Það kemur til af tvennu. Þeim finnst þeir standa fáklæddari en áður frammi fyrir mönnum, þeir hafa verið neyddir til að sýna betur en áður undir gærufeldinn, og þeir kvíða afleiðingunum. Hin ástæðan er sú, að það er engum manni gefið til langframa að taka sterkan og málefnalegan þátt í baráttu um vandamál líðandi stundar, sem innst inni fyrirlítur þessi mál, — sem innst inni hugsar: því vitlausara, því betra, — þar sem allt að hans dómi er botnlaust díki, óbotnandi fen og lausnin aðeins ein: að skapa enn meiri upplausn í þeirri von, að menn leiti heim, heim í kerfið, til trausts og halds langt fram í tímann.

Hvernig á að verða nokkurt gagn að þessum mönnum? Enda er útkoman eftir þessu. Tökum bara dæmi um það, sem við erum helzt að ræða um núna, út í hvaða endileysu þetta leiðir. Ég benti á það í fyrrakvöld, að kommúnistar hefðu áður heimtað yfirráð gjaldeyris til útvegsmanna, en nú, þegar það gerist, segja þeir það útvegsmönnum og fiskimönnum einskis virði, það sé gróði heildsalanna. Í kvöld hafa þeir tveir hv. þm. kommúnista verið að reyna að klóra yfir þessa háðungarafstöðu, en engan árangur hefur það borið. Eins og mönnum verði ekki gjaldeyririnn að gagni til kaupa á eftirsóttum vörum án verðlagseftirlits, þótt hver einstakur útvegsmaður flytji ekki út, heldur selji gegnum sölusamtök? Hann á réttinn til gjaldeyrisins, og sá réttur verður ekki af honum tekinn. Hæstv. atvmrh. hefur upplýst í umr., að bankalán verði aukin, og framselji menn rétt sinn í þessu sambandi, þá gera menn það ekki nema þeir fái það gjald fyrir, sem þeir sætta sig við. Skrípaleikur kommúnista í þessu máli hefur verið afhjúpaður, og þetta ætti að kenna þeim að forðast í leikaraskap sínum þau úrræði, sem til greina geta komið yfirleitt; þá geta þeir frekar komizt hjá því að verða sér til minnkunar, eins og nú hefur hent.

Í þessum málum er annar þáttur, sem einnig sýnir, hvernig þeir vinna, sem eru að drepa tímann með sjónhverfingum, þangað til þjóðin kemst í „kerfið". Hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, flutti í vetur frv., sem átti að leysa öll þessi mál. Útgerðarmenn áttu að fá gjaldeyri til vörukaupa, en þeir áttu að vera háðir sömu verðlagsákvæðum

og giltu. Bátaútvegsmenn áttu að taka verzlunargróðann. Jú, þetta leit laglega út, og engan mátti heldur styggja, því að það er höfuðdyggð sjónhverfingamannsins í þessu tilliti, að allir eiga að fá allt, en enginn að láta neitt. En hvað var í raun réttri látið uppi með þessu? Á sama tíma og Einar Olgeirsson flutti þetta frv. þöndu þeir félagar hans, forráðamenn KRON, þeir Ísleifur Högnason og Sigfús Sigurhjartarson, sig á milli stjórnardeildanna og sýndu fram á, að verzlunarálagningin væri svo lág, að engin verzlun mundi geta borið sig, ekki einu sinni KRON, álagningin nægði ekki fyrir dreifingarkostnaði. Þetta var það þá, sem Einar Olgeirsson bauð útgerðarmönnum og fiskimönnum í frv. sínu, sem átti að leysa vanda þeirra. En þetta leit laglega út, var glæsilegt númer á sýningarskrá sjónhverfingamannsins.

Svona er þetta allt á sömu bókina lært. Hvaða gagn er að þessum mönnum á Alþingi? Því er nú auðsvarað, það sjá nú fleiri og fleiri svarið við þeirri spurningu. Þeir geta engra fulltrúar verið með rétti nema þeirra, sem bíða eins og þeir eftir innlimun í kerfið. Þetta vita kommúnistar. Línurnar skýrast. Sjónhverfingarnar duga verr og verr, enda er allt of mikils krafizt af mönnunum handan við tjaldið til þess að lengur verði leynzt. Þess vegna eru kommúnistar daufir núna, og það veit á gott.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég skal ekki blanda mér í rifrildi þeirra Alþfl.-manna og framsóknarmanna um það, hvorir þeirra séu í raun og veru fúsari eða ófúsari að vinna með íhaldinu, sem þeir svo kalla, eða hvorir þeirra séu einlægari að koma á samningum þeirra á milli. Þetta innbyrðis rifrildi fornvinanna sýnir einungis, hversu lítið ánægjulegt er að vinna með hvorum um sig. En fleira verður að gera en gott þykir, og eins og flokkaskipun er hér á landi, verður þetta samstarf því miður ekki umflúið.

Í umræðum þessum hefur margt einkennilegt komið í ljós, meðal annars það, hversu ólíkum skoðunum menn halda fram eftir því, hvar menn eru staddir. Það er t. d. eftirtektarvert, hversu hv. þm. Hannibal Valdimarsson talar með ólíkum hreim um það hér í þingsölunum, að bónda skuli falið mikilsvert starf í alþjóðar þágu, miðað við það, sem hann mundi tala, ef hann væri vestur í Djúpi að sækjast eftir fylgi hinna kjarnmiklu bænda þar. Það er einnig fullvíst, að sami hv. þm. mundi tala með öðrum hætti um þá staðreynd, að tilkostnaður við dvöl manna erlendis hlýtur að fara eftir verðlagi þar, en ekki hér á landi, ef hann væri í hópi aðstandenda námsmanna erlendis að tala um styrk þeim til handa, en ekki hér á Alþingi að tala um utanríkisþjónustuna. Sjá þó allir, að tvennar gengisbreytingar, sem sé haustið 1949 og veturinn 1950, hljóta að hafa áhrif á kostnað við dvöl sendimanna Íslands erlendis, enda ekki ólíklegt, að laun þeirra í íslenzkum krónum séu há, þegar íhugað er, að kostnaður við dvöl einhleypra námsmanna erlendis er í sumum löndum fullar 50 þús. kr. á ári.

Hér á Alþ. tala hv. Alþfl.-menn um, að stjórnað hafi verið með hagsmuni verzlunarstéttarinnar fyrir augum fyrst og fremst, en uppi í fjárhagsráði samþykkir fulltrúi flokksins hækkun á álagningu vegna þess, að allt of illa hafi verið að þessari stétt búið, enda verður ekki á móti því borið, að svo hefur verið gert.

En það er ekki einungis, að það virðist ráða skoðunum manna, hvar á landinu þeir eru staddir og í hvaða félagsskap, heldur nægir einnig flutningur stóla á milli hér inni í þingsölunum til þess, að menn gerbreyti um skoðanir. Á meðan Alþýðuflokksmenn sátu í ráðherrastólunum, var því t. d. mjög haldið á lofti af þeirra hálfu, hve þinghaldið stæði stutt, þegar í eitt sinn tókst að ljúka því í marzlok. Nú tala þessir sömu menn af mikilli hneykslan um það, hversu þingið hafi dregizt óhæfilega, þegar allar horfur eru þó á því, að þingslit verði um þessi mánaðamót, þ. e. febrúar —marz, eða nær mánuði fyrr en bezt tókst, á meðan Alþfl. veitti stjórninni forustu. — Og sömu mennirnir sem beittu sér fyrir því, meðan þeir sátu í ráðherrastólunum, að hætta að greiða hækkandi kaup samkv. hækkandi vísitölu telja það nú hin örgustu svik við verkalýðinn, að þessi kaupgreiðsluháttur skuli talinn óráðlegur og stefna í beina ófæru.

Við kosningarnar 1949, meðan þeir enn sátu í ráðherrastólunum, töldu Alþfl.-menn það einnig hina mestu höfuðnauðsyn að auka innflutning á neyzluvörum, og gerði hv. þm. Emil Jónsson því þá einkar glögg skil, hversu þarflegt þetta væri. Nú, þegar þessu á að koma í framkvæmd, eru það kölluð bein fjörráð við verkalýðinn, honum talið miklu hollara að fá sífellt hækkað kaup í pappírsseðlum en að fá keyptar nauðþurftir sínar. En að hvaða gagni koma pappírskrónurnar, ef nauðsynjar eru ekki fáanlegar?

Ekki er samræmið meira hjá kommúnistum. Nú talar hv. þm. Brynjólfur Bjarnason um það, að atvinnuvegirnir megi ekki verða einhæfir og byggja verði áburðarverksmiðju margfalda að stærð við það, sem ákveðið hefur verið að fróðustu manna yfirsýn. En hví í ósköpunum beitti hann sér ekki fyrir áburðarverksmiðjunni, meðan hann sat í ráðherrastólnum, í stað þess að verja geipifé til eflingar síldveiða og síldarverksmiðja, einkanlega ef hann vissi þá það, sem hann heldur nú fram, að Íslendinga muni það engu, hvorki til né frá, hvort síldin veiðist eða ekki? Og nú telur hv. þm. Brynjólfur Bjarnason það dæmalaust merki óstjórnar, að gera þurfi sérstakar ráðstafanir til hjálpar bátaútveginum, en gleymir því, að það var einmitt eitt síðasta verk hans, meðan hann sat í ráðherrastólnum, að ríkisstj. hljóp undir bagga með bátaútveginum með fiskábyrgðinni frægu í árslok 1946, án þess að kommúnistar vildu ætla einn einasta eyri til þess að greiða hana með. Var þörfin á fiskábyrgð þá að kenna óstjórn Áka Jakobssonar og þeirra félaga, eða komu önnur atriði til?

En það er ekki aðeins, að þessir menn misbjóði skynsemi almennings, með því að skipta alveg um skoðanir eftir því, hvar þeir sjálfir sitja. Þeir ofbjóða einnig dómgreind hans með því að þegja um eða láta eins og engin áhrif hafi staðreyndir, sem allir vita um og sumar hafa úrslitaþýðingu. Sumir tala eins og allur bátaflotinn liggi enn í höfn, þótt stj. hafi tekizt að koma honum út fyrir mörgum vikum. Þá láta þeir sem það hafi engin áhrif fyrir afkomu Íslendinga, að fiskverðið er nú miklu

lægra, miðað við þær vörur flestar, sem við þurfum að kaupa að, en áður var, án tillits til allra gengisbreytinga. Þeir láta einnig eins og togaraverkfallið, sem þeir stóðu sjálfir að og bakaði þjóðinni margra milljónatuga tjón, og sú staðreynd, að síldveiðin brást nú í sjötta sinn hrapallegar en nokkru sinni áður, hafi engin áhrif á afkomu landsmanna. Auðvitað vita allir, að þessi atriði valda mestu um fjárhagsörðugleika Íslendinga nú. Verulegur hluti vandamála bátaútvegsins er beinlínis að kenna síldarleysinu, því að stærri bátarnir geta alls ekki borið sig yfirleitt, nema þeir fái mikinn gróða af síldveiðum. Það vita allir, að ef gengisbreytingin hefði ekki verið gerð, væri fyrir löngu allt atvinnulíf Íslendinga stöðvað með öllu. Það vita allir, að þessir menn geta bókstaflega á engin heilleg úrræði — alls engin — bent önnur, hvað þá betri, til að bjarga bátaútveginum en þau, sem ofan á hafa orðið. Þeir gambra að vísu um það, að það hefði átt að taka ábyrgð á fiskverðinu. En hvar átti að taka peninga til þess að borga ábyrgðarverðið með? Með skatti á óþarfavörur og óhófsevðslu, sagði einhver hv. þm. En hann gleymdi að geta um, hvaða vörur og hvaða evðslu hann átti við. Hitt kemur óneitanlega mun léttara niður á almenningi, að heimila álag á vörur, sem hver um sig ræður, hvort hann vill kaupa eða ekki, og flestar eru með þeim hætti, að menn geta verið án þeirra að verulegu leyti.

Og er það ekki nóg til að fordæma ábyrgðina eitt skipti fyrir öll, að í skióli hennar hrakaði vöruvöndun svo gífurlega, að einn aðalörðugleikinn við sölu afurðanna nú er sá, að þessa sjálfsagða atriðis, vöruvöndunarinnar, sem áður var aðalsmerki útflutnings okkar, hefur nú ekki verið gætt?

Nei, það fólk, sem svona talar og hegðar sér, ætti ekki að kenna aðra við íhald og sérréttindi. Það eru einmitt þessir menn, sem vilja útvega sjálfum sér og félögum sínum sérréttindi með því að blekkja almenning og nota blekkingarnar til þess að klifra sjálfir til valda. Heilbrigð gagnrýni er góð og nauðsynleg, en fjandskapur sá, sem þessir menn bera í munn sér, er ekkert annað en fjandskapur þeirra við heilbrigða skynsemi og flótti frá þeirri ábyrgðartilfinningu, sem sumir þessara manna a. m. k. sýna, þegar þeir sjálfir sitja í ráðherrastólunum. Og það er alveg fullvíst, að þeir hv. þm. Hannibal Valdimarsson og Gylfi Þ. Gíslason munu líta heiminn töluvert öðrum augum, ef þeir komast einhvern tíma sjálfir í ráðherrastólana, ekki síður en þeir segja, að Hermann Jónasson hafi gert.

Auðvitað er sú lausn, sem nú hefur verið fundin bátaútveginum til handa, ekki alfullkomin, en ekki hefur verið bent á neina hentari aðferð eins og nú stendur. Auðvitað geta þessar ráðstafanir farið út um þúfur; ef enn verður lagt í tryllt kapphlaup milli kaups og verðlags, er voðinn vís. Því skal ekki að óreyndu trúað, að almenningur láti blekkja sig til þess. Hann á allt of mikið í húfi. Möguleikarnir til að rétta nú hlut sinn við raunverulega, en ekki aðeins að nafninu til, eru meiri að þessu sinni en nokkru sinni áður. Þetta skilja a. m. k. sum verkalýðsfélög, eins og t. d. Vörubílstjórafélagið Þróttur. Á fundi þar í gær vildi enginn — bókstaflega enginn — greiða því atkvæði að segja nú upp samningum og leggja út í harða kaupdeilu eins og horfurnar eru. Það er skiljanlegt, að kommúnistar egni til þessara aðfara. Þeir vilja koma öllu í kaf. Hitt er óskiljanleg stjórnmálablinda, að Alþfl. skuli nú leggja út í kapphlaup við kommúnista, kapphlaup, sem hann hlýtur að tapa. Kommúnistar hljóta alltaf að sigra í marklausum yfirboðum og blekkingum við almenning.

Í stjórnmálunum eiga ýmsir högg í annars garð, og fylkingar riðlast og ganga á víxl eftir atvikum hverju sinni. Slíkt er lífsins gangur, og um það er ekki að fást. Þótt deilt sé um margt, verður samt að hafa það hugfast, sem mestu máli skiptir, en það er mannsæmandi afkoma allra, útrýming og hindrun neyðar og atvinnuleysis. Þetta verður ekki gert með öðrum hætti en að gera atvinnuvegum landsmanna fært að starfa með eðlilegum hætti og haga svo til, að framleiðsla landsmanna sé samkeppnisfær við vörur keppinauta okkar. Um aðferðirnar til þess geta menn deilt, en markinu vilja allir góðviljaðir menn ná.

Það eru kommúnistar einir, sem vilja neyð og vandræði, til þess að greiða fyrir upplausnaráformum sínum. Það eru skemmdaráform þessara manna, sem eru hættulegust, ekki aðeins fyrir efnahag þjóðarinnar, heldur líf hennar og tilveru. Kommúnistar bíða þess með tilhlökkun, að herskarar hins alþjóðlega kommúnisma hremmi landið, og ætla síðan að hrifsa völdin í skjóli þessara vina sinna. Þessi staðreynd er nú þýðingarmest í íslenzkum stjórnmálum. Við hinir getum deilt um margt, en gegn þessum voða verðum við allir að sameinast.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Út af ræðu Bjarna Benediktssonar vil ég segja þetta: Þá, sem ameríska auðvaldið ætlar að tortíma, brjálar það fyrst með ósannindum og kommúnistaæsingum eins og þeim, sem Bjarni Benediktsson þá var með. Það mun nú hins vegar ganga seint að brjála Íslendinga, þó að Hitler tækist það með Þjóðverja.

Bjarni Benediktsson notaði hér í umr. áðan falsaða tilvitnun í ræðu Brynjólfs Bjarnasonar frá 1941, tilvitnun, sem tvisvar áður er búið að reka ofan í hann hér í útvarpi frá Alþingi. Þá ræðu getur hver hlustandi lesið orðrétta í þingtíðindunum frá aukaþinginu 1941. Engu að síður dirfist ráðherrann að nota hina fölsuðu tilvitnun í þriðja sinn.

Hann slær hér líka um sig með Lenintilvitnunum, sem líka er búið að sanna hér í útvarpi að eru falsaðar. Engu að síður ber þessi vísvitandi ósannindamaður það á sósíalista, að þeir beiti fyrir sig lyginni, og segir Lenin hafa kennt það. Ráðh. fer bókavillt. Kenningarnar, sem hann fer eftir, um að endurtaka lygina nógu oft og nógu óskammfeilið, er að finna í bíblíu Bjarna Benediktssonar, „Mein Kampf", eftir Adolf Hitler.

Það er skiljanlegt, að utanrrh. sé taugaóstyrkur, þegar hann talar um efnahagssamvinnu Marshalllandanna. Hann sér afleiðingarnar af utanríkispólitík sinni blasa við á fiskimiðunum kringum allt land. Það eru Marshalllöndin, sem nú gera út hundruð togara til að ræna fiskimið okkar Íslendinga og eyðileggja markaði okkar. Það eru Marshalltogararnir ensku og þýzku, sem nema nú

björgina frá fiskimönnum Íslands, hin ríku Marshalllönd, auðugustu nýlenduríki heims, sem ræna lambi fátæka mannsins, eyðileggja fiskimiðin, dýrmætustu fjárhagslegu eign Íslendinga. Það er þokkaleg efnahagssamvinna þetta, samvinna við ræningjana, sem eru að rýja Ísland.

Keflavíkur- og Cocacoláráðherrarnir töluðu hér mikið um það, hve hátt kaup væri slæmt fyrir launþega. Má ég spyrja þessa herra: Er það slæmt fyrir hina amerísku starfsmenn á Keflavíkurflugvelli að fá 8000 kr. mánaðarkaup (500 dollara) fyrir sömu vinnu og íslenzkir starfsmenn fá 3000 kr.? Eða er þetta jafnréttið, sem Íslendingar eiga von á undir áframhaldandi amerískri leppstjórn? Þessir fulltrúar amerísku auðvaldsins eru að reyna að fá íslenzka verkamenn til að vera undirþjóð í eigin landi. Yfirþjóðin á hins vegar að búa við margfalt betri kjör en Íslendingar í sínu eigin landi. Þess vegna prédika þessir ráðherrar þýlyndið svo heiftarlega.

Eysteinn Jónsson réðst hér á nýsköpunarstjórnina að vanda. Já, hvernig skyldi það hafa gengið fyrir þjóðina að lifa núna á gömlu togurunum eingöngu, sem nú liggja fyrir akkeri vegna ræfilsskapar ríkisstj.? En á þeim hefði þjóðin nú átt að lifa, ef pólitík Eysteins hefði ráðið 1944. Þá hefðu engir nýsköpunartogarar verið til, ekki þau atvinnutæki, sem þjóðin bókstaflega lifir á.

Stefán Jóhann sagði, að Sósfl. væri samsærissamtök, stjórnað frá Moskvu. En hvað þetta var frumlegt, aldrei hefur það heyrzt fyrr. Þá vitið þið það, Íslendingar, að nýsköpun atvinnulífsins var gerð af Rússum og nýsköpunartogararnir keyptir samkvæmt skipun frá Moskvu. Ósköp lítur þessi maður smáum augum á úrræði Íslendinga. Það er ekki að undra, þó að Alþfl. ógnuðu skýjaborgirnar hér á árunum. Þeir hafa líklega séð Moskvu í skýjunum þá.

Stefán Jóh. Stefánsson sagði enn fremur, að það hefði verið þokkalegt ástand á Íslandi núna, ef ótætis sósíalistunum hefði tekizt að eyðileggja fyrir afturhaldinu, að þjóðin fengi Marshallaðstoðina, og Eysteinn tók undir. Mínir Marshallherrar! Út á hvað haldið þið, að þið fáið Marshallgjafirnar, meiri gjafir að tiltölu en ameríska auðvaldið gefur nokkurri annarri þjóð í heiminum? Þið fáið þær út á styrkleika okkar sósíalista hér á Íslandi. Þessi litli flokkur íslenzkrar alþýðu er þyrnir í augum hins volduga ameríska auðvalds, af því að okkar flokkur er gagnvart ameríska heimsveldinu fulltrúi þess bezta, sem þjóð var á til, ástar hennar á sjálfstæði sínu, vilja hennar til að berjast fyrir frelsi sínu og farsæld, og af því að bak við hann stendur þjóð, sem á sex alda nýlendukúgun að baki sér og ætlar sér aldrei að verða nýlenda á ný. Ameríska auðvaldið veit, að ofbeldi dugir ekki við okkar þjóð. Þess vegna reynir það að stinga henni svefnþorn með gýligjöfum Marshalls. Þríflokkarnir hafa fengið hana til þess að taka við gjöfunum, en hvort þeim tekst að svæfa hana með þeim, er annað mál. Ísland hefur þegið gjafakorn fyrr, en hljómur orðsins brennur enn á hverri íslenzkri tungu.

Vaxandi fylgi Sósfl., eins og kosningarnar nú seinast í Iðju og vanmegna bræði Marshallflokkanna yfir því, er bezta sönnunin fyrir því, að íslenzka þjóðin lætur ekki stinga sér svefnþorn.

Ólafur Thors sagði í ræðu sinni í fyrrakvöld, að við sósíalistar hefðum nú hindrað, að stj. gæti nú náð verzlunarsamningum við ríkisstjórnir Austur-Evrópulandanna og að við ætluðum að sitja að slíkum samningum sjálfir og þess vegna heimtuðum við frjálsa verzlun, og Bjarni Benediktsson reyndi að endurtaka þetta á sinn þokkalega hátt. Ég skal hér með gefa Ólafi Thors tækifæri til þess að láta þjóðina ganga úr skugga um, hvor okkar hafi á réttu að standa í þessu máli. Ég hef barizt fyrir því, að rýmkað verði á verzlunarhöftunum, bæði útflutnings- og innflutningshöftunum, af því að ég hef verið sannfærður um, að íslenzka ríkisstj. hefur verið næstum áhugalaus, svo að ekki sé sterkara að orði kveðið, um ný viðskiptasambönd í Austur-Evrópu, önnur en samböndin við Pólland og Tékkóslóvakíu, sem hún hefur ekki þorað að slíta, síðan ég hnýtti þau bönd ásamt Pétri Benediktssyni í umboði nýsköpunarstjórnarinnar 1945. Ég veit, að ríkisstj. reynir eftir mætti að hindra ný viðskiptasambönd þar austur á bóginn, og að það er á henni, sem stendur um slík viðskiptasambönd. En haldi Ólafur Thors, að við sósíalistar séum svo áhrifaríkir hjá stjórnum Austur-Evrópulandanna sem í yfirlýsingu hans fólst, og vilji hann koma á sem mestum viðskiptum við þau lönd, þannig, að ríkisstj. hafi samningana, þá geri ég honum hér með það tilboð, að ég skal fara sjálfur, eða ef hann vill frekar aðra menn úr Sósfl., þá reyna að fá þá í sendinefnd ríkisstj. til t. d. Austur-Þýzkalands og Ungverjalands til þess að reyna að koma á sem mestum viðskiptum við þau lönd. Ríkisstj. veit, að nú hefur staðið til í 6 mánuði að gera viðskiptasamning við Austur-Þýzkaland, sem ég hef átt frumkvæðið að að boðinn var, en ríkisstj. hefur ekkert viljað gera. Neiti hann þessu boði, þá er það vegna þess, að ríkisstj. óttast, að það muni ganga eins vel og 1945, þegar Austur-Evrópa opnaðist fyrir íslenzkum afurðum með þeim afleiðingum, að verðlag íslenzkra útflutningsvara stórhækkaði og nýr markaður opnaðist fyrir 15 þús. tonn af freðfiski.

Alþýðu Íslands vil ég segja þetta: Það er engin ástæða til að víla, þótt við búum við illt stjórnarfar og þess vegna atvinnuleysi og kaupkúgun. Slíkt er sjálfskaparvíti, sem íslenzk alþýða getur bætt úr við næstu kosningar. Það, sem alþýðu Íslands vantar, er úrslitaáhrifin á ríkisstj. landsins. Allt hitt, sem þarf til þess, að þjóðinni geti liðið vel, höfum við, eða getum tryggt okkur, ef aðeins heiðarleg, sjálfstæð stjórn fer með völdin í landinu.

Við Íslendingar erum þrátt fyrir alla óráðsíu Framsóknar í atvinnulífinu síðustu árin ríkari en nokkru sinni fyrr. Við höfum tækin til að vinna með, veiðiskipa- og flutningaflotann og hvers konar verksmiðjur, þakkað veri nýsköpunarstjórninni, beztu stjórninni, sem setið hefur að völdum á Íslandi, eins og Ólafur Thors tók réttilega fram í fyrrakvöld, enda vil ég bæta við, einu stjórninni, sem starfað hefur á þjóðlegum grundvelli síðan lýðveldið var stofnað, því að allar hinar hafa ofurselt sig erlendu valdboði.

Við höfum afl þeirra hluta, sem gera skal, vinnuaflið, meira, betra og faglærðara vinnuafl en nokkur fyrri kynslóð Íslendinga hafði yfir að ráða. Og þetta vinnuafl vilja valdhafar landsins nú dæma til atvinnuleysis. Við höfum markaðina,

næga markaði fyrir allt, sem Ísland getur framleitt, ef þjóðin aðeins fær að nota þá í friði fyrir einokunarhöfðingjum Reykjavíkur og afskiptum ameríska auðhringa. Við getum fengið hækkandi verð fyrir afurðir okkar, ef við aðeins fáum að selja þær frjálst, og það gífurlega hækkandi verð fyrir sumar. Þessu leyna núverandi valdhafar þjóðina, til þess að geta selt beztu afurðirnar undir fáanlegu verði til þeirra einokunarhringa erlendra, sem heimta að fá að velja úr íslenzkum afurðum allt, sem þeir helzt kjósa, og reyna þá eftir mætti að halda niðri verði á því, sem þeir þannig einoka.

Alþýða Íslands! Við eigum volduga og sterka fjandmenn við að etja í þeirri baráttu, sem fram undan er, fyrir atvinnu og réttlátu kaupi við forríka einokunarhöfðingja íhalds og framsóknar og við ameríska auðvald, bakhjarl þeirra. Ríkisvaldið, bankarnir og útflutningseinokunin eru tæki í höndum þeirra, sem þeir nú hóta að beita vægðarlaust gegn alþýðunni. En vita skulu höfðingjar Íslands það, að íslenzk alþýða er líka sterk, og ef hún stendur einhuga, er hún ósigrandi. Það er hennar góði málstaður, málstaður smælingjanna, málstaður fjöldans, málstaður hinna vinnandi, skapandi stétta, sem gerir hana sterkari öllum auð, öllum Marshallmútum, allri kúgun. Við þurfum aðeins að undirbúa okkar réttlátu baráttu vel, af fyrirhyggju og festu, af einhug og einlægni, og um fram allt skapa heiðarlega, markvissa forustu í því stríði hins góða. Þá er sigur vís. — Góða nótt.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég er sammála síðasta ræðumanni, hv. 2. þm. Reykv. (EOl), um, að verkalýðurinn eigi að standa einhuga um sín áhugamál, en ég er vissulega ekki sammála honum um aðferðir til þess að koma þeim fram, — slíkar kommúnistiskar aðferðir sem nú síðast var beitt við Iðjukosningarnar, þar sem kommúnistar telja sig hafa fengið meiri hluta, sem fullyrt er að sé meira en vafasamt, og er nú beðið eftir úrskurði Alþýðusambandsins um úrslit þeirra.

Annars hefur hér verið margt sagt og mest af því margtuggið áður. Ég mun hér reyna að halda mér við staðreyndir og rifja upp það helzta, sem gerzt hefur í tíð núv. hæstv. ríkisstj.

Í fyrsta sinn í meira en áratug hefur einn stærsti bölvaldur þjóðfélagsins, atvinnuleysið, sig frammi og tekur nú að þjarma að verkalýð landsins. Hinn 1. febr. s. l. voru skrásettir atvinnuleysingjar í 6 kaupstöðum og 5 kauptúnum um 1200 manns. Konur og börn á framfæri þeirra voru yfir 2100. Tala þeirra, sem í þessum 11 sveitarfélögum búa við stórfellt atvinnuleysi og afleiðingar þess, er því yfir 3300 manns, og voru þó þeir einir taldir, sem gáfu sig fram til skráningar, en allir vita, að mjög mikið vantar á, að þar komi öll kurl til grafar. Og í öllum hinum kaupstöðum og kauptúnum landsins er einnig meira og minna tilfinnanlegt atvinnuleysi. Margar þúsundir manna og kvenna búa nú þegar við atvinnuleysi, litlar, minnkandi eða engar tekjur, samtímis því sem verð á nauðsynjum fer stórhækkandi með hverjum deginum, sem líður. Þannig er atvinnumálum okkar nú komið, og með þessu er þó sagan ekki öll. Það er þess vegna auðskiljanlegt, hvers vegna hæstv. ríkisstj. leggur svo mikið kapp á að leggja niður vinnumiðlunarskrifstofurnar. Þetta eru óþægilegar tölur fyrir hæstv. ríkisstj. og ömurlegar staðreyndir, en harður og óvefengjanlegur dómur um afrek hennar. En jafnframt því, sem þetta gerist, gerist einnig það, að þeir, sem enn hafa atvinnu, fá kaup sitt lækkað með hverjum mánuðinum, sem líður. Vísitala desembermánaðar var 123 stig, og við hana er kaupið nú miðað. Febrúarvísitalan er 130 stig, og hefur kaupið því lækkað frá því í janúar sem svarar 7 stigum. Vísitala marzmánaðar verður sennilega 135 stig, og mun kaup þá lækka sem svarar þeirri hækkun á vísitölunni. Allt bendir nú til þess, að vísitalan komist upp í 150 stig, þegar kemur fram á júnímánuð, en það þýðir, að kaupgjald hafi lækkað um ⅙ til ⅕ hluta frá því í desember s. l., ef hæstv. ríkisstj. lánast — með tilstyrk atvinnuleysisins — að hindra, að full vísitöluuppbót verði greidd.

Þetta tvennt, sem ég hef nú nefnt, atvinnuleysið og stöðug áframhaldandi lækkun á kaupi þeirra, sem enn hafa vinnu, er engin tilviljun. Þetta er bein afleiðing þess, að nú fer hrein íhaldsstjórn með völd, — stjórn, sem lítur svo á, að það séu fjármunirnir, en ekki fólkið, sem taka beri tillit til. Það eru þeir, sem fjármagninu ráða, en ekki hið vinnandi fólk, sem móta stefnu hæstv. ríkisstj. Það er arðsvonin, en ekki atvinnan, sem er leiðarljós hennar.

Hæstv. ríkisstj. taldi, að í gengislækkuninni fælist varanleg frambúðarlausn á vandamálum bátaútvegsins, en sú lausn hefur algerlega brugðizt. Atvinnuleysi magnast óðum, samtímis því sem kaup lækkar, og erfiðleikar bátaútvegsins hafa aldrei verið eins miklir og nú, en eins og kunnugt er, hefur vélbátaflotinn legið aðgerðalaus í nær tvo mánuði og beðið eftir úrlausn, sem reynist svo engin lausn. Ef tilkostnaður útgerðarinnar hefur hækkað meira vegna gengislækkunarinnar en útfluttar vörur hafa hækkað vegna hennar, þá veldur gengislækkunin útgerðinni beinlínis tapi, en það er einmitt þetta, sem gerzt hefur, og þess vegna er eðlilegt, að erfiðleikarnir hafa vaxið. Fiskverð hefur ekki hækkað, heldur lækkað, og allur útgerðarkostnaður hefur stóraukizt. — Áhrif gengislækkunarinnar á þjóðarbúskapinn eru líka komin í ljós. Þar verður niðurstaðan sú sama. Greiðsluhallinn á viðskiptunum við útlönd varð yfir 120 millj. kr. á s. l. ári, eða það sem vantaði á, að andvirði útfluttra afurða hrykki fyrir því, sem inn í landið var flutt. Þessi atriði eru prófsteinninn á gengislækkunina, og niðurstaðan hefur orðið sú, sem ég hef nú lýst. — Stjórnin hefur líka viðurkennt þetta í verki. Dagblaðið Vísir sagði nýlega: „Þjóðin vill ekki sætta sig við frekari gengislækkanir.“ Þjóðin hefur séð það, eins og ríkisstj., að þetta svo kallaða bjargráð hefur brugðizt. Þess vegna þorir hæstv. ríkisstj. ekki að halda áfram með þetta fyrra bjargráð, þ. e. a. s. ekki opinberlega. Það á að fela nýja gengislækkun, nefna hana öðru, fallegra nafni, og þetta nafn er „frjáls verzlun“! Það er verzlunin, sem á að bæta öll mein, — frjáls innflutningsverzlun, án skömmtunar, verðlagseftirlits eða gjaldeyristakmarkana er lækningin. Hún á að bjarga bátaútveginum, úr því að gengislækkunin brást. Vandinn er auðleystur. Hann er ekki annar en sá að gera útvegsmennina að kaupmönnum, láta þá fara að verzla í viðbót

við alla hina kaupmennina, því að þá eiga þeir að geta grætt nóg til þess að greiða hallann, sem verður á útgerð bátanna, og þá telur hæstv. ríkisstj., að allt sé í stakasta lagi. En verður það svo í reyndinni? Er þetta ekki sýndargróði fyrir útgerðarmenn, og verður framtíðarlausn sjávarútvegsins tryggð með þessu? Hæstv. ríkisstj. játar það að vísu, að það sé alls ekki gert ráð fyrir því, að allir útvegsmenn geti farið að verzla með vörur; til þess skorti flesta þeirra bæði fé, bankalán og aðrar aðstæður. En útgerðarmenn eiga samt að geta verzlað, ekki með vörur, heldur með gjaldeyrisskírteini, þ. e. loforð bankanna um gjaldeyri.

Það er sem sé ljóst orðið af umr., að það er alls ekki tilætlunin, þrátt fyrir öll fögru orðin, að verzlunin eigi að verða frjáls og haftalaus. Þvert á móti. Tilteknar vörur fyrir allt að 100 millj. kr. á að reyra í ný höft, nýja einokun og setja á sérstakan svartan lista. Þær vörur má enginn kaupa eða flytja inn nema sá, sem hefur B-listagjaldeyri. Hin „frjálsa verzlun" verður þannig í framkvæmd, að innflutningnum til landsins verður skipt á lista.

A-listavörur eru allar helztu nauðsynjavörur, matvæli, útgerðarvörur o. þ. h. Þær á að borga með yfirdráttarláni og Marshallframlögum, og innflutningur á þeim á að vera frjáls meðan lánin og Marshallféð endist. Þessar vörur hafa þó fram til þessa fengizt viðstöðulítið, og því verður hér lítil breyting á hvað þær snertir. En hvað tekur við, þegar gjafaféð þrýtur? Engar till. í þá átt hafa komið frá hæstv. ríkisstj. Þetta er því sannkölluð glæfrapólitík og minnir á ummæli, sem höfð eru eftir Lúðvík XVI.: „Það lafir, á meðan ég lifi"!

B-listavörurnar eru hinar svokölluðu „æskilegu vörur", eins og sápur, hreinlætisvörur, rafmagnshlutir og rafmagnstæki, bifreiðahlutir o. fl. Enginn má kaupa þessar vörur eða flytja inn, sem ekki hefur útvegsmannagjaldeyri, en þessar vörur má selja án nokkurra afskipta verðlagsyfirvaldanna við hæsta fáanlegu verði. Þessi listi er almennt kallaður B-listi — Black list, þ. e. svarti listinn, en gárungarnir kenna hann við kosningalista Framsfl., sem jafnan er „Black", og kalla hann Framsóknarlistann!

Þá eru eftir fjölmargar vörur, sem áfram verða látnar sæta sömu meðferð og undanfarið, þar á meðal byggingarefni, svo sem sement, járn og timbur. Fyrir þessum vörum þarf innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Þar gilda sömu höftin áfram og sama skriffinnskan. Það, sem gerist, er því í stuttu máli þetta: Um ⅙—⅓ hluta af andvirði útflutningsafurða okkar, allt að 100 millj. kr., á að nota til þess að kaupa fyrir vörur til landsins, sem ríkisstj. telur ekki nauðsynlegar vörur. En svo á að fá gjafa- eða Marshallframlög og yfirdráttarlán til þess að flytja inn nauðsynjavörurnar fyrir, matvæli og þess háttar. Síðan á að græða svo mikið á B-listavörunum, að það nægi til þess að standa undir halla útgerðarinnar og halda henni gangandi, en til þess er talið að þurfi a. m. k. um 50—60 millj. kr. Það er þó mjög ólíklegt, að útvegsmenn fái nema nokkurn hluta af þessum gróða, því að heildsalarnir, sem greiðsluskírteinin kaupa, munu áreiðanlega telja sig þurfa allríflega áhættuþóknun auk venjulegrar álagningar. En eitt er víst, og það er, að ætlun ríkisstj. er sú, að þessar vörur hækki stórkostlega. Hitt er vandséð, hverjir geta keypt, ef ríkisstj. tekst að lækka kaup alþýðunnar í landinu með hverjum mánuðinum sem líður. Þessi lausn hæstv. ríkisstj. er því engin lækning á erfiðleikum bátaútvegsins. Þetta er ekki frekari lækning en þegar hómópatarnir gömlu gáfu sjúklingum meðalaglös, merkt A, B og C, sem öll voru með sama innihaldinu. Munurinn á þessu og lækningaraðferðum hæstv. ríkisstj. er aðeins sá, að meðul hómópatanna eða skottulæknanna voru meinlaus, en hið sama er því miður ekki hægt að segja um þessar aðferðir hæstv. ríkisstjórnar.

Verzlunarfyrirkomulagið er þegar of dýrt; um það eru allir sammála. Hlutur milliliða er þegar allt of stór og vex stórkostlega við þessar aðgerðir. Þetta er okkar höfuðmein, og það, sem verður því að gera, er að draga úr milliliðagróðanum. Og það fyrirkomulag, sem hæstv. ríkisstj. býður upp á, er heldur ekki frjáls verzlun. Og svokölluð frjáls verzlun einstaklinga er ekkert markmið út af fyrir sig. Örugg atvinna og blómleg framleiðslustarfsemi er það markmið, sem okkur ber að stefna að. Verzlunin á að þjóna því markmiði. Hún á að afla sem ódýrastra vara til neyzlu og framleiðslu og dreifa þeim með sem minnstum kostnaði. Útflutningsafurðirnar á að selja fyrir hæsta fáanlegt verð og skila andvirðinu í hendur þeirra, sem hafa aflað verðmætanna. En verzlunin verður enn dýrari en hún hefur verið við þessar breytingar, sem nú verða gerðar.

Þá vil ég víkja að þeim meginrökum, sem hæstv. ríkisstj. hefur fært fram í sambandi við þetta síðasta „bjargráð" sitt. Hún heldur því sem sé fram, að greiðsla vísitöluuppbótar, sem hæstv. fjmrh. (EystJ) — auðvitað ranglega — kallar hækkað kaup, sé þjóðinni til tjóns og bölvunar, en þó einkum og sér í lagi verkalýðnum og launastéttunum, sem uppbæturnar eiga að fá, því að af tekjuaukningu leiði aukna eftirspurn eftir vörum, sem aftur leiði til verðhækkana, kauphækkana og atvinnuleysis. Þetta er kenning hæstv. ríkisstj. Ég vil nú fyrst leiða athygli hæstv. fjmrh. að því, að hér er alls ekki verið að ræða um hækkun launa, heldur hitt, að koma í veg fyrir, að laun almennings lækki vegna verðlagshækkana. Mér er vel ljóst, að því eru takmörk sett, hve mikið verkalýðurinn geti bætt hag sinn með einhliða launahækkunum, enda kýs hann aðrar leiðir, sem sé lækkun dýrtíðarinnar. Hitt er fjarri öllum sanni, að eigna- og tekjuskipting landsmanna sé nú slík, að sú leið sé lokuð. Og meðan þúsundir manna — umfram nauðsyn — starfa að alls konar milliliðastarfsemi og sumir hverjir skammta sér sjálfir tekjur, eiga slík rök ekki rétt á sér. En setjum nú svo, að þessi kenning hæstv. fjmrh. væri rétt. Hvað er þá um tekjur annarra stétta þjóðfélagsins, ef það er rétt, að það sé verkalýðnum til tjóns og bölvunar, að tekjur hans hækki að krónutölu? Hvað er þá um tekjur bóndans? Gilda ekki sömu rökin um tekjur hans? Hæstv. fjmrh. hefur unnið mjög ötullega að því að hækka verð á afurðum bænda, sem seldar eru innanlands, og þar með tekjur framleiðenda. Þannig hefur hann aukið kaupgetu bænda og aukið þeirra eftirspurn eftir vörum. Og verður þetta ekki bændum þá líka til bölvunar og tjóns eftir kenningu hæstv. fjmrh.? Og hvað er um

tekjuaukningu milliliðanna, sem nú eiga að stóraukast? Verður tekjuaukning ekki hreinasta hermdargjöf fyrir þessa ástvini hæstv. fjmrh.? Og hvaða vit er í því að veita á fjárl. 30 millj. kr. til bænda sem peningaframlög? Verður ekki þessi tekjuaukning bændanna þeim til hins mesta ógagns? Eða gildir þessi regla um bölvun tekjuaukningarinnar aðeins fyrir verkafólkið í kaupstöðum landsins, og gilda aðrar hagfræðireglur um tekjur annarra stétta og eyðslu þeirra? Nei, sannleikurinn er sá, að þessi kenning hæstv. fjmrh. er ekki rétt, og það veit hann. Honum er það vissulega ljóst, að hér er um það deilt, hvernig tekjur þjóðarinnar í heild eigi að skiptast milli atvinnustéttanna, en hann lítur aðeins á þörf þeirra, sem hann telur sig forsvarsmann fyrir, þótt það verði til að þrengja hag annarra stétta þjóðfélagsins. Sannleikurinn er líka sá, að velmegun og efnahagslegt öryggi bænda byggist fyrst og fremst á kaupgetu fólksins í kaupstöðum og kauptúnum. Þess vegna hefur það, frá því að ég fór fyrst að hafa afskipti af landsmálum, verið von mín, að með flokki bænda og flokki verkamanna mætti takast og haldast samvinna. Ég átti minn þátt í, að slík samvinna tókst um nokkurt skeið. Framsfl. átti höfuðsök á, að sú samvinna rofnaði. Síðan hefur Framsfl. stöðugt færzt í íhaldsátt — og aldrei hraðar en nú, síðan hann tók upp fullkomið samstarf við íhaldsflokkinn til þess að skerða hag verkalýðsins og launastéttanna í landinu. Nú er svo komið, að sú ríkisstj., sem fer með völd og nýtur forsætis framsóknarmanns, er sama sinnis með sína stefnu og íhaldsstj., sem varð að láta af völdum fyrir 25 árum. Afstaða hennar til verkalýðs- og félagsmála er nákvæmlega hin sama og íhaldsstj. árið 1927. Hún virðist helzt hafa hug á að koma á svipuðu ástandi í þessum málum og þá var. En þetta tekst ekki. Í lýðfrjálsu landi er ekki hægt að kippa þróuninni 25 ár aftur á bak. Alþýða landsins lætur slíkt ekki viðgangast. Hún mun efla sinn flokk, Alþfl., og verkalýðssamtökin, svo að tilraunir hæstv. ríkisstj. til þess til frambúðar að hnekkja kjörum hennar og þroska mistakast. Það er hennar hlutverk í dægurbaráttu stjórnmálanna. — Góða nótt.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Ég vil hér fyrst taka það fram út af ræðu hv. 4. þm. Reykv. (HG), að hann fór mjög villur vegar, þar sem hann hélt því fram, að við ráðh. Framsfl. í ríkisstj. hefðum unnið sérstaklega að því að ákveða verðlag landbúnaðarafurða og það væri óeðlilega hátt í samanburði við kaupgjald. Hv. þm. veit vel, að verðlag landbúnaðarafurða er ákveðið eftir ákvæðum l. um þessi efni, með samráði við hagstofustjóra, og ég veit ekki annað en að flokksmenn hv. 4. þm. Reykv. hafi unnið í þeirri n., sem hefur þessi mál með höndum, og ekki gert þar neinn ágreining nema um smáatriði. Hann hlýtur því að vita, að hann fór þarna með tómar blekkingar.

Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) kom hér fram með merkilegar upplýsingar, þar sem hann hélt því fram, að Marshallaðstoðin væri eingöngu að þakka kommúnistum, því að hún væri aðeins veitt til þess að berjast gegn þeim. Sé þetta rétt, má segja, að nokkuð gott megi af þeim hljóta, jafnvel þótt illir séu. — Þá áfelldist hv. 2. þm. Reykv. ríkisstj. mjög fyrir að hafa ekki náð samkomulagi við Austur-Þýzkaland samkvæmt tilboði hans um vöruskiptasamninga. Til þess að sýna sannleiksást hv. þm. vil ég taka þetta fram um sögu þessa máls. Tilboð Einars Olgeirssonar og viðtal við hann birtist í Þjóðviljanum 12. sept. 1950. Nokkru síðar lagði ríkisstj. til við Verzlunarráð Íslands og Samband íslenzkra samvinnufélaga, að þau tilnefndu menn til þess að fara ásamt fulltrúa eða fulltrúum frá útflytjendum til Austur-Þýzkalands til þess að reyna að athuga til hlítar, hvort möguleikar væru á viðskiptum milli Íslands og Austur-Þýzkalands.

Er þessir aðilar höfðu athugað málið, tilkynntu þeir, að þeir óskuðu þess, að fulltrúar þeirra í Póllandsnefndinni færu í ferð þessa, þegar þeir gætu losnað frá Póllandi. En þaðan gátu þeir ekki komizt fyrr en svo seint, að þeir komu eigi til Berlínar fyrr en 12. des. Fyrir útflytjendur var í ferð þessari dr. Magnús Z. Sigurðsson, er hafði verið hér heima rétt áður og átt viðtöl um mál þetta við ýmsa fulltrúa útflutningsins og einnig við ríkisstj.

Þessir menn voru í Berlín til 18. des., en gátu ekki fengið nein endanleg svör hjá viðkomandi aðilum þar, áður en þeir fóru. Var þeim lofað, að svör eða till. yrðu sendar til dr. Magnúsar Z. Sigurðssonar til Prag fljótlega. En þrátt fyrir símskeyti, bréf og símtöl dr. Magnúsar til viðkomandi aðila í Austur-Berlín hefur enn ekki tekizt að fá nein svör, þrátt fyrir margs konar ítrekanir. — Þannig er allur málflutningur kommúnista blekkingar einar, bundnar við það eitt að þjóna þeim mikla föður Stalin þar austur í Moskvu, en ekkert hugsað um, hvað rétt er eða satt.

Hv. 8. landsk. þm. (StJSt) átaldi ríkisstj. — og þó sérstaklega félmrh. — fyrir það, hvað ríkisstj. væri fjandsamleg almannatryggingunum og félagsmálalöggjöfinni. Honum væri hollt að minnast þess, að eins og nú er ástatt er ekki fært að auka tryggingarnar. Vitanlegt er, að bæði einstaklingar og sveitarfélög og bæjarfélög eiga fullt í fangi með að inna af höndum lögboðnar greiðslur til tryggingganna, og sum bæjarfélög eru komin í skuldir við tryggingarnar og full greiðsluþrot hvað þetta snertir. Ýmsir Alþfl.-menn á Alþ. hafa lagzt á móti því, að leidd væru í l. ákvæði, er tryggt gætu innheimtu hjá bæjarfélögunum, en vitanlega er þó höfuðnauðsyn fyrir starfsemi tryggingganna að geta innheimt sínar lögboðnu tekjur. Og hverjir eru nú meiri vinir tryggingganna? Ég segi bara: Vei yður, þér hræsnarar! — Enn fremur má minna á það, að síðan núv. ríkisstj. tók við völdum hefur hún séð um það, að tryggingarnar hafa fengið framlag sitt úr ríkissjóði skilvíslega greitt, en á því mun hafa verið allmikill misbrestur áður og meira að segja þegar form. Alþfl. var félmrh. — Önnur ummæli hv. 8. landsk. þm. varðandi árásir á félagsmálalöggjöfina voru jafnómerk — aðeins örökstuddar fullyrðingar, sem enginn fótur er fyrir.

Hv. 6. landsk. þm. (HV) talaði hér í ræðu sinni í fyrradag um ýmis atriði, sem ég hafði ætlað mér að minnast á, en get þó ekki gert tímans vegna nema að litlu leyti. M. a. gerði hv. þm. að umtalsefni kostnaðinn við utanríkisþjónustuna. Framsfl. hefur á undanförnum þingum borið fram frv. um fækkun sendiherra í því skyni að draga úr þessum kostnaði. En þau frv. hafa ekki náð fram

að ganga, vegna þess að flokkur hv. 6. landsk. þm., Alþfl., hefur ásamt Sjálfstfl. beitt sér gegn þeim og fellt þau.

Þessum almennu stjórnmálaumr. hér í útvarpinu er nú að ljúka. Það eru útvarpshlustendur, þjóðin sjálf, sem dæmir þann málflutning, sem um hönd hefur verið hafður þessi tvö kvöld.

Stjórnarandstæðingar hófu þessar umr. með gemsi miklu og órökstuddum árásum og fúkyrðum á ríkisstj. Mátti ekki í milli sjá, hvorir fóru með meiri blekkingar og órökstuddar fullyrðingar, ræðumenn Alþfl. eða kommúnistafl. Þó mun hv. 6. landsk. þm. (HV) hafa slegið met í því kapphlaupi, sem fulltrúar þessara tveggja flokka í framsöguræðum sínum viðhöfðu um gönuhlaup í málflutningi sínum og að forðast að ræða málin með rökum, heldur viðhafa stóryrði ein og blekkingavaðal. Hv. 6. landsk. þm. hafði háværar hótanir í frammi, þóttist ráða fyrir öllum verkalýð landsins og skipaði honum, eins og hann væri einræðisherra, fyrir verkum. Hv. þm. hefur áreiðanlega fundizt, þegar hann viðhafði mest gífuryrði, að hann væri dálítill Stalin eða Hitler, sem hefði líf allra þegna sinna í hendi sér og þyrfti ekki að segja annað en: „Verði minn vilji.“ En hv. 6. landsk. þm. mun reka sig á það, hafi hann ekki áttað sig á því áður, að íslenzkir verkamenn eru engir sauðir, sem láta hugsunarlaust siga sér í verkföll, heldur hugsandi, sjálfstæðir menn, sem sjálfir taka sínar ákvarðanir að gerhugsuðu máli.

Útvarpsumr. þessar hafa því snúizt þannig við í höndum stjórnarandstæðinga, að sú sókn, sem þeir hófu á ríkisstj. og stuðningsflokka hennar, hefur snúizt svo við, að í síðari hluta umr. hefur verið um vörn eina að ræða af þeirra hálfu. Skal það rökstutt með örfáum orðum:

1. Hv. stjórnarandstæðingar hafa algerlega gefizt upp við að benda á nokkra færa leið til viðréttingar útflutningsatvinnuvegum þjóðarinnar, ef ekki hefði verið gerð sú breyting á skráðu gengi hinnar íslenzku krónu, sem fyrir ári síðan var framkvæmd með gengisskráningarlögunum. Hinar máttlausu tilraunir hv. 3. landsk. þm. (GÞG), að í stað gengisfellingarinnar hefði átt að taka áframhaldandi ábyrgð á verði útflutningsframleiðslunnar og leggja á stórkostlega nýja skatta og tolla til þess að greiða uppbætur, — upphæðir, er numið hefðu hundruðum milljóna króna, — hafa algerlega mistekizt, enda auðheyrt, að hv. þm. trúir ekki á þann málstað, enda allt of glöggur og fróður til þess að láta þannig blekkjast.

2. Í framhaldi af þessu og sem afleiðing þeirra ráðstafana, er hér hafa verið nefndar, er svo það, að gjaldeyrisástand bankanna gagnvart útlöndum hefur batnað síðustu mánuðina og greiðslujöfnuður hefur náðst á ríkisreikningnum árið 1950 — og raunverulega verið greitt nokkuð niður af skuldum ríkissjóðs. Stjórnarandstæðingar vilja naumast viðurkenna þessar staðreyndir og virðast lítt gleðjast yfir þeim.

3. Þá hefur það komið fram í þessum umr., að leið sú, er ríkisstj. hefur valið til aðstoðar rekstri vélbátaflotans á vertíðinni nú, er bæði hentug og líkleg til þess að ná þeim árangri, sem til er ætlazt, en það er, að útgerðarmenn og hlutarsjómenn fái sæmilegt verð fyrir aflann. Eins og margbúið er að taka fram, er svo til ætlazt, að gjaldeyrishlunnindi þau, sem bátaútvegurinn fær, verði aðeins veitt þetta ár. Sérstaklega var sjálfsagt að velja þessa aðferð fram yfir ábyrgðar- og uppbótarleiðina gömlu, þar sem tryggt er jafnhliða, að hægt er að stórauka innflutning af flestum helztu nauðsynjavörum og það svo, að takast megi að safna verulegum vörubirgðum, en það er eina vörn gegn því að fyrirbyggja okur og svartamarkaðsbrask.

4. Atriði, sem greinilega hefur komið fram í þessum umræðum, er það geip stjórnarandstæðinga, að allar ráðstafanir ríkisstj. þetta s. l. ár hefðu valdið og stefndu til vaxandi atvinnuleysis. Þetta hefur svo algerlega snúizt við í þessum umræðum, að nú má öllum vera ljóst, að ef aðgerðarleysi það og hræðsla, sem komið hefur fram í öllu skrafi hv. ræðumanna Alþfl., hefði fengið að ráða, — þ. e., siglt hefði verið áfram uppbóta- og ábyrgðarleiðina varðandi erfiðleika bátaútvegsins, — þá væri komið hér miklu geigvænlegra atvinnuleysi en nú er. Einmitt ráðstafanir ríkisstj., gengisfelling fyrir því nær ári og þær ráðstafanir, sem nú er verið að framkvæma, hafa unnið gegn atvinnuleysinu. Það er úrræðaleysi stjórnarandstæðinga og ótti við að ráðast gegn erfiðleikunum, sem veldur þessari algerlega neikvæðu afstöðu þeirra og gerir það að verkum, að fólk tekur lítið mark á rausi þeirra. — Svo álíta þessir menn, að það eitt nægi að heimta kaup greitt samkvæmt mánaðarlegri vísitölu, þótt allir hugsandi menn viti, að slíkt er stórhættulegt fyrir allt atvinnu- og fjármálalíf þjóðarinnar og leiðir beint til aukins atvinnuleysis og kæmi skjótt fram sem færri vinnustundir, þótt einhver kauphækkun fengist.

Þessi atriði, sem hér hafa verið nefnd, virðast mér einkenna þessar útvarpsumræður mest, en margt fleira mætti til tína, ef tími leyfði. Ársir stjórnarandstæðinga hafa verið marghraktar og þeir gefizt algerlega upp við að benda á neinar færar leiðir, aðrar en þær, sem farnar voru.

Hitt skal svo viðurkennt, að margháttaðir erfiðleikar blasa við fram undan. Það var ekki blómlegt um að litast, þegar núv. ríkisstj. tók við fyrir tæpu ári. Hrynjandi atvinnuvegir, sem voru að stöðvast, févana og hálfgjaldþrota ríkissjóður. Þótt nokkuð hafi lagazt á þessu ári, þá er þó engum eins ljóst og ríkisstj., hve erfitt og vandasamt verk er fram undan. Þess vegna vill hún athuga allar skynsamlegar tillögur, sem fram koma og til viðréttingar gætu orðið, hvaðan sem þær koma. Hitt hefur svo vakið furðu mína, hve lítið hefur örlað á slíkum nýjum tillögum frá stjórnarandstæðingum. Það getur naumast af öðru stafað en því, að ekki sé auðvelt að benda á önnur úrræði til umbóta en tekin hafa verið.

Stjórnarandstaðan hér á Alþingi hefur, svo sem venjulegt er, komið fram sem ákærandi. Þótt málsókn hennar hafi léttvæg verið, hefur það alls ekki stafað af viljaleysi, það munuð þið hafa heyrt. Óhætt mun ykkur, hlustendur, að treysta því, að hún hefur ekkert undan dregið af því, er hún hafði yfir að ráða. Hún hefur lýst óánægju í ýmsum efnum. En hver er að fullu ánægður? Hver vildi ekki t. d., að þjóðin hefði ekki þurft á stuðningi annarra þjóða að halda?

En ef stjórnarandstaðan hefur ekki fram að leggja tillögur til þess að bæta úr því, sem er

óánægjuefni, þá eru aðfinnslur hennar aðeins viðurkenning á því, að gert hefur verið það, sem eftir atvikum hefur verið hægt að gera.

Ég er síðastur ræðumanna hér í kvöld og mun nú senn láta máli mínu lokið. En um leið og ég lýk máli mínu, leyfi ég mér að skora á alla útvarpshlustendur að sleppa öllum flokkslegum hleypidómum, en vega og meta sem góðir, þjóðhollir Íslendingar rök þau, er fram hafa verið lögð í þessum umræðum. Gerið ykkur rökstutt álit um vandamál þau, sem þjóð okkar hefur að höndum borið síðustu ár, og dæmið sem hlutlausir dómarar eiga að gera. Ríkisstj. kviðir ekki dómi slíkra dómenda.

Ég vil svo í nafni allra þeirra, er tekið hafa þátt í þessum útvarpsumræðum, þakka þeim, er hlýtt hafa, og þótt margt hafi á milli borið, þá veit ég, að fyrir hönd okkar allra get ég sagt: Hamingjan veri með íslenzku þjóðinni.

II. Vandamál bátaútvegsins.

Á 46. fundi í Sþ., 26. febr., var tekin til meðferðar:

Skýrsla ríkisstj. um vandamál bátaútvegsins.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt, hafa staðið yfir viðræður frá því í októbermánuði s. l. milli umboðsmanna ríkisstj. annars vegar og umboðsmanna útvegsins hins vegar, varðandi úrræði til þess að leysa þann vanda, sem að útveginum hefur steðjað vegna þess, að frá því að gengislögin voru sett í marzmánuði s. l. hefur verðlag á aðkeyptum nauðsynjum útvegsins stórhækkað á erlendum markaði, en fiskverðið hefur hins vegar ekki hækkað á árinu 1950, heldur lækkað.

Það yrði of langt mál að rekja hér sögu þessara löngu samningaumleitana eða þeirra rannsókna á hag og afkomu útvegsins, sem framkvæmdar hafa verið af ríkisstj. hálfu, enda þykir nægilegt að skýra frá því, að 24. jan. s. l. skrifaði ríkisstj. LÍÚ bréf, þar sem m. a. segir, að í því skyni og að því tilskildu, að takast megi að skapa það verðlag á afurðum bátaflotans, að eigendur hans telji sér fært að hefja útgerðina tafarlaust, sé ríkisstj. reiðubúin til þess að veita bátaútveginum sérréttindi í sambandi við innflutning á nokkrum vörutegundum. Skyldu þessi fríðindi ná til vöru, sem keypt yrði fyrir hálft andvirði framleiðsluvöru bátaflotans að undanskildu þorskalýsi, síld og síldarafurðum.

Ríkisstj. tók það fram, að þessi fyrirheit væru því háð, að stj. tækist að fá til umráða nægjanlegan erlendan gjaldeyri, til þess að auðið yrði að auka til verulegra muna innflutning til landsins á mörgum öðrum vörum. Hafði stj. þá fyrst og fremst í huga nauðsynjar almennings og þar á meðal ýmsar þær vörur, sem skortur hefur verið á að undanförnu. Ætlaðist stj. til, að innflutningur þessara vörutegunda gæti orðið það mikill og frjáls, að hægt yrði að fullnægja eftirspurninni og einnig að safna nokkrum birgðum af þeim.

Loks hét stj. því, að ef ekki reyndist auðið að leysa vandamál bátaútvegsins með þessum hætti, mundi hún beita sér fyrir annarri lausn málsins.

Landssambandið brást mjög vel við þessu bréfi og skoraði á meðlimi sína að hefja tafarlaust veiðar. Gerðu menn það yfirleitt, aðrir en þeir, sem áttu í kaupdeilu, en þeir voru, sem kunnugt er, allmargir. Má því segja, að enga verulega stöðvun á rekstri bátanna hafi leitt af leit að úrræðum í þessu mikla vandamáli.

Eins og áður greinir, var það frumskilyrði þess, að ríkisstj. teldi sér fært að hníga að þeim ráðstöfunum bátaútveginum til framdráttar, sem um ræðir í nefndu bréfi, að henni tækist að tryggja nægilegt fé til stóraukins innflutnings á nauðsynjavörum til landsins. Hafa gengið miklar sagnir og mjög ýktar og villandi um, að ríkisstj. hefði í huga að taka stórlán erlendis, jafnvel 200—300 millj. kr. Hefur það og verið óspart látið í veðri vaka, að fyrir stj. vekti helzt að auka sem mest innflutning á óþarfri vöru. Allt er þetta mikill misskilningur. Hið sanna í málinu er þetta:

Aðstaða íslenzkra banka erlendis hefur batnað síðasta hálfa árið. Er þessi batnandi aðstaða út á við í samræmi við vonir þeirra manna, sem stóðu að gengisfellingunni og stefnu ríkisstj. í fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar. — Þessa bættu aðstöðu Íslands erlendis taldi ríkisstj. og ráðunautar hennar þó hvergi nærri traustan grundvöll undir stórvægilegri aukningu innflutnings á nauðsynjavörum, og var þess vegna álitið óhjákvæmilegt að leita annarra úrræða til frekara öryggis. Ríkisstj. sneri sér í því sambandi til ECA-stofnunarinnar í Washington og óskaði aðstoðar hennar í málinu. Niðurstaða þeirrar málaleitunar liggur nú fyrir þannig, að tekizt hefur að fá loforð um stóraukið beint framlag af Marshallfé á þessu ári. Enn fremur hefur ríkisstj. fengið vilyrði Bandaríkjanna um aukið framlag í Evrópugjaldeyri, sem greiðslubandalag Evrópu mundi þá inna af hendi. Loks hefur svo Ísland, svo sem kunnugt er, rétt til yfirdráttar hjá greiðslubandalagi Evrópu, sem hægt væri að notfæra sér, ef ríkisstj. telur það nauðsynlegt og ráðlegt. Fær Ísland þannig til umráða mikinn erlendan gjaldeyri því til tryggingar, að hægt verði að auka til verulegra muna vöruinnflutning til landsins. Er þá tryggður sá kjarni málsins, að stóraukinn verður innflutningur nauðsynja til landsins með auknu verzlunarfrelsi öllum almenningi til verulegra hagsbóta, þótt enn sé ekki fastákveðin endanleg skipun þessara mála.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því, að megintilgangur Marshallhjálparinnar er sá að skapa þeim þjóðum, sem hennar njóta, skilyrði til sjálfsbjargar með því fyrst og fremst að gera þeim kleift að efla atvinnurekstur sinn og koma honum á heilbrigðan grundvöll til þess þannig að bæta afkomuskilyrði almennings. Hins vegar er ekki ætlað, að bein fjárframlög verði varanleg. Verður því að viðurkenna, að þessi framlög, þótt góð séu og af góðhug í té látin, munu reynast Íslandi lítils virði, ef þjóðin kann ekki fótum sínum forráð, en lætur glepja sér sýn og ginnast inn á háskabraut kaupstyrjaldar,

sem að óbreyttum kringumstæðum hlýtur að verða almenningi til bölvunar.

Þar sem nú þannig ríkisstj. telur sig fá til umráða nægilegan erlendan gjaldeyri til fullnægingar þeim skilyrðum, sem hún í öndverðu setti fyrir því, að bátaútvegsmenn gætu öðlazt þau fríðindi, sem þeim með fyrr nefndu bréfi var heitið, hafa þeir nú, samkvæmt fyrirheiti bréfsins, öðlazt þessi fríðindi. Er bátaútveginum ætlað að hagnast á innflutningi sérstakra vörutegunda eða á sölu á innflutningsskírteinum sínum á þessum vörum. Hefur verið saminn sérstakur listi yfir þær og leitazt við að velja vörurnar þannig, að þær séu út af fyrir sig öllum æskilegar, en þó hefur verið reynt að sneiða hjá höfuðnauðsynjum almennings. Til kaupa á þessum vörum er ekki ætlazt til að varið verði öðrum gjaldeyri, að undanskildum þó sjómannagjaldeyrinum. Ríkisstj. áskilur sér samt sem áður rétt til þess að víkja frá því ákvæði, ef hún telur nauðsynlegt vegna breyttra aðstæðna. Vörur þær, sem inn verða fluttar gegn þessum skírteinum, verða ekki háðar verðlagseftirliti.

Þessu samkomulagi við útvegsmenn er ætlað að ná til framleiðslu ársins 1951. Hefur ríkisstj. engin fyrirheit gefið um, að það verði framlengt. Þvert á móti er það eindreginn ásetningur stjórnarinnar að afnema þessa skipan svo skjótt sem auðið er, og vonar fastlega, að það megi takast, þegar nefndu samningstímabili lýkur.

Rétt þykir að skýra frá því, að þessi skipan hefur verið borin undir og samþykkt af stjórn alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en eins og menn vita, eru Íslendingar aðilar að sjóðnum.

Sérfræðingar stjórnarinnar og útvegsmanna eru nú að ljúka við að semja reglur um framkvæmd þessa samkomulags, og verða þær mjög bráðlega birtar ásamt lista yfir þær vörur, sem flytja má inn samkvæmt áðurnefndum innflutningsskírteinum.

Vænti ég þess svo, að hv. alþm. geti áttað sig á þessari skipan í höfuðefnum samkvæmt því, sem nú hefur sagt verið.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Það er vafalaust vel viðeigandi að þakka hæstv. atvmrh. fyrir, að hann lætur Alþingi fylgjast með því, sem hæstv. ríkisstj. hefur á prjónunum, og gerir grein fyrir stefnu hennar í þessum málum. Þm. vita næsta lítið um þessi mál, enda hefur hæstv. ríkisstj. lítt gætt þess, að hún er þingbundin stjórn. Þess vegna vil ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessa skýrslu hans, þótt hún sé hvorki mjög ýtarleg né við leiddir í mikinn sannleika.

Það er víst ekki viðeigandi á þessari stundu, enda gefur hin stutta skýrsla ekki tilefni til þess, að fara inn á langar rökræður um það, sem hæstv. ríkisstj. hyggst fyrir til að greiða fyrir bátaútveginum. En ég get þó ekki stillt mig um að spyrja örfárra spurninga í þessu sambandi, og vil benda á í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. gat um, hvort með hefðu verið í ráðum þeir hagfræðingar, sem undirbjuggu lögin um gengislækkunina og skiluðu ýtarlegri grg. með því frv., — þeir Benjamín Eiríksson og Ólafur Björnsson. En því spyr ég að þessu, að mér finnst viss kafli í álitsgerð þeirra benda til þess, að þeir álíti ekki ráðlegt að fara þessa stefnu ríkisstj. Á bls. 32 í gengislækkunarfrv. er einmitt kafli, sem ræðir um frjálsan gjaldeyri, eða einmitt um það, sem hæstv. atvmrh. var að skýra okkur frá og hér er um að ræða. Þar segir fyrst, með leyfi hæstv. forseta: „Slíkar undanþágur eru viðurkenning fyrir því, að erfitt er að halda haftaverzluninni á skynsamlegum grundvelli. Undanþágurnar hafa í för með sér þjóðhagslegt tjón.“ Og síðan segir: „En með því að leyfa að leggja óhóflega á innfluttu vöruna, sem borguð er með þessum gjaldeyri, þá er þessi tegund af framleiðslu stundum gerð arðbærari fyrir atvinnurekendurna heldur en framleiðsla á vörum, sem seldar eru á hærra verði erlendis.“ Og loks segir enn í þessari álitsgerð þeirra: „Þjóðin borgar brúsann með hærra vöruverði. Það er því augljóst, að því lengra sem út á þessa braut er gengið, því meiri umráð sem útgerðarmönnunum eru veitt yfir gjaldeyri, sem þannig er aflað, því óhagkvæmari verður útflutningsverzlunin og því meiri kjararýrnun þjóðarinnar.“ Og ég vek athygli á dómi þessara hagfræðinga um afleiðingarnar, ef farið er inn á þessa leið. Því að í álitsgerðinni segir enn fremur: „Með því að fara þessa leið mundi raunverulega sett tvenns konar gengi á íslenzku krónuna og þá um leið tvenns konar verðlag á innfluttar vörur.“

Ég vil minna á þessi atriði í álitsgerð hagfræðinganna, og er ég vitna í síðustu orðin, tek ég eftir, að hæstv. atvmrh. lýsti því yfir, að ríkisstj. hefði leitað til alþjóðagjaldeyrissjóðsins og fengið samþykki hans fyrir þessum ráðstöfunum. En ég skal annars ekki fara inn á fræðilega athugun á því, hvort hér sé farið inn á tvöfalt gengi eða ekki. Þó blasir það atriði við, að þetta hækkar stórlega verð þeirra vara, sem fluttar verða inn fyrir þann hluta gjaldeyrisins, sem bátaútvegsmenn fá til umráða, því að ella hefðu útvegsmenn ekkert gagn af þessum ráðstöfunum. Það er með öðrum orðum verið að leggja nýjan innflutningstoll á vörur, sem nema mun 50—60 millj. kr. á ári. Það virðist svo sem hæstv. ríkisstj. hafi ekki enn lagt nógu háa skatta á landslýðinn og telji, að enn sé nauðsyn að hækka þann skatt, sem er lagður á neytendur. Það er ástæða til að minna á það atriði, að áður var lagður á skattur til að standa undir þeim styrk, sem veittur var til að halda uppi fiskábyrgðinni, en hann var lagður á þær vörur, sem ekki var hægt að segja að væru beinar nauðsynjavörur. Þetta fyrirkomulag má að vísu alltaf gagnrýna, en með gengisbreytingarl. var þetta fellt niður. Gengisbreytingin hefur nú hins vegar ekki reynzt sú meinabót, sem dugað hefur, og þess vegna er nú farið inn á þá braut að leggja enn meiri skatta á landslýðinn. Það er nú að vísu svo, að það er erfitt að ræða við ríkisstj. um það á þessu stigi málsins, hvaða vörur muni hækka vegna þessa frjálsa gjaldeyris, því að enn kann hún að eiga eftir að gefa frekari upplýsingar um það, hvaða vörur á þar að vera um að ræða. En þó hefur heyrzt og reyndar verið tilkynnt opinberlega, að margar af þeim vörum, sem í ráði er að kaupa fyrir þann hluta gjaldeyrisins, muni ekki verða taldar bráðnauðsynlegar, ekki sízt ef þess er gætt, að kaupgeta fólksins verði ekki of mikil, þó að hins vegar margir mundu freistast til að kaupa þær, ef peningar væru fyrir hendi. Og það er víst um sumar þessar vörutegundir, að

þær eru þess eðlis, að það er fólki verulegur bagi og fjárhagslegt tjón að geta ekki veitt sér þær, og þetta fyrirkomulag, sem hér er verið að taka upp, þýðir raunar ekki annað en aukna dýrtíð, sem bitnar á alþýðu manna. Það hefur t. d. heyrzt, að tilbúinn fatnaður verði í flokki þessara vara. Það er nú vitað, að sá fatnaður, sem þannig er fluttur inn tilbúinn, er mun ódýrari en sá fatnaður, sem menn láta sauma á sig hér heima, en eftir að þetta fyrirkomulag verður komið á, má ætla, að tilbúin föt muni verða komin upp í 1500—1600 kr. Þetta eitt mun því koma mjög hart niður á almenningi. Ég hef nefnt þetta hér, af því að mér virðist auðsætt, að hér sé um marga þá vöruflokka að ræða, sem almenningur getur illa verið án, og þýðir því ekki annað en aukna dýrtíð fyrir þá í þjóðfélaginu, sem minnsta hafa kaupgetu og verst mega við auknu dýrtíðarflóði. Með öðrum orðum, þetta eykur dýrtíð fyrir þá, sem versta aðstöðu hafa í þjóðfélaginu.

Hæstv. ráðh. sagði, að þessir vöruflokkar yrðu ekki háðir verðlagseftirlitinu. Í því sambandi taldi hann heimild til að undanskilja vöruflokka, sem hann nefndi, sem nema munu ⅓ af venjulegum innflutningi, — að undanskilja þá verðlagseftirliti að óbreyttum lögum. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta sé ekki unnt og vænti þess, að ríkisstj. geri ráðstafanir til þess að fá lagaheimild til að undanþiggja þessa vöruflokka. Ég segi þetta vegna þess, að það eru uppi tilgátur um það, að ríkisstj. hugsi sér ekki að gera þetta og muni þá jafnframt gefa út brbl. um þetta efni skömmu eftir að þingi er slitið. Ef þetta er meiningin, þá vil ég hér með andmæla því harðlega, og ég tel það vægast sagt óþingræðislegt og á engan hátt nauðsynlegt, þar sem á þetta hefur verið bent nú þegar, meðan þing situr. Ef á að gera þessar ráðstafanir, þá álít ég, að það eigi að leita til þess samþykkis Alþingis, allt annað er í raun og veru óþingræðislegt, og það sæmir ekki ríkisstj. að læðast upp í stjórnarráð skömmu eftir að þingi er slitið og gefa þá út brbl. um þetta efni, sem vel er hægt að fá heimild Alþingis fyrir núna. Það getur oft verið afsakanlegt að gefa út brbl., en ef ríkisstj. er sýnt fram á það, meðan þing situr, að nauðsynlegt verði að gefa út brbl. um eitthvert efni, þá er óafsakanlegt tómlæti að sinna því ekki.

Ef það er ætlun ríkisstj. að undanskilja ýmsa vöruflokka verðlagseftirlitinu, þá verður ekki framar neinn hemill annar á verðlaginu en gjaldgeta fólksins í landinu. Það má vera, að ríkisstj. aðhyllist þá stefnu að láta þyngju launþeganna í landinu ráða verðlaginu, með öðrum orðum að láta vöruverðið vera svo hátt, að þeir, sem takmarkaða kaupgetu hafa, verði að takmarka við sig eða neita sér alveg um ýmsar lífsnauðsynlegar vörur. Það er þessi lífsspeki, sem gerir meira og meira vart við sig hjá stjórnarvöldum landsins, þetta er sú umhyggja, sem þeir bera fyrir hag þeirra stétta í þjóðfélaginu, sem eiga við erfiðust kjör að búa, þetta er barátta þeirra fyrir kjörum alþýðunnar á Íslandi.

Það er ljóst, að þegar verið er að undanþiggja ýmsar vörur verðlagseftirliti, þá er það ekki nema eftirspurnin ein, sem verðlaginu ræður á þessum vöruflokkum. Og ef það er rétt, að bátaútvegsmenn telji sig þurfa að fá 50—60 millj. meira miðað við meðalafla, þá þýðir það, að þeir verða að fá flutt inn fyrir 80—100 millj. og það verður að seljast með 50—60% álagi miðað við innkaupsverð. Með öðrum hætti eiga bátaútvegsmenn það ekki öruggt, að þeir fái það, sem þeir þurfa að fá.

Ég vildi því spyrja ríkisstj. í sambandi við afskipti hennar af þessum málum, hver afstaðan eigi að vera milli bátaútvegsmanna og frystihúsanna annars vegar og bátaútvegsmanna og fiskimanna hins vegar, hvort þessi samkomulagsgrundvöllur nægir til þess, að allir þessir aðilar fái það, sem þeir telja sig þurfa að fá. Ég spyr að þessu, af því að ég tel, að ef útgerðarmenn eiga að fá 50 millj., þá sé sanngjarnt, að sjómenn fái einhvern hluta þess, en þetta fannst mér ekki koma nógu skýrt fram í ræðu hæstv. ráðh. um þetta efni.

Annars skildist mér svo sem mörg atriði þessa máls væru enn óútkljáð og ekki að fullu gengið frá endanlegri lausn þessa máls. Og ég held, að nú, þegar þetta blessað blýantsstrik kemur hér inn í þingið, þessi allsherjarlausn á vandamálum mikils hluta þjóðarinnar, þá sé það langt frá að vera beint né leysa á nokkurn hátt úr þeim vanda, sem við er að stríða, heldur finnst mér það vera bæði hlykkjótt og sundurlaust og ég fæ ekki séð, á hvern hátt það getur á nokkurn hátt bætt það ástand, sem nú ríkir í efnahagskerfi landsmanna.

Ég ætla ekki að fara inn á það atriði, sem ráðh. upplýsti, að við mundum fá aukið fé frá greiðslubandalagi Evrópuríkjanna, en vil aðeins taka það fram, að það gleður mig, ef svo er. Og það kemur þá einnig í ljós, hver lífsnauðsyn Marshallaðstoðin er orðin Íslendingum, og tek ég undir orð ráðh. um það efni, því að án hennar er nú svo komið, að við mundum ella ekki geta flutt inn okkar lífsnauðsynjar.

Ég fagna því mjög, ef það er staðreynd, að okkur verði mögulegt að flytja inn meiri lífsnauðsynjar, og vænti þess, að þær vörur verði þá settar á frílista. En í því sambandi vil ég spyrja hæstv. ríkisstj., hvort þær vörur, sem þannig verða fluttar inn fyrir þennan gjaldeyri frá greiðslubandalaginu, verði ekki háðar verðlagseftirlitinu, því að þrátt fyrir það að mikið yrði af þeim vörum í landinu, þá tel ég óhyggilegt að afnema verðlagseftirlit með þeim og þá um leið undanskilja 70—80% af innflutningi landsmanna verðlagseftirliti. Ég held, að slíkt væri ekki skynsamlegt og mundi leiða til stórhækkaðs vöruverðs og aukinnar dýrtíðar í landinu, en því mega atvinnuvegirnir ekki við eins og nú stendur.

Það gladdi mig líka að heyra, að ríkisstj. hafði ekki hugsað sér að taka gjaldeyrislán til neyzluvöruinnflutnings. Ég hafði vonað, að það mundi verða reynt að fá aukið framlag sem ófafturkræft fé, og það er gott, að það getur orðið, og það gleður mig, og svo mun vera um alla þá, sem ekki eru forblindaðir af hatri á Marshallaðstoðinni, sem miðar að uppbyggingu Vestur-Evrópu og þá ekki sízt Íslands.

Ég held, að þessi orð verði að nægja að sinni. Ég tel það slæmt, ef þessi hækkun, sem óhjákvæmilega fylgir þessum aðgerðum ríkisstj., á að koma niður á lífsnauðsynjum fátækrar alþýðu, og ég vil að endingu undirstrika þær fyrirspurnir til ráðh., hvort ríkisstj. álíti, að hún hafi heimild til þess í lögum að undanskilja þannig ýmsar vöru-

tegundir verðlagseftirliti, og hitt, hvort hún hafi gert ráð fyrir, hvert hlutfallið verði milli hraðfrystihúsanna og útgerðarmanna annars vegar og sjómanna og útgerðarmanna hins vegar. — Ég læt svo þessi orð nægja að sinni, enda er tíminn naumur, ef ljúka á umr. um þetta fyrir hádegi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þegar ríkisstj. þóknast nú loksins að gefa þessa skýrslu, bæði seint og illa, þá vil ég gera nokkra tilraun til að afla mér frekari upplýsinga um þetta mál en komu fram í ræðu hæstv. ráðh. Það væri að vísu tilefni til að hnýta inn í það mál nokkrum aths., en tíminn mun nú varla leyfa það.

Það er í fyrsta lagi viðvíkjandi þeim álögum, sem nú er í ráði að auka á almenning. Ég vil spyrja hæstv. ríkisstj.: Álítur hún sig hafa rétt til þess að úthluta til einstakra manna leyfi til að flytja inn ákveðnar vörur? Ef ríkisstj. hefur þennan rétt, gæti hún alveg eins veitt einstökum mönnum rétt til einokunar á útfluttum sjávarafurðum. Hingað til hefur verið álitið, að það þyrfti til þess sérstaka löggjöf að heimila ákveðnum aðila þannig einokun, t. d. um tóbak og áfengi. Ef ríkisstj. álítur sig hins vegar hafa rétt til þess að heimila þannig einokun á einstökum vörum, þá gæti hún t. d. látið S. Í. S. hafa einokun á öllum innflutningi á matvælum og einhvern heildsala allan innflutning á byggingarefni. Ég vildi gjarna, að ríkisstj. segði það ákveðið, hvort hún álítur sig hafa rétt til þessa.

Viðvíkjandi þessari einokun á vörutegundunum sjálfum, þá mun það vera árangurinn af skeleggri baráttu Framsfl. fyrir rétti neytendanna til þess að kaupa vöruna, þar sem þeir sjálfir kjósa, og ég óska Framsfl. til hamingju með þennan glæsilega árangur af baráttunni.

Ég vildi svo spyrja ríkisstj., hvernig hún hugsar sér að tryggja það, að þessar auknu álögur á almenning komi útgerðinni til góða. Svo framarlega sem þetta á að koma henni til góða, verða bankarnir að lána útgerðarmönnum meira fé en þeir hafa hingað til gert. Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess? Ég veit ekki til þess, að farið sé að kaupa útflutningsframleiðsluna af útvegsmönnum, og meðan svo er, get ég ekki séð, á hvern hátt þeir standa nær, og eins og fjármálum er háttað í landinu nú get ég ekki séð, hvernig á að sjá til þess, að blátt áfram útvegsmenn fái þann aukna gjaldeyri, sem þetta fyrirkomulag á að hafa í för með sér. Hvernig á að koma í veg fyrir það, að þessi gróði lendi í höndum milliliða, þannig að minnst af þessum álögum komi útgerðarmönnum til góða, — m. ö. o., að neytendurnir greiði úr sínum vasa, til þess að einhverjir milliliðir geti makað krókinn á þeim gróða, sem á að koma til bjargar útveginum? Ef ríkisstj. hefur gert eitthvað til þess að koma í veg fyrir þessi mistök, þá væri rétt að hún upplýsti það, svo að maður sé ekki að ætla henni verra en hún á skilið. Mér sýnist, að aðalatriðið í þessari svokölluðu lausn sé að viðhalda allri verzlunareinokuninni í landinu, og ég skil ekki, að ekki sé hægt að koma útgerðinni af stað án þess að fórna öllum atvinnuvegum þjóðarinnar á altari þessarar einokunar.

Þá vil ég spyrja hæstv. ráðh. um það, hver sé sú upphæð, sem við fáum í auknu Marshallfé og EPU-framlagi, og hvort þeim auknu gjöfum fylgi nokkrar auknar skyldur. Ég tel rétt, að Alþingi fái að vita þetta, fái yfirleitt að vita, hvort verið er að svipta það ráðstöfunarrétti á fjármunum þjóðarinnar. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj. um það, hverju þessi upphæð nemur, hvort hún er 100 eða 200 millj., og á hvern hátt er ætlazt til, að við notum þetta fé. Er það meiningin, að við eigum að kaupa fyrir þetta kapítalvörur, byggingarefni, verksmiðjuvélar og fleira? Eða er það ætlun ríkisstj. að kaupa fyrir þetta neyzluvörur? Og þá vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj., hvort hún álíti, að hún geti samkv. II. kafla l. um fjárhagsráð undanþegið þessar vörur verðlagseftirliti, án þess að gefa neytendasamtökunum leyfi til að flytja þær frjálst inn. — Enn fremur leyfi ég mér að spyrja hæstv. ríkisstj., hvaða vörur eigi að vera á bátalistanum. Ég hafði búizt við, að við mundum fá hér sundurliðaðan lista yfir þær vörur. — Þá vil ég enn fremur leyfa mér að spyrja, hvort hæstv. ríkisstj. sé búin að ákveða almennan frílista og hvenær hann muni ganga í gildi og hvaða vörur muni verða á honum. Það er nú búið að láta það í ljós alllengi, að slíkur listi sé væntanlegur, og enn þá var hæstv. ríkisstj. með framsögu hæstv. atvmrh. að gefa í skyn, að von væri á slíkum lista, en það virðist ætla að dragast að sýna hann. Og ég vil nú segja það fyrir mitt leyti, að ef hæstv. ríkisstj. gefur ekki út slíkan lista nú á meðan Alþ. þetta situr, þá er ég ákaflega hræddur um, að það kunni að dragast alllengi eftir að Alþ. er farið heim. Og ég vil sérstaklega beina því til hæstv. ríkisstj. — og vona að fá svar við því nú út af þessu máli, sem hér liggur fyrir, og að hæstv. ríkisstj. muni gefa yfirlýsingu um það nú þegar, — að allar byggingarvörur væru á þessum almenna frílista. Það er satt að segja ákaflega hart, að það skuli ekki vera hægt að útkljá einmitt mál eins og þetta á Alþingi Íslendinga, að hve miklu leyti eigi að gefa íslenzkan innflutning frjálsan, og að hæstv. ríkisstj. skuli koma sér hjá að taka ákvörðun um slík mál, meðan Alþ. situr.

Ég tók eftir, að hæstv. atvmrh. lýsti, að ríkisstj. hefði átt í samningum við alþjóðagjaldeyrissjóðinn, og ég held alþjóðabankann líka og Marshallstofnunina, viðvíkjandi þessum stórauknu framlögum. Ég vil spyrja: Á hæstv. ríkisstj. í slíkum samningum við þessa aðila um það, hvaða vörur megi setja á frílista á Íslandi? Eigum við líka að þurfa að bíða eftir því mánuðum saman að fá leyfi til þess frá erlendum aðilum, hvort við Íslendingar fáum leyfi til að mega flytja ákveðnar vörur á frílista inn í okkar land fyrir okkar eigið fé? Á hæstv. ríkisstj. að fá leyfi frá alþjóðagjaldeyrissjóðnum, alþjóðabankanum eða Marshallstofnuninni til slíks? Getur hæstv. ríkisstj. ekki tekið ákvarðanir um þetta sjálf eða með aðstoð Alþ.?

Þá vil ég að síðustu leyfa mér í sambandi við þetta að bera fram þá fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvort hún hafi ekki hugsað sér að leyfa Íslendingum frjálsan útflutning á sínum vörum, og þá að mínu áliti með því skilyrði, að sett sé lágmarksverð á þessar vörur. Er ekki hugsað að lina neitt á þeirri einokun, sem er nú af hálfu hæstv. ríkisstj. á innflutningnum og að mínu áliti hefur kostað mjög mikið, bæði hindrað okkur í að fram-

leiða vörur, sem selzt hefðu vel, og einnig valdið því, að við höfum selt vörur fyrir lægra verð en hægt hefði verið að fá fyrir þær? Ef sagt er sífellt við þjóðina, að það þurfi að gera svo og svo stórar ráðstafanir, leggja svo og svo þungar álögur á þjóðina vegna útgerðarinnar, hví í ósköpunum má þá ekki þjóðin fá að reyna að bjarga sér sjálf, án þess að ríkisstj. komi þar nærri, þegar henni ferst svo óhöndulega með allt, sem hún gerir? — Ég spyr því, hvort ekki eigi að lina neitt á einokuninni í þessu efni.

Ég hafði hugsað mér, af því að ákveðinn var svo stuttur tími til þessara umr., að það væri rétt að nota hann fyrst og fremst til þess að reyna að fá upplýsingar, ef hægt væri, um þessi mál frá hæstv. ríkisstjórn. Og þess vegna hef ég nú gert minna að því að deila á hennar lausn í þessu, þó að ýmsar aths. hafi nú skotizt inn í. En mér þætti vænt um, ef hæstv. ríkisstj. gæti leyst þannig úr þessum spurningum, að við þm. stæðum nokkru betur að vígi með að hafa hugmynd um, hvað hæstv. ríkisstj. í raun og veru ætlast fyrir á þeim sviðum, sem útgerðina og verzlunina varða, frekar en fram kom í ræðu hæstv. atvmrh.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það gleður mig, að hv. form. Alþfl. lætur í ljós í aðalatriðum ánægju sína yfir því, sem við teljum meginkjarnann í okkar ráðstöfunum. Hins vegar hafði hann ýmislegt við þessar ráðstafanir að athuga, og sumt að ég hygg vegna þess, að hann hefur ekki fengið fullnægjandi upplýsingar um það, hvað er tilgangurinn að gera, og beindi hann því eðlilega nokkrum fyrirspurnum til ríkisstj. — Ég vil þá skýra hæstv. Alþ. frá því, einnig í tilefni af ræðu form. Sósfl., að ég átti ásamt hæstv. fjmrh. og að nokkru leyti hæstv. landbrh. viðtal við báða þessa hv. alþm., sem síðast töluðu, síðasta föstudag og gaf þeim þá ýmsar fyllri upplýsingar en komu fram í skýrslu þeirri, sem ég flutti fyrir hönd ríkisstj., svo að þetta er ekki í fyrsta skipti, sem þeir heyra þetta, því að um alllangan tíma hefur það verið kunnugt, að þessar ráðstafanir yrðu gerðar, þó að menn hafi ekki fyrr en síðastl. föstudag, hvað þessa tvo hv. þm. áhrærir, haft upplýsingar sjálfrar ríkisstj. um þetta mál.

Hv. form. Alþfl. spurði, hvaða sérfræðinga ríkisstj. hefði kvatt til ráðuneytis í þessu efni. Ég get glatt þennan hv. þm. með því, að þar hefur ríkisstj. haft að fulltrúa til ráðuneytis skrifstofustjórann í fjmrn., sem þessi hv. þm. kvaddi sér til aðstoðar, þegar hann skorti ráð á miðju sumri 1949, og er það maður, sem getið hefur sér ágætan orðstí fyrir sína þekkingu í þessum efnum og orðið til þess að koma mörgu góðu til leiðar í fjármálum þjóðarinnar. Hins vegar veit hv. þm. það, að ríkisstj. fer sínu fram, hvað stefnu áhrærir í þessum efnum. Það er hlutverk sérfræðinga að gefa ráð og leysa úr okkar spurningum, — og náttúrlega tekur hver skynsöm ríkisstjórn tillit til faglegra upplýsinga, — en það verður ríkisstj. sjálf, sem markar stefnuna, eftir þeim upplýsingum, sem hún ákveður, en með þeim pólitísku tillitum, sem hún vill taka tillit til. Þetta veit hv. 8. landsk. þm., form. Alþfl., að sama skapi sem hann hefur kafað, synt eða flotið í hinu grugguga vatni stjórnmálanna.

Hv. form. Alþfl. lét í ljós hryggð sína yfir því, að með þessari skipan yrði auðið að hækka mjög vöruverðið í landinu viðkomandi vissum vöruflokkum, og það gerði hv. 2. þm. Reykv. líka. Ég get svarað þeim báðum saman, hvað þetta snertir. Það er að sjálfsögðu út af fyrir sig ekki ólíklegt, að einhverja vöruverðhækkun leiði af þessum ráðstöfunum. Hins vegar, þegar menn gæta þess, að það þarf að rétta bátaútveginum hjálparhönd, þá vita menn það, að það er ekki hægt að rétta neinum vissum aðilum hjálparhönd og láta þá hafa sinn skerf, án þess að það, sem til þess þarf, komi einhvers staðar frá. Það hefur kannske rignt gulli af himnum ofan, meðan hv. 8. landsk. þm. (StJSt) var ráðh. En það gerði það a. m. k. ekki þegar Framsfl. hafði stjórnarforustu, og ég held ekki, þó að Sjálfstfl. ætti að stjórna, en ég veit ekki, hvort það hefur verið, þegar Alþfl. stýrði ríkisstjórn. En ef þeir, sem skrifa í blöð flokka þessara tveggja hv. þm., meina nokkuð með því tali, sem prýðir dálka þessara blaða daglega, sýnist þeim ekki vera ókunnugt um svartamarkaðsbrask á Íslandi. — Og ég geri mér vonir um, að ef vörur koma í nægilega ríkum mæli á markaðinn, þá verði það ekki til þess, að kaupmátturinn notist verr en ef skortur er á vörum, — síður en svo, — heldur, að því meira sem framboð verður í hlutfalli við eftirspurn, því minni verði hættan á óeðlilegri verðlagsmyndun. Og ég dreg fullkomlega í efa, hvað margar þessar vörutegundir muni hækka í verði vegna þessara ráðstafana. Og hvað gefur það í skyn? Að það hafi ekki verið á almennum markaði, sem þessar vörur hafi verið greiddar, heldur hafi þær verið seldar einmitt með svartamarkaðsbraski, sem þessir hv. þm. hafa verið að fordæma, en nú virðast vilja láta selja vörurnar þannig áfram. (**BrB:** Hvaða vörur eru það?) Það getur verið, að sumar þessar vörutegundir hækki í verði. En haldið þið, að það hefði lækkað vöruverðið, ef lagðir hefðu verið milljónatugir á þjóðina til þess að borga til útvegsmanna, með því að taka til þess ráðs að ákveða nýjar fiskábyrgðir? Og get ég djarft úr flokki talað í því efni, því að ég var einn af þeim sælu feðrum þeirra ágætu laga. Ég geri mér vonir um — og hef heyrt hv. 8. landsk. þm., form. Alþfl., viðurkenna það — að aukinn vöruinnflutningur ekki aðeins bæti úr þeim vöruskorti, sem verið hefur, heldur færi almenningi kjarabætur með minnkandi álagningu og lækkuðu vöruverði með aukinni samkeppni. Og það er ákaflega mikill misskilningur, ef hv. form. Alþfl. hefur sagt, sem ég er ekki alveg viss um, að ég hafi skilið rétt, að þessi leið, sem hér er farin, væri sama eða svipuð og fiskábyrgðarleiðin. En ég geymi annars að ræða um það.

Hv. form. Alþfl. spurði um það, hvort það væri meiningin að framkvæma þessar ráðstafanir allar án lagabreyt., og hélt í því efni sem góður lýðræðissinni mikla og skörulega ræðu um, að ríkisstj. mætti ekki bæta þeirri ásetningssynd ofan á margar fyrri breyskleikasyndir að fara nú að setja um þetta lög, þegar búið væri að senda þingið heim. Ég fullvissa þennan hv. þm. um, að hann þarf engar áhyggjur að hafa að þessu leyti. Ríkisstj. mun hlutast til um, að það verði aflað lagabreyt. um þetta á Alþ.

Þessi sami hv. þm. sagði í sambandi við áhyggj-

ur sínar um þessar ráðstafanir, að verðlag mundi mjög hækka á þessum vörum, sem verða á lista bátaútvegsmanna, og að ríkisstj. ætlaði nú að innleiða það, að hér verði enginn hemill á verði þessara vara annar en gjaldgeta almennings, eins og það væri einhver andstyggileg tilhugsun. En nú mætti minnast þess í sambandi við þetta, sem Hedtoft, hinn ágæti ráðherra jafnaðarmanna Dana, sagði, að það væri gjaldgetan, sem réði í þessu efni. Þar voru nógar vörur, sem almenningur fékk að horfa á, eins og aðra dýrð sósíalista, en gat ekki keypt. Ég segi þetta ekki til lasts okkar góða Hedtoft, vini okkar í Danmörku, heldur til þess að sýna, að oft ræður gjaldgetan þessu. En í þessu tilfelli verður það meira en gjaldgetan; það verður og kaupverðið, sem ræður. Ef viss vara t. d. kostar í dag kr. 1,50, en svo verður þessi vara, sem kostar kr. 1,50, hækkuð vegna fríðinda útvegsmanna í kr. 2,00, þá hafa verðhlutföll þarna raskazt. Við vonum, að þessi röskun verði ekki valdandi annars en að af henni leiði tilhneigingu til að spara að kaupa þessar vörur, sem hafa hækkað óeðlilega í hlutfalli við aðrar vörur. Af þessu leiðir svo aftur, að útvegsmenn í eiginhagsmunaskyni verða að kunna fótum sínum forráð og hafa fulla gát á að hafa ekki of hátt verð á þessum vörum, hvað sem verðlagseftirlitið áhrærir, svo að ég held ekki, að það sé ástæða til að hafa þessar áhyggjur.

Sami hv. þm. spurði um, hvort ríkisstj. hefði haft afskipti af innbyrðis málum þeirra aðila, sem hér koma til með að eiga hlut að máli. Í raun og veru er ekki hægt að staðhæfa það. Skilyrði ríkisstj. fyrir að vilja hníga að þessari skipan málanna voru að eðlilegum hætti sett fram, og var það gert í bréfi frá ríkisstj. 24. jan. s. l. til Landssambands íslenzkra útvegsmanna um þessi mál. Þar var sagt eitthvað á þá leið, að að því tilskildu, að takast megi að skapa það verðlag á afurðum bátaútvegsins, að eigendur hans telji sér fært að hefja útgerð, þá sé ríkisstj. tilbúin að gera vissar ráðstafanir. Þetta er meginatriðið, sem ríkisstj. tók fram, þó að hún hafi rætt nokkuð fleiri hliðar málsins.

Loks spurði svo hv. form. Alþfl. að því, hvort verðlagseftirlit á svokölluðum frílistavörum mundi gilda áfram eða ekki. Ef þessi vörufrílisti verður ekki aðeins sýnd, heldur reynd, — og það er megintilgangur ríkisstj., að hún telur sig geta lofað því, — þá hefur verðlagseftirlit á þeim vörum enga þýðingu, hvort sem heppilegt kann að reynast að afnema verðlagseftirlitið í þessu efni um skemmri eða lengri tíma, sem ég skal ekki um segja, hvort heppilegt er. Um það verða sérfræðingar okkar, bæði sérfræðingar hjá fjárhagsráði og sérfræðingar ríkisstj., að dæma, svo sem Benjamín Eiríksson og Ólafur Björnsson, sem ríkisstj. hefur haft stuðning af.

Ég hygg þá, að ég hafi svarað meginatriðunum í ræðu hv. form. Alþfl. En það gleður mig, að það, sem er kjarni þessa máls, lýsti hann sig ánægðan með.

Hv. 2. þm. Reykv., form. Sósfl., gerði nokkrar fyrirspurnir. Sumum hef ég svarað í sambandi við svörin til hv. form. Alþfl., en skal víkja að þeim, sem eftir standa. — Ég hef þegar svarað aths. hv. form. Sósfl. um það, er hann kallaði 50—60 millj. kr. álag á almenning, og þarf ekki að gera það aftur. En út af aths. hans í sambandi við verðlagið og í sambandi við sérréttindi og einokun útvegsmanna og hinn afskaplega umráðarétt útvegsmanna yfir gjaldeyri sínum spyr ég hann, því að það eru fleiri spurningabörn hér en ríkisstj.: Er það alveg misminni hjá mér, að hann hafi sjálfur stungið upp á — og miklazt af að hafa stungið upp á því, að útvegsmenn fengju umráð yfir sínum gjaldeyri? (**EOl:** Nei.) Ef þetta er ekki misminni (**EOl:** Ég stakk upp á frjálsri verzlun.), þá vil ég segja, að það er frjáls verzlun, sem við erum hér að stíga spor í áttina til með þessum ráðstöfunum. — Ég gleðst yfir, að hv. form. Alþfl. er sammála kjarna þessara ráðstafana, og samhryggist hv. form. Sósfl. fyrir að vera svona samkvæmur sjálfum sér.

Hv. form. Sósfl. spurði um það, að eðlilegum hætti, hvort ríkisstj. skildi það ekki, að hér væri mikil nauðsyn á, að bankarnir ykju útlán sín frá því, sem verið hefur, miðað við magn innflutningsins, og hvort ríkisstj. hefði gert nokkuð til að tryggja þetta. Þetta er ákaflega eðlileg spurning. Ég get ekki staðhæft, að ríkisstj. geti í dag sagt, að bankarnir hafi lofað að láni ákveðinni hundraðshlutatölu af því verðlagi, sem myndast nú á þessum innflutningsvörum vegna þessara ráðstafana. En á fundi, sem nokkrir af ráðherrunum áttu með bankastjórum Landsbankans, lýstu bankastjórarnir yfir því, að þeim væri alveg ljóst, að það væri skilyrði þess, að þetta mál færi sæmilega úr hendi, að útlánin yrðu aukin, og gáfu um það fyrirheit. Ég mun, ef þau fyrirheit bregðast, telja mig vonsvikinn af þeim viðræðum, sem enduðu með því, að ég þakkaði bankastjórunum fyrir undirtektirnar og sagði, að ríkisstj. hefði ekki getað farið fram á aðrar eða meiri undirtektir en hún fékk hjá bankastjórunum. En þetta er ákaflega þýðingarmikið atriði, sem eðlilegt er, að menn spyrji um.

Hv. 2. þm. Reykv. spurði um, hver væri hin aukna Marshallhjálp og hver væri hin aukna hjálp frá greiðslubandalagi Evrópu eins og segir í skýrslunni. Það er um fast loforð að ræða um stóraukið framlag Marshallhjálparinnar. Ég hef áður sagt við þennan hv. þm. og hv. form. Alþfl. líka, að á þessu stigi málsins tel ég ekki varfærið að kveða sterkar að orði en þetta, sem ég geri í skýrslunni, að framlagið sé stóraukið. En þá geta menn nokkuð reiknað þetta dæmi. Upphæðin, sem miðað er við og fyrirheit hefur verið um, er 3,2 millj. dollarar frá Marshallstofnuninni, og frá þeirri tölu er um mjög stórfellda aukningu að ræða. — Varðandi aukið framlag frá greiðslubandalagi Evrópu er ekki hægt að tala um annað en vilyrði, eins og ég sagði í skýrslunni. En framkvæmd þessa máls veltur m. a., eins og ég nefndi í upphafi um Marshallhjálpina, á því, hver þörf Íslendinga verður til þess að fullnægja því meginskilyrði, sem frá upphafi var lögð áherzla á, að geta flutt inn nógar vörur til neytendanna og safnað birgðum hér, í stað þess að á undanförnum árum hefur verið vöruþurrð í landinu. Í sambandi við þessi fyrirheit eru engin sérstök skilyrði, eins og hv. þm. spurði um. Við höfum borið fram okkar óskir og fengið þeim fullnægt, án annarra skilyrða en eru almennt í sambandi við þessa starfsemi. Í skýrslunni segir, að endanlegt form á fram-

kvæmd þessa máls sé ekki ákveðið eða um ákveðinn innflutning til landsins. Og ég vil ekki segja um það meira, þó að kannske væri hægt að gefa um það fyllri upplýsingar, því að það er heppilegra að segja heldur minna og standa við meira og láta þá tölurnar tala annars vegar og vörurnar hins vegar, þegar þessir listar verða birtir.

Skildi ég ekki hv. form. Sósfl. rétt, að hann spyrði um, hvort við ætluðum að bíða eftir svari alþjóðabankans og alþjóðagjaldeyrissjóðsins um kaup á vörum, sem við flyttum inn? (**EOl:** Jú.) Því er að svara neitandi. Við þurfum þess ekki í sambandi við þær stofnanir, nema að því leyti, að það þótti öruggara að spyrja stjórn alþjóðagjaldeyrissjóðsins, af því að við kaupum vörur frá mörgum löndum Evrópu og frá Ameríku, hvort hún væri ekki okkur samþykk um, að ekkert í þessum framkvæmdum okkar, sem við hér ræðum um, bryti í bág við reglur þær, sem sjóðsstjórnin setur og við höfum undirgengizt að hlíta og allar aðrar þjóðir, sem eru aðilar að sjóðnum eins og við, þurfa að hlíta. En eins og hv. form. Sósfl. veit og allir aðrir, sem þessum og þvílíkum málum eru kunnugir, tekur það nokkurn tíma fyrir menn að athuga þessa liði. Og það er ekki alltaf þannig, að ef maður spyr í dag, þá fái maður svar á morgun. Þetta var borið undir sjóðsstjórnina, sem athugaði það og samþykkti.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða hér útflutningsverzlunina, en ég skil ekki, hversu ríkan áhuga hv. 2. þm. Reykv. hefur á frelsi fyrir verzlunina. Hann sagði, að hér kæmi ríkisstj. og berði lóminn og þættist bera velferð útgerðarinnar fyrir brjósti, en svo gerði ríkisstj. einmitt ekki það, sem útgerðarmenn vildu að hún gerði, sem sé að rýmka um sölu á útflutningsvörunum. Ég get lýst því yfir, að ef ég fengi stuðning útvegsmanna til að breyta skipulagi þessara mála og þeir teldu sig bættari að heldur, þá mundi ég gera það samdægurs. Ég mundi veita þeim það, sem þeir vildu í þessum málum, en ekki neita þeim um það.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða hér almennt þessar ráðstafanir ríkisstj., en ég hygg, að ríkisstj. hafi farið þá leið, sem verst er. Það er kunnugt, að fram hafa farið stöðugar umræður um lengri tíma milli útvegsmanna og ríkisstj., og árangurinn er nú sá, eins og fram hefur komið, að það er ekkert fast fiskverð til. Í einu stjórnarblaðanna hefur nýlega verið skýrt frá því, og gerist þetta mjög í nánd við kjördæmi hæstv. fjmrh., — sem sé í Hornafirði, — að þar hefur stöðvazt útflutningur á fiski. Ég veit ekki, hvort ríkisstj. hefur gert nokkrar ráðstafanir til þess, að fiskveiðarnar stöðvuðust ekki, en svona er ástandið víða orðið hér á landi, — bátarnir geta ekki haldið áfram að fiska, því að það er ekkert fast fiskverð til, þrátt fyrir allar ráðstafanir ríkisstj. — Frá sjónarmiði útvegsmanna og hlutarsjómanna eru þessar ráðstafanir lítils virði. Hraðfrystihúsin geta ekki lagt út fyrir fiskinum og keypt með því af hlutarsjómönnum, því að fjármagn þeirra er það lítið. Hér er því mesta hættan sú, að þessi fríðindi fari í brask og það verði stóreignamennirnir, sem njóti góðs af, en ekki sjómennirnir. Þetta mun verða þungur áfellisdómur fyrir ríkisstj., þegar fram í sækir.

Þá er einnig talað um það að leyfa innflutning vara fyrir 100 millj. kr. á fobverði og láta þær síðan hér á svartan markað. Og í bréfi ríkisstj. til LÍÚ er talað um, að á þessum vörum verði ekkert verðlagseftirlit. Og menn eru að tala hér um 50 millj. kr. skatt, sem lagður hafi verið á þjóðina og eigi að renna til útvegsmanna. En ég vil spyrja: hver á að takmarka þessa upphæð, þegar verðlagseftirlitið er ekkert? Og hver sér um það, að þetta fé fari til útvegsmanna? Afleiðingin er sú, að þessar ráðstafanir eða þau fríðindi, sem þær eiga að veita, ganga alls ekki til útvegsmanna né hlutarsjómanna. Þessar ráðstafanir miða því að því að gera þá fátæku fátækari og þá ríku ríkari. Ræði ég þá ekki frekar um þetta að sinni. En mig langar til að beina nokkrum fyrirspurnum til hæstv. atvmrh. — Hann komst svo að orði í ræðu sinni hér áðan, að aðstaða íslenzkra banka hefði batnað á s. l. hálfu ári. Við sitjum nú báðir í bankaráði og sjáum þar skýrslur mánaðarlega um gjaldeyriseign bankanna. Og það vakti furðu mína að heyra, að gjaldeyriseignir bankanna hefðu aukizt á s. l. hálfu ári. Ég tel, að þessar skýrslur sýni alls ekki batnandi hag. Og nú veit ég ekki betur en greiðslubandalag Evrópu hafi það sem skilyrði fyrir því, að ríkisstjórnir fái styrk, að gjaldeyrisaðstaða bankanna sé slæm. Ég hygg, að viðkomandi ríki þurfi að skulda verulegar upphæðir í öðrum löndum til þess að fá framlag frá greiðslubandalaginu. Mér finnst því þessi röksemdafærsla hæstv. ráðh. vera áþekk því, ef styrkþegi hjá Reykjavíkurbæ yki úttekt á ýmsum nauðsynjum og skuldaði þar með meira og segði síðan, að aðstaða sín hefði batnað. (**Atvmrh.:** Við ættum að skjóta hér á bankaráðsfundi á eftir.) Ég vil biðja hæstv. ráðh. að gefa skýringu á því, hvað hefur batnað. Hvernig má það svo vera, að við fáum aukið EOP-framlag, ef gjaldeyrisaðstaða okkar hefur batnað? Mér skilst, að svo geti eigi verið.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Aðeins nokkrar fyrirspurnir. — Mér hefur skilizt, eins og nú hefur verið sagt og heyrzt áður, að í rauninni hafi ekki verið samið um neitt ákveðið fiskverð til bátaútvegsmanna, og ég tók eftir, að hæstvirtur atvmrh. segði, að hann gæti staðhæft, að ríkisstj. hefði ekki samið um þetta. En þótt ríkisstj. hafi fengið útvegsmenn til að gefa yfirlýsingu um það, að þeir skori á bátaútvegsmenn, að þeir miði kaupgreiðslur sínar við fast fiskverð, þá sjá nú allir, hvaða reynsla af þessu hefur orðið. Í mínum augum er þetta eitt stærsta atriðið: hvaða fiskverð fær bátaútvegurinn út úr þessu? Ég minnist þess, að þegar var verið að samþykkja gengislækkunarlögin, þá var talað um það við bátaútvegsmenn, að væntanlega yrði fiskverðið 95 aurar pr. kg, og nú er talað um 96 aura pr. kg. Og nú, þegar ríkisstj. gefur þessa skýrslu, getur hún ekkert um það sagt, hvað fiskverðið verði. Ég óska nánari skýringa um það hjá hæstv. atvmrh., hvort nokkur trygging er fyrir því, að fiskverðið nái 96 aurum pr. kg. Allar þessar ráðstafanir eru tilgangslitlar, ef þessi miklu fríðindi koma aldrei til útvegsmanna, en lenda hjá öðrum. En það er einkennilegt, ef ekki hefur verið gengið þannig frá þessum málum, að þeir aðilar, sem verið er að vinna fyrir, hljóti þann stuðning, sem verið er að veita, en það er

vélbátaflotinn. En það er staðreynd, að enginn aðili í landinu hefur treyst sér til að borga þetta verð fyrir fiskinn og ekkert hraðfrystihús hefur getað keypt fiskinn á þessu verði og þau hafa orðið að bíða og sjá, til hvaða ráðstafana ríkisstj. ætlaði að grípa, sem gerðu það kleift að greiða þetta verð fyrir fiskinn.

Ég tók eftir því, sem hæstv. atvmrh. sagði um bankana, hvort þeir mundu auka útlán sín, og sér væri það ljóst, að aukin útlán væri skilyrði þess, að allt tækist vel. En er það þá ekki einkennilegt, að ríkisstj. skuli ekki hafa fengið tryggingu fyrir því, að þetta mætti verða? Hæstv. ráðh. segir, að hann muni verða fyrir miklum vonbrigðum, ef bankarnir láni ekki út. En ég hygg, að hæstv. ráðh. og fleiri, sem samþykktu gengislækkunina, hafi líka orðið fyrir vonbrigðum, þegar gengislækkunin skilaði útveginum engri hækkun.

Þá vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvernig fer með þann útflutta fisk, sem nú þegar hefur verið fluttur út af vélbátum og gjaldeyririnn er kominn til bankanna, — standa þessum útvegsmönnum þessi fríðindi til boða? Geta þeir fengið þessi fríðindi á þennan gjaldeyri? Ef svo er, hvenær má þá búast við því, að þetta komi? Þá vil ég og spyrja, hvaða aðilar eigi að hafa með höndum framkvæmd þessa máls. Það getur orðið býsna flókið, hver það er, sem á þessi réttindi. Er það svo, að frystihúsin eigi í sumum tilfellum öll þessi hlunnindi og í sumum tilfellum útvegsmaðurinn? Hér þarf að hafa glögg skil á, hvaða fríðindi tilheyra hverjum aðila, hver á að hafa með það að gera. Ég hygg t. d., að ef þeir, sem undanfarið hafa stjórnað gjaldeyrismálum okkar, eigi að segja til um þetta, þá held ég, að útvegsmenn beri lítið úr býtum, enda bera þeir lítt traust til þeirra, sem fara með gjaldeyrismálin nú.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en tek það aftur fram, að ég furða mig á, að ríkisstj. skuli ekki hafa tryggt betur grundvallaratriði þessara ráðstafana, sem sé aukin útlán bankanna og ákveðið fiskverð.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Þetta verða aðeins örstuttar athugasemdir. — Hv. þm. Ísaf. sagði, að við værum báðir í bankaráði, og sagði, að sig furðaði á því að heyra, að gjaldeyrisástæður bankanna hefðu batnað. Ég geri nú ráð fyrir, að hv. þm. hafi nú skroppið frá í símann til þess að fá betri upplýsingar um þetta, en honum hefði verið nær að gera það áður en hann flutti ræðu sína. Ég verð nú að lýsa því yfir, að ég sé nú, að það getur komið fyrir, að greindir menn sitji í bankaráði án þess að vita of mikið, og eftir þetta verð ég auðvitað sjálfur að fara að gæta að mér. Ég tel það ekki verða neinum til framdráttar, að alþingismenn séu að hamra á því, að við séum of vel stæðir. Það er áreiðanlegt, að ef við erum að flagga með þetta út á við, þá getum við spillt fyrir okkur. Við þurfum á öllu að halda, því að hér er mikil vöruþurrð í landi, og við þurfum á öllu að halda til að bæta úr því. — Hv. þm. sagði, að þetta væri sú leið, sem verst væri. Þetta hefur maður heyrt áður. Eldhúsdagsumræður fara nú fram eftir nokkra klukkutíma, og mun ég þá koma nánar að þessu, en við skulum spyrja að leikslokum og vita, hver verður dómur almennings, og þá er hægt að bera þetta saman við þær leiðir, sem þessi hv. þm. hefur farið.

Ræða hv. 2. landsk. þm. var byggð á misskilningi. Hann taldi, að ríkisstj. hefði látið sig engu skipta, hvaða verðlag mundi verða í landinu, og það væri hvergi sagt, að bankarnir ættu að lána útvegsmönnum. Ríkisstj. ræður ekki yfir bönkunum og getur ekki skipað þeim fyrir, en ríkisstj. getur skýrt málið fyrir þeim og fengið hjá þeim fyrirheit um það, að þeir fari eftir hennar óskum. Meira getur ríkisstj. ekki gert.

Varðandi fiskverðið, þá er ekki eðlilegt, að ríkisstj. semji um hagnýtingu þessara fríðinda. Framleiðandinn sjálfur á auðvitað þessi fríðindi, sem hér koma til greina, en svo getur hann aftur selt þau hverjum sem hann vill. Hér gat ríkisstj. ekki gert annað en spurt stjórn LÍÚ um verðlagið, sem útvegsmenn teldu sig þurfa að fá, og hins vegar, hvort þeir teldu, að með þessum ráðstöfunum væri meginkjarna málsins borgið. Og vil ég lesa hér bréf frá LÍÚ, sem staðfestir þessi orð mín. Það er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Reykjavík, 24. febr. 1951.

Með tilvísun til bréfs hæstv. ríkisstj., dags. 24. f. m., þar sem ríkisstj. gefur fyrirheit um viss fríðindi bátaútveginum til handa „í því skyni og að því tilskildu, að takast megi að skapa það verðlag á afurðum bátaflotans, að eigendur hans telji sér fært að hefja útgerð tafarlaust“, vill stjórn LÍÚ og verðlagsráð sjávarútvegsins hér með lýsa því yfir, að með samkomulagi við ríkisstj., dags. í dag, er tryggð sú verðlagsmyndun, sem um ræðir í áðurnefndu bréfi ríkisstj., dags. 24. f. m., m. a. með því, að stjórn SH hefur lýst yfir, að hún muni mæla með því, að félagar í SH greiði grunnverð það, sem við höfum farið fram á, og vitað er, að frystihús hafa þegar hafið kaup á þessum grundvelli.“

Ég veit nú ekki, hvernig ríkisstj. á að fá betri tryggingu fyrir þeim ráðstöfunum, sem hún hefur gert. Það eru staðlausir stafir að ásaka hana fyrir, að hér sé ekki tryggilega gengið frá hnútunum. Ríkisstj. hefur einmitt tryggt bátaflotanum það, sem mestu máli skiptir.

Þá er ekki öðru eftir að svara en því, hvernig fer um þann afla, sem þegar hefur komið á land á árinu 1951. Samkv. samningi við útgerðarmenn ná þessi fríðindi einnig til þess hluta aflans, sem þegar er kominn á land. — Ég vona þá, að þessi atriði, sem hér hafa verið gerð að umtalsefni, hafi skýrzt og liggi ljóst fyrir.

Forseti (JPálm): Þessum umræðum um skýrslu ríkisstj. er lokið.

III. Fjárhagur ríkissjóðs 1950.

Á 44. fundi í Sþ., 22. febr., var tekin til meðferðar:

Skýrsla fjmrh. um tekjur og gjöld ríkissjóðs árið 1950.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég gat þess í framsögu fyrir fjárlfrv. 1951, að ég mundi gefa hv. Alþ., svo fljótt sem kostur væri á, upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á árinu 1950. Undanfarið hafa verið dregnar saman upplýsingar að uppgjöri til bráðabirgða fyrir árið 1950, og er því nú lokið. Þótti þá rétt, að ég gæfi hv. Alþ. yfirlit um afkomu ársins 1950 samkvæmt þessu bráðabirgðayfirliti. Þess ber að geta nú, eins og venja er um yfirlit slík, að tölur geta breytzt við endanlegt uppgjör, en það er von fjmrn., að þær breytist ekki svo mikið, að heildarniðurstaðan raskist svo máli skipti.

Mun ég þá gera grein fyrir rekstrarreikningnum.

Rekstrarreikningur 1950

Tekjur:

		Fjárlög	*Reikningur*	
1.	Tekju- og eignarskattur og tekjuskattsauki	40.000.000	44.792.000	
2.	Stríðsgróðaskattur, hluti ríkissjóðs	2.000.000	1.405.000	
3.	Vörumagnstollur	21.000.000	22.244.000	
4.	Verðtollur	78.000.000	58.387.000	
5.	Innflutningsgjald af benzíni	9.500.000	9.574.000	
6.	Gjald af innlendum tollvörum	6.500.000	6.878.000	
7.	Fasteignaskattur	700.000	763.000	
8.	Lestagjald af skipum	250.000	266.000	
9.	Bifreiðaskattur	3.500.000	2.373.000	
10.	Aukatekjur	1.800.000	2.036.000	
11.	Stimpilgjald	4.500.000	5.303.000	
12.	Vitagjald	900.000	933.000	
13.	Leyfisbréfagjald	150.000	133.000	
14.	Erfðafjárskattur	300.000	509.000	
15.	Veitingaskattur	3.500.000	2.185.000	
16.	Útflutningsgjald	300.000	324.000	
17.	Söluskattur	47.500.000	53.810.000	
18.	Leyfisgj. + söluskattur bifreiða	3.500.000	2.599.000	
			1.649.000	
		223.900.000		216.163.000
	— Hækkun eftirstöðva		9.925.000	
	Endurgreiddar tekjur		1.455.000	
	Innheimt laun		120.000	
				11.500.000
		223.900.000		204.663.000
3. gr. A	Landssíminn	1.701.000	4.301.000	
	Áfengisverzlunin	48.408.000	53.800.000	
	Tóbakseinkasalan	19.520.162	27.000.000	
	Ríkisútvarpið	612.020	300.000	
	Ríkisprentsmiðjan	200.000	210.000	
	Landssmiðjan	60.000	25.000	
	Innkaupastofnunin	4.000	76.000	
		71.110.000	85.612.000	
	— Pósturinn		200.000	
				85.412.000
3. gr. B	Tekjur af fasteignum	10.000		
4. gr.	Vextir	1.814.000		1.782.000
5. gr.	Óvissar tekjur	1.500.000		5.380.000
	Kr.	298.334.000		297.337.000

Gjöld:

		Fjárlög	*Reikningur*
7. gr.	Vextir	10.169.000	6.495.000
8. gr.	Forsetaembættið	414.000	691.000
9. gr.	Alþingi	2.316.000	2.316.000
10. gr. I	Stjórnarráðið	3.363.000	4.376.000
10. gr. II	Hagstofan	433.000	526.000
10. gr. III	Utanríkismál	4.707.000	4.736.000
11. gr. A	Dómsmál	13.189.000	15.018.000

Fjárhagur ríkissjóðs 1950.

11.	gr. B	Opinbert eftirlit	943.000	1.900.000
11.	gr. C	Innheimta skatta og tolla	5.687.000	6.960.000
11.	gr. D	Sameiginlegur embættiskostnaður	1.350.000	1.300.000
12.	gr.	Heilbrigðismál	15.841.000	17.843.000
13.	gr. A	Vegamál	26.528.000	27.580.000
13.	gr. B	Samgöngur	3.658.000	5.434.000
13.	gr. C	Vitamál	8.835.000	9.550.000
13.	gr. D	Flugmál	2.239.000	2.000.000
14.	gr. A	Kirkjumál	3.375.000	3.969.000
14.	gr. B	Kennslumál	32.745.000	38.203.000
15.	gr. A	Til bókmennta, lista o. fl.	2.709.000	2.785.000
15.	gr. B	Rannsóknir í opinb. þágu	3.838.000	4.781.000
16.	gr. A	Landbúnaðarmál	23.806.000	26.168.000
16.	gr. B	Sjávarútvegsmál	8.088.000	8.160.000
16.	gr. C	Iðnaðarmál	811.000	830.000
16.	gr. D	Raforkumál	4.600.000	4.400.000
17.	gr.	Félagsmál	27.688.000	28.020.000
18.	gr.	Eftirlaun og lífeyrissj.	6.509.000	8.100.000
19.	gr. 1	Dýrtíðarráðstafanir	33.500.000	26.130.000
19.	gr. 2	Launauppbætur	14.000.000	
19.	gr. 3	Verðuppbætur á gærur	225.000	225.000
19.	gr. 4	Óviss útgjöld	500.000	2.500.000
		Heimildarlög		79.000
		Sérstök lög		1.844.000
		Væntanleg fjáraukalög		257.000
		Þingsályktanir		45.000
			262.066.000	263.221.000
		Rekstrarhagnaður	36.268.000	34.116.000
		Kr.	298.334.000	297.337.000

Tekjur ársins voru áætlaðar 298 millj. kr., en samkv. þessu bráðabirgðauppgjöri eru þær um 297 millj. kr., eða nær jafnháar og áætlað var. Rekstrarútgjöld voru áætluð 262 millj. kr., en eru samkv. þessu bráðabirgðayfirliti 263 millj. kr., eða aðeins hærri en áætlað var. Rekstrarhagnaður var áætlaður 36 millj. kr., en er samkv. bráðabirgðauppgjörinu 34 millj. kr.

Flestir liðir rekstrarreikningsins gefa ekki tilefni til athugasemda, en ég mun minnast á nokkra.

Það, sem fyrst vekur athygli við lestur reikningsins, er það, hversu verðtollurinn hefur brugðizt. Hann var áætlaður 78 millj. kr., en hefur reynzt 58 millj. Verðtollurinn hefur með öðrum orðum reynzt jafnhár nú og árið 1949, þrátt fyrir gengislækkunina. Þessu hefði enginn trúað fyrir fram. Innflutningurinn hefur minnkað stórlega á árinu 1950 frá því, sem hann var árið 1949. Ég taldi, að verðtollurinn mundi ekki vera of hátt áætlaður fyrir árið 1950, og margir aðrir töldu hann vera allt of lágt áætlaðan. Það er fróðlegt að líta á innflutningstölurnar þessi tvö ár. Hagstofan segir, að reiknað með núverandi gengi bæði árin til samræmis hafi innflutningurinn 1949 numið 785 millj. kr., en innflutningurinn árið 1950 590 millj. kr. Lækkunin nemur hvorki meira né minna en 195 millj. kr., eða um 25%. Þegar þess er gætt til viðbótar, að nauðsynjavörur ýmsar hafa hækkað í verði og að innflutningur á þeim hefur hlotið að vera svipaður bæði árin að magni, kemur í ljós, að innflutningur hátollaðra vara hlýtur að hafa minnkað meira jafnvel en fram kemur af innflutningstölunum.

Hin raunverulega ástæða þess, hve illa hefur farið að þessu leyti, eru erfiðleikar margvíslegir, sem mæddu á þjóðinni á árinu 1950, síldveiðibrestur, framleiðslustöðvanir vegna verkfalla og verðfall á útflutningsafurðum, samanborið við innfluttar vörur.

Aðrir tekjuliðir hafa farið aðeins fram úr áætlun, ýmsir, og vegið hér nokkuð á móti, en þó einkum tekjur af einkasölunum, sem hafa orðið þó nokkru hærri en áætlað var. Vörur einkasalanna voru hækkaðar í verði á árinu, og hefur sú hækkun gefið eitthvað auknar tekjur, en vörusala beggja hefur þó raunar dregizt nokkuð saman. Ástæða er til þess að benda á, að rekstrarhagnaður landssímans hefur orðið mun meiri en áætlað var. Hann var áætlaður 1700 þús. kr., en hefur orðið 4300 þús. kr. Er þetta af því, að tekjur hafa reynzt drýgri en gert var ráð fyrir og gjöldin á hinn bóginn sízt hærri, en þar um veldur nokkru, að viðhald og endurbætur gátu ekki farið fram sem fyrirhugað var vegna efnisskorts.

Eins og áður var sagt, sýnast tekjurnar 1950 ætla að verða sem næst jafnháar á rekstrarreikningi og áætlað var í fjárl., og eru það veruleg vonbrigði. Til þess að fjárlög geti staðizt við venjulegar aðstæður, þurfa tekjurnar að fara nokkuð fram úr áætlun, þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því, að útgjöldin verði nákvæmlega eins og fjárl. gera ráð fyrir. Það hlýtur að verða að gera ráð fyrir einhverjum umframgreiðslum, hversu sem reynt er að koma í veg fyrir slíkt.

Í yfirlitinu eru eins og vant er aðeins taldar innborgaðar tekjur. Eru dregnar frá 11,5 millj. vegna aukningar eftirstöðva tekju- og eignarskatts og söluskatts. Þessi fjárhæð er áskyggilega há, en

ég vona, að mikið af þessu náist inn og sumt fyrir reikningslok.

Eins og ég hef áður oftlega greint Alþingi frá, þá horfði söluskattsinnheimtan til vandræða. Hefur því með samþykki Alþingis verið gripið til nýrra ráðstafana, sem vonandi bæta úr. Vona ég, að menn skilji nauðsyn þess að koma innheimtunni í betra horf en verið hefur. Fer þar saman almannanauðsyn og hagur þeirra, sem í skilum hafa staðið. Þetta hefur þó komið minna að sök en ella á s. l. ári vegna þess, að umframgreiðslur hafa yfirleitt orðið litlar og útgjöldin á tveimur liðum fjárl. orðið nokkru lægri en fjárl. gera ráð fyrir.

Vaxtagreiðslur verða lægri en áætlað var, vegna þess að samkomulag hefur fengizt við Landsbankann um að taka tillit til mótvirðissjóðsinneignarinnar við ákvörðun vaxta af yfirdráttarskuld ríkissjóðs í bankanum.

Dýrtíðargreiðslur hafa orðið um 7 millj. kr. minni en áætlað var í fjárl., og munar þar mest um, að ekki bar að greiða á árinu nema hálfan svo kallaðan kjötstyrk, sem nú er raunar alveg úr sögunni. Að öðru leyti reyndist áætlun á þessum fjárlagalið einnig rífleg, miðað við að halda niðurborgunum vöruverðs á árinu eins og þegar gengislækkunin var gerð, en það var ætlunin, og þannig hefur málið verið framkvæmt.

Erfitt er að bera hvern einstakan fjárlagalið í reikningnum saman við fjárl., vegna þess að launauppbætur allar voru áætlaðar sérstaklega á 19. gr., en ekki bætt við hvern einstakan lið, eins og hefði þó þurft að vera, ef samanburður hefði átt að geta fengizt á fjárveitingu og reikningi. Slíkt var á hinn bóginn ekki mögulegt eins og afgreiðslu fjárlaga bar að, svo sem hv. alþm. er kunnugt. Fæstir fjárlagaliðanna sýnast hafa farið verulega fram úr fjárveitingu, nema sem svarar launauppbótum, sem fjárveiting var fyrir á 19. gr. 2.

Ástæða er til þess að geta um 13. gr. B, samgöngur. Þar er fjárveiting 3658 þús., en bráðabirgðauppgjör sýnir 5434000 kr. útgjöld. Hér er áætlað fyrir halla, sem fram kom á rekstri áætlunarbifreiða ríkisins, Norðurlandsleið og Hafnarfjarðarleið, þegar rekstur þeirra var gerður upp og bifreiðarnar seldar. Er þarna gert ráð fyrir 1,2 millj. kr. upp í halla á þessum rekstri, en hallinn mun hafa reynzt hátt á aðra milljón, og er ekki búið að gera þau viðskipti upp við ríkissjóð enn þá. Verður greint frá því síðar. Þá hefur orðið meiri halli á rekstri strandferðanna en fjárlög gerðu ráð fyrir, og mun þar mestu valda, að ekki hefur verið tekið nægilegt tillit til áhrifa gengisfellingarinnar á þá útgerð við endurskoðun fjárl. s. l. vetur. Þyrill hefur verið afhentur Skipaútgerðinni til rekstrar, og er frá dreginn hér áætlaður hagnaður af rekstri hans.

16. gr. A, landbúnaðarmál, hefur farið nokkuð fram úr áætlun, eða um 2360 þús. Sú umframgreiðsla er vegna sauðfjárskipta. Það kom sem sé í ljós, þegar til átti að taka, að áætlun fjárl. um bótagreiðslur vegna sauðfjárskipta var of lág og ekki framkvæmanlegt að halda sér við hana, ef standa átti við lögboðnar greiðslur, og annað gat vitanlega ekki komið til mála. Varð því að fara fram yfir á þessum lið um 2344000 kr. Rétt er að taka fram, að af heildarfjárhæð þeirri, sem greidd var til sauðfjárveikimálanna á árinu 1950, 9809000 kr., voru 3666000 kr. greiddar í skuldabréfum til bænda, eins og sést á yfirlitinu um eignahreyfingar.

Samkvæmt sérstökum lögum eru greiddar 1844 þús. kr. samtals, og eru það ýmsar smærri fjárhæðir, en ein fjárhæð nemur 1489000 kr., og er það styrkur til bænda vegna óþurrka, skv. brbl. frá því í haust, sem nú hafa verið samþ. á Alþingi.

Kem ég þessu næst að greinargerð um eignahreyfingar.

Eignahreyfingar 1950.

Inn:

	Fjárlög	*Reikningur*
I. Fyrningar	2.350.000	3.575.000
II. Útdregin bankavaxtabréf	100.000	54.000
III. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10.000	
IV. Skuldabréfalán vegna sauðfjárskipta		3.666.000
V. Endurgreidd lán og andv. seldra eigna	50.000	2.600.000
VI. Eignakönnunarsk., hluti ríkissjóðs		2.000.000
	Kr. 2.510.000	11.895.000
Endurgr. fyrirframgreiðslur frá 1949		1.264.000
Innborganir af bankainnstæðum		4.598.000
Tekin lán:		
Vegna alþjóðabanka og gjaldeyrisvarasjóðs	6.449.000	
Innlend lán, önnur	12.457.000	
		18.906.000
Dönsk lán		2.009.000
Ensk lán		32.481.000
Auknar lausaskuldir		5.643.000
		76.796.000
Rekstrarhagnaður skv. rekstraryfirliti		34.116.000
Sjóðslækkun, aukinn yfirdr. á L. Ís. 1727 og aukn. á geymdu fé		2.043.000
		Kr. 112.955.000

Fjárhagur ríkissjóðs 1950.

Út:

		Fjárlög	*Reikningur*
I.	Afborgun lána:		
	1. Ríkissjóðslán: a) innlend lán	17.286.000	15.940.000
	b) dönsk lán	692.000	690.000
	2. Lán landssímans	750.000	742.000
II.	Greitt vegna ríkisábyrgðarlána í vanskilum	4.000.000	4.394.000
III.	Eignaaukning landssímans	2.750.000	2.384.000
IV.	Til bygginga á jörðum ríkisins	200.000	200.000
V.	Til bygginga varðskipa	3.850.000	3.903.000
VI.	1. Til bygginga við ríkisspítala	1.000.000	1.365.000
	2. Til byggingar fávitahælis	500.000	500.000
VII.	1. Til bygginga nýrra vita	700.000	700.000
	2. Til bygginga vitavarðarbústaða	250.000	250.000
VIII.	Til flugvallagerða og lendingarbóta	1.250.000	1.250.000
IX.	1. Bygging á Keldum	200.000	
	2. Bygging heimavistar við M. A.	400.000	400.000
	3. Bygging sjómannaskólahúss	500.000	500.000
	4. Kennarabúst. á Hólum	50.000	50.000
	5. Stofnkostnaður rafveitu á Hvanneyri	100.000	100.000
	6. Skólastjórabústaður, Reykjum, Ölfusi	50.000	50.000
X.	Bygging þjóðminjasafns	500.000	517.000
XI.	Bygging á Reykhólum	100.000	100.000
XII–XIII.	Bygging á prestssetrum	700.000	700.000
XIV.	Bygging farþegaskýlis vegna tolleftirlits	90.000	90.000
XV.	Bygging sýslumannabústaða	500.000	500.000
	Til byggingar landshafna		145.000
	Til byggingar strandferðaskips (Heklu, eftirst.)		663.000
	Til byggingar kornhlöðu að Bessast.		108.000
	Til byggingar drykkjumannahælis		60.000
		36.418.000	36.301.000
	Verðbréf fengin að erfðum og tekin upp í tekjur		309.000
	Til ríkisstofnana:		
	Byggingarsjóðir	1.000.000	
	Rekstrarfé	4.200.000	
			5.200.000
	Veitt lán		7.594.000
	Gengismism. á framlagi til Alþjóðab. og gjaldeyrissj.		6.453.000
	Greiddar lausaskuldir		11.939.000
	Fyrir fram greitt vegna fjárl. 1951		2.725.000
			70.521.000
	Greitt vegna tíu togara		42.434.000
			Kr. 112.955.000

Samkvæmt þessu yfirliti eru heildarniðurstöður á greiðslureikningi þannig:

Tekin lán, auknar lausaskuldir, lækkun bankainnstæðna, lækkun sjóðs og endurgreiddar fyrirframgreiðslur nema samtals 70610000 kr. — Frá dregst: Lækkun lausaskulda, gengismismunur á skuld vegna alþjóðabanka og gjaldeyrisvarasjóðs og fyrirframgr. fyrir 1951 21470000 kr. — Mismunur 49140000 kr. — Frá dregst: Það, sem lagt var í togarana nýju, 42434000 kr. Lánað Ræktunarsjóði af innstæðu skv. lögum frá 1947 2500000 kr. Rekstrarfjárauki ríkisstofnana 4200000 kr. Samtals 49134000 kr. — Mismunur 6000 kr.

Allar aðrar greiðslur — rekstrarútgjöldin öll — fastar afborganir lána, 15,9 millj. — allar greiðslur á 20. gr., aðrar en þær ofantöldu vegna nýju togaranna, Ræktunarsjóðs og rekstrarfjár stofnana, hafa verið greiddar með raunverulegum tekjum ríkissjóðs.

Greiðslujöfnuður hefur því náðst á árinu 1950 samkvæmt þessu bráðabirgðauppgjöri, og vona ég, að endanlegt uppgjör raski ekki þeirri niðurstöðu svo máli skipti.

Það skal tekið fram, að ekki hefur verið færður með á þetta yfirlit gengishagnaður bankanna, sem ríkissjóður varð eigandi að með gengisl., en lánaður var aftur Ræktunarsjóði, byggingarsjóði sveitanna, byggingarsjóði verkamanna og bæjarfélögum til íbúðarhúsabygginga. Nemur sú fjárhæð 21226000 kr., er ráðstafað var til þessara stofnana, svo sem lögin gerðu ráð fyrir. Hafa þessi viðskipti ekki haft nein áhrif á greiðsluafkomu ríkissjóðs á árinu, þótt ríkissjóður á hinn bóginn hafi eignazt þessa fjármuni.

Samkv. fjárl., 20. gr. Út var veitt fé til eignahreyfinga 36418000 kr. Þessir liðir fjárl. munu ekki fara fram úr áætlun, eins og yfirlit þetta ber með sér. Hins vegar eru í 20. gr. Út nokkrar greiðslur utan fjárl., en skv. öðrum lögum, og má þar nefna til byggingar landshafna 145000 kr., eftirstöðvar

af andvirði strandferðaskipsins Heklu 663000 kr., lán til Ræktunarsjóðs, sem tekið er af bankainneign og greitt samkv. lögum frá 1947, 2½ millj. kr. og lán til bænda vegna óþurrkanna í sumar 3011000 kr. Þá höfðu verið lánaðar til eiganda togarans Jörundar 1249000 kr., svo sem komið mun hafa fram á Alþ. í öðru sambandi og er það tilfært í ársbyrjun 1950.

Ég vil þá geta þess, að skuldir ríkissjóðs í árslok 1950 voru 327539000 kr. og skuldir í árslok 1949 248372000 kr. Skuldahækkun á pappírnum er því 79167000 kr., en hér þarf að draga frá gengismismun á erlendum skuldum og afföll á láni teknu erlendis vegna togaranna, samt. 49610000 kr. Mismunur 29557000 kr. Eins og áður var greint, hefur ríkissjóður lagt út mikið fé vegna togaranna 10, sem allt er tekið að láni, skipin verða seld við kostnaðarverði, og ber því að draga þá fjárhæð frá, þegar athugað er um skuldahag ríkissjóðs sjálfs; þessar skuldir nema 42434000 kr. Sést því, að raunverulega hafa skuldir ríkissjóðs lækkað á árinu um 12877000 kr. Af skuldum ríkissjóðs í árslok 1950 eru 106 millj. erlendar skuldir, en 221 millj. innlendar. Erlendu lánin eru tekin vegna sérstakra fyrirtækja (aðallega togara og síldarverksmiðja) og endurlánuð þeim og ekki til ætlazt, að ríkissjóður standi undir þessum skuldum. Hið sama gildir um sumt af innlendum skuldum, en þó verður ríkissjóður að sjá um mest af þeim.

Af þessu yfirliti sést, að fjárl. hafa staðizt í framkvæmd, en mátti þó ekki miklu muna, að stór óhöpp yrðu, og sést það gleggst á verðtollstekjuliðnum. Ef aðrir liðir tekna- og gjaldamegin hefðu ekki verið varlega áætlaðir eða verulegar umframgreiðslur orðið, þá hefði mistekizt að ná greiðslujöfnuði á árinu. Bendir það til þess, að áætla verður mjög varlega bæði tekjur og gjöldin, ef afstýra á áföllum.

Ástandið er þannig í peningamálunum, að ríkissjóður hefði þurft að hafa greiðsluafgang, enda hefði það orðið, ef tekjuliðir hefðu ekki brugðizt verulega, eins og gerð hefur verið grein fyrir.

Menn mundu ef til vill vilja spyrja, hvort nokkuð mætti af þessu bráðabirgðauppgjöri ráða um afkomuhorfur á þessu ári. Ekki mundi ég telja að svo væri, umfram það, sem hægt hefur verið að leiða getur að með þeirri vitneskju, sem fyrir hendi hefur verið um sinn og var þegar við gengum frá fjárl. Rétt er þó að geta þess, að enginn gjaldaliður núgildandi fjárl. er jafnvarlega áætlaður og vaxtagreiðslur og dýrtíðargreiðslurnar voru í síðustu fjárl., en jafnframt er einnig rétt að láta það koma fram, að ég tel tekjuliði fjárl. fyrir árið 1951 varlegar áætlaða en þeir voru í fjárl. ársins 1950. Ástæðan til þess er sú, að þegar frá fjárl. var gengið nú fyrir jólin, var sýnilegt, að sumir tekjuliðir mundu bregðast verulega frá því, sem áætlað var í fjárl. ársins í fyrra. Var því nokkuð fyrir því gert.

Mér finnst því sem áður ástæða til að vona, að greiðslujöfnuður náist á árinu 1951, nema stóróhöpp komi fyrir. Til þess þurfa þó tekjurnar auðvitað að reynast nokkru drýgri en fjárl. gera ráð fyrir, þar sem ómögulegt er að komast alveg hjá umframgreiðslum.

Ég vil taka það fram við þetta tækifæri, eins og ég hef gert oft áður, að það þarf góð samtök, ef takast á til frambúðar að minnka bilið, sem verið hefur á milli fjárl. og landsreiknings, og koma á þeirri venju, að yfirleitt verði ekki notað meira fé en veitt er á fjárl. Það þarf margra manna samtök, ef þetta á að takast. Það verður að vanda mjög vel allar áætlanir, sem gerðar eru fyrir fram, gæta þess vandlega að greina nógu snemma frá öllum framkvæmdum, sem menn hafa í huga og kosta fé úr ríkissjóði, þannig að þær geti orðið, ef framkvæmast eiga. Síðan þarf mikla aðgæzlu og fyrirhyggju í framkvæmdinni, svo að eigi verði notað meira fé en veitt er. Til þess að vel farnist í þessu efni, þurfa allir ráðherrar, skrifstofustjórar og fulltrúar stjórnarráðsdeilda, forstöðumenn starfsgreina og aðstoðarmenn að vera vakandi og fullir fyrirhyggju og gæta skyldu sinnar, hver á sínu sviði. Þá þarf og Alþ. að ganga svo frá fjárl., að með sanngirni verði til þess ætlazt, að í framkvæmd standist.

Ég vil leyfa mér að þakka samstarfsmönnum mínum í ríkisstj. fyrir góða samvinnu við undirbúning fjárl. fyrir árið 1950 og framkvæmd þeirra og við undirbúning þeirra fjárl., sem nú er byrjað að framkvæma, og góðan skilning á því, hvað gera þarf til þess að koma heppilegri skipan á þessi mál. Enn fremur vil ég leyfa mér að þakka hv. fjvn. Alþ. og þingmeirihlutanum, er að fjárl.-frv. hefur staðið, fyrir góða samvinnu í þessum efnum, og fjöldamörgum forstöðumönnum starfsgreina og öðrum embættismönnum, sem hafa sýnt mikinn skilning á þessu örðuga viðfangsefni og lagt sig fram við að nota ekki meira fé en veitt var á fjárl. Verður að vinna að því áfram að tryggja sem bezt samtök um þessi mál framvegis.

Ég mun ekki að þessu sinni ræða hér neitt almennt um fjármálastefnu ríkisstj. né framkvæmd hennar, þar sem erindið var það eitt að gefa hv. Alþ. skýrslu um afkomu ársins 1950, að svo miklu leyti sem bráðabirgðauppgjör getur sýnt, og læt því lokið máli mínu.

IV. Heimsókn Eisenhowers hershöfðingja.

Á 33. fundi í Sþ., 25. jan., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég sé, að enginn ráðherranna, og þá heldur ekki utanrrh., er viðstaddur. Ef þeir hefðu verið viðstaddir, hefði ég borið fram fyrirspurn, hvort þeir hefðu í hyggju að hefja nokkra samninga við hinn ameríska hershöfðingja, Eisenhower. Þar sem þeir eru ekki viðstaddir, þá þýðir ekki að koma fram með þessa fyrirspurn. — Ég vildi þó ekki láta því ómótmælt, að sá háttur sé hafður að ganga fram hjá utanrmn. og Alþingi í þessu máli. Það hefur aldrei kunnað góðri lukku að stýra, þegar höfðingjarnir ganga svo fram hjá Alþingi. Vil ég mótmæla þessu.

Forseti (JPálm): Út af þessari athugasemd hv. 2. þm. Reykv., þá mun ég sjálfur láta hæstv. ríkisstj. vita, að hún hefur komið hér fram.

V. Varamenn taka þingsæti, rannsókn kjörbréfa o. fl.

Á 17. fundi í Nd., 7. nóv., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (SB): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá hv. 10. landsk., Jónasi Árnasyni, dags. 6. þ. m.:

„Með því að ég er á förum til útlanda og verð fjarverandi 2—3 vikur, leyfi ég mér að óska þess, með skírskotun til 144. gr. l. nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að varamaður, Magnús Kjartansson ritstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Kjörbréf Magnúsar Kjartanssonar hefur verið athugað áður, og tekur hann nú um stundarsakir sæti hv. 10. landsk. þm.

Á 10. fundi í Sþ., 8. nóv., var tekin til meðferðar **rannsókn kjörbréfs.**

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt í hendur svo hljóðandi bréf frá forseta Ed.:

„Þorsteinn Þorsteinsson, 11. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Að ráði dr. Halldórs Hansens yfirlæknis mun ég á morgun leggjast í sjúkrahús hér í bænum og dveljast þar 3—4 vikur til hvíldar og athugunar. Óska ég, með skírskotun til 144. gr. l. nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að varamaður, Ingólfur Flygenring í Hafnarfirði, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að kjörbréf þessa varaþingmanns verði tekið til rannsóknar á væntanlegum fundi sameinaðs Alþingis á morgun."

Tekur nú frsm. hv. kjörbréfanefndar til máls.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haldið fund og athugað kjörbréf 1. varaþm. Sjálfstfl., Ingólfs Flygenrings forstjóra. Hefur nefndin ekki fundið neitt athugavert við kjörbréf hans og leggur til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Kjörbréfið samþ. með 29 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Ingólfur Flygenring, undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 19. fundi í Ed., 14. nóv., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá hv. þm. Vestm.:

„Reykjavík, 13. nóv. 1950.

Með því að ég þarf að fara til útlanda á morgun til þess að sitja sem einn af fulltrúum Íslands framhaldsfundi ráðgjafarþings Evrópuráðsins í Strasbourg, en þeir hefjast um miðjan þennan mánuð, leyfi ég mér að biðjast fjarvistarleyfis þann tíma, sem þessi ferð tekur mig, væntanlega nálægt tveim vikum.

Virðingarfyllst,
Jóhann Þ. Jósefsson."

Á 21. fundi í Nd., s. d., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (SB): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá hv. þm. Mýr.:

„Alþingi, 13. nóv. 1950.

Með því að mér hefur verið falið að sitja ráðgjafarþing Evrópuráðsins í Strasbourg, er kemur saman til framhaldsfunda um miðjan þennan mánuð, leyfi ég mér að óska fjarvistarleyfis, á meðan á fundum þessum stendur, sem væntanlega verður um tveggja vikna skeið með óhjákvæmilegum ferðalögum.

Virðingarfyllst,
Bjarni Ásgeirsson."

Enn fremur hefur mér borizt svo hljóðandi bréf frá hv. 8. landsk. þm.:

„Reykjavík, 13. nóv. 1950.

Með því að ég þarf að fara til útlanda og geri ráð fyrir að verða fjarvistum um tvær vikur, óska ég þess, að Erlendur Þorsteinsson, annar landsk. varaþm. Alþýðuflokksins, taki sæti á Alþingi, meðan ég er fjarvistum, þar sem 1. varamaður flokksins, Guðmundur Í. Guðmundsson bæjarfógeti, getur nú ekki tekið sæti á Alþingi sökum embættisanna.

Virðingarfyllst,
Stefán Jóh. Stefánsson."

Samkvæmt þessari ósk tekur varamaður sá, er í bréfinu greinir, sæti 8. landsk. þm.

Á 15. fundi í Sþ., 17. nóv., var tekin til meðferðar **rannsókn kjörbréfs.**

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá forseta efri deildar:

„Reykjavík, 16. nóv. 1950.

Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Með því að ég er á förum til útlanda í nauðsynjaerindum og verð væntanlega fjarverandi h. u. b. tvær vikur, leyfi ég mér hér með að óska þess, að varamaður minn, frú Soffía Ingvarsdóttir, Reykjavík, taki sæti mitt á Alþingi frá og með 17. þ. m., samkvæmt ákvæðum 144. gr. laga um kosningar til Alþingis."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að kjörbréf þessa varaþingmanns verði tekið til rannsóknar á væntanlegum fundi sameinaðs Alþingis á morgun.

Bernharð Stefánsson.
Til forseta sameinaðs Alþingis."

Samkvæmt þessu hefur kjörbréfan. haldið fund til þess að athuga kjörbréf þessa varaþm., og tekur frsm. n., hv. 8. þm. Reykv., til máls.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Kjörbréfan. hefur á fundi sínum í dag athugað kjörbréf frú Soffíu Ingvarsdóttur, sem er varamaður fyrir Alþfl. í Reykjavík. N. hefur ekkert að athuga við kjörbréfið og leggur einróma til, að það verði tekið gilt.

ATKVGR.
Kjörbréfið samþ. með 29 shlj. atkv.

Þessu næst skrifaði hinn nýi þingmaður, Soffía Ingvarsdóttir, undir drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (JPálm): Þá hefur frú Soffía Ingvarsdóttir undirritað drengskaparheit sitt, og tekur hún nú sæti Haralds Guðmundssonar. Ég vil leyfa mér að bjóða hana velkomna til starfa.

Á 16. fundi í Sþ., 21. nóv., var tekin til meðferðar
rannsókn kjörbréfs.

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá forseta Ed., dags. í dag:

„Formaður þingflokks Sameiningarflokks alþýðu — sósíalistaflokksins hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Með því að Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm., er farinn til Danmerkur í nauðsynjaerindum og verður fjarverandi næstu 2—3 vikur, leyfi ég mér samkvæmt beiðni hans að óska þess, með skírskotun til 144. gr. l. nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að varamaður, Kristinn E. Andrésson magister, taki sæti á þingi í fjarveru hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér boðið sem skjótast til fundar í sameinuðu þingi til þess að rannsaka kjörbréf þessa varaþingmanns.

Bernharð Stefánsson."

Samkvæmt þessu bréfi hefur þessi fundur verið boðaður og kjörbréfið verið tekið til athugunar. Tekur nú til máls hv. frsm., hv. þm. Seyðf.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Nefndin hélt fund með sér rétt áðan. Að vísu voru ekki mættir nema þrír nm., en tveir eru fjarverandi í dag. Fyrir lá að rannsaka kjörbréf Kristins E. Andréssonar, 2. varaþm. Sósfl., sem, eins og hæstv. forseti tók fram, er ætlazt til að taki sæti 1. landsk. þm. í fjarveru hans. — N. sá ekkert við þetta kjörbréf að athuga og leggur til, að það verði samþykkt.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég efast ekki neitt um það, að niðurstaða hv. kjörbréfanefndar muni vera rétt, að hlutaðeigandi varamaður sé rétt kjörinn varamaður og eigi því að taka sæti hér á Alþ. um stundarsakir, ef þm., sem hann er varamaður fyrir, hefur haft lögleg forföll til þess að fara af þingi. Nú er ég ekkert að draga það í efa beinlínis, að svo hafi verið, að hann hafi haft lögleg forföll til þess, en vil benda á, að ekkert er greint frá því. Mér barst aðeins bréf frá formanni Sósfl., að þessi þm. þyrfti að fara til Danmerkur í nauðsynjaerindum, en ekkert minnzt á veikindaforföll eða annað. Ég er ekki að gera neinar sérstakar aths. út af þessari mannabreytingu hér á þinginu, sem nú liggur fyrir, en nota tækifærið til að láta það í ljós, að mér er farið að finnast þetta dálítið einkennilegt, að það er svo að segja í hverri viku tilkynnt, að einhver af hv. þm. þurfi að fara af einni eða annarri ástæðu, og beðið um, að varamaður komi í staðinn. Ég hef skilið bæði stjskr. og þingsköp Alþingis svo, að þetta eigi því aðeins rétt á sér, að þm. falli frá, verði veikir eða hafi önnur gild forföll. Nú virðist það eiga að gilda, að þm. fái þessa undanþágu, ef þeir aðeins vilja hvíla sig frá störfum eða eitthvað slíkt. Ég ætlast ekki til, að það sé neitt sérstakt gert út af þessu núna og mun samþ. kjörbréf þessa varamanns, en vildi gjarnan, að hv. kjörbréfanefnd færi að athuga það hér eftir, ef þessi mannaskipti halda áfram jafnótt og verið hefur, hvort það eru lögmætar ástæður fyrir þm. að mæta ekki á þingi og senda varamann. Ég skil þau ákvæði, er hér að lúta, þannig, að þm. eigi alls ekki að öllu leyti að ráða þessu sjálfur, heldur eigi hans ástæður að ráða því, hvort hann hefur rétt til þess að hverfa af þingi og senda varamann í staðinn.

Forseti (JPálm): Ég skal aðeins geta þess í tilefni af þessu, að það er náttúrlega mikið rétt, að það hefur í mörgum tilfellum verið æði vafasamt, hvort lögmæt forföll hafa verið fyrir hendi, og enn vafasamara nokkru áður en ég tók hér við forsetastörfum, en ég vil taka fram, að samkvæmt þingsköpum virðist það liggja mikið undir vald hlutaðeigandi deildarforseta að úrskurða um það, hvort forföll séu metin gild, ef á annað borð er farið nokkuð strangt í sakirnar.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Út af ummælum forseta vil ég geta þess, að hlutaðeigandi þm., sem nú er horfinn af þingi, hafði alls ekki beðið mig um fjarvistarleyfi, en skal geta þess, að svo hefur verið oft, heldur hafa aðeins komið tilkynningar, að maðurinn þyrfti að fara, og ekki beðið eftir því, hvort leyfi fengist til þess. Aftur á móti, þegar t. d. hv. þm. Vestm. (JJós) fór til útlanda á dögunum, bað hann mig um leyfi til þess, en í Ed. hefur það alls ekki verið venjulegt.

ATKVGR.
Kjörbréfið samþ. með 27 shlj. atkv.

Forseti (JPálm): Þá tekur hv. varamaður, Kristinn E. Andrésson magister, sæti hér á þingi. Það er kunnugt, að hann hefur setið hér á þingi áður, og þarf því ekki að skrifa á ný undir drengskaparyfirlýsingu. Ég býð hann velkominn til starfa.

Á 29. fundi í Sþ., 8. jan., áður en gengið var til dagskrár, mælti

forseti (JPálm): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 29. des. 1950.

Með því að mér er nauðsynlegt að takast ferð á hendur til Bretlands í erindum ríkisstjórnarinnar, vil ég leyfa mér að fara þess á leit, að þér, herra forseti, veitið mér fjarvistarleyfi til 11. jan. n. k. og að ekki verði tekin fyrir til umræðu í Alþingi á þessum tíma þau mál, sem ég hef haft sérstaklega afskipti af.

Virðingarfyllst,

Gísli Jónsson."

Á 46. fundi í Ed., 9. jan., las forseti deildarinnar (BSt) bréf, sem honum hafði borizt frá þm. Barð. (GJ), samhljóða bréfinu til forseta Sþ.

Á 31. fundi í Sþ., 19. jan., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (JPálm): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá varaformanni Sjálfstæðisflokksins, dags. í dag:

„Með því að Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn., er veikur og getur því ekki gegnt þingstörfum næstu vikur, leyfi ég mér samkvæmt beiðni hans að óska þess, með skírskotun til 144. gr. l. nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að varamaður, Sigurður Ó. Ólafsson kaupmaður, Selfossi, taki sæti á þingi í veikindaforföllum hans.

Virðingarfyllst,

f. h. Sjálfstæðisflokksins

Bjarni Benediktsson."

Samkvæmt þessu tekur Sigurður Ó. Ólafsson nú sæti 2. þm. Árn. á þingi, og vil ég leyfa mér að bjóða hann velkominn til starfa.

Á 77. fundi í Nd., 2. marz, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (SB): Svo hljóðandi bréf hefur mér borizt frá Lúðvík Jósefssyni, hv. 2. landsk. þm.:

„Reykjavík, 1. marz 1951.

Með því að ég verð að fara heim af þingi og vera fjarverandi næstu vikur sökum annríkis, óska ég þess, með skírskotun til 144. gr. l. nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að varamaður, Magnús Kjartansson ritstjóri, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni."

Magnús Kjartansson hefur áður unnið drengskaparheit og tekur samkvæmt þessu sæti í hv. þingdeild.

VI. Flugslys — samúðarávarp forseta.

Á 36. fundi í Sþ., 2. febr., samkv. dagskrá, mælti

forseti (JPálm): Háttvirtu alþingismenn. Við komum hér saman í dag af óvenjulegu og sorglegu tilefni, sem öllum landsmönnum veldur sárri hryggð.

Þegar þau tíðindi bárust út á meðal fólksins í fyrrakvöld, að flugturninn á Reykjavíkurflugvelli hefði skyndilega misst samband við flugvélina Glitfaxa, sem var á heimleið úr Vestmannaeyjaför í miklu dimmviðri, þá sló ógn og kvíða á alla, sem fréttina fengu. Eitthvað óvanalegt hlaut að hafa komið fyrir, en allir vonuðu samt, að betur rættist úr en á horfðist.

Alla nóttina og fram eftir degi í gær voru ástvinir flugstjórnar vélarinnar og farþega og allur almenningur milli vonar og ótta. Hugsanlegt var, að ekki hefði annað bilað en senditæki vélarinnar, og hinum kjarkmikla og örugga flugstjóra hefði tekizt að lenda inni í landi, fjarri byggðum.

En öll vonarljós dofnuðu smám saman og hurfu loks með öllu um miðjan dag í gær, þegar sannað þótti með óyggjandi rökum, að flugvélin hefði fallið í sjóinn. Þá var það orðið víst, að okkar fámenna land var í einni svipan 20 mönnum fátækara en daginn áður. Tvær stúlkur og 18 karlmenn höfðu í hríðardimmu þorrans yfirgefið þessa veröld í einum hóp.

Í okkar misbrigðasama og harða veðurfari hefur um allar aldir verið hætta á ferðum. Á sjó og landi, í ám og vötnum hafa margir Íslendingar beðið bana fyrr og síðar, en með auknum öryggisútbúnaði, brúm og vegum, símasambandi og loftskeytum, hafa menn vonað, að þessum háska væri þá og þegar að fullu bægt frá dyrum þjóðarinnar, og víst hefur mikið áunnizt í því efni. Loks hefur svo hámark íslenzkra samgöngubóta, flugtæknin, orðið óskadraumur þjóðarinnar og skapað bjartar vonir um bætt skilyrði, fljótari og öruggari ferðalög. En þegar slíkir atburðir gerast eins og nú hefur orðið, þá er það þungt áfall, ekki einasta fyrir ástvini þeirra, er farizt hafa, heldur fyrir óskir og vonir þjóðarinnar allrar. Slíkur atburður veldur þjóðarsorg.

Þjóðin horfir með sárri hryggð á eftir ágætum flugstjóra og góðu aðstoðarfólki, ásamt fjölmennum farþegahóp. En hér sem oftar er sá eldurinn heitastur, sem á sjálfum brennur. Nánustu ástvinir hinna látnu eru í bili eins og sá, er missir fótfestuna og veit um stund eigi, hvað við tekur. Skerandi sorgin er þeirra hlutskipti þessa dagana.

Það er því skylt og eðlilegt, að allir hugsandi menn láti þá vita um einlæga samúð og hluttekningu. Það viljum við alþingismenn gera allir sem einn, enda er nú nærri okkur höggvið.

Við hugsum til syrgjandi foreldra, sem misst hafa soninn sinn elskulega eða dótturina. Við hugsum til ekkna og barna, systkina og annarra nánustu ástvina. Við getum ekki bætt þeim missinn. Það getur enginn. En við viljum fullnægja þeirri sjálfsögðu skyldu að senda hlýja samúðarkveðju, ef orðið gæti einhver geisli í rökkurveröld sorgarinnar. Enginn ræður sínu banadægri, og við vitum aldrei, hvort betra er að fara yfir landamærin fyrr eða síðar, eða hvort betra muni að fara á þennan veg eða hinn. En hvernig sem gengur og hvað sem að höndum ber, þá er þó bjartasta ljósið og sterkasti geislinn í trúarbrögðum okkar kristinna manna.

Þar er aðalkjarninn orð meistarans þessi: „Ég lifi, og þér munuð lifa." Í þeim liggur mesta huggun allra syrgjenda. Ásamt björtum og fögrum minningum er þar að finna þá græðslu, sem öll sár getur með tímanum mýkt.

Við viljum allir sýna syrgjendunum samúð og

hluttekningu, og við viljum allir heiðra minningu þeirra, sem fallið hafa á svo sorglegan hátt.

Blessun Drottins fylgi þeim öllum.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

VII. Kosningar.

1. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 25. fundi í Sþ., 13. des., var tekin á dagskrá **kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1950, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 16. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu fjórir listar. Á A-lista var Sigurjón Á. Ólafsson, á B-lista Jörundur Brynjólfsson, á C-lista Ásmundur Sigurðsson, á D-lista Jón Pálmason. — A-listi hlaut 10 atkv., B-listi 14 atkv., C-listi 10 atkv., D-listi 15 atkv., en einn seðill var auður. Hlutkesti fór fram milli Sigurjóns Á. Ólafssonar og Ásmundar Sigurðssonar, og kom upp hlutur þess fyrrnefnda. Samkv. þessum úrslitum lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Jón Pálmason alþm.,
Jörundur Brynjólfsson alþm.,
Sigurjón Á. Ólafsson fyrrv. alþm.

2. Stjórn fiskimálasjóðs.

Á 25. fundi í Sþ., 13. des., var tekin á dagskrá **kosning stjórnar fiskimálasjóðs, 5 manna og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1951 til 31. des. 1953, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 89 1947.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 16. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram fjórir listar. Á A-lista var Jón Axel Pétursson, á B-lista Þórarinn Þórarinsson og Lúðvík Kristjánsson, á C-lista Lúðvík Jósefsson, á D-lista Þorleifur Jónsson og Sverrir Júlíusson. — A-listi hlaut 7 atkv., B-listi 16 atkv., C-listi 9 atkv., D-listi 18 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Þorleifur Jónsson fulltrúi,
Þórarinn Þórarinsson ritstjóri,
Sverrir Júlíusson útgerðarmaður,
Lúðvík Jósefsson alþm.,
Lúðvík Kristjánsson ritstjóri.

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Davíð Ólafsson fiskimálastjóri (C),
Jón Sigurðsson útgerðarmaður (B),
Jakob Hafstein lögfræðingur (C),
Áki Jakobsson alþm. (A),
Hallgrímur Oddsson útgerðarmaður (B).

3. Nýbýlastjórn.

Á 25. fundi í Sþ., 13. des., var tekin á dagskrá **kosning nýbýlastjórnar, 5 manna og jafnmargra varamanna, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1951 til 31. des. 1954, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. l. nr. 35 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 16. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram fjórir listar. — Á A-lista var Helgi Hannesson, á B-lista Steingrímur Steinþórsson og Haukur Jörundsson, á C-lista Ásmundur Sigurðsson, á D-lista Jón Pálmason og Jón Sigurðsson. — A-listi hlaut 7 atkv., B-listi 16 atkv., C-listi 9 atkv., D-listi 18 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Jón Pálmason alþm.,
Steingrímur Steinþórsson *forsrh.*,
Jón Sigurðsson alþm.,
Ásmundur Sigurðsson alþm.,
Haukur Jörundsson kennari.

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ingólfur Jónsson kaupfélagsstjóri (C),
Bjarni Ásgeirsson alþm. (B),
Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður (C),
Tryggvi Pétursson bankafulltrúi (A),
Þorsteinn Eiríksson skólastjóri (B).

4. Úthlutunarnefnd skáldastyrkja og listamanna.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning fjögurra manna nefndar samkv. 15. gr. A. IX. í fjárlögum fyrir árið 1951 til þess að skipta fjárveitingu til skálda, rithöfunda og listamanna.**

Fram komu fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru í nefndina án atkvgr.:

Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður (D),
Þorkell Jóhannesson prófessor (B),
Magnús Kjartansson ritstjóri (C),
Ingimar Jónsson skólastjóri (A).

5. Stjórn áburðarverksmiðju.

Á 37. fundi í Sþ., 5. febr., var tekin á dagskrá **kosning þriggja manna í stjórn áburðarverksmiðju, allra til fjögurra ára, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 3. málsgr. 13. gr. laga nr. 40 23. maí 1949.**

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil fara fram á það við hæstv. forseta, að atkvgr. þessari verði frestað. Alþ. hefur ekki enn borizt skýrsla frá hæstv. ríkisstj. um breytingu á stjórn áburðarverksmiðjunnar, sem áður hefur verið kosin hér, og mér finnst rétt, að þm. hafi nokkurn tíma til að athuga þetta mál, eftir að sú tilkynning berst. Ég er ekki með þessu að fara fram á, að málið verði dregið á langinn, en þó að því yrði frestað til morguns, þá er það ekki mikil töf. En venjulega,

þegar slíkar kosningar hafa farið hér fram, þá hefur hæstv. forseti sett þær á dagskrá a. m. k. einu sinni áður en þær hafa farið fram. Af þeim ástæðum og vegna þess, að ekki hefur borizt nein *tilkynning um breytingu á stjórninni*, þá finnst mér eðlilegt, að kosningunni verði frestað, og beini þeirri ósk til hæstv. forseta.

Forseti (JPálm): Ég sé, að hæstv. landbrh. er hér staddur, og vildi því gjarnan vita álit hans í þessu efni, áður en ég tek nokkra ákvörðun um það.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Það er óneitanlega mikil nauðsyn á því að þessi kosning fari sem fyrst fram, þar sem beðið er eftir því með afgreiðslu ýmissa mála, en þar sem leitað er eftir frestun, þá mun ég leggja slíkt á vald hæstv. forseta.

Forseti (JPálm): Úr því að hæstv. ráðh. leggur þetta á mitt vald, og þar sem ósk liggur fyrir um að fresta þessari kosningu, þá mun ég verða við þeirri ósk.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 6. febr., var kosningin tekin til meðferðar.

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá hæstv. landbrh.:

„Hér með tilkynnist yður, herra forseti, að alþingismaður Bjarni Ásgeirsson hefur sagt af sér störfum í stjórn áburðarverksmiðju ríkisins, og ber Alþingi því að kjósa mann í verksmiðjustjórnina í hans stað. Þar sem nú er ákveðið að stofna hlutafélag um byggingu og rekstur áburðarverksmiðjunnar, telur ráðuneytið eðlilegast í samræmi við 13. gr. laga nr. 40 1949, að Alþingi kjósi nú þrjá aðalmenn og þrjá varamenn í stjórn hlutafélagsins til fjögurra ára.

Hermann Jónasson.

Gunnlaugur E. Briem."

Ég skal taka það fram, að ég hef gengið úr skugga um, að samkvæmt l. um áburðarverksmiðju er ekki heimilt að kjósa varamenn, svo að aðeins liggur fyrir kosning þessara þriggja manna.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins út af þessu bréfi leyfa mér að spyrja, hvort það væri rétt skilið af mér, að ríkisstj. sé búin að taka þá ákvörðun að áburðarverksmiðjan skuli verða rekin sem hlutafélag, þannig að það fé, sem á að leggja fram, sé þegar fengið og á þessu geti engin breyting orðið, enda þótt lögunum um áburðarverksmiðju væri breytt. En staðreynd er, að fyrri hluti þeirra l. er alls ekki miðaður við það, að hér sé um hlutafélag að ræða; hann gerir ráð fyrir því, að verksmiðjan sé eign ríkisins. 13. greinin, sem bætt var inn í l., var flausturslega samin og er í mótsögn við fyrri hluta laganna.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv. vil ég taka fram, að það er ráðið að gera áburðarverksmiðjuna að hlutafélagi, svo sem gert er ráð fyrir í l., og það lá ekki annað fyrir en að bjóða út hlutafjársöfnun, og er fé að mestu leyti fengið. Um eign og stjórn verksmiðjunnar fer eftir lögum. Ríkið hefur meiri hl. í stjórn verksmiðjunnar, og samkvæmt *reglum um hlutafélög* ræður ríkið rekstrinum. Hlutaféð er þannig lagt fram af einstaklingum til að létta undir stofnun fyrirtækisins og sýna áhuga fyrir rekstri þess. En þeim rekstri ræður ríkið samkvæmt áður sögðu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér virtist ekki koma greinilega fram skilningur hæstv. ráðh. á l. Mér virtist hann vilja byggja eignarheimild ríkisins á því, að það ætti meiri hluta stofnfjárins. En ég vil taka fram, að eftir l. er verksmiðjan eign ríkisins, þó að tekið sé fram í 13. gr., að hún skuli rekin sem hlutafélag. Það skoða ég aðeins sem fyrirmæli um rekstrarskipulag, en verksmiðjuna sem eign ríkisins og einskis annars. Það er rétt, sem hæstv. landbrh. tók fram, að ríkið hefur meiri hl. í stjórn verksmiðjunnar; en eigi að síður þarf að koma skýrt fram, hver sé hinn raunverulegi eigandi.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég held þetta gefi nú ekki tilefni að löngum umræðum. Verksmiðjan er vitanlega eign hinna almennu hluthafa að $^2/_5$ hlutum og ríkisins að $^3/_5$ hlutum. Eignin fer ekki eftir því, hver ábyrgist skuldirnar; það breytir engu um eign á þessu fyrirtæki. Um þetta ætti ekki að þurfa að ræða lengur við jafnglöggan mann og hv. 2. þm. Reykv.

Fram kom einn listi, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að án atkvgr. væru kjörnir:

Pétur Gunnarsson tilraunastjóri,
Vilhjálmur Þór forstjóri,
Jón Jónsson frá Flateyri, húsasmíðameistari.

VIII. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Sigríður Bjarklind, Erna Stefánsdóttir, Snæbjörn Jóhannsson, Halla Briem.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Andrés Eyjólfsson.

Lestrarsalsgæzla:
Petrína Jónsdóttir, Guðrún Egilson, Halldóra B. Björnsson.

Innanþingsskriftir:
Teknir strax: Ólafur Tryggvason (verkstjóri skrifara), Helgi Tryggvason, Haraldur Matthíasson (lét af starfi 15. jan.), Ólafur Siggeirsson, Þorsteinn Valdimarsson, Gísli Jónsson (lét af starfi 14. jan.), Baldur Jónsson, Róbert Bjarnason.

Teknir síðar eftir þörfum: Sigfríður Bjarnar, Sveinn Skorri Höskuldsson, Hrólfur Ásvaldsson, Matthías Johannessen, Gunnar Finnbogason, Ásmundur Pálsson, Þuríður Kristjánsdóttir, Guðfinnur Magnússon, Vilhelmína Þorvaldsdóttir, Ingólfur Árnason.

Dyra- og pallavarzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Einar Blandon (til áramóta), Magnús Guðmundsson, Þorlákur Haldorsen, Jón Hjartarson, Albert Guðmannsson, Þórður Jónsson, Guðmundur Arnar Guðmundsson, Ingimar Karlsson.

Þingsveinsstörf:
Guðni Arnberg Þorsteinsson, Rafn Kjartansson, Illugi Stefánsson, Bragi Guðm. Bjarnason, Birgir Guðjónsson.

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Guðmundur A. B. Guðmundsson.

Fatagæzla:
Vigdís Torfadóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Kristín Ingileifsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Helgi Hjörvar.

IX. Þinghlé.

Á 28. fundi í Sþ., 19. des., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (JPálm): Það er nú ákveðið, að frá þessum tíma hefjist jólafrí þingmanna, og verður næsti fundur í sameinuðu Alþ. haldinn mánudaginn 8. jan. 1951 á venjulegum fundartíma, en að öðru leyti boðaður með dagskrá. — Og nú, um leið og ég tilkynni þetta þingfrí, þá vil ég óska öllum hv. þm. gleðilegra jóla og farsældar og ánægju á komandi nýári og þakka þeim fyrir ánægjulega samvinnu á þessu þingi, það sem af er. Ég óska utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og öllum hv. þm., starfsmönnum þingsins og hæstv. ríkisstjórn gleði og ánægju á komandi jólum og nýári.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd alþm. — og ég veit, að ég tala þar fyrir hönd þeirra allra — að þakka hæstv. forseta fyrir góðar jóla- og nýársóskir í okkar garð og vil leyfa mér að óska honum góðra jóla og gleðilegs nýárs og óska honum góðrar heimferðar og heimkomu og að við megum sjá hann heilan aftur, þegar fríi er lokið, og þakka honum góða samvinnu, það sem af er þessu þingi. Bið ég hv. þm. að taka undir þessar óskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (JPálm): Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir góðar óskir mér til handa á jólum og nýári og öllum hv. þm. fyrir að hafa tekið undir þær. Ég vona, að við megum allir hittast heilir, þegar þing kemur saman á ný. Og segi ég þessum fundi slitið.

Á 45. fundi í Ed., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSt): Nú er dagskrá þessa fundar tæmd, en ég vil biðja hv. þdm. að vera hér viðstadda, ef halda þarf fund síðar í dag. Ef svo verður ekki, þá er þetta síðasti fundur d. fyrir jól. Óska ég þeim hv. dm., sem eiga heima úti á landi, góðrar heimferðar, og öllum þdm. óska ég gleðilegra jóla og góðs og farsæls komandi árs.

Gísli Jónsson: Ég þakka hæstv. forseta hlýjar óskir í garð okkar dm. og leyfi mér fyrir hönd okkar allra að óska honum góðrar heimferðar og honum og hans frú gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Lárus Jóhannesson: Ég vil biðja hv. dm. að rísa úr sætum og taka þannig undir þessar óskir okkar til hæstv. forseta. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (BSt): Ég þakka hv. þm. Barð. hlýleg orð og góðar óskir í minn garð og þdm. undirtektir þeirra.

Á 45. fundi í Nd., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (SB): Þá er dagskrá þessa fundar lokið, en þar sem þetta mun vera síðasti fundur þessarar deildar, áður en þingi er frestað, þá vildi ég í því tilefni óska hæstv. ríkisstj. og hv. þingdeildarmönnum gleðilegra jóla og nýárs með þökk fyrir samstarf á liðnu ári. Utanbæjarþingmönnum óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu og vænti þess, að við megum hittast hér heilir til starfa að liðnu jólaleyfi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég mæli fyrir munn allra þingdeildarmanna, er ég þakka jóla- og árnaðaróskir forseta til okkar, um leið og ég fyrir okkar hönd óska honum gleðilegra jóla og nýárs með þökk fyrir samstarfið, það sem af er þessu þingi, og vona að sjá hann heilan aftur eftir jólafrí. Ég vil biðja hv. þm. að taka undir þessar óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Á 29. fundi í Sþ., 8. jan., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (JPálm): Þá er fundur settur, og hefjast nú þingstörf aftur, og vil ég leyfa mér að loknu þinghléi að óska öllum hv. þm. gleðilegs nýárs.

Á 46. fundi í Ed., 9. jan., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (BSt): Um leið og ég býð hv. þdm. velkomna til þings á ný eftir jólaleyfið, vil ég endurtaka ósk mína um gleðilegt ár þeim til handa, ásamt þökk fyrir samstarfið á liðna árinu.

Jóhann Jósefsson: Ég vildi fyrir mína hönd — og ég þykist vita, að ég megi segja það einnig fyrir hönd annarra þm. þessarar deildar — þakka fyrir góðar óskir hæstv. forseta, um leið og ég óska honum gleðilegs árs.

X. Starfslok deilda.

a. Í efri deild:

Á 86. fundi í Ed., 6. marz, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSt): Ég geri ráð fyrir, að þetta verði síðasti fundur þessarar deildar á þessu þingi. — Bið ég um umboð deildarinnar til að ganga ásamt skrifurum frá tveimur síðustu fundargerðum. Skoða ég það samþ., ef enginn mælir því í gegn.

Hv. alþingismenn Ed. Ég vil nota tækifærið til að þakka samveruna á því þingi, sem er að ljúka. Enn fremur þakka ég starfsmönnum deildarinnar, varaforsetunum, sem tvisvar hafa hlaupið í skarðið í veikindaforföllum mínum, og skrifurum deildarinnar, fyrir ágæta aðstoð. Óska ég þeim þm., sem eiga heima utan Reykjavíkur, góðrar heimfarar og góðrar heimkomu. Öllum þm. óska ég góðrar framtíðar, árs og friðar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd alþingismanna að þakka forseta árnaðaróskirnar. Leyfi ég mér að óska, að hann verði heill og hraustur, þar til við sjáum hann aftur, og að hann og kona hans fái góða heimferð. Vil ég sérstaklega þakka honum réttláta, góða og prúða framkomu í forsetastóli. Vil ég að lokum biðja hv. þm. að standa upp og votta forseta þakklæti fyrir hans störf. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (BSt): Ég þakka hv. þm. Barð. hlýleg orð í minn garð, og þingmönnum þakka ég fyrir undirtektirnar. Segi ég svo þessum fundi slitið.

b. Í neðri deild:

Á 85. fundi í Nd., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (SB): Þetta verður væntanlega síðasti fundur deildarinnar á þessu þingi, og vil ég leita leyfis til handa mér og skrifara hjá hv. þdm. til þess að ganga frá gerðabók þriggja síðustu funda síðar, og skoðast það samþ., ef því verður ekki andmælt. — Ég vil að lokum þakka hv. þdm. fyrir ánægjulegt og gott samstarf á liðnum vetri á þessu þingi, og utanbæjarþingmönnum óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu og vil óska þess, að allir hv. þdm. hittist hér á næsta þingi heilir á húfi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd okkar dm. að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir í okkar garð. Einnig vil ég leyfa mér — og veit ég, að ég mæli fyrir munn allra þdm. — að þakka honum fyrir góða og réttsýna fundarstjórn og gott samstarf við okkur þm. Ég vil óska honum þess, að við sjáum hann hér heilan aftur í haust, og vil ég biðja hv. þdm. að taka undir óskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég vil leyfa mér að þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir hlýleg orð í minn garð og hv. þm. fyrir að hafa tekið undir þau. Ég endurtek svo árnaðaróskir mínar til hv. þm., og segi fundi slitið.

XI. Þinglausnir.

Á 50. fundi í Sþ., 7. marz, las forseti svofellt *yfirlit um störf Alþingis:*

Þingið hefur staðið frá 10. okt. 1950 til 7. marz 1951, eða alls 149 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	85
Í efri deild	86
Í sameinuðu þingi	50
Alls	221 þingfundur.

Þingmál og úrslit þeirra:

I. *Lagafrumvörp:*

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	30		
b. Lögð fyrir efri deild	28		
c. Lögð fyrir sameinað þing	3		
			61
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	49		
b. Borin fram í efri deild	25		
			74
			135

Í flokki þingmannafrumvarpa er talið 21 frumvarp, sem nefndir fluttu, þar af 15 að beiðni ríkisstjórnarinnar eða einstakra ráðherra.

Úrslit lagafrumvarpa urðu þessi:

a. *Afgreidd sem lög:*		
Stjórnarfrumvörp	53	
Þingmannafrumvörp	24	
	Alls	77 lög.
b. Felld:		
Þingmannafrumvörp	2	
c. Afgreidd með rökstuddri dagskrá:		
Þingmannafrumvörp	11	
d. Ekki útrædd:		
Stjórnarfrumvörp	8	
Þingmannafrumvörp	37	
	135	

II. *Þingsályktunartillögur*, allar bornar fram í sameinuðu þingi 54

Þar af:
a. Ályktanir Alþingis 17
b. Afgreiddar með rökst. dagskrá . . 2
c. Vísað til ríkisstjórnarinnar 2
d. Ekki útræddar 33

54

III. *Fyrirspurnir*, allar bornar fram í sameinuðu þingi, 19, en sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema 8
Allar þessar fyrirspurnir voru ræddar.

Mál til meðferðar í þinginu alls . . 197

Tala prentaðra þingskjala alls 836

Síðan mælti

forseti (JPálm): Þetta Alþingi, sem nú er að ljúka störfum, er eitt hið stytzta, sem haldið hefur verið á síðustu árum. Það hefur staðið 36 dögum skemur en þingið í fyrra. En á því þingi fór mikill hluti af þingtímanum í stjórnarkreppu og samningastríð. Nú hefur eigi verið um það að ræða, og því er þingið eigi lengra. En nú er það annað, sem sett hefur svip sinn á Alþingi. Það er óvenjulega örðugt árferði. Okkar fábreyttu atvinnuvegir eru háðari árferðinu en í flestum öðrum löndum. Svo hefur það verið, þannig er það og verður væntanlega. En eins og kunnugt er, þá er starfsemi Alþingis og aðstaða eins og nú er komið mjög háð afkomu atvinnuveganna.

Síðasta sumar var víða um land óvenjulega örðugt fyrir alla bjargræðisvegi til lands og sjávar. Og yfirstandandi vetur hefur verið harðari en við höfum þekkt síðustu 30 árin.

Ég ætla ekki að lýsa hér frekar en orðið er afgreiðslu mála á þessu þingi, enda gæti það orðið nokkuð langt mál. Það hefur líka verið gert og verður gert nánar í útvarpinu.

En ég veit, að allir háttvirtir alþingismenn vilja nú að þinglokum taka undir með mér, þegar ég óska þjóð vorri og landi árs og friðar. Ég óska þess, að vetrarharðindin dvíni fljótlega og vorsólin og vorblíðan taki við völdum. Ég óska, að hið komandi sumar verði farsælt og gott fyrir alla okkar atvinnuvegi til lands og sjávar. Að við fáum að njóta góðs heilsufars og friðar í landi. Þá munu verkefni næsta Alþingis verða auðveldari og ánægjulegri en verið hefur á þessu þingi.

Ég vil þakka öllum háttvirtum alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis góða og ánægjulega samvinnu við mig sem forseta. Og ég óska þeim öllum farsældar og ánægju á komandi tíma. Utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu. Þeim úr okkar hópi, sem nú eru veikir, óska ég góðrar heilsu og vona það og óska þess, að við megum allir heilir hittast, þá er næsta þing hefst.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd okkar þm. að þakka góðar óskir í okkar garð. Enn fremur mæli ég fyrir munn þm. allra, er ég þakka hæstv. forseta góða og röggsamlega fundarstjórn. Ég óska honum góðrar heimferðar og góðrar heimkomu og vona að sjá hann heilan á komandi hausti. Ég vil biðja hv. þm. að taka undir árnaðaróskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (JPálm): Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir vingjarnleg orð og góðar óskir í minn garð og hv. þm. fyrir að taka undir þær með því að rísa úr sætum. Svo endurtek ég fyrri árnaðaróskir mínar til hv. þm.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Svo sem þingheimi er kunnugt, hefur forseti Íslands, herra Sveinn Björnsson, verið sjúkur um skeið. Að sögn læknis hans er forseti nú á góðum batavegi og hefur nokkra fótavist. En þar sem sjúkleiki forseta var mjög alvarlegur, er gert ráð fyrir, að hann verði alllengi að ná sér.

Forseti mun því eigi sjálfur slíta Alþingi að þessu sinni, en hefur veitt mér sem forsætisráðherra umboð til þess í bréfi, er hann gaf út að Bessastöðum í gær. Jafnframt fól forseti mér að bera yður, háttvirtir alþingismenn, kveðju sína og árnaðaróskir.

Fyrrgreint forsetabréf um þinglausnir hljóðar þannig:

„Forseti Íslands gerir kunnugt: Að ég veiti hér með forsætisráðherra, Steingrími Steinþórssyni, umboð til þess að slíta Alþingi, 70. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

Gert að Bessastöðum 6. marz 1951.
Sveinn Björnsson
(L.S.)

Steingrímur Steinþórsson."

Störfum Alþingis er lokið að þessu sinni. Samkvæmt umboði því, er ég hef lesið, segi ég Alþingi slitið.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að minnast forseta Íslands og fósturjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og forsætisráðherra mælti: „Lifi Ísland."

Tók þingheimur undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.